

Þjóð til þings

Stjórnlagaráðstíðindi 2

Umræður á ráðsfundum

1.–13. ráðsfundur

—— Stjórnlagaráð 2011 ——

Stjórnlagaráðstíðindi 2
Umráður á ráðsfundum
1.– 13. ráðsfundur

Útgefandi: Stjórnlagaráð.
Umsjón með útgáfu: Þorsteinn Fr. Sigurðsson.
Ritun umræðu: Ásgerður Einarsdóttir, Berglind Steinsdóttir, Egill Arnarsson.
Yfirlestur: Guðrún Björk Kristjánsdóttir, Agnar Bragi Bragason.
Umbrot: Gunnar Kr. Sigurjónsson – G10 ehf | [www.g10.is](#)
Prentun: Litlaprent ehf., Skemmuvegi 4, Kópavogi.

Reykjavík 2011

Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
1. ráðsfundur 06.04. 2011.	5
2. ráðsfundur 07.04. 2011.	11
3. ráðsfundur 13.4. 2011.....	14
4. ráðsfundur 14.04. 2011.	33
5. ráðsfundur 19.04. 2011.	50
6. ráðsfundur 28.04. 2011.	59
7. ráðsfundur 05.05. 2011.	79
8. ráðsfundur 12.05. 2011.	130
9. ráðsfundur 19.05. 2011.	158
10. ráðsfundur 26.05. 2011.	178
11. ráðsfundur 03.06. 2011.	230
12. ráðsfundur 09.06. 2011.	280
13. ráðsfundur 16.06. 2011.....	345

Inngangur

Í Stjórnlagaráðstíðindum 2 eru skráðar niður allar umræður á ráðsfundunum. Skráningin fór fram af hljóðupptöku af fundunum. Í einhverjum tilfellum hófu menn mál sitt áður en þeir kveiktu hljóðnemanum eða kölluðu fram úr sætum sínum og var þá erfitt að greina hvað sagt var og rita niður. Ritað var niður allt talað mál á fundunum, eins og það var sagt. Því miður var síðasti ráðsfundurinn, 19. fundur, ekki mynd- eða hljóðritaður, þar sem samið hafði verið um fasta tímasetningu á afhendingu tæknibúnaðar í fundarsalnum, og var hann tekinn niður strax að 18. ráðsfundi loknum.

Tekið skal fram að myndaupptökurnar af ráðsfundunum 18 eru allar aðgengilegar á vefsíðu Stjórnlagaráðs á meðan síðan verður opin á internetinu (www.stjornlagarad.is).

Skammstafanir ráðsfulltrúa:

AM - Andrés Magnússon

AT - Ari Teitsson

AG - Arnfríður Guðmundsdóttir

ÁG - Ástrós Signýjardóttir (Gunnlaugsdóttir)

DH - Dögg Harðardóttir

EBE - Eiríkur Bergmann Einarsson

ES - Erlingur Sigurðarson

FH - Freyja Haraldsdóttir

GT - Gísli Tryggvason

GG - Guðmundur Gunnarsson

IL - Illugi Jökulsson

ILS - Íris Lind Sæmundsdóttir

KF - Katrín Fjeldsted

KO - Katrín Oddsdóttir

LÁ - Lýður Árnason

ÓR - Ómar Þorfinnur Ragnarsson

PB - Pawel Bartoszek

PG - Pétur Gunnlaugsson

SN - Salvör Nordal

SBÓ - Silja Bára Ómarsdóttir

VP - Vilhjálmur Þorsteinsson

ÞH - Þorkell Helgason

ÞG - Þorvaldur Gylfason

ÞÞ - Þórhildur Þorleifsdóttir

ÖBJ - Örn Bárður Jónsson

ÞFS - Þorsteinn Fr. Sigurðsson (framkvæmdastjóri)

1. ráðsfundur 06.04. 2011.

06.04.2011 14:00

Dagskrá

1. Ávarp aldursforseta
2. Kórsöngur
3. Afhending skýrslu stjórnlaganefndar
4. Skipan vinnunefndar um starfsreglur

1. ráðsfundur - haldinn 06. apríl 2011, kl. 14.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn og hann sótti fjöldi gesta, ásamt því sem hann var sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað bréflaga af hálfu undirbúningsnefndar sem starfað hefur samkvæmt lögum um stjórnlagabing, nr. 90/2010.

Umræður á 1. ráðsfundi

1. Ávarp aldursforseta

ÓR

Góðir stjórnlagaráðsmenn, stjórnlaganefndarmenn, sem viðstaddir eru þennan fyrsta fund okkar eða sjá hann og heyra. Mér hefur verið falið sem aldursforseta ráðsins að setja þennan fund og stýra honum.

Um þennan sal eiga að blása ferskir vindar nýrra tíma, viðsýni á að ráða ríkjum. Í þessum sal munum við sem heyra arnsúg sögu stjórnarbóta allt frá Gulaþingi til þessa dags þegar að við ætlum að vinna verk sem ein kynslóð færir kynslóðunum sem á eftir koma. Við lítum á okkur sem hlekk í keðju kynslóðanna og framvindu sögunnar. Við lærum það best af því liðna og horfna, lífsspeki frjóa, við reynslunnar brunn, en víkjum í burtu því feiskna og forna, til framtíðar steypum á bjargi vorn grunn.

Sem tákni um þetta situr yngisforseti Stjórnlagaráðs, takið eftir, þetta er nýyrði samanber orðið yngisveinn og yngismær, það eru ferskir vindar, Ástrós Gunnlaugsdóttir þarna. Og hér situr Þorsteinn Fr. Sigurðsson sem hefur haft veg og vanda að undirbúningi þessa hér í húsinu. En hérna sitja fyrir framan okkur Stjórnlagaráðsmenn og kynna sig nú með nafni, hægt og rólega, og stöðu, hver fyrir sig.

Ég heiti Freyja Haraldsdóttir og er framkvæmdastjóri.

Ég heiti Þorkell Helgason og er menntaður stærðfræðingur.

Ég heiti Dögg Harðardóttir og er deildarstjóri á Akureyri.

Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins.

Silja Bára Ómarsdóttir, alþjóðastjórn málafræðingur og stjórnlagaráðskona.

Ég heiti Katrín Fjeldsted og ég er heimilislæknir í Reykjavík.

Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Ég heiti Pétur Gunnlaugsson og er lögmaður og útvarpsmaður

Ég heiti Katrín Oddsdóttir og er lögfræðingur og stjórnlagaráðskona, stolt stjórnlagaráðskona.

Ég heiti Illugi Jökulsson, ég skrifa svona ýmislegt
Já, ég heiti Þorvaldur Gylfason og er prófessor í Háskóla Íslands.

Ég heiti Eiríkur Bergmann og er dósent í stjórn málafræði.

Ég heiti Íris Lind Sæmundsdóttir og er lögfræðingur í Reykjavík.

Erlingur Sigurðarson, fyrrverandi menntaskólakennari og forstöðumaður Húss skáldsins á Akureyri.

Gísli heiti ég og er Tryggvason, lögfræðingur að mennt, talsmaður neytenda.

Örn Bárður Jónsson heiti ég og að gefnu tilefni get ég þess að ég er Vestfirðingur, ég er sóknarprestur í Reykjavík og stend á krossgötum með íslenski þjóð.

Ég heiti Ari Teitsson og er bóndi ásamt fleiru.

Ég heiti Lýður Árnason og er heimilislæknir að mennt og stunda kvikmyndagerð í sumarfríum.

Andrés Magnússon, læknir á Landspítala, uppallinn á Akureyri.

Arnfríður Guðmundsdóttir, ég er prófessor við guðfræði- og trúabragðafraeðideild Háskóla Íslands og er Siglfríðingur.

Ég heiti Pawel Bartoszek og ég er stærðfræðingur.

Ég heiti Vilhjálmur Þorsteinsson og er meðal annars stjórnarformaður CCP.

Þórhildur Þorleifsdóttir, leikstjóri og um þessar mundir stjórnlagaráðskona.

2. Kórsöngur

ÓR

Í starfinu sem hér á að vinna, með þessum fagra hópi, og fjölbreytta, er horft til framtíðar eins og áður sagði og það verða raddir framtíðarinnar sem nú gefa tóninn með söng. Það er Kór Kárnesskóla undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur, gjörði svo vel. Tvö lög.

*Sunnan yfir sænn breiða
sumarylín vindar leiða
draumalandið himin heiða
hlær og opnar skautið sitt
vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!*

*Aa...
vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!*

*Gakk þú út í grænan lundinn,
gáðu fram á bláum sundin
mundu að það er stutt hver stundin
stopult, jarðneskt yndið þitt
vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!*

Aa.....

vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

*Allt hið liðna er ljúft að geyma
láta sig í vöku dreyma
sólskinsdögum síst má gleyma
segðu engum manni hitt
vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!*

Aa....

vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

*Komdu, litli ljúfur,
labbi, pabba stúfur,
látum draumsins dúfur
dvelja inni um sinn.
heiður er himinninn.
Blærinn faðmar bæinn,
býður út í daginn.
Komdu, kallí minn.*

*Hér bjó afi og amma
eins og pabbi og mamma.
Eina ævi og skamma
eignast hver um sig.
stundum þröngan stig.
En þú átt að muna
alla tilveruna,
að þetta land á þig.*

*Göngum upp með ánni
inn hjá mosaflánni,
fram með gljúfragjánni
gegnum móans lyng,
heyriðu hvað ég syng
líkt og lambamóðir
leiti á fornar slóðir
innst í hlíðarhring.*

*Göngum langar leiðir,
landið faðminn breiðir.
Allar götur greiðir
gamla landið mitt,
sýnir hjarta sitt.
Mundu, mömmu ljúfur,
mundu, pabba stúfur,
að þetta er landið þitt.*

ÓR

Við þökkum þessum yndislega kór. Hann á eftir að syngja eitt lag aftur. En eins og ég sagði áðan, hér skulu blása ferskir vindar og leika um okkur. En hvaðan koma þeir vindar og hvert munu þeir blása? Á hvaða leið erum við og hvaða lærdóma fáum við í veganesti? Það má líkja okkur við þátttakendur í boðhlaupi sem hófst í Noregi á Guláþingi við Gulafjörð á sögustað sem Norðmenn leggja mikla rækt við, en það þing var fyrirmynd Alþingis við Óxará sem stofnað var 930. 1262 breyttist eðli boðhlaupsins en áfram var samt lagakeflinu skilað þótt lögin kæmu að mestu leyti frá erlendu konungsvaldi. Á síðari hluta 18. aldar verða til tvær tímamóta stjórnarskrár, hin bandaríska og hin franska, báðar í kjölfar frelsisbyltinga í þessum

löndum. Um aldamótin 1800 er Alþingi lagt niður og nú er Snorrabúð stekkur eins og Jónas Hallgrímsson lýsir því, en í sama ljóði sér hann jafnframt dýrð þjóðveldisaldar fyrir aftan sig og fyrir framan sig, það sem hann dreymir um. Glæsilegasta kvæði hans Gunnars-hólmi, hefst á orðunum:

Skein yfir landið sól á sumarvegi ... en seinna í sama kvæði lýsir hann ástandi þjóðar sinnar með orðunum: Hnípin þjóð í vanda.

Alþingi er samt endurreist í Reykjavík og 1848 fer mikil frelsis- og umbótaalda um Evrópu, ekki ólíkt því sem nú er að gerast í Arabalöndunum. Og eins og í Arabalöndunum núna er ný stjórnarskrá efst á baugi, 1848. Danakonungur afsalar sér einveldi og ný stjórnarskrá tekur gildi í Danaveldi 1849. Öldur umbótanna skila sér alla leið til Íslands því að enda þótt endurreist Alþingi komi hér saman annað hvert ár þá er ákveðið að kjósa í almennum kosningum sérstakt Stjórnlagabing 1851 sem hlýtur nafnið Þjóðfundur. Flestir fulltrúarnir eru embættismenn og bændur, einnig nokkrir alþingismenn. Þegar að fulltrúa konungs verður ljóst hvert stefnir með lagasmíðina slítur hann stjórnlagabinginu fyrirvaralaust, boðhlaupið með lagakeflið virðist hafa stöðvast og verk þjóðfundarins ónýtt. Svonefnd Stöðulög 1871 breyta litlu, 1874 kemur Kristján 9. til Íslands og færir landsmönnum stjórnarskrá fyrir landið sem Jón Sigurðsson lýsti þannig að engu væri líkara en að syfjaður embættismaður í danska kanselínu hefði rumskað og hripað hana upp í svefnrofnum. Þessari stjórnarskrá var breytt 1904 til samræmis við það að Íslendingar fengu heimastjórn og aftur 1918 í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslu um Sambandslög þar sem Ísland var lýst frjálst og fullvalda ríki í konungssambandi við Danmörku. Mikið misvægi atkvæða vegna kjördæmaskipanirnar varð til þess að tvívegis var gerð breyting á henni, 1933 og 1942 og harðar deilur þar um. Þegar Þjóðverjar hernámu Danmörku nýttu Íslendingar sér það að Sambandslagasamningurinn rann út 1943, slitu einhliða sambandinu við Dani sem höfðu verið hersettir af Þjóðverjum. Og 1944 var samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu stjórnarskrá lýðveldisins Íslands með eins litlum breytingum og mögulegt væri til að tryggja sem mest fylgi við hana. En ráða má af ummælum og skrifum helstu forvígismönnum þessa svo sem Bjarna Benediktssonar og Gunnars Thoroddsens að þá dreymdi um að gera alveg nýja stjórnarskrá frá grunni, með nauðsynlegum umbótum í stjórnskipunarmálum. Yfirlýst var þá að þetta yrði gert strax eftir lýðveldisstofnun og verkinu lokið árið eftir en það gekk ekki eftir. 1959 var gerð umdeild breyting á kjördæmaskipaninni og önnur minni 2003 en á þeim 67 árum sem liðið hafa frá stofnun lýðveldisins hafa hvað eftir annað verið gerðar tilraunir til að efna loforðið frá 1944, loforðið um allsherjar endurskoðun stjórnarskrárinnar og gerð nýrrar. Þetta var einn helsti draumur Gunnars Thoroddsen í 40 ár en stjórnarskrárnefnd sem hann var í forsvari fyrir 1983 tókst ekki að skila keflinu áfram. Gunnar lést það ár án þess að sjá þennan draum sinn rætast. 1995 var settur bráðnauðsynlegur mannréttindakafli inn í stjórnarskrána, en að öðru leyti hefur lagakeflið í boðhlaupi kynslóðanna staðið að mestu kyrrt frá 1944 líkt og í höndunum á hlaupara sem hleypur á hlaupa-

bretti. Við búum enn við stjórnarskrá sem er að meginefni til svipuð stjórnarskránni sem Jón Sigurðsson lýsti 1874 sem verki syfjaðs kanselímans. Sú stjórnarskrá er reyndar að meginstofni svipuð stjórnarskránni og átti uppruna í skránni frá 1849. Nú er það svo að aldur stjórnarskráa segir ekki allt um gæði þeirra eða gildi, eða stjórnarfar í viðkomandi löndum. Í Bretlandi er engin stjórnarskrá. Bandaríska stjórnarskráin hefur staðist furðuvel tímans tönn. Sömuleiðis stjórnarskráin okkar frá 1944. Þess vegna er deilt um það nú hvort nokkur þörf sé á nýrri stjórnarskrá. Skoðum aðeins, var starf stjórnarskrárnefndanna allra alveg árangurslaust?

Verður starf okkar árangurslaust? Það þarf ekki að vera. Hér á eftir fáum við meðal annars afhent gögn frá starfi þessara nefnda og þá munum við sjá að margt í þeim tillögum sem voru ræddar hjá þessum nefndum eða kom fram í umræðum nefndarmanna er býsna gagnlegt. Þessa menn dreymdi. Sem dæmi er starf nefndar Gunnars Thoroddsens, þar eru tillögur um umboðsmann Alþingis, afnám deildarskiptingar þingsins, eignarhald yfir auðlindunum, rétt almenningis til umgengni við landið og ýmislegt fleira. Sumt af því komst síðar til framkvæmdar, annað gæti vel komið til greina nú. Því má segja að á hlaupabrettinu sem þessi nefnd hljóp að minnsta kosti, hafi ekki verið hlaupið til ónýtis. Þjóðfundurinn 1851 var heldur ekki til ónýtis. Um hann og lok hans, dramatísk, hefur leikið sérstakur ljómi. Það er athyglisvert fyrir okkur að skoða að átök, styrjaldir, umrót og byltingar hafa oft fætt af sér áhuga á stjórnarbótum og nýjum stjórnarskrám. Bandaríkin og Frakkland seint á 18. öld, Danmörk 1849, Ísland 1918, 1944 og nú síðast Ísland í kjölfar hrunsins og búsáhaldabyltingarinnar. Það getur varla verið óeðlilegt eða eitthvað að því að huga að stjórnarskránni jafnvel þótt haldið sé fram að bráðabirgðastjórnarskrá frá 1944 hafi dugað furðu vel og að henni verði einni ekki kennt um hrunið. Stjórnarskráin er nefnilega hvað sem öllu öðru líður, undirstaða stjórnskipunarinnar og allra annarra laga í landinu. Og um hana gildir eins og eitt okkar sagði hér á fundi og vitnaði í ljóð:

Traustir skulu hornsteinar hárra sala

Og sami maður orðaði þetta þannig á fundi hjá okkur, því við höfum haldið marga fundi, að jafnvel þótt talið væri að engu markverðu þyrfti þá væri það fullt verk að umskrifa hana svo að hún standist bara einfaldar kröfur bókmenntaverks, að vera rökrétt með sambengi og skýrleika sem geri hana aðgengilega og skiljanlega. Því það gerir hún bara alls ekki. Það þarf drjúgan tíma með lagaprófessor til að útskýra og rökræða margar greinar stjórnarskrárinnar þar sem orðana hljóðan í þeim þýðir bara alls ekki það sem þær segja heldur verður að skoða þessar greinar í sambengi við aðrar greinar, fram og tilbaka, þvers og kruss. Dæmi, talað er um forseta Íslands í 25 af 26 fyrstu greinum stjórnarskrárinnar og í sumum þeirra segir að forseti Íslands geri þetta og hann geri hitt. Og síðan kemur í ljós að hann gerir flest af því alls ekki sjálfur og kemur ekki nálægt sumu eins og því að gera samninga við aðrar þjóðir. Þessar greinar í upphafi stjórnarskrárinnar eru líkast til leifar af viðleitni Dana 1849 að koma einveldisafsali konungsins fyrir í nýrri stjórnar-

skrá þá. Þegar lesnar eru nýjustu stjórnarskrár ýmissa þjóða sést að þær hefjast á aðalatriðum, nokkurs konar sáttmála þjóðarinnar, ófrávikjanlegum forsendum og grunngildum svo sem því einfalda ákvæði: Allt vald sem lýst er í þessum lögum kemur frá þjóðinni. Einnig ákvæði um mannréttindi sem spruttu fram í upphafi að kjörorðum frönsku byltingarinnar: Frelsi, jafnrétti, bræðralag. Og þá spyrja menn, þarf þetta nokkuð að vera í stjórnarskrá, eru þetta ekki sjálfsagðir hlutir? Jú, jú þetta eru sjálfsagðir hlutir, auðvitað, en samt sýnir sagan okkur að það er ekki vanþörf á að hafa svona meginákvæði framarlega og hafa þau skýr. Orð eru til alls fyrst og enn vitna ég í einn okkar, varðar miklu til allra orða að undirstaðan rétt sé fundin.

Nútímataekni gerir það kleift að starf Stjórnlagaráðs verði opið fyrir augum þjóðarinnar og í samræðum og samvinnu við hana með niðurstöðu Þjóðfundanna 2009 og þó einkum Þjóðfundarins 2010 að leiðarljósi. Það er ekki ónýtt fyrir okkur að fara af stað með slíkt veganesti, niðurstöðu þverskurðar þjóðarinnar í 1000 manna slembiúrtaki, um slíkt verður ekki deilt. Með því að fara inn á vefsetur Stjórnlagaráðs er hægt að fylgjast með fundum í beinni útsendingu og sjá hvernig starfinu vindur fram, Stjórnlagaráð.is.

Handboltamenn telja það mikilvægt að fá stuðning áhorfenda og þátttöku og í okkar augum lítum við á þjóðina sem okkar mikilvægasta stuðningshóp. Allir Íslendingar geta sent inn tillögur og ábendingar. Það er samt sem áður ekki nýtt, ekki alger nýjung, því þegar svonefnd Landsnefnd vann að því 1770 að gera tillögur um úrbætur á Íslandi, þá máttu landsmenn sjálfir senda inn sínar tillögur til nefndarinnar og á annað þúsund Íslendinga gerðu það bréflaga, ef ég man rétt. Hitt er svo annað mál að nær ekkert af tillögum Landsnefndarinnar komst til framkvæmda, ríkjandi valdastétt þess tíma sá til þess að litlu sem engu varð um þokað. En það sem menn gerðu ekki 1770 eða gerðu 1770, það getur samt orðið okkur lærdómur í dag. Nú er bara að horfa framá við og kasta því liðna á bakvið sig, sem hefðu kosið oft í aðdraganda þessa að væri öðruvísi. Það þýðir ekkert um það að tala, það er búið og gert, um að gera að líta á björtu hliðarnar og brosa. Við erum búin hérna, saman sem hópur, að ganga í gegnum, ja við getum kallað það hremmingar, eða öldurót sem hefur verið það besta hópefli sem hægt er að leggja, hópeflisverkefni sem hægt er að leggja bara fyrir nokkurn hóp, segi ég. Og það er samstaða sem við getum byggt á. Um að gera að brosa, það getum við öll ef við viljum, það er nauðsynlegt í lífinu, það er nóg af hinu. Eftir úrskurð Hæstaréttar gantaðist ég til dæmis með þá heppni að vera ekki giftur konu sem hétí Auður. Því þá hefði fólk getað sagt þegar það sæi mig á göngu með konu minni, nei koma þau ekki labbandi þarna hjónin Auður og Ógildur. Við verðum að geta brosað þegar bjátar á látum líf og fjör létta okkar sálarkjör. Gleðjumst yfir því og þökkum að það er hægt að halda áfram því frábæra verki sem Stjórnlaganefndin hefur unnið og færir okkur nú upp í hendur. Skein yfir landið sól á sumarvegi, orti hér Jónas en bætti síðar við: Hnípin þjóð í vanda.

Við erum hnípin þjóð í vanda, margir eiga í erfiðleikum og svartsýni er algeng. Þetta eru smámunir samt miðað við það sem var á tíð Jónasar. Hjá soltinni ófrjálsri þjóð sem bjó í torfkofum í vegalausum landi og

samt reis hér upp skáld og hvatti okkur áfram. Og sá draum sem hann gat ekki lifað, en rættist samt. Hann orti ekki til einskis á sinni tíð. Þrátt fyrir raunsæja lýsingu á ríkjandi ástandi í orðunum: Hvað er þá orðið okkar starf í 600 sumur? Höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg?

Þá sagði hann líka:

*Landið er fagurt og frítt,
fannhvítir jöklanna tindar,
himininn heiður og blár,
hafid er skínandi hjart.*

Hann lýsti takmarkinu, hinum forna glæsileik þjóðlífsins sem þyrfti að endurheimta. Og sá draumur rættist eftir hans dag. Við áttum mörgum önnur skáld sem hvöttu okkur áfram:

*Þú skalt, þú skalt samt fram
orti Hannes Hafstein, líka
ég elska þig, stormur, sem geisar um grund*

Og ekki síst:

*Sjá hvílik brotnar bárumergö
á byrðing einum traustum
ef skipið aðeins fer í ferð
en fínar ekki í naustum*

Eigum við að láta skipið fúna í naustum? Neeei, því þeir einir fiska sem róa. Bróðir orðaði þetta við mig svona fyrrum, þegar við vorum að keppa í ralli, bróðir: Það vinnur enginn rall sem hann tekur ekki þátt í. Boðhlaupsspretturinn sem við erum að hefja við gerð nýrrar stjórnarskrár þarf að markast af slíkri hugsun, þegar við æðrulaus látum nú arka að auðnu um það verk sem framundan er. Í stað þess að orðið verkkvíði komi upp í hugann, skal það vera vinnugleði. Í stað þess að tala um vandamál og erfiðleika, skulum við líta á það sem VIÐFANGSEFNI, ÖGRUN, ÁSKORUN. Í stað þess að brotna fyrir mótbyrnum skulum við rækta æðruleysi þess sem getur sagt við sjálfan sig og við getum sagt það hvert við annað

*Látum ei mótlæti buga okkur heldur brýna.
Birtuna má aldrei vanta í sálu þína
Ef hart ertu leikinn svo þú átt í vök að verjast
vertu ekki hnugginn, njóttu þess heldur að berjast.*

*Ef við styðjum hvert annað við okkar verk,
erum glöð, sýtum ei það sem ekki fæst.
Ef við styðjum hvert annað geta fagrir draumar ræst.*

Tilveran og þjóðlífið ganga í bylgjum. Það má líkja stöðu okkur við íþróttamann sem er á brimbretti ofan í öldudal. Fyrir framan hann rís ógnarhá bylgja sem sýnist munu kaffæra hann, en ef hann brunar óhræddur upp hana, sætir færiss, lætur hana lyfta sér, þá þýtur hann að lokum áfram uppi á bylgjufaldinum sigri hrósandi, í stað þess að bylgjan kaffæri hann undir sér. Baráttusöngur okkar þegar við hefjum nú það starf sem hér er hrundið úr vör getur verið í anda kjörorða hinna fyrstu stjórnarskráa 18. aldar: Horfum fram á hamingjudag, hress við skulum nú taka þann slag,

fylkjum liði fólkinu í hag - Frelsi, jafnrétti, bræðralag. Og lokaorð okkar til handa okkur og þjóðinni geta verið þessi: Látum ei mótlæti buga okkur, heldur brýna, brosum og elskum og látum ljós okkar skína. Öll, hér, og út um allt land.

Já, látum birtuna aldrei vanta í sálu okkar, það er að koma vor og sumar eftir myrkan og kaldan vetur. Þá skín að nýju sól yfir land á sumardegum og Maí stjarnan verður okkar vegvísir inn í sumarið í þjóðlífinu. Maí stjarnan, kór Kársnesskóla syngur okkur inn í vorið og starfið.

*Ó hve létt er þitt skóhljóð
ó hve leingi ég beið þín,
það er vorhret á glugga,
napur vindur sem hvín,
en ég veit eina stjörnu,
eina stjörnu sem skín,
og nú loks ertu komin,
þú ert komin til mín.*

*Það eru erfðir tímar,
það er atvinnuþref,
ég hef ekkert að bjóða,
ekki ögn sem ég gef,
nema von mína og líf mitt
hvort ég vaki eða sef,
þetta eitt sem þú gafst mér
það er alt sem ég hef.*

*En í kvöld ljúkur vetri
sérhvers vinnandi manns,
og á morgun skín maísól,
það er maísólin hans,
það er maísólin okkar,
okkar einingarbands,
fyrir þér ber ég fána
þessa framtíðarlands.*

3. Afhending skýrslu stjórnlaganefndar

ÓR

Við þökkum kór Kársnesskóla undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur. Og þá er komið að því, þegar ég horfi hérna, að gefa á garðann, það er veganesti sem við fáum. Við fáum mikla nestisþakka og stóra úr frábæru starfi Stjórnlaganefndar og ég býð hér að koma í stólinn Guðrúnu Pétursdóttur. Formaður þeirrar nefndar er hún.

GP

Góðir Stjórnlagaráðsmenn og aðrir gestir. Langbráðum áfanga er náð. Þetta er mikill gleðidagur og það er rétt sem Ómar sagði, það er að halda sjó, standa af sér óveðrið og svo lægir aftur og þá stöndum við þar. Sami hópur að langmestu leyti og þjóðin kaus í kosningum í, hvenær var það? Í fyrra lífi, í nóvember, fyrir margt löngu. Þið eruð þeir fulltrúar. Þið hafið atkvæði þjóðarinnar á bak við ykkur. Oft í mínu erindi hér mun ég segja ýmist Stjórnlagaráð eða Stjórnlagabing því í mínum huga er það sami hluturinn. Sami hópurinn. Sama fólkið. Sami krafturinn.

Nú komið þið saman til að takast á hendur þetta mikilvæga verkefni. Aðkomu hins almenna borgara að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Ykkur er ætlað

að semja frumvarp að stjórnskipunarlögum sem verður lagt fyrir Alþingi. Sú nefnd sem ég hef stýrt, Stjórnlaganefnd 7 manna, hefur haft ákveðið hlutverk við undirbúning starfa ykkar. Nefndinni var ætlað að taka saman gagnasafn um stjórnarskrármálefni, sem hún hefur gert og það er opið öllum á vefsíðu Stjórnlagaráðs. Slíku verkefni lýkur náttúrlega seint, það er alltaf hægt að bæta við það gagnasafn. Það er hægt að breyta uppsetingu þess eftir þörfum og svo framvegis, en grunnurinn er lagður og þetta er víðamesta safn stjórnarskrármálefni sem til er á íslensku. Í annað stað var Stjórnlaganefnd ætlað undirbúa og halda Þjóðfund, þar sem kallað skyldi eftir meginjónarmiðum og áherslum almennings um stjórnarskrá Lýðveldisins og síðan áttum við að taka saman niðurstöður þess fundar. Þjóðfundur var haldinn 6. nóvember 2010 í Laugardalshöllinni að viðstöddum 950 fulltrúum sem að voru valdir af handahófi úr Þjóðskrá. Og svo var mikill fjöldi aðstoðarfólks þar, þannig að það var á annað þúsund manns viðstödd þennan dag, einstæðan atburð. Sem gleymist seint þeim sem að voru svo lán-samir að fá að vera þar. Þetta er einhver fallegasti dagur sem ég hef lifað. Sú eining, sá samhugur sem ríkti þarna, sú fegurð sem var í því fólgin að ganga um þennan stóra sal í Laugardalshöllinni og heyra kliðinn, af fólki sem var að vinna landi sínu gagn. Flest að fást við viðfangsefni sem þau höfðu aldrei áður tekist á við áður. En þau fundu öll, að þetta gátu þau. Það sagði við mig pípari norðan af landi: Ég ætlaði nú ekki að nenna þessu, sagði hann, en konan heimaði að ég færi. Ég er nú bara dálítið feginn. Þetta er bara búið að vera góður dagur.

Og svona var þetta, þetta var góður dagur. Og við fengum óhemju magn af upplýsingum frá þessum fundi sem við unnum úr og gerðum opinber mjög fljótt, nánast næsta dag, vegna þess hvað fundurinn vann sjálfur mikið úr sínum tillögum. Vann alla frumvinnu á flokkun og sorteringu þessara gagna. Þá var hægt að gera þau lýðum ljós strax daginn eftir. Síðan hefur náttúrlega Stjórnlaganefnd legið yfir þessum upplýsingum og vafið, eða já, vafið þær inn í það reipi sem að við höfum verið að útbúa fyrir ykkur, til þess að draga þetta fley áfram.

Okkur var gert með einni nettri setningu í lok laganna um Stjórnlagabing, þá stóð að Stjórnlaganefnd væri ætlað að leggja fram hugmyndir um breytingar á stjórnarskrá. Þetta eru ekki mörg orð en það er mikil vinna sem að felst í þessum orðum. Við lásum frumvarpið og við lásum nefndarálit til þess að átta okkur á því hvað væri, hvað er eiginlega hlutverk okkar, hvað er átt við með þessu. Og við áttuðum okkur á því að sennilega væri eitt helsta markmiðið með stofnun Stjórnlaganefndar og einkum með þessu síðastnefnda verkefni sem nefndinni var falið, að vega upp á móti skömmum starfstíma Stjórnlagabingsins, eða nú Stjórnlagaráðsins. Og flýta fyrir störfum þess, með vönduðum undirbúningi sem nýtast myndi við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Við litum sérstaklega til þeirra viðfangsefna sem Stjórnlagabingi voru falin eða ætlað að fjalla um, í lögnum. Þau voru bara talin upp eins og þið þekkið vel, ákveðið málefni sem að skyldi fjallað um. En við höfum einnig litið til annarra efna sem máli skipta við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Nefndin hefur fjallað um þessi mál og hún hefur sett fram rökstudda valkosti um breytingar á stjórnar-

skránni. Í þeirri vinnu okkar þá höfum við tekið mið af viðhorfum og sjónarmiðum Þjóðfundar og fléttað þau inn í alla umfjöllun og tillögugerð okkar.

Skýrsla Stjórnlaganefndar sem nú verður afhent ykkur, í dag er 700 bls. rúmar, og í 2 bindum. Ég ætla aðeins að segja ykkur frá því sem í henni er að finna. Það eru þættir náttúrlega um störf nefndarinnar og síðan þáttur um undirbúning, framkvæmd og niðurstöður Þjóðfundar 2010. En meginefni fyrri bindis er umfjöllun um helstu efnisþætti stjórnarskrár og hugmyndir að breytingum á núgildandi stjórnarskrá. Og þetta má segja að sé meginþungi skýrslunnar í 4. þætti hennar. Þar er í 13 köflum leitast við að varpa ljósi á helstu sjónarmið og röksemdir um eftirtalda þætti:

Uppbyggingu og kaflaskipan stjórnarskrár
Undirstöður íslenskrar stjórnskipunar og helstu grunnhugtök
Náttúruauðlindir og umhverfismál
Mannréttindi
Hlutverk og stöðu forseta Íslands
Alþingiskosningar, kjördæmaskipan og alþingismenn
Hlutverk og störf Alþingis
Ríkisstjórn
Störf forseta og ráðherra og verkefni framkvæmdavaldsins
Sjálfstæði dómstóla og eftirlit þeirra með öðrum handhöfum ríkisvalds
Stjórnlagaráð, í fyrri merkingu þess orðs
Samninga við önnur ríki og utanríkismál
Lýðræðislega þátttöku almennings eða beint lýðræði og loks Stöðu sveitarfélaga.

Uppsetning þessara kafla er að mestu samræmd. Í stuttum inngangi er greint frá því hvernig ákvæðum um efnisþætti hefur verið hagað í stjórnarskrá til þessa, ef þau yfirhöfuð er þar að finna. Næst er lýst helstu áherslum og viðhorfum Þjóðfundar til málefnsins. Þá er gerð grein fyrir álitum sérfræðinga sem að nefndin hefur fengið til liðs við sig og umræðum Stjórnlaganefndar. Og í lok hvers þessara kafla er síðan að finna valkosti um stjórnarskrárákvæði ásamt stuttum skýringum og þá oft fleiri heldur en einn valkost að sjálfsgöðu. Og skýringar á, hvað eigum við að segja, afleiðingum eða kostum og göllum hvers valkostar. Stjórnlaganefnd leggur áherslu á að hér er ekki um að ræða eiginlegan frumvarpstexta eða skýringar sem venjulega fylgja lagafrumvörpum, heldur grunn sem nefndin ætlar að Stjórnlagaráð geti unnið úr að vild.

Í skýrslunni eru auk þess sett upp tvö heildstæð dæmi um hvernig stjórnarskrá gæti litið út, þar sem þessum valkostum er raðað saman til að gefa heildarmynd. Það eru líka mörg ákvæði sem þurfa að vera í stjórnarskrá sem við höfum ekki talað um í þessum 14 köflum. Ákvæði sem að við töldum enga þörf á að breyta og væru þess eðlis að þyrfti ekki að taka þau fyrir sérstaklega. Það má samt ekki gleyma þeim. Þannig að í þessum tveimur dæmum, þau hefðu, dæmin hefðu getað verið 5 eða 7, eða eins mörg og tími hefði unnið til, en við setjum þau fram tvö til þess að segja, þetta er ekki einn frumvarpstexti, þetta eru dæmi, þetta eru sýnidæmi. Og þau eru þarna svona til hliðsjónar, og þið getið fundið, ákvæðin í dæmunum eru náttúrlega talin í köflunum. Nefndin fékk til liðs við sig sérfræðinga í stjórnskipunar- og stjórn málafræðum til að rannsaka ákveðna þætti sem þyrftu nánari greiningar við, eða umfjöllunar, við. Og

í 5. þætti skýrslunnar eru 12 slíkar úttektir. Það eru úttektir um stjórnarskrárákvæði um stöðu íslenskrar tungu, stjórnarskrárákvæði um auðlindir, um lögfræðileg álitafni, umhverfi í stjórnarskrá, um samband ríkis og kirkju, um áhrif þess að jafna vægi atkvæða, um tillögur um að ráðherrar sitji ekki á þingi, um eftirlit Alþingis með framkvæmdavaldinu, um reglur um ábyrgð ráðherra, um stjórnarskrárákvæði um dómstóla og hugmyndir að breytingum á stjórnarskránni, um gerð þjóðréttarsamninga og meðferð utanríkismála í íslenskrari stjórnskipun, um þjóðaratkvæðagreiðslur í erlendum rétti, eins konar samanburðarrannsókn, og loks um sjálfstjórn sveitarfélaga í stjórnarskrá.

Þannig að það eru margar úttektir, þær eru 12 talsins og nýttast ykkur vonandi vel sem ítarefni. Síðara bindi skýrslunnar er þrískipt og það hefur að geyma ítarefni sem að gagni má koma. Það eru þættir 6, 7 og 8.

6. þáttur ber heitið Skýringar við stjórnarskrá lýðveldisins. Þar er lýst uppruna og efni allra ákvæða stjórnarskrárinnar, núgildandi. Hvernig þau hafa þróast og fjallað um túlkun þeirra. Þar er líka vísað til frekari heimilda um hvert ákvæðanna ásamt helstu dómum og öðrum úrlausnum sem þeim tengjast. 10 fræðimenn komu að gerð skýringanna. En þetta er fyrsta heildstæða skýringarrit um ákvæði íslenskrar stjórnarskrárinnar sem gefið hefur verið út.

7. þáttur skýrslu okkar hefur að geyma samantekt tillagna um breytingar á stjórnarskrá frá 1944 til 2010. Það er gerð grein fyrir tillögum um breytingar sem settar hafa verið fram í á annað hundrað frumvörpum auk ábendinga sérfræðinefnda og nefnda sem unnið hafa að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Tilgangur samantektarinnar er annars vegar að varpa ljósi á þá þætti sem mönnum hefur í gegnum tíðina þótt vera ábótavant, í stjórnskipaninni. Og hins vegar að sýna ólíkar hugmyndir um hvernig leysa megi eða beri úr þeim ágöllum. Samantektin er byggð upp eftir efnisflokkum, ekki í tímaröð. Þannig að það er auðvelt að fletta upp í henni og fylgja breytingum eftir í ákveðnum málaflokkum.

Loks er 8. þáttur og hann fjallar um stjórnarskrárfestu og þróun stjórnarskráa í Evrópu. Þrátt fyrir að stjórnarskrár nútímans eigi sér sameiginlegan hugmyndafræðilegan uppruna þá er stjórnskipun hvers ríkis í sjálfu sér einstakt fyrirbæri. Stjórnarskrá Íslands er þannig skilgetið afkvæmi vestrænnar stjórnskipunarhefðar, þótt hún hafi orðið til og þróast við sérstakar kringumstæður. Og hún verður ekki rannsókuð eða útskýrd nema með hvort tveggja í huga. Þótt rannsóknir á eigin stjórnskipun og opin umræða í samfélaginu um hvað megi betur fara, séu forsenda skynsamlegra breytinga á stjórnarskránni, er jafnframt nauðsynlegt að huga að stjórnarskrám annarra ríkja til að læra af því sem vel hefur tekist eða miður hefur farið í öðrum efnum, í þessum efnum, fyrirgefið.

Það er mér heiður og ánægja að mega nú afhenda þessa skýrslu Stjórnlagaráði og það er einlæg von Stjórnlaganefndar að skýrslan megi koma Stjórnlagaráði að góðu gagni og auðvelda því þau mikilvægu störf sem því eru falin. Ég vek athygli á því að kl. 15.00, klukkan þrjú mun Stjórnlaganefnd kynna fjölmörg efnis skýrslunnar nokkuð nákvæm heldur en hér hefur gefist tími til að gera. Það verður á blaðamannafundi sem er haldinn á þessari hæð en í hinni álmunni í sal 201. Sá fundur er öllum opin. Ég bið

nú aldursforseta Stjórnlagaráðs ÓR að taka við fyrsta eintaki skýrslu Stjórnlaganefndar um leið og starfsmenn okkar dreifa skýrslunni til Stjórnlagaráðsmanna. Gangi ykkur vel.

4. Skipan vinnunefndar um starfsreglur

ÓR

Þetta minnir á Háskólabíó, Vær sá god! Flatøbogen.

Nú, það er að koma að lokum þessa fundar og við hefjum nú eiginlega störf akkúrat núna, sem eiga eftir að verða framundan. Við þurfum samkvæmt ákvæðum þingsályktunar um Stjórnlagaráð. Þá þurfum við að setja okkur starfsreglur sjálf og það hefur reyndar verið unnið talsvert í því af fjórmenningshóp sem hefur leitt það og flestir hafa lagt þar orð í belg. Það er ekki búið að þessu. Við þurfum að ljúka þessu verki og betur sjá augu en auga, svo að það hefur verið ákveðið að koma með annan hóp sem tengist hinum fyrri. Og ég er nú bara að vinna tíma með því að segja þetta, við skulum nú láta afhendinguna ganga sinn gang.

Já, og tilnefnd hafa verið í þennan hóp sem að verður núna fimm, í stafrófsröð: Ari Teitsson, Gísli Tryggvason, Íris Lind Sæmundsdóttir, Silja Bára Ómarsdóttir og Vilhjálmur Þorsteinsson, sem yrði formaður. Eru einhverjar athugasemdir eða andmæli við þessu? Svo er ekki og skoðast þessi hópur því skipaður.

Nú, við ætlum að enda hvern fund, eitt okkar hefur stungið upp á því, að við endum hvern fund á því að syngja áður en að fundi er slitið. Hér á eftir verður boðið upp á kaffi og veitingar frammi og ég vil bara endilega þakka öllu því fólki sem hefur unnið að því að koma þessum fundi á. Unnið það mikla starf sem að hér blasir við okkur í húsakynnunum og Stjórnlaganefndinni sérstaklega, fyrir frábært starf. Og þá er bara að hefjast handa. En við ætlum að syngja hressandi söng sem tengir okkur við Óxará og lagastarf. Það kunna allir. Óxar við ána. Viljið þið standa upp? Og þá er bara að finna, bara finnum við einhvern tón sem að, og það er eins og venjulega, þetta er fyrsta verkefnið okkar og það er að finna samhljóm og tón sem passar okkur öllum.

*Óxar við ána, árdax í ljóma,
upp rísi þjóðlið og skipist í sveit.
Skjótum upp fána, skært lúðrar hljóma,
skundum á þingvöll og treystum vor heit.
Fram, fram, aldrei að víkja.
Fram, fram, bæði menn og fljóð.
Tengjumst tryggðarböndum,
tökum saman höndum,
stríðum, vinnum vorri þjóð.*

ÓR

Já, það er það. Stríðum, vinnum vorri þjóð.

Næsti fundur Stjórnlagaráðs verður á morgun kl. 15.00. Þá fer fram kjör á formanni Stjórnlagaráðs samkvæmt þingsályktun þar um og einnig varaformannskjör. En hér með segi ég þessum fyrsta fundi Stjórnlagaráðs slitið. Takk.

2. ráðsfundur 07.04. 2011.

07.04.2011 15:00

Dagskrá

1. Tillaga að 1. gr. starfsreglna
2. Kosning formanns Stjórnlagaráðs
3. Kosning varaformanns Stjórnlagaráðs

2. ráðsfundur - haldinn 07. apríl 2011, kl. 15.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Forföll hafði boðað: Andrés Magnússon.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Aldursforseti boðaði til fundarins með tölvupósti og dagskrá var í samræmi við fundarboð.

Umraður á 2. ráðsfundi

ÓR

Komið þið sæl, annar fundur Stjórnlagaráðs er hér með settur og fyrir fundinum liggja þrjú atriði. Það er númer 1, drög að starfsreglum Stjórnlagaráðs. Bara 1. greinin sem fjallar um kosningar formanns og varaformanns. Á eftir því, kosning formanns og númer 3, kosning varaformanns.

Við sungum hér í gær. Það var samþykkt svona nokkurn veginn á einum fundi okkar, óformlegum, áður en að þetta byrjaði, að við syngjum í upphafi og enda, það var nú ekki gert í gær, en þá söng falletgur kór.

Ég legg til að við bara stöndum upp og syngjum aftur Óxar við ána núna, og svo komi nýtt lag í lokin. Fáum fjör í þetta og syngjum öll með: Óxar við ána, og byrjum hér með ... og nú er sko einhver ímyndaður píanóleikari hérna, damm daramm daram damm.

*Óxar við ána, árdags í ljóma,
upp rísi þjóðlið og skipist í sveit.
Skjótum upp fána, skært lúðrar hljóma,
skundum á þingvöll og treystum vor heit.
Fram, fram, aldrei að víkja.
Fram, fram, bæði menn og fljóð.
Tengjumst tryggðarböndum,
tökum saman höndum,
stríðum, vinnum vorri þjóð.*

1. Tillaga að 1. gr. starfsreglna

ÓR

Þá er fyrst drög að starfsreglum Stjórnlagaráðs. Á þessum fundi liggur fyrir 1. grein starfsreglnanna, sem fjallar um kosningu formanns og varaformanns. Nefndin sem skipuð var, eða hópurinn, við viljum kalla það hóp því að fyrirrennari þessa hóps, var hópur, ég vil geta þess nú, vann mjög gott starf, vikum og mánuðum saman frá því að við hittumst fyrst, í nóvember, ásamt náttúrlega þátttöku, með þátttöku allra sem að hér er, hygg ég og það er rétt að láta það koma fram. Og þetta er bara smá endahnykkur á þessu starfi og einn formaður nefndarinnar var einmitt í fyrri hópnum og hún ætlar að leggja hér fram drög að starfsreglum Stjórnlagaráðs og hefur sent ykkur þessa tillögu að 1. greininni, óskað eftir athugasemdum, sem engar hafa borist. En vill einhver tjá sig um tillöguna? ... Nú, það er ekki, við vinnum skipulega og hratt þegar að við getum það. Ef ekki eru athugasemdir að þá er tillagan borin upp í heild sinni eins og þið eruð með hjá ykkur og ég ætla að lesa tillöguna, ertu með hana þarna hjá þér? Já.

Og það er svona, 1. málsgrein: Aldursforseti setur fyrsta fund Stjórnlagaráðs og stýrir fundum þar til formaður hefur verið kosinn. Hún virkar aftur fyrir sig, sjáðu.

Svo kemur 2. málsgrein: Formaður skal kosinn skriflegri kosningu úr hópi ráðsfulltrúa. Aldursforseti stýrir kosningunni, lýsir tilnefningum og kallar eftir fleirum. Kosið skal á milli þeirra fulltrúa sem tilnefndir eru.

3. málsgrein: Réttkjörinn formaður er sá sem hlotið hefur hreinan meirihluta atkvæða allra ráðsfulltrúa. Fáir enginn tilskilinn fjöldi atkvæða skjal kjósa um þá 2 fulltrúa er flest atkvæði fengu. Fáir þeir jafnmörg atkvæði við seinni kosninguna skal kosið að nýju. Sé enn jafnt, ræður hlutkesti hvor þeirra verður formaður.

4. málsgrein: Formaður stýrir kosningu varaformanns. Varaformaður skal vera af gagnstæðu kyni við formann en að öðru leyti gilda um kosninguna ákvæði 2. og 3. málsgreinar að breyttu breytanda. Og þá er það spurningin um hvort að einhver, ég gef ykkur smá frest. Svona rétt til þess að renna augum yfir þetta aftur. Við höfum öll séð þetta áður, þetta er búið að vera í gerjun. Og ef allir eru tilbúnir til atkvæðagreiðslu, að þá vil ég biðja þá að rétta upp hönd sem eru samþykkr þessu. Starfsmennirnir sem hér eru, þurfa ekki að telja, þetta er samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta. Og það má svo sem alveg biðja um mótatkvæði, ef eitt-hvað er, samt. Það er venjan. Greinin er samþykkt.

2. Kosning formanns Stjórnlagaráðs

ÓR

Og þá er komið að kosningu formanns. Eftirtaldir hafa þegar verið tilnefnd og eru því í kjöri til formanns, í stafrófsröð: Katrín Fjeldsted, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Þar sem ég hef verið tilnefndur þá vík ég úr sæti fundarstjóra og hef hugsað mér að afhenda framkvæmdastjóra Stjórnlagaráðs Þorsteini Fr. Sigurðssyni fundastjórnina. Hann er hlutlaus aðili hér, með leyfi fundarins, til að stýra kjöri formanns. Síðan mun for-

maður samkvæmt þessari grein sem að hér var lesin áðan og samþykkt, stýra kjöri varaformanns. Erú einhverjar athugasemdir við þetta? Þá ætla ég að biðja hann um að taka hér við.

ÞFS

Ég þakka traustið sem mér er sýnt, og þá vindum við okkur í þennan dagskrárlið, sem er kjör formanns. Og ég ætla að lesa þá upp, þið eruð öll með þetta blað fyrir framan ykkur. Eftirtaldir fulltrúar hafa fengið flestar uppástungur til kjörs formanns.

Það eru Katrín Fjeldsted, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Erú fleiri tilnefningar? ... Engar fleiri tilnefningar. Þá eru þessir 8 einstaklingar í kjöri, aðeins þeir. Og þið eruð með á borðum hjá ykkur gulan miða og penna. Ég ætla að biðja ykkur að skrifa fornafn, það er enginn með sama fornafn, þannig að það dugar bara fornafnið. Og brjóta hann síðan saman. Og, það kemur hér teljari og safnar miðunum saman.

Ætlar teljari að safna saman atkvæðum? Sérfræðingateymi okkar undir yfirstjórn yfirlögfræðings okkar, Sifjar, ætlar að ... þau fara síðan afsíðis og telja atkvæðin og meðan talning fer fram, munum við gera fundarhlé og þið getið þá teygst úr ykkur, en helst ekki fara út úr salnum. Þetta tekur ekki nema örfáar mínútur.

Úr sal: Verða öll atkvæði birt?

ÞFS

Það var eiginlega rætt um að það yrði ekki, að það yrði bara birtur sá aðili sem að fær flest atkvæðin. Það verða ekki birtar tölurnar. Það geta orðið fleiri umferðir. Það er skilyrði að viðkomandi nái meirihluta atkvæða, þ.e.a.s. 13 atkvæðum.

Og þá er bara fundarhlé, þar til að þau koma inn með niðurstöðu.

ÞFS

Ágætu þingfulltrúar. Teljarar hafa skilað hér inn tveimur nöfnum, sem að er þá kosið um í seinni umferð. Og þá ætla ég að biðja teljara um að dreifa gulum miðum á borðin til ykkar. Og þið kjósið á milli þessara tveggja nafna um formanninn. Þau hlutu þá flest atkvæðin.

Erlingur. Gjörðu svo vel.

ES

Já, forseti og góðir fundarmenn.

Mér finnst einboðið að það eigi að birta niðurstöðu allrar kosningarinnar. Og bera saman tölur.

ÞFS

Mér skildist hér áðan að það hefði verið niðurstaða nefndarinnar. Ég ber það þá undir fundinn að tölurnar yrðu birtar að kosningu lokinni. Þeir sem eru samála því rétti upp hönd. Ætlið þið að telja. ... Að tölur verði birtar eftir á, þannig að það hafi ekki áhrif á kosninguna. Að tillaga þess efnis ... Allir sem eru á móti? 6.

Tillagan er þá samþykkt með 11 gegn 6 - um að tölurnar verða birtar eftir á. Þá erum við að kjósa hér á milli tveggja einstaklinga

um formannskjörið og það eru 2 nöfn. Það er annars vegar Salvör og hins vegar Þorvaldur. Þið skrifið annað nafnið á atkvæðaseðilinn, brjótið hann saman, og teljarar taka.

Og þá gerum við aftur fundarhlé, meðan á talningu stendur.

ÞFS

Ágætu ráðsfulltrúar. Það er komin niðurstaða á kjöri formanns. Hér með er réttkjörinn formaður Salvör Nordal.

Ég ætla að biðja hana um að koma hérna upp og skipta á sæti við Ómar, en ég ætla að gefa Ómari fyrst orðið. Gjörðu svo vel. Og hann tekur þá við fundarstjórn.

ÓR

Þetta er nú bara formlegheitin, en það þykir til hlýða þegar að menn víkja fyrir öðrum að þá þakka þeir fyrir sig. Ég þakka fyrir ógleymanlegt samstarf sem af er, vona að það verði áfram. Og býð Salvöru Nordal að koma hér í pontu og taka við fundarstjórn og formennsku í Stjórnlagaráði. Gjörðu svo vel.

SN

Kæru ráðsfélagar. Hjartans þakkir fyrir það traust sem mér er sýnt hér í dag. Og ég heiti því að reyna að standa undir því trausti sem þið sýnið mér. Mig langar aðeins að deila með ykkur nokkrum orðum af þessu tilefni. Fyrir skömmu síðan kom út greinasafn með greinum á íslensku eftir Hönnu Arendt, sem er að mínu mati einn merkasti stjórnmálaheimspekingur 20. aldar. Og hún leggur mikið upp úr því að í nútímasamfélagi eflum við hinn opinbera vettvang. Og í því felst virkni borgara til að taka þátt í lýðræðislegri umræðu. Ég er að vonast til þess að Stjórnlagaráð geti verið vísir að slíkri virkri þátttöku borgara og styrkingu á opinberum vettvangi. Og ef almenningur er með okkur og fylgist með og kemur á fundi og deilir með okkur hugmyndum sínum, og við tökum þátt í alvöru rökraðu, um þær hugmyndir sem búa að baki stjórnarskrár, þá held ég að við munum geta gert okkar samfélagi mjög gott. Vonandi komumst við líka að niðurstöðu um ýmis þau álitaefti, sem okkur er falið að falla um. En það er mjög mikilvægt að við gerum það á grunni þeirra hugmynda sem að baki standa. Í Rannsóknarskýrslu Alþingis er einn gagnrýnishluti, sem m.a. var fjallað um í Skýrslu siðfræðihópsins, og það var gagnrýni á þrönga lagahyggju. Og ég held að sú þrönga lagahyggja sem hefur viðgengist í íslensku samfélagi eða verið svolítið ríkjandi í íslensku samfélagi, eigi rætur að rekja til þess að við höfum ekki alltaf skýra sýn á þær hugmyndir sem að baki laganna búa. Markmiðum laganna og þeim hugmyndum sem eru grunnurinn að lögunum. Þannig að ég held að það sé svo mikilvægt að við tökum þá umræðu í þessum hópi. Og að við deilum þeirri umræðu út í samfélagið. Og þá held ég að við skilum miklu og góðu verki til okkar samfélags og vonandi til endurskoðunar á íslenskrri stjórnarskrá. Takk aftur, innilega fyrir.

3. Kosning varaformanns Stjórnlagaráðs

SN

Nú, þá kemur að störfum mínum sem fundarstjóri hér. En í samræmi við 1. grein starfsreglanna skal kjósa varaformann af gagnstæðu kyni við formanninn.

Og það er þá augljóst hvað þið eigið að gera vonandi. Því eru nú aðeins í kjöri eftirtaldir sem hafa verið tilnefndir og jafnframt spurt hvort fleiri tilnefningar eru. Eftirtaldir eru: Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason og Vilhjálmur Þorsteinsson.

Eru fleiri tilnefningar?

GT

Mig langar að tilefna Ara Teitsson.

SN

Ari Teitsson er tilnefndur til viðbótar við þá fjóra sem nefndir voru. Sem sagt, þið skrifið fornafn þess sem þið viljið kjósa á bláu miðana. Já, það eru sem sagt 5 í kjöri: Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Ari Teitsson.

AG

Já, er það sá sem fær flest atkvæði sem verður kjörinn eða þarf meirihluta atkvæði?

SN

Já, það er sami ferill og í formannskjörinu. Þannig að við höfum þá aðra umferð ef ekki verður skýr niðurstaða úr fyrsta. Og þá gerum við fundarhlé á meðan atkvæði eru talin.

SN

Þá byrjum við aftur, eftir fundarhlé. Það er komin niðurstaða í fyrri umferð kosningar til varaformanns. Og nú tökum við til aftur og það eru 2 nöfn sem koma upp. Og ég ætla að biðja ykkur um að dreifa miðum. Það eru Ari og Þorvaldur, í kjöri núna til varaformanns. Þá gerum við fundarhlé í nokkrar mínútur meðan atkvæði eru talin.

SN

Þá byrjum við fundinn aftur, bið fundarmenn um að setjast. Það er komin niðurstaða í kjör varaformanns, og réttkjörinn varaformaður er Ari Teitsson. Ég vil biðja Ara að gjöra svo vel að koma hingað.

AT

Ja, ég vil bara þakka ykkur fyrir það traust sem þið óvænt sýnduð mér og ég segi eins og hún Salvör að ég vonast til að við, og við öll reyndar 25, verðum þeim vanda vaxinn sem okkur hefur verið falið. Okkur hefur öllum verið falið verk og munum vinna hér saman, þannig að ég vona að það verði ekki mikil gjá á milli forystunnar og hins almenna, það má ekki verða þannig. Við þurfum að vinna saman og það vona ég að við gerum. Takk.

SN

Það var samþykkt áðan að birta tölur um kjör í lok atkvæðagreiðslu, sem nú er lokið, bæði um formann og varaformann. Og ég ætla að biðja Sif Guðjónsdóttur, yfirlögfræðing Stjórnlagaráðs að koma upp og greina frá niðurstöðum. Gjörðu svo vel.

SG

Já ég ætla þá að greina frá atkvæðatölum við kjör formanns og varaformanns, 1. umferð og 2. umferð. Ef við

horfum þá fyrst á formannskjörið og 1. umferðina þar: Salvör 7, Þorvaldur 5, Ómar 4, Katrín 2, Vilhjálmur 2, Þorkell 2, Þórhildur 2, fjarverandi 1.

Önnur umferð formannskjörs:
Salvör 15, Þorvaldur 9, fjarverandi 1.

1. umferð varaformannskjörs:
Þorvaldur 9, Ari 5, Ómar 3, Vilhjálmur 3, Þorkell 2, auður 2, fjarverandi 1.

2. umferð varaformannskjörs:
Ari 13, Þorvaldur 10, auður 1, fjarverandi 1.

SN
Þá er komið að lokum fundarins en aldursforseti boðaði hér í upphafi fundar að það yrði sungið í lok hans líka, þannig að ég ætla að biðja aldursforseta að stýra þeim söng, og lofa ekki að það verði sungið í upphafi og lok næsta fundar.

ÓR
Já, þá rísa allir á fætur bara og við syngjum, lag sem var búið að bera undir alla reyndar í aðdraganda 1. fundar og það er Ísland ögrum skorið.

SN
Formaður mun boða til næsta fundar sem verður væntanlega ekki fyrr en eftir helgi og segi þessum 2. fundi Stjórnlagaráðs slitið. Takk fyrir.

3. ráðsfundur 13.4. 2011.

13.04.2011 09:30

Dagskrá

1. Tillaga að starfsreglum lögð fram til umræðu og afgreiðslu
2. Skipan nefndar um skiptingu málefna á milli verkefnanefnda

3. ráðsfundur - haldinn 13. apríl 2011, kl. 09.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Katrín Fjeldsted, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsón, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Forföll höfðu boðað eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Íris Lind Sæmundsdóttir og Katrín Oddsdóttir.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu- pósti þriðjudaginn 12. apríl 2011 og dagskrá var í samræmi við fundarboð.

Umræður á 3. ráðsfundi

SN
Góðan dag, 3. fundur Stjórnlagaráðs er settur. Fyrir fundinum liggja tvö dagskráratríði. Í 1. lagi er það tillaga að starfsreglum Stjórnlagaráðs, lögð fram til umræðu og afgreiðslu og 2. dagskrárlíður er skipan nefndar um málefna- skiptingu milli verkefnanefnda.

1. Tillaga að starfsreglum lögð fram til umræðu og afgreiðslu

Við tökum þá fyrst 1. lið, tillaga að starfsreglum Stjórnlagaráðs. Tillögunni hefur verið dreift og allir eiga að hafa hana hjá sér. Og ég vil biðja Vilhjálms Þorsteinsson, formann nefndar um starfsreglurnar, að fylgja tillögunum úr hlaði.

VÞ

Já, formaður og ágætu ráðsfulltrúar.

Það er mér alveg sérstök ánægja og heiður að flytja hérna jómfrúarræðu mína í Stjórnlagaráði, en ég hef hérna framsögu um tillögu að starfsreglum Stjórnlagaráðs, sem að sérstök nefnd, starfsreglunefnd, hefur undirbúið. Nefndin var skipuð á 1. fundi Stjórnlagaráðs, þann 6. apríl síðastliðinn en í henni sitja Ari Teitsson, Gísli Tryggvason, Íris Lind Sæmundsdóttir, Silja Bára Ómarsdóttir og ég Vilhjálmur Þorsteinsson, sem formaður.

Nefndin tók við starfi svokallaðs fjórmeningahóps sem hafði unnið mikið undirbúningsstarf með hléum frá því að hann var tilnefndur 8. janúar síðastliðinn, og þá upphaflega til að gera tillögur að verklagi Stjórnlagabings. En í fjórmeningahópnum voru auk mín þau Salvör Nordal, Þorkell Helgason og Þórhildur Þorleifsdóttir. Vil ég þakka þeim þremur sérstaklega fyrir sitt ágæta framlag og gott samstarf.

Sú tillaga að starfsreglum sem ég hef hér framsögu um er gerð samkvæmt ályktun Alþingis um skipan Stjórnlagaráðs frá 24. mars 2011 en þar er kveðið á um að Stjórnlagaráð setji sér sjálft starfsreglur um skipulag og starfshætti sína. Ég mun núna kynna tillöguna en ráðsfulltrúar eru með hana á borðum sínum útprentaða.

En tillagan, hún hefst á aðfararorðum, sem eiga að veita leiðbeiningu um þann anda, sem að starfsreglurnar eru settar í, og skilgreina almenn viðmið í starfinu sem er ekki hentugt að orða í hefðbundnum reglutekta. Og þessi aðfararorð, þau hljóða svo:

Við fulltrúar í Stjórnlagaráði, af virðingu fyrir því trausti sem okkur hefur verið sýnt af þjóð og þingi með því að fela okkur það bryna verkefni að endurskoða stjórnarskrá Lýðveldisins, af ásetningi um að skila af okkur vönduðu verki innan settra tímamarka, í anda uppbyggilegs og jákvæðs samstarfs, þar sem jafnréttis kynja er gætt í hvívetna, með þá ætlun að nota hófstilla rökræðu og málefnalega gagnrýni til að ná fram sátt fremur en að beita afli atkvæða, með vísan til hugmynda Þjóðfundar 2010 og með vilja til samráðs við þjóðina, í þeirri ósk að víðtæk samstaða náist um frumvarp okkar að nýrri stjórnarskrá, setjum ráðinu eftirfarandi starfsreglur.

Og þetta eru sem sagt aðfararorðin. Nú, þá tekur við hér 1. kafli starfsreglanna sem ber yfirskriftina Stjórnýsla Stjórnlagaráðs. Þar er 1. grein um setningu Stjórnlagaráðs, kosningu formanns og varaformanns. Þessa grein höfum við þegar samþykkt á fyrri ráðsfundi þannig að ég ætla ekki að fara frekar yfir hana. Kemur þá að 2. grein sem heitir kosning nefndaformanna og varamanna þeirra. Þar stendur:

Eftir að ráðsfundur hefur ákveðið tölu verkefnanefnda og skipt verkum með þeim sbr. 2. mgr. 4. gr. stýrir formaður kosningu nefndaformanna og varaformanna úr hópi fulltrúa í Stjórnlagaráði. Formaður leitar eftir því hvaða fulltrúar gefa kost á sér til þeirra starfa. Formaður og varaformaður Stjórnlagaráðs geta ekki gegnt formennsku í nefndum.

Um kosningu nefndaformanns og varaformanns gilda að öðru leyti ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 1. gr. að breyttu breytanda.

Formanni er heimilt að leggja til við ráðsfund að víxlað sé formanni og varaformanni í nefnd eða nefndum í þeim tilgangi að jafna hlut kynja.

Nú, til nánari skýringar, þá er hér átt við að formenn og varaformenn verði kosnir með tvöfaldri umferð, það er að segja, það er fyrst kosið milli allra, síðan er þá, ef enginn fær hreinan meirihluta í þeirri umferð er kosið á ný í annarri umferð milli þeirra tveggja sem að flest atkvæði hlutu. Ef að enn er jafnt þá er reyndar kosið að nýju og ef að enn er jafnt eftir það, þá ræður hlutkesti, þetta var eins og gert var við formann og varaformann ráðsins. Og það er áskilið að formaður og varafor-

maður hvefrrar nefndar verði af gagnstæðum kynjum, eða gagnstæðu kyni.

Nú, í umræðum starfsreglunefndar þá kom fram að það er ætlunin að formenn nefndanna verði kosnir fyrst en að þeim kosningum loknum verði varaformenn kosnir. Og hér er formanni gefin heimild til að hlutast til um það eftir á, að jafna hlut kynja í formannahópnum og þar með talið í stjórn Stjórnlagaráðs, því að formenn nefnda sitja í stjórn Stjórnlagaráðs. Og með því þá að víxla formanni og varaformanni í nefnd eða nefndum.

Í umræðum í starfsreglunefnd kom fram sá skilningur að fyrst ætti að koma til álita að víxla í þeirri nefnd þar sem að minnstur munur væri á atkvæðafjölda formanns og varaformanns.

Nú, þá komum við að 3. grein: Verkstjórn Stjórnlagaráðs, og hún hljóðar svo:

Formaður, varaformaður og formenn verkefnanefnda, þegar þeir hafa verið kosnir skv. 2. gr., mynda stjórn Stjórnlagaráðs. Varaformenn verkefnanefnda eru staðgenglar formanna í stjórn. Formaður Stjórnlagaráðs er formaður stjórnar.

Meginhlutverk stjórnar er að skipuleggja starf Stjórnlagaráðs og stýra því í samræmi við ákvæði þingsályktunar Alþingis um skipun Stjórnlagaráðs frá 24. mars 2011 og starfsreglna þessara. Stjórnin skal leggja starfsáætlun fyrir ráðsfund til afgreiðslu. Áætlunina skal endurskoða reglulega eftir því sem verkinu vindur fram.

Formaður Stjórnlagaráðs ber fjármálalega ábyrgð á störfum ráðsins gagnvart undirbúningsnefnd sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 90/2010.

Ég held að þessi grein þarfnist nú ekkert frekari skýringa, og erum við þá komin að 2. kafla sem heitir starfshættir Stjórnlagaráðs. Þar er 4. grein um ráðsfundi, verkefnanefndir og starfshópa.

Almennir fundir Stjórnlagaráðs nefnast ráðsfundir. Ráðsfundur er æðsta vald Stjórnlagaráðs. Formaður stýrir ráðsfundum og varaformaður í hans fjarveru. Taki formaður eða varaformaður þátt í almennum umræðum víkja þeir úr fundarstjóraembætti.

Og þar er skilningurinn, á meðan á þeirri þátttöku stendur.

Verkefnum Stjórnlagaráðs samkvæmt þingsályktun um skipun ráðsins skal skipt á verkefnanefndir. Ráðsfundur ákveður tölu nefnda og skiptir störfum með þeim. Ráðsfundur getur fært til verkefni eftir því hvernig starfi ráðsins vindur fram.

Stjórn getur skipað starfshópa til tiltekinna verka. Starfshópar velja sér sjálfir forystu.

Með sama hætti held ég að þessi grein skýri sig þá að öðru leyti sjálf.

Þá erum við komin að 5. grein sem heitir skipting fulltrúa í verkefnanefndir og starfshópa.

Fulltrúar í Stjórnlagaráði, aðrir en formaður ráðsins, velja sér verkefnanefnd. Hver fulltrúi hefur einungis atkvæðisrétt í einni verkefnanefnd hverju sinni en öllum fulltrúum er heimilt að sækja nefndafundi með málfrelsi og tillögurétti.

Stjórnin getur haft frumkvæði að breyttri skipan nefnda í samráði við hlutaðeigandi. Einnig getur fulltrúi óskað eftir því við stjórn að vera fluttur milli nefnda. Tillögur stjórnar skulu bornar undir alla þá fulltrúa er málið varðar. Náist ekki samkomulag skal varpa hlutkesti milli þeirra fulltrúa sem lýst hafa áhuga á tilteknu verkefnasviði.

Og hér til skýringar þá má nefna að það er gert ráð fyrir að hluti nefndafunda Stjórnlagaráðs verði tíma-settir þannig í vikuskipulaginu að það sé unnt að mæta á fund í fleiri nefndum en þeim sem að fulltrúi hefur atkvæðisrétt í. Nú, ákvæði um frumkvæði stjórnar að breyttri skipan nefnda, þau eiga fyrst og fremst við breytingar sem að þarf að kunna að gera ef að of fáir fulltrúar verða í einni nefnd eða of margir í annarri, að teknu tilliti til verkefna nefndarinnar.

Ætíð yrði þó að leitast við að virða óskir fulltrúa í því efni. Hlutkestisákvæðið kemur í veg fyrir að stjórn séu færð of mikil völd í þessu sambandi en það gerir það að verkum að tillaga um flutning á milli nefnda getur ekki snúist með einhverjum fyrirsjáanlegum hætti um einstaklinga.

Nú þá komum við að 6. grein: Fundarsköp.

Formenn Stjórnlagaráðs, verkefnanefnda og starfshópa ákveða dagskrá og boða til funda. Formanni er skylt að boða til fundar og taka mál á dagskrá ef þriðjungur atkvæðisbærra fulltrúa krefst þess með nægilegum fyrirvara. Boða skal til ráðsfunda með dagskrá í tölvupósti eigi síðar en daginn fyrir fund. Jafnframt skal dagskrá vera aðgengileg á vef Stjórnlagaráðs.

Fundur er því aðeins ályktunarbær að meirihluti atkvæðisbærra fulltrúa sé viðstaddur. Náist ekki samstaða um afgreiðslu máls skal afl atkvæða ráða.

Ef fundarstjóri telur að umræður hafi dregist úr hófi fram getur hann lagt til takmarkanir á ræðutíma. Tillagan skal borin undir atkvæði umræðulaust.

Að öðru leyti gilda almenn fundarsköp, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar, á fundum Stjórnlagaráðs, í stjórninni, á nefndafundum og á fundum í starfshópum.

Ráðsfulltrúa er skylt að sækja alla fundi þar sem hann á setu nema lögmæt forföll banni enda tilkynni hann það fyrirfram til skrifstofu Stjórnlagaráðs.

Og til skýringar með orðalagi um nægilegan fyrirvara, að þá er átt við eðlilegan fyrirvara sem er ekki of knappur í ljósi kringumstæðna til þess að ákveða dagskrá og undirbúa og boða fund.

Nú, þetta var 6. grein, þá erum við komin að 7. grein, um fundargerðir.

Halda skal fundargerðir um ráðsfundi, fundi í stjórn og í nefndum. Starfsmaður Stjórnlagaráðs ritar fundargerð. Fundargerðir skulu að lágmarki tilgreina fundartíma, dagskrá fundar, hverjir voru viðstaddir, ákvarðanir um meðferð og afgreiðslu mála og bókanir fundarmanna.

Fundargerðir skulu bornar upp til samþykktar á næsta fundi eða svo fljótt sem auðið er. Fundargerðir skal birta á vef Stjórnlagaráðs þegar þær hafa verið samþykktar. Heimilt er að birta drög að fundargerð ráðsfunda eftir að fulltrúar hafa haft ráðrúm til að gera athugasemdir.

Og með þessu síðasta er verið að liðka fyrir því að fundargerðir ráðsfunda megi birta á vef ráðsins sem drög, þó þær hafi ekki verið formlega samþykktar á næsta ráðsfundi.

Nú, 8. grein: Birting skjala:

Skjöl ráðsfunda og nefndarfunda skal birta eins skjótt og við verður komið á vef Stjórnlagaráðs. Sama gildir um umsagnir og erindi er berast ráðinu, skv. 10. gr.

Og 9. grein: Opnir fundir:

Ráðsfundir eru opnir. Nefndum og starfshópum er heimilt að hafa fundi opna og skal þá birta fundarboð og dagskrá á vef ráðsins eigi síðar en daginn fyrir fund. Stjórn getur sett nánari reglur um aðgang almennings að fundum.

Nú, til upplýsingar hér, þá er reiknað með opnum nefndarfundum einu sinni í viku samkvæmt fyrirbyggjandi drögum að starfsskipulagi.

Þá erum við komin að 10. grein: Umsagnir og erindi:

Koma má erindum á framfæri við Stjórnlagaráð.

Stjórnlagaráð, nefndir og starfshópar geta óskað umsagna um mál frá aðilum utan ráðsins og boðið gestum á fundi. Stjórnin getur sett reglur um form og meðferð erinda og umsagna og tilhögun heimsóknra gesta.

Nú hér er að sjálfsögðu miðað við að erindi séu skrifleg, og helst send með rafrænum hætti og það er gert ráð fyrir slíku á vef ráðsins, og er öllum almennungi heimilt að senda ráðinu erindi í gegnum vefinn en það er einnig tekið við erindum bréflaga.

11. grein: Útsending frá fundum og birting á vef:

Ráðsfundir eru sendir beint út og upptökur af þeim aðgengilegar á vef Stjórnlagaráðs. Þegar frumvarp til stjórnarskipunarlagar er til formlegrar umfjöllunar, sbr. 15. gr., skal texti umræðunnar birtur á vef ráðsins. Opnir fundir nefnda og starfshópa eru hljóðritaðir og upptökur aðgengilegar á vef ráðsins.

Nú hér vek ég athygli á að það er ekki reiknað með að umræður á ráðsfundum séu skrifaðar upp fyrr en frumvarp til stjórnarskipunarlagar er til umfjöllunar. En þegar að þar er komið sögu þá er um að ræða lögskýringargögn sem er æskilegt að eiga og geyma í textaformi.

Þá er hér 3. kafli: Frumvarp til stjórnarskipunarlagar og meðferð þess:

12. grein: Frumvarp til stjórnarskipunarlagar:

Stjórnlagaráð semur frumvarp til stjórnarskipunarlagar, sbr. þingsályktun um skipun Stjórnlagaráðs.

Þarna er einfaldlega verið að hnykkja á því sem stendur í þingsályktunartillögunni.

13. grein: Skýrsla stjórnlaganefndar.

Stjórnlagaráð tekur við skýrslu stjórnlaganefndar og birtir hana á vef ráðsins. Stjórn gerir tillögu um upphafsmeðferð skýrslunnar á ráðsfundi.

Þá er það 14. grein: Undirbúningur frumvarps til stjórnarskipunarlagar:

Ráðsfundur ákveður svo fljótt sem auðið er hvernig hefja skuli undirbúning frumvarps til stjórnarskipunarlagar. Skjal það sem til verður, með áorðnum breytingum hverju sinni, nefnist áfangaskjal og verður aðgengilegt á vef Stjórnlagaráðs.

Tillögur um breytingar á áfangaskjalinu frá fulltrúum, nefndum eða stjórn skulu teknar til afgreiðslu á ráðsfundi að jafnaði einu sinni í viku. Í áfangaskjalinu geta hverju sinni verið valkostir um einstakar greinar eða kafla, enda njóti valkostur stuðnings fimmtungs ráðsfulltrúa hið minnsta.

Almennigur getur tjáð sig um áfangaskjalið, einstök ákvæði þess og valkosti með opinberum hætti og undir nafni á vef Stjórnlagaráðs.

Stjórn skal kanna hvort og með hvaða hætti unnt sé að leita enn frekar eftir afstöðu þjóðarinnar til valkosta að því er varðar einstök ákvæði frumvarps til stjórnarskipunarlagar eða eftir atvikum einstaka kafla þess. Stjórnin skal leggja tillögur sínar um framkvæmd þessarar málsgreinar fyrir ráðsfund í tæka tíð.

Nú, þessi 14. grein skilgreinir undirbúningsferli frumvarps til stjórnarskipunarlaganna. Þar er hugmyndin að nota það sem við höfum kallað ítrunaraðferð, þar sem að smám saman verða til drög að frumvarpi, ófullkomin í fyrstu en svo ítarlegri og betur slípuð eftir því sem að starfinu vindur fram. Hver ítrunarringur er ein vika og eru uppfærslur á svokölluðu áfangaskjali afgreiddar á ráðsfundi einu sinni í viku, væntanlega á fimmtudögum. Með uppfærslum, þá er átt við að bæta við nýjum texta eða fella burt texta eða breyta honum eða bæta við nýjum valkosti við greinar eða kafla sem að fyrir var. Áfangaskjalið er birt á vef ráðsins og er öllum opið til lestrar og til að rita athugasemdir. Það er þannig síkvíkt og gefur ákveðna innsýn í stöðu vinnunnar hverju sinni en gefur þjóðinni jafnframt tækifæri til að fylgjast með og koma athugasemdum og ábendingum og tillögum á framfæri á vef ráðsins jafnóðum í undirbúningsferlinu. Stjórn ráðsins, nefndir og ráðsfulltrúar geta svo lagt fram tillögur um breytingar á áfangaskjalinu og það er reiknað með að efnislegum tillögum frá fulltrúum sé í flestum tilvikum vísað til umfjöllunarnefndar en það er vitaskuld ákvörðun ráðsins hverju sinni.

Þá erum við komin hér að 15. grein: Framlagning og meðferð draga að frumvarpi til stjórnarskipunarlaganna.

Stjórn Stjórnlagaráðs leggur fyrir ráðsfund drög að frumvarpi til stjórnarskipunarlaganna á grundvelli áfangaskjals þegar undirbúningi þess er lokið, sbr. 14. gr. Frumvarpsdrögin skulu rædd við tvær umræður á ráðsfundum.

Fyrri umræðu skal skipt eftir efnisþáttum frumvarpsdraganna og mæla fulltrúar nefnda fyrir þeim efnisþáttum sem nefnd þeirra hefur fjallað um, eða formaður Stjórnlagaráðs að öðrum kosti. Að lokinni fyrri umræðu skal frumvarpsdrögum ásamt breytingartillögum vísað til umfjöllunar í verkefnanefndum ráðsins. Síðari umræða fer eigi fram fyrr en tveimur sólarhringum eftir að álit og tillögur nefnda hafa verið birt á vef Stjórnlagaráðs. Við síðari umræðu skal ræða greinar frumvarpsins og breytingartillögur við þær. Við lok umræðu skal greiða atkvæði um hverja grein frumvarpsins og breytingartillögur þær sem fram hafa komið. Í frumvarpinu geta jafnframt verið valkostir um einstakar greinar eða kafla enda njóti valkostur stuðnings átta ráðsfulltrúa hið minnsta. Loks skal greiða atkvæði um frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum ef einhverjar eru. Óska má eftir nafnakalli við þessar atkvæðagreiðslur.

Nú, þetta er ítarleg grein og mikil þungamiðja í þessum starfsreglum. Stjórn ráðsins ákveður sem sagt hvenær undirbúningsferli lýkur og leggur þá fyrir ráðsfund drög að frumvarpi til fyrri umræðu. Fyrri umræðunni er skipt eftir efnisþáttum en þar er miðað við að breytingartillögum sem fram kunni að koma sé vísað til nefnda til umfjöllunar milli umræðna.

Í seinni umræðu er svo fjallað um hverja grein frumvarpsins fyrir sig og afgreiddar breytingartillögur. Það ber að hafa í huga að texti fyrri og seinni umræðu um frumvarp til stjórnarskipunarlaganna verður skrifaður upp og mun geta þjónað sem lögskýringargagn að vinnunni lokinni, verði frumvarpið að lögum. Ég vek athygli á því að í tillögunni er gert ráð fyrir að minnihluti, þ.e.a.s. átta ráðsfulltrúar geti með stuðningi sínum orðið til þess að í frumvarpinu verði settur fram valkostur um einstakar greinar eða kafla sem yrði þá eftir

atvikum borin undir þjóð eða þing og þar með ákveðið hvort að valkosturinn skuli koma í stað meginákvæðis greinar eða kafla.

Þá komum við að 16. grein: Frumvarp Stjórnlagaráðs til Alþingis:

Þá er frumvarp til stjórnarskipunarlaganna hefur verið samþykkt við tvær umræður á ráðsfundi afhendir Stjórnlagaráð þáð Alþingi til meðferðar. Frumvarpinu fylgir tillaga ráðsins um málsmeðferð í samræmi við álit allsherjarnefndar Alþingis við meðferð þingsályktunar um skipun Stjórnlagaráðs.

Og með málsmeðferð er hér til dæmis átt við að frumvarpið yrði lagt fyrir þjóðina í ráðgefandi þjóðar-atkvæðagreiðslu, hugsanlega með valkostum áður en að Alþingi tekur það til efnislegrar umfjöllunar.

Þá kemur hér að 4. kafla um starfsmenn ráðsins. Þá er lokið kaflanum um hið eiginlega verkefni Stjórnlagaráðs sem slíkt. Þar er 17. grein um framkvæmdastjóra:

Framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs stjórnar skrifstofu, starfsmannahaldi og rekstri ráðsins og hefur umsjón með fjárreiðum og eignum þess í umboði formanns ráðsins. Hann er formanni, stjórn og ráðinu til aðstoðar í öllu er varðar rekstur ráðsins. Þá situr framkvæmdastjóri eða fulltrúi hans fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt, og ráðsfundi með áheyrnarrétt.

Framkvæmdastjóri skal ásamt formanni sjá um að samþykktir ráðsins séu skrásettar og rita formaður og framkvæmdastjóri undir þær. Framkvæmdastjóri skal jafnframt annast um að öll erindi og umsagnir sem ráðinu berast séu tryggilega varðveitt, svo og önnur gögn er varða starfsemi Stjórnlagaráðs og rekstur þess.

Nú, eins og fram kom í 3. grein starfsreglutilögunnar ber formaður ráðsins fjármálalega ábyrgð gagnvart undirbúningsnefndinni sem að var, sem hefur starfað samkvæmt lögum um Stjórnlagabing, þannig að það sé áréttáð.

Þá er 18. grein: Ritara:

Fyrir hverja verkefnanefnd og í umboði hennar starfar nefndarritari. Ritari er starfsmaður skrifstofu Stjórnlagaráðs.

Aðallögfræðingur Stjórnlagaráðs er ritari ráðsfunda og stjórnar. Hann samræmir störf ritara.

19. grein: Annað starfsfólk:

Starfsfólk Stjórnlagaráðs aðstoðar stjórn, nefndir, starfshópa og ráðsfulltrúa eftir þörfum í samræmi við starfslýsingu.

Þá er það 5. kafli: Önnur ákvæði. 20. grein: Varðveisla gagna:

Að loknu starfi Stjórnlagaráðs skulu rafræn gögn ráðsins, m.a. umræður, ráðsskjöl, erindi og umsagnir, varð veitt og vera aðgengileg á opinberum vef. Auk þess skal prenta út umræður og ráðsskjöl og binda inn í a.m.k. fjórum eintökum. Skal eitt eintak varðveitt hjá hverri eftirtalinna stofnana: Alþingi, Þjóðskjalasafni, Landsbókasafni og Amtsbókasafni á Akureyri. Hin útprentuðu eintök skulu merkt heitinu Stjórnlagaráðstíðindi. Skrifstofa Stjórnlagaráðs skal annast framkvæmd þessa.

21. grein: Tilurð starfsreglnanna og breytingar á þeim.

Reglur þessar eru settar samkvæmt þingsályktun Alþingis um skipun Stjórnlagaráðs frá 24. mars 2011. Komi fram tillaga á ráðsfundi um breytingar á reglunum skal slík tillaga rædd og afgreidd við eina umræðu á ráðsfundi sem sérstaklega er boðað til í því skyni.

Nú, þá hef ég lokið framsögu minni um tillögu starfsreglunefndar að starfsreglum Stjórnlagaráðs og legg tillöguna hér með fyrir ráðið til afgreiðslu fyrir hönd nefndarinnar. Takk.

SN

Þá opna ég fyrir umræður um reglurnar í heild sinni og ef einhver er með breytingartillögu óska ég eftir að viðkomandi fylgi henni úr hlaði og leggi hana fram skriflega. Ef breytingartillaga eða -tillögur berast, óska ég eftir því að við söfnum þeim saman og ljúkum almennum umræðum um reglurnar og tökum síðan breytingartillögurnar fyrir í þeirri röð greina sem þær eru við, gefum orðið laust um viðkomandi breytingartillögu og afgreiðum síðan og breytist þá viðkomandi grein, eða ekki. Að því loknu verður skjalið borið upp í heild sinni. Ef enginn mælir þessari aðferð mót, þá er orðið laust. Orðið er laust, ha? Gísli.

GT

Formaður, ágætu ráðsfulltrúar.

Fyrst langar mig að þakka formanni nefndarinnar fyrir gott samstarf og góða framsögu. Í framhjáhlaupi langar mig að vekja athygli á smávægilegu misræmi milli boðaðrar dagskrár og þeirrar dagskrár sem er birt á vefnum. Á vefnum segir að hér sé til umræðu starfsreglur en í boðaðri dagskrá er eins og kynnt var í upphafi fundar, að þær séu til umræðu og afgreiðslu og jafnframt annar dagskrárliður sem ekki kemur fram á vefnum, þ.e.a.s. skipan nefndar.

En þá að málefnum, starfsreglunum. Ég vil fyrst vekja athygli á því að ekkert var í nefndinni fjallað um hagsmunaskráningu eins og rétt hefur verið opinberlega um að ætti að vera hluti af umgjörð okkar, og geri ég ráð fyrir að stjórn, þegar hún er fullskipuð, taki afstöðu til þess.

En ég vil fjalla hérna um 15. grein reglnanna sem að ég lagði mikla áherslu á að yrði með þeim hætti sem að sátt varð um í nefndinni eftir miklar umræður og ég er ánægður, nokkuð ánægður með þessa niðurstöðu. Ég vil vekja athygli á því að reglum um málsmeðferð þarf að ljúka áður en efniságreiningur rís. Í 15. grein segir í 4. málslíð 3. málsgreinar, eins og formaður vakti sérstaklega athygli á, að átta ráðsfulltrúar hið minnsta, eigi rétt á því að leggja fram valkost, við þá meirihlutaálitið. Ástæðan fyrir því að ég lagði þetta til og þetta var niðurstaðan eftir miklar umræður er að sú meginregla gildir þegar félagslög eða stjórnskipan er sett eða henni breytt að þá er gjarnan áskilinn aukinn meirihluti, þannig að þetta er ígildi þess. Þetta er í rauninni ígildi áskilnaðar um 2/3 hluta meirihluta til þess að ná niðurstöðu þar sem er bara einn kostur í boði. Nú, tilgangurinn með þessu ákvæði er einnig sá að gæta þess að vinna okkar í heild, tillaga að frumvarpi til stjórnskipunarlaganna sem vonandi fer fyrir þjóðina og síðan Alþingi, að hún verði ekki felld af þjóðinni í þjóðaratkvæðagreiðslu vegna þess að einhver hluti þjóðarinnar er á móti tilteknum atriðum. Og ég vek athygli á því að það getur verið þannig að einn hluti þjóðarinnar getur verið mjög á móti einu atriði og annar hluti þjóðarinnar getur verið mjög á móti öðru atriði, þannig að tilgangurinn er ekki síst sá að vernda aðalafurð þessa mikilvæga starfs okkar. Í þriðja lagi er tilgangurinn augljóslega sá að vernda stóran minnihluta, 1/3 ráðsfulltrúa, fyrir því að geta komið fram með

valkost í stað þess að hann sé beittur ofríki af kannski naumum meirihluta.

Nú, í fjórða lagi vek ég sérstaklega athygli á því að þetta er í samræmi við það umbod sem að Alþingi hefur falið okkur, með þingsályktun, nýverið og vil þá vitna í, með leyfi formanns, álit allsherjarnefndar, meirihluta allsherjarnefndar frá 14. mars síðastliðnum.

Þingskjal 1028 frá 139. löggjafarþingi, þar sem segir að meirihlutinn itrekar þau sjónarmið þar sem þar koma fram, þ.e.a.s. í fyrra álitum þegar lög um Stjórnlagabing voru til umræðu og er það vilji meirihlutans að taka eins og hægt er tillit til hugmynda sem fram hafa komið um að eftir verði til kosningar um niðurstöður Stjórnlagaráðs áður en þær koma til kasta Alþingis. Er þess vænst að Stjórnlagaráðið geri tillögu um hvernig haga megi slíkri kosningu, samanber 6. tölulið, 2. málsgreinar tillögunnar. Nauðsynlegt er að skoða mjög vel hvernig best sé að útfæra slíka kosningu þannig að hún nýtist Alþingi sem best við áframhaldandi meðferð málsins. Þannig eiga menn ekki að gefa sér fyrirfram að bera eigi einn kost undir þjóðina, það er að hún yrði beðin um að hafna eða samþykkja tiltekna útfærslu stjórnskrárinnar. Æskilegt væri að finna leið sem gerði það kleyft að bera mismunandi kosti undir þjóðina, t.d. þannig að menn gætu sjálfstætt lýst afstöðu um einstök ákvæði nýrrar stjórnskrár eða eftir atvikum einstaka kafla hennar. Þannig fengi Alþingi mun gleggri upplýsingar um vilja þjóðarinnar um einstaka þætti í stjórnskránni en ef kjósendum yrði gert að samþykkja eða hafna öllu sem kæmi frá Stjórnlagaráðinu. Tilvitnun lýkur.

Þarna er meirihluti Allsherjarnefndar, rétt áður en okkur er falið þetta umbod, sem að Alþingi fer alla jafna með, að áréttu fyrri skilning Allsherjarnefndar allrar, frá fyrra ári, um að valkostir eigi að vera í boði og þjóðin eigi að, þjóðina megi gjarnan spyrja.

Í fimmta lagi vil ég vekja athygli á því að Stjórnlagaráð er ekki skipað mörgum fulltrúum landsbyggðarinnar og fleiri hópa mætti nefna sem að ekki eru kannski hér margir með fulltrúa, með marga fulltrúa og þess vegna er svona tillaga eins og er í 15. greininni til þess fallin að auka líkur á samræmi milli Stjórnlagaráðs og vilja þess og hugmynda þjóðarinnar um nýja stjórnskipun.

Í sjötta lagi vil ég vekja athygli á því að þetta er ekki tilraun til þess að skapa auðvelda útleið fyrir okkur, af því að við erum öll sammála eins og kom fram í aðfararorðum sem framsögumaður las, að leitast við að ná sameiginlegri niðurstöðu. Og það er auðvitað besti kostur að við verðum með eina tillögu í sem flestum atriðum og notum ekki þetta sem auðvelda útleið að skjóta málinu til þjóðarinnar.

Í sjöunda lagi vil ég vekja athygli á því að við erum með í höndum skýrslu, ítarlega skýrslu frá Stjórnlaganefnd, þar sem ákkurat þessi leið er farin. Þar sem að hugsanlega einhver áherslumunur í nefndinni varð til þess að lagðir voru til tveir kostir, tillaga A og tillaga B, þannig að fyrirmyndin er nærtæk.

Í áttunda lagi vil ég vekja athygli á því að slíka minnihlutavernd þarf ekki endilega að nýta. Hún er fyrst og fremst til þess að tryggja að ólík viðhorf heyrist og það sé tekið tillit til þeirra, og í neyð sé hægt að grípa til þess að valkostur sé borinn fram.

Nú þá vil ég vekja athygli á því, í níunda lagi, að í aðfararorðum er sérstaklega hnykk á því að við ætlum að reyna að ná fram sátt fremur en að beita afli at-

kvæða en það væri í nokkru ósamræmi við það ef að ekki væri tryggt að minnihluti, svona stór, kæmi sínum viðhorfum fram í beinni tillögu um valkost.

Í tíunda lagi vil ég vekja athygli á því að ef einhver svona tillaga nær ekki fram að ganga, þá er hættan á að hér skapist í lokin einhver ágreiningur sem verður til þess að minnihlutinn komi með sérálit, og þá þarf sérálitid væntanlega að lúta að allri stjórnarskránni. Og reyndir menn hafa bent starfsnefndinni á, á síðasta fundi hennar, að það væri rétt að til þess væri tekin afstaða áður en starfsreglurnar eru samþykktar endanlega, hvort að minnihlutaálit er eitthvað sem er heimilt. Og ég er ekki að rökstyðja það, að það eigi að vera niðurstaðan. Það væri mun afdrifaríkari og já, það væri tillaga sem að gengi lengra. Nú, ég vil nefna nokkur mál sem gætu komið til þess að slíkur valkostur yrði í boði. Það væri kannski trúmál, það væri kannski mál um fullveldisframsal, það væri kannski mál um kjördæmismál. Og hættan er sú, að ef einhver tiltekinn hluti þjóðarinnar hefur sterkar skoðanir, aðrar en meirihluti Stjórnlagaráðs í þessum málum, þá felli hann tillöguna í heild.

Nú í þrettánda lagi, vek ég aftur athygli á því að þetta er ígildi aukins meirihluta og í máli fræðimanns sem að talaði í Háskóla Íslands í gær, Jon Elster kom fram að suður-afríska stjórnarskráin hefði einmitt verið samþykkt með 60% auknum meirihluta. Þessi tillaga gerir í rauninni ráð fyrir ⅔, eða 67% ef svo má segja, og taldi hann ekki annmarka á því aðspurður, Jon Elster, ef að til væri gildandi stjórnarskrá til þess að nota ef að sá meirihluti næðist ekki. Og það er jú staðan í dag, við erum með gildandi stjórnarskrá, við erum bara að velta fyrir okkur breytingum á henni.

Nú, ég vil að lokum vekja athygli á því að þetta er málamiðlun í nefndinni, sem að varð til eftir miklar umræður og í síðasta lagi vil ég nefna það að okkur er falið mikilvægt hlutverk af Alþingi og ég tel að það gagnist mun betur fyrir þjóðina ef við þiggjum það eins og Alþingi og Allsherjarnefnd bjóða það og við þiggjum þann möguleika, þann möguleika að geta lagt fram valkost í afmörkuðum málum. Og vek athygli á því að fræðimaðurinn sem ég nefndi, Jon Elster, hann taldi skilyrði þess að hafa slíka málsmeðferð, að þetta væri afmarkað mál sem raskar ekki heildarsamhengi stjórnarskipunarinnar og þess vegna vil ég í sáttaskyni nefna þann möguleika að inn í 15. greinina bætist orðalag eitthvað á þá leið að slík tillaga þurfi að vera um afmarkað mál sem raski ekki samhengi annarra þátta stjórnarskipunarinnar. Og vona að þetta sé eitthvað sem að verði þá mikil sátt um í Stjórnlagaráði, að afmarka þetta bæði tölulega og efnislega, þannig að við föllum ekki í þá gryfju sem að fræðimaðurinn varaði við. Mér finnst það líka augljóst að við getum ekki haft valkost um forsetaræði til dæmis, eða þingræði, það er of mikið grundvallaratriði sem tengist of mörgum atriðum, en um afmörkuð mál eins og kjördæmamál eða kirkjumál, þá væri auðvelt að hafa það án þess að það raskaði heildarsamhenginu. Takk.

SN

Þorkell Helgason er næstur.

ÞH

Já, formaður og góðir meðfulltrúar. Það er ánægjulegt að taka til máls í þessari góðu samkomu sem ég

vonu að verði okkur öllum til mikils vegsauka og mál-efninu ekki síst. En ég vil taka undir þakkir til nefndarinnar, starfsreglunefndarinnar fyrir afburðagott starf og líka taka undir þakkir formanns hennar til starfs, eða félaga í fyrri nefnd, sem unnu mikið verk. Það er búið að eyða miklum tíma, eða verja miklum tíma skulum við heldur segja í þessarar starfsreglur. Mér telst til að fyrri nefndin hafi varið eitthvað á annaðhundrað klukkustundum samtals, og ég efa ekki að sú seinni hefur verið álíka, þannig að það er komið að minnsta kosti á annað hundrað klukkustundir og það er vel. Þess vegna ættum við náttúrlega að reyna að grauta ekki mikið í þessu. Og ég er í öllum meginatriðum mjög sáttur við þessa nýju tillögu og margt hefur batnað frá fyrri gerð.

En ástæða þess að ég tek til máls er þó aðeins efasemdir um tvö-þrjú atriði, niðurlag 5. greinar að náist ekki samkomulag um skipan manna í nefndir, þá skuli kasta hlutkesti. Þetta hljómar svolítið loðið en ég held að það verði bara að reyna á þetta og ef að það veldur einhverjum vandræðum þá er alltaf hægt að breyta reglum, og laga þær að aðstæðum.

Jafnframt spyr ég og það er nú kannski tittlingaskítur varðandi niðurlag 20. greinar um hvar eigi að varðveita þessi skjöl. Það kom til umræðu í fyrri nefndinni hvort að við hefðum í rauninni heimild til að kveða á um þetta, hvort það væri ekki annarra aðila. Meiningin er góð en ég spyr eiginlega bara lögfræðinga í hópnun, hvort að við höfum heimild til þess að segja öðrum fyrir verkum innan ..., á vissan hátt.

En aðalástæða, eða aðalathugasemd mín, snýst einmitt um það sem ráðsfulltrúi Gísli Tryggvason var að fjalla um, niðurlag 15. greinar, þennan rétt til þess að koma með valkosti. Ég hef, eða að minnsta kosti hafði, til þessarar stundar miklar efasemdir um þetta ákvæði. Gísli flutti mjög góð rök fyrir sínu máli og kom með málamiðlun sem að vera má að dugi. Ég vildi sjá hana útfærða áður en ég kannski tek endanlega afstöðu. En mig langar aðeins að reifa hérna nokkur íhugvarefni varðandi þessa málsgrein. Okkur er samkvæmt ályktun Alþingis ætlað að koma með eitt heilsteypt frumvarp. Ef það eru mismunandi valkostir í frumvarpstextanum sjálfum, þ.e.a.s. þar sé eiginlega þeim sem að tekur við frumvarpinu, þ.e.a.s. Alþingi, boðið upp á að velja á milli kosta, þá er ég hræddur um að við bjóðum þeirri hættu heim að Alþingi segi: Já, gott og vel, þetta er bara efnisplagg sem við tökum nú til meðferðar og breytum því að okkar vild. Ég held að þurfi að fá svar við því áður en við göngum frá þessu ákvæði sem þarna er verið að ræða um, hverjum er ætlað að velja á milli valkosta. Fylgir þetta þá beinlínis það skilyrði að það sé þjóðin sem geri það? Þá held ég að verði að segja það. Ég tel það, að vera með svona valkosti - minnihluta, kannski að einhverju leyti brjóta í bág við viljayfirlýsinguna sem er í aðfararorðunum, þó að Gísli hafi túlkað það með öðrum hætti. Það má ekki misskilja mig þannig að ég telji ekki koma til greina, nema síður sé, að í endanlegri gerð okkar frumvarps, verði boðið upp á valkosti. Þ.e.a.s. þar verði með berum orðum sagt, til dæmis um þjóðkirkjuákvæðið, að það skuli borið upp undir þjóðina, hvort eða með hvaða hætti þjóðkirkjufyrirkomulagið skuli vera áfram. Og alveg eins og Gísli benti á, sú niðurstaða raskar ekki öðru í plagginu.

Ég var eins og Gísli að hlusta á Jon Elster í Háskólanum í gær. Hljóðbærnin í salnum er nú reyndar afleit þannig að ég heyrði nú ekki allt. En það sem ég heyrði, líkaði mér. Hann var einmitt með varúðarorð sem Gísli var að nokkru leyti með áðan líka, þess efnis að svona mismunandi valkostir kynnu að stangast á, og vera í innbyrðis mótsögn eða mótsagnir við eitthvað annað, þannig að ég túlkaði nú hans svar frekar á þann veg að hann væri efins. Það sem ég er í rauninni aðallega að segja að, sko ef að minnihluti getur komið fram með þennan valkost og annar minnihluti með hinn, hver ætlnar þá að gæta samræmis í þessu áður en þetta er einhvern veginn lagt fram. Það er það sem ég hef fyrst og fremst áhyggjur af.

Mér hugnast því helst að við kippum þessu ákvæði út í svipinn, en þar með er ég ekki að segja að það megi ekki þegar við erum komin svolítið lengra og búin að átta okkur, til dæmis á þeim möguleika, sem við höfum til að bera einstök atriði undir þjóðina, í sjálfu ferlinu, og þar vek ég athygli á 3. málsgrein, 14. greinar, nákvæmlega um það atriði - að þá tókum við þetta aftur til umræðu og tókum það jafnvel upp á nýjan leik. En, ég er í sjálfu sér tilbúinn, eða var hér í morgun tilbúinn með breytingartillögu þar sem að þetta yrði fellt út, en ég vil ekki hefja mitt mál á því að vera með leiðindi, mikil - að minnsta kosti, þannig að ég vil heyra í öðrum áður en ég legg þessa tillögu fram. Takk fyrir.

SN

Þá talar næstur Ómar Þorfinnur Ragnarsson.

ÓÞR

Já, ég vil lýsa ... Já, ég er nú í fyrsta skipti að koma hérna megin. Ég vil lýsa yfir sérstakri ánægju með alla þá vinnu sem að hefur verið lögð fram, ekki bara af þessum frábæru nefndum eða hópum sem hafa unnið alveg frá því í byrjun janúar, heldur ekki síður bara af því starfi sem ráðsfólkið, við, höfum unnið með því að vera á mörgum fundum og með ítarlegum umræðum. Þetta hefur þjappað okkur saman og verið ómetanlegt.

Ég er nú með svona smá athugasemdir og er að leggja hér til breytingu á einni tölu. Þannig er að í 6. grein segir að taka megi mál á dagskrá ef þriðjungur atkvæðisbærra fulltrúa krefst þess með nægilegum fyrirvara. Segjum að það séu 25 á fundi. Til þess að fylla þennan þriðjung þarf 9, svo að ég held að við séum þarna komin niður á tölu sem er nú falleg, þrisvar þrjár eru nú og hinir eru þá 16 sem eru fjórir sinnum fjórir. Þetta er nú bara svona fyrir stærðfræðinginn Þorkel, kannski [hehe]. En þess vegna vil ég breyta þessari síðustu, eða næstsíðustu málsgrein 15. greinar úr 8 í 9. Það eru sem sagt 36%, minnihlutinn, en 32% í fyrra skiptinu og takið eftir að sá minnihluti er orðinn meiri en helmingurinn af meirihlutunum, 36 á móti 64, ef við erum 9 í staðinn fyrir 16.

Nú er það þannig að við erum með greinar í stjórnarskránni, sem við eigum að gera, sem hugsanlega þyrfti að bjóða upp á valkosti og það er aðallega þjóðkirkjan og svo kjördæmaskipunin og ég geri mér alveg grein fyrir því að það þyrfti jafnvel að bjóða upp á fleiri valkosti heldur en tvo í kjördæmaskipuninni. En ég er bara að hugsa um heildina, ef að verða margar greinar, sem að fræðilega séð geta verið með 3 valkosti, 8, 8 og 9. Segjum 9 fulltrúar með einn, 8 með annan, 8 með þriðja. Þá er þessi hættu á að við förum að gera þetta of flókið fyrir

þjóðina og eiginlega að gera þetta ruglingslegt. Þannig að ég myndi vilja hækka þessa tölu, en ég get tekið undir flest af því sem bæði Þorkell og Gísli hafa sagt.

Ég vek athygli á að í áfangaskjalinu, sem sagt hérna í 14. grein, geta hverju sinni verið valkostir um einstakar greinar eða kafla sem, enda njóti valkostur stuðnings fimmtungs ráðsfulltrúa hið minnsta. Þarna er sem sagt sett undir þann leka að minnihluti sé algerlega kaffærður, hann getur komið sínu máli á framfæri en þetta er bara allt annað mál og ég vil taka undir áhyggjur Þorkels. Ég vil benda bara á það að það er allt annað mál, þegar þetta er komið í þjóðar-atkvæðagreiðslu, valkostirnir. Þá fer að verða heldur meiri hasar, en kannski verða lokin þau að það verða bara tvö ákvæði sem að við viljum bjóða fram sem valkosti fyrir þjóðina í þjóðar-atkvæðagreiðslu, þ.e.a.s. þjóðkirkjan og kjördæmaskipan. Og þá náttúrulega horfir málið öðruvísi við heldur en ef að þetta eru mjög margar greinar, ég tala nú ekki um ef við förum að margfalda greinarnar með þremur mögulegum álitum í hverri grein. Svo ég legg til að það verði 9, annað er nú bara svona smámunasemi. Ég var í lagadeild á sínum tíma, þá var alltaf talað um stjórnskipunarlög en ekki stjórnarskipunarlög. Og Pétur hérna við hliðina á mér, sem er lögfræðingur, tekur nú undir þetta. Hvort það mætti taka þetta -ar út en þetta er nú bara tittlingaskítur, eins og sagt er.

En ég vil sem sagt leggja fram þessa breytingartillögu um 9, segi ég eins og Baldur Óskarsson sagði í lok dramatískrar atkvæðagreiðslu um borgarstjórn Reykjavíkur að morgni dags 1978. Þá voru allir gjör-samlega búnir og kemur upp talan 17, það munar 17 atkvæðum að borgarstjórnarmeirihlutinn haldi. Baldur Óskarsson hafði unnið alla nóttina án þess að segja eitt einasta orð, meðan að aðrir blöðruðu og blöðruðu og blöðruðu, allir starfsfélagar hans. Þegar að þeir loksins þögnuðu þarna, alveg úrvinda, þá fór hann aftur að hljóðnemanum og sagði með sinni sinni djúpu röddu: „Sautján er örlagatala“. Og, þannig að tölur eru dálítið skemmtilegar. Takk fyrir.

SN

Já, takk fyrir. Ég minni á að ef það eru formlegar breytingartillögur, að koma með þær skriflegar. En næst á mælendaskrá er Katrín Fjeldsted.

KF

Fundarstjóri. Við vorum nú að fá þetta plagg í hendurnar, starfsreglur Stjórnlagaráðs, og ég þakka fyrir góða yfirferð hjá þeim sem kynnti skjalið fyrir okkur og fagna því að þetta er að taka á sig nokkuð skýra og skilmerkilega mynd. Mér finnst hins vegar það mikið keppikefli að við náum saman um niðurstöðu þessa Stjórnlagaráðs að ég er kannski ekki eins upptekin af mögulegum niðurstöðum kosninga um einstök ákvæði. Ég held að við verðum að muna það, hvað það skiptir miklu máli fyrir okkur að skila frá okkur sameiginlegum niðurstöðum, þ.e.a.s. einu heilsteypu frumvarpi, sé það mögulegt. Ég vildi kveða mér hljóðs til að fagna líka þessu jafnréttisákvæði sem er í innganginum. Mér finnst það mjög vel orðað. Og í 2. grein, að með vali á formanni og varaformanni í nefnd og nefndum, sé líka hugað að því að jafna hlut kynja.

Og svo er ég með eina stutta breytingartillögu, það er nú mín sérvíska, að kannski við það að hafa lesið

Læknablaðið nokkuð oft, að þar ægir saman gjarnan nafnorðum og fyrsta nafnorðið gæti verið í nefnifalli og svo fylgja nokkur á eftir sem eru öll í eignarfalli. Og ég hnaut um slíkt hérna í 10. grein og mig langar til að bera fram breytingartillögu við þá setningu. Það er 2. málsliður og það segir þar: Stjórnin getur sett reglur um form og meðferð erinda og umsagna og tilhögun heimsókna gesta. Þarna eru átta nafnorð í einni lítilli setningu, og þarna undir lokin eru fjögur nafnorð í eignarfalli. Mig langar til að breyta þessari, altsvo niðurlagi síðustu setningarinnar, þar sem segir: Meðferð erinda og umsagna og tilhögun heimsókna gesta og fækka eignarföllunum og segja og meðferð erinda og umsókna svo og hvernig heimsóknum gesta verði háttað. Sé sett svona mannamál. Það var ekki fleira í bili. Takk.

SN

Næst á mæl ...

KF

Og tillagan er skrifleg.

SN

Takk. Næst á mælendaskrá er Þórhildur Þorleifs-dóttir.

ÞÞ

Já, góðan daginn. Ég ætla nú líka að byrja á því að þakka bæði Vilhjálmi fyrir hvernig hann fylgdi þessum reglum úr hlaði og jafnframt auðvitað þakka samstarfsmönnum mínum í fjórmenningahópnum og þeim sem að tóku við keflinu og báru það áfram og nú erum við komin að lokum og ég vona svo sannarlega að við getum afgreitt þetta í dag þannig að þetta verði frá. Svo bara að þurfi ekki að minnast á þessar reglur meir. En, þarna, ég ætla að segja að Þorkell Helgason sagði hér að hann héldi að það hefðu farið a.m.k. 100 klukkustundir í vinnuna hjá a.m.k. fyrri hópnum. Ég held að hann hafi ekki talið með þar eigin stundir, sem að hann lagði til, og þær hljóta að skipta nokkrum hundruðum, ef þær eru ekki taldar í þúsundum - ég veit ekki hvernig því er háttað en allavega, hann var vakinn og sofinn held ég, alla daga, að setja þetta í tölvutækt form og flytja einhverja kassa til og frá sem voru, og litaða, og maður horfði bara á þetta í forundran og átti fullt í fangi með að taka við þessu í tölvunni, hvað þá að útbúa það allt saman. Jæja, en, og ég þakka honum auðvitað alveg sérstaklega fyrir.

Ég vil í upphafi aðeins minnast á þennan aðdraganda, hérna, sem að, eða, svona yfirlýsingu sem er þarna í byrjun. Ég segi svo, eins og Katrín Fjeldsted, mér finnst ákaflega mikilvægt að við vöndum málfarið á stjórnarskránni, eða því frumvarpi sem við eigum að semja og það á að endurspeglast í öllu því sem við látum frá okkur. Og þetta finnst mér vera mjög óeðlileg uppsetning á íslensku: Við, fulltrúar í Stjórnlagaráði, af virðingu ... og svo kemur í lokin ... setjum ráðinu eftirfarandi. Fyrir utan að stundum er þetta pínulítið uppskrúfað. Þannig að ég legg nú til að þetta verði nú sett á eðlilegt og fallett mál og lúti íslenskum málvenjum og ekki erlendum. Og það, mér finnst ekkert þurfa að vera svo að bera það eitthvað upp, það á ekkert að þurfa að draga þetta á langinn, heldur bara svona sem, sem ... já, eitthvað sem fer til lagfæringar.

Ég geri helst athugasemd við þessa 15. grein, eins og aðrir hér. Ég hef ekki séð tillögu Þorkels, hún væntanlega kemur, en sjálf myndi ég kjósa að síðasta málsgreinin dytti út.

Ha? ... Nei, síðasta málsgrein. Síðari umræður. ... Það er síðasta málsgreinin, þessi grein er í þrem málsgreinum, þetta er síðasta málsgreinin, a.m.k. eins og það er sett upp á mínu blaði ... já, ég sagði það, já. Mér finnst að hún ætti bara að fara öll, vegna þess að þarna er komin strax í gang svona einhver forræðishyggja, og eitthvað, við getum séð einhver ferli fyrir, og bæði þessi fyrri partur - tveir sólarhringar og við síðari umræðu skal, og við lok umræðu og allt þetta. Þetta er svona mjög, þarna, já, það er svona mikil forræðishyggja í þessu öllu og eins og þarna sé komið að því að nú getum við ekki lengur haft hemil á okkur.

Og svo vil ég spyrja, vegna þessa um 8, 8 eða 9, ef þetta yrði inni, finnst mér nú 9 ólíkt betra heldur en 8, með þeim rökum sem að Ómar var hér með. En, mér finnst að það þurfi hver og einn að skoða hug sinn mjög vel í því, að þó að einhverjir kunni að hafa persónulegar óskir um að leggja fram einhverja valkosti, þá myndi ég vilji að hver og einn íhugaði í hvaða tilgangi. Er það stjórn því frumvarpi sem við munum leggja fram til hagsbóta, er það ..., eykur það möguleika kjósenda til þess að taka afstöðu eða flækir það málið. Við verðum að hafa í huga, finnst mér, fyrst og fremst hvað kemur því verki, sem við eigum að vinna best, en ekki hvað okkur kann að langa hvert og eitt að hangi á spýtni. Þannig að ég bið menn bara að íhuga vel, að vera ekki of bráður eða fyllast ekki of mikilli löngun til þess að alþjóð fái að vita þeirra persónulegu skoðun, jafnvel þó að hún kunni að vera eitthvað frábrugðin einhverjum svokölluðu meirihluta og spyrja um tilganginn og í upphafi skyldi endinn skoða. En, ég náttúrlega er, mér finnst óskaplega góð... , mér finnst þetta besta greinin í þessu öllu saman, það er náttúrlega 21. greinin, um að það sé hægt að breyta reglunum. Þannig að við þurfum svo sem ekki að óttast neitt í þessu sambandi.

Ég óska eftir því að við, mjög fljótlega tökum aðeins til umræðu líka starfsumhverfi okkar og -hætti. Mér finnst við pínulítið broslag, þar sem við sitjum svona, mér finnst svona eins og við þykjumst vera Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, og ... nema að það vantar bara, þið vitið, 42 raðir fyrir aftan okkur. Mér finnst þetta einhvern veginn, ég sé ykkur ekki, ég get ekki haft samband við ykkur, jafnvel þó ég sé búin að flytja mig hérna og nafnspjaldið mitt var flutt á eftir, svoleiðis að allir þekktu mig nú. En ýmislegt svona í starfsháttum og starfsumhverfi skiptir miklu máli vegna þess að t.d. fólk sem situr svona eins og við sitjum núna, það talar ekki saman. Það talar út í loftið. Og allt okkar starf á að byggjast á SAMræðu en ekki einhliða málflutningi. Og, eiginlega allt sem byrjar á sam- ætti að vera, sko, leiðarljós okkar og að svo mæltu held ég mér SAM-an. Takk.

SN

Ég minni á að fólki er líka velkomið að koma í pontu ef það er betra. En ætlaðu að leggja fram skriflega breytingartillögu þá við 15. grein?

ÞÞ

Ja, mér skilst að Þorkell sé með það, er það ekki?

ÞH
Ekki jafnróttæka og ...

Úr sal
Halló! Þorkell, hvað segirðu?

SN
Notiði míkrófóninn.

ÞH
Ég skal leggja fram þessa tillögu en, og dreg hana þá tilbaka ef hún fær ekki ... ef ég er einn á báti með hana. Ég vil endilega heyra í mönnum ef ...

SN
Já, það er málið ...

ÞH
Það er kannski gagnlegt að hafa hana fyrir framan sig, er það ekki?

SN
En næstur á mælendaskrá er Erlingur Sigurðsson.

ES
Já, formaður og góðir ráðsmenn og ráðskonur. Vegna orða Þórhildar hér síðast þá lít ég svo á að við beinum máli okkar til formanns, fundarstjóra og síðan ráðsmanna og ráðskvenna, sem eru hér komin til starfa. Ég vil segja það, að ég vil þakka nefndinni, sérstaklega þessari starfsreglunefnd fyrir ótrúlega gott starf og forvera hennar líka og þetta geri ég ekki síst af því að ég var búinn að gagnrýna þessa vinnu hér áður, en ég lýsi ánægju með niðurstöðuna.

Það eru nokkrir staðir sem ég hafði efasemdir um, um nógu skýrt orðalag, en eftir að Vilhjálmur flutti hér, og fylgdi þessu úr hlaði, þá lét ég mér nægja þær skýringar við lok 5. greinar og 7. greinar, sem mér þóttu vera svolítið óskýrt en með hans skýringum, þá held ég að þetta nægi. Vegna orða Katrínar um 10. grein, þá myndi ég biðja hana að gera athugasemdirna bara þannig að láta vera að stjórnin getur sett reglur um form og meðferð erinda og umsagna og heimsóknir gesta, bara að heimsóknir komi þar inn. Ég beini því til hennar hvort hún vilji ekki breyta tillögu sinni á þá veru, frekar en að vera að flytja aðra breytingartillögu.

Nú, um 15. greinina, þá er það spurningin um 8 eða 9 og með rökum Ómars, þá styð ég 9, til þess að ekki komi fram 3 minnihlutar, heldur að þeir verði aðeins 2, ef um slíkt verður að ræða. En ég vara jafnframt við því að við séum að setja of marga valkosti, sammála Katrínu um það að setja ekki of marga valkosti til þess að fara í atkvæðagreiðslu með þjóðinni, vegna þess að þá fer málið að snúast um þau atriði en ekki stjórnarskrána í heild. Þeim mun ... Og þó þau séu ekki nema tvö, þá verður það að snúast stöðugt um það.

14. greinin var hérna til umræðu líka. Það er ..., já ... það er misskilningur hjá mér að það hafi verið spurning um það. Það er búið að skýra það um tillögur um fundargerðirnar.

Og þá vil ég bara að lokum víkja aðeins að orðum Þórhildar hér um orðalagið. Mér sýnist þetta vera arfur, upphafsgreinarinnar, þetta vera arfur frá stjórnarskránni fyrstu sem við fengum 1874, hér af guðs náð konungur Danmerkur og Íslands, og svo framvegis.

Þetta er ekkert nema söguleg tilvísun og gaman að hafa þetta. Það tengir okkur við upprunann og svo ég víki þá aðeins að bara sögulegu atriði, Alþingi hið nýja orti Jónas Hallgrímsson: „Svo skal hinu unga Alþingi skipað, sem að sjálfir þeir sér munu kjósa“. Við erum að gera það hér og megi okkur farnast það vel. Takk fyrir.

SN
Takk. Þá næstur og síðastur á mælendaskrá er Eiríkur Bergmann Einarsson.

EBE
Já, ég vil eins og aðrir þakka fyrir þessa miklu vinnu sem að hér hefur verið gerð og starfsreglurnar eru prýðisgóðar, að mestu leyti. Það er þrennt sem að ég myndi vilja nefna, það er í fyrsta lagi að taka undir með Þorkatli og Þórhildi um 15. greinina og nú veit ég ekki hvernig gengur með tillögu, breytingartillögugerð hjá þeim, en ég er t.d. búinn að skrifa hérna hjá mér að þriðja, þá breytingartillögu, að þriðja síðasta setningin falli út í 15. greininni sem er sem sé: Í frumvarpinu geta jafnframt verið valkostir sem einstakar greinar eða kaflar, enda njóti valkostir stuðnings átta ráðsfulltrúa hið minnsta. Það er sem sé ekki alveg jafn dramatísk tillaga og hjá Þórhildi, en mér er eiginlega sama hvor þeirra yrði farin og þá til þrautavara tillaga Ómars.

Nú, ég vil líka nefna þetta sem lýtur að stjórn Stjórnlagaráðs, eða verkstjórn Stjórnlagaráðs. Það getur verið að ég sé hér að ræða tittlingaskít en orð skipta líka máli og það getur verið töluverður munur á því hvort að lítið er á stjórn sem svona verkstýrandi aðila eða sem yfirvald. Og mér finnst ástæða til þess að hnykkja á því að hér séu allir fulltrúar jafn settir og að stjórn Stjórnlagaráðs sé verkstjórn en ekki yfirvald, og legg því til og hef skrifað hjá mér: Þá breytingartillaga að orðalagi að stjórn Stjórnlagaráðs verði breytt í verkstjórn Stjórnlagaráðs, alls staðar þar sem að það á við, það er m.a. í 3. greininni og víðar.

Svo þriðja atriðið sem ég ætlaði bara að nefna lauslega en hef ekki neina svo sem kannski beina tillögugerð um það, en það er mjög gott auðvitað að vera með þetta jafnréttisákvæði varðandi kynin og allt það, en ef það á að skipta jafnt milli kynja þá þýðir það auðvitað það á mannamáli að það eru sumir ráðsfulltrúar sem hafa minni möguleika, heldur en aðrir, á því að veljast til formennsku og varaformennsku í nefndum. Það er ekki jafnt kynjahlutfall í ráðinu. Og mér þætti í rauninni líka allt í lagi að auka kannski svona þetta jafnréttisákvæði og bæta inn ákvæði hvað varðar bæði aldur og búsetu, því að það hallar líka á landsbyggðina og það er sjálfsagt að það sé inni. Og mér finnst eðlilegt að það sé varðandi, að það sé aldursákvæði líka, þannig að yngra fólk hafi jafna möguleika og eldri, og get svo sem sett fram breytingartillögu þar sem að jafnréttis kynja, aldurs og búsetu er gætt í hvívetna, og ætli ég geri það ekki bara hérna hér og nú. Og þar með er ég búinn að tryggja það að ég sjálfur geti ekki verið í neinni slíkri nefnd, sem er kannski ágætt. Þannig að þetta eru þá þrjár breytingartillögur í það heila.

SN
Takk. Það hefur bæst á mælendaskrána, Lýður Árnason, næstur.

LÁ

Heyrist ekki? Jú. ... Heyrðu, ég ætla bara að gera það sama, þakka kærlega störf þessa ... hvað heitir þetta, Stjórnlaganefndareglugerðardæmi? En ég ætla bara að koma mér beint að efninu, varðandi þessa fimm-tándu grein, að ég myndi gjarnan vilja bara vera með flutningsmaður á breytingartillögunni hjá þér Þorkell. Ég tel að við eigum að fella þessa 3. málsgrein, þarna niður, í síðustu greinarskilunum, varðandi þennan minnihlutastuðning, þarna með að: Í frumvarpinu geta jafnframt verið valkostir ef einstaka greinar eða kaflar hennar njóta stuðnings átta ráðsfulltrúa hið minnsta. Ég myndi mæla með að við myndum fella þetta út og væri allveg tilbúinn að vera með þér í þeirri breytingartillögu, Þorkell. Og ástæðan er sú að okkar verkefni er eiginlega fullklárað, finnst mér. Og ef við höfum of marga valkosti þá flækið þið málið bara verulega. Við erum búin að sjá hérna 40 ára sögu Alþingis vera svona mikið ... í einhverjum smáskömmtum. Og svo fáum við ágæta skýrslu núna frá stjórnlaganefnd, og hún kemur líka með tvo valkosti. Og ég held að það sé okkar hlutverk að fullklára verkið. Ef við ætlum að fara að enda með mjög mörgum valkostum, og ég tala nú ekki um ef þetta fer út í þingið, þá munu þeir leira þetta til og frá og þetta jafnvel fjara út. Og ég held það líka að í framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu með mörgum valkostum, það er líka eitthvað dæmi sem fjarar út. Þannig að ég mæli eindregið með því að við reynum frekar að fara eftir þessum aðfararorðum, að reyna að komast að samkomulagi og í sem flestum tilvikum að reyna ekki á afl atkvæða.

Og ég vil líka áréttta það að það er betra, held ég, að fólkið hérna fyrir utan komi að þessu dæmi í ferlinu sjálfu. Reyna frekar að fá tillögur þá, og skoðanir, en þegar við ljúkum pakkanum, þá held ég að það sé mikið sterkara að vera með eitt plagg. Þannig að, þú heyrir þetta, Þorkell. Takk fyrir mig.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson er næstur á mælendaskrá.

VP

Já, það er búið að nefna hérna nokkur atriði sem mig langaði aðeins að minnast þá á. Það er í fyrsta lagi í aðfararorðunum, þar sem við tölum um í anda uppbyggilegs og jákvæðs samstarfs, þar sem jafnréttis kynja er gætt í hvívetna. Það voru uppi þau sjónarmið í nefndinni að þarna ætti að standa bara einfaldlega, þar sem jafnréttis er gætt í hvívetna, og það innifæli þá jafnrétti kynja. Hins vegar varð það sjónarmið ofan á að jafnrétti kynja væri í raun og veru það mikilvægt að það yrði að taka það fram sérstaklega, og það er ástæðan fyrir því að þetta er orðað svona. Nú, það kom fram hérna hjá Gísla, ef ég man rétt, álitafni um einhvers konar minnihlutaálit, með frumvarpi okkar til Alþingis. Þar held ég að um sé að ræða einhvers konar hugsun með einhverri hliðstæðu í nefndarstarfi Alþingis, þar sem að nefndir skila af sér, hugsanlega með meirihluta og minnihluta og álitum hvors fyrir sig. Ég hef ekki skilið það þannig að við ættum að vinna þannig, við séum að líta á okkur sem eiginlega eins og nefnd Alþingis, heldur skilum við af okkur einu frumvarpi til stjórnarskipunarlaga, eins og það heitir. Og auðvitað munu samt ráðsfulltrúar gera grein fyrir sínum sjónarmiðum í umræðum, og munu bæði við

fyrri og seinni umræðu, þar sem að frumvarpið er tekið til afgreiðslu í ráðinu, geta komið sínum sjónarmiðum ítarlega á framfæri. Og það verður allt skrifað upp og verður hluti af gögnum ráðsins. Þannig að, allavega minn skilningur er sá að það mun ekki fylgja þessu frumvarpi eiginleg minnihlutaálit sem slík, ekki eins og menn þekkja frá Alþingi.

Svo varðandi það sem að Þórhildur talaði um í sambandi við 2., nei, bíddu nú við, það er nú eiginlega þá 3. málsgrein 15. greinar um umræðurnar. Ef ég skil hana rétt þá fannst henni þetta svolítið mikill formalismi. Og það er auðvitað allveg rétt, þarna er tiltölulega, svona smámyglislega lýst hvernig skuli fara með mál í þessari fyrri og seinni umræðu. Og það er, ég hef mikla samúð með hennar sjónarmiði um að hlutirnir megí í raun og veru vera dálítið svona lífrænni í forminu, almennt, heldur en þarna er kannski farið út í. En við verðum samt að hafa í huga það sem ég nefndi í framsögunni að þarna á þessu stigi máls, að þá erum við farin að tala um lögskýringargögn, sem að verða eflaust notuð í framtíðinni. Hvernig við tókum á hinum ýmsu breytingartillögum, hvaða rökstuðningur kom fram og það er þá, verður þá í gögnum ráðsins, sko, að það hafi verið tekin afstaða til tiltekinnna deiluefna eða álitafna, og þau afgreidd með tilteknum hætti og tilteknum rökstuðningi. Og það verður eflaust vísað til þess í framtíðinni. Þess vegna þarf að vera ákveðin formlegheit í þessu lokaferli okkar. En fram að því og á undirbúningsferlistímanum, þar erum við aftur á móti kannski aðeins lausari í reipunum og organískari eins og ég segi, og ég held að hugmyndin sé nú kannski sú að meginhluti vinnunnar fari fram á þessu undirbúningsstigi og þessi fyrri og seinni umræða um endanlegt frumvarp er svo, svona afgreiðslan í lokin.

Svo bara rétt til að klára þetta. Það var minnst hérna á í sambandi við íslenskuna að þetta orð stjórnarskipunarlög, mér skilst, og það er búið að fara, nota bene, yfir þennan texta okkar, bæði af lögfræðingum og íslenskufólki ráðsins. Og mér skilst að þetta sé hið formlega heiti á þessu svona samkvæmt, svona offisielt og ég víðarkenni að þetta kom mér sjálfum á óvart. Ég hefði persónulega notað orðið stjórnarskipunarlög, en svoleiðis er nú það. Ég þakka fyrir mig.

SN

Næstur á mælendaskrá er Gísli Tryggvason.

GT

Formaður, góðir félagar. Ég þakka málefnalegar umræður. Fyrst að því smáatriði sem að nokkrir hafa nefnt, stjórnarskipunarlög. Það er það sem að frumvarp til stjórnarskipunarlaga heitir samkvæmt stjórnarskránni. Og þess vegna hafa lögfræðingar og málfræðingar sem stýra Alþingi allavega, notast við þetta heiti. Þannig að þetta er hið formlega og forna orð. Nú, þá aðeins um það sem að hefur beinst gagnvart minni, hvað á að segja, vörn fyrir þetta minnihlutaákvæði. Ég minni á það sem ég las í heild, að ef að við höldum ekki þeim möguleika núna, að hafa valkosti í lokin, þá erum við í rauninni ekki að uppfylla það sem að Allsherjarnefnd Alþingis er að fela okkur. Hún leggur sérstaka áherslu á að það eigi að skoða það. Og telur það æskilegt. Þannig að ég tel þetta felast í því umbóði sem Alþingi hefur falið okkur, að þetta sé möguleiki. En ég

er ekki að fullyrða að þetta verði nýtt. Og vegna orða Lýðs um að það sé ekki gott að mjög margir valkostir verði, að þá hefur enginn, hvorki ég né aðrir, haldið því fram að þetta eigi að vera mjög margir valkostir, aðeins um eitt, tvö, í mesta lagi þrjú atriði, tel ég. Og með tillögu sem að Ómar Ragnarsson ætlar að flytja með mér, legg ég til að þetta verði tryggt. Þannig að hér ætla ég að kynna breytingartillögu frá mér og Ómari Ragnarsyni sem að hljóðar svo: Talan 8 í 4. málslið, breytist í 9. Og við málsliðin bætist: Og um sé að ræða afmarkað mál, sem raskar ekki samhengi annarra þátta stjórnskipunar.

Nú, vegna spurningar Þórhildar um hver sé tilgangurinn með þessu, að þá er aðaltilgangurinn sá að vernda heildarniðurstöðuna. Ef að við skilum góðri vinnu, eins og við vonum og viljum, að þá er hætta á því að eitt atriði sem okkur missýnist um, miðað við vilja þjóðarinnar, eða tvö, saman felli allt plaggið. Þ.e.a.s. ef að okkur mörgum verður að þeirri ósk að þetta verði borið undir þjóðina.

Og ég legg aftur áherslu á það sem að, vegna orða Þórhildar og Þorkels, um að það megi skoða þetta seinna. Það er voðalega erfitt að setja málsmeðferðarreglur eftir að leikurinn er hafinn. Þess vegna höfum við nú eytt, eða notað, eins og fram er komið, jafn margar vikur í rauninni í að undirbúa þetta.

Nú vegna orða Vilhjálms hérna áðan um að það sé hans skilningur að hér sé ekki stefnt að minnihlutaáliti, að þá er það einmitt minn skilningur líka. Þessi spurning kom hins vegar fram, eiginlega rafrænt, inn á fundinn í gær, hvort að þessi möguleiki væri. Með þessari valkostareglu, er verið að bjóða upp á svona minniháttar minnihlutaálit. Í staðinn fyrir að það sé heilt minnihlutaálit um heila stjórnarskrá, þá erum við bara að tala um minnihlutaálit um í minnsta lagi þá 9, ef að þetta verður samþykkt, um tiltekin afmörkuð atriði. Og ég held að í því felist mjög góð málamiðlun. Ég ætla að færa formanni þessa tillögu skriflega. Takk.

SN

Næst á mælendaskrá er Silja Bára Ómarsdóttir.

SBÓ

Fundarstjóri, góðir ráðsfulltrúar og ágætu félagar. Mig langar aðeins að bregðast við hugmynd Eiríks Bergmanns um að fjölga þarna ákvæðum um hvaða hópa, jafnrétti hvaða hópa skuli gæta. Það er sérstaklega skemmtilegt að hann nefnir þarna tvo hópa sem hvorugur eru skilgreindur í 65. grein núverandi stjórnarskrár, sem hópar sem að verja skuli sérstaklega, þ.e.a.s. aldur og búseta. Við erum strax komin inn í efnisákvæði. En mig langar eiginlega að leggja til þá, ef þetta á ekki að vera eingöngu jafnrétti kynjanna sem að tekið er fram að það sé þá jafnrétti kynja og þjóðfélagshópa, vegna þess að það eru mun fleiri hópar sem að við gætum þá þurft að hafa í huga, þegar að við skipum í nefndir og starfshópa. Að öðru leyti langar mig að þakka Vilhjálmi fyrir hans aðkomu og kynningu, að þessu verki og Þorkatli líka sérstaklega sem að hefur sennilega varið hvað mestum tíma í að vinna þessar reglur, sem ég held að séu að verða alveg ágætær þó auðvitað séu einhver atriði hérna sem að við eigum eftir að útkljá. Takk fyrir.

SN

Og þá talar Guðmundur Gunnarsson.

GG

Já, ég þakka fyrir góða vinnu, og mér list að mörgu leyti mjög vel á þetta sem að fram hefur komið.

En það er eitt sem að fer oft, ansi oft í taugarnar á manni, þegar maður starfar í samfélagslegri umræðu eins og ég geri og búinn að gera í nokkur ár og það er þegar að klisjur ákveða að gera sjálfar sig að einhverjum rökum, sko án þess að baki þeirra liggi í rauninni nein rök. Og það er hérna þetta að sko, ef maður sé búsettur í Reykjavík þá sé hann á móti landsbyggðinni, eins og er verið að segja hérna í annarri hverri ræðu. Og það er náttúrulega alveg klárt mál að það eru margir sem flytja af landinu til höfuðborgarinnar til þess einmitt að vera í betri baráttustöðu fyrir landsbyggðina. Og mér finnst í sjálfu sér alveg ástæðulaust að vera að skipta þessum hóp hér í tvær fylkingar, annar sem er svo ósvífinn að hafa flutt sig til Reykjavíkur og búa þar og svo hinn hópurinn. Og þessi hópur sem að gerðist svona ósvífinn að vera hérna á höfuðborgarsvæðinu, að hann sé að reyna, sem sagt, að beita hina einhverju ofbeldi. Nú er það svoleiðis að við mörg hver hérna við borðið, og ég leyfi mér að fullyrða það að mörg hver hér við borðið, jafnvel þó að við búum á höfuðborgarsvæðinu, að þá höfum við einmitt starfa af því allan sólarhringinn að koma á framfæri sjónarmiðum landsbyggðarmanna. Og ég ætla ekkert að telja þá upp hérna, en ég leyfi mér að fullyrða að kannski allt upp undir helmingur af þeim sem sitja hérna við þetta borð, þeir hafa á einn eða annan hátt sinn starfa einmitt af því að koma á framfæri sjónarmiðum fólks sem býr úti á landi, og berjast fyrir þeim. Þess vegna er ég að biðjast undan því að menn séu að nota þetta mikið í ræðum hérna, að það séu tveir hópar hér inni og annar sé svona, að beita hinn ofbeldi. En ég get alveg tekið undir svo aftur þessar þælingar í kringum 15. greinina og byggi þar m.a. á þessu félagslega starfi sem ég hef verið mikið í. Það þarf helst að koma málum þannig fyrir að, og er heppilegast fyrir lokaniðurstöðu að nánast að þvinga fram, sem sagt, einhverja sameiginlega niðurstöðu. Það er, svona sumir kalla það svo og það er svo sem ýmislegt til í því að segja það að ekkert lýðræði er gott nema að sé stjórnað svona, hæfilega vel. Og við verðum einfaldlega að horfast í augu við þá staðreynd og þess vegna langar mig til þess að sjá þessa tillögu Þorkels allaveganna áður en ég tek afstöðu til hennar. Takk fyrir mig.

SN

Takk. Næstur á mælendaskrá er Þorkell Helgason.

ÞH

Formaður og góðir meðfulltrúar. Ég vil fyrst biðjast afsökunar á að hafa verið með frammikall áðan, það var undir ræðu Þórhildar en hún beindi spurningu til mín og ég var einum of spontant og þreif í míkrófóninn. Ég skal reyna að passa mig framvegis. Svo vil ég nú þakka allt hrósið sem ég hef fengið, ég er nú ekki alveg það ofurmenni sem Þórhildur heldur, að ég geti fjölgað klukkustundunum í mánuðinum, en þakka samt.

Ég tek aðallega til máls til að skýra frá því að við höfum sameinast um það Eiríkur og Lýður að þessi breytingartillaga sem ég svona, var hikandi við að

leggja fram, að hún er lögð fram í nafni okkar þriggja. Það fylgir henni skrifleg greinargerð sem þeir hafa ekki fengið tækifæri til að gera athugasemdir við. Hún er þá bara á mínu nafni, en ég er heldur ekki alveg klár á því hvernig reglurnar eru, hvort að slíkt verður birt mönnum eða hvað verður gert með það. Ég tek svona á einu og öðru sem ég hef hnotið um. Ég var búinn að skrifa hjá mér hérna orðalagið stjórnskipunarlag eða stjórnarskipunarlag. Ég gerði sérstaka rannsókn á þessu í fyrri nefndinni. Stjórnarskráin sjálf er ekki sjálfri sér samkvæm í þessu, það kemur hvort tveggja fyrir í henni. Í þingsályktuninni er notað stjórnarskipunarlag, okkur ber því að flytja frumvarp um stjórnarskipunarlag, og sama mæla þingsköp Alþingis fyrir um um, að þegar menn vilja breyta stjórnarskrá, þá leggja þeir fram frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Þetta er vissulega óþjálnt en þetta mun nú, þrátt fyrir undantekningu í stjórnarskránni, vera svona meginreglan. Varðandi málamiðlunartillögu Gísla og Ómars, þá langar mig til að biðja Gísla að lesa hana aftur upp, af því að ég held að niðurlagið hafi eitthvað ... Fundarstjóri, má ég biðja hann að leyfa mér að heyra orðalagið?

SN

Já, það er heimilt, bara að lesa.

GT

Já takk. Tillagan er sem sagt, það sem að Ómar nefndi í sinni ræðu, að 8 breytist í 9, þeim rökstuðningi. Og síðan við 4. málslíð, 3. málsgreinar, 15. greinar bætist orðin, og um sé að ræða afmarkað mál sem raskar ekki samhengi annarra þátta stjórnskipunar. Takk. Þannig að öll tillagan mundi hljóma svona, málslíðurinn svo breyttur, ef að þetta yrði samþykkt: Í frumvarpinu geta jafnframt verið valkostir um einstakar greinar eða kafla enda njóti valkostur stuðnings 9 ráðsfulltrúa hið minnsta og um sé að ræða afmarkað mál sem raskar ekki samhengi annarra þátta stjórnskipunar. Takk.

ÞH

Fyrirgefðu. Má ég þá aðeins botna?

Á þetta ekki að vera: raskar öðrum atriðum frumvarp til stjórnarskipunarlaga, eða áttu bara við að megi ekki vera í bág við eitthvað sem er þarna um forsetann og eitthvað slíkt? Er ekki verið að tala um það að þetta raski ekki öðrum, sé ekki í mótsögn við önnur atriði stjórnarskipunarfrumvarpsins. Nú, en ég get stutt þessa tillögu sem, til vara en stend samt við tillögu okkar þremmenninga. Verði hún felld, þá sætti ég mig við þetta, ef að menn greiða því atkvæði. Að lokum vegna þarfra ummæla frá Guðmundi, ég vil taka fram að ég er fæddur í Vestmannaeyjum, foreldrar mínir eru báðir utan af landi. Takk fyrir

SN

Nú eru tveir á mælendaskrá, og við tökum svo fyrir breytingartillögurnar á eftir. Þannig að þá verður umræða um þær. En næst er Þórhildur Þorleifsdóttir.

ÞÞ

Já, takk fyrir. Ég held að ég verði nú bara snögg og dragi tillöguna tilbaka. Það er engin ástæða til þess að vera að eyða tíma í eitthvað sem að enginn er sammála

nema ég. Og ég fer formlega fram á það að fá að vera á tillögu Þorkels, Eiríks og Lýðs. Svo að það sé nú ein kvenmannslufsa þarna með kynjafulltrúa ... Þið vitið, í huga.

Það breytir því ekki að ég hef efasemdir um svona ógurlega mikla formfestu, en það mun ég alltaf hafa, og bara sit uppi með það. Það er líklega bara einhver genagalli. Ég hef líka fulla samúð með rökum Vilhjálms, að auðvitað þegar dregur að lokum, þá þurfum við auðvitað að setja þetta í svona form til þess að sigla fleyinu í höfn. Þannig að, eins og ég segi, ég geri ekki fleiri athugasemdir við þessa 15. grein en fæ að biðja um að fá að vera á tillögunni. Mig langar aðeins til þess að, í sambandi við þetta, sko jafnréttisákvæði þarna. Sko, þá er það nú svo, því miður, að víða er verið að reyna að setja inn einhver ákvæði eða kvóta um jafnrétti kynja. Það er bara af illri nauðsyn. Mjög illri. Og það hefur sýnt sig á mörgum sviðum samfélagsins að það hefur ekkert dugað, nema kvótar. Ég held að fólk sé jafnvel opnara fyrir, eða fólk, þið skiptið máli sjálf í huganum, sé opnara fyrir sko, ýmsum öðrum hópum heldur en, og finni sterkar til jafnréttiskennar fyrir ýmsum öðrum hópum en konum. En þær náttúrulega njóta þessarar sérstöðu að vera helmingur samfélagsins og mannkynsins alls, og þess vegna hvað mest þörfin á að uppfylla, þær séu, hvað heitir þetta aftur, representeraðar, hvað heitir það á íslensku. ... Já, í svona skikkanlegu hlutfalli. Best væri að þyrfti ekki að setja neitt um þetta en, eins og ég segi, það hefur því miður, reynsla undanfarinna ára og áratuga hefur sýnt að það dugir ekkert minna. Og við skulum vona að þið munuð smám saman fækka þeim sérstöku tilmælum um kynjakvóta sem við þurfum að hafa alls staðar.

Ég vil samt, og einmitt í ljósi þessa taka undir orð Guðmundar, um að vera ekki að skipa okkur of mikið, draga okkur of mikið í dilka, nóg er nú af slíku. Og svo að maður fari bara hérna í yfirlýsingarnar, ég er t.d. fædd á Ísafirði, svoleiðis að ... En mér finnst stundum liggja einhvern veginn í þessu að við séum eins og Guðmundur sagði, öll á móti landsbyggðinni. Það er þá ekkert ..., ef að það fer að verða eitthvað vandamál þá er það eitt af því sem bara hægt er að kippa í lag, með því að setja einhverjar smá reglur, en við ættum auðvitað ..., best væri að við þyrftum ekki að hafa nein ákvæði, vegna þess að það væri okkur öllum svo eðlilegt að uppfylla bara sem flest skilyrði um jafnrétti af ýmsu tagi. En ég bara ætla að lýsa ánægju minni yfir því að nú séu þessar starfsreglur um það bil að komast í höfn og hlakka til hins raunverulega starfs sem þá tekur við. Takk.

SN

Næstur á mælendaskrá, Eiríkur Bergmann Einarsson.

EBE

Já, takk. Örstutt bara. Ég er ekki að gera neina athugasemd við þetta kynjaákvæði og ég ætla bara að breyta minni tillögu til samræmis við það sem að Silja Bára lagði hér til, að það verði þá ekki talað um jafnréttis kynja, aldurs og búsetu, heldur jafnréttis kynja og annarra þjóðfélagshópa. Og ef þið viljið fá það skriflegt að þá hef ég skrifað það hérna niður ef einhver vill fá það, en þetta á nú ekki að vera flókið að koma því að.

Já, og svo staðfesti ég bara það ég dreg tilbaka mína tillögu um 15. greinina og er sem sagt með Þorkeli og Lýð og Þórhildi á þeirri tillögu.

SN
Þá er næst Arnfríður Guðmundsdóttir.

AG
Já, takk fyrir það. Ég vil bara eins og svo margir hér áður þakka fyrir það góða starf sem að hefur verið unnið í þessum reglum og ég held að við séum bara á mjög góðri leið með að samþykkja reglur sem að munu nýtast okkur vel og við höfum þá þetta ákvæði, að það sé hægt að breyta og bæta ef að það kemur í ljós að við þurfum að gera það, þó að það sé að sjálfsgöðu best að þetta sé hvað skýrast áður en að við hefjum störf. Mig langar bara að gefnu tilefni að taka undir þetta með jafnrétti kynjanna, að það er að sjálfsgöðu þarna inni vegna brýnnar nauðsynjar. Og það er nú þannig, að þegar að jafnréttishugtakið hefur verið útvíkkað og farið að telja upp fullt af hópum, að þá vill jafnrétti kynjanna oft verða útundan. Það er, eins og Þórhildur benti svo réttilega á, að jafnrétti kynjanna skarast á við, í alla hópa vegna þess einfaldlega að konur eru helmingur mannkyns. Þannig að við þurfum virkilega á þessu að halda þó að við þurfum vissulega á því að halda að gæta jafnréttis á öðrum vettvangi líka. Þetta með dreifbýlið og höfuðborgarsvæðið, það er mér mjög hugleikið, vegna þess að sjálf er ég fædd og uppalin úti á landi og ég er mjög skeptísk, sem sagt, varðandi þetta sem við höfum orðið mjög vör við og jafnvel inni á hinu háa Alþingi, að það er verið að reyna að setja fleyg á milli þessara tveggja hópa sem gjarnan er litið svo á að við séum tveir hópar sem búum í þessu landi. Við þurfum á því að halda að vinna gegn þessum hugsunarhætti og hér, að sjálfsgöðu, erum við mjög mörg sem að lítum þannig á okkur sjálf að við séum, sem sagt, þó að við búum hérna á þessu svæði, á höfuðborgarsvæðinu, að þá erum við landsbyggðarfólk í eðli okkar. En auðvitað erum við fyrst og fremst Íslendingar og það er það sem að við þurfum að halda til haga í þessu samhengi, að við erum einn hópur og við þurfum ekki á því að halda að það sé verið að, alltaf að hamma á því að við séum einhverjir tveir eða fleiri hópar sem að byggjum þetta land. Takk.

SN
Takk, Katrín Fjeldsted. Svo gerum við stutt hlé eftir að mælendaskrá hefur verið tæmd, áður en við förum í að afgreiða breytingartillögur.

KF
Já, fundarstjóri. Ég er nú reyndar fædd í Reykjavík og Reykvíkingur í 6. lið svo að ég er kannski einn af fáum fulltrúum Reykvíkinga hérna í þessum hópi. Örstutt varðandi tillöguna mína sem ég lagði fram áðan og breytingartillögu við 10. grein. Erlingur kom með einfaldari lausn sem mér hugnaðist ágætlega, en ég er með ennþá einfaldari lausn sem er að 2. málsliður, í staðinn fyrir að þar segir: Stjórnin getur sett reglur um form og meðferð erinda og umsagna og tilhögun heimsóknna gesta. Punktur. 8 nafnorð, 4 í eignarfalli. Að það sé bara þess í stað sett: Stjórnin getur sett reglur um þessi atriði. Punktur. Og ég hef afhent þetta skriflega og dreg fyrri tillöguna mína tilbaka.

SN
Takk. Freyja Haraldsdóttir.

FH
Já, ég ætla nú að byrja á því líka eins og aðrir að þakka fyrir þá góðu vinnu sem að hópurinn sem hefur unnið að starfsreglunum okkar hefur unnið að síðustu já vikurnar, má segja og langar að taka undir með Silju Báru, að þrátt fyrir að auðvitað innst inni í mínu hjarta, myndi ég vilja að þyrfti ekki einu sinni að standa neitt um jafnréttið, því að okkur þætti það svo eðlilegt. En ég er sjálf þeirrar skoðunar að mér finnst mjög vont að jafnréttishugtakið sé, svona mjög oft, alltaf bara bundið við kynin. Og legg því til líka að það muni standa þarna, sem sagt, jafnrétti kynja og annarra þjóðfélagshópa. Takk.

SN
Takk. Örn Bárður Jónsson er næstur á mælendaskrá.

ÖBJ
Formaður, góð systkin. Ég þakka þessa vinnu, tek undir það og lýsi því yfir að auðvitað er það markmið okkar og hefur komið fram í undirbúningi og máli okkar frá upphafi að við stefnum að því að ná sem mestri samstöðu um mál og auðvitað er það æskilegt að við getum komið með eitt nánast skothelt skjal í lokin og lagt fyrir þjóðina. Hins vegar hef ég samúð með þessum málflutningi Gísla, um að það verði möguleiki á örfáum valkostum. Það gæti styrkt heildarskjalíð. Og eins með tilvísan í nefndarálitið í þinginu sem að lagði beinlínis til að það yrði skoðað að þjóðinni yrði gefinn kostur á að velja á milli kosta. En auðvitað getur það ekki verið, nema kannski bara eins og ég segi, einn, tveir eða þrír kostir. Varðandi landsbyggðina þá minni ég nú bara á þetta að við erum svo mörg þaðan, þó við búum hér og kannski óþarfi að negla það inn í reglur, en tek undir allt sem sagt hefur verið um jafnrétti kynjanna. En það var eitt athyglisvert sem að hann nefndi í gær, fyrirlesarinn sem að gæti komið til skoðunar síðar, fyrirlesarinn hann Jon Elster, að hann nefndi atkvæðagreiðslur um einstakar greinar. Hann talaði annars vegar um leynilegar atkvæðagreiðslur en síðan væri birt eftir á hvernig hver einstaklingur kaus. Þannig að þeir sem síðan eiga að fjalla um einstakar greinar eða frumvarpið, hafi það, geti séð hvernig hver og einn þingfulltrúi greiddi atkvæði um einstök mál. Það yrði þá gegnsætt eftir á. En mundi ekki trufla í atkvæðagreiðslunni sjálfri, ég vildi bara svona skjóta þessu hér inni. Já, ekki meira að sinni.

SN
Erlingur Sigurðarson er næstur á mælendaskrá.

ES
Já, formaður og góðir ráðsmenn og ráðskonur. Það rifjast upp fyrir mér sagan af gömlum texta: Og síðan saga þeirra varð sögu margra lík, þau átta börn og buru og þau búa í Reykjavík. Mér finnst þessi börn vera hérna, greinilega, komin. Og ég ætla ekki að fara að deila um landsbyggðarmál og byggðamál í þessu efni. En mér þykir vera komið í óefni ef á að teygja umræðuna í þessa veru. En hér í anda... átök um 65. grein stjórnarskrárinnar núverandi, hvernig það myndi orðast í nýrri stjórnarskrá vegna þess að það

er þeim mun fleiri hópar sem eru taldir upp til þess að passa jafnréttið á, þeim mun fleiri verða þeir sem að verður þá lítið svo á að ekkert á að taka tillit. Og ég lít svo á að það sé langeinfaldast að afgreiða þetta mál með einum hætti, það er að þurrka út orðið kynja, þar sem jafnréttis sé gætt í hvívetna, standi þarna í inn-gangskaflanum. Og ég legg fram tillögu um það.

ÞÞ

Ég hef þegar lagt fram tillögu þess eðlis, Erlingur ... ef ég má bara ...

ES

Hún hefur ekki verið verið kynnt hér í ...

ÞÞ

Nei, ég var að koma henni á framfæri.

ES

Mér finnst það lang einfaldast, og þetta sé ... að jafnrétti, þeim mun meira sem förum að flokka hópana sem á að gilda um, þeim mun fleiri verða eftir, sem eru þá undanskildir. Og meginmálið að það sé eitt jafnrétti. Og, landnámsmaður Íslands í Sjálfstæðu fólki hætti að tala þar með, en ég get ekki annað en hugsað til Sjálfstæðs fólks, og það er svona, bara til þess að setja inn í umræðuna svolítið, vonandi léttari texta .. ráðskonur eru frábrugðnar giftum konum í því, nú er ég að segja frá ráðskonum, ráðskonur eru frábrugðnar giftum konum í því að þær vilja ráða, þar sem giftar konur skulu fá að hlýða. Fátt tel ég að ráðskonur, ráðskonur þurfa allt til alls þar sem giftar konur þurfa ekki neitt til neins og þykir gott. Fátt telja ráðskonur sambodíð virðingu sinni en hver ansar giftri konu ef hún er að mögla. Þetta skrifaði ekki kona, þetta skrifaði Hall-dór Laxness fyrir 80 árum.

SN

Dögg Harðardóttir.

DH

Fundarstjóri, ágætu ráðsfulltrúar. Mig langar bara til þess að minna okkur á að halda okkur svolítið við efnið. Ég held að 15. greinin sé það sem flesta greinir á um hér í dag. Og ég hef setið hér og hugsað, það er ýmislegt sem mig hefur langað til þess að segja, en bara með því að þegja, þá hefur það allt komið fram. Talandi um jafnrétti kynja og annarra þjóðfélags-hópa, þá velti ég fyrir mér, þegar að við erum búin að skipta þjóðfélaginu í tvö kyn, höfum við þá einhverja fleiri þjóðfélagshópa? Svona til gamans. Við hljótum að flokkast í alla aðra þjóðfélagshópa, og ef við ætlum að fara að telja upp jafnrétti kynja, aldurs og búsetu. Já, aldurs, það minnir mig á það, ég held að Illugi eigi afmæli í dag, er það ekki Illugi?

IJ

Jú.

DH

Til hamingju með daginn.

IJ

Þakka þér fyrir.

DH

Að þá getum sett inn þarna þyngd líka og allt mögulegt. En, þetta er svona bara til gamans gert að þá las ég einu sinni grein þar sem stóð, fólk af báðum kynjum, til dæmis maður og kona! Þannig að ég held við ættum að passa okkur á að týna okkur ekki alveg í umræðunni. Við höfum öll voða gaman af því að tala, en við skulum bara halda okkur við, kannski 15. greinina og starfsreglurnar og reyna að komast að niðurstöðu sem fyrst.

SN

Takk. Ástrós Gunnlaugsdóttir er næst á mælendaskrá.

ÁG

Já, mig langaði bara að byrja á að þakka fyrir þessa vinnu sem er búin að vinna við starfsreglurnar. Og sérstaklega kannski beina því til Þorkels. Mér sýnist svona á magni tölvupósta og gagna frá honum að það sé búin að fara gríðarleg vinna hjá honum í þetta mál. Svo vil ég taka undir bæði með Dögg og Silju Báru. Í fyrsta lagi með Dögg, svona þetta með að, ætli ég sé ekki svona, þögli minnihlutinn, kona og ung, og kannski segi lítið. En það einmitt bara kemur fram ein-hvern veginn. En svo vil ég líka taka einmitt undir með Silju Báru með jafnréttisákvæðið, að þó maður mundi helst vilja að hugtakið allir væri bara nóg, að þá væru allir inni í því hugtaki allir, að þá list mér mjög vel á bæði kyn og þjóðfélagshópa og tek heilshugar undir með Silju Báru og Freyju í því.

SN

Næstur á mælendaskrá er Ómar Þorfinnur Ragnar-son.

ÓR

Já, fundarstjóri og ráðskonur og ráðsmenn. Ég vil bara kalla okkur það. Ég er mjög ánægður með það eftir 50 ára sambúð með konu minni að vera orðinn ráðsmaður á heimilinu, loksins. En ég vil bara rétt aðeins koma inn á þetta, af hverju ..., ég ætla að draga breytingartillögu mína tilbaka í sambandi við 9. vegna þess að Gísli hefur ákveðið að taka þessa tölu inn í sína tillögu og ég styð hana. Ástæðan er bara reynslan. Við sjáum stjórnmalaflokkana, þeir hafa hikað við að taka afstöðu til dæmis í stöðu kirkjunnar. Og hvers vegna? Vegna þess að þeir vita að ef að þeir taka af-stöðu á annan hvorn veginn, að þá fella þeir stuðning stórs hluta af sínum kjósendum, við sig. Þess vegna hafa þeir forðast að taka afstöðu til þess. Og það er með þessum huga sem við Gísli erum á þeirri hugsun, að þessi möguleiki sé opinn en ekki að hann valdi glundroða. Þess vegna var ég búinn að fjölga fulltrú-unum upp í 9, svo það væri engin hætt á því að þetta yrðu margir möguleikar. Og með þessari viðbót Gísla þá á að vera tryggt, að jafnvel við þyrftum alls ekkert á þessu að halda. Þetta er bara til þess að hafa þennan möguleika opinn strax í upphafi, að við getum gert þetta til þess að fá sem mesta samstöðu við það sem við viljum öll gera, heildstæða, skýra og betri stjórnar-skrá en við höfum. Takk.

SN

Takk, næstur talar Illugi Jökulsson.

IJ

Já, ágætu félagar. Ég ætla að hafa þetta stutt og laggott. Mér finnst ekki þörf á að hafa ákvæðið um minnihlutann inni í reglunum frá byrjun. Ég held að við eigum að leggja meiri áherslu á það að ná samstöðu frekar en að gera strax frá byrjun ráð fyrir því að það komi fram minnihlutaákvæði. Við erum ekkert of góð til þess að reyna að ná sátt, jafnvel um þessi umdeildustu atriði. Við vitum nokkurn veginn vilja þjóðarinnar í þessum helstu málum og getum alltaf leitað til hennar hvenær sem að þurfa þykir, með ýmsum hætti. Þannig að ég myndi vilja leggja áherslu á það og styðja það að við gerum ráð fyrir að leggja fram eina tillögu að stjórnarskrá. Og svo finnst mér umræður um jafnréttismál hér hafa farið dálítið úr böndunum og kannski við ættum aðeins að passa okkur á því að eyða ekki tímanum í vitleysu. Málið snýst held ég, eða snerist upphaflega allavega, um það hverjir ættu að vera formenn og varaformenn í nefndum. Það var nú ekki hættulegra en það. Þannig að mér finnst ekki að við þurfum að eyða mjög mörgum klukkutímum í að ræða það, hvaða jafnréttis þurfi að gæta við ekki merkilegri hlut en það, með fullri virðingu fyrir væntanlegum formönnum og varaformönnum. Takk.

SN

Þá er umræðum lokið um starfsreglur Stjórnlagaráðs og við tökum þá fyrir breytingartillögur en fyrst gerum við fundarhlé í 15 mínútur og komum hér aftur kl. hálf tólf, skv. minni klukku.

2. Skipan nefndar um skiptingu málefna á milli verkefnanefnda

SN

Ágætu ráðsfélagar. Þá tökum við fyrir breytingartillögur við starfsreglur Stjórnlagaráðs og fyrst eru breytingartillögur við aðfaraorðin og það eru þrjár tillögur sem hafa borist. Og ég ætla að bera þær allar upp og síðan eru umræður um þær í heild og síðan greiðum við atkvæði. Fyrsta breytingartillaga er frá Eiríki Bergmann við 3. mgr. aðfaraorða og breytingartillagan er svohljóðandi: „þar sem jafnréttis kynja og þjóðfélags hópa er gætt í hvívetna“.

EBE

Tillaga Erlings gengur lengra.

SN

Ég er að leggja þær allar fram.

EBE

Já ég skil. Fyrirgefðu.

SN

Breytingartillagan er frá Þórhildi Þorleifsdóttur við, líka 3. mgr. aðfaraorða, og hún hljóðar svo: „þar sem jafnréttis er gætt í hvívetna.“ Og síðan er breytingartillaga Erlings Sigurðarsonar við sömu mgr. aðfaraorða um það að í 3. mgr. falli orðið „kynja“ niður. Þetta eru tillögurnar, breytingartillögurnar. Þannig að tillaga Erlings já, og Þórhildar er efnislega sú sama, en sem sagt, þetta eru tillögurnar. Og nú er orðið laust um tillögurnar. Silja Bára Ómarsdóttir.

SBÓ

Já, takk fyrir þetta. Mig langar að taka undir tillögu Eiríks sérstaklega og lýsa andstöðu minni við það að orðið „kynja“ detti þarna út. Það er auðvitað vel þekkt eins og bæði Ástrós og Freyja og Arnfríður nefndu að þegar að fjallað er um jafnrétti í heild, að það vill nú gjarnan verða, að það eru ekkert allir allir. Ég vísa oft til stjórnarskrár Bandaríkjanna í þessu sambengi og þar stóð í háfleygum upphafsorðum að allir menn væru skapaðir jafnir, og sú stjórnarskrá var samin af mönnum sem að héldu þræla og ekki fór mikið fyrir jafnrétti á milli manna þar. Þannig að mér finnst mjög mikilvægt að það einmitt komi fram, hverra jafnrétti verið er að fjalla um. Ég skil athugasemd Erlings um að þeim mun fleiri hópar sem nefndir eru að þeim mun fleiri séu það kannski sem að finnast þeir ekki tilheyra. Það er einmitt eitt af því sem ég hef áhuga á að lagfæra í stjórnarskrá sem að við ætlum að reyna að semja, m.a. með hugmyndum um það að alþjóðlegir mannréttindasamningar geti hlotið stöðu stjórnarskrár, verði þeir innleiddir af þingi, til þess. Þannig að hérna, en ég held bara að það sé mjög mikilvægt að, með því að segja þjóðfélags hópa að þá erum við búin að dekkja þarna í raun og veru alla mögulega minnihluta sem að gætu átt hagsmuni í stjórnarskránni. Þetta er ekki bara eins og ákvæðið sem að er í reglunum sjálfum, þetta er ekki eingöngu um það að gæta jafnréttis kynja í formennsku og varaformennsku, það er í annarri grein. Þetta hins vegar snýst um það, í mínum huga, að við gætum jafnréttis kynja og allra þjóðfélags hópa í þeirri afurð sem við skilum af okkur, ekki eingöngu í okkar innra starfi. Þannig að mig langar að hvetja til þess, ykkur ágætu kollegar, að þið samþykkið þessa tillögu sem að tilgreinir bæði kyn og þjóðfélags hópa. Takk fyrir.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir er næst á mælendaskrá.

ÞÞ

Ég ætla að byrja á því að nefna það að þó að ég hafi nú flutt þessa tillögu þá hélt ég talsvert langa ræðu um kynjakvóta áðan, þannig að ég vil vera nefnd til sögu líka, þegar verið er að tala um þá sem að mæla því bót. Og ég ræddi mikið um nauðsyn þess, illa nauðsyn þess að það væri mjög víða viðhaft í samfélaginu. En í samræmi við aðrar umræður sem að hafa farið hér fram, um það að hér ríki traust og samráð, að þá finnst mér einfaldast að taka út kynja og hafa bara jafnrétti, og sýna öllum ráðsmönnum og konum það traust að þau láti þá hugsun ráða í hvívetna, eins og segir í lögnum. Og hitt er, það út af fyrir sig getur verið að æra óstöðugan að telja upp alla, og ef við segjum bara jafnréttis í hvívetna, þá ættum við að hafa náð utan um þetta mál. Og svo segi ég bara við ráðskonur hér, ef að einhverjir fara að, svona, að sýna einhvern vitleysisgang í kynjahlutverkum, nú þá bara tökum við þá stelpur! Og breytum því.

SN

Næstur á mælendaskrá er Erlingur Sigurðarson.

ES

Já, góðir ráðsmenn og ráðskonur. Ég segi bara, sam-mála Þórhildi og dreg tillögu mína til baka í trausti

Þess að hennar tillaga verði samþykkt. Þar sem þetta er í raun og veru sama tillagan. Það er, eru konur þjóðfélagshópur, ef það er þá eru karlar ...

SN
Gísli Tryggvason, er næstur á mælendaskrá.

GT
Formaður, ágætu félagar. Ég vil taka undir með tillögu Eiríks Bergmann, með röksemdum sem Silja Bára flutti. Það er söguleg ástæða fyrir því að konur eru með sérstaka jafnréttisgrein, eða kynin skulum við segja, í 2. mgr. 65. gr. stjórnarskránnar, og síðan eru allir aðrir hópar taldir upp í 1. mgr., þ.e.a.s. jafnræði þjóðfélagshópa. Það er ekki kannski, söguleg nauðsyn til þess að gæta jafnréttis gagnvart örvhentum eða einhverjum slíkum. En það eru sumir hópir sem að er ástæða til þess að nefna sérstaklega og gæta sérstaklega. Þannig að ég styð að kyn og þjóðfélagshópar séu nefnd sérstaklega. Takk.

SN
Freyja Haraldsdóttir, er næst á mælendaskrá.

FH
Já, þá langar mig líka að styðja áfram þetta með kynin og aðra þjóðfélagshópa. Ég kannski útskýrði þetta ekki nógu vel áðan. Það er eitt sem mig langar til að segja fyrst, er að mér finnst svolítið sérkennilegt að áðan þegar við vorum að tala um jafnrétti, að þá fóru einhverjir að benda á það að nú værum við komin út fyrir efnið. Ef að það að tala um grunnildi eins og jafnrétti, er komið út fyrir efnið, þá held ég að við þurfum aðeins að stoppa, og endurskoða okkur. En, mig langar kannski bara einmitt að eins og Silja Bára benti á með stjórnarskrá Bandaríkjanna, að þá var einmitt að þrátt fyrir að, svona, yfirlýsingar um jafnrétti allra standi og gildi, þá er það kannski ekki ... það sýnir það að það þýðir ekki að þess sé ekki gætt. Og mér finnst bara gott dæmi, líka, með sem sagt nýjan samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, að það voru miklar ádeilur um hvort að það ætti að hafa sérstakan samning varðandi fatlað fólk. En einfaldlega var það þannig að þrátt fyrir að við viljum, að sjálfsögðu, falla bara inn í alla aðra þjóðfélagshópa, því fatlað fólk gerir það, að þá sýnir sagan það, að fatlað fólk býr í heiminum, almennt við, bæði mikið ofbeldi og kúgun, en líka bara ósýnileika. Og það þurfti þennan samning til þess að undirstrika réttindi þessa hóps. Og þess vegna er ég að benda á að það er gríðarlega mikilvægt að mínu mati, að tilgreina konur sérstaklega, og svo aðra þjóðfélagshópa. Og mér líka bara, mér finnst þetta ekki endilega snúast bara um hverjir verða formenn, heldur erum við hér, breiður hópur til þess að semja stjórnarskrá og hvert og eitt okkar, við komum öll úr ólíkum áttum, með ólíkt vegnanesti, og það veganesti er mjög mikilvægt. Og það er mjög mikilvægt að við gætum þess að þegar við erum að fjalla um ákveðin mál, er snerta ákveðna hópa í þjóðfélaginu, að þeir sem hafa reynslu frá fyrstu hendi, taki mjög virkan þátt í þeirri umræðu, og hafi sterkt atkvæði í því. Og þess vegna finnst mér bara, í rauninni, annað mjög óeðlilegt en að við tölum um bæði kyn og aðra þjóðfélagshópa. Takk.

SN
Næst á mælendaskrá er Dögg Harðardóttir.

DH
Fundarstjóri, ágætu félagar. Ég vildi benda á þó svo að starfsreglur Stjórnlagaráðs hafi ekki ennþá verið samþykktar, þá tókst okkur nú að velja hér konu sem formann ráðsins og karl af landsbyggðinni sem varaformann, þannig að ég hef ekki nokkrar áhyggjur af þessu jafnrétti. Mér finnst óþarfi að breyta þessu en ef það mætti verða til þess að ná lendingu, jafnrétti kynja og annarra þjóðfélagshópa, þá get ég samþykkt það. Og ég get líka samþykkt að hérna standi bara jafnrétti, mér finnst þetta ekki stórmál. Ég held nefnilega að við séum bara á háréttari leið.

SN
Þá hafa ekki fleiri kveðið sér hljóðs. Þórhildur Þorleifsdóttir.

ÞÞ
Bara ein athugasemd. Nú er mér þetta ekki fast í hendi. Og ég er bara að reyna að sýna, svona, traust til allra, að við höfum náð þeim þroska að við þurfum ekki alskonar svona sérákvæði. Þannig að ég er vís til þess að greiða atkvæði með báðum tillögnum, og líka á móti báðum tillögnum. En mig langar bara til þess að benda á, að ég get ekki skilið, hvernig á að skilja sko, jafnrétti kynja og aðra þjóðfélagshópa. Hvaða aðrir þjóðfélagshópar eru? Eru þá kynin ekki þjóðfélagshópar? Ég verð að viðurkenna að ég skil þetta ekki alveg. En ég ætla ekkert að biðja um útskýringu og ég er alveg til í að bara, greiða atkvæði með eða á móti.

SN
Þá hafa ekki fleiri kveðið sér hljóðs um breytingartilögurnar og þá berum við fyrst upp breytingartillögu Þórhildar Þorleifsdóttur við 3. mgr. aðfaraorða. Og að hún hljóði þá svo: Í anda uppbyggilegs og jákvæðs samstarfs þar sem jafnréttis er gætt í hvívetna. Bara greiða atkvæði með handauppréttingum. Hverjir samþykkja þessa breytingu? Hverjir eru á móti? Tillagan er samþykkt. 12 greiddu atkvæði með tillögunni og 4 á móti.

Þar með skoðast breytingartillaga Eiríks Bergmanns fallin út.

Þá förum við í breytingartillögu við 3. gr. starfsreglnanna, um verkstjórn Stjórnlagaráðs. Þar hefur borist ein breytingartillaga frá Eiríki Bergmann Einarssyni. Og hún hljóðar svo: Að stjórn Stjórnlagaráðs verði verkstjórn og verði breytt með sama hætti þar sem orðið kemur fyrir í skjalinu. Einhver sem vill tjá sig um þessa breytingartillögu? Við 3. grein, verkstjórn Stjórnlagaráðs.

AT
Fyrirsögnin er verkstjórn.

SN
Já, fyrirsögnin er verkstjórn. Já, en tillagan er að breyta þessu í texta greinarinnar og þar sem þetta kemur fyrir. Enginn sem að vill kveða sér til hljóðs um þetta? Erlingur Sigurðarson. Gjörðu svo vel.

ES
Góður formaður. Ég er á móti þessari tillögu Eiríks.

SN
Einhver annar sem vill ...? Ómar Ragnarsson.

ÓR
Já. Sko, þetta er nú bara málvenja að tala um stjórn. Það er formaður í stjórn og varaformaður í stjórn. Og ef að við ættum að fara út í það að fara að breyta þessu ... ég lít á þetta sem verkstjórn, ég tek það fram. En ég tel ekki ástæðu til þess að taka það sérstaklega fram, frekar en að embættismaður þýðir ekki einhver maður sem að ráðskast með aðra, og er í háu embætti, vegna þess að embætti er sami orðstofn og ambátt. Og við eigum að líta á embættismenn sem þjóna og okkur sjálf sem þjóna þegar að við erum að vinna sem ráðsfulltrúar, eða ráðsmenn og ráðskonur. Og þess vegna tel ég óþarfi að setja það sérstaklega að þetta sé verkstjórn

SN
Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VP
Já, formaður og ráðsfulltrúar. Það barst erindi frá Eiríki inn á fund nefndarinnar og við tókum tillit til þess að því leyti að við breyttum þarna fyrirsögn 3. greinar í verkstjórn Stjórnlagaráðs. Hins vegar var ekki fylgi við það í nefndinni að breyta þessu alls staðar, einfaldlega af því það yrði óþjálfa og það verður örugglega hvort sem er alltaf talað um stjórn Stjórnlagaráðs. Hins vegar með breytingu á fyrirsögninni, þá erum við að, í raun og veru að gefa það til kynna sem ég held að Eiríkur kannski hafi áhyggjur af, að þetta er verkstjórn okkar. Það er ekki verið að meina að þarna sé einhver sko, yfirstjórn sem eigi að stjórna okkur svona, í einhverjum störfum almennt, efnislega, eða eitthvað slíkt. Þannig að, að mínu mati þá er komið nægilega til móts við þær áhyggjur sem hann hefur með því að breyta fyrirsögninni, eins og við gerðum í nefndinni. Takk fyrir.

SN
Þá tekur til máls Örn Bárður Jónsson.

ÖBJ
Formaður, góð systkin. Mér finnst óþarfi að breyta þessu í textanum og tel að hann sé fallettri í styttra formi og að fyrirsögnin segi að þetta er verkstjórn og síðan vísar orðið stjórn í þá verkstjórn. Mér finnst óþarfi að vera að setja verkstjórn inn í textann á mörgum stöðum. Mér finnst lítið að því. Styttra er betra, „small is beautiful“ sagði Schumacher, sá merki maður.

SN
Þá hafa ekki fleiri kveðið sér hljóðs. Eiríkur Bergmann.

EB
Já. Takk fyrir, kæru félagar. Sko, þetta er mér ekki sáluhjálparatriði. Ég vildi bara einfaldlega áréttu þennan skilning og ef það er svo, að það er skilningur manna að hér sé um verkstjórn að ræða en að menn vilji frekar hafa þetta svona orðað. Þá get ég alveg dregið þessa tillögu til baka, nema að einhverjir

mótmæli því hástöfum, þannig að hreyfi menn ekki mótmæli við því, að þá dreg ég bara þessa tillögu til baka, en áréttu og vil að það sé þá fært til bókar, þau ummæli sem hér hafa komið fram um að þetta sé í eðli sínu verkstjórn. Takk fyrir.

SN
Þá tókum við fyrir breytingartillögu við 10. gr. starfsreglnanna. Breytingartillaga frá Katrínu Fjeldsted á þann veg að 2. mgr. 10. gr., hljóði svo: Stjórnin getur sett reglur um þessi atriði. Að þessi liður falli út og það komi: Stjórnin getur sett reglur um þessi atriði. Einhver sem vill tjá sig um þessa tillögu? Þorkell. Gjörðu svo vel.

PH
Bara örstutt. Ef að þetta verður samþykkt þá fellið þið þetta saman væntanlega í eina málsgrein. Þetta er hallærislegt sem önnur málsgrein. Getur það ekki verið partur af tillögunni?

SN
Sem sagt, tillagan er að: stjórnin getur sett reglur um þessi atriði, og þetta verði felld bara inn í fyrri málsgreinina. Einhver annar sem vill tjá sig um þessa breytingartillögu. Dögg Harðardóttir.

DH
Formaður, ágætu félagar. Það er ekki nóg að segja sko, og þetta verði felld inn í. Við þurfum að fá að heyra þá hvernig tillagan er. Og ég er nú hrifnari af hugmyndinni sem hann Erlingur kom með áðan, þar sem hann endaði bara seinni setninguna á að segja, og heimsóknir gesta. En hann hefur líklega ekki lagt hana fram.

SN
Sú tillaga var ekki lögð fram. En skv. þessari breytingartillögu þá myndi 10. greinin hljóða svo: Koma má erindum á framfæri við Stjórnlagaráð. Stjórnlagaráð, nefndir og starfshópar geta óskað umsagnar um mál frá aðilum utan ráðsins og boðið gestum á fundi. Stjórnin getur sett reglur um þessi atriði. Punktur.

Einhverjir sem vilja taka til máls um þessa breytingu? Þá er hún borin upp til atkvæðagreiðslu. Og bið ykkur um að rétta upp hönd sem eruð fylgjandi þessari breytingu. Takk fyrir. Þeir sem eru á móti. Þá skoðast þessi breytingartillaga samþykkt. Já, það var samþykkt, sem sagt, með 13 atkvæðum, 1 á móti.

Þá förum við í breytingartillögu um 15. grein. Þar hafa nokkrar tillögur komið fram. Fyrsta er breytingartillaga Ómars Þ. Ragnarssonar við 4. málslíð 3. mgr. 15. gr. og meðflutningsmaður er Gísli Tryggvason. Og tillagan er svohljóðandi: Í frumvarpinu geta jafnframt verið valkostir um einstakar greinar eða kafla, enda njóti valkostur stuðnings núu, í stað átta, ráðsfulltrúa hið minnsta. Þannig að þessi grein verði felld inn í textann í 15. gr.

ÓR
Það vantar viðbót ...

SN
Og breyta stjórn ... Nei, nei ...

AT

Svo eru þeir með aðra. Þeir eru líka með þessa hérna.

SN

Já, ég bara les upp þær tillögur sem að hafa komið.

PB

Já, ég verð að leggja til að þessi ... ef að verið er að leggja til að verði greitt atkvæði um þessa tillögu fyrst, þá legg ég til að verði fyrst greitt atkvæði um þá tillögu sem gengur lengst, sem er tillaga, sem sagt, um að umrædd málsgrein falli út.

SN

Já. Sammála. En ég ætlaði bara að lesa fyrst upp allar breytingartillögurnar sem hafa komið upp, við þessa 15. gr. ...

PB

Fyrirgefðu, ég misskildi þig þá.

SN

við þessa 15. gr., alveg eins og við gerðum áður. Og þá eru umræður um þessar tillögur og síðan eru þær lagðar fram til atkvæðagreiðslu og þá byrjum við á þeirri sem gengur lengst, sem er sú síðasta. Þannig að við byrjum á ... Já, sem sagt, ég var komin hér að breytingartillögu frá Gísla Tryggvasyni og Ómari Þ. Ragnarsyni við 3. mgr. 15. gr., en við málsliðinn bætist: Og um sé að ræða afmarkað mál sem raskar ekki samhengi annarra þátta stjórnskipunar. Þriðja breytingartillagan sem hefur komið fram er frá Þorkeli Helgasyni, við 15. gr. 4. málslið 3. mgr., 15. gr. falli brott og meðflutningsmenn að þeirri tillögu eru Eiríkur Bergmann Einarsson, Lýður Árnason og Þórhildur Þorleifsdóttir. Og þá er orðið laust um þessar breytingartillögur þrjár. Gísl Tryggvason.

GT

Já, hér áðan var dreift óformlega tillögu Þorkels sem ég hafði ekki séð áður en hún er sem sagt um að málsliðurinn falli alveg brott, og henni fylgir greinargerð sem hefur svo sem ekki verið lesin. En þar er því haldið fram að Alþingi hafi falið okkur að leggja fyrir sig, heilsteypt frumvarp til stjórnskipunarlaga. Ég vil bara vegna þessa, áréttu enn að helsta skýringargagn við þingsályktunartillögu Alþingis sem fól okkur þetta hlutverk, er nefndarálit meirihlutans sem er í ágætu samræmi við nefndarálit allrar allsherjarnefndar við meðferð mála, að því er varðaði Stjórnlagabing. Og þar er sérstaklega tekið fram, eins og ég hef komið inn á áður, að æskilegt væri að finna leið, sem gerði það kleift að bera mismunandi kost undir þjóðina. Ein leiðin er auðvitað sú sem var orðuð í nefndinni, að meirihlutinn, jafnvel aukinn meirihluti, sammæltist hreinlega um það að hafa mismunandi valkosti í einhverjum örfáum tilvikum. En ég er að reyna að sameina þarna, þennan tilgang og þetta umboð, saman við ákveðna minnihlutavernd. Og það er til þess að bjarga frekar afurðinni frá okkur í heild, en ekki til þess að ýta undir klofning eða sérskoðanir. Takk.

SN

Ómar Þorfinnur Ragnarsson var fyrstur. Gjörðu svo vel.

ÓR

Já, ég er hérna með rosalega góðan tæknimann með mér sem heitir Katrín Fjeldsted, læknir. Ég vildi bara segja frá því að við vorum búnir að fella okkar tillögur saman, við Gísl. Þannig að mín tillaga um þessa níu, hún er dottin út. Í hans tillögu er bara, sameiginlegt sem sagt, að það séu níu í stað 16. Og svo þessi viðbót Gísla. Þetta er ein tillaga en ekki tvær, þ.e.a.s. sko, í frumvarpinu geta jafnframt verið valkostir um einstakar greinar eða kafla, enda njóti valkostur stuðnings níu ráðsfulltrúa hið minnsta og síðan ákvæðið beint í framhaldi, að þetta raski ekki samhenginu við aðra.

SN

Já, já. Þá er þetta ein tillaga. Næstur á mælendaskrá er Þorkell Helgason.

PH

Formaður og góðir fundarmenn. Ég biðst afsökunar á að taka enn einu sinni til máls. En ég held það gæti smá misskilnings hjá ykkur Gísla um hvað valkostir fela í sér. Ég skil tillögu Gísla þannig, að minnihluti Stjórnlagaráðs geti lagt inn í frumvarpið valkosti, það fari sem sagt frá Stjórnlagaráðinu, annars vegar kannski niðurstaða meirihlutans og síðan hins vegar valkostir sem einhverjir níu minnihluta aðilar, og þeir geta verið margir og margs konar, samsettir. Þannig að það geta orðið mikið fleiri heldur en þrisvar sinnum níu, eða hvað það nú er, tvisvar sinnum níu, það gengur víst Menn geta verið sko, aðilar að fleiri en einum valkosti. Þannig að það gæti orðið hellingur af þessu, þó að viðbótin dragi að vísu úr því, viðbótin í tillögu Gísla og Ómars.

En ég er ekki að leggjast gegn því að það verði í frumvarpinu sjálfu sagt, þjóðin á að taka ákvörðun um t.d. þjóðkirkjuákvæðið og fyrir hana skulu lagðir þessir og þessir kostir. Ég er aðeins að vara við því að það sé lagt fyrir Alþingi, í rauninni mörg frumvörp, sem þeir geta síðan grautað í og tint út það sem þeim sýnist. Og þetta gefur þeim þá fordæmi til þess að fara að grauta í einhverju öðru. Ég er að tala um það að frumvarpið sé eitt. Og við sameinumst um þá valkostir sem þar verða lagðir til, að verði lagðir fyrir þjóðina. En við leggjum ekki fyrir þingið mismunandi valkosti. Ég spurði um þetta áðan en hef ekki fengið svar. Hver ætti að taka afstöðu til þessara valkosta. Takk fyrir.

SN

Næstur á mælendaskrá er Eiríkur Bergmann Einarsson.

EBE

Kæru félagar. Örstutt. Ég ætlaði að bregðst við ummælum Gísla eiginlega með sömu rökum og Þorkell hefur nú þegar gert, og bara áréttu það að þó svo að þetta minnihlutaákvæði sé ... falli brott, að þá getur auðvitað meirihluti Stjórnlagaráðs eftir sem áður uppfyllt þessa beiðni Alþingis um að leggja fram fleiri en einn valkost, ef það svo kýs. Það er ekkert sem bannar okkur að gera það. En við gerum það þá auðvitað sem, það er þá meirihlutaákvörðun fyrir því.

SN

Næstur á mælendaskrá er Ómar Ragnarsson.

ÓR

Já ég vil bara koma fram með þann persónulega skilning minn, að ég lít svo á að þetta yrði, ef að frumvarpið frá okkur yrði lagt fyrir þjóðina á undan þinginu. Ég tek það skýrt fram, ég lít það á sem möguleika okkar á að leggja fyrir þjóðina, áður en þingið fær það. Það finnst vera aðalatriðið í mínum huga. Hitt væri auðvitað best, ef við kæmumst að þeirri niðurstöðu að við leggjum fram eitt frumvarp, þar sem að ein greinin væri þannig að við leggjum það til í stjórnarskránni að það væri bara stjórnarskrárákvæði um það að t.d. ríki og kirkja, að það yrði sérstaklega kosið um það. Það yrði hið æskilega. Í mínum huga er þetta bara möguleikinn á því að við eigum þennan möguleika, sem sagt að við getum lagt fyrir þjóðina sjálfa, beint. Mig langar ekki til þess að leggja einhverja valkosti fyrir Alþingi, það segi ég.

SN

Næstur á mælendaskrá er Gísli Tryggvason.

GT

Já, vegna spurninga Þorkels og Eiríks og áréttunga Ómars, þá vil ég taka það fram af því að hér var ekki samþykkt að kjósa til Stjórnlagabings sem hefði stjórnarskrárvarið umboð, eins og ég lagði til í árslok 2008, heldur einungis ráðgefandi Stjórnlagabing og síðan skipað Stjórnlagaráð, sem er ráðgefandi, þá er það skv. stjórnarskránni Alþingi sem ræður. En ég er að reyna að leggja til að við þiggjum það umboð sem að Alþingi hefur falið okkur, og allsherjarnefnd áréttar, að bjóða upp á þann mögulega að spyrja þjóðina fyrst, áður en Alþingi tekur afstöðu og afgreiðir málið. Þetta var forsenda fyrir mínu framboði og minni þátttöku frá upphafi. Þannig að sjálfsögðu er það þjóðin sem velur en það er Alþingi sem ræður.

Og að sjálfsögðu eru þetta aðeins örfá atriði og þetta er aðeins annað en það sem Þorkell er að tala um. Það kann að vera ágætis lausn á þjóðkirkjumálinu að hafa svipaða lausn og þegar er í stjórnarskránni, að spyrja bara þjóðina, hvort hún vill hafa þjóðkirkju eða ekki. En ég er að leggja til að það verði möguleiki á valkostum, og við séum raunsæ, að það er í ákveðnum atriðum sem við gætum ekki náð saman mjög rúmur meirihluti. Og ég held það væri mjög óheppilegt ef að naumur meirihluti, 55% kannski, ráðsfulltrúa, færi að leggja eina tillögu í mjög umdeildu máli fyrir þjóðina, sem þá myndi hugsanlega fella allt plaggið, ef hún yrði bara spurð um þennan eina valkost. Þannig að þetta er til þess að bjarga heildarplagginu. Takk.

SN

Þá tekur til máls Vilhjálmur Þorsteinsson.

VÞ

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég bendi fyrst á það að auðvitað er það alltaf þannig að meirihluti ráðsins getur auðvitað haft valkosti í frumvarpinu, ef að það kys svo. Spurning er bara hvort að við viljum að það sé minnihluti ráðsins, sem að gæti gert slíkt, þ.e.a.s. að það þurfi ekki að vera ekki 13 heldur 9 sem að gætu komið slíku inn í plaggið. Um það snýst þessi spurning hér, ekki í raun og veru um það hvort að valkostir gætu verið í niðurstöðunni eður ei. Hins vegar segi ég fyrir mig að auðvitað er það mjög æskilegt að við reynum að ræða okkur niður á það að enda með

eitt frumvarp og eina niðurstöðu. Ég held að það styrki málið í heild og styrki það gagnvart bæði þingi og þjóð, ef að það tekst. Og ég held að við eigum að reyna að einhenda okkur í það.

Ég spurði Gísla á móti í umræðum í nefndinni, hvort að þetta ætti jafnvel eiginlega að snúa öfugt, að það þyrfti aukinn meirihluta til þess að fá inn valkost í frumvarpið, þ.e.a.s. það væri þá aukinn hvati fyrir okkur að koma fram með valkostalaust frumvarp, ef svo má segja, þ.e.a.s. að þó að það geti auðvitað alltaf verið, eins og Þorkell segir, að það er hægt að byggja það inn í eitt frumvarp að það geti farið fram atkvæðagreiðsla um t.d. þjóðkirkjuskipan eða eitthvað slíkt. Og ég held að það séu alveg til rök í báðar áttir sko, annars vegar svona, ákveðið minnihlutaverndarsjónarmið og ég hef alveg samúð með sumu af því sem að Gísli er að segja varðandi það að frumvarp með valkostum gæti hugsanlega átt meiri möguleika á að komast í gegn, ef svo má segja. En það eru líka til rök, eins og ég segi, fyrir hinu að eitt frumvarp ætti betri möguleika. Ég segi þess vegna fyrir mig að ég er nú ekki með sterka sannfæringu fyrir því að við ættum að vera með öðruvísi hlutfall þarna, heldur en bara almennt, að það sé einfaldur meirihluti í ráðinu sem að myndi ráða því hvort að slíkur valkostur væri settur fram eður ei, þ.e.a.s. ég sé ekki sterk rök fyrir því að vera annað hvort með, sem sagt, færri ráðsfulltrúa eða aukinn meirihluta, sem hefði alveg eins getað verið til umræðu hér. Það er mín afstaða í málinu. Takk.

SN

Næstur tekur til máls Lýður Árnason.

LÁ

Já, kærar ráðsfolk. Ég var nú að hugsa um þessa 21. gr., að hún gefur okkur kost á því á seinni stigum að breyta þessum starfsreglum. Ég held að það væri eiginlega vænlegra í þessu tilviki, að sjá hvernig umræðan þróast. Og ef að við lendum í öngstræti, þá getum við hugsanlega gripið til þessa ráðs seinna, það sem Gísli er að tala um, að vera með einhver sérálit. Og þá jafnvel líka, eins og hann er að tala um, Vilhjálmur, að það sé þá bara meirihluti fyrir því. Ég held nefnilega að þetta veiki störfín ef við förum að hafa þessa útskotsleið, vegna þess að þá náttúrlega höfum við þennan valmöguleika, að hafa kannski ákveðinn hóp með annað álit heldur en meirihlutinn. Og ég held að það sé líka ofsalega sko, erfitt að takmarka þetta. Þó að þetta sé bara ætlunin núna að þetta séu eitt eða tvö atriði. Þetta geta orðið miklu fleiri atriði. Við vitum í raun og veru ekki núna hverjir ásteytingarsteinarnir verða. Þannig að ég held það sé betra að hafa bara reglurnar skýrar um að þurfi meirihluta núna, en ef að við lendum á síðari stigum í einhverjum öngstrætum, þá getum við breytt þessu. Til vara, svona til málamiðlunar, þá myndi ég vilja hækka þessa tölu frá níu, upp í 13. Takk fyrir.

SN

Ekki fleiri hafa Eru einhverjar bendingar? Þá er komið að atkvæðagreiðslu og við göngum til atkvæðagreiðslu fyrst um breytingartillögu Þorkels Helgasonar sem er á þá leið, að 4. málslíður 3. mgr. 15. gr. falli niður eða falli á brott. Og þá hljómar, ef ég les alla efnisgreinina: Síðari umræða fer eigi fram fyrr en

tveim sólarhringum eftir að álit og tillögur nefnda hafa verið birt á vef Stjórnlagaráðs. Við síðari umræðu skal ræða greinar frumvarpsins og breytingartillögur við þær. Við lok umræðu skal greiða atkvæði um hverja grein frumvarpsins og breytingartillögur þær sem fram hafa komið. Síðan kemur: Loks skal greiða atkvæði um frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum ef einhverjar eru. Óska má eftir nafnakalli við þessar atkvæðagreiðslur. Hverjir eru samþykki að þessi málsliður falli brott? Já, sem sagt, samþykki þessa breytingartillögu? Og hverjir eru á móti? Þá skoðast hún samþykkt með 12 atkvæðum gegn 4. Þannig að hún er samþykkt, þessi breytingartillaga, og þá er ekki þörf á að taka fyrir breytingartillögur aðrar sem að hafa komið.

Þannig að þá erum við búin að fara yfir þær breytingartillögur sem hafa borist um starfsreglurnar og þá er skjalið borið upp í heild sinni til samþykktar. Við erum búin að afgreiða breytingartillögurnar og þá er atkvæðagreiðsla um skjalið í heild. Hverjir samþykkja það? Með áorðnum breytingum. Skjalið er allt lagt til atkvæðagreiðslu með áorðnum breytingum. Og þetta er samþykkt samhljóða, sýnist mér.

Nú, næsta mál á dagskrá er tilnefning nefndar til að koma að tillögu um málefna-skiptingu milli verkefna nefnda og umræðu og tillögu um grunnskjal. Stjórnin tilnefndir þau Freyju Haraldsdóttur, Eirík Bergmann Einarsson, Pawel Bartoszek, Þorkell Helgason og Arnfríði Guðmundsdóttur. Þetta er tillaga um fimm manna stjórn, sem mundi vinna með stjórn að málefna-skiptingu nefnda og grunnskjali. Einhverjar aðrar tillögur eða breytingar við þessari, breytingartillögur? Starfshópur eða nefnd, eða svona ... til að ...

Nöfnin eru, það er sem sagt Arnfríður Guðmundsdóttir, Freyja Haraldsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Pawel Bartoszek og Þorkell Helgason.

ÞÞ

Má ég spyrja bara, bara svona fyrir forvitnissakir, hverjir eru núna stjórnin?

SN

Hún er náttúrulega ekki fullskipuð. Það er sem sagt formaður og varaformaður. Þannig að þetta er svona bráðabirgðastjórn. Þar til skipað hefur verið í nefndir og þá verða nefndarformenn skv. nýafgreiddum tillögum aðilar að stjórn. Einhverjar tillögur, einhver sem vill kveða sér hljóðs um þetta, þessa tillögu? Þá skoðast hún samþykkt.

Nú þá er 3. fundi Stjórnlagaráðs slitið og næsti fundur verður á morgun, fimmtudag, kl. 13. Takk fyrir.

4. ráðsfundur 14.04. 2011.

14.04.2011 13:00

Dagskrá

1. Fundargerðir fyrri ráðsfunda lagðar fram.
2. Tillaga um tölu verkefnanefnda og skiptingu málefna með þeim.

4. ráðsfundur - haldinn 14. apríl 2011, kl. 13.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteins-son, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Forföll höfðu boðað eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ástrós Gunnlaugsdóttir og Íris Lind Sæmundsdóttir.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu-pósti miðvikudaginn 13. apríl 2011 og dagskrá í samræmi við fundarboð.

Umræður á 4. ráðsfundi

SN

Fjórdi fundur stjórnlagaráðs er settur. Forföll hafa boðað Andrés Magnússon, Ástrós Gunnlaugsdóttir og Íris Lind Sæmundsdóttir. Fyrir fundinum liggja tvö dagskráratríði: í fyrsta lagi fundargerðir fyrri ráðsfunda lagðar fram og síðan er tillaga um tölu verkefna-nefnda og skiptingu málefna með þeim.

1. Fundargerðir fyrri ráðsfunda lagðar fram

SN

Við göngum til fyrsta dagskrárlíðs, að þá er það fundargerðir fyrri funda eða sem sagt ráðsfunda eitt og tvö eða fyrsta og annars. Fyrirkomulag fundar-gerða mun verða á þann veg að fundargerðir ráðsfunda fara inn á innra net ráðsins og þegar þær eru komnar þangað fá fulltrúar skilaboð þar um og hafa þeir þá ákveðinn tíma til að koma með athugasemdir. Fundargerðin er síðan borin upp á næsta fundi til samþykktar eða sem fyrst, sbr. 7. grein starfsreglna ráðsins. Þar sem innra netið er ekki virkt ennþá og ekki fyrr en um helgina voru ykkur sendar fundar-gerðir ráðsfundar eitt og tvö og beðin um að koma með athugasemdir og verða þær síðan afgreiddar á næsta fundi.

2. Tillaga um tölu verkefnanefnda og skiptingu málefna með þeim

SN

Annar liður á dagskránni er tillaga um tölu verkefnanefnda og skiptingu málefna með þeim. Skipaður var starfshópur til þessara verka á síðasta fundi og hafa komið niðurstöður um tvö aðskilin efni frá hópnum sem þið hafið fengið sendar og eru á borðum ykkar. Stjórnin leggur til að málsmeðferðin á fundinum í dag verði með eftirfarandi hætti: Fyrst tökum við fyrir þá niðurstöðu starfshópsins sem varðar áfangaskjalið og þið hafið líka fengið sent og verður tillagan kynnt og umræður fara fram um hana og vonandi afgreidd. Í öðru lagi gerir starfshópurinn grein fyrir niðurstöðu sinni um fjölda nefnda og málefna skiptinguna samkvæmt þeirri tillögu. Þá fara fram umræður um tillöguna og afgreiðsla a.m.k. af hluta þess efnis. Eru einhverjar athugasemdir við þessa málsmeðferð? [þögn] Ef ekki, þá verður unnið samkvæmt þeim og þá tökum við fyrir niðurstöðu starfshópsins sem varðar áfangaskjalið og þið hafið sem sagt fengið sent og það eru Pawel Bartoszek sem ætlar að kynna og Eiríkur Bergmann Einarsson. Það er spurning hvort að þið gerið það bara úr sætum eða hvort þið viljið koma upp.

PB !

EBE !

SN

Já.

EBE

Erum við báðir?

SN

Ja, þið getið... Hann kannski verður fyrst og svo kemur þú.

EBE

Já.

PB

Já, kærur ráðsfulltrúar. Nefndin sem skipuð var á seinasta ráðsfundi var samsett af mér, Eiríki Bergmann, Þorkatli, Freyju og Arnfríði og í fljóti máli sagt, þá kom fljótleiga á daginn að í nefndinni tvær skiptar skoðanir um hvernig við ættum að hefjast handa, þ.e.a.s. það voru tvö sjónarmið: Annars vegar þau sjónarmið sem haldin voru uppi af þeim sem hér stendur, að fyrsta gerð áfangaskjals ætti að vera okkar núverandi stjórnarskrá, og hins vegar þau sjónarmið, sem m.a. Eiríkur Bergmann talaði hvað harðast fyrir, var það að við ættum að byrja að einhverju leyti frá grunni. Nú, ástæðan fyrir því að ég taldi að ætti að fara með þessum hætti, þær voru nokkrar, t.a.m. þá vísaði ég í þingsályktunartillögu, þar sem sagt var að Alþingi, með leyfi fundarstjóra á þingi, „ályktar að fela forseta Alþingis, að höfðu samráði við forsætisnefnd, að skipa 25 manna stjórnlagaráð sem fá það verkefni að taka við og fjalla um skýrslu stjórnlaganefndar og gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá lýðveldis Íslands nr. 33/1944.“ Nú, í öðru lagi, þá var það mitt persónulega mat að ég held að vænlegast til árangurs, að öllu und-

angengnu – bæði þátttöku í kosningunum, þá kannski umdeildu aðferð við að skipa okkur, allavega umdeilda á þingi, og margt annað – að það væri að einhverju leyti heppilegra að byrja með núverandi stjórnarskrá, það væri einfaldlega líklegt að sú niðurstaða næði fram að ganga þegar á hólminn væri komið. Í þriðja lagi, þá taldi ég að það væri best fyrir almenning, sem þekkir þó að öllu jöfnu best núverandi stjórnarskrá, að hafa eitthvað til þess að miða við og geta þá komið með tillögur að frekar en að við myndum byrja algjörlega frá grunni. Og í fjórða og kannski síðasta en kannski það sem minnst skiptir máli, er að – einfaldlega tæknilegs eðlis – að það er auðveldara að koma því þannig fyrir að menn sjái núverandi stjórnarskrá og síðan breytingar á henni út frá því á vefnum og þá hafa notendur hans eitthvað til þess að tengja betur við.

Á móti komu þau sjónarmið að það væri betra fyrir okkur að byrja algjörlega frá grunni og láta þá núverandi stjórnarskrá ekki hefta okkur. Og eins og ég sagði, þá reyndist afar erfitt að sætta þau sjónarmið í nefndinni. Niðurstaðan sem út úr þessu kemur er málamiðlun. Og málamiðlun er ekki orð sem þýðir draumaniðurstaða einhvers eins. Það er nákvæmlega orð sem þýðir ekki það. Þar af leiðandi er skjalið sem við byrjum með ákveðin byrjun en kannski er enginn sem myndi vilja hafa [11:43] þetta nákvæmlega með þessum hætti. Hins vegar gefur þetta einhvern möguleika á því að hefjast handa og taka síðan ákvörðun um einstök mál, uppröðun, þegar að því líður. Svo ég geri aðeins grein fyrir hvernig við setjum þetta upp, þá, eins og ég segi, voru til tvenn sjónarmið í nefndinni og síðan voru gerðar tilraunir til þess að sætta þau með einhverri myndrænni framsetningu í dálka o.s.frv. Við þurftum að fara með þeim hætti að það myndi ekki stríða við okkar starfsreglur, sem við höfum sett okkur, og svo ég vísi hérna í 14. grein starfsreglna stjórnlagaráðs, sem við samþykktum á seinasta fundi, með leyfi formanns, þá segir þar í 14. grein: „Ráðsfundur ákveði svo fljótt sem auðið er hvernig hefja skuli undirbúning frumvarps til stjórnarskipunarlagar. Skjal það sem til verður með áorðnum breytingum hverju sinni nefnist áfangaskjal og verður aðgengilegt á vef stjórnlagaráðs. Tillögur um breytingar á áfangaskjalinu frá fulltrúum, nefndum eða stjórn skulu teknar til afgreiðslu á ráðsfundi að jafnaði einu sinni í viku. Í áfangaskjalinu geta hverju sinni verið valkostir um einstakar greinar eða kafla, enda njóti valkostur stuðnings fimmtungs ráðsfulltrúa hið minnsta.“ Nú, þetta var sá veruleiki sem við búum við að því leyti að ef að það er áhugi fyrir því meðal fimmtungs ráðsmanna að núverandi stjórnarskrá sé inni í áfangaskjalinu, sem alla vega grunn valkostur, þá mundi það vera ofan á. Með sama hætti, ef það er vilji a.m.k. fimmtungs ráðsmanna, að við myndum byrja með autt skjal sem við myndum fylla í seinna, þá ætti sá valkostur líka að vera inni. Að því leyti eru þeir báðir inni.

Svo ég greini þá frá hugmyndafræðinni bak við áfangaskjalið, þá er það svo að það sem erum í raun að samþykkja hér eru kaflaheiti á núverandi stjórnarskrá. Sú kaflauppröðun er ekkert endanlegt fremur en neitt annað í áfangaskjalinu. Kjósi menn að breyta þeirri kaflauppröðun eða aðferð til að breyta um kafla, þá er það bara vilji stjórnlagaráðsins eða ráðsfundar hverju sinni. Þar á eftir, eftir hverjum kafla, koma tveir valkostir sem eru jafn gildir: annars vegar texti úr nú-

verandi stjórnarskrá og hins vegar valkostur B þar sem stendur „Ný ákvæði“ sem gefur þá til kynna að ráðið áskilji sér rétt að skrifa þarna inn nýjan texta og báðir þessir kostir eru að einhverju leyti jafn gildir, þ.e.a.s. við þurfum þá að samþykka inn texta úr núverandi stjórnarskrá eða að samþykka inn texta sem ráðið kys að skrifa inn þar á eftir. Nú, í lokin eru tveir auðir kafla sem standa fyrir auðlindir og utanríkismál. Þetta eru þeir kaflar sem samsagt þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að við tökum fyrir og þeir eru þá settir þarna inn til marks um að við getum hugsanlega ákveðið að bæta við slíkum köflum og finna þeim stað síðar meir. Nú, ég hef ekki fleiri orð um þetta að sinni. Ég ítreka það að þetta er auðvitað... einhvers staðar verðum við að byrja og þetta er ákveðin leið til þess að geta hafist handa. Við getum þá alla vega... Við erum þá með einhvern strúktúr, einhverja beinagrind, og getum þá tekið ákvörðun um, síðar meir, hvort við kjósum að breyta henni algjörlega upp á nýtt. En þetta var sú málamiðlun sem við féllumst á í nefndinni og ég vona að ráðsfundur taka í hana vel. Takk fyrir.

SN
Takk. Eiríkur Bergmann Einarsson.

EBE
Já. Formaður. Kæru félagar. Pawel fór nú ágætlega yfir þessa málamiðlun sem að við duttum niður á, þarna í gær eftir ansi mikla, eftir ansi mikla umræðu og ég vil ítreka það að þetta er ekki draumaniðurstaða eins né neins. En veruleikinn er þessi, að ef við ætlum að ná sátt í málinu og komast að sameiginlegri niðurstöðu um þann útgangspunkt sem við ætlum að byrja út frá, að þá sé ég enga aðra leið heldur en þessa. Það hafa verið uppi hugmyndir um að setja þetta fram með öðrum hætti, sem er einfaldlega sá að við myndum notast við dálkaskipulega, þar sem við værum með núverandi stjórnarskrá í fyrsta dálki og svo bara fyrirsagnir, auðar fyrirsagnir, í næsta dálki og að samanlögðu væri það þá okkar grunnskjal. En það er í rauninni það sem við erum með í höndunum. Stjórnarskráin mun ekki verða til í dálkum og þess vegna getum við ekki notað dálka sem okkar formlega grunnskjal. Það er hins vegar alveg sjálfsagt að hugsa það með þeim hætti og það er sjálfsagt að setja það fram á vefnum okkar þannig, að við séum að vinna inn í slíkan dálk jafnóðum. En skjalið verður eiginlega að vera heildstætt. Og þá er hugmyndin einfaldlega sú að það eru settir fram undir hverja einustu fyrir-sögn í núverandi stjórnarskrá, að viðbættum þessum heitum sem að eru í þingsályktunartillögunni og við eigum að taka tillit til og ekki eru undir heitum núverandi stjórnarskrár – það eru raunar ekki nein heiti í núverandi stjórnarskrá, þannig að við höfum þurft að setja þau inn – að þar eru alltaf tveir valkostir og þessir valkostir eru báðir jafn rétt háir. Það er annars vegar valkostur A, sem er núverandi stjórnarskrá, – og þeim ákvæðum má auðvitað öllum breyta og raða með öðrum hætti – og svo valkostur B, sem er einfaldlega autt blað eða „Ný ákvæði“ eins og það heitir. Og ég held að við getum ágætlega unnið út frá þessu.

Ég held að það væri í það minnsta mjög slæmt ef við myndum fara af stað í einhverjum ágreiningi um þessi mál. Mér hefur reyndar fundist og sagði það í nefndinni í gær, að þetta eru eiginlega gagnstæðar

hugmyndir: annars vegar að ganga út frá núverandi stjórnarskrá, þar sem að baráttan mun ganga út á að taka hluti út, eða byrja með autt blað, þar sem að vinnan mun ganga út á að setja hluti inn; það er ólík aðferðafræði. Og kannski væri eðlilegast að það yrði einfaldlega valið á milli þessara tveggja kosta hér í ráðinu. En þá er á hitt að líta, sem er alveg rétt hjá Pawel, að í starfsreglunum segir að það þurfi ekki nema fimm tung fulltrúa til þess að fara fram á annan valkost heldur en þann sem að meirihlutinn kys að hafa inn í grunnskjalið. Þannig að það þarf ekki nema fimm til þess að setja núverandi stjórnarskrá þar inn. Kannski þeir hafi svo vélað um í þeim tilgangi, ég veit það nú ekki og ég efast nú um það. En, samsé, ég veit að það eru margir ósáttir við þessa niðurstöðu og ég er það í sjálfu sér líka. Ég kem ekki auga á aðra betri og get vel unað við þessa og mæli eiginlega eindregið fyrir því að við einfaldlega bara samþykkjum þetta og förum að tala um efnisatriði stjórnarskrárinnar frekar heldur en að standa í stappi um formsatriði. Takk.

SN
Já, ég þakka Pawel og Eiríki fyrir að útskýra tillögu starfshópsins. Og þá er orðið laust um þessa tillögu. Og Illugi Jökulsson er næstur á mælendaskrá.

IJ
Já. Ég ætla nú að hafa þetta stutt. Ég er algjörlega á móti því að það sé gengið á einhvern hátt út frá núverandi stjórnarskrá, jafnvel þó bara í vinnuþlaggi sé. Ég held að við öll séum hingað komin til að semja nýja stjórnarskrá, ekki til að bæta upp á þá gömlu, sem er stórkostlega gölluð og það vitum við öll. Og ég held að það sendi kolvitlaus skilaboð um okkar starf út í samfélagið, ef að það litur út fyrir að við séum að fara að tjasla upp á þetta gamla, ónýta þlagg. Og við eigum ekki að vera hrædd við autt blað. Við höfum öll staðið frammi fyrir auðu blaði oft um ævina og tekist alveg þrýðilega, trúi ég, að fylla það. Þannig að ég ætla bara að lýsa mig algjörlega andvígum því að núverandi stjórnarskrá sé notuð í þessum tilgangi. Mér finnst að við eigum að byrja með efnisyfirlit og ekkert annað. Takk.

SN
Katrín Oddsdóttir er næst á mælendaskrá.

KO
Já. Kæru vinir. Ég held að það gæti orðið svolítið vandamál að vinna með þessa tillögu vegna þess að þegar við komum með breytingartillögur, á maður þá bæði að breyta valkosti A og valkosti B? Og er það ekki tvíverknaður að vera alltaf að hugsa: hvernig er þessi nýja efnislega tillaga okkar viðbót við núverandi stjórnarskrá og hvernig er hún ný? Ég hallast að því sem Illugi segir að við eigum að byrja með autt blað og efnisyfirlit út af þessu praktíska atriði, sem að... Ég skil samt ykkar niðurstöðu og málamiðlun en ég held að við gætum sæst á það, til þess að við séum ekki að ganga gegn neinu og þetta sé sem víðast sátt okkar í meðan, að við höfum alltaf gömlu stjórnarskrána til samanburðar, að hún sé alltaf líka til samanburðar á skjánum. Þannig að þegar við að erum að sýna okkar áfangaskjal, sem ég legg til að verði núll-skjal svokallað – ég er búin að finna upp þetta frábæra orð – það er

bara autt blað og kannski efnisyfirlit (varla! [hlær]), þá held að við getum alltaf sýnt hina stjórnarskrána og þannig er myndræni þátturinn og samanburðarmöguleikinn algjörlega varðveittur. Og þannig held ég að við getum sætt þessa tillögu þannig að við getum í raun og veru unnið áfram án þess að þurfa alltaf að vera að breyta einhverju tvennu og til þess að halda algjörlega í heiðri því hvernig þetta er núna. Takk.

SN
Þórhildur Þorleifsdóttir.

ÞÞ
Já, ég verð nú eiginlega bara að taka undir orð Katrínar, að annar möguleikinn þurfi ekki að útiloka hinn og það sé hægt að líta, þó ég hafi þá skoðun að við þurfum að gera afskaplega margt frá grunni og líklega flest, að þá sé lítið á það bara sem þjónustu við þá sem hugsanlega færu inn á vefinn, að þeir hefðu gömlu stjórnarskrána til að lesa en við værum kannski fyrst og fremst að vinna í hinu skjalinu og mundum ekki gera breytingar á gömlu stjórnarskránni. Við mundum ekkert vera að færa þær inn í jafnóðum. Auðvitað væri svona upplýsingaplagg til þess að hafa með og ef það væri eitthvað það sem við vildum flytja yfir í skjalið, þá myndum við bara gera það en hún stæði svona eins og upplýsingaplagg við hliðina.

SN
Pawel Bartoszek er næstur.

PB
Já. Þetta eru allt góðar hugmyndir hjá samráðsfulltrúum mínum en ég biðla til þeirra að þeir kynni sér þá þær starfsreglur sem við samþykktum á síðasta fundi. Og svo ég ítreki þær aftur: „Ráðsfundur ákveður svo fljótt sem auðið er hvernig hefja skuli undirbúning frumvarps til stjórnarskipunarlagana.“ Þannig að við þurfum með þá autt blað sem er þá hugsanlega autt frumvarp sem mundi þá þýða að við mundum ekki gera neinar breytingar á stjórnarskrá eða að við mundum byrja með autt blað sem er þá frumvarp um að allar greinar núverandi stjórnarskrár falli á brott. Nú, ég ítreka aftur það sem stendur næst þar á eftir: „Í áfangaskjalinu hverju sinni geta verið valkostir um einstaka greinar eða kafla enda njóti valkostur stuðnings fimmtungs ráðsfulltrúa hið minnsta.“ Þannig að þó svo að menn vilja að standi alls ekkert í grunnskjalinu um gömlu stjórnarskrána, þá er það einfaldlega veruleikinn að ef það er vilji fimmtungs ráðsfulltrúa að það komi þar fram, þá mun það vera. Og menn geta auðvitað fundist það vera vond niðurstaða til að byrja með en þannig er veruleikinn ef að fimm ráðsfulltrúar vilja hafa það með þeim hætti. Ég hef ekkert við þetta að bæta.

SN
Eiríkur Bergmann Einarsson.

EBE
Já, ég vil fyrst segja það að ég er í hjarta mínu algjörlega sammála Illuga og Katrínu og Þórhildi um þetta mál en ég óttast að Pawel hafi hins vegar rétt fyrir sér. Það þarf ekki nema fimm fulltrúa til þess að setja inn á þetta auða blað alla gömlu stjórnarskrána. Og þess vegna

erum við bæði með gömlu stjórnarskrána og hið auða blað. Það er hvoru tveggja þarna inni. Það sem ég var að reyna að segja áðan er að formsins vegna þurfum við að leggja þetta svona fram í svona Word-skjali en ég bið ykkur um að hugsa þetta sem tvo dálka þarf sem við erum annars vegar með gömlu stjórnarskrána, bara sem viðmiðun, og í hinum dálknum, sem að við erum þá að vinna inni í, þar eru bara kaflaheiti og ekkert annað. Það er hinn auði dálkur. Og þannig held ég að ósk mín, Illuga, Katrínar og fleiri hér inni um að vinna með hið auða blað, sé varðveitt og hún sé þar inni, þó svo við verðum auðvitað að setja það fram í heildstæðu skjali, samkvæmt þessari hugmyndafræði að alltaf sé til á hverjum tíma í þessu hindrunarferli eitthvað sem getur staðið sem heilstæð stjórnarskrá, þó að við eigum eftir að breyta því. Þannig að veruleikinn er einfaldlega sá, að ef við myndum, meirihluti ráðsins hérna, ákveða að byrja með autt blað, í atkvæðagreiðslu sem hér færi fram um slíka tillögu og Pawel myndi leggja til að valkosturinn við það auða blað væri núverandi stjórnarskrá og fengi fjóra aðra með sér í lið til þess, að þá myndum við enda með nákvæmlega sama blað og er hér á borðinu fyrir framan ykkur. Takk.

SN
Næstur talar Gísli Tryggvason.

GT
Já. Formaður. Kæru ráðsfélagar. Hérna takast á róttækar hugmyndir og íhaldssamar og ég er nú eiginlega beggja blands hvar ég stend í þessu máli og hef nú ekki mjög sterkar skoðanir á þessu, sterkari skoðanir á því sem við ræðum á eftir, um nefndaskipan. En ég velti upp fyrst... það er kannski þingsályktunartillagan, þingsályktunin um skipan stjórnlagaráðs er svolítið tvisaga. Hún segir, eins og Pawel nefndi í upphafi, að stjórnlagaráð skuli skipað til þess að gera breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins en síðan segir undir lokin að tillaga stjórnlagaráðs skuli berast Alþingi í formi frumvarps til stjórnarskipunarlagana. Það er ekkert útilokað að það frumvarp sé um nýja stjórnarskrá, þó að hefðin hafi hingað til verið að breyta tilteknum greinum. Þannig að kannski höfum við eitthvert val. En mig langar að leggja fram málamiðlun sem að tengist efnisþættinum sem við ræðum á eftir, þ.e.a.s. nefndaskipan. Kannski getum við verið, eins og Pawel er að rökstyðja, íhaldssöm þegar við erum að ræða um áfangaskjalið og gengið út frá gildandi stjórnarskrá. Það er þrátt fyrir allt stór hluti þjóðarinnar sem að þekkir eða á kost að þekkja þann grunn og hvað sem róttækni líður, þá erum við bundin af því sem grunnskjali ef að ekkert kemur út úr þessu. Þannig að ef að það er grunnurinn í áfangaskjalinu, þá getum við kannski verið róttækari í nefndaskipaninni og verið svolítið óbundnari af stjórnarskránni þar. Þannig að við byrjum svolítið með autt blað í nefndaskipan og skipum þar málum svolítið óháð efnisyfirliti eða kaflaskiptingu stjórnarskrárinnar. Ég vona að þetta skiljist samilega. Semsagt, ég hallast orðið að tillögu Pawels um gildandi stjórnarskrá, þó að ég hafi eiginlega verið í róttækari hópnum í upphafi, að byrja með autt blað. En þarna má kannski miðla málum. Takk.

SN
Pawel Bartoszek er næstur á mælendaskrá.

PB

Já. Bara út af því að ég gleymdi að svara Katrínu Oddsdóttur áðan um hvernig við værum að hugsa þetta þegar kæmi að því að breyta, þá verður það nú væntanlega þannig að einhvern tímann á tímabilinu tekur ráðsfundur ákvörðun um hugsanlega hvor af þessum tveimur kostum sé ráðandi kostur sem við vinnum með. Og þannig að einhverju leyti var maður kannski líka að hugsa að það er kannski stærra ágreiningsefni í upphafi hvort það sé 60 eða 40 prósent sem við erum að henda, því ég held að þegar við erum komin á einstaka kafla, þá veit ég alla vega um nokkra kafla sem menn eru kannski tiltölulega sáttir við að séu góðir og líka aðra kafla sem menn eru tiltölulega sáttir við að mætti endurskrifa. Þannig að ég held að ef við bútum þetta niður í smærri hluta, þá verður aðeins auðveldara að taka efnislega ákvörðun um þessi atriði.

SN

Katrín Fjeldsted er næst á mælendaskrá.

KF

Formaður og félagar. Ég hef á tilfinningunni að við einblína á rammann en ekki á myndina, kannski af því að ég er róttækur íhaldsmaður, svo ég noti nú orðalag Gísla Tryggvasonar, þá sá ég fyrir mér að nefndirnar hefðu miklu rýmri möguleika á að ráða vinnubrögðum sínum. Ég sá fyrir mér, þegar maður átti að vera að tala um dálka, að við værum með núverandi stjórnarskrá í einum dálki og auðan fyrir okkur. Síðan má ekki gleyma því að í ítarlegri skýrslu, sem við fengum í hendur frá stjórnlaganefnd, eru tveir valkostir í viðbót um nýja stjórnarskrá. Og ég sæi fyrir mér dálka með þessum valkostum líka. Ég er ekki tilbúin að taka afstöðu til þess núna hvernig ramminn eigi að vera. Mér finnst þurfa fyrst að vinna efnið, sjá hvernig efnið fellur að gömlu stjórnarskránni, valkostunum í skýrslu stjórnlaganefndar og þeim hugmyndum sem að eru ríkjandi innan þessa hóps, og þá fyrst geti maður lent þessu máli á einhvern vitrænan hátt.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson er næstur.

VP

Já, formaður og góðir ráðsfélagar. Þetta er eiginlega tvískipt mál: Annars vegar bara framsetningin á því sem við erum að gera á vefnum, sem að getur verið með ýmsum hætti og við eigum bara að hafa sem skýrasta að sjálfsögðu, t.d. þannig að fólk eigi auðvelt með að sjá núverandi stjórnarskrá til hliðar við það sem að við erum að kokka upp hverju sinni og við eigum að keppa að því að það verði sem aðgengilegast og skýrast. Hins vegar erum við að tala þá um efnisatriði, þ.e.a.s. hvaða meginskjal er það sem að við notum sem byrjun, fyrsta áfangaskjalið, og er í raun og veru viðfang nefndastarfsins frá upphafi. Og hugmyndin í starfsreglunum er eiginlega sú að það er eitt megin-skjal eða ein meginlína og svo eru valkostir við þetta meginskjal. Þannig að nefndirnar eru alltaf að vinna með meginskjalið og síðan eftir atvikum valkostina og þær geta tekið burt valkosti eða bætt þeim við eða eftir hendinni. Þannig að ég held að það í raun og veru allir rétt fyrir sér í þessu, þ.e.a.s. það er alveg rétt hjá Pawel

að það er ekkert sem varnar því í reglunum og í raun og veru getur bara verið skynsamleg byrjun að núverandi stjórnarskrá sé alltaf inni sem valkostur í hverjum lið, þó að meginskjalið sem slíkt sé efnisyfirlitið. Eða öfugt, ef að við viljum það frekar, að megin-textinn teljist vera núverandi stjórnarskrá en valkosturinn sé tómir paragrafar. En ég held samt að við þurfum hugsanlega að taka afstöðu til þess hvort er megin-textinn til að byrja með, aðaltextinn, hvort er valkostur. Við erum eiginlega ekki... Hugmyndin í starfsreglunum er ekki sú að þar séu bara tveir valkostir og enginn megin-texti. En auðvitað er það síðan þannig að nefndirnar geta tekið á við þetta og þær byrja strax í sínum störfum að vinna með þennan leir, ef svo má segja, og þær geti, eins og ég segi, breytt texta, bætt við valkostum eða tekið út. Og svo vildi svona almennt segja bara í þessu nefndastarfi sem fer í hönd og starfinu við áfangaskjalið, þá eigum við ekki að vera hrædd við að gera breytingar á áfangaskjalinu, þess vegna dálítið djarfar og róttækar og leyfa því að spila fram og til baka. Það gefur þjóðinni möguleika á að sjá mismunandi varianta og gefa athugasemdir á það. Og við eigum, eins og ég segi, ekkert að vera feimin við það að breyta aftur einhverju sem við höfum þó fyrr sett fram. Takk fyrir.

SN

Takk fyrir. Eiríkur Bergmann er næstur.

EBE

Já, örstutt. Ég ætlaði bara aðeins að svara Katrínu Fjeldsted. Þín hugmynd um að setja þetta upp með þeim hætti sem þú nefndir, það er ekkert í þessu sem að útilokar að við gerum það og í rauninni gerir þessi hugmynd ráð fyrir því að við getum sett það fram með þeim hætti, að það er núverandi stjórnarskrá, fyrirsagnirnar bara hráar, valkostir A og B hjá stjórnlaganefnd. Það er ekkert mál að setja hlutina þannig fram. Það er hins vegar vinnuskjal. Það getur ekki verið áfangaskjal. Það er okkar vinnuskjal. Þannig að með því að samþykkja, þá er fullkomlega hægt að gera það sem þú ert að tala um og ég sá það nákvæmlega þannig fyrir mér.

Varðandi þetta með áfangaskjalið, þá er talað þar um skjal og valkosti. Og þetta skjal er nákvæmlega þannig. Hér eru bara fyrirsagnir, svo er valkostur A, þ.e. greinar nógildandi stjórnarskrár undir viðkomandi heiti, og valkostur B, sem eru þá ný ákvæði. Það er ekkert mál að setja inn valkost C, D og E, ef að menn svo kjósa. Þannig að í skilningi Vilhjálms á áfangaskjalinu, þá er megin-textinn kaflaheiti stjórnarskrárinnar og ekkert annað; svo kemur valkostur A, með greinar nógildandi stjórnarskrár og greinar B, sem eru ný ákvæði.

Nú erum við komin inn í miðjan apríl og við þurfum að fara að ræða hvað eigi að vera í þessari stjórnarskrá frekar en hvernig við ætlum, út frá því hvað við ætlum að vinna það... Ég held að með þessu skjali hérna sé sjónarmiðum allra til haga haldið án þess að hin efnislega vinna sé á nokkurn hátt bundin af því eða nefndirnar, sem fara að vinna, geti ekki sett fram þær tillögur sem þær sjálfar kjósa að setja fram. Þannig að ég endurtek það aftur: Leikum ekki frekari biðleiki, heldur klárum bara þetta mál og byrjum að vinna að því að skrifa nýja stjórnarskrá.

SN
Þórhildur Þorleifsdóttir er næst á mælendaskrá.

ÞÞ
Ég verð nú bara að viðurkenna að þetta vefst örlítið fyrir mér hvað er vandamálið. Ég get ekki betur séð en að eitthvað sem við köllum áfangaskjal hljóti fyrst að vera fyrirsagnir, sem síðan verður bætt inn í og síðan séu hinir möguleikarnir með. Mér finnst alveg sjálfsagt, eins og Katrín Fjeldsted nefndi, að hafa upplýsingar frá stjórnlaganefndinni líka. Það er mjög aðgengilegt fyrir fólk að geta þá kynnt sé marga kosti, ekki sist ef þarf að kaupa fyrir 23.000 kr. Þá skýrslu. (Ég vil nú aðeins minna á orð sem ég heyrði í útvarpinu núna fyrir nokkrum nóttum hvort það væri ekki hægt að lækka þetta verð svoleiðis að einhverjir gætu keypt sér þessa bók. En það er ekki viðfangsefni okkar.) En við getum alveg sagt að það sé þá út af fyrir sig teoretískur möguleiki ef að það yrði niðurstaðan. Nú er ég bara að taka dæmi sem ég býst ekki við að verði ofan á en ef að mál æxluðust þannig, þá gætum við tekið alla stjórnarskrána núverandi eins og hún leggur sig og flutt hana inn í áfangaskjalið ef að það væri, skiljið þið, niðurstaðan. Þannig að ég sé ekki að það setji núverandi stjórnarskrá neitt til hliðar að hún sé einn af þeim kostum sem verið er að vinna með. En að okkar vinna hljóti að vera... [frammíköll] Já, ég er að segja að ég skil nefnilega ekki alveg um hvað málið snýst. Ég skil ekki um hvað er deilt, fyrirgefði. Ég bara verð að viðurkenna að ég átta mig ekki á því.

En svo ætla ég bara að segja eitt í viðbót – fyrirgefði, og þið bara útskýrið þetta fyrir mér – að mér finnst að við eigum að varast þínulítið stimplanir eins og einhver sé „róttækur“ og einhver sé ekki „róttækur“. Við erum kannski bundin af hefðbundnum skilningi þessara orða, þó að orðið „róttækur“... orðið skýrir sig sjálft, þetta er mjög gagnsætt orð. En við vitum orð verða gildishlaðin af því þau eru notuð í vissu samhengi og alveg eins og ég veit að það hefur verið aðeins sorterað hver væri hvar pólitískt í þessum hópi, sem að ég t.d. bara frábið mér að vera sett í þannig flokka. En bara upp á að greiða fyrir alla umræðu, að við forðumst svona stimplanir hvert á annað: þú sért svona og svona og þú ert svona og svona. Takk fyrir.

SN
Örn Bárður Jónsson er næstur á mælendaskrá.

ÖBJ
Formaður og systkin. Ég tók nú þátt í umræðum í starfshópnum í fyrradag um tíma og þá var nú ýmislegt uppi og maður sveiflaðist til og skipti oft um skoðun. Til að reyna að finna einhvern flöt á þessu: Auðvitað er það einhvern veginn flottast ef við byrjum með autt blað eða fyrirsögnum og það er okkar vinnuþag og það er okkar áfangaskjal sem breytist á hverjum tíma. En ég er ítrekað búinn að auglýsa eftir því að sem vinnuþag í þessari vinnu, þá verði útbúin fyrir okkur svona sýnópsa, þar sem við sjáum í breiðu skjali í mörgum dálkum núverandi stjórnarskrá, tillögu A og B, sem sagt stjórnlaganefndar og þess vegna ýmsar aðrar stjórnarskrár. Við séum kannski með svona eins og tíu dálka. Og þá getur maður bara borið saman: bíddu, hvað er sagt um dómsmál í þessu? Þá sér maður það bara svona í landscape – fyrirgefði

sletturarnar – þá sér maður það bara svona á lárétttri línu og getur rakið sig í gegnum það fljótt og er þá fljótur að vinna svona. Það er vinnuþag. Mér finnst, með þessu þaggi hérna og tillögu Pawels og Eiríks, að þá er verið að blanda saman vinnuþagginu, þ.e.a.s. verkfærinu sem er þá einhver texti, einhver gamall texti, og síðan blaðinu sem við erum að skrifa. Þannig að ég tek undir með Illuga, að við skrifum okkar stjórnarskrá og við gætum t.a.m. byrjað það skjal með því að hafa fyrirsagnirnar úr þingsályktuninni þar sem okkur eru falin tiltekin verkefni. Okkur er fyrirskipað að fara í tiltekna þætti og við getum bara listað þá upp, svo veljum við einn þátt úr því og byrjum þar. Og byrjum svolítið kröftuglega og fáum þjóðina til samstarfs og samtals um þann þátt. Og þá er komið stöðuskjal. Þetta getur gerst bara svona. Fer af stað í hvelli. Semsagt: autt blað en fljótlega kemur inn á það t.d. þessi verkefni. Og svo bara þetta að enginn er eyland, við erum auðvitað afurð og lifum við núverandi stjórnarskrá o.s.frv. þannig að við höfum það til viðmiðunar.

SN
Vilhjálmur Þorsteinsson.

VÞ
Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég þakka Eiríki fyrir hans skýringar og ég skil hann þá þannig, að fyrirsagnirnar, sem eru hér í tillögunni að fyrsta áfangaskjali, þær eru í raun og veru megintextinn og síðan eru þá tveir valkostir þar undir. Og að fengnum þeim skýringum, þá er ég mjög sáttur við þetta fyrir mína parta og ég mundi styðja þetta sem fyrsta skjal sem málamiðlun. Og ég held að þetta er rökrétt eins og það þá lítur út með þeim skilningi.

SN
Porkell Helgason.

ÞH
Ég þakka. Formaður og góðir meðfulltrúar. Ég held að við séum að deila um keisarans skegg. Ég var í nefndinni sem að fjallaði um þetta í gær, eða starfshópnum, og styð að sjálfsögðu tillögu Pawels og Eiríks. Ég held að hún sé ágæt málamiðlun. Hún er svona hæfilega breið, þannig að allir geta fundið sig í henni. En ég held að við eigum bara að reyna að ýta þessu af stað, bíða og sjá hvornig Finnur útfærir þetta. Við erum að tala um hvornig við ætlum að leggja skjalið fyrir þá sem að fara inn á vefinn og skoða okkar starf, sjá hvert við erum komin. Þannig að þetta er meira framsetningaratriði heldur en efnisatriði. Þannig að ég legg til eindregið að við samþykkjum þessa tillögu, verðum kannski tilbúin til að breyta síðan eftir eina eða tvær vikur þegar við erum aðeins búin að fá rennsli á þessu en eyðum ekki miklum tíma í þetta.

Varðandi það sem að séra Örn Bárður var að nefna, svona samanburður á hugmyndum A og B: Ég hef verið að dunda mér við þetta á kvöldin, sendi ykkur þetta fyrir klukkutíma. Einhverjir segja að það hafi vantað viðhengi, þannig að þið fáið þetta þá í kaffipásunni á eftir. Takk fyrir.

SN
Takk. Þá er það Eiríkur Bergmann.

EBE

Fyrirgefðu hvað ég kem oft hérna inn. Ég ætlaði bara að benda Erni Bárði [vegna] hans athugasemda, að tillagan sem hann lagði fram er eiginlega alveg nákvæmlega sama tillaga og okkar. Það er okkar tillaga: það eru efnisatriði, svo er valkostur A og valkostur B og það getur verið hvaða valkostur sem að mönnum dettur til hugar en það var náttúrulega ekki hægt að setja það allt inn í þetta skjal. Og síðan er vinnuskjalið sem að Þorkell talar um er annað mál. Þannig að eins og ég skil málið, þá er tillaga Arnar Bárðar sama tillaga og við erum nú þegar búinir að leggja fram.

SN

Pawel Bartoszek.

PB

Já, kærur vinur, takk fyrir góðar og frjóar umræður. Nokkuð sem mig langaði kannski að koma inn á. Katrín, ég er innilega sammála þér varðandi rammann og að við ættum fyrst að kíkja á innihaldið áður en að við skoðum það. Vandinn er hins vegar sá, að við samþykktum hér að fara í þetta með ákveðinni ýtunarvinnuáðferð, sem ég var – nota bene – ekki hrifnastur manna af. En í reglunum stendur: „Ráðsfundur ákveður svo fljótt sem auðið er hvernig hefja skuli undirbúning frumvarps til stjórnarskipunarlagaskjal þad sem til verður.“ Þannig að okkur eru bundnar hendur hvað þetta varðar. Að mörgu leyti er þetta kannski óheppilegt. Kannski sýnir að einhverju leyti þessi umræða að heppilegra hefði verið að byrja bara á efninu og síðan, þegar við hefðum [verið] komin af stað, þá hefðum við raðað þessu saman í skjali sem verður til, því að kannski verðum við ekkert svo ósam-mála um svo rosalega margt annað þegar á hólminn er komið. En þetta er tilraun til að uppfæra og uppfylla þær reglur sem við höfum okkur sjálf sett. Nú, sama um allar athugasemdir varðandi dálka og allt það. Það er einungis myndræn framsetning á því sem til verður. Það er ekkert mál að láta færara fólk en okkur í tölvumálum útfæra það með góðum hætti. Hins vegar verðum við að uppfylla þann ramma sem við höfum okkur sjálf sett og sá rammur sem við búum til með millifyrirsögnum og valkostum, hann uppfyllir þann ramma reglna sem við höfum sett okkur sjálf á seinasta fundi. Takk.

SN

Ómar Ragnarsson næstur.

ÓR

Já, ég minnst á það í ávarpinu á fyrsta fundinum okkar að jafnvel þó við gerðum ekkert annað heldur en að taka núverandi stjórnarskrá og stokka hana upp, raða henni þannig að það yrði meiri samfella í henni, gera úr henni rithöfundarverk sem lyti einföldum lög-málum ritverks, sem hún gerir alls ekki, að þá væri það ærið verk fyrir okkur og gott. Ég lít kannski á núverandi stjórnarskrá eins og – ég er svolítill í þróta-fréttamaður í mér ennþá: það heitir „samhliða svig“, þá fara margir niður sömu brekkuna, hver með sinni aðferð; við getum kannski kallað „samhliða sund“ – við getum litið á stjórnarskrána svona eins og afi gamli hafi farið þarna niður og er búinn að gera þetta í 70 ár eða 60 og eitthvað ár. Og hann er búinn að fara

alls konar vitleysu en hann hefur nú komist alla leið samt. En hann er búinn að fara út og suður og þurfti að sleppa hliði og fara aftur. Þegar maður les stjórnarskrána, þá þarf maður að fara aftur á bak og áfram í þessari braut. Og ef þetta er sund, þá er þetta skriðsund og baksund og allt þetta. Ég sé fyrir mér, alveg eins og Illugi, að það sé höfuðatriði að það sem við ætlum að gera, við höfum hliðsjón af því sem afi var að gera, það sem að hann gerði flott og þar sem að hann datt á rassinn og allt þetta. Ég er meira að segja með mynd í smíðum, búinn að vera núna í 15 ár sem átti að vera heimildamynd um það þegar að fyrst var farið á vetrarólympíuleikana í Sviss og hún átti að heita þegar afi datt á rassinn. Það var alveg stórkostlega fyndið að sjá þetta. Og við ætlum að fara niður þessa braut og reyna að læra af því sem að við sjáum í brautinni við hliðina á okkur, ef við höfum yfirsýn yfir það hvernig stjórnarskráin er núna, og ætlum að gera þetta eins vel og við getum og gera úr þessu flott skjal. Og þess vegna tek ég undir það að jafnvel þó að við sjáum öll mistök afa og það sem hann gerði vel og það sem hann gerði illa og það að hann skrönglaðist í mark, að jafnvel þó við sjáum það – hann datt nú reyndar illilega á rassinn, núna bara alveg í markinu – sem að við erum að fara að byrja á nýju rennsli. Við þurfum að finna hvar við förum skriðsund, hvert er best að fara baksund eða fara í einhverja stíla: svig, stórsvig eða brun – höfum bara áfram skíðabrekkuna. Mér finnst höfuðatriði að okkar ferð þarna niður, að það sé aðalatriðið. Hitt er bara til hliðsjónar, til að læra af og einhverjar aðrar aðferðir sem menn koma og segja: Nú eigum við að fara skriðsund hér en ekki baksund. Aðalatriðið er þetta: þetta sé aðalskalið. Ég tek undir það. Menn geta haft svo ýmsar aðferðir til þess. Við höfum hitt til hliðsjónar. Þetta mun reynast okkur þar farsælast, held ég. Takk.

SN

Lýður Árnason næstur á mælendaskrá.

LÁ

Kærur vinur og félagar. Ráðsfólk. Eins og ég skil þetta, þá er þetta í raun og veru tveggja dálka tillaga: Annars vegar gamla stjórnarskráin, sem er grunnskjal og það er eiginlega ekkert í mínum huga beint skoðun, heldur staðreynd, að það náttúrulega grunnskjal sem við erum með og það er það skjal sem við ætlum að breyta. Hitt er svo þetta auða blað sem við höfum svoltið frjálst val með. Og ég held að það sé bara ofsalega skemmtilegt fyrir fólknið þarna úti, þjóðina, að fylgjast með hvernig við fikrum okkur frá stjórnarskránni eða aftur að henni eða látum það eiga sig og höfum sumt óbreytt. Ég held að það sé bara mjög skemmtilegt form einmitt svona, plús það að þetta sættir alla. Ég hugsa að við verðum kannski meira upptekin af auða blaðinu. Það er okkar verk að skrifa nýja stjórnarskrá. En það, held ég, gaman og gott fyrir þjóðina að hafa samt gömlu stjórnarskrána þarna í sem grunnskjal og fróðlegt að sjá hvernig við teygjum okkur að og frá. Þannig að ég legg nú eiginlega bara til að við förum nú að tala um nefndirnar, sem er nú miklu stærra mál. Og ég get ekki séð að þetta grunnskjal eða framvinduskjal, að það trufla nokkuð nefndavinnuna eitt né neitt. Við getum haft þær fyrirsagnir alveg eins og okkur sýnist. Þannig að þetta er eiginlega bara þessi sýnilegi vinkill

út til þjóðarinnar, þannig að ég legg bara eindregið til að við samþykkjum þetta sem fyrst. Takk.

SN
Erlingur Sigurðarson

ES
Já, góðir félagar. Ráðsmenn og ráðskonur. Mér lýst illa á þessa umræðu núna, hvernig við erum að tala um form og aðferðir, ekki efnið. Ég vil taka undir með Ómari, að við verðum að horfa á heildina og það er ekki efnileg... útkomið í skrifum en ætla að horfa alltaf á smáu miðana. Það verður að raða þeim saman og hafa heildina. En að miða þetta við tölvuskjáinn, möguleika hans, þá vantar yfirsýnina og við megum ekki láta þetta gerast í þá veru, að miða við ímyndaðar vinsældir á vefnum. Það verður málefnið sem við erum að ræða um hvernig sigli í. Og auðvitað [þegar] við erum að tala um áfangaskjal, þá verð ég að segja, mér finnst það ekki eiga við að setja gömlu stjórnarskrána þar inn í vegna þess að... það er grunnskjal. Hún er það vissulega. En látum ekki þetta grunnskjal eða áfangaskjal hafa alltof mikil áhrif á þetta. Við skulum skrifa efnið. Og þetta er eins og bútasumur sem verið er að tala um en ég vil vefa heila voð. Takk.

SN
Arnfríður Guðmundsdóttir er næst á mælendaskrá.

AG
Já, formaður. Kæru ráðsfulltrúar. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið en [ég] var semsagt í þessari nefnd eða þessum starfshópi í gær og var stuðningsmaður þeirrar tillögu að byrja á auðu skjali. En ég held að auðvitað bara liggur það í hlutarins eðli að við erum með núverandi stjórnarskrá alltaf við hliðina. Þannig að ég vil bara tala eins og þau hin sem voru með mér í þessum starfshópi fyrir þessari leið. Þetta er, eins og hefur verið margoft bent á, þetta er í rauninni autt skjal sem að er með fyrrisögnum og hitt eru valkostir. Og valkosturinn er hvort sem er stjórnarskráin sem að við erum hvort sem er alltaf með til hliðsjónar. Þó að við séum ekki endilega að endurskrifa þann texta, þá erum við alltaf að spegla okkur í honum. Þannig að ég vona það að við getum samþykkt þessa tillögu og ef, síðar meir, við komumst að því að hún er okkur til trafala, að þá séum við tilbúin til að endurskoða hana, ef að þetta sé byrjunarpunktur sem að sé góð málamiðlunarleið. Takk.

SN
Illugi Jökulsson.

IJ
Rétt, af því að ég tók nokkuð sterkt til orða hér áðan, þá hefur mér sýnst, eftir því sem málið hefur verið útskýrt betur, að ég hafi kannski tekið aðeins of sterkt til orða og hið auða blað njóti þarna alveg tilhlýðilegrar virðingar. Og ég dreg því andstöðu við þessa tillögu til baka og mun sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

SN
Þá er mælendaskrá tæmd. Og það var einmitt von okkar í stjórninni að við gætum afgreitt þetta mál á þessum fundi, að við frestuðum ekki endanlegri afgreiðslu

til næsta fundar. Og ég skynja það svona kannski að það sé stemning kannski til þess að afgreiða það af fundarmönnum, þannig að þá er hún borin upp, tillaga hópsins, starfshópsins. Og þeir sem eru fylgjandi rétti upp hönd. Þeir sem eru andvígir rétti upp hönd. Þá skoðast þessi tillaga samþykkt. Og þá göngum við til...

[Úr sal]
Er ekki hjáseta?

SN
Jú, hjáseta. Já. En ég á eftir að fá tölurnar. Hérna, kannski við fáum þær, niðurstöðu. Já, við höfum breytt aðeins skráningu kosninga.

SN
Já, það var óskað eftir hjásetu. 15 segja já, 1 segir nei, 5 sitja hjá og 4 fjarverandi.

Nú, þá er síðara efnisatriði sem starfshópurinn tók til skoðunar og það var fjöldi nefnda og málefnaþing. Aðeins til að útskýra vinnulag næstu daga, að þá er hugmyndin sú að við skiptum okkur upp í þrjár nefndir og vinnum fyrir hádegi föstudag, mánudag og þriðjudag. Og þessar nefndar eru einfaldlega skírðar nefndir A, B og C og fólk bara dregur um setu í þessum nefndum. Þetta er hugmyndin um vinnulag næstu þrjá daga eða þrjá vinnudaga og síðan er fundur á þriðjudag eftir hádegi og þá tökum við afstöðu til endanlegra málefnaþingna nefnda. Og þá erum við búin að aðeins að svona hita okkur upp með því að vinna í nefndum. Og það vinna tvær nefndir hvern morgun, það er semsagt A- og B-nefnd á föstudag, B- og C-nefnd á mánudag og A- og C-nefnd á þriðjudag. En, semsagt, það kom tillaga og Þorkell Helgason ætlar að kynna niðurstöðu starfshópsins um málefnaþingningu milli nefnda. En þetta eru semsagt bráðabirgðatillögur og við munum ræða þær svo endanlega á þriðjudaginn. Hins vegar væri mjög gott ef við gætum gengið frá tölu nefnda í þessari umræðu í dag, það væri æskilegt. Einhver sem vill kveðja sér hljóðs um þetta? Silja Bára... Nei bíddu, fyrirgefðu. Gísli Tryggvason. Afsakið.

GT
Já, formaður. Kæru félagar. Ég tel ótækt að ákveða tölu nefnda áður en að málefni, sem eru til grundvallar, liggja ljós fyrir. Ég tel ekkert að því að skoða þingsályktun sem grundvallarskjal þegar málefni eru tekin fyrir vegna þess okkur er sérstaklega falið að fjalla um þau en í þingsályktuninni segir að stjórnlagaráð geti ákveðið að taka til umfjöllunar fleiri þætti en getið er að framan og hér eru vafalaust margar hugmyndir um slíkt sem að menn þurfa smá aðdraganda að því að leggja fram og ég held að það sé óheppilegt að ákveða tölu nefnda, hvað þá skipan, áður en þessi málefni eru komin fram og held að það ætti að gefa færi á því að halda sérstakan fund um það, enda barst tillagan ekki fyrr en á miðnætti í nótt. Takk.

SN
Silja.

SBÓ
Já, formaður og kæru félagar. Gísli sagði nú svona eiginlega það sem ég var að hugsa. Mig langaði bara eiginlega að fagna þessari tillögu sem að var verið að

setja fram munnlega, um að við myndum starfa saman í óformlegum nefndum og skildi orð formanns þannig að það yrði þá einmitt á þriðjudag rætt um fjölda og inntak nefnda. Og svona í ljósi þess, þá held ég að við verðum öll mun betur undir það búin á þriðjudag að hafa skoðanir á því hvaða málefni eigi að heyra saman í nefnd og hversu margar nefndirnar eigi að vera. Það eru svona, held ég alla veganna, skiptar skoðanir um þennan fjölda og þessi tillaga, sem að barst í gærkvöld, seint í gærkvöld, hún hefur ekki fengið mikla umræðu á tölvupóstinum og ég hef ekki heyrt mikið í fólki í dag um skoðanir á þessari skiptingu. Þannig að ég eiginlega leggst gegn því að við ræðum fjölda nefnda þangað til að við erum bara búin að fara í þetta bráðabirgðaskipulag sem var lagt til hérna rétt áðan. Þá bara hvet ég til þess frekar að við tökum það og tökum þetta mál fyrir á þriðjudaginn. Takk.

SN
Þorvaldur Gylfason.

ÞG
Já, formaður. Virðulegu fulltrúar. Við erum hér til að gera tillögur að nýrri stjórnarskrá í boði þjóðar og þings. Þess vegna tel ég það brýnt að við hefjum sem fyrst lifandi samræðu við þjóðina um efnisatriði nýrrar stjórnarskrár. Og ég legg það til, sem verklag handa okkur, að við forgangsroðum efnisatriðum þannig að þjóðin fái boð frá okkur innan tíðar um þann texta, t.d. um auðlindamál, í samræmi við hugmyndir þjóðfundar og stjórnlaganefndar sem við teljum að muni liggja nálægt endanlegri tillögu okkar þegar upp verður staðið. Og þá getur þjóðin skoðað textann og rætt hann við okkur, hvort heldur á vefnum eða þá á öðrum vettvangi. Og ég tek eftir því að í þeirri tillögu að skipan í þrjár nefndir sem fjalla um þau átta atriði, sem þingsályktunartillagan felur okkur að fjalla um auk annars, að þar fellur undir nefnd A liðurinn umhverfismál og þ. á m. um eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda.

SN
Ég ætla aðeins á stoppa hérna. Við erum ekki... Við þurfum eiginlega að fá kynningu á tillögunni fyrst áður en við tökum hana til umræðu.

ÞG
Ég skil en ég held að...

SN
Af því að það var verið að mótmæla forminu hérna áðan.

ÞG
Já, ég held að ég þurfi samt að fá að ljúka setningunni. Ég legg það til að í samhengi við þetta verði mannréttindi tekin inn strax. Mig langar að útskýra það með örfáum orðum. Mannréttindakaflinn stjórnarskrárinnar er nútímalegasti parturinn af stjórnarskránni vegna þess að hann var endurskoðaður og færður í nútímalegt horf fyrir aðeins 16 árum. Stjórnlaganefnd leggur til að umhverfismál verði felld inn í mannréttindakaflann. Ég er sama sinnis og ég er einnig þeirrar skoðunar að náttúruauðlindaákvæðið, sem bæði þjóðfundurinn og stjórnlaganefndin mælir með að við setjum inn í stjórnarskrána, eigi einnig heima í mannréttindakafl-

anum. Og það er bara í samræmi við alþjóðlegan samning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem Ísland er aðili að. Og þess vegna fyndist mér fara vel á því að setja mannréttindamálin í forgang, þannig að þjóðin fái sem fyrst að heyra frá okkur tillögur um þau og undir þeim hatti yrðu þá bæði auðlindamálin og umhverfismálin. Og mig langar að koma þessu sjónarmiði á framfæri þannig að hægt sé að hafa það í huga þegar við byrjum að ræða nefndaskiptinguna.

SN
Þorkell Helgason, ef þú myndir kynna tillöguna. Gjörðu svo vel.

ÞH
Já, formaður og góðir meðfulltrúar. Ég held að það sé ágætt verklag að þegar svona nefndir eru að kynna sínar niðurstöður, þá standi menn í pontu og geti horfst í augu við alla í einu. Ég sé ekki þvert yfir borðið frekar heldur en Þórhildur. En það hefur verið dreift hérna plaggi sem ég bið ykkur afsökunar á að kom mjög seint í gærkvöld. En þar er skýrt frá þeirri nefnd varðandi nefndirnar og fyrstu verkefni nefndanna. Það var niðurstaða okkar í fyrsta lagi að leggja til að nefndirnar yrðu þrjár. Við höfum rætt það. Það hefur verið kannað hjá skrifstofuliðinu m.a. hvað það gæti þjónustað margar nefndir og það er svona á bili þrjár til fjórar, ef ég skil það rétt, en ekki mikið meira og helst ekki fleira. En við byrjuðum seinsagt með þrjár og löggáfu þeim hlutlaus nöfn, til þess að það yrði ekki gildishlaðið í upphafi, og drógum þarna í dilka þessi átta atriði, eins og Þorvaldur nefndi hérna áðan, í þessar þrjár nefndir. Og til þess að komast af stað, þá vil ég nú leggja til og væntanlega við öll hin í starfshópnum að við reynum að fara af stað með þessu og höfðum það í huga að þessi atriði séu í þessum nefndum, þegar þær fara svona að æfa sig á morgun og eftir helgi í umræðunni, vitandi vits að það eru mörg önnur mál sem að eru þarna ekki heima, eins og t.d. mannréttindi, og við gætum komist að því, þegar við förum að draga það inn, að þá sé erfitt að komast hjá því að bæta einni nefndinni við. En það ættum við bara að láta bíða.

Þið kunnið að spyrja: „Af hverju vann hann ekki, þessi starfshópur í gær, meira verk?“ og tók það sem er hérna aftan á tillögublaðinu þau atriði í gildandi stjórnarskrá sem að ekki hafa verið dregin þarna í dilka: um trúmál, mannréttindi, sveitarfélög, breytingar á stjórnarskrá og störf Alþingis. Það er nú svona meira af formlegum ástæðum að við gerðum það ekki. Við litum svo á að við hefðum ekki beint umboð til þess fyrr en að ráðsfundur væri búinn að ákveða að taka fleira til meðferðar heldur en það sem er upptalið í þingsályktuninni. Ég vil líka – og lýk svo máli mínu – vekja athygli á því að það hafa komið fram góðar ábendingar frá mörgum og ég fór hérna yfir smá skeytabunka í gær frá Vilhjálmí Þorsteinssyni, Gísla Tryggvasyni og hugsanlega fleirum um efnisatriði sem væri vert að afmarka sem slík og færa inn í einhverjar nefndir. En gangur mála eða verklagið ætti að vera það, að mínu mati: Byrjum á því að prufakeyra þessar nefndir, hafa þær þrjár í byrjun, eins og formaðurinn lagði til. Ég teldi feng að því að þegar á þessum fundi yrði ákveðið að færa þessi átta atriði, eins og þarna er tilgreint, inn í nefndirnar. Komi í ljós, eftir þessa

prufukeyrslu núna í dymbilvikunni, að eitthvað þess-
ara atriða ætti betur heima annars staðar eða paraðist
betur með einhverju öðru, þá komi bara tillaga um
það frá viðkomandi hópi. Og síðan, líka eftir þessa
prufukeyrslu og helst þá jafnvel fyrir páska eða strax
eftir páska, verði tekin ákvörðun um það að færa fleiri
efnisatriði, taka fleiri efnisatriði til meðferðar, nánast
allt sem mönnum dettur í hug, og færa það inn í nefnd-
irnar. Takk fyrir.

SN
Takk, Þorkell. Gísli Tryggvason.

GT
Já, það er alveg rétt sem hér hefur komið fram, að það
er stjórnlagaráð eitt en ekki nein önnur stofnun sem
getur ákveðið hvaða mál eru tekin fyrir til viðbótar við
það sem Alþingi fól okkur sérstaklega og það er líka
bara stjórnlagaráð sem getur ákveðið tölu og verkefni
nefnda. Að því ályktuðu tel ég augljóst að fyrst á að
ákveða hvaða málefni, til viðbótar við þau sem Alþingi
fól okkur að koma til umræðu – ég skildi það svo að
það væri m.a. efnisfundarinn hér en það hefur aðeins
verið óformlega í tölvuskeytum og kaffistofunni rétt og
ég geri ráð fyrir að margir aðrir þurfi aðeins meiri tíma
til þess að hugleiða það – ég held að það sé ekki heppi-
legt að ákveða tölu nefnda og skipun þeirra og fara svo
að endurskoða strax í næstu viku. Þannig að ég hefði
haldið að það væri rétt að skilja þessa tillögu sem hér
er til umræðu sem skipan þriggja starshópa, eins og
starfsreglurnar gera ráð fyrir, sem svona prufukeyri
einhverja umræðu, þá ekki síst um hvaða málefni þarf
að taka til umræðu og hvar þau eigi heima. Takk.

SN
Er einhver annar sem vill taka til máls? Pawel.

PB
Já, kærur vinir. Þegar við mættu á fund, beint skömmu
eftir kosningar til stjórnlagabings, þá hittum við fyrir
starfsmenn þingsins, sem báru okkur upp ákveðnar
starfsreglur og þá vorum við starfandi eftir ákveðnum
lögum. Í þessum lögum, þá var gert ráð fyrir [að] á
öðrum fundi væri búið að manna nefndir, sem þá
þegar voru ákveðnar hverjar væru, og kjósa formenn
þeirra. Nú erum við búin að vera að störfum í tals-
verðan tíma og við höfum kosið okkur formann og
varaformann, byrjað með grunnskjal og við höfum ekki
ennþá byrjað að skipa í nefndir né heldur að ákveða
tölu þeirra og manna þær. Ég mundi hallast að því að
við mundum drífa í þessu verki sem fyrst. Ég veit ekki
hvort ég sé sá eini sem fylgist með umræðum annars
staðar á öðrum þingum heldur en þessu hér en það fór
fram umræða um vantraust á ríkisstjórn í gær sem féll
naumlega, semsagt vantrauststillagan. Og síðan, þá
er auðvitað skipan okkar ekki heldur... hún fór heldur
ekki í gegn með mjög miklum stuðningi. Þannig að ég
myndi nú leggja til að við myndum sem fyrst, til þess
að sýna að við erum tilbúin að vinna ákveðið verka,
drífa okkur í þessu. Í frumvarpinu um stjórnlagabing,
þá var gert ráð fyrir ákveðinni nefndaskiptingu og ég
persónulega var meira að segja búinn að móta mér þá
skoðun hvar ég myndi helst vilja starfa innan þeirra
nefnda. Ef að allt annað þrýtur og við komumst ekki
að samkomulagi um að skipta með öðrum hætti, þá

mundi ég leggja til að það væri sem fyrst ákveðið að
fylgja einfaldlega þeirri nefndaskipan og við gætum þá
komið okkur að verki og rétt síðan efnisatriði en ekki
tölu nefnda. Ég hef ekki fleira að segja. Takk fyrir.

SN
Vilhjálmur Þorsteinsson, næstur á mælendaskrá.

VP
Já. Ég lít svo á að þessi tillaga sé einmitt til þess gerð
að koma okkur tiltölulega hratt að verki og við getum
þá byrjað strax næstu þrjá vinnudaga að svona byrja að
tæpa á þessum efnisþáttum og svo prufukeyra okkur
í þessu og hugmyndin sé sú að taka þetta aftur upp
á þriðjudegi á ráðsfundi, hvernig okkur hefur litist á
þetta. En það sem ég held að sé mjög mikilvægt að
gerist þá, þarna á þriðjudaginn, er einmitt að nefnd-
irnar hafi skoðanir á þeim efnisþáttum sem að menn
vilja að verði undir í svo endanlegri nefndaskipan því
að það er alveg deginum ljósara að nákvæmlega þessir
átta flokkar, það er ekki fullnægjandi skipting; þarna
vantar ýmislegt inn í og þetta er mikilvægur hluti af því
sem við þurfum að ræða á þessum þremur dögum.

En svo varðandi fjölda nefndanna, þá er það svo
sem rétt að það getur að einhverju leyti mótast eða
komið út úr því hvaða verkefnaþættir verða á end-
anum þarna. En ég bendi bara á að það eru líka ýmsir
praktískir þættir í þessu. Einn er t.d. varðandi þá
fjölda ráðsfulltrúa sem væru í hverri nefnd og ég hugsa
að það sé hæfileg tala að það séu sex til átta í hverri
nefnd, þannig að það myndi þýða þá annað hvort
þrjár eða fjórar nefndir. Svo er þetta líka að einhverju
leyti spurning um starfsfólk og líka að einhverju leyti
spurning um þægilega stundaskrá vikunnar. Þannig
að ég hugsa nú að talan annað hvort þrjár eða fjórir og
þar er kannski þrjár örlítið þægilegri þá bara varðandi
praktísk mál, verður örugglega lendingin, ef ég skil
það rétt. En þetta er að sjálfsögðu eitthvað sem væri þá
opið. Takk fyrir.

SN
Silja Bára Ómarsdóttir, gjörðu svo vel.

SBÓ
Já, formaður og ágætu kollegar. Ég tek nú undir að
miklu leyti það sem að bæði Gísli og Vilhjálmur hafa
sagt, að ég held að tillagan um það að leyfa nefndunum
svolítið að velja eða semsagt þessum starfshópum sem
að starfa næstu þrjá daga, að fá endurgjöf frá þeim á
þriðjudaginn um það hvernig eigi að skipta málunum,
ég held að það sé skynsamleg lausn. Að sama skapi
vil ég ítreka það sem ég nefndi áðan, að ég held að
fjöldi nefnda líka þurfi að ráðast á þriðjudag, þegar við
vitum svona hvernig þessi skipting er að koma út úr
hópunum. Við erum með ágætis drög að stundatöflu,
hvort heldur er fyrir þrjár eða fjórar nefndir og ég held
að þær skorður sem að aðbúnaður setur okkur, fjöldi
fundarherbergja og fjöldi starfsfólks, að það einmitt
kannski leiði okkur frekar í þrjár eða fjórar nefndir. En
ég vil ítreka beiðni mína um það að afgreiðslu þessarar
ákvörðunar verði frestað þangað til á þriðjudaginn og
þarna minni líka á það, að þegar við vorum nú að funda
hérna eftir kosningar til stjórnlagabings, að þá voru
einmitt mjög margir ósáttir við það að þessar þrjár
nefndir – þó það hafi nú verið fleiri gallar á því skipu-

lagi meðan það áttu bara að vera þrír með atkvæðisrétt í hverri nefnd og það hefði nú kannski spilað stóra rullu þar, að þá einmitt var skipting verkefna skildi eftir tvo af þessum átta þáttum sem að þingsályktun felur okkur að fjalla um og að mínu mati, þá er ekki borðleggjandi hvert þessir tveir flokkar ættu að fara, ef við höldum okkur við þrjár nefndir með því skipulagi. Takk fyrir.

SN
Þórhildur Þorleifsdóttir er næst á mælendaskrá.

ÞÞ
Já. Ég vil nú bara strax í upphafi leggja til að við samþykkjum þetta því þar með erum við lögð af stað í ferðina. Við verðum öll að átta okkur á því að við þekkjum ekki áfangastaðinn og þess vegna munum við þurfa að, svona, uppgötva leiðina jafnóðum. Við höfum alls konar áttavita og kort en við vitum ekki nákvæmlega hvert við erum að fara. Og við munum aldrei geta undirbúið þessa ferð þannig að við þekkjum allt sem upp kunnir að koma í ferðalaginu og þess vegna finnst mér að við eigum bara að leggja af stað og ekki gleyma því að þegar að við samþykktum nýjar starfsreglur, þá var þar innifalið alls konar breytileiki og sveigjanleiki. Við getum bætt við, við getum breytt, við getum hugsanlega flust á milli nefnda, við getum tekið inn efni, við getum tekið út og við getum stofnað undirhópa og við getum stofnað krosshópa. Þannig að ég bara legg til að við öxlum okkar gullinskinn og leggjum af stað.

SN
Ari Teitsson.

AT
Já, formaður og ágætu félagar. Ég nýt þeirra forréttinda að það er stutt í [ógreinilegt], þannig að ég nota mér það. Ég vil fyrst segja það, að ég held að það sé mjög mikilvægt að við notum næstu þrjá daga mjög vel og við ræðum ekki bara um form, fjölda nefnda og hvað eigi að vera hvað. Við tökum alvöru umræðu um þau efni sem að liggja fyrir hverri nefnd samkvæmt núgildandi skipulagi, ef við samþykktum það hér á eftir, að þetta sé mikilvægur tilraunatími. Ég geri mér ljóst að það væri sjálfsagt mjög lýðræðislegt að taka ekki endanlega til afgreiðslu tillögu um þrjár nefndir fyrr en á þriðjudag og sjálfsagt verður það niðurstaðan. Ég lýsi samt þeirri skoðun minni að þrjár nefndir eru, held ég, það sem að við eigum að stefna að. Bæði er það að, eins og kom fram hjá honum Jóni í háskólasalnum hér í fyrradag, að þá verður ekki frjó umræðu um málefni nema það séu allmargir sem að komi að henni. Þannig að ég held að við séum komnir hættulega neðarlega ef við förum að ræða atriði stjórnarskrár í einhverjum fjögurra til sex manna hópum, því að við verðum alltaf að gera ráð fyrir því að einhverjir kunni að detta úr dag og dag eða jafnvel fleiri daga, eðlilega. Þannig að ég held að það mæli nú mjög margt með því að við verðum með þrjár nefndir en það þarf ekki endilega að ákveða það í dag.

En mig langar, fyrst ég er kominn hérna, að gera aðeins að umræðuefni annað mál en þó auðvitað nátengt og það er það að við erum nú svona í ákveðnu ferli sem að við nálgumst mjög markvisst það að við ætlum að fara að breyta stjórnarskránni í alvöru, sem

við höfum nú ekki farið mikið í ennþá. Og við munum auðvitað horfa þar á ýmsa leiðarvísa. Kannski fyrst og fremst þjóðfundinn og tillögur stjórnlaganefndar en auðvitað líka okkar eigin hugmyndir. Við ræddum það aðeins í nefndinni í gær, svona í framhjáhlaupi, hvernig getum við í raun og veru velt fyrir okkur hugmyndafræðinni á bak við það sem við erum að fara að gera. Við höfum ekki mikið rætt hana og það er ekki tími til að taka langan tíma í það. En ég held að við ættum að setja okkur einhverja vinnureglu eða a.m.k. vinnuhugmyndir um það að þegar að við í nefndunum ræðum um ákveðin efni, sem að við veltum fyrir okkur hvort eigi að fara út eða inn og hvernig eigi að vera, þá byrjum við á því að skilgreina fyrir okkur hvaða markmiðum ætlum við í raun og veru að ná með þeim breytingum sem við gerum. Helst að setja það aðeins á blað. Og þegar að við komum síðan inn í ráðsfundinn með tillögur um breytingar á einstökum greinum, þá byrjum við á því að gera grein fyrir hvaða markmiðum við ætlum að ná með þessum tillögum sem að við leggjum til. Reyna að flétta þannig saman þeirri raunverulegu hugmyndafræði, sem að við erum öll með í brjósti okkar og við erum líka með hana frá þjóðfundinum, flétta það inn í þá vinnu sem að við erum að leggja upp í og ætlum að leggja að mörkum. Ég held að þannig getum við tengt saman hugsunina á bak við þetta og textann í stjórnarskrá og ég held að þetta sé mjög mikilvægt. Við erum auðvitað með vörður á þeirri leið. Það er mjög mikið af góðri hugmyndafræði í þjóðfundarniðurstöðunum sem við munum alltaf horfa til og hljótum að horfa til í allri okkar vinnu. En við erum líka með eigin markmið. Við erum öll með einhverja sýn á því hvernig við viljum sjá stjórnarskrá, í raun og veru sýn á það hvernig við viljum þróa þjóðfélagið, ekki bara á næstu mánuðum eða misserum heldur á næstu áratugum, fyrir börnin okkar og barnabörnin. Það á líka að vera með í okkar hugsun og markmiðin eiga þess vegna að koma fram í lýsingum um leið og við leggjum til ákveðna kafla í stjórnarskránni. Hugsum þetta aðeins í ró og næði. Takk.

SN
Dögg Harðardóttir er næst á mælendaskrá.

DH
Formaður. Ágætu félagar. Ég vil nú þakka þeim sem settu þetta niður á blað fyrir þá vinnu. Mér finnst skynsamlegt að nefndirnar séu kallaðar A, B og C en ekki 1, 2 og 3 til þess að forðast það að þetta sé gildishlaðið. Nú, það hefur legið fyrir, alveg frá upphafi okkar starfs, hvað við ættum að taka fyrir, hvaða efnisflokka við ættum að ræða og við hljóta hvert og eitt að hafa gert okkur einhverja hugarlund hver okkar áhugasvið liggur. Það getur náttúrulega enginn verið í öllum nefndunum eða þ.e.a.s. verið í aðalnefnd alls staðar, þannig að ég sé ekkert því til fyrirstöðu að taka þessa tillögu til umfjöllunar í dag og tek undir orð Þórhildar um að við þurfum að drífa okkur af stað í þessa vinnu. Nú, verði hún ekki samþykkt, þá þurfum við svo sem ekkert að sitja aðgerðalaus fram á þriðjudag. Við getum farið að undirbúa okkar málflytning.

Hvað orð Ara snertir, þá ætla ég að taka undir þau líka. Mér finnst skynsamlegt að setja niður fyrir sér hvaða markmiðið við viljum ná með hverri breytingu. Það er ástæðulaust að breyta stjórnarskránni bara til

að breyta henni. Og ég held að það sé skynsamlegt að hugsa þessar breytingar eða semsagt hvaða afleiðingar hefur hver breyting fyrir þjóðina, hvaða kosti og hvaða galla, vegna þess að sjálfsagt hafa allar breytingar bæði kosti og gallað og við þurfum auðvitað að hugsa um hag þjóðarinnar í heild og hugsa málið í víðu samhengi frá sem flestum sjónarhornum. En ég ætla ekki að hafa orð mín lengri en ég styð þá tillögu að við tökum þessa tillögu til umfjöllunar í dag.

SN
Katrín Oddsdóttir.

KO
Já, kæru vinir. Ég held að þetta sé fín tillaga, sem kom hérna í byrjun fundar, um að við byrjum. Og einhvern veginn verður maður að byrja og ekkert er fullkomið og ekkert er heldur óaðfínanlegt. Þannig að ég held að þetta sé bara spurning um að bretta upp ermar og byrja. Og auðvitað þurfa nefndirnar sem að verða þá dregnar að byrja að vinna efnislega í þeim flokki sem þeim hefur verið falið. En hins vegar tel ég að það sé mjög mikilvægt að við ákveðum það, að hver einasta nefnd taki frá skilgreindan tíma til að fjalla um þau efni sem að eftir á að setja í nefnd. Það er mjög mikilvægt. Alveg eins og Þorvaldur kom inn á, þá standa mannréttindi út af. Það náttúrulega gengur ekki upp, það er bara slæm skilaboð og annað. Þannig að við þurfum absólút að drífa okkur í því. En það er sniðugt að gera það í smærri hópum, þannig að ég held að það sé ekkert á móti því að gera það í þessum vinnuhópum eða nefndum eða hvað við viljum kalla A-, B- og C-bráðabirgðanefndirnar sem við erum að fara að raða okkur í. Þannig að ég held að það sé fínt. Að þetta verði þá kannski einhvers konar bucket list, ef ég sletti, þar sem að fullt af efnum, sem að við teljum að þurfi að koma inn, og svo getum við saman með einhverjum hætti raðað þeim á milli nefnda. Mér finnst [þessi] spurning um þrjár eða fjórar nefndir, mér finnst það ekki skipta máli. Mér finnst það vera spurning hvort við förum á þremur eða fjórum bílum á áfangastað. Við ætlum að fara einhvert og við gerum það bara með þeim hætti sem að við viljum. Ef að það eru mörg umræðuefni, þá bara skiptum við [þeim] upp í tíma og svo getur fólk fært sig á milli nefnd o.s.frv. Þannig að ég held að... Að eyða of miklum tíma í það held ég að sé tímaeyðsla, með allri virðingu, því ég skil samt hvert sá sem vakti máls á þessu var að fara með því.

Svo vil bara benda á að við erum mjög frjáls í okkar formi. Það er mannum eðlislægt, af því að hann er hræddur við óvissu, að vera alltaf að hugsa: „Ókey, hvernig eru reglurnar? Hvernig eru reglurnar?“ Við getum alltaf stoppað og endurskilgreint hvernig við viljum vinna, hvað við viljum gera. Við erum frjáls í grunninn, það er mjög mikilvægt. Við þurfum ekki að vera hrædd við það að taka ákvarðanir því það eru engar rangar ákvarðanir. Ef einhver ákvörðun reynist slæm, þá bara breytum við henni. Þannig að við skulum frekar vera dugleg að taka ákvarðanir og kila þetta í gang, eins og Þórhildur var að segja.

Vegna þess að Ari talaði um markmið með breytingum og maður þyrfti að hugsa um það þegar maður væri að breyta hvert væri markmiðið með breytingum. Ég tek hjartanlega undir það og vil í samhengi við það benda á það sem ég sendi ykkur í skeyti einhvern

tímamán á síðustu dögum, sem er það að við ættum að fara að huga að gildunum. Þau skipta gífurlegu máli og við ætlum kannski að setja hérna gildi fram um gildi stjórnarskrárinnar um hvers vegna þessi stjórnarskrá sé sett, eins og er gert víða annars staðar og í báðum tillögnum, að mér skilst, sem stjórnlaganefnd setti fram. Og þetta er eitthvað sem getur sett fallegan tón og falleg skilaboð til þjóðarinnar og komið okkur í gang og komið okkur á sömu blaðsíðu. Þannig að ég hvet okkur til að byrja að hugsa um það, hvort sem er í sitt hvoru lagi eða í einhverjum hornum á kaffistofum.

Að lokum vil ég bara rétt aðeins tala um þetta með að draga í nefndir. Ég er hrifin af því fyrirkomulagi. Ég held að það væri gott fyrirkomulag fyrir framtíðina líka. Ég held ekki endilega að það sé auðvelt að við veljum okkur í nefndir, af því að það gæti komið upp sú staða að ákveðnar nefndir væru t.d. vinsælli heldur en aðrar og hvernig ætlum við þá að finna út úr því hver situr og hver ekki. Einnig þá treysti ég ykkur öllum mjög vel og ég held að hérna séu allir með það markmið að búa til heildarstjórnarskrá sem mun reynast Íslendingum vel og þ.a.l. skiptir ekki máli þó maður lendi í nefnd B, þó maður hafi mestan áhuga á einhverju máli sem er í nefnd C, því maður getur komið þar inn, maður getur hlustað og lagt fram tillögur og svo getur maður seinna skipt og komist í þá nefnd, hef ég fulla trú á, ef það er manns einlægi ásetningur. Þannig að við skulum bara treysta hvert öðru og treyst svolítið líka bara ákveðnu kaosi í þessu. Fólk getur alltaf farið út fyrir sitt komfort zone og gert eitthvað stórkostlegt, þannig að ég bara styð þetta heils hugar, þetta sem kom í byrjun fundar.

SN
Silja Bára Ómarsdóttir.

SBÓ
Já, takk. Mig langar bara að bæta við, í framhaldi af því aðrir hafa [ógreinilegt] frjó umræða...

SN
Ertu [búin að] kveikja?

SBÓ
Afsakið. Ég er alltaf að minna alla aðra á þetta, formaður. Í framhaldi af því sem aðrir nefndu að frjó umræða ætti sér ekki stað, og vitnað í Jon Elster, að frjó umræða myndi ekki eiga sér stað í of litlum hópum, að þá langar mig að benda á að með því fyrirkomulagi að við séum með þrjá hópa, þá erum við með alla veganna grunn að stundatöflum sem að, miðað við að allir hóparnir séu að funda á sömu tímum, tvo daga vikunnar og það sé þá einn dagur þar sem við höfum möguleikana á að færa okkur á milli. Með því að vera með fjóra hópa, þá erum við með meiri breytileika á tímum og það einmitt býður upp á það, að við höfum færi á að komast í hina hópana oftar og taka þá þátt í umræðum í fleirum en einum hópi. Þannig að ég, aftur, vil að við íhugum aðeins lengur hversu margar nefndirnar eigi að vera. En verði fyrri tillaga mín um það felld, þá er hérna ég með aðra um það að nefndirnar verði fjórar. Takk.

SN
Þá er Gísli Tryggvason

GT

Já, formaður. Kæru félagar. Mér sýnist að margir séu í rauninni að tala um að þessi tillaga sé bráðabirgða-tillaga um starfshópa þangað til á þriðjudag, þannig að ég vil nú kannski bara leggja fram formlega breytingartillögu um það, þannig að vinnuverkefnafendir og fjöldi þeirra og málefni verði ekki ákveðinn fyrr en í næstu viku, þegar við höfum fengið færi á því í þessum minni starfshópum að ræða það. Þannig að það verði stefnt að því að næstu þrjá daga vinnum við í þessum starfshópum og vil taka undir með því sem að varaformaðurinn nefndi rétt áðan, að við ræðum um hugmyndafræði, eins og formaður hefur nefnt oftar en einu sinni, og markmið, eins og varaformaðurinn nefndi, og gildi, eins og Katrín Oddsdóttir nefndi rétt í þessu. Og síðan verðum við að ræða í þessum hópum hvaða ný málefni komi til álita og hvernig þau skuli skiptast milli nefnda og auðvitað fjölda þeirra. Ég vil vekja athygli á því að bara undanfarinn sólarhring, á þessum fundi og í skeytum og kaffistofuspjalli í gær og í dag hafa komið fram nokkrar hugmyndir um eitt-hvað sem vantar, þ.e.a.s. fjarstjórnarvald, sem ég hef nefnt; mannréttindi, sem Þorvaldur nefndi hér í upphafi í tengslum við auðlindir, sem ég er mjög sammála; eftirlitsvald, sem bæði ég og Vilhjálmur Þorsteinsson, þ.e.a.s. eftirlit með stjórnsýslunni; nú trúmál hefur enginn nefnt og kannski vill enginn ræða það, það þarf ekkert að skipa því í nefnd þá en það er eitt af því að sem er ekki sérstaklega nefnt í þingsályktun; vald til stjórnarskrárbreytinga er mikilvægt vald sem þarf að fara í nefnd og réttarnefnd og síðan hefur Vilhjálmur nefnt upplýsinga- og tjáningafrelsi og prentfrelsi og vafalaust eru fleiri mál. Þannig að ég vil bara ekki að við lokum kössunum sem nefndum, heldur köllum þetta starfshópa. Þannig að ég legg þessa tillögu fram skriflega. Takk.

SN

Þorvaldur Gylfason.

ÞG

Já, formaður. Góðir fulltrúar. Ég tek undir með Katríni Oddsdóttur og Þórhildi Þorleifsdóttur. Við þurfum að láta hendur standa fram úr ermum og ég legg það til að við samþykkjum þessa tillögu í dag og hefjumst handa. Ég er þeirrar skoðunar að það besta sem við gerum okkar starfi, eins og ég sagði áðan, er að hefja samræðu við þjóðina, sem sendi okkur hingað, sem fyrst. Og greiðasta leiðin að því marki er að leggja fram innan tíðar tillögu að nýjum mannréttindakafla, sem við ætlum að hafa framarlega eða fremst í stjórnarskránni, með ákvæðum um nýtingu náttúruauðlinda og um umhverfismál í samræmi við hugmyndir þjóðfundar og stjórnlaganefndar. Ég tel að það væri mikilvægur fyrsti áfangi að koma þessu til leiðar og síðan gætum við haft sama háttinn á þegar við kynnum aðra þætti okkar starfs, eins og t.d. skipan dómsmála og þannig áfram. Þannig að ég itreka, með leyfi formanns, þá tillögu mína að við höfum þetta verklag.

SN

Ég vil líka segja, í sambandi við tillögu, eins og við töluðum um: Við erum að gera þetta til bráðabirgða til að ýta starfinu í gang þessa fyrstu þrjá daga og við ætluðum aldrei að ljúka umræðunni hér um málefna-

skiptingu nefnda, heldur að byrja þessa umræðu og það veganesti inn í starfshópavinnuna þá eða nefndirnar næstu þrjá daga og síðan er umræða um þetta á þriðjudeginum.

Þorkell Helgason.

ÞH

Fundarstjóri og góðir meðfulltrúar. Það fer fyrir mér eins og Pawel og Þórhildi og Vilhjálmi og mörgum öðrum sem eru búinir að eyða miklum tíma í þetta regluverk, okkur er farið að klæja í fingurna að fá að fara að byrja að gera eitthvað raunverulegt. Í guðanna bænnum reynum að ýta þessu úr vör og eyða ekki alltof miklum tíma í það hvort að nefndir eigi að vera þrjár eða fjórar. Það er alltaf hægt að laga þetta eftir á. Mér er heldur ekki alveg ljóst hvaða tillögu við erum eiginlega að ræða. Erum við að ræða þessa tillögu, sem starfshópurinn lagði til, eða munnlega tillögu formanns, sem að mér skildist að væri bara með blankó innihaldi á nefndunum til að byrja með?

SN

Nei, það er tillagan úr starfshópnum um skiptingu til bráðabirgða í þessar þrjár nefndir sem myndu starfa núna næstu þrjá vinnudaga og síðan ljúkum við umræðunni væntanlega á næsta ráðsfundi um málefna-skiptinguna.

ÞH

Þannig að nefndirnar fari af stað. Þær hafi þetta vegar-nesti sem hérna er tilgreint, þessi skipting á þessum átta atriðum. Þær ræði síðan um það hvað þær vilja fá meira í sinn sarp. Þetta líst mér í raun ágætlega á. En reynum að hraða þessu. Það er mjög bagalegt ef að stjórnin er ekki fullmönnuð, t.d. fyrir fólk, að það er heldur ekki gott seinna út á við. Við þurfum að ganga frá póstum. Ég er ekki mjög hrifinn af því að hafa hlutkesti. Ég meina, menn hafa bara hreinlega þekkingu og áhuga á einhverjum sérstökum sviðum. Það er búið að samþykkja reglur með hlutkestisákvæði, sem eru runnar, held ég, undan rifjum Pawels, þ.e.a.s. að menn leggi fyrst fram óskir um það, í hvaða nefndir þeir vilji vera; það verða einhverjir áreksstrar, ein nefndin er ómönnuð – það er allt í lagi, þó það sé dálítið misjafnt núna í byrjun – en þá er bara kastað hlutkesti til þess að tína einhver út úr nefndum. Ég held að við ættum bara að fara eftir þessu regluverki strax í dag, manna nefndirnar jafnvel þó þær séu í bráðabirgðaástandi fram á þriðjudag. Takk fyrir.

SN

Katrín Oddsdóttir.

KO

Já, takk. Mig langar til þess að leggja fram mjög einfalda breytingartillögu á þessu nefndaskipulagi sem við erum með fyrir framan okkur í framhaldi af því sem að Þorvaldur er búinn að vera að segja. Út af því það eru líka átta flokkar og þetta eru þrjár nefndir og ég held að það sé... fagurfræðilega, þá getum við bara hent mannréttindunum þarna inn þar sem umhverfismálin og það eru í A - það væri þá einn flokkur – og þó við myndum kannski taka með umhverfismálum og auðlindum. Og í staðinn myndu undirstöðu íslenskrar stjórnskipunar og helstu grunnhugtök fara yfir í B; það

passar vel þar saman, sýnist mér. Og svo er þetta allt opið til umræðu. En ég held að til þess að mæta þessu mikilvæga ákalli um að mannréttindi séu strax á okkar dagskrá, þá ættum við að breyta þessu svona efnislega. Ég vona að þetta flæki málið ekki mjög og ef fólk er á móti því er ég tilbúin að endurskoða það. En mér finnst þetta vera ein lausn.

SN

Mundirðu koma með skriflega tillögu, þannig að við getum afgreitt það á eftir?
Eiríkur Bergmann er næstur.

EBE

Félagar. Ég ætlaði nú bara að taka undir tillögu Þorvalda varðandi það að við förum strax í þessa mannréttindavinnu og ég held að það sé alveg hægt að gera það samhliða þessum nefndum og fagna þessari breytingartillögu Katrínar. Ég held að hún beri okkur bara strax að því marki því að það innlegg sem Þorvaldur kom með núna áðan á þennan fund hefur þann kost að við förum ekki bara þá að ræða saman daginn og veginn í nefndunum, heldur ynnum við strax að afmörkuðu markmiði. Og ég ætlaði semsagt bara að taka undir þetta og til þess að við samþykkjum þetta með þeirri breytingu sem Katrín Oddsdóttir leggur hér til.

SN

Pétur Gunnlaugsson.

PG

Felst þessi tillaga í því að nefndirnar verði þrjár til frambúðar ef við samþykkjum þær núna? Verða þá þrjár nefndir?

SN

Nei, það á eftir að ræða það, taka endanlega ákvörðun á næstu [ógreinilegt]

PG

Ja, það var verið að tala um að taka ákvörðun um það núna.

SN

Það er komin tillaga eða það er á leiðinni tillaga um að bæta við... Ráðsfundur þarf að bæta við hvað verður tekið til umræðu í nefndum fyrir utan það sem sagt er í þingsályktungartillögunni. Og nú er... Það var nefnt hér að bæta núna við mannréttindum en svo þurfum við að ganga frá því næsta þriðjudag. Þannig að tillagan er ekki endanleg en hún miðast við það sem þingsályktunartillagan segir okkar eða gefur fyrirmæli um.
Pawel.

PB

Já, kæru vinir. Ég styð eindregið [það] að þessi tillaga verði samþykkt og þá bendi ég um leið ráðsmönnum á aðra grein starfsreglna, sem við höfum þegar samþykkt, en þar segir: „Eftir að ráðsfundur hefur ákveðið tölu verkefnanefnda og skipt með þeim verkum, stýrir formaður kosningu nefndaformanna og varaformanna úr hópi fulltrúa í stjórnlagaráði. Mér finnst tillagan, sem lögð er til, um að draga í nefndir með einhverjum handahófskenndum hætti og hafa þær til bráðabirgða

fín tillaga í sjálfu sér. Það er hins vegar ekki það verklag sem við lögðum upp með í upphafi þegar við samþykktum reglurnar. Þess vegna legg ég til að við samþykkjum þetta og göngum svo til þess verks að kjósa formenn og varaformenn og skipa í nefndir svo fljótt sem auðið er.

Nú, annað sem mig langar að koma hér að, er að hér eru margir að tala um að það að taka inn mannréttindi, sem er góðra gjalda verð umræða. Ég held hins vegar að hana verðum við að taka með einhverjum öðrum hætti heldur en breytingartillögu við skipan nefnda. Ég held að við verðum einfaldlega að taka um það efnislega umræðu og þá er það eitthvað sem á sér einhverja ákveðna viðhöfn og einhverja ástæðu fyrir því að við gerum það, þannig að ég myndi leggja til við þá sem hafa slíkar hugmyndir, að þeir tækju þær upp á einhverjum ráðsfundi, sem þeir ákveða að gera svo, og það yrði þá dagskrártillaga og við myndum hafa tíma til þess að undirbúa okkur undir þá umræðu. Takk fyrir.

SN

Freyja Haraldsdóttir.

FH

Já. Formaður og kæru fulltrúar. Mig langar bara í fyrsta lagi að taka undir Ara og Katrínu og fleirum um mikilvægi þess að við höfum alltaf skíra sýn þótt við getum verið ósammála um ákveðna, að við höfum svolítið skíra sýn og hugmyndafræði og ræðum um þessi gildi sem við viljum vinna eftir. En svo langar mig bara að lýsa yfir stuðningi við breytingartillögu Katrínar. Takk.

SN

Gísli Tryggvason.

GT

Já, ég kynnt hérna og lagði fram rétt áðan breytingartillögu sem mér finnst vera meira í samræmi við kynningu og umræður á þessum fundi, þ.e.a.s. að þessi bráðabirgðaákvörðun sé kölluð „skipun starfshópa“ þangað til í næstu viku, þar sem þetta verði prufukeyrt og rætt m.a. í samræmi við það sem Pawel nefndi, að það þarf kannski smá aðdraganda að því að undirbúa málefni. En ef þessi breytingartillaga verður ekki samþykkt, þá vil ég koma með tillögu, eins og Þorvaldur og Katrín hérna áðan, um ný málefni, þ.e.a.s. það sem ég hef lagt mesta áherslu á: fjarstjórnarvald og vald til þess að breyta stjórnarskránni, að það fari inn í nefnd strax í upphafi en það sé ekki óljóst hvort og hvenær það komi í nefnd. Takk.

SN

Ég held að við gerum fundarhlé núna í 15 mínútur.

SN

Það hafa verið lagðar fram nokkrar tillögur og það er um nefndir og nefndaskipan. Sáttatillagan er sú að skipaðir verði þrjár óformlegir starfshópar sem starfa munu fram að næsta ráðsfundi. Þeim verði skipt í þrennt og hópur A fjalli um framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana og meðferð utanríkismála, umhverfismál, þ. á m. um nýtingu og verndun náttúruauðlinda og mannréttindi; hópur B um hlutverk og stöðu forseta lýðveldisins, skip-

an löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og valdmörk þeirra, undirstöðu íslenskrar stjórnskipunar og helstu grunnhugtök þeirra og hópur C: ákvæði um kosningar og kjördæmaskipan, lýðræðislega þátttöku almennings, m.a. um tímasetningu og fyrirkomulag, sjálfstæði dómstóla og eftirlit þeirra með öðrum handhöfum ríkisvaldsins. Hlutkesti ráði því hvernig velst í þessa starfshópa fram að næsta ráðsfundi. Á næsta ráðsfundi fjöllum við nánar um skiptingu málefna í fastar verknefndir og þá stefnum við líka að því að ljúka skipan í nefndir. Einhverjar athugasemdir við þessa tilhögun næstu daga? Dögg Harðardóttir.

DH

Formaður og ágætu félagar. Mig langaði bara að spyrja hvert hlutverk þessara starfshópa er fram á þriðjudag.

SN

Hlutverk þeirra er að fjalla um þessi málefni, koma málefnaumræðu af stað í hópnum og að fólk safni líka saman þeim efnunum sem vantar; fólk geti þá komið með eða ráðsfélagar komið með tillögur um efni til að taka inn í nefndir þegar við skiptum milli nefnda á næsta ráðsfundi. Þorvaldur Gylfason.

DH

Ágætu félagar. Ég...

SN

Nei, fyrirgefðu.

DH

Já, ég fór á undan. Ég velti fyrir mér, ef niðurröðunin í nefndirnar verður svo kannski allt önnur heldur en í þessum starfshópum, erum við þá ekki bara að eyða tímum eiginlega kannski í eitthvað lítið eða hvernig ætlum við að koma vinnunni okkar til næstu nefndar. Ætlum við að hafa þetta allt skriflegt eða hvað ætlum við að gera?

SN

Ari Teitsson.

AT

[Til] að bregðast við þessu, þá er það, eins og þið kannski hafið tekið eftir, það starfa alltaf tvær nefndir... [kveikir á hljóðnemanum] Fyrirgefði. Hugmynd okkar var sú að það starfi alltaf tvær nefndir í einu, sem að gerir það að verkum að jafnframt því að vera skipaður eða dreginn í nefnd, þá geta menn, þegar þeir eru ekki í nefnd, farið í þá nefnd sem að þeir hafa mestan áhuga á. Og þannig erum við að hugsa um að menn geti tengt þetta saman. Menn geti líka fengið ákveðna, svona, frekari hugmyndir um hvar þeir raunverulega vilja vera og að sjálfsögðu verður skráð... það verða haldnar fundargerðir í þessum hópum eins og öðrum. Og ég hef enga trú á því að þetta verði til einskis en kannski verðum við markvissari seinna. Það verður þá bara til bóta. Takk.

SN

Þorvaldur Gylfason

ÞG

Mig langar bara til að spyrja. Eins fram hefur komið kannski, þá hef ég hug á því að fá að koma að þessu

mannréttindamáli og ef ég verð dreginn í annan hóp, hver verða fá viðbrögðin við því?

SN

Silja Bára.

Nei, fyrirgefðu.

ÞÞ

Er ekki ástæða til þess að útskýra aðeins nánar þetta sem ég var að spyrja þig um áðan, af því að ég mis-skildi líka, eins og mér heyrir...

SN

Já, við erum bara að tala um verkaskiptinguna núna í þessum starfshópum fram á þriðjudag. Það er bara verið að draga inn í það. Það er bara til að flýta fyrir, að koma vinnunni í gang, skipuleggja umræðu þessa fyrstu þrjá daga – föstudag, mánudag og þriðjudag fram á hádegis – og bara draga í hópa þar. En eins og Ari sagði, það er: fólk getur líka mætt, af því að það eru tveir hópar, hvern dag, að þá getur maður mætt hjá hinum hópnum ef maður er ekki... Þannig að það er alveg frjáls mæting, fyrir utan það að þeir dragast inn í hópana en þeir sem eru ekki í nefnd þann daginn geta mætt með hinum nefndunum... starfshópnum, fyrirgefði. Silja Bára Ómarsdóttir.

SBÓ

Já, formaður. Góðir ráðsfélagar. Mig langar bara að fagna þessari tillögu og þakka fyrir þessa sáttatillögu frá formanni. Ég skil þetta einmitt eins og formaður var að lýsa, að þarna erum við að komast af stað í mál-efnunum, sem að heyrðist margir kollegar mínir hafa áhyggjur af að við værum ekki að fara af stað nógu hratt í, án þess þó að vera binda okkur niður í eitthvert fast fyrirkomulag. Ég held einmitt að það sé ágætt að við verðum dregin í hópa sem við kannski höfum ekki allra mestan áhuga á, vegna þess að þá þekkjum við aðeins það sem er að gerast þar. Og síðan, á þriðjudag væntanlega, eru þá formenn kjörnir... fjöldi nefnda ákveðinn, formenn kjörnir og hafist handa við að fólk velji sér nefnd til frambúðar, þar sem það síðan hefur atkvæðarétt það sem að eftir lifir starfsins. Þannig að ég held að þetta sé ágætis grunnur, skapi breiðari grunn fyrir okkur öll til þess að takast á við þetta starf sem að fyrir liggur. Takk fyrir.

SN

Lýður Árnason.

LÁ

Já, ég vil í fyrsta lagi lýsa ánægju minni með þessa hugmynd um að færa mannréttindin þarna inn í nefnd A.

SN

Starfshóp.

LÁ

Eða starfshóp A, vegna þess að ég tel það algjörlega auðsætt að mannréttindi eigi að vera með og það þurfi ekki neina sérstaka viðhöfn með það. Svo held að við ættum, varðandi þessa nefndaskipan, þá er það nú mín skoðun – ég er sammála Dögg – að það er mikið betra að stefnumarkað það sem fyrst og gera a.m.k.

forkönnun, jafnvel á eftir eða þá í fyrramálið, hvar við viljum staðsetja okkur í nefndir. Það getur vel verið að það verði einhverjir árekstrar. Ef það verður, þá getum við þá bara tekið á því. Ég held að það verði miklu markvissara að fólk myndi marka sér bás eftir áhuga og gera það sem fyrst. Takk.

SN
Þórhildur Þorleifsdóttir.

ÞÞ
Já. Er það ekki rétt skilið að hlutkesti gildi aðeins um þessa þrjá daga, síðan geti fólk lagt fram hugmyndir hvar það vilji vera og svo verði það lagað til ef að hlutföllin verða [óeðlileg]? Er ég ekki að skilja þetta núna rétt?

SN
Jú, þetta er rétt skilið.

ÞÞ
Það þýðir það, held ég – já, ég ætla nú að byrja á því að fagna þessari tillögu þarna sem kom fram, hún er frábær og bara skýrir þetta vel – að þá finnst mér það bjóða upp á það að við getum ekki kosið formenn á þriðjudag, heldur þá fari fólk að velja nefndir og það yrði bara fyrsta verk eftir páska að velja formenn. Við getum bara gert það á klukkutíma. Við þurfum að átta okkur á því hverjir eru í nefndunum og það á kannski eftir að flytja fólk milli nefnda, því að þeir eru of margir, þannig að það liggur ekki á á þriðjudaginn að kjósa formenn, finnst mér. Bíða bara þangað til fyrsta vinnudag eftir páska og drífa það af þá.

SN
Þorkell Helgason.

ÞH
Já, formaður og góðir meðfulltrúar. Ég skil og virði það að stjórnin er að reyna að koma með málamiðlun en ég lýsi bara aftur nokkurri óþolinmæði. Ég sé ekki af hverju menn megi ekki velja sér núna strax nefnd. Ef að kemur í ljós að það er mikið misræmi í starfi hópanna, þá verður bara dregið um það einhvern veginn í fyrramálið. En mér finnst þetta svolítill tímasóun að vera kannski þrjá daga í nefnd sem ég ætla síðan ekkert að starfa í. Auðvitað munum við ræða um öll málín á nefndafundum. Ég held að, m.a. í ljósi hins pólitíska ástands í þessu þjóðfélagi, þá megum við bara enga daga missa. Ef að það verður hægt að pískra um það í páskafríinu að þetta stjórnlagabing, það er nú bara ennþá að ræða um paragröf og nefndafjöldu, það er ekki farið að minnast á stjórnarskrána. Takk fyrir.

SN
Ómar Ragnarsson, gjörðu svo vel.

ÓR
Já. Ég er í hópi sex systkina sem þurftu að skipta arfi og við fengum dásamlega leiðavísi. Það var annar svona hópur sem hafði gert það þannig: það var skipt í sex jafna hluta, nokkurn veginn að virði, síðan drógum við og eftir það, þá máttum við versla. Ef að það er fljótlegra að gera þetta svona, þá myndi ég kannski geta horft á það að ef það tekur of langan tíma... Ég er

jafn óþolinmóður og þú, Þorkell. Ég vildi gjarnan að við mættum reyna að velja okkur starfshóp strax. Ég er sammála þér. En ef ekki, mættum við þá kannski versla?

SN
Þá er mælendaskráin tæmd. Hugmyndin með þessu var náttúrulega bara að koma umræðunni í gang, þessa óformlegu daga sem við vorum með – dagskráin var óformleg þessa þrjá daga – og það er fljótlegt að skipta með þessum hætti og svo getur fólk skipt innbyrðis, ef það vill. Þetta er ekki þannig hugsað. Þetta er bara [til] að koma umræðunni í gang og nýta þessa daga sem best. Það eru ýmsar leiðir til að gera svona en þetta er tillagan okkar og mér heyrir nú svona, að það sé þokkaleg sátt um hana í salnum. Já, Vilhjálmur Þorsteinsson.

VÞ
Já, ég styð þessa tillögu og ég bendi á það að fulltrúar munu þá geta, fyrir utan sína eigin nefnd, þá munu þeir geta mætt í aðra hvora af hinum nefndunum eftir vali, þannig að menn alltaf geta það og kynnst þá starfi allra nefndanna og lagt sitt af málum í öllum nefndunum. Þannig að það verður enginn útilokaður frá neinu sem hann vill taka þátt í og leggja gott til mála og ég held að það sé bara fínt að við kynnumst öll öllum þessum málefnasviðum í upphafi. Ég held að það sé fínt form, þannig að ég styð þetta eindregið.

SN
Erlingur Sigurðarson.

ES
Já, formaður og góðir fundarmenn. Mér sýnist komið hér í erfitt efni og leyfi mér að leggja til að horfið verði frá hópaskiptingu næstu þrjá dagana og tími notaður til almennrar stefnumræðu og leyfi mér að leggja fram tillögu sem ég er að verða búinn að skrifa. ... tillaga að horfið verði frá hugmyndum um starfshópa næstu þrjá starfsdaga. Þess í stað verði tveggja til þriggja klukkustunda fundir hvern dag þar sem allir ráðsfulltrúar haldi uppi stefnumræðu, hvers konar stjórnarskrá þeir vilji sjá og verði hvetjandi fyrir mannskapinn. Ég held að það skili miklu betri... almennir fundir heldur en að við séum að fara í þrjá stefnuhópa. Takk fyrir.

SN
Ómar Ragnarsson.

ÓR
Já, gott ráðsfolk. Formaður. Ég gleymdi bara einu áðan. Ég tek undir þetta með Þórhildi, að það sé gott að nefndirnar komi fyrst saman og síðan eftir páska verði kosnir formenn, heldur en að rjúka í það áður en að það fólk hefur jafnvel kynnst í þessum nefndum. Takk.

SN
Pawel. [hærra] Pawel.

PB
Já, ég prentaði nú út starfsreglur stjórnlagaráðs og ég held að það væri nú gott fyrir fleiri að hafa þær á borði.

Það segir hérna í 2. grein, eins og ég sagði áður, að eftir að ráðsfundur hefur ákveðið tölu verkefnanefnda og skipt með þeim verkum, þá stýrir formaður kosningu nefndarformanna og -varaformanna. Í sjálfu sér finnst mér það ekkert vond hugmynd að menn byrji á því að raða sér í hópa og síðan kjósi hóparnir jafnvel formenn úr sínum röðum. Það hefði verið ágætis tilhögun. Það var bara ekki sú tilhögun sem við völdum og við verðum að halda okkur við hana, nema ráðsfundur ákveði annað með breytingu á reglum, starfsreglum stjórnlagaráðs, sem ég held að sé kannski ekki góður hlutur til að fara í núna.

SN
Eiríkur Bergmann.

EBE
Kæru félagar. Ég tek undir með Ómari, Þórhildi og fleirum sem að leggja til að við samþykkjum tillögu stjórnarinnar um þessa þrjá starfshópa sem að dregið verði í en að formennskukjöri verði frestað þar til eftir páska.

SN
Katrín Oddsdóttir.

KO
Já, ég styð þessa tillögu stjórnar og ég held að ástæðan fyrir því að þetta sé sniðugari aðferð heldur en sú sem Erlingur var að benda á, sem er líka góð, sé sú að nú er kominn tími á dýalóg, finnst mér, að við þurfum að tala saman efnislega en ekki alltaf að einn tali og 24 hlusta. Mér finnst það ekki vera rétt núna að það séu alltaf 48 eyru sem eru bara þögl á meðan einn munnur talar. Ég held að það sé kominn tími á að við ræðum saman í smærri einingum og þannig finnast mér bestu hugmyndirnar og frjóstu samræðurnar oftast koma. Þess vegna styð ég eindregið það að við förum í smærri hópa og byrjum að tala um efnin. Og þar getum við flutt okkar stefnuræður og við getum gert það aftur næst og aftur næst. En við þurfum að fara að tala saman.

SN
Þá held að það sé rétt að við bara kjósum um þessa tillögu, þar sem komin er ný tillaga frá Erlingi Sigurðarsyni, að við kjósum um þá tillögu sem stjórnin hefur lagt fram, að það verði farið í starfshópavinnu með þeim hætti sem áður hefur verið lýst þessa þrjá daga eða þrjá morgna fram að næsta ráðsfundi á þriðjudagseftirmiðdag. Þeir sem eru fylgjandi því rétti upp hönd. [atkvæðagreiðsla] Og þeir sem eru á móti? [atkvæðagreiðsla] Þá skoðast hún samþykkt. Já, það er rétt að ítreka það að það er hægt að skipta, eins og við töluðum um áðan, ef fólk[i] líkar ekki við þann starfshóp sem það lendir í. Og það er líka rétt að segja að þegar þið dragið miðann, að þá kemur fram að það er á einum miða fyrir hvern hóp stendur „fundarstjóri“. Þannig að það líka dregið svona lýðræðislega, svona lýðræðisleg æfing. Gísli Tryggvason.

GT
Já, mig langar bara að lýsa ánægju minni með þessa málamiðlun sem nær hvorum tveggja tilganginum, þ.e.a.s. að við hefjum strax málefnaumræðu í smærri

hópum og að við bindum ekki alveg strax fyrir en við erum búin að marka betur málefnið hvernig þau skipast á hópa. Og vegna tillögu Erlings, sem hann lagði víst ekki fram, þá held ég að það sé ekkert útilokað að við gerum þetta fyrir eða síðar. Og svo má auðvitað hafa starfshópaumræður á opnum fundum, ef menn vilja hafa stefnumarkandi umræður í dýalóg við þjóðina. Takk.

SN
Einhverjir aðrir sem vilja kveðja sér hljóðs? Ef ekki, þá er fjórða fundi stjórnlagaráðs slitið og næsti fundur ráðsins verður þriðjudaginn 19. apríl kl. 13.00.

5. ráðsfundur 19.04. 2011.

19.04.2011 13:00

Dagskrá

1. Fundargerðir 1. og 2. ráðsfundar bornar upp til samþykktar og fundargerðir 3. og 4. ráðsfundar lagðar fram til kynningar
2. Tillaga stjórnar um tölu nefnda og verkaskiptingu þeirra
3. Kosning nefndaformanna og varamanna þeirra
4. Val fulltrúa á verkefnanefndum
5. Erindi sem hafa borist Stjórnlagaráði

5. ráðsfundur - haldinn 19. apríl 2011, kl. 13.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Forföll höfðu boðað eftirtaldir fulltrúar: Eiríkur Bergmann Einarsson, Guðmundur Gunnarsson og Ómar Þorfinnur Ragnarsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvupósti mánudaginn 18. apríl 2011 og dagskrá í samræmi við fundarboð.

Umræður á 5. Ráðsfundi

SN

Góðan dag. Fimmti fundur stjórnlagaráðs er settur. Forföll hafa boðað Eiríkur Bergmann Einarsson, Guðmundur Gunnarsson og Ómar Ragnarsson. Dagskrá verður eins og boðað hefur verið til og hún liggur frammi.

1. Fundargerðir 1. og 2. ráðsfundar bornar upp til samþykktar og fundargerðir 3. og 4. ráðsfundar lagðar fram til kynningar

Fyrst á dagskránni eru fundargerðir 1. og 2. ráðsfundar. Þær hafa verið sendar út og engar athugasemdir borist og þær skoðast því samþykktar og þær verða því birtar vef rásins. Þá hafa fundargerðir 3. og 4. ráðsfundar verið settar inn á innra netið og óskað eftir athugasemdum og verða þær bornar upp á næsta fundi til samþykktar.

2. Tillaga stjórnar um tölu nefnda og verkaskiptingu þeirra

Næsti dagskrárliður er tillaga stjórnar um tölu nefnda og verkaskiptingu þeirra, sbr. 2. gr. starfsreglna stjórnlagaráðs. Tillögunni hefur verið dreift en Þorkell Helgason, talsmaður starfshóps um þetta málefni frá fyrri fundi, hefur beðið um orðið. Þorkell.

ÞH

Já, formaður og góðir meðfulltrúar. Í ljósi þess að það er komin hérna ný og fullkonnari tillaga frá stjórninni, þá dreg ég til baka hina tillöguna til að flækja ekki málið. Og ég vona að þeir sem voru með mér í hópnum séu sáttir við þá tillögu mína. Takk fyrir.

SN

Takk fyrir, Þorkell. Og þá er orðið laust um tillögu stjórnar um tölu nefnda og verkaskiptingu þeirra, ef einhver vill taka til máls. Gísli Tryggvason.

GT

Já, formaður. Góðir félagar. Ég vek athygli á smávægilegri breytingu frá því sem kynnt var um daginn, þ.e.a.s. að í stað þess að talað sé um helstu grunnhugtök í A, þá eru komin grunnhugtök ríkisborgararéttur og þjóðtunga. Bara vek athygli á þessu. Og svo vil ég vekja athygli á því, þegar umræða um mannréttindi hefst, að kannski sé rétt að huga ekki bara að hefðbundnu sambandi mannréttinda, þ.e.a.s. milli borgara og ríkis, heldur jafnvel líka innbyrðis milli borgara og fyrirtækja, svokölluðu „þriðja manns áhrif“ eða „lárét áhrif“. Takk.

SN

Já, skýringin á þessu með grunnildin er það að þessu var skipt upp í tvennt: undirstöður íslenskrar stjórnskipunar og grunnildi, þannig að þá... innifalið til áréttingar eru m.a. þessi atriði, ríkisborgararéttur og þjóðtunga, og stuðst þá við skýrslu stjórnlaganefndar. Er einhver annars sem vill taka til máls um tillöguna? Örn Bárður.

ÖBJ

Bara í framhaldi af þessu með A-nefndina: Skiptir það máli að í fyrri tillögunni er talað um grunnhugtök og svo er talað um grunnildi? Það er kannski ekki algveg það sama, af því að grunnhugtök eru... það er komið úr þingsályktuninni en grunnildi... Það er spurning hvort að það eigi að vera grunnhugtök.

SN

Katrín.

KO

Já, mig langaði bara til að spyrja hvort að fólk myndi almennt deila þeim skilningi mínum á nefnd C, að stjórnlagaráð feli þá í sér almennar breytingar á stjórnarskrá. Ef einhver er að skilja þetta eitthvað öðru vísi væri gott að heyra þá hvernig sá skilningur er og hvort að þá sé það efni örugglega til umræðu í einhverri nefnd, af því að það er mjög mikilvægur hluti af þessari endurskoðun, breytigar á stjórnarskrá. Vek athugi á því. Takk.

SN

Hér er vísað í skýrslu stjórnlaganefndar og það er átt við stjórnlagadómstól. En breytingar koma inn sem... inn í „lýðræðisleg þátttaka almennings“, breytingar á stjórnarskrá. Já. Silja Bára.

SBÓ

Já, takk. Það var eiginlega sama spurningin sem ég hafði eins og Örn Bárður og kannski Gísli. Það var þessi breyting á það sem að áður var „grunnhugtök“ og stendur núna „grunnild“ . Að öðru leyti vil ég bara lýsa ánægju minni með þessari útkomu sem að hefur tekið svolítinn tíma hérna, svona á bak við tjöldin, að landa. Ég held að þetta sé orðið nokkuð gott, ef við bara fáum þessi nokkur hugtök skilgreind hérna.

SN

Hér bara áréttá ég, af því við vorum að kljúfa þetta upp: Þetta miðast við kafla í skýrslu stjórnlaganefndar, að það er verið að aðgreina þessi tvö atriði og þá var þetta sett upp svona. En ég held að það sé svona sameiginlegur skilningur á hvað er í hvorum flokki. „Undirstöðu íslenskrar stjórnskipunar“ kemur líka inn á þessi grunnhugtök, þannig að það var notað „grunnild“ í fyrri verkefnanefnd. Einhverjir aðrir sem vilja taka til máls? Ef ekki, að þá tökum við þessa tillögu til afgreiðslu og spurningin er hvort að... og kjósum um hana. Hversu margir eru fylgjandi henni, þessari tillögu? [atkvæðagreiðsla] (Kannski aðeins að gefa... eru það ekki allir?) Hún skoðast samþykkt. Er einhver á móti? Já. Með öllum greiddum atkvæðum.

3. Kosning nefndaformanna og varamanna þeirra

SN

Nú, næst er á dagskrá kosning nefndaformanna og varamanna þeirra. Og í samræmi við 2. gr. starfsreglnanna og skýringu formanns starfsreglnanefndar á kosningafyrirkomulaginu, þá er fyrst óskað eftir framboði eða tilnefningu í formann A-nefndar, þannig að hér með er óskað eftir því að heyra frá þeim sem gefa kost á sér sem formenn í nefnd A. Hverjir það eru...

KF

Ég sting upp á Silju Báru Ómarsdóttur.

SN

[til Þorsteins Fr. Sigurðssonar] Bíddu, bíddu. Geturðu sett upp, hérna... Þórhildur...

ÞH

Má ég aðeins...

SN

Já.

ÞH

... koma með fyrirspurn. Er ekki gagnlegt að...

SN

[til ÞH] Viltu setja á, hérna...

ÞH

Formaður og fulltrúar, er ekki gagnlegt að vita hverjir gefa kost á sér eiginlega í allar nefndirnar áður en við byrjum að kjósa á milli þeirra, í staðinn fyrir að menn tilnefni sig eða [séu] fyrst tilnefndir í eina nefndina og svo er kosið o.s.frv.

SN

Ja, það var ákveðin þessi leið af nefndinni sem var með starfsreglurnar, að það væri fyrst leitað framboða í A-nefnd og svo svona koll af kalli. Þannig að það er skilningur starfsreglunefndar, þannig að við förum þannig í það. Þórhildur Þorleifsdóttir.

ÞÞ

Já, skv. þessari 2. gr., þá get ég ekki séð að þar séu ákvæði um hvenær á að kjósa formenn, heldur bara að það skuli, þarna... eftir að hafa ákveðið tölu verkefnanefndar. Mér finnst þetta óeðlileg röð, að það sé byrjað að kjósa formenn áður en við vitum hverjir eru í nefndunum og áður en nefndirnar hafa svo mikið sem hist. Þannig að ég eiginlega vil mótmæla þessu verklagi, að svona sé staðið að verki. Ég veit alveg að þetta kom hérna inn í starfsreglurnar. Þetta kemur inn á síðustu stundu og mér finnst einkennast dálítið af stjórnarræði og mér finnst að við ættum í öllu að varast að fylgja af mikið einhverjum reglum sem hafa verið settar fyrir aðrar stofnanir landsins, vegna þess að við höfum ætlað okkur að sýna að við viljum vinna öðru vísi og þess vegna eigum við ekki að ástunda forræðisvinnubrögð. Takk.

SN

Katrín Oddsdóttir.

KO

Ég var nú ekki að biðja um orðið en ég segi bara: Eigiði stórkostlegan dag, fyrst ég er komin hérna á mælendaskrá.

SN

Þá er það Dögg Harðardóttir.

DH

Formaður og góðir ráðsfulltrúar. Í blaði, sem við fengum, þar sem við eigum að velja þá nefnd sem við viljum helst sitja í, þá er óskað eftir því að við veljum val 1 og val 2, sem sagt aðalnefnd og svo til vara. Þannig að mér finnst opinn möguleiki á því að einhver verði færður til. Þess vegna spyr ég: Ef formaður verður ekki færður til, þá er náttúrulega mjög eftirsóknarvert að verða formaður, því að þá kemst maður í þá nefnd sem maður vill verða í. Þannig að ég myndi nú taka undir þá hugmynd að fyrst fengjum við að vita hverjir sitja í hvaða nefnd áður en við kannski stingum upp á einhverjum.

SN

Það hefur verið skilningur þeirra sem skrifuðu starfsreglurnar og því hvernig þær eru útbúnar að þetta eigi að gerast í þessari röð. Og því er það gert núna, að fyrst séu kosnir formenn en síðan velji fólk í nefndir. Varðandi valblaðið, þá verður það til umræðu á eftir en þar er boðið upp á valkost ef fólk vill setja valkosti. Þannig að við förum í þetta með þessum hætti að fyrst er [u] kosnir formenn og fyrst er kosinn formaður í nefnd A og síðan í nefnd B og síðan í nefnd C. [hljóðir á AT] Já, náttúrulega, ef þið viljið koma með formlega breytingartillögu, þá er það náttúrulega opið. Þá er Lýður Árna...

LÁ
Er þetta komið í gang?

ÞÞ
Formlega tillögu um hvað?

SN
Um að breyta þessu, að fara semsagt fyrst í að velja nefndir og ...

ÞÞ
... myndi ég vilja standa að þannig tillögu. Og mér þetta að... Ég hafði líka skilið það þannig, formaður leitar eftir því hvaða fulltrúar gefa kost sér til þeirra starfa. Ég hafði skilið það þannig að það yrði gert með sama hætti eins og þegar er verið að leita eftir framboðum til formanns en það yrð[u] ekki bara þeir sem að væru einhvern veginn utan dagskrár annað hvort búinir að undirbúa það eða dytti það í hug hér. Þannig að ég hélt að undirbúningurinn yrði vandaðri og ég hélt að hann yrði í rauninni þegar að við vissum hverjir væru. Þetta er alveg réttur punktur hjá henni Dögg. Það er náttúrulega fínt að bjóða sig fram til formanns ef maður vill endilega vera í einhverri nefnd. Og svo náttúrulega líka þetta varðandi að... Þetta auðvitað skapar viss vandræði, vegna þess að nú er kveðið á um kynjahlutföll, að það sé í formennsku og það er fyrst kosið í A og segjum að... Við skulum bara segja, af því að það er búið að stinga upp á Silju. Og svo er B og þar er kannski einhver kona. Það þýðir þá að það verður að kjósa karl í C. Þannig að þetta er svona... Mér finnst að það ætti að leita eftir framboðum með sama hætti eins og gert er fyrir formann, þannig að þetta verði nú svona opnara og lýðræðislegra heldur en að hér verið að gera. Og ég myndi alveg, ásamt einhverjum öðrum, vilja standa hér að einhverri dagskrártillögu, ef það heitir það; ég man ekki alveg hvað þetta heitir.

SN
En það var kynnt í gær, þessi leið. Strangt til tekið, þá þarf ekki að kjósa, semsagt í starfsreglunum, að þá má víxla formanni og varaformanni út af kynjahlutföllum. Þannig að ... já. Lýður Árnason.

LÁ
Já, kæra ráðsfolk. Ég er eiginlega sammála þessum athugasemdum [hjá] Dögg og Þórhildi og ég held að einfaldast sé þá bara að gera breytingartillögu og leggja hana svo fyrir ráð. Og ef að hún er samþykkt, þá náttúrulega förum við eftir henni. Ef ekki, þá förum við þessa leið sem að hefur verið ákveðin. Þannig að ég mæli með að við bara semjum breytingartillögu og skellum henni á. Takk.

ES
Já, gott ráðsfolk. Tillaga sem að Þórhildur boðar leysir ekki þann vanda sem hún var að lýsa með kynjahlutföllin. Það getur alveg það sama komið út úr því, með kosningu í nefndir, að það verði kosnir tveir karlar og þá beri að kjósa konu í síðustu nefndinni. Ég styð þessa tillögu sem að stjórnin lagði hér fram og fundarstjóri kynnti og legg til að við göngum til atkvæða um það.

SN
Vilhjálmur Þorsteinsson.

VP
Já, formaður og góðir fulltrúar. Ég legg nú til að við höldum okkur við það prógramm sem að búið varð að ákveða og setja fram. Það var farið nokkuð vel yfir þetta allt saman í starfsreglunefndinni hvernig menn höfðu hugsað sér að þetta gerðist hér og þ. á m. það fyrirkomulag að kjósa formennina fyrst, hvern á fætur öðrum, og það væri m.a. hugsað þannig að það er hugsanlegt að aðilar gætu viljað gefa kost á sér í fleiri en eina formennsku, ef að þeir fá ekki formennsku, segjum A, að þá gætu þeir boðið sig fram, alla vega teoretískt, í B eða C og menn vildu ekki loka þeim möguleika. Síðan eru kosnir varaformenn á eftir og svo gæti þá komið til þess, að formaður þyrfti, eins og hann hefur umboð til, skv. starfsreglunum, að víxla formanni og varaformanni í væntanlega þá einni nefnd til að jafna hlut kynja og það yrði þá á grundvelli minnsta munar atkvæðafjölda milli varaformanns og formanns. Það er reyndar rétt ábending hjá Þórhildi að starfsreglurnar útiloka það svo sem ekki að það menn velji sér fyrst nefndir og kosnir formenn og varaformenn á eftir en hins vegar skilst mér að þetta hafi nú orðið að samkomulagi í stjórn og, svona í umræðum manna á milli, að það væri rökréttast að ganga frá málum og klára þetta núna fyrir páska. Og þetta hefur nú legið fyrir í umræðum okkar og sömuleiðis í fundarboði. Og ef ég man rétt, þá tilkynnti nú formaður líka á síðasta ráðsfundi, að það yrði gengið til þess á þessum ráðsfundi að kjósa formann og varaformann og ganga frá verkaskiptingu í nefndir, þannig að þetta á nú svo sem ekki að koma neinum á óvart. Þannig að ég er persónulega fylgjandi því að við bara klárum málið eins og dagskrá segir. Takk fyrir.

SN
Íris Lind Sæmundsdóttir.

ÍLS
Takk fyrir. Formaður og aðrir fulltrúar. Mig langaði bara aðeins að benda á, því ég kom nú aðeins að ritun þessara reglna, að þrátt fyrir að okkar sýn hafi verið sú sem lögð er hér til í dag, að þá, eins og Vilhjálmur bendir á, þá kannski segja reglurnar ekki skýrt að þetta sé sú leið sem eigi að fara og kannski má alveg velta fyrir sér að breyta því, ef fundurinn kemur sér saman um það. Og það má náttúrulega líta á það að þessi leið er kannski ekki gallalaus, að því leyti að þetta býður upp á það að menn hugsanlega velji sér nefnd eftir því hvar þeir geti gegnt formennsku. Þannig að það má svona velta upp þeim möguleika hvort að fundurinn taki ákvörðun um eitthvað annað fyrirkomulag. Takk.

SN
Katrín Oddsdóttir.

KO
Já. Kæru vinir. Ég tek undir með Þórhildi. Mér finnst eðlilegra að byrja á því að ákveða í hvaða hóp fólk vill skipta sér og svo út frá því hverjir eru í hvaða hóp, að fólk taki þá ákvörðun um hver skyldi leiða hvern hóp. Mér finnst mjög skrýtin þessi hugsun, sem að Vilhjálmur lýsti, um einhvers konar formennsku framar

efni, að fólk vilji bara völd valdanna vegna, óháð því hvaða efnisnefnd það ætla að starfa við. Mér finnst það ekki vera heilbrigð leið til þess að líta á okkar starf. Þannig að ég myndi frekar kalla eftir því að við færum þá bara í þessa atkvæðagreiðslu, ef þess þarf, og greiddum bara atkvæði um það, hvora leiðina við ættum að velja. Og þá erum við annars vegar að tala um kannski leið A, sem er sú sem að við höfum komið með kannski flest inn á fundinn í dag, að það myndi vera bara formannskjör óháð nefndum, og svo leið B þá, sem er leiðin sem Þórhildur stingur upp á og fleiri, að við veljum fyrst einhvern veginn í nefndirnar og svo tökum við þá það í ... eftir hverjum verða formenn. En það ekkert, eins og fram hefur komið, í reglum sem takmarkar það að við gerum þetta í þessari röð. Við erum ekki að brjóta gegn okkar starfsreglum á neinn hátt og það er nægt tilefni, þetta sem Dögg nefnir, að það verði einhvern veginn misrétti milli aðila út frá formannskjöri, [það] finnst mér nægt tilefni til þess að við endurskoðum reglurnar og gerum þetta með þessum hætti. Þetta þarf ekki að tefja fyrir okkur og við erum ekki á neinn hátt að breyta neinu, bara að gera þetta í annarri röð. Hún er edlilegri.

SN

Ég vek athygli á að þetta mun tefja, þannig að það mun væntanlega þurfa annan ráðsfund, annað hvort á morgun eða strax eftir páska, til að kjósa þá formenn, ef við ljúkum því ekki með þessum hætti, því að það þarf þá að raða í nefndirnar og það tekur nokkurn tíma. Dögg Harðardóttir.

DH

Formaður. Ágætu ráðsfulltrúar. Í stjórnlagaráði sitja færri konur en karlar og við höfum nú verið mjög jafnréttissinnuð. Það sem ég vil benda á, auk þess sem hér hefur komið fram, það er að ef við byrjum á því að kjósa formenn og varaformenn áður en við vitum hverjir skipast í nefndirnar, þá getur staðan orðið sú, að þegar kosið verður um þriðju nefndina, að þá séu kannski bara tvær konur, ein eða tvær konur, sem sitja þar og hvorug gefur kost á sér. Þannig að þetta er líka spurning um hvort við ætlum að reyna, eins og við höfum stefnt að, að hafa bæði konu og karl sem formann og varaformann.

SN

Pawel.

PB

Já, kærur vinir. Ég legg ekki þann skilning að það sé heimilt að víxla þessari röð, því að í starfsreglum segir: „Eftir að ráðsfundur hefur ákveðið tölu verkefnanefnda og skipt verkum með þeim, sbr. 2. mgr. 4. gr., stýrir formaður kosningu nefndarformanna og varaformanna hópa fulltrúa í stjórnlagaráði.“ Ég skil orðið „eftir“ þarna sem að það gerist á eftir, þá beint á eftir. Nú, við skulum líka taka eftir einu sem er kannski pínkuformalismismi en engu að síður, að ef við byrjum á því að víxla að velja okkur í nefndir, þá er stjórn ætlað ákveðið hlutverk til þess að jafna úr ágreininga manna, þ.e.a.s. ef það veljast 12 í eina nefnd fjórir í einhverja aðra, þá á stjórn að koma á máli við fólk og gera tillögur um breytingar þar að lútandi. Ef við kjósum ekki stjórn áður en við gerum þetta, þá er enginn til þess

að gera úrbætur á þessari tillögu eða úrbætur þar að lútandi. Þannig að ég persónulega að mörgu leyti er ekki ósammála því að það væri hugsanlega rökrétt að byrja á því að kjósa nefndirnar og velja síðan formenn úr hópi þeirra sem völdust til þeirra verka. En ég persónulega skil starfsreglurnar þannig að það hafi verið kveðið á um annað fyrirkomulag og ef við ætlum að breyta starfsreglum, þá þurfum við að fara eftir seinustu grein starfsreglna, þar sem segir að það þurfi að gerast á sérstökum fundi, sem boðaður hefur verið af því tilefni. Ég sem sagt hef persónulega ekki vilja til þess að fara með málið [með] þeim hætti, þannig að ég legg til að við höldum okkur við þá leið sem lögð var til í starfsreglunum og sem skilningur stjórnarformanns hefur verið á. Takk.

SN

Erlingur.

ES

Já, gott fólk. Ég er sammála Pawel að þessu sinni og bendi á 5. gr. ákvæðin um að stjórnin getur frumkvæði getur haft frumkvæði að breyttri skipan í nefnd í samráði við hlutaðeigandi. Og þetta er greinilegt að ætlast er til hinnar raðarinnar, eins og samþykkt hefur verið.

SN

Porkell.

ÞH

Formaður og góðir félagar. Ég er líka sammála Pawel en er hérna með málamiðlun. Getum við ekki einfaldlega gert óformlega könnun hér og nú hverjir ætla að vera í hverri nefnd eða óska þess – látum vera þá að það komi ójafnt út úr því – þannig að við höfum eitt-hvað hugboð um hverjir ætla að vera í hverri nefnd áður en við göngum til formanns- og varaformannskosninga. Þetta þarf ekki að taka nema nokkrar mínútur. Teljararnir hérna geta hripað hjá sér nöfnin; þeir sem vilja vera í A-nefnd, þeir rétti upp hönd o.s.frv. Og þetta verði bara einhvern veginn fært á blað og menn hafi það fyrir framan sig hér þegar þeir ganga til formanns- og varaformannskosninga. Þetta er ekki sama og bindandi... Þetta er óf...

SN

Það var nú gerð óformleg könnun í gær, sko, þannig að ... einmitt til þess að ...

ÞH

Já en menn muna ekki nöfnin lengur. Ég man það ekki t.d. Gamall og gleyminn. Takk fyrir.

SN

Þórhildur.

ÞÞ

Góðir fulltrúar (ég gleymi alltaf að ávarpa, fyrirgefiði). Bara að árétta þetta aftur: Ég er ósammála þessum skilningi Pawels, vegna þess að „eftir“, það þýðir ekkert strax eða á undan öðru. Það þýðir bara seinna. Þannig að það útilokar alls ekkert... En við skulum ekkert fara í hártoganir um það. Ég bara myndi leggja áherslu á að við fengjum fundarhlé og samin væri tillaga um eitthvað svipað eins og ég var að tala um áðan vegna

Þess að mér finnst ekki maður geti unað því að maður viti ekkert hvaða kosti maður hefði átt fyrr en maður veit hverjir sitja í nefndum. Þannig að það er mjög sérkennilegt að kjósa án þess að maður viti hverjir möguleikar væru í kosningu. Ég vil líka árétta að ég lýsi vonbrigðum mínum yfir því að formaður hafi ekki leitað eftir því hverjir gefi kost á sér með öðrum hætti heldur en að gera það á fundi. Ég hefði kosið að það hefði verið gert með sama hætti eins og var gert með... Þegar maður leitaði eftir formannsframboði, að það sé í rauninni – ég veit ekki hvort það myndi kallast leynilegt eða hvað það myndi kallast – en það sé gert með öðrum hætti heldur en bara að tilviljanakennt komi upp nöfn hér á þessum fundi, sem annað hvort hafi verið undirbúin einhvers staðar – ég veit það ekki – eða ekki undirbúin. Það er bara... Mér finnst þetta svona flautursleg aðferð, ef ég má bara orða það þannig, og legg til að okkur verði gefið smá andrými til þess að koma fram með tillögu um aðeins breytta starfstilhögun.

SN

En þetta er náttúrulega eins og er í reglunum, að það er leitað eftir á fundi og það er búið að liggja fyrir núna um nokkurt skeið að það verði leitað eftir...

ÞÞ

Það stendur ekkert „á fundi“ leitar eftir því hvaða fulltrúar gefa kost á sér.

SN

Illugi Jökulsson.

IJ

Já, ágætu félagar. Mig langar bara að gera eina örstutta athugasemd. Mér finnst óþægilegt það sem hér hefur borið á, að menn tali um formennsku og varaformennsku í þessum nefndum sem einhvers konar valdastöður. Þetta snýst um fundarstjórn og verkstjórn í nefndum sem við tökum öll þátt í og þar sem að allir eru jafn rétt háir, þannig að ég legg til að við hættum að hugsa um þetta sem valdastöður. Takk.

SN

Ari Teitsson.

AT

Ég vil byrja á því að taka undir með Illuga. Ég held að við, í raun og veru, eftir að við ræddum þetta nú hér áður, að þetta er raunverulega verkstjórn, þá held ég að hafi dregið úr þeirri hugsun. En ég vil líka ítreka það sem hér hefur fram komið áður, að við láguum býsna lengi yfir þessum starfsreglum og samþykktum þær síðan hér á fundi og þær hafa legið svo sem fyrir síðan. Þá held ég að við ættum að reyna eftir fremsta megni að vinna eftir þeim hér í dag. Og eins og Pawel bendir á, þá er ekki svigrúm í þá átt sem að Þórhildur hér ræðir, eins og ég skil reglurnar, þannig að það setur málinu þröngar skorður, nema við viljum breyta starfsreglunum. Þannig að ég styð þá sem að hér hafa rætt um það að rétt muni vera að halda áfram eins og upp var lagt með, enda held ég nú að það hafi kannski svo sem legið fyrir. Varðandi það, hvenær og hvernig á að leita eftir uppástungum, þá var hugsunin sú í þeirri nefnd sem vann að starfsreglunum, að menn myndu

gefa kost á sér til formennsku í nefndum, þeir sem áhuga hafa á, einungis hér á fundinum; það yrði ekki beinlínis unnið í því áður. Það var hins vegar auðvitað hugmynd okkar að með þessari þriggja daga nefndarvinnu, þá mundi kannski skerpast áhugi manna á að taka að sér formennsku eða að taka ekki að sér formennsku í ákveðnum nefndum. Þannig að við höfum undirbúið þetta eftir bestu getu með þann feril í huga sem hér var lagt upp með í upphafi fundar. Auðvitað getum við alltaf breytt reglum og vinnutilhögun, eins og reglur þá leyfa án reglubreytinga(?31:02). En þetta á ekki að koma mönnum á óvart. Takk.

SN

Örn Bárður.

ÖBJ

Já, formaður og systkin. Í hugmyndafræði sem að mér er nokkuð hugleikin, þar er gjarnan talað um og lögð áhersla á þjónustu. Og höfundur þeirra hugmynda sagði: „Sá sem fremstur vill verða á meðal yðar sé þjónn allra.“ Þess vegna ítreka ég það: Þetta eru ekki valdastöður. Við erum hér til að þjóna. Í ljósi sveigjanleika dagskrár sem við höfum sett upp, þ.e.a.s. hvernig nefndirnar munu starfa, þannig að öllum verði gert kleift að heimsækja og taka þátt í starfi allra nefnda og einnig í ljósi þess sem rætt var í gær um plenumfund á fimmtudögum, þá finnst mér að við eigum að nálgast þetta opið og ég vil því styðja þetta upplegg stjórnarinnar. Mér komu í hug, bara þegar að maður var í leikjum sem barn, að þá var nú gjarnan byrjað á því að velja fyrirliða, svo valdist fólk í hópana eftir á. [Ég] bara minni á það, að bernskan hefur sína visku. Takk fyrir.

SN

Þórhildur.

ÞÞ

Já, ég vil nú minna bara á í þessu tilefni, að það var yfirleitt fyrirliði sá sem valdi í liðin [hlær] og það var mikil goggunarröð. Það fór yfirleitt eftir því hver var fljótastur að hlaupa eða eitthvað slíkt. Ég vil nú taka undir með honum Illuga auðvitað, að hér er mikið talað um þetta eins og valdaembætti. Það er mér andsnúið. Ég gæti alveg persónulegum skoðunum mínum á því hvernig þetta ætti að vera. Mér finnst þessi uppbygging vera mjög valdamiðuð og mér finnst það miður að við skulum sitja upp með þannig reglur. En ég geri ekki fleiri athugasemdir við það. Ég barðist mikið fyrir því í nefndinni að þetta yrði öðru vísi, náði ekki (auðvitað heitir það ekki) meirihluta þar, þannig að ég auðvitað mun setta mig við þessa strúktúra sem mér eru mjög andsnúnir en mun ekki gera veður út af því héðan í frá. En ég mótmæli því að ég sé að fara fram á það að reglum sé breytt. Ég vil bara mótmæla þeim skilningi. Mér finnst í 2. gr. að það sé ekki verið að breyta reglum, þó að annað verklag yrði haft á. En svo vil ég líka minna á varðandi þessar formannsstöður: Við sitjum uppi t.d. með það óheppilega fyrirkomulag sem að er úr fyrri starfsreglum, að – við skulum ekki gleyma því – að það er verið að tala um launuð embætti.

Ýmsir

Nei. Neinei. Ekki.

ÞÞ
Ekki formenn í nefndum?

SN
Nei.

ÞÞ
Hvenær fór það út? [ógreinileg svör] Fyrirgefiði, þá býð ég bara afsökunar á þessum misskilningi mínum.

XX
Það var í lögnum.

ÞÞ
Það var í lögnum, já. Fyrirgefiði, ég hef bara ekki... Já, þá bara bið ég afsökunar á þessum flumbrugangi mínum, af því að ég var nú eitthvað að saka aðra um flautur. En það er greinilegt að margir leggja mikið upp úr því að vera formenn, þannig að ég held að það séu margir sem leggi valdaskilning í þetta embætti. Persónulega fyndist mér bara að ætti að rótera frá fundi til fundar og það hefði átt að kjósa bara þá í framkvæmdastjórn ráðsins. En ég er ekki í meirihluta með þá skoðun og mun þess vegna ekki halda henni frekar fram en bara mótmæla þessu, að ég sé að fara fram á að reglum sé breytt.

SN
Gísli.

GT
Já, ég styð tillögu stjórnar, ekki af því að hún sé bundin í reglur – vegna þess að það er hún ekki, að mínu mati. Ég vakti athygli á því á alfundi í gær, að reglurnar kvæðu ekki á um þessa röð. Þess vegna hefðum við getað sloppið við þessa umræðu hér. Það segir nefnilega í upphafi 3. gr. að „formaður, varaformaður og formenn verkefnanefnda, þegar þeir hafa verið kosnir skv. 2. gr., mynda stjórn stjórnlagaráðs.“ Þannig að þangað til formenn verkefnanefnda eru kosnir, þá eru formaður og varaformaður stjórn og hafa full völd sem slíkir. En ég styð þessa tillögu af því að hún varð niðurstaðan í gær og var kynnt í dagskrá. Ég held að við ættum svona oftast að halda okkur við boðaða dagskrá. Takk.

ÞÞ
Þá geri ég það sem ég hef gert áður. Ég bara vík með mína tillögu, þar sem að það er greinilegt að hún fellur ekki í mjög góðan jarðveg. En ég mun styðja aðra sem að kynnu að koma með sams konar. Ég mun þá ekki... En ég ætla að lýsa því yfir, þá fyrir fram: Ég mun sitja hjá í öllum atkvæðagreiðslum.

SN
Einhver sem vill tjá sig eða koma með breytingartil- lögu við dagskrána eins og hún er auglýst? Ef ekki, þá höldum við áfram þar sem frá var horfið. Þá er óskað eftir framboðum eða tilnefningum í formann í nefnd A. Dögg Harðardóttir.

DH
Já, formaður. Ágætu ráðsfulltrúar. Mig langar til þess að vita hverjir óska eftir því t.d. að vera í A til þess að geta þá jafnvel komið með tillögur að... eða semsagt að benda á fólk, mæla með fólk. Er það möguleiki? Með handa-

uppréttingu eða einhverjum vísbendingum, því það er mjög erfitt ef ég ætla t.d. að kjósa en mæla með Gísli í A og svo segir Gísli „Ég vil ekki vera í A.“ Hvað þá?

KO
Má ég skjóta inn bara hérna. Mér fannst þetta mjög falleg tillaga hjá honum Þorkeli að við myndum bara gróflega gera grein fyrir því hvaða nefnd væri svona okkar helsta nefnd, við erum hvort sem er beðin um að gera það á þessum fundi. Og þó það mætti eitt- hvað hnikast til, þá myndi það gefa okkur einhverja vísbendingu, eins og Dögg er að kalla eftir og það er ágætis málamiðlun að þurfa ekkert að fara út í neinar frekari breytingar. Og getum við ekki bara öll unað nokkurn veginn við það?

SN
Gott og vel. Þá bara gerið það með handaupprét- tingum. Hverjir myndu vilja sitja í nefnd A? [Þeir lyfta hendi] Nei, það er ekki verið að greiða atkvæði. Það er bara verið að gera könnun á því hverjir hafa áhuga á að sitja í nefnd A. Þá liggur það fyrir. Þá sjáiði það, hverjir það eru. Og þá óska ég eftir tilnefningum eða framboði í formann í nefnd A. [svar] Núna líka? Það gæti breyst á milli kjörs, þannig að ég held að við ættum bara að halda okkur við þetta form og fara í það að fá tilnef- ningar eða framboð í nefnd. Erlendur.

ES
Já, til að ræða um fundarsköp, þá ætla ég að segja að við skulum hætta að skemmta skrattanum og fara að ganga til kosninga. Það er ljóst að ef að kemur tilnef- ning um einhvern, þá gefur hann ekki kost á sér ef hann vill ekki vera í nefndinni. Það þarf [þá] ekki að greiða atkvæði um þetta meira.

SN
Einhver annar sem að...? Katrín.

KF
Varstu að lýsa eftir tilnefningum?

SN
Já eða vildir þú fá orðið? Já, ég er að lýsa eftir tilnef- ningum og/eða framboðum.

KF
Já, ég vil nefna nafn Silju Báru Ómarsdóttur.

SN
Silja Bara, samþykkir þú tilnefninguna?

SBÓ
Já, takk.

SN
Önnur framboð eða tilnefningar í nefnd A? Ekki. Erlingur.

ES
Ég nefni Þorvald Gylfason.

SN
Þorvaldur Gylfason, gefur þú kost á þér?

ÞG
[Já.]

SN
Þá eru komin tvö framboð. Fleiri sem vilja tilnefna eða bjóða sig fram? Dögg.

DH
Formaður. Ágætu ráðsfulltrúar. Mér finnst nú eðlilegt að þetta verði spennandi kosning, þannig að ég ætla að mæla bæði með Erni Bárði og Arnfríði, þannig að við höfum eitthvað val til að kjósa um.

SN
Örn Bárður Jónsson, gefur þú kost á þér?

ÖBJ
Já.

SN
Arnfríður?

AG
Nei, en ég þakka samt fyrir. Takk.

SN
Fleiri? Ef ekki, að þá kjósum við um Silju Báru Ómarsdóttur, Þorvald Gylfason og Örn Bárð Jónsson. Miðum verður dreift. Við biðjum ykkur um að skrif nöfnin á seðilinn. Þetta fer eins fram og með formanns[kjörið]. Eitt nafn, bara eitt nafn. [svarar] Já, við erum að kjósa núna um formann í nefnd A og þetta verður gert svipað eins og þegar var kosið um formann og varaformann, að tölur allar verða gefnar upp í lokin. Það er Silja Báru Ómarsdóttir, Þorvaldur Gylfason og Örn Bárður Jónsson.

Já, á meðan talið er, að þá gerum við örstutt fundarhlé.

SN
Góðir ráðsmenn. Silja Báru með 10 atkvæði, Þorvaldur með 9 og Örn 2 og einn auður seðill, þannig að nú verður kosið um Silju Báru Ómarsdóttur og Þorvald Gylfason í annarri umferð og miðum verður dreift hér núna.

Góðir ráðsmenn. Samkvæmt 2. gr. starfsreglnanna, þá er vísað í kosningu nefndar... um semsagt kosningu nefndarformann og varaformann gilda að öðru leyti 2., 3., 4. mgr. 1. gr. um formannskjör og varaformannskjör. Þar segir að rétt kjörinn sé sá sem hlotið hafi hreinan meirihluta atkvæða allra ráðsfulltrúa. Nú eru þrjú fjarverandi en fundarstjóri túlkar það þannig að það sé miðað við þá meirihluta þeirra sem eru hér staddir, þó það þýði ekki endilega meirihluti miðað við alla ráðsfulltrúa. Gerir einhver athugasemdir við þessa túlkun? Vilhjálmur.

VÞ
Já, það er semsagt 1. setningin í 3. mgr. er „Rétt kjörinn formaður er sá sem hlotið hefur hreinan meirihluta atkvæða allra ráðsfulltrúa.“ Síðan kemur „Fái enginn tilskilinn fjöldi atkvæða, skal kjósa um þá tvo fulltrúa er flest atkvæði fengu.“ Skilningur minn er sá að það er þá einungis... það er bara sá sem fær fleiri atkvæði, óháð því hvað þau eru mörg.

SN
Já, er það ekki alveg öruggt?

VÞ
Sá sem fær fleiri atkvæði er kjörinn. Síðan kemur 3. setning: „Fái tveir jafn mörg atkvæði við seinni kosninguna skal kosið að nýju.“ En ef annar fær fleiri atkvæði, þá er hann kjörinn.

SN
Þannig að þetta er sameiginlegur skilningur allra, er það ekki, og við getum haldið áfram með það. Gott. Þá er komin niðurstaða í kjör formann í nefnd A. Silja Báru Ómarsdóttir fékk 12 atkvæði, Þorvaldur Gylfason 9, auður seðill 1. Þannig að Silja Báru Ómarsdóttir er réttkjörinn formaður nefndar A. Þá göngum við til kosningar á formanni fyrir nefnd B og ég óska eftir tilnefningum eða framboðum. Silja Báru Ómarsdóttir.

SBÓ
Já, ég sting upp á Katrínu Fjeldsted.

SN
Fleiri? Vilhjálmur Þorsteinsson. [til KF?] Já, fyrirgefðu.

VÞ
Já, ég ætla að bjóða mig fram í formennsku í nefnd B.

SN
Katrín Fjeldsted. Samþykkir þú að vera í framboði til formennsku í nefnd B?

KF
Já, ég geri það.

SN
Fleiri framboð? (Var einhver? Nei.) Þá er gengið til kosninga og það eru tveir í framboði: Katrín Fjeldsted og Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörði svo vel.

SN
Atkvæði hafa fallið jöfn. Katrín fær 9, Vilhjálmur 9 og auðir seðlar eru 4. Þá þarf að kjósa aftur og hvetja menn til að greiða atkvæði.

SN
Góðir ráðsmenn. Það er komin niðurstaða í kjör formanns í nefnd B. Katrín Fjeldsted hlaut 11 atkvæði, Vilhjálmur Þorsteinsson 9, auðir seðlar 2. Þannig að Katrín Fjeldsted er réttkjörinn formaður nefndar B. Þá kjósum við um formann í nefnd C og óskað [er] eftir framboðum og tilnefningu. Þorkell Helgason.

ÞH
[ógreinilegt]

SN
Ætlarðu að nota tækið?

ÞH
Ég gef kost á mér í þá nefnd, formennsku í þeirri nefnd.

SN
Fleiri framboð? Gísli.

GT
Ég sting upp á Pawel Bartoszek.

SN
Pawel, samþykkir þú að vera í [ógreinilegt]?

PB
Já, ég samþykki það með þökkum.

SN
Fleiri framboð eða tilnefningar í nefnd C? Ef ekki, þá er gengið kosninga og í framboði eru Þorkell Helgason og Pawel Bartoszek. Gjörði svo vel.

SN
Niðurstaða liggur fyrir um formannskjör í nefnd C. Pawel hefur fengið 10 atkvæði, Þorkell 8 og auðir seðlar 3. Pawel er því rétt kjörinn... Nei, það þarf aðra umferð. Jájá. Það þarf aðra umferð, auðvitað. Fyrirgefði. Eina umferð enn. Gjörði svo vel. Á milli efstu: Pawels og Þorkels. Sko, auðir eru 3. Það er... Já, einn hefur gengið úr salnum, þannig að það eru 21. Já.

SN
Fyrir formann í nefnd C: Pawel hefur fengið 10 atkvæði, Þorkell 8 og auðir seðlar 3. En þetta er niðurstaðan í annarri umferð. Þannig að Pawel Bartoszek er réttkjörinn formaður fyrir nefnd C. Þá göngum við til atkvæðagreiðslu um... kosningar, fyrirgefði, til varaformanna í nefndunum. Og þá óska ég eftir tilnefningum og framboðum í varaformann fyrir nefnd A. Hver gefur kost á sér. Og það er... Kona hefur verið kosin formaður og þá ættu framboð að koma af gagnstæðu kyni og tilnefningar. Gefur einhver kost á sér eða vill tilnefna fyrir nefnd A? Gefur enginn kost á sér? Vill enginn tilnefna?

IJ
Ég tilnefni Þorvald Gylfason.

SN
Þorvaldur Gylfason, gefur þú kost á þér? Hann gefur ekki kost á sér. Einhver annar sem vill tilnefna eða gefa kost á sér?

[ógreinilegt]
Ég sting upp á Erni Bárði.

SN
Örn Bárður Jónsson, gefur þú kost á þér sem varaformaður í nefnd A?

ÖBJ
Já.

SN
Örn Bárður gefur kost á sér. Einhverjir fleiri? Ef ekki, þá er Örn Bárður Jónsson sjálfkjörinn varaformaður fyrir nefnd A. Þá er komið að framboðum í varaformennsku fyrir nefnd B. Hver gefur kost á sér eða vill tilnefna til varaformennsku í þeirri nefnd. Vilhjálmur Þorsteinsson.

VÞ
Já, ég gef kost á mér í nefnd B, varaformennsku.

SN
Einhverjir fleiri sem gefa kost á sér þar eða vilja tilnefna? Ef ekki, þá er Vilhjálmur Þorsteinsson sjálfkjörinn sem varaformaður fyrir nefnd B. Þá er komið að tilnefningum fyrir varaformann eða framboðum fyrir nefnd C. Gefur einhver kost á sér eða vill tilnefna? Íris Lind.

ÍLS
Já, ég gef kost á mér.

SN
Íris Lind Sæmundsdóttir gefur kost á sér til varaformann í nefnd C. Einhver annars? Þá er Íris Lind Sæmundsdóttir sjálfkjörinn varaformaður fyrir nefnd C. Þetta gekk hratt og vel fyrir sig. Þá er kosningu lokið og ég óska kjörnum formönnum og varaformönnum til hamingju með kjörið og velfarnaðar í nefndastörfum. Jafnframt munu formenn taka sæti í stjórn ráðsins og það hefur verið boðið til næsta stjórnarfundar og hann verður á morgun kl. hálf tíu.

4. Val fulltrúa á verkefnanefndum

SN
Þar með er þriðja lið dagskrárinnar lokið og við göngum til hins fjórða sem er... Næsta mál er val fulltrúa á verkefnanefndum. Fulltrúar hafa fengið sent og jafnframt hefur verið dreift til þeirra á borðin valblaði sem fulltrúar þurfa að fylla út og velja þá verkefnanefnd sem þeir kjósa að starfa með í fyrsta forgang og jafnframt er þeim gefinn kostur á að velja annan forgang eða aðra nefnd til vara. En reynt verður að tryggja sem jafnasta skiptingu milli nefnda. Þessu valblaði eru fulltrúar beðnir um að skila til nefndasviðs eigi síðar en til kl. fimm í dag. Stjórnin mun síðan fastsetja fulltrúa í nefndir á stjórnarfundum á morgun og upplýsa fulltrúa í hvaða nefnd þeir munu sitja fyrir lok dagsins, sem sagt á morgun, og þá er hægt að fara inn í páskafrí með fullskípaðar nefndir og nefndastörf hefjast síðan strax eftir páska. Katrín Oddsdóttir, gjörðu svo vel.

KO
Já, takk. Mig langar bara til að spyrja hvað nefndarsvið er. Ég skil ekki alveg hvert við eigum að skila þessu.

SN
Nefndarsvið er semsagt... Nefndarritararnir, þeir eru með skrifstofu hér á annarri hæð og koma því þangað fyrir kl. fimm. Andrés Magnússon.

AM
Þeir sem eru þegar búnir að ákveða sig, getum við ekki beðið þá um að labba hérna með kassann, svo við getum rumpað þessu af, þeir sem að þurfa ekki lengri umhugsunarfrest?

SN
Jújú, það er líka hægt að gera það í lok fundar; aðrir gangi úr salnum, að taka blöðin – að sjálfsögðu – eða núna. Já. Gjörðu svo vel.

5. Erindi sem hafa borist Stjórnlagaráði

SN

Nú þá göngum við til fimmta dagskrárliðs og það er um erindi. Þetta er til upplýsingar fyrir ráðsfulltrúa, að það hafa borist, sem sagt eins og þið vitið, þá er boðið upp á að félög og einstaklingar sendi erindi til ráðsins á vefsíðu þess og hafa nokkur erindi borist. Farvegurinn er þannig að sendandi þarf að senda inn erindi undir nafni og undir að senda erindi á ákveðna verkefnanefnd eða á ráðið í heild. Erindin eru almennt send í gegnum sérstaka síðu á vefsíðu ráðsins. Ef erindið er sent með netpósti eða pósti er það skannað inn. Sendandinn fær svar um að erindið hafi borist og verður þá sent á þá verkefnanefnd sem er með umrætt málefnasvið, sem erindið fjallar um. Nefndasvið tekur á móti öllum innsendum erindum, flokkar þau og setur á þá verkefnanefnd sem er umrætt verkefnasvið. Erindin, ásamt sendanda, eru síðan birt á vefsíðunni opin öllum til lesturs og umfjöllunar og verður það fyrirkomulag virkt mjög fljótlega. Það er ekki lofað að erindin sem slík fái efnislega umfjöllun í viðkomandi verkefnanefnd en nefndarritarar og nefndarmenn munu hafa þau til hliðsjónar við málefnaundirbúninginn og umfjöllun. En innsend erindi, sem borist hafa milli funda, munu vera listuð upp í hverri fundargerð verkefnanefndanna. Og það er hér listi yfir þau erindi sem hafa borist og þau eru frá Árna Stefáni Árnasyni, Helgu Guðrúnu Erlingsdóttur, Erni Sigurðssyni, Sigrúnu Gunnarsdóttur, Kristbjörgu Þórisdóttur, Olgeiri Gestssyni, Hjaltu Hugasyni, Lúðvík Lárussyni, Síðmennt, René Biasone, Herdís Þorvaldsdóttur fyrrverandi formanns Lífs og lands, frá Ragnari Guðmundssyni, Lýðræðisfélaginu Alda og Páli Bragasyni. Þannig að þetta er svona til upplýsingar um þann farveg sem erindin fara í og eru öllum aðgengileg. Katrín.

KO

Já, takk. Mig langaði að stinga upp á því að við myndum hafa það fyrirkomulag á að erindin verði sett beint á vefsíðu stjórnlagaráðs og þar geti bæði almenn-ingur og fulltrúar kommentað á þau, sett sem sagt fram sínar ábendingar og svör og það verði í raun og veru hið formlega fyrirkomulag, þannig að þetta verði bara strax svona samræða milli fólks og þjóðar og okkar og allra og við getum bara öll lagt í púkkið. Svo legg ég jafnframt til að framvegis á fundum, þá verði einhvers konar eitt stikkorð fyrir aftan hvert og eitt erindi, um hvað það fjallar, bara eftir bestu getu, þannig að það sé auðveldara að átta sig á og finna það aftur seinna fyrir fulltrúa. Takk.

SN

Já, einmitt. Erindin eru aðgengileg á netsíðunni. Þau verða þannig. Já, út. Þau eru opin. Já. Og síðan er þeim líka vísað sem sagt á viðkomandi nefndir, þar sem efnin eru til umfjöllunar. Einhver annar sem vill taka til máls undir þessum lið? Ef ekki, þá er næsti ráðsfundur áætlaður fimmtudaginn 28. apríl og verður dagskrá fundarins send út síðar. Fimmta fundi stjórnlagaráð er þá slitið og ég óska ráðsfulltrúum og starfsfólki gleðilegra páska. Takk fyrir.

6. ráðsfundur 28.04.2011.

28.04.2011 13:00

Dagskrá

1. Fundargerðir 3.-5. ráðsfundar bornar upp til samþykktar
2. Yfirlit frá nefndastarfi
3. Tillögur um breytingar á áfangaskjali lagðar fram til kynningar
4. Stefnumarkandi umræða fulltrúa: Andrés Magnússon, Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason

6. ráðsfundur - haldinn 28. apríl 2011, kl. 13.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugs-son, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Forföll höfðu boðað eftirtaldir fulltrúar: Katrín Fjeldsted og Guðmundur Gunnarsson.

Pá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu- pósti miðvikudaginn 28. apríl 2011 og dagskrá í samræmi við fundarboð, með því fráviki sem greinir undir lið 3.

Umræður á 6. ráðsfundi

SN

Góðan dag, góðir ráðsmenn. 6. fundur Stjórnlagaráðs er settur. Forföll hafa boðað Guðmundur Gunnarsson og Katrín Fjeldsted.

1. Fundargerðir 3.-5. ráðsfundar bornar upp til samþykktar

SN

Fyrst afgangurinn við fundargerðir 3., 4. og 5. fundar, ráðsfundar. Þær hafa verið sendar ykkur og eru líka aðgengilegar á innra netinu. Og það hafa ekki athugasemdir borist þannig að þær ..., og ef ekki aðrar athugasemdir koma, þá skoðast þær samþykktar.

2. Yfirlit frá nefndastarfi og tillögur um breytingar á áfangaskjali lagðar fram til kynningar

SN

Við munum nú með leyfi fundarins sameina dagskrárlíði 2 og 3, sem er yfirlit yfir nefndarstarf og tillögur

um breytingar á áfangaskjali. Og sem eru þá lagðar fram til kynningar. Fyrirkomulagið verður þannig að hver nefnd kynni sín málefni og leggur fram sínar tillögur sem hafa verið sendar út með fundarboð. Og tillögur nefndarinnar fara síðan aftur til hennar og verða teknar fyrir á næsta ráðsfundi. Við munum undir þessum lið í framtíðinni láta nefndirnar rótera, að komi ekki alltaf A, B og C, og við byrjum núna í öflugri stafrófsröð og nefnd C byrjar sína kynningu og ég gef formanni hennar Pawel Bartoszek orðið. Gjörðu svo vel.

PB

Nú, kærur vinur og þeir sem hlýða á heima. Ég kem hingað til að gera grein fyrir tillögum nefndar C um nýjan kafla um dómsvald. Sá kafli sem við höfum nú, sem er 5. kafli stjórnarskránnar, hann er að grunni til næstum því frá ..., hann er næstum því óbreyttur frá árið 1874, þegar Íslendingar fengu sína fyrstu stjórnarskrá. Og hann er raunar að mestu fenginn frá dönsku stjórnarskránni sem er þá örfáum áratugum eldri. Nú, það er auðvitað umdeilt hjá fólki að hve miklu leyti breytingar á þessum kafla eru aðkallandi. Dómstólar hafa getað starfað vel innan þess rúma og óljósa ramma sem stjórnarskráin setur þeim. En það er hins vegar mín tilfinning að jafnvel þeir sem hafa talað hvað harðast gegn breytingum á stjórnarskránni, viðurkenna að hann segir auðvitað lítið um hlutverk og stöðu dómstóla. Þ.e.a.s. sá sem ætlar sér að afla sér einhverra upplýsinga um hvernig íslenskt réttarfar er útfrá því sem stjórnarskráin segir um það, hann verður að sjálfsögðu litlu nær. Þannig að bara til þess að lýsa betur því ástandi sem þegar er, þá væri hugsanlega góð hugmynd að breyta þeim kafla til samræmis við það. Og þá einungis til þess eins að löggjafinn geti ekki hverju sinni ákveðið að kollaþrúka öllu dómstiginu í því skyni, að ja, kannski út af ankannalegum ástæðum.

Nú, ég mun nú fara yfir þær áfangatillögur sem farið hefur verið yfir í nefnd C og ég ítreka að allt sem hér kemur fram er, þetta er auðvitað ekkert af þessu meitlaði í stein. Þetta er einungis lagt fram í því skyni að þið gerið ykkur betur grein fyrir þeim umræðum sem fóru fram í nefndinni og að bæði ráðið og þá sérstaklega líka almennigur, bæði jafnt þeir sem eru lögfróðir og arðir, hafi þá einhvern umræðugrundvöll til þess að hefja umræður um efnisákvæði stjórnarskrárinnar á. Nú, við, okkar vinnu fórum við að mestu eftir tillögum Stjórnlaganefndar. Hún gerði tvær tillögur A og B sem voru nú að stærstum hluta eins. Og ég vísa þá oftast í, einfaldlega skýringar með þeim ákvæðum í skýrslu Stjórnlaganefndar og geri grein fyrir því hvar við ákvæðum orða, sem sagt nefndin komst að þeirri niðurstöðu að minnsta kosti tímabundið, að orða hluti öðruvísi. En ég ítreka það sem ég sagði áður, þetta er auðvitað einungis umræðugrundvöllur að áfangaskjali en ekki tillögur sem eru meitlaðar í stein. Nú, tillögurnar gera ráð fyrir 6 greinum í stað þeirra 3ja sem nú eru. Og 1. hljómar svo, sem höfð var nefnd D1 af þeirri ástæðu að við erum ekki endanlega viss hvar þetta verður staðsett í endanlegri útgáfu stjórnarskrárinnar. Þannig að þetta er tímabundin númeraröð.

D1, sem fjallar um skipun dómsvalds, hún orðast svo: Skipun dómsvaldsins, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum. Og fyrir þá sem eru að hlýða á þetta heima þá býst ég við að

skjölin séu aðgengileg á heimasíðu. Þetta er, enn sem komið er, ekki hægt að birta þetta hérna með textanum, en það er hægt að ná í skjalið á heimasíðu ráðsins og svo verður vonandi gerð bragarbót þar á að þeir sem heima sitja geta fylgst með þessu jafnóðum og við segjum þetta. Nú svo ég fari aftur yfir þessa grein, fyrirgefið inngrípið: Skipun dómsvaldsins, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum. Nú þetta kemur frá Stjórnlaganefnd, er líkt núverandi ákvæði í stjórnarskránni, en þar er bætt við sem sagt innskotinu, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara. Þannig að það er ítrekað, það er í því sem þurfið að taka afstöðu til, með lögum.

Nú næst kemur grein sem er kölluð D2, og hún fjallar um sjálfstæði dómstóla. Og þetta er ný grein frá Stjórnlaganefnd, hún hljómar svo: Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum, dómstólar mega hvorki sinna störfum sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins né má fela þeim slíkt með lögum.

Já, þetta er sem sagt að uppistöðu til tillaga Stjórnlaganefndar, fyrsta setningin, það er sem sagt óbreytt frá þeim tillögum. Og, síðari setning hljómaði í tillögu nefndar eilítið öðruvísi, sem sagt tillögu Stjórnlaganefndar. Þar var sagt: Dómstólum verða ekki falin störf sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins. Okkur þótti þessi setning þarna skarpari og lýsa sömu, nákvæmlega sömu hugmyndarfræði sem kom fram í skýringum, en þetta er sem sagt regla sem liggur til grundvallar gildandi réttarfarslög-gjöf.

Nú grein D3 kemur frá Stjórnlaganefnd og er, við tókum hana sem sagt beint þaðan upp og hún hljóðar svo, hún fjallar um lögsögu dómstóla: Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og um sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög við henni. Dómstólar leysa úr stjórnskipulegu gildi laga að því marki sem á það reynir í dómsmáli. Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm.

Nú, þessi grein er ný frá Stjórnlaganefnd en seinasta málgrein hennar er efnislega úr 60. grein núverandi stjórnarskrár. Þar er fjallað um embættistakmörk yfirvalda, en sú sama hugsun að hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir lög [dóm]. Nú fyrsta málgreinin fjallar um almennt hlutverk, ítrekar að þetta séu hlutverk dómstóla, og til dæmis að sök um refsiverða háttsemi verður ekki falin öðrum stjórnvöldum. Þetta er náttúrlega allt í samræmi við núgildandi réttarfarshefðir. Og grein nr. 2, hún segir: Dómstólar leysa úr stjórnskipulegu gildi laga að því marki sem á það reynir í dómsmáli.

Hér kom fram í umræðum í nefndinni hvort heppilegra hefði verið að segja einfaldlega hvort að lög standist stjórnarskrá. Þá var á það bent að stjórnskipunarlegt gildi getur falið í sér meira, til dæmis almenn stjórnskipunarhefðir sem ekki eru skrifaðar í stjórnarskrá. En þetta er auðvitað eitt af því sem, að sjálfsögðu er enginn vafi á því að það sé eitt af því sem dómstólar ættu að fjalla um en spurning hvort að orðalag í stjórnarskrá væri hugsanlega skýrara fyrir almenning. Þetta er hins vegar fóru svona óbreytt frá Stjórnlaganefnd.

Nú, þarna er auðvitað reyndar, skiptir það að einhverju leyti máli fyrir framhaldsvinnu okkar hvort og þá hvernig við ætlum að, hvort við ætlum að, hvort lagt verði til af Stjórnlagaráði að komið verði á sérstökum Stjórnlagadómstól eða hvernig þeim málum verður háttáð. Þá þarf auðvitað að taka afstöðu til [...] dómstól eins og stjórnskipulega gildi laga í dómsmáli eða hvort að þeir vísi málum annað. Þetta er bara eitt af þeim hlutum sem ítrekað þarf að taka afstöðu til þegar við tókum ákvörðun um hvort við ætlum að hafa Stjórnlagadómstól eða Stjórnlagaráð.

Nú næst er það þá grein D4 sem fjallar um Hæstarétt Íslands. Og þetta er ný grein. Í stjórnarskránni í dag er ekki beinum orðum vikið að Hæstarétti, þannig að það er alltaf fyrir sú hætta, hugsanlega, að löggjafinn gæti ákveðið búa til einhvern annan dómstól sem væri æðstur. Og þetta er grein sem mundi þá koma í veg fyrir slíkt. Hún hljóðar svo: Hæstiréttur er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla. Með lögum má undanskilja lögsögu hans mál sem sæta úrlausn sér-dómstóla á einu dómstigi. Og hér er mikilvægt að gera grein fyrir þeim, í rauninni, áherslubreytingum sem nefndin, Stjórnlaganefndin hér, leggur til 2 tillögur, og þær endurspegluðu líka að einhverju leyti umræður inni í verkefnanefnd okkar, sem fjallar um þessi mál, verkefnanefnd C. Það er þessi seinni setning sem segir, að með lögum megi undanskilja lögsögu hans mál sem sæta úrlausn sérdómstóla á einu dómstigi. Þar gæti til dæmis verið átt við Félagsdóm, og það er dómur þar sem ekki er hægt að skjóta öllum málum til Hæstaréttur. Nú, að sama skapi gæti þetta átt við um Landsdóm, nú eða hugsanlega Stjórnlagadómstól ef að ákveðið verður að koma slíkum á. Að mörgu leyti væri, allavega að mati þess sem hér stendur og talar, heppilegra að sleppa þessari heimild, þessari setningu sem segir að með lögum megi undanskilja lögsögu hans mál. Sem sagt stofna sérdómstóla á einu dómstigi vegna þess að með þessu getur skapast auðvitað ákveðin hætta, að stjórnvöld fari að búa til sérdómstól um hin og þessu mál ... hryðjuverkadómstóla eins og menn hafa sett á í Frakklandi eða dómstóla sem fjalla um brottvísanir fólks úr landi eða einhvers konar eignaupptökudómstóll, eða hvað annað sem er, sem mig langar ekki einu sinni að búa til hugmyndir, fyrir vond stjórnvöld framtíðinnar til þess að uppfylla. En með þessu, með því að hafa þetta, þá er þetta ákveðin hætta á að þetta sé gert og við ræddum það töluvert í nefndinni hvort hugsanlega væri hægt að skerpa jafnvel ef kosið væri að skerpa, heimila áfram einstaka sérdómstóla, hvort það ætti þá einfaldlega að tiltaka þá sérstaklega, skerpa mjög á þessu ákvæði svo að ekki væri hægt að búa til endalaust mikið af sérdómstólum, sem tækju fyrir mál sem að öllu jöfnu ættu að falla undir hlutverk hefðbundins dómskerfis.

Nú, þetta er sem sagt ný grein, sem kemur frá Stjórnlaganefnd og þetta er annar af þeim valkostum. Þarna gerum við sem sagt ráð fyrir þessari undantekningu, en þetta er eitthvað sem við þurfum að taka afstöðu til síðar.

Nú, 5. greinin fjallar um skipun dómara. 1. málgrein hljóðar svo: Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.

Ög þetta er ný grein frá Stjórnlaganefnd. Það fóru fram umræður um æviráðningu í nefndinni. Það sjónarmið að takmarka ætti embættissetu dómara urðu allavega ekki ofan á í nefndinni en kemur hér fram, að þetta er eitt af því sem rætt var, og það voru skiptar skoðanir um það fyrirkomulag. Að dómara séu ráðnir ævilangt. Þó var meirihluti fundarmanna að því er ég mat, á því að halda ætti því fyrirkomulagi.

Nú næst er það þá grein sem tiltekur nákvæmlega hvernig dómara skuli skipaðir og hún hljóðar svona í okkar tillögu. Þetta byggir að einhverju leyti á valkosti B frá Stjórnlaganefnd, en einnig á núverandi fyrirkomulagi um dómstóla og síðan hugmyndum okkar í verkefnanefnd C. Hún hljóðar þá svo: Forseti Íslands skipar dómara eða setur í embætti og veitir þeim lausn án tillögu ráðherra. Tryggt skal að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embætta dómara. Lögskipuð nefnd skal meta hæfi umsækjenda. Velji forseti ekki í embætti dómara einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis.

Nú þær ákvarðanir sem hér þarf að taka, og þær ákvarðanir sem Stjórnlaganefndin gat ekki komið sér saman um, því það komu fram tvær tillögur hvað það varðar. En í fyrsta lagi, hvort að forseti Íslands, sannarlega hafi þetta vald sjálfur. Og þá eins og er gert í þessari tillögu, hann geri þetta án tillögu ráðherra. Eða hvort þetta sé forseti Íslands í merkingunni ráðherra, eins og víðast stendur í stjórnarskránni. Það var önnur tillaga frá Stjórnlaganefnd. Nú, ef að forseti Íslands á að gera þetta í gegnum ráðherra, þá kannski er það skoðun þess sem hér stendur að þar ætti einfaldlega að standa ráðherra, til að taka af allan vafa um það. Nú, en ef við myndum fjarlægða orðið án tillögu ráðherra, þá væri allavega það fyrirkomulag það svipað og er í dag.

Nú, á eftir hér, stóð í tillögu Stjórnlaganefndar, voru ákvæðin þar rýmri. Ég hef því miður ekki tekið þau með mér hérna upp. En þar sagði í rauninni, að einhverju leyti svipað, að þá ætti, að með lögum ætti að tryggja að hæfni og málefnaleg sjónarmið myndu ráða för. Og að það væri heimilt að staðfest..., sem sagt skipun forsetans í embætti væri háð samþykki Alþingis. Það var skoðun margra í nefndinni, að það væri hugsanlega heppilegra að þetta væri að einhverju leyti ítarlegra. Og þetta fyrirkomulag sem hér er lýst, er í rauninni gildandi fyrirkomulag í lögum um dómstóla, það er, þ.e.a.s. það er hæfnisnefnd, sem löggjafinn ákveður hver er, sem fer að lögum um hæfi og tilnefniir ákveðna, og gerir tillögu um ákveðna einstaklinga sem eiga að veljast til dómara. Nú ef að ráðherra, eins og staðan er í dag, ákveður að velja í dómara starf einhvern annan en þann sem nefndin telur hæfastan, þá má hann það að fengnu samþykki Alþingis. Og þetta er þá nákvæmlega útlitun á því ákvæði, hér í okkar tillögu. Þannig að ef þessu fyrirkomulagi ætti að breyta þá þyrfti til þess að breyta stjórnarskrá. Það er auðvitað að einhverju leyti umdeilt, að hve miklu leyti við eigum að binda þetta í stjórnarskrá og að hve miklu leyti við eigum að leyfa löggjafanum að taka ákvörðun um svona hluti, en þetta er okkar tillaga. Þ.e.a.s. ef að orðin án tillögu ráðherra færu þaðan út, þá væri þetta að lýsa núverandi fyrirkomulagi, eins og það er frá 1. janúar 2011. En með því að hafa þau orð þarna inni, þá er verið að fela forseta það vald sem ráðherra hefur hingað til.

Nú þarna kom einnig fram þær hugmyndir að heppi-legt gæti verið að kjósa dómara í þeim, allaveganna eins og ég skildi, í þeim tilfellum þar sem nefndin telur nokkra einstaklinga jafn hæfa. Þetta var ein af þeim röddum sem heyrðust í nefndinni. En þær voru ekki að því ég mat, í meirihluta inn á fundum nefndarinnar.

Nú næst er það þá seinasta málsgrein þessarar greinar sem hljóðar svo: Dómara verður ekki vikið úr embætti nema hann hafi glatað skilyrði til að gegna því eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast þannig að varðað geti embættismissi að lögum. Frávíking dómara verður aðeins ákveðin með dómi.

Og þetta kemur frá Stjórnlaganefnd og er að hluta til fengið úr 61. grein stjórnarskrárinnar.

Að lokum er það sem sagt grein D6 sem heitir sjálfstæði dómara og hún er samhljóða 61. grein núverandi stjórnarskrár, og er einnig í tillögu nefndarinnar. Hún hljóðar svo að: Dómendur skulu í embættisverkum sínum einungis fara að lögum.

Og hér er eins og nú þegar er, sá skilningur um að í lögum sé mælt fyrir um að átt sé við allar réttarheimildir, bæði hefðir og dómafordæmi, reglur og allt annað sem eru löggiltar réttarheimildir.

Nú það sem er þá, þetta er þá svona, heildarpakkinn og það sem er þá, það sem er þá hverfur það að einhverju leyti úr núgildandi stjórnarskrá, þau efnisatriði, eru í fyrsta lagi sem sagt tiltölulega nákvæm lýsing á eftirlaunaréttindum dómara. Og síðan er ekki lengur kveðið á um heimild að færa dómara í starfi, ef um er að ræða heildarendurskipun dómsmála.

En tillaga C er hér með lögð fyrir ráðsfund og er gerð aðgengileg á heimasíðu ráðsins. Og ég þakka hljóðið og vonast eftir góðum efnislegum umræðum. Takk fyrir.

SN

Já bestu þakkir fyrir kynninguna og þá er orðið laust. Gísli Tryggvason.

GT

Formaður, góðir félagar. Ég vil þakka Pawel og nefndinni fyrir gott starf. Mér líst mjög vel á þessa byrjun. Mig langar að nefna nokkur álitæfni. Í fyrsta lagi hvort að vert sé að huga að því að koma á fót sérdómstól sem fari með endurupptöku mála, þannig að sami dómstóll sjái ekki um að meta hvort endurupptaka eigi annað hvort einkamál eða refsímál. Í öðru lagi er ég í svolitlum vafa með tillögu D1, þ.e.a.s. hvort að það sé of stíft að setja í stjórnarskrá fjölda dómstiga. Nú er verið að ræða að koma á millidómstigi, þriðja dómsstiginu sem sagt, milli Héraðsdómstóla og Hæstaréttar. Og ég er líka í svolitlum vafa hvort að eigi að setja fjölda dómara í lög, þ.e.a.s. ég er að velja fyrir mér hvort að fjöldi dómara í Hæstarétti allavega, eigi að vera í stjórnarskrá. Hættan sem er kannski langsótt er sú að löggjafinn geti fjölgað mjög dómurum í Hæstarétti og breytt skipan hans. En það er eins og dæmið sem Pawel nefndi, kannski líka langsótt.

Nú, varðandi D3 þá nefni ég það álitamál að það þarf kannski að tryggja, allavega í lögskýringargögnum að áfram verði heimilt að ákveða viðurlög við refsiverðri háttsemi með sátt milli, hvað á að segja, sakbornings og stjórnvalda í einhverjum takmörkuðum mæli, og hvort að þetta orðalag um endanlega, dómstólar skera endanlega úr um réttindi og sök um refsiverða háttsemi, leyfi það. Nú þá langar mig að nefna vegna D4,

um Hæstarétt, hvort að, og Pawel kom nú aðeins inn á það með sérdómstóla, hvort að ekki megi horfa til fordæmis frá dönsku stjórnarskránni frá 1953, þar sem að lagt er bann við því að stofna nýja sérdómstóla, þ.e.a.s. væntanlega felst í því að það er ekki óheimilt að hafa þá sérdómstóla sem þá voru til. Hjá okkur eru þeir Félagsdómur, vinnudómstóllinn, og Landsdómur fyrir ráðherraábyrgð, og kannski sérdómstóll sem ég nefndi og Stjórnlagadómur eins og Pawel nefndi. En ef að þeir væru stjórnarskrárákveðnir, allavega Stjórnlagadómstóll, tel ég þurfa að vera það, að þá væri hægt að nota fordæmi Dana um að banna nýja sérdómstóla til þess að hindra það að löggjafinn geti grafið undan sjálfstæði dómvaldsins með því að undanskilja æ fleiri mál undan lögsögu almennra dómstóla.

Að lokum vil ég nefna að vegna síðasta málsliðar í tillögu D5, að þá þarf kannski að tryggja að það, eða allavega velta fyrir sér hvort það sé ekki hægt að víkja dómara til bráðabirgða frá, án dóms. Það kom upp dæmi hér 1989, hygg ég, að það þurfti að víkja frá Hæstaréttardómara. Og sú frávikning var svo staðfest með dómi, eins og vera ber. En stundum geta tilvik verið þannig að það er óheppilegt að dómari sinni dómstörfum á meðan verið er að taka á frávikningu hans. Og, þannig er það með embættismenn, að það er hægt að víkja þeim frá um stundarsakir almennt, meðan metið er hvort eigi að víkja þeim frá endanlega. En annars takk fyrir gott starf.

SN
Pétur Gunnlaugsson.

PG
Já, ágætu félagar. Það er hérna tillaga um það að dómstólar skeri úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Þetta er auðvitað ágæt tillaga. Síðan kemur þetta: Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í brád með því að bera lögmati hennar undir dóm. Þetta er mjög vond tillaga. Þessi tillaga byggir á mjög gölluðu ákvæði í stjórnarskránni, 60. greininni, sem er ákveðinn arfur frá þeim tíma þegar að danskt embættismannaveldi var mjög sterkt á 19. öld, og getur haft í för með sér veruleg réttarspjöll fyrir þann sem á í ágreiningi við stjórnvald. Nýlega hafa til dæmis verið samþykkt lög, fjölmiðlalög, þar sem að ákveðin nefnd, Fjölmiðlanefnd fær ákvörðunarvald. Þetta stjórnvald er bæði eftirlitsstjórnvald. Þetta er líka úrskurðarstjórnvald sem að hefur lögregluheimildir í raun og veru. Nú, ef þetta er samþykkt, og það er reyndar tekið fram í þessum fjölmiðlalögum, þetta fyrirkomulag, sem að bent er á í þessari tillögu, að menn verða að hlíta ákvörðun stjórnvaldsins þar til að dómur liggur fyrir, ef menn fara þá leið.

En þetta getur auðvitað valdið miklu tjóni, hjá þeim sem að verður að hlýta ákvörðun stjórnvalds þar til dómur fellur. En það er sérstaklega slæmt, nú við getum talað um málefni, tæknileg málefni í þjóðfélaginu og annað slíkt. En þegar þetta snertir mannréttindahagsmuni, einkalífi fólks og tjáningarfrelsi og skoðanafrelsi, eins og í þessu fjölmiðlamáli. Þá tel ég að stjórnvald eigi ekki að taka slíka ákvörðun. Hún getur tekið ákvörðun, en það verði ekki, taki ekki gildi ákvörðunin, fyrr en að ákveðnum tíma liðnum, sem menn hafa til þess að skjóta málinu til dómstóla. Og, ég held að sko, í lögræðinni og það þekkja nú kannski

þeir sem að hafa komið að slíku námi, það var mjög mikið rétt um þessa 60. grein. Og það var mjög illtúlkunleg grein, þessi grein. Og það var vegna þess að á þessum tíma þá voru stjórnvöld, fóru þau með svokallað fullnustuúrskurðarvald.

Sem var mjög einkennilegt. Að vísu er búið að draga að mestu leyti úr því, en ekki að öllu leyti. Þannig að stjórnvaldið fór í raun og veru með dómvald, sem væri andstætt ákvæði, byrjunarákvæðinu í stjórnarskránni að auðvitað fara dómstólar með dómvald og skera úr öllum réttarágreiningi.

En það hefur breyst, en þetta ákvæði í 60. greininni, er ennþá til staðar. Og það er ákveðin tilhneiging núna, finnst mér, hjá stjórnvöldum að stuðla að löggjöf sem er með þessum hætti, að auka úrskurðar- og ákvörðunarvald stjórnvalda, jafnvel í málum er snerta mannréttindahagsmuni. Og þess vegna tel ég bráðnaðsynlegt að við könnum þetta sérstaklega. Og, því að það eru ekki eingöngu þessi fjölmiðlalög sem ég er að tala um, sem að snerta þessi mál. Það eru til dæmis barnaverndarlög sem geta komið inn í þessu. Núna nýlega var það til dæmis varðandi samkeppnislög þar sem að hægt er að leysa upp fyrirtæki ef það verður of stórt. Og það eru ýmis svona atriði sem að við ættum að huga að. En sérstaklega er þetta slæmt núna vegna þess að stjórnvald er komið með ákveðið lögregluvald. Og þetta hófst, það var nú fyrrverandi dómismálaráðherra, sem að stóð fyrir því. Og það er til dæmis ein starfstétt hér sem, fasteignasalar, og það þótti nú í lagi að fara að setja ákveðnar reglur um þá. Og þar getur eftirlitsnefndin farið inn til þeirra og gert ýmislegt sem að í raun og veru þeir ættu ekki að hafa heimild til. Þannig að ég held að við verðum að huga sérstaklega að þessu ákvæði. Þakka ykkur fyrir.

SN
Eiríkur Bergmann.

EBE
Já, kærur félagar. Ég þakka sömuleiðs fyrir þessar tillögur. Mér sýnist sem að þessar 6 greinar séu mun skýrari og skilmerkilegri heldur en þær 3 sem að eru í núverandi stjórnarskrá. En ég vil þó strax gera eina litla athugasemd, og hún er um 2. málsgrein í D5 um skipun dómara. Þar segir að forseti Íslands skipar dómara eða setur í embætti og veitir þeim lausn án tillögu ráðherra, og formaður nefndarinnar skýrði nú frá því að þetta væri kannski bara á hugmyndastigi og ekki frágengið. Og einmitt af þeim sökum að þá finnst mér ófært að þessi setning fari inn í áfangaskjalið, og legg hér með til að hún verði felld á brott. Og sömuleiðis í 3. línunni þar á eftir að þá, þar sem stendur: Velji forseti ekki í embætti dómara einn þeirra, að þá verði einfaldlega, standi einfaldlega í staðinn: Veljist ekki í embætti dómara einn þeirra, þannig að forseti fari út þar líka.

Í nefnd B erum við ennþá ekki komin jafn langt og annars staðar hvað varðar tillögugerð og við erum ennþá að ræða það hvort að heppilegra sé að hafa þingræði eða forsetaræði. Og alls óvíst og ekki komin að niðurstöðu í því máli ennþá. Þannig að staða forseta er með öllu óljós, hvað verður lagt til í þeim efnum. Þannig að mér finnst ófært að þessi setning sé með þessum hætti og legg hér með til að hún verði, sem sé, felld á brott áður en að tillagan verður tekin til afgreiðslu á seinni fundi. Takk. Og ég er sem sagt með

breytinguna hérna ef einhver, ef að það er málið, ef menn vilji fá þær.

SN

Já, eins og kom fram, við erum fyrst og fremst bara að ræða þessar tillögur núna og síðan fara þær breytinga-tillögur í nefndina til frekari vinnslu. Katrín Odds-dóttir.

KO

Já, kærur vinir. Ég ætla nú fyrst að fagna því að hér séu gestir í salnum. Mér finnst það mjög skemmtilegt og hvet ég alla sem eru að hlusta á internetinu að koma hérna og tækka á okkur. Þetta er miklu skemmtilegra þegar við erum fleiri í herberginu, enda er þetta nú stjórnarskráin okkar allra sem við erum að reyna að búa til hér.

Mig langaði til að gera nokkrar athugasemdir. En ég þakka kærlega fyrir það sem komið er, og ég tek með þeim sem hér hafa sagt að þetta sé vissulega frábært svona, skýrleikaaukning og skref í rétta átt fyrir stjórnarskrána okkar, hvað varðar dómvaldið. Mig langar fyrst til þess að tala um, í sambandi við D3. Eins og formaður nefndarinnar kom inná, þá hafa þau greinilega rætt um það hvort að ætti að nota orðalagið í 2. málsgrein stjórnskipulagt gildi lagi. Ég held sko með það að markmiði að hafa stjórnarskrána eins skýra og við getum fyrir almenning, þá eigum við að forðast svona hugtök. Þetta er bara fyrir lögfræðinga og þetta er bara leiðinlegt. Við eigum bara að segja hvort lög og reglur standist stjórnarskrá.

Og mér finnst, að ef að vandamálið felist í því að þarna séu einhverjar stjórnskipunarvenjur sem þá myndu kannski ekki vera skýrar, þá er sko í fyrsta lagi vona ég að það verði engar ólögfestar stjórnskipunarvenjur eftir þegar að við erum búin að laga stjórnarskrána. Og í öðru lagi, þá er bara hægt að geta um það í greinargerð. Og segja einfaldlega að þetta á líka við um stjórnskipunarvenjur og þess háttar. Þannig að ég held í nafni skýrleikans eigum við að tala eins mikið mannamál og hægt er.

Nú, í sambandi við D4. Þá langar mig til að taka undir með þeim sem hér hafa sagt að, eða komið inn á það, að það er nú kannski ekkert að neinni tilviljun að hér hefur verið markvisst reynt að útrýma sérdómstólum á Íslandi, vegna þess að þetta er ekki mjög gott kerfi. Og þetta er ekki gegnsætt fyrir almenning heldur, þegar það er ekki ljóst hver fer með hvaða dómvald. Og það eru mikið um það, til dæmis núna, að það séu gerðardómar út um allan bæ sem eru að taka á einhverjum málum sem að ég tel að ættu frekar heima í almennu dómskerfi þar sem við getum séð hvernig er verið til dæmis að túlka samninga bankamanna og annað. Þannig að það, ég veit að staðreyndin er sú að við erum með Félagsdóm og Landsdóm. En ég held að það sé miklu betra eins og Gísli stingur upp á, að við tiltökum þá bara hvaða sérdómstólar hér eru og bönnum að settir verði nýir til þess að koma í veg fyrir þessa miklu hættu sem er fólgin í því að það sé búið til hérna, og þar með undanskilið, eins og hefur verið komið inn á. Og mér finnst þetta óþarflega opið ákvæði, sem að segir, með lögum má undanskilja lögsögu hans mál sem sæta úrlausn sérdómstóla á einu dómstigi. Mér finnst þetta vera að bjóða hættunni heim. Þannig að mundi vera mjög þakk-lát ef að þið mynduð taka annan snúning á þessu.

Svo í sambandi við D5. Þá er ég svolítið sammála með forsetan. Mér fannst eins og við værum ekki kannski alveg komin það langt að við gætum farið að ákveða hvað hann á að gera. Og ég er alfarið gegn því að við höldum þessu einkennilega leppakerfi sem að núna er í stjórnarskránni, þar sem að segir, forsetinn hefur þetta og hitt vald, en ráðherra fer með það. Þetta er bara of flókið og þetta er algjört rugl. Þannig að við skulum alls ekki fara þangað ef að hægt er að sleppa því. Að þá segjum við bara ráðherra er með valdið ef að hann er með valdið, forsetinn er með valdið ef að hann er með valdið. Við skulum ekki tala þetta dulmarfulla dulmál sem að er líka gert til þess að koma í veg fyrir að almenningur skilji almennilega sína réttarstöðu þegar kemur að okkar grunnlögum. Svo er ég að lokum með smá athugasemd í sambandi við D6. Í fyrsta lagi held ég að það hefði verið fallett ef hún hefði komið þarna milli D2 og D3. Hún er svo mikilvæg. Að sjálfstæði dómara fari bara beint upp þarna í fyrstu, sem sagt ákvæði nr. 3. Í öðru lagi skil ég ekki út af hverju allt í einu kom orðið dómendur þarna, í staðinn fyrir bara dómara. Af því mér sýnist þið hafa nú verið að reyna að útrýma því orði. Þannig að ég bara bendi á það.

Og, svo langar mig til þess að benda á nokkur atriði sem að bara ég varpa til ykkar af því að þið eruð með þennan málaflokk. Og það er til dæmis einmitt eins og Gísli kom inn á, þetta millidómstig, hafið þið skoðað hvernig það muni spila inni? Og hvort það sé einhver ástæða til þess að bregðast einhvern veginn við því í stjórnarskránni. Og og svo langar mig líka til þess að benda ykkur á, hvort að ástæða sé til þess, að skoða það sem kallað er rétt til rökstuðnings í dómum. Þetta er á ensku the right to judicial reasoning, og þetta er eitthvað sem er í raun og veru algjört lykilatriði í því að geta notið almennilegs meðferðar dómstóla. Þ.e.a.s. að þeim sé gert að rökstyðja dóma sína það vel, að fólk geti skilið hver úrlausnin var. Og því miður þá hefur skort upp á það hér á Íslandi, að öll þau mál sem hafa verið lögð fyrir dómstólana, að úr þeim hafi verið leyst. Og þannig hefur fólk í raun og veru ekki fengið úrlausn sinna mála, og er kannski búið að tæma allar kæruleiðir. En er ennþá með algerlega ósvaraðar spurningar á borðinu. Þetta er náttúrlega ekki nógu gott. Þannig að þetta er eitthvað sem ég varpa til ykkar.

Og að lokum þá langar mig líka til þess að benda á að það er nú alveg, svona vafamál hvort okkar núverandi kerfi standist endurskoðunarákvæði mannréttindarsáttmálans, þ.e.a.s. að fyrir Hæstarétti sé ekki hægt að kalla fram vitni og endurskoða í raun og veru almennilega það sem gerðist á fyrra dómstigi. Þetta er eitthvað sem vonandi millidómstigið mun taka á, en þetta er eitthvað sem við verðum að hafa í huga þegar við skoðum þessi mál. Og ég vil einnig varpa fram til ykkar hugtakinu lögvarðir hagsmunir. Þetta er hugtak sem dómstólar hafa fundið upp og þeir hafa notað til þess að koma í veg fyrir að almenningur geti almennilega komið að ýmsum málum. Og þetta er eitthvað sem mér finnst að þurfi að minnsta kosti að eiga sér umræðu, þetta er nefnt í skýrslunni og það þarf að eiga sér einhvers konar umræðu um það, hvað séu lögvarðir hagsmunir og hverjir eigi þá hverju sinni. Takk kærlega fyrir ykkar ágætu störf.

SN
Dögg Harðardóttir.

DH:
Formaður og ágætu fulltrúar, gestir og allir þeir sem heima sitja og eru að hlusta á okkur, sem við vonum að séu mjög margir. Það var skemmtilegt að fá að koma hérna á eftir öllum þessum lögfræðingum. Mig langar til þess að gera smá athugasemd við D5, og bara hluta. Mig langar að lesa það sem ég hef athugasemd við. Það stendur hérna: Forseti Íslands skipar dómara eða setur í embætti og veitir þeim lausn án tillögu ráðherra. Tryggt skal að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embætta dómara. Lögskipuð nefnd skal meta hæfi umsækjenda. Velji forseti ekki í embætti dómara einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis. Ef hæfni og málefnaleg sjónarmið eiga að ráða við veitingu embætta dómara, er þá ekki skynsamlegt að veiting embættisins sé algjörlega háð tilnefningu nefndarinnar? Við vitum að ráðherrar í dag, þeir hafa skipað menn sem fagleg nefnd mælti ekki með. Og samkvæmt þessu þá á að halda þeim möguleika opnum, nema nú er það forseti sem á að fara með valdið en ekki ráðherra. Og fyrir þetta held ég að sé mjög mikilvægt að girða. Ef ég sæk um vinnu einhvers staðar úti bæ, og það er fagleg nefnd sem fer yfir umsóknirnar og metur hverjir séu hæfastir, þá er það bara spilling ef sá sem veitir embættið, velur einhvern annan en nefndin mælti með. Þannig að ef við ætlum að tryggja að hæfni og málefnaleg sjónarmið ríki við veitingu svona embætta þá hljótum við að þurfa að loka fyrir það að forsetinn hafi möguleika til þess að velja einhvern annan heldur en nefndin mælti með. Og ég ætla líka að undirstrika það að forseti getur alveg hafa verið Hæstaréttardómari. Forseti getur verið rammþólitiskur. Og meira hef ég ekki um málið að segja að sinni. Mig langaði bara að varpa þessu til nefndarinnar, að þið skoðið þetta.

SN
Ómar Ragnarsson.

ÓR:
Ég segi nú bara eins og Sigurður Sigurðsson sagði alltaf svo kumpánlega: Komiði sæl! Formaður, fulltrúar, gestir og þeir sem á okkur horfa og hlýða. Þegar að við erum núna að ræða þetta þá komum við strax að því sem að ég held að sé mjög mikilvægt. Við höfum lítinn tíma til að vinna stórt starf. Og við rekum okkur strax á það, að það sem ein nefnd er að gera, hefur áhrif á það sem önnur nefnd er að gera. Og það hamlar okkur strax að vitum ekki hvað er ofan á í einhverri annarri nefnd. Við í þessari nefnd C vorum bara að reyna að komast eitthvað áfram. Þetta er ekki meitlað í stein, ég tek undir það sem formaðurinn sagði, þetta er alls ekki meitlað í stein. Við vildum bara komast af stað og setja eitthvað á blað. Þetta er til dæmis háð því hvaða hlutverk forseti á að hafa. Ég tók þátt í því að færa þetta til forseta frá ráðherra, að svo stöddu, miðað við það að forsetinn verði áfram í stjórnkerfinu. Allar stórar breytingar sem við ætlum okkur að gera á stjórnarskránni munu kalla á alveg óskaplegar afleiðingar, ekki bara á önnur stig stjórnarskrárinnar, heldur einnig á dómskerfið allt. Og á lagaumhverfið allt í þjóðfélaginu. Og þess vegna ættum við að reyna

að breyta sem minnstu, allaveganna ekki að óþörfu. Og það er í þessum anda sem að við, eða ég leit svo á, að við værum með þetta, að við vorum að reyna að huga að valddreifingu. Ef forsetinn, sem er eini þjóðkjörni embættismaðurinn, ef hann á að vera áfram í stjórnkerfinu, þá er meirihluti fyrir því í okkar nefnd allavega, að honum sé falið þá eitthvað aukið miðað við það sem hann hefur núna. Og það var bent á þá reynslu í gegnum hálfu öld, að yfirleitt hefur þjóðin valið forsetann dálítið á skjön við ríkjandi valdahlutföll í þjóðfélaginu. Þannig að ég held að reynslan sýni að forseti geti gegnt mikilvægu hlutverki á fleiri sviðum en hann gerir núna, til dæmis með því að láta framkvæmdavaldið fara algjörlega frá þessu. En þetta fer auðvitað eftir því hvað hinar nefndirnar eru að gera. Ég hef líka varpað því fram, að í staðinn fyrir þetta sem var verið að tala um, sem að fólkið skilur ekki, forseti gerir þetta og forseti gerir hitt. Og við erum komin upp í 30. grein, þegar að loksins slotar þessu aðgerðatali forsetans, að þá eigum við að breyta þessu öllu þannig bara, að ráðherra gerir þetta og ráðherra gerir hitt. Og það má svo hafa bara í einni grein, hvenær forsetinn hefur einhvern atbeina. Hvenær þarf að fá undirskrift hans? Það getur bara verið í einni stjórnarskrárgrein. Og búið. Og þá erum við bara laus við þetta tal sem er alveg óskaplega fyndið, finnst mér oft.

Í sambandið við það sem að félagi minn Pétur er að segja hérna, að þá erum strax komin bara á þetta einfalda sem að við vorum að ræða. Við ræddum þetta mikið í nefndinni, Pétur. Til dæmis þetta, ef að við höfum ekki neina heimild sem að hér er, hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmati hennar undir dóm. Þá má bara lögga bara alls ekki taka af mér skirteinið ef ég ek á 180 km hraða, blindfullur. Vegna þess að ég segi bara að ég ætla að fara í mál út af þessu, þetta er ekki rétt mæling eða eitthvað. Þannig að einhvers staðar verðum við að hafa ákvæði þar sem að aðilarnir sem að um þetta fjalla. Hvort sem það er lögregla eða einhver annar, verður að taka, bara eðli málsins samkvæmt, ákvörðun og svo getur henni verið hrundið seinna. En vegna aðstæðna þá verður hún að standa. Ég tek undir með þér, Pétur að fjölmiðlanefndin, þetta er alveg skelfilegt sem að verið er að gera þarna. Og ef að þetta á að fara inn í allt stjórnkerfið okkar, að það séu allskonar nefndir og úrskurðaraðilar sem að hafa nánast lögregluvald, þá erum við illa stödd. En við höfum enn eitt, við erum með stjórnarskrárvarið að ritskoðun megi aldrei í lög leiða. Og ég hef sagt við kollega mína, nú farið þið bara í mál. Og farið með það fyrir Hæstarétt hvort að fjölmiðlanefndin brýtur ekki í bága við þetta ákvæði, eða þurfum við að ganga í ESB til þess að það sé tekið í lurginn á okkur eins og var gert við Ungverja.

Nú, hvað ætla ég að segja fleira. Ég tek undir með Gísla, að við eigum að, [vera] vel athugandi og þetta var mikið rætt í nefndinni, Gíslu, að fara þessa leið Dana og leyfa Félagsdómi að vera áfram, hann hefur dugað vel og óþarfi að vera að breyta því sem hefur dugað lengi og vel, alveg frá 1938.

Og að lokum að þá, fara aðeins eftir lögum. Þar er að sjálfsögðu innifalið það sem kallað er réttarheimilid, tilgangur laganna, andi laganna, greinargerðir, umræður á Alþingi, ritgerðir, lögjöfnun, eðli máls, réttarvenja o.s.frv. En ég vil bara reyna aðeins í lokin að réttlæta það sem við vorum að gera í okkar nefnd.

Við erum ekki að meitla í stein við erum að reyna bara að komast af stað og láta fólk sjá eitthvað til að íhuga. Síðan eigum við í sameiningu eftir að breyta þessu fram og tilbaka, og það er það sem mér finnst heillandi. Þetta gerist fyrir öpunum tjöldum og fólk sér hvernig við erum smám saman að þoka okkur saman, sitt í hverju lagi í þremur hópum, og saman. Takk fyrir.

SN:
Vilhjálmur Þorsteinsson, er næstur.

VP
Já, kærur ráðsfulltrúar. Já, ég vil nú byrja á því að taka undir með Ómari. Hugmyndin með þessu áfangaskjali okkar er einmitt sú að þetta er að þróast smám saman. Við leggjum öll inn í púkkið. Það getur auðvitað verið að einhverju leyti, svona, á skjön frá nefndunum fyrst, svo slípast þetta allt saman. Og við eigum ekkert að vera hrædd við það að varpa inn hugmyndum og fá þær, ja, setja þær fyrir auglit þjóðarinnar og fá umræðu og gagnrýni á þær. Og það verður bara að hafa það, þó að það séu stundum einhverjar mótsagnir eða eitthvað slíkt, það bara fylgir í pakkanum. Annars ætla ég að þakka nefndinni fyrir þessar fínu tillögur, sem að ég held að sé mikil bót að og auðvitað munum við svo, eins og annað, slípa þær frekar. Mig langaði bara aðallega að minnast á hér setninguna í D5, um að tryggt skal að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embættis dómara og benda á það að ég er því fylgjandi að við setjum inn í stjórnarskrána almennt ákvæði þessa efnis, að við veitingar embættis og ráðningarár í stjórnsýslunni, að þá ráði hæfni og málefnaleg sjónarmið eingöngu. Og það er þá með fyrirmynd í t.d. sænsku stjórnarskránni, sem er með slíkt ákvæði. Þannig að ég held að, eða mig grunar að við munum á endanum fá, svona eitt ákvæði inn í stjórnarskrána sem að tekur á þessu. Og veiting embættis dómara myndi þá falla þar undir eins og annað. Þannig að það var nú aðallega það sem ég vildi koma á framfæri. Takk fyrir.

SN
Þorvaldur Gylfason.

ÞG:
Já, formaður góðir ráðsfulltrúar. Mig langar að þakka nefnd C fyrir þetta fyrsta skref, sem mér þykir lofa góðu um framhaldið. Mig langar að gera tvær athugasemdir. Önnur veit að þeim tillögum sem hér liggja fyrir, frumtillögum, og hin veit að framhaldinu. Fyrri athugasemdin varðar það sem hér er sagt um skipun dómara. Það hefur legið fyrir síðan í nóvember að nær allir ráðsfulltrúar eru á einu máli um það, að sá háttur sem hefur verið hafður á skipun dómara á Íslandi hingað til, er ótækur. Þess vegna þarf að gera gagngerar breytingar á því fyrirkomulagi. Og hér er stungið upp á því að forseti Íslands skipi dómara og sú tillaga hugnast mér vel, að því gefnu að forseta Íslands verði færð aukin verkefni. Þar á meðal einhvers konar yfirsýnning með eftirliti. Og þetta yrði þá hluti af nauðsynlegri aðgreiningu valds, sem ríkinu er treyst fyrir. Þarna er mælt fyrir um lögskipaða nefnd og mig langar að kasta því fram til umhugsunar hvort sem slíkt ákvæði myndi rata inn í stjórnarskrá eða ekki, að í slíkri nefnd þyrfti helst að vera rúm fyrir erlenda sér-

fræðinga. Bara til þess að girða fyrir innherjaviðskipti og klíkuskap og spillingu af því tagi sem hafa verið kennimark embættaveitinga á Íslandi svo lengi sem elstu menn muna. Þetta er verklag sem háskólarnir á Íslandi hafa langa reynslu af. Þar er enginn ráðinn prófessor án þess að útlendur maður sé í nefndinni sem fjallar um hæfi umsækjanda. Og þetta verklag þykir mér eðlilegt í ljósi reynslunnar, að sé flutt inn í stjórnsýsluna á breiðari grundvelli.

Mér þykir einnig rétt, og það kemur fram í þessum frumtillögum nefndar C, að það sé öryggisventlar til taks. Þannig að forseti Íslands sé ekki endilega bundinn af tilmælum nefndarinnar. Svona nefndir geta gert sig sekar um klíkuskap, ég meina annað eins hefur nú gerst í háskólunum á Íslandi í gegnum tíðina, þótt það sé nú ekki algengt sem betur fer. Og þess vegna verður að veita forsetanum færi á því eins og hér er gert ráð fyrir, að gera aðra ráðstöfun en þá sem nefndin mælir með. En þá þarf Alþingi að koma til skjalanna, ekki með einföldum meirihluta, og það er aðalatriðið í því sem að ég þarf að segja við ykkur núna, eins og hér er ráð fyrir gert, heldur með auknum meirihluta. Þannig að ef forseti Íslands gengur gegn meðmælum lögskipaðrar nefndar við skipan í Hæstaréttardómara-embætti, til dæmis. Að þá þyrfti til dæmis ¾ hluta Alþingismanna, til þess að ganga gegn forsetanum og veita upphaflegum tilmælum, eða tillögum lögskipaðrar nefndar, gildi. Með öðrum orðum, þarna mæli ég með auknum meirihluta.

Hin athugasemdin, sem mig langar að gera, veit að framhaldinu. Hér hafa menn nefnt Stjórnlagadómstól og lýst því að nefndin hafi ekki tekið afstöðu til þess máls. Mig langar að vekja athygli ráðsfulltrúa á þrýðilegri greinargerð eftir Eirík Tómasson prófessor sem fylgir fyrri bindi skýrslu Stjórnlaganefndar. Stjórnlagadómstólinn kys Eiríkur að kalla Stjórnlagaráð, í greinargerðinni. Það var að vísu gert áður en okkar samkunda fékk heitið Stjórnlagaráð. Og þess vegna finnst okkur að rétt nafn á þetta, í ljósi sögunnar, ætti að vera Lögrétta. Enda ætlar Eiríkur Stjórnlagaráði, þ.e.a.s. Lögrétta, þrjú verkefni sem ríma vel við starfsemi Lögréttu til forna. Í fyrsta lagi að kveða á um hvort lög standast stjórnarskrá eða ekki. Þessu máli hefur verið vísað til dómstóla hingað til, en hér er tillaga Eiríks sú, að sérstökum dómstóli eða ráði, þ.e.a.s. Lögrétta, verði falið þetta verkefni. Í öðru lagi að fjalla um mál sem rísa vegna þess að athöfn eða athafnaleysi einhvers af handhöfum framkvæmdavalds er talin stangast á við stjórnarskrána. Og í þriðja lagi að fjalla um ágreiningu um það hvort þingmaður sé löglega kjörinn eða ekki. Svo ótrúlegt sem það kann að virðast, þá fjallar Alþingi sjálf um slíkar kærur í sjálf-tökusamfélagi nútímans. Og þessi þrjú verkefni færu mjög vel í höndum Lögrétta og greinargerð Eiríks er þannig vaxinn að ég get fyrir mína parta fallist á hana án breytinga og ég hvet ykkur til þess að skoða það mál í nefnd C.

SN
Þorkell Helgason er næstur en við lokum núna mælendaskrá fyrir þessa umræðu. Þannig að eftir að hann hefur lokið máli sínu þá er mælendaskrá lokuð.

ÞH
Formaður og góðir ráðsfulltrúar, og gestir. Ég vil

fyrst taka fram að starf okkar í nefnd C fór vel af stað. Umræður voru góðar og frjálsglegar og menn skiptust á skoðunum óhindrað. Þær voru vissulega ólíkar en síðan náðu menn samkomulagi í sumu, ég veit að sumir eru ekki alveg sáttir við allt sem er í þessu plaggi. En ég vil bara taka það fram, sérstaklega gagnvart þeim sem kunna á að hlýða utanhúss, að þetta lofar að mínu mati mjög góðu og þessi umræðu sem hér hefur farið fram, undirstrikar það enn frekar. Nú, ég er einn þeirra sem sat í þessari nefnd og mig langar nú aðeins að renna yfir þær góðu athugasemdir og ábendingar, sem hér hafa komið fram, þó ég geri ráð fyrir að formaðurinn hyggi að því betur síðar í máli sínu, eða á morgun, eða næst eða hvenær það verður. En bara fyrst eitt frá mér, þegar fór nú að lesa aftur yfir, svona heilsteypt á blaði, þá finnst mér ekki allskostar röðun liðanna góð, og þetta, röðunin ræðst nú held ég bara alfarið af því hvernig hlutunum var raðað upp í tillögum stjórnlaganefndar. En mér finnst til dæmis að D6 ætti nánast að vera D1. Og það var einhver að segja það sama, ég held líklega Katrín. En það er önnur saga, það má umræða þessu við fyrstu hentuleika.

Þá vil ég staldra við D4 og þennan umdeilda seinni málslið þeirrar greinar. Og ég er persónulega sammála því sem kom fram hjá Pawel formanni okkar og hérna ýmsum sem hafa tekið til máls, að það væri mjög æskilegt að losna við þennan seinni málslið. Þannig að væri enginn vafi á um það. Nema stjórnarskráin kveði síðan sérstaklega á um til dæmis stjórnlagadómstól, að Hæstiréttur hafi úrslitavald í þeim málum sem eru raunveruleg dómsmál. Vandmálin eru Félagsdómur og Landsdómur. Ef að við höldum í Landsdóm, þá yrði eðlilega eða væntanlega að gera undantekningu en hún yrði þá væntanlega í stjórnlagagreininni um Landsdóm. En Félagsdómur, það er annað mál. Við ætlum að láta athuga núna á milli funda hvort að Félagsdómur geti lifað áfram að þessari setningu slepptri, eða hvort það megi gera það með einhverjum mildari hætti heldur en að telja hann beinlínis upp. Það hljómar eilítið hallærislega. Með öðrum orðum, ég er bara að segja það, ég hyggt að mjög margir í hópnum og kannski hér í þessari samkomu líka, vildu gjarnan hafa þetta mjög hreint og klárt, og sleppa þessum málslið, en það er sem sagt ennþá í athugun.

Katrín og ég hoppa nú aðeins tilbaka í D3, aðra málsgrein, miðmálsgreinina. Hún taldi, og við erum held ég öll samála um það að það eigi að reyna að orða stjórnarskrána á mannamáli og stjórnskipulegt gildi laga sé ekki mannamál fyrir flesta. Við ræddum þetta ítarlega og þetta er eitt af því sem að við erum bara einfaldlega að kanna, hvort að það sé lögfræðilega einhver hættu í því að segja þarna, hafa bara stjórnarskrána sjálfa í staðinn eins og Katrín nefndi, Katrín Oddsdóttir.

Það má benda á fleiri orð sem við hnutum um í þessu sambandi, það er til dæmis einhvers staðar talað um einkarétt, sem er ekki alveg víst að fólk viti hvað er. Það er sko ekki einkaleyfisréttur eða eitthvað svoleiðis. En þá er það með forsetann og að hann geri tillögu um ráðherra. Þetta er minnsta kosti hvað minn stuðning varðar við þetta, bundið nákvæmlega þeim skilyrðum sem Þorvaldur Gylfason nefndi hérna áðan. Ég er fylgjandi því að forsetinn fái svona einhvers konar eftirlits-hlutverk, verði yfirmaður eftirlits með öðrum þáttum stjórnvaldsins. Og þá finnst mér þetta mjög vel fara,

að hann geri þetta. Og þá yrði væntanlega án tillögu ráðherra, óþarft þegar þar að kemur. En við vildum hafa þetta þarna inni svo lengi sem við vitum ekki hvað verður um forsetann. Og þess vegna er ég í rauninni andvígur tillögu Eiríks Bergmanns að þurrka þetta út núna. Það getur verið að það verði þurrkað út síðar.

Nú Dögg hafði efasemdir um seinni, já, um þetta hverju forsetinn ber að fara eftir, það ber að vera dómnefnd sem við skulum vona að verði vönduð og góð, og verði það og sé það. En ég að minnsta kosti er algjörlega sammála rökum sem að Þorvaldur nefndi hér áðan, að það þarf að vera þarna varnagli, og forsetinn á ekki að beita þessu, að grípa til einhvers sem er ekki að efsta vali, nema í einhverjum neyðartilvikum, og þau getur maður hæglega séð fyrir sér. Við vitum það öll sem höfum lent í mannráðningum að svona hæfnisnefndir, dómnefndir, það eru sumir hlutir sem að þeir geta ekki sagt, til dæmis, og þá getur þurft hreinlega að grípa til, innan gæsalappa, ómálefnanlegra forsendna, eða raka. Þannig að ég held að það þurfi að vera þarna neyðarmöguleiki fyrir forseta en það er þessi varnagli, að Alþingi verði að staðfesta það.

Ég misskildi kannski Þorvald en hann talaði um aukinn meirihluta. Mér var ekki alveg ljóst hvort það var með eða móti. Ég held að í amerísku stjórnarskránni sé það þannig, að tilefning forseta Bandaríkjanna og hæstaréttadómara þurfi að vera staðfest af meirihluta þingsins, og það var væntanlega það sem Þorvaldur meinti. Þetta finnst mér koma til álita, ég er að vísu alltaf dálítið hikandi við svona meirihluta-ákvæði, vegna þess einfaldlega að það er eins og sagan sé þá ekki alveg sögð. Hvað ef að það gengur ekki? En í þessu tilviki kann það að vera í lagi. Já, ætli ég láti ekki hér við sitja. Þakka ykkur fyrir.

SN

Þá er það Þórhildur Þorleifsdóttir.

ÞÞ

Já, ágætu ráðskonur og ráðsmenn. Og ég segi eins og Ómar, og áheyrendur og áhorfendur nær og fjær, var það ekki alltaf sagt í útvarpinu?

Það er náttúrulega gaman að vera búin að fá svona, fyrstu tillögur á borð. Manni finnst að við höfum öll stigið eitt skref, með þeim sem þá unnu þessa vinnu. Ég ætla nú að byrja á því að þakka henni Katrínu Oddsdóttur fyrir hennar orð, vegna þess að það er gaman og jákvætt að löglærður ráðsfulltrúi skuli taka með þeim hætti sem hún gerði, afstöðu með almenningi þessa lands, að vissu leyti gegn valdhöfum, þ.e.a.s. hversu nauðsynlegt það er að stjórnarskráin sé vel læsileg fyrir almenning en ekki valdataeki yfirstéttar, sem að iðulega beitir orðalagi til að halda almenningi frá því að geta tekið þátt í samfélaginu með fullum hætti, vegna þess að þeir efast um dómgreind sína og skilning, og þora ekki að taka slaginn. Svoleiðis að þakka lögfræðingnum fyrir að taka þessa afstöðu, að varpa frá sér þessum völdum.

Að öðru leyti ætla ég bara aðeins að svona, stökkva hér nokkur stór skref. Fljótlegast er bara að taka undir það sem aðrir hafa sagt, eins og með að fjölga ekki dómstólum þannig að það geti ekki verið endalaus útgönguleið fyrir stjórnvöld. Það er sko, það sem að mér er nú kannski hugleiknast hér, er þessi, hvað er það, er það ekki, 2. málsgrein D-tillögunnar sem að

margir hafa gert hér að umræðuefni, og það er með hvernig standa skal að skipan dómara. Og eins og Vilhjálmur sagði hér að þá náttúrliga er þetta eitthvað sem að varðar fleiri þó þess sé ekki getið í stjórnarskrá, heldur en dómara. Og þetta er því afskaplega mikilvægt atriði og þarna sé gefið fordæmi og Vilhjálmur boðaði að það yrði sérstök grein þar sem kveðið væri á um hæfniskröfur. Og ég hlakka til að heyra það, ef að komin er einhver útfærsla á því, vegna þess að ég held að það sé eitthvað sem að sé mjög mikilvægt að hafa í stjórnarskrá þó að það eigi í stjórnarskránni einungis við um dómara í þessu tilfelli, þá gilda þessar aðferðir við miklu fleiri embættismenn. Og ég verð að taka undir með Þorvaldi, að ég held það sé mjög nauðsynlegt að það komi að þessu utanaðkomandi aðilar hverju sinni, nánast sama um hvaða ráðningu er að ræða, þ.e.a.s. í svona helstu embættismenn ríkisins, því að ég held að við eigum hreinlega ekki mannmagn hér innanlands til þess að komast algjörlega framhá klíku og kunningskap og ýmis konar hagsmunatengslum, og við þurfum alltaf að fá þetta glöggst er gests augað og við skulum endilega nýta okkur það.

Að öllu leyti ætli ég þá ekki að gera sko, þetta með forsetan og annað, það er auðvitað háð því hver verður niðurstaða úr B-nefnd og síðan þá auðvitað annarra, þegar þeir koma að því. Þannig að það er mjög erfitt á þessu stigi málsins ef verið er að ræða um hvort eigi að vera forseti eða annar, en mér finnst mjög, mjög mikilvægt að það sé tryggt að framkvæmdavaldið geti ekki haft þetta vald ótruflað í hendi sér að skipa dómara. Það hefur, eins og við vitum, leitt til mjög ankannanlegra niðurstaða oft. En kannski þurfa að vera þessi undantekningartilfelli sem Þorkell nefndi, og þá með ströngum ákvæðum sem að Þorvaldur nefndi líka. En bara að það fordæmi sem verður gefið hér um hvernig dómara eru skipaðir sem mun gilda um miklu fleiri, að til þess verði vandað og ég hlakka til að sjá þessar hæfniskröfur Vilhjálms. Takk fyrir.

SN

Þá er umræðunni lokið, ég ætla að gefa formanni kost á að eiga hér lokaorð um umræðuna hér.

PB

Já, þakka öllum sem tóku þátt í umræðunni. Þorkell kom að mörgu leyti inn á margt af því sem ég ætlaði að segja, í hans viðbrögðum við ræðum margra ykkar. Þannig að ég ætla nú bara að skjóta á það sem hann kom ekki inn á. Til dæmis hlutur eins og stjórnskipulag gildi þessarar stjórnarskrá. Ég er innilega sammála þessu, við ætluðum bara að skoða hvort við fáum ekki örugglega blessun allra, að við séum ekki að taka af einhverjum einhvern rétt sem að ellegar hefði ekki. Ef að til dæmis við mundum taka það út, hvort það væri þá metið að stjórnarskráin væri æðri stjórnskipunarhefðum, eða eitthvað þannig. Við verðum bara að sjá til þess að þessir hlutir séu ekki síðan túlkadír af þessum lögfræðingum sem mun nefna einhvern veginn, einhverjum í óhag inn í dómssal.

Nú varðandi það sem að Vilhjálmur nefndi, um að tryggt skuli að, sem sagt, hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við ráðningu dómara. Þá held ég algjörlega óháð því hvort maður hafi það annars staðar í þessari stjórnarskrá, þá sé mikilvægt ef menn vilja áréttta það, að halda í það hér, vegna þess að á öðrum

stöðum, auðvitað, er forseta falið ákveðið vald til að skipa menn, til dæmis að skipa ja, forsætisráðherra. Og þar er náttúrliga, það er pólitískt vald, þannig að það er þá ekki endilega tryggt að málefnaleg sjónarmið eða hæfni ráði þar för. Og ég meina, í lýðræðisríki verðum við náttúrliga að einhverju leyti að hafa það vald opið, þannig að ef við viljum hafa þetta vald sannarlega hjá forsetanum, þá er mikilvægt að áréttta það, að mínu mati.

Nú, Þorvaldur kom inn á erlenda sérfræðinga. Ég er efnislega sammála honum. Það er hins vegar alltaf spurning hvort þetta sé eitthvað dót sem sé eitthvað sem, ætti að fara inn í stjórnarskrá. Það auðvitað er bara kannski að einhverju leyti umdeilanlegt að hve miklu leyti maður á að taka af löggjafanum að útfæra öll atriði varðandi þessa skipan. Við erum þegar búin að stíga, með þessari tillögu skref í átt til þess að gera þetta miklu nákvæmara heldur en gert er í tillögu Stjórnlaganefndar, og mörgum mun hugsanlega þykja þetta of nákvæmt, hvort sem er.

3/4, það er líka eitthvað sem þarf að skoða betur, bara upp á það að við lendum ekki einhverju impassi að lokum þar sem eru kannski tveir svipað stórir flokkar á þingi og það einhvern veginn er ekki hægt að skipa dómara ef við lendum í einhverri endalausri líppu með það, en þetta er eitthvað sem einfaldlega verður að skoða.

Nú, síðan held ég að það sé nú flest af því sem kom fram Jú, Pétur minntist á þetta ákvæði um það að það verði ekki komist hjá úrskurði stjórnvalds í bráð. Ég einfaldlega játa það að við verðum bara að skoða þetta betur, bæði sögu þessa ákvæðis og hvort að samþærileg ákvæði sé að finna annars staðar og hvort þau, hvað þau í rauninni, undir hvað þau gefa stjórnvöldum heimild til þess að gera. Dæmið sem tókum náttúrliga um ölvunarakstur sko, hvort að fjarlæging þess ákvæðis mundi nokkuð hafa áhrif á það. Við þurfum bara aðeins að setjast yfir þetta og skoða, en ég þakka kærlega ábendinguna.

Nú, síðan kom þessi umræða um sérdómstólana. Efnislega er ég þá sammála, held ég, flestum sem hér tóku til máls að það væri heppilegra að sleppa þessu, enn og aftur þá verðum við auðvitað að fara að gát og kannski búa ekki til óvini hjá Félagsdómum og öðrum þannig dómum. Kannski er það kannski ekki aðalatriðið í þessu, en við skulum sjá hvort við getum fundið einhverja lausn á þessu. Eins og ég segi, á Norðurlöndum er fyrirkomulag að þessum dómum mjög svipað víða en hins vegar eru stjórnarskrárákvæðin mjög ólík. Allt frá því að heimila svona hluti þangað til beinlínis að banna þá. Þannig að, einhvern veginn hafa flestir fundið lausn á þessu. En fleira er það ekki og ég þakka kærlega umræðurnar.

SN

Já, þá ljúkum við þessari lotu um vinnu nefndar C og ég þakka fyrir mjög góðar athugasemdir og málefnalegar umræður. En gef núna varaformanni nefndar B orðið, Vilhjálmur Þorsteinsyni. Gjörðu svo vel.

VÞ

Já, formaður og ágætu ráðsfulltrúar. Ég hef herna framsögu fyrir hönd nefndar B, en ég er varaformaður þeirrar nefndar. Formaðurinn Katrín Fjeldsted er stödd erlendis. Í nefndinni eru, auk okkar tveggja, þau

Ástrós Gunnlaugsdóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason, Pétur Gunnlaugsson og Þórhildur Þorleifsdóttir. Nefndaritari er Guðbjög Eva H. Baldursdóttir. Verkefni nefndar B eru að fjalla um undirstöður íslenskrar stjórnskipunar, hlutverk og stöðu forseta Íslands, hlutverk og störf Alþingis, ríkisstjórn, störf forseta og ráðherra, og verkefni framkvæmdavalds. Og loks stöðu sveitarfélaga. Og eins og þið heyrið þá eru þetta stórir málaflokkar. Starf nefndarinnar er rétt að hefjast en ég mun hér flytja stutt yfirlit um umræður okkar til þessa. Nú, í starfinu þá er mikilvægt að halda til haga þeim markmiðum sem að er stefnt, og síðan að velja þær leiðir sem að best gagnast í því skyni. Og þau markmið sem að nefndin hefur velt upp að svo komnu máli, eru:

1. lagi að hindra samþjöppun valds og að dreifa valdi og gæta jafnvægis valdþátta. Og síðan í 2. lagi að efla lýðræðislega stefnumótun. Og í 3. lagi að ábyrgð valdhafa sé skýr og að unnt sé að draga þá til ábyrgðar, nú pólitískrar eða ef svo ber undir lagalegrar.

En almennt þá eru nefndarmenn sammála um að það þurfi að auka aðgreiningu löggjafarvalds og framkvæmdavalds. Og það gætti samhljóms um það að þingið væri veikt í löggjafar- og eftirlitshlutverki sínu. Og það þyrfti að finna leiðir til að styrkja stöðu þess og sjálfstæði. En nefndin hefur síðan einkum rætt tvær meginspurningar sem að tengjast innbyrðis, en eru mjög stefnumarkandi fyrir viðfangsefni nefndarinnar í heild. Og þessar spurningar eru annars vegar um hlutverk forseta lýðveldisins og hinsvegar um þingræðisfyrirkomulagið, þ.e.a.s. hvort og þá með hvaða hætti framkvæmdavaldið eða ríkisstjórnin, situr í skjóli löggjafarvaldsins eða þingsins.

En ég ætla að ræða herna fyrst um hlutverk forsetans og svo tengi ég það við seinni spurninguna um þingræðisfyrirkomulagið. En það er samhljómur í nefndinni um það að hlutverk okkar þjóðkjörna forseta og ábyrgð hans þurfi að skýra. Í því sambandi má sjá fyrir sér að hann geti verið í hlutverki eða hlutverkum þjóðhöfðingja, forseta Alþingis, forsætisráðherra, yfirmanns eftirlitsvalds og/eða nokkurs konar neyðarventils. Hlutverk þjóðhöfðingja felur þá í sér að koma fram fyrir hönd þjóðarinnar innanlands og utan, og sinna ýmsum formlegum störfum sem slíkur, en án þess að hafa pólitískt hlutverk. Nú væri forseti jafnframt forseti Alþingis, þá myndi hann hafa tiltekið dagskrárvald í þinginu og gæti styrkt sjálfstæði og virðingu þess. En í þessu hlutverki tæki forsetinn þátt í daglegri pólitískri stefnumótun og umræðu á vettvangi löggjafarvaldsins en væri óháður stjórn málaflokkum, enda þá kjörin persónukjóri.

Nú í hlutverki neyðarventils fælist að forsetinn hefði tiltekin verkfæri til að bregðast við í ýmsum undantekningartilvikum, til dæmis í neyð eða ef að ætla má að önnur stjórnvöld gangi gegn almennahagsmunum, mannréttindum eða lýðræðishefðum. Eða séu í þann mund að gera það.

Nú nefndin ræddi nokkuð hugmyndir um að forsetinn yrði í hlutverki yfirmanns eftirlitsvalds, nokkurs konar ædsti umboðsmaður þjóðarinnar. Þar væri hann til mótvægis við hina þrjá valdþættina, löggjafarvald, framkvæmdavald og dómvalds. Og fram kom í umræðunni að í slíku hlutverki gæti til dæmis falist að undirrita lög og hugsanlega þá með heimild til að óska álits Stjórnlagadómstóls eða -ráðs á lögunum. Og þá

gæti forsetinn haft yfirsýningu með lykilstofnunum á borð við umboðsmann Alþingis, Stjórnlagadómstólum eða -ráðinu, Ríkisendurskoðun og Hagstofu. Þetta voru svona nokkur dæmi sem menn nefndu.

Þá gæti verið verkefni forsetans að skipa ráðherra samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Hann gæti tekið ákvörðun um endurupptöku mála, náðanir, skipa dómara að fengnu hæfismati eins og var verið að ræða í nefnd C. Og verið yfirmaður dómstólaráðs. Hann gæti verið yfirmaður landskjörstjórnar og haft umsjón með þjóðaratkvæðagreiðslum og öðrum kosningum.

Þannig að þarna er um að ræða einhvers konar svona, ópólitískt eftirlitshlutverk umboðsmanns þjóðarinnar, ef svo má segja.

Nú, ef að forsetinn væri síðan í hlutverki forsætisráðherra, að þá þýddi það að framkvæmavaldið væri þar með kosið beinni kosningu, svipað og þekktist í Bandaríkjunum og Frakklandi. Og það væri þá afnám þingræðisins, eins og það er skilgreint. Forsetinn tilnefndi þá ráðuneyti sitt og samhliða slíkri breytingu yrði hins vegar að huga að styrkingu þingsins á sviði stefnumótunar og eftirlits, þannig að þingið yrði öflugt mótvægi við framkvæmdavaldið. Enda voru í nefndinni nokkrar áhyggjur af hugsanlegri samþjöppun valds á hendi svona þjóðkjörins forsætisráðherra. En hreinn aðskilnaður framkvæmda- og löggjafarvalds með þessum hætti, þýddi að það yrði ákveðin togstreita fyrirsjáanleg, sem myndi myndast milli valdþáttanna og það hefði auðvitað bæði kosti og galla.

En þá erum við komin að seinni meginspurningunni, sem að nefndin hefur rætt. Og það er um þingræðisfyrirkomulagið. Og með þingræði er hér átt við að ríkisstjórnin, eða framkvæmdavaldið, sitji hverju sinni í umboði og með stuðningi eða að minnsta kosti án andstöðu löggjafarþingsins. Ef að þingið ályktar um vantraust á ríkisstjórn, eða einstaka ráðherra, þá beri þeim að víkja. Nú þingræði er meginreglan á Norðurlöndum og almennt í Norður-Evrópu en eins og áður sagði er ekki þingræði í Bandaríkjunum eða Frakklandi, þar semað ríkisstjórn getur setið í andstöðu við þingið, enda nýtur hún sérstaks umboðs kjósenda.

Nú, á Íslandi þá hefur aðskilnaður löggjafar- og framkvæmdavalds í reynd verið lítil þar sem að ráðherrar eru yfirleitt einnig þingmenn og eru að jafnaði valdir eða kosnir á þingflokksfundum að tillögu formanna stjórn málaflokkanna. Nú til að auka þennan aðskilnað þá hafa verið uppi hugmyndir sem að ganga mislangt, en eru þó innan ramma þingræðis. Skemmst gengur einfaldlega sú breyting að ráðherrar segi af sér þingmennsku, þegar þeir taka við ráðherraembætti en varamenn komi þá inn á þing í þeirra stað. Síðan má ganga lengra í aðskilnaði með því að ráðherrar hafi ekki lengur sjálfstæðan rétt til að leggja fram frumvörp í þinginu, heldur verður þá að gera tillögu til viðeigandi þingnefndar, sem að vinni frumvörp á sínum vegum og leggi þau svo formlega fram í þinginu.

Nú, það má síðan ganga ennþá lengra með því að Alþingi kjósi forsætisráðherra, hugsanlega í nokkrum umferðum, þangað til að meirihluti næst, eins og gert til dæmis í Svíþjóð. Forsætisráðherra tilnefnir síðan ráðuneyti sitt og það gæti verið utanþings og já, myndi vera það að jafnaði.

En í öllum þessum tilvikum er reiknað með þingræðisfyrirkomulagi þannig að forsætisráðherra eða einstakir ráðherrar þurfa að víkja ef að Alþingi sam-

þykkir vantraust á þá. Ef haldið er í þingræðið þá fer best á því að setja þessa reglu með formlegum hætti inn í stjórnarskrána. Hún er ekki orðuð beint í núverandi stjórnarskrá heldur telst styðjast við túlkunarhefð á 1. grein hennar sem að er: Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn. En þess má geta að þingræðisreglan er lögfest með formlegum hætti í dönsku stjórnarskránni, það var gert árið 1953. Og þessa reglu er að finna í 15. grein hennar þar sem það er sérstaklega tekið fram að ráðherra, eða, já forsætisráðherra og ríkisstjórn þurfa að víkja ef að samþykkt er vantraust.

Nú nefnd B hyggst ræða ofangreindar hugmyndir og valkosti ítarlega á næstu fundum sínum. Og hefur jafnframt falið nefndarritara að gera úttekt á fyrirkomulagi stjórnskipunar hvað varðar þingræði, hlutverk forseta og forsætisráðherra, stjórnarmyndanir, vantraust, verkaskiptingu milli valdpáttta og fleiri atriði í stjórnarskrám ýmissa annarra landa. Og það er verið að vinna að því. Nú nefndin mun gera ráðsfundi áframhaldandi grein fyrir umræðu á sínum vettvangi eftir því sem henni vindur fram. Við erum ekki með eiginlega tillögu inn í áfangaskjal að svo komnu máli, en það verður seinna. Ég þakka gott hljóð.

SN

Takk fyrir, Vilhjálmur. Þþá er orðið laust um verkefni nefndar B. Vill einhver tjá sig um verkefni hennar? Eiríkur. Gjörðu svo vel.

EBE

Já fyrst að enginn annar vill orðið, þá get ég svo sem gripið það. Ég þakka Vilhjálmi fyrir þessa skýrslu um störf nefndarinnar og það er rétt sem hann segir að í þessari nefnd eru mörg af svona stóru atriðum í þunga stjórnskipanarinnar sem að eru þess eðlis að það þarf að byrja á því að ganga frá afstöðu til grundvallarmála áður en að hægt er að leggja fram tillögur inn í áfangaskjal. Ég vildi kannski nota þetta tækifæri og nefna það að það sem mér finnst vera kannski brýnast í störfum okkar hér í þessu Stjórnlagaráði yfir höfuð, er að leiðrétta þá skekkju sem að orðin hefur í valdahlutföllum innan stjórnskipunar Íslands, allt frá því að ráðgefandi löggjafarþing kom inn í landið um miðja 19. öld og þróun sem að hefur verið smám saman síðan og hefur fært völd frá löggjafarþinginu og yfir til framkvæmdavaldsins. Og við förum frá kerfi sem að hvíldi á ræði þingsins í þeirri merkingu, ekki í merkingu þingræðisins, heldur í merkingunni ræði þingsins, yfir í ráðherraræði og þaðan yfir í leiðtogaræði, þar sem að leiðtogar stjórnarflokkanna réðu lögum og lofum. Þannig að meginverkefni þessa Stjórnlagabings að minni hyggju er að efla veg og virðingu Alþingis. Og í dag er það þannig að framkvæmdavaldið eða ríkisstjórnin situr eiginlega ofan á Alþingi. Alþingi er kosið almennri kosningu eins og við þekkjum og síðan myndar það sjálft ríkisstjórn sem að situr ofan á þinginu. Þetta þarf að skilja á milli.

Og Vilhjálmur nefndi hérna nokkrar leiðir til þess. Og hreinlegasta leiðin er einfaldlega að losa þingið við framkvæmdavaldið, með því að það skuli kosið beinni kosningu og að forseti gæti þá verið leiðtogi framkvæmdavaldsins. Og hin leiðin er að halda í þingræðishefðina, en þá þarf að styrkja Alþingi verulega. Og mér hugnast ekki þær hugmyndir sem hér hafa komið fram og ég ætla að nefna það strax. Að ýmis atriði, og ýmis

af þeim tækjum sem að þingið hefur nú þegar, að það verði fært frá því til forseta sem sé ótengdur þinginu, svo sem ríkisendurskoðun, umboðsmann Alþingis og fleiri eftirlitsatriði, heldur tel ég þvert á móti mjög brýnt að færa fleiri slík verkefni til Alþingis. Það var til dæmis gríðarleg bót fyrir Alþingi þegar Ríkisendurskoðun var færð frá fjármálaráðuneytinu og til þingsins. Og ein leið til þess að tryggja veg þingsins enn betur væri einmitt að forseti væri um leið forseti Alþingis, þjóðkjörinn forseti Alþingis. Og að það yrði styrkt með þeim ráðum sem að Vilhjálmur hér nefndi. Að ráðherrar sitji ekki á Alþingi, ráðherrar leggi ekki sjálfir fram frumvörp á Alþingi heldur þurfi þau að fara í gegnum þingnefndirnar, og svo framvegis. Þannig að staða forsetans er mjög háð þessu. Mér finnst að annað hvort þurfi hann að vera leiðtogi framkvæmdavaldsins eða ráðandi afl innan löggjafarvaldsins. En hugmynd um ópólítískan eftirlitsaðila held ég að sé mótsögn í sjálfu sér, og gangi ekki upp og það sé ekki neitt slíkt til. Annað hvort er þá forseti áfram með seremóníal hlutverk eins og hér var einu sinni haldið. En verði honum færð aukin völd er hann þar með orðinn rammpólítískur og þá fer betur á því að hann annað hvort leiði ríkisstjórnina eða þá að komi til styrktar löggjafarþingsins. Takk fyrir.

SN

Ómar Ragnarsson.

ÓR:

Já, ég vil taka undir þetta, áhyggjur manna út af ráðherraræðinu og oddvitaræðinu, sem talað er hér um. Ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan, að nú erum við einmitt komin í þetta stóra, stóra verkefni í B-nefndinni sem hefur áhrif á allt sem að við erum að gera hérna. Og það varðar mjög til mikils að það sé unnið vel í þeirri nefnd, þetta er gríðarlega mikið verk, sérstaklega, það er ekki bara það sem Vilhjálmur var að nefna, að leita álitis manna á afleiðingunum af ýmsu sem þarf að gera, eða sem að kemur til greina, heldur líka áhrifum á því ef að stór breyting verður á, til dæmis að forsetinn verði í raun forsætisráðherra og að framkvæmdavaldið verði þjóðkjörið, og aðskilið þarna á milli. Og þingræðið afnumið. Ég held að það væri mjög gott að það yrði athugað vel hvaða afleiðingar þetta hefði í stjórnkerfinu öllu, og löggjöfinni allri. Vegna þess að það má bara ekki fara út í mjög drastískar svona, breytingar, á jafn skömmum tíma, sem við höfum og enda svo í því að við klárum þetta ekki. Svo ég verð nú, sem aldursforseti að leyfa mér, þó ég hafi verið ákaflega uppreisnargjarn alla tíð, að vera pínulítið íhaldssamur. Og ég velti því hér upp og hef stundum rætt það, að forsetinn mætti alveg verða nokkurs konar aukagrein. Þá er ég að segja að við erum með þjóðina, við erum með löggjafann, við erum með framkvæmdavaldið við erum með dómsvaldið - þarna eru komnir fjórir aðilar og forsetinn er bara sá fimmti. Og hann getur verið þarna á milli. Ég held að við ættum að athuga mjög gaumgæfilega, hvort við eigum að gera forsetann til dæmis að forsætisráðherra. Mér hugnast það vel svona á yfirborðinu að fækka um eitt embætti. En hverjar verða afleiðingarnar. Þingræðið, þrátt fyrir þá galla sem að komið hafa fram og menn hafa áhyggjur af og við öll, við ættum að íhuga vel hvort við ætlum að sleppa þingræðinu. Það hefur þó dugað ótrúlega vel

hjá mjög mörgum þjóðum sem við berum okkur saman við, þó að hjá öðrum þjóðum að það hafi kannski leitt til glundroða og það hafi í Frakklandi verið bara nánast neyðarúrræði, að 1958, að fara út í þetta, að taka þing- ið í burtu vegna glundroðans sem að það hafði skapað, það stjórnarfar þar. Bandaríkin með sína gömlu hefð. Við skulum stíga varlega til jarðar í að breyta of miklu án þess að við vitum hvert við erum að fara. Takk.

SN

Nú það eru ekki fleiri á mælendaskrá, þannig að ég legg til að við ljúkum þá umræðu um nefnd B og snúum okkur að nefnd A og gef formanni nefndarinnar Silju Báru Ómarsdóttur orðið. Gjörðu svo vel, Silja.

SBÓ

Já formaður og góðir ráðsmenn, góðir gestir hér og heima.

Við í nefnd A erum að fjalla um grunnild, ríkisborgararétt og þjóðtöngu þar á meðal. Mannréttindi, umhverfis- og auðlindamál auk uppbyggingar á kaflaskipan stjórnarskrárinnar. Við höfum nú fundað síðastliðna tvo daga og hefur strax orðið nokkuð ágeugt í vinnu okkar. Við viljum hins vegar tryggja að við förum vandlega í gegnum alla umræðuna og leggjum því fram til kynningar eftirfarandi tillögur um breytingar á áfangaskjali, sem að dreift var með fundarboði. Og óskum eftir umræðum um þessar hugmyndir og væntum þess að vera í næstu viku með ítarlegri tillögur um efnislegar breytingar á mannréttindaákvæðunum. Erum við með tæknitilraunina? Það er sem sagt verið að gera tilraun hérna með það fyrir þau sem að fylgjast með í útsendingu, að setja upp glærur með texta, hvort að þær eru læsilegar.

Þannig að gerum sem sagt tillögu um það að 1. grein stjórnarskrárinnar verði inngangsorð með þeim gildum sem að liggja stjórnarskránni til grundvallar og þar verði litið sérstaklega til niðurstöðu Þjóðfundar, þar sem áhersla var meðal annars lögð á lýðræði, frið, sjálfbærni, jafnrétti, valddreifingu og ábyrgð. Þetta er sem sagt 1. grein, efnislega verður þetta 1. grein stjórnarskrárinnar. Þá gerum við tillögu, 2. grein tillagna okkar er að mannréttindaafli verði færður fremst í stjórnarskrána. Þannig að jafnræðisreglan, sem að í dag er 65. grein, verði 2. grein í áfangaskjalinu, og henni myndi þá breyta í okkar meðferð núna. Þá komi önnur mannréttindaákvæði, sem verði endurskoðuð og innbyrðis röð þeirra hugsanlega breytt. Þannig að þetta eru efnislegu tillögurnar sem við leggjum fyrir. Við erum ekki komin það langt að við ætlum að leggja fyrir fundinn í dag breytingar á orðalagi mannréttindaákvæðanna. En ég ætla þá að ræða aðeins sem sagt, þessa hugmynd um inngangsorðin fyrst og síðan aðeins um það starf sem að hefur verið í nefndinni.

Við ræddum nokkuð ítarlega þessa hugmynd um að vera með aðfararorð. Texta sem að móti þennan anda stjórnarskrárinnar, og ræddum einkum þrjá valkosti. Það er í 1. lagi, að vera ekki með aðfararorð, í 2. lagi að hafa þau fyrir framan stjórnarskrána áður en 1. grein hefst, eða þá að hafa þau sem 1. fyrstu grein stjórnarskrárinnar sjálfrar. Og nefndinni þótti full ástæða til þess að hafa aðfararorð og 1. valkosturinn var þess vegna lagður fljótt til hliðar. Og eins og bent er á í skýrslu Stjórnlaganefndar, er tilhneiging hér á landi til að túlka aðfararorð, sem texta sem stendur utan laga.

Þá er þetta ekki beinn hluti stjórnarskrárinnar. Og í því ljósi leggjum við til að það fyrirkomulag að við notum 1. grein stjórnarskrárinnar til þess að móta anda þess sem á eftir kemur. Og þá leggja svona, grundvöllinn að því hvernig eigi að túlka það.

Nú umræðan um innihald þessarar 1. greinar var ítarleg en engu að síður teljum við ekki enn sem komið er ástæðu til þess að skrifa þessa grein orð fyrir orð. Við viljum setja fram nokkur hugtök sem ættu að vera okkur öllum leiðarljós í þessari vinnu sem eru nú framundan.

Það var látinn í ljós sá vilji í nefndinni að það yrði sameiginlegt verk Stjórnlagaráðs þá í heild sinni, að skilgreina þau gildi sem ný stjórnarskrá myndi byggja á. Og þetta yrði gert, þegar að ljóst væri hver efnisleg uppbygging stjórnarskrárinnar verður. Umræðan hjá okkum snerist því fyrst og fremst um þau gildi sem Þjóðfundur lagði fram og við reyndum að móta okkur sameiginlegan skilning á þeim til að tryggja að við værum öll að vinna út frá sömu merkingu þessara hugtaka.

Og þessi gildi sem við setjum fram hér í 1. grein tillagna okkar, eru lýðræði, friður, sjálfbærni, jafnrétti, valddreifing og ábyrgð. Og við þennan lista má sjálfsagt bæta og í starfi ráðsins alls verður það eflaust raunin. Einnig reiknum með að við þessa 1. grein bætist grunnhugtök stjórnskipunar landsins en um þau er fjallað efnislega í nefnd B, sem að Vilhjálmur kynnti fyrstu skrefin hjá, hérna rétt í þessu.

Ef við lítum aðeins á þessi hugtök og innihald þeirra, þá erum með lýðræði að vísa til þess að allt vald komi frá fólkinu í landinu. Við viljum vísa til mannréttinda og virðingu fyrir þeim reglum, sem gilda í samfélaginu hverju sinni. Umræða um þjóðaratkvæði, kjördæmskipan og kosningar tengist þessu að sjálfsögðu, og hér þurfa nefndir A og C sérstaklega að tala sig saman, eins og verður eflaust raunin þegar við erum komin lengra á veg.

Annað gildi sem að við vildum taka fram sérstaklega og Þjóðfundur lagði hvað ríkasta áherslu á, var friður. Í nefndinni var mikið lagt upp úr því að í aðfararorðum yrði fjallað um þetta hugtak, til að það móti stjórnskipun landsins til frambúðar og verði ein af grunnundirstöðum þess hvernig við túlkum stjórnarskrána. Hér snerti umræðan bæði á jákvæðum og neikvæðum skilgreiningum á friði, það er að friður væri ekki bara fjarvera stríðs og ofbeldis og að ekki væri nóg að hugsa einungis um frið á alþjóðavettvangi, heldur þyrfti friðarástand að vera markmið sem samfélagið í heild sinni stefndi ávallt að. Þessi jákvæða skilgreining ætti að byggja á sögu Íslands sem herlauss lands. Landið ætti að vera leiðandi, vera friðarþjóð, bæði innan landsteina og utan þeirra. Til þess þyrftum við að móta grunnlög sem stuðla að virðingu fyrir mannréttindum og mannhelgi.

Þriðja hugtakið sem við leggjum hér til grundvallar er sjálfbærni. Og þetta tengist eflaust í huga margra því hvernig við göngum um landið, náttúruna og auðlindir. Hér skiptir þó miklu að hugsa til framtíðar, að gildismat hvíli ekki eingöngu á fjárhagslegu verðmætamat. Að við tökum ábyrgð á landi og lífríki, og skilum þannig náttúrunni og samfélaginu í betra ástandi en við tökum við þeim í, eða að minnsta kosti jafn góðu. Hér kom upp vísun í hugmyndir frumbyggja Norður-Ameríku þar sem talað er um að hugsa um afleiðingar

ákvarðanna sinna 7 kynslóðir fram í tímann. Þessi hugsun ætti að vera undirstaða allrar þeirrar vinnu sem við tökumst nú á hendur, því þetta skjal á að þjóna fleiri kynslóðum en þeim sem nú lifa.

Jafnrétti og hugtakið, jafnréttishugtakið, var okkur ofarlega eins og Þjóðfundinum. Það að allir séu jafnir, sitji við sama borð er grunnhugmynd í öllum skilgreiningum á mannréttindum. Og í því þarf að felast að allir séu jafnir fyrir lögum og ríkisvaldi. Út úr þessum umræðum okkar kom hugmyndin skýrt fram að taka þyrfti bæði á beinni og óbeinni mismunum. En ítarlegri umræður um jafnréttismálin kemur fram þegar við förum í núverandi 65. grein stjórnarskrárinnar, eða hina svokölluðu jafnræðisreglu.

Og að lokum þá fjölluðum við saman um valddreifingu og ábyrgð. Síðasta gildið sem við leggjum fram sem grunnstoð í þessum aðfararorðum. Í fyrsta lagi teljum við að stjórnvöld þurfi að starfa eftir leikreglum sem tryggja að þeir sem fara með vald standi undir þeirri ábyrgð sem þeim er falin. Til þess þarf meðal annars að dreifa valdi á ólíkar hendur og því tengjum við hér saman þessi hugtök sem grunnildi. Einnig var fjallað um ábyrgð borgaranna sjálfra sem þurfa að takast á herðar ákveðnar skyldur, sem borgarar í virku lýðræðissamfélagi. Til þess verður ríkið að skapa öllum borgurum skilyrði til að geta, án nokkurrar mismunar, borið þessar skyldur. Og til að svo megi verða þurfa borgarar aðgang að ákveðnum upplýsingum og njóta verndar gagnvart valdhöfum.

Þannig að þetta er svona um þessi aðfararorð, sem við viljum að verði 1. grein stjórnarskrárinnar og leggjum það til. Seinni hluti tillögu okkar hins vegar er að mannréttindakafli stjórnarskrárinnar í heild sinni verði færður fremst í nýja stjórnarskrá og fylgi þá strax á eftir þessum aðfararorðum. Þá verður núverandi 65. grein stjórnarskrárinnar að 2. grein og aðrar greinar númerast í rétttri röð í kjölfarið. Þetta viljum við gera til þess að leggja áherslu á að valdið komi frá fólkinu í samhengi við þá umræðu sem hefur farið fram um lýðræði. Það er frumskylda ríkisins að tryggja borgurum ákveðna vernd og réttindi í samfélaginu og því teljum við nauðsynlegt að stjórnarskráin hefjist á þessum kafla. Í nefndinni hafa þegar farið fram nokkuð ítarlegar efnislegar umræður um ýmsar greinar og þar ber hæst umræðu um jafnræðisregluna. Þar er rétt að taka fram að það eru einkum tvö sjónarhorn sem að hefur verið haldið á lofti. Annars vegar að sú grein sé fullnægjandi með því að segja að allir séu jafnir fyrir lögum, og hins vegar að greinin þurfi að ná til fleiri hópa sem ástæða þykir til að njóti sérstakrar verndar. Greinin er nú þegar nokkuð ítarleg en þó má benda á að ýmis hópar eru ekki nefndir sem heyra mættu undir. Í skýrslu Stjórnlaganefndar eru sérstaklega tilteknir eftirfarandi þættir: Fötlu og kynhneigð, aldur og búseta, sem eru reyndar, þessi tvö síðastnefndu, höfð innan sviga.

Þetta er svona, var uppistaðan í því sem að við vorum að ræða í ger og sýnir að þó að þetta sé lítil grein að þá er kannski ekki einfalt að breyta minnstu greinunum. Og til þess að tryggja að við komumst í gegnum sem mest, að þá höfum við nú ákveðið að láta umræðu meðal annars um þjóðkirkju og mögulegan aðskilnað ríkis og kirkju, bíða, þar til við höfum tekist á við aðra þætti. Við gerum ráð fyrir kannski hvað mestum ágreiningi um það mál. En í því endurspeglast bæði

afstaða bæði þjóðarinnar og Þjóðfundar, miklu frekar en ágreiningur á milli nefndarfólks. Þetta ákvæði hefur nokkra sérstöðu í núverandi stjórnarskrá, þar sem að heimilt er að breyta ákvæðum þjóðkirkju með almennum lögum og komi fram tillaga um aðskilnað, þarf að fara fram þjóðaratkvæðisgreiðsla, til að sá aðskilnaður geti átt sér stað. Og þjóðin hefur því þegar vald til þess að eiga síðasta orðið um þetta mál.

Nú á dagskrá nefndarinnar í næstu viku verða áframhaldandi umræður um mannréttindakafila stjórnarskrárinnar og það væri gott að fá herna auknið veganesti frá ráðinu í heild sinni. Og kannski rétt að nefna líka að allar tillögur eru opnar á vef ráðsins og við hvetjum þau sem að ekki komast hingað, til að senda okkur erindi og benda á hvernig við getum tekið á þessu. En það er kannski sérstaklega vert að nefna nokkur nýmæli sem nefndin er farin að skoða og þar á meðal eru ákvæði um upplýsingarétt, frelsi fjölmiðla, arfgerð og dýravernd. Að þessum umræðum loknum munum við fara yfir í umræðu um umhverfis og auðlindamál, en við teljum þessa kafla nátengda og eðlilegt að ræða þá í samhengi. Það er talsverður samhugur í nefndinni um lykiltreytingar og í ljósi þess að mannréttindakafli núverandi stjórnarskrár er nýjasti kafli hennar, og sennilega hvað fullkomnastur af þeim köflum sem að þarf að skoða, þá hefur nefndin einsett sér að vinna hratt og örugglega og vonast til að geta lagt hönd á plóg með öðrum nefndum sem fyrst. Og með þetta markmið að leiðarljósi stefnum við að því að leggja á næstu tveimur vikum fram tillögur um þá hluta stjórnarskrárinnar sem lúta að mannréttindum, auðlindum og umhverfismálum. Þessar tillögur verða settar á netið og aftur þá hvetjum við þjóðina til þess að setja fram sitt álit á þessum breytingartillögum. Og vonum að sem flestir taki þátt í gerð þessa mikilvæga samfélagssáttmála, sem við erum að setja okkur hér. Og ég þakka þá fyrir gott hljóð og opna umræðurnar.

SN

Já, takk fyrir. Þá er orðið laust og hægt að skrá sig á mælendaskrá. Þórhildur Þorleifsdóttir, gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já aftur ágætu ráðskonur og menn. Ég vil þakka fyrir ágætt yfirlit frá Silju um störf nefndar A, en mig langar að nota tækifærið og þakka varaformanni þeirrar nefndar sem ég sit í, þ.e.a.s. B-nefnd fyrir afskaplega greinargott yfirlit yfir mjög yfirgripsmikil og flókin störf og ég tel hann góðan að hafa getað hent svona góðar reiður á þeirri umræðu sem að þar hefur verið. En mig langar aðeins varðandi störf A-nefndarinnar að koma inn á þessi, nokkur atriði sem að varða svona, grunnhugtök og sem mér finnst persónulega vanta í þau plögg sem ég hef séð og þá umræðu sem ég hef heyrt. Því miður er ég ekki með herna, ég var með samantekt frá ykkur sem að ég hélt að ég hefði komið með herna niður en það er ekki. Þá verð ég bara að fara í, beint í það að, mér finnst vanta inn í upptalningu að það sé talað um menningu landsins, þjóðarinnar líka. Mér finnst það vanta og mér finnst það líka vanta í, til dæmis, verndunarákvæði, að það beri ekki einungis að vernda umhverfi og náttúru heldur líka menningarverðmæti. Það hafa auðvitað orðið mjög miklar breytingar á hugmyndum um sjálfsmynd þjóðarinnar og svona, allt þjóðernistal. Og svo langt hefur það gengið

að við minnumst ekki lengur á sögu okkar, menningu eða tungu en tengjum okkur þeim mun meira við náttúru landsins. Sem er auðvitað mjög gott og ágætt og ekkert við það að athuga, en ég held að þarna eins og svo oft áður hafi verið hlaupið úr einum öfgunum í aðrar. Áður birtist öll okkar, ja til dæmis sjálfstæðisbarátta okkar var háð á menningarlegum forsendum fyrst og fremst, með tilvísun til gullaldarinnar og tilvísun til skáldanna og Fjölnismanna og svo framvegis. Þeir voru ákaft notaðir og voru hluti í byggja upp, eða átti sterkan þátt í að byggja upp sjálfsmynd þjóðarinnar. Síðan er algjörlega klippt á þetta, og það eru teknar upp algjörlega nýjar viðmiðanir og persónulega hef ég þá skoðun að þessi aftenging þjóðarinnar við sögu hennar og menningu hafi rennt gildum stöðum, ef hægt er að orða það þannig, að renna gildum stöðum undir, hrunið, eða réttara sagt orsakað það að stóðir hrundu í samfélaginu sem gerðu hrunið að mörgu leyti mögulegt. Og þess vegna vil ég biðja ykkur bara, að hugleiða að taka þessi ákvæði inn í svona, grunngildi ykkar og þau orð sem að við notum til upptalningar verðmæta okkar sem þjóðar og lands. Takk.

SN
Ómar Ragnarsson.

ÓR
Þakka þér fyrir, Þórhildur. Ég ætla að fylgja þessu eftir með því að lesa fyrir þig lítið ljóð sem er eiginlega að segja það sem þú varst að segja. Það er þrennt, það er land, tunga og þjóð. Það er lag við þetta til, við skulum láta það liggja milli hluta.

*Landið mitt
Á ysta norðurhvara með auðnir, dali og fjöll
er eyjan bjarta og kalda sem fóstur okkur öll.
Og okkur tengir böndum hið fagra föðurland
með firði, hraun og elfur, græn engi og fjörusand.
Eldfjöll, tinda, standbjörg, græn engi og fjörusand.*

*Málið mitt
Í þúsund ára sögu vors dýra móðurmal
sem meitar hugsun okkar er greipt í þjóðarsál.
Það geymir dýra arfinn á frægri sagnaslóð
og samheldni og einingu veitir okkar þjóð.*

*Þjóðin mín
Því landi jökla og elda, sem undur heita má,
aldrei bregðist þjóðin sem varðveita það á.
Í ljóma góðra verka, uns leggjumst við í mold
vort líf sé helgað þjóðinni, tungu og feðraföld.*

*Á Íslandi er líf okkar gegnum síurt og sætt.
Í sigrum jafnt sem mótyr þad hefur oss hefur fætt og klætt.
Í þúsund ár skal syngja í þúsund radda óð
að þrenning ein og órofa er land mitt, tunga og þjóð.
Já, þrenning ein og órofa, land mitt, tunga og þjóð.*

ÞÞ
Ég verð að taka mér bessaleyfi og slökkva hjá Ómari, því ég verð að fá að þakka fyrir mig.

ÓR
Nú erum við farin að leika, leikhúsfólkið hérna, skipta með okkur hlutverkum. Það sem ég ætlaði hins vegar

að segja var hitt. Þó aðeins sé í 1. gr stjórnarskrárinnar, og ég legg áherslu á það, þetta á að verða grein í stjórnarskránni, ekki einhver aðfararorð, heldur bara grein. Og þetta verður aðalgreinin. Við erum þarna með upptalningu; lýðræði, frið, sjálfbærni, jafnrétti, valddreifingu, ábyrgð, menningu og tungu. Þó ekki væri nema bara sjálfbærni og jafnrétti, þá erum við með tímamótaplagg vegna þess að lýðræði og friður, hvort tveggja getur horfið og komið. Valddreifing getur líka komið og horfið en sjálfbærni, jafnrétti og ábyrgð, það eru verðmæti sem að horfa til allrar framtíðar, svo lengi sem land byggist. Og ég varpa því til umhugsunar, hvernig við værum stödd núna ef í framhaldi af því þegar að við undirrituðum sáttmálann í Rió 1992 um sjálfbæra þróun, en sjálfbær þróun er einfaldlega þróun, þ.e.a.s. þróun, þ.e.a.s. þjóðlíf, mannvirki, framkvæmdir og svo framvegis, það sem við gerum. Sjálfbær þróun er þróun sem ekki kemur í veg fyrir að kynslóðir allrar framtíðar geti valið sína þróun. Þetta er svo mikið grundvallaratriði á 21. öldinni að ef við bara komum þessu þrennu inn í stjórnarskrána okkar; sjálfbærni, jafnrétti og ábyrgð. Þá höfum við stokkið heila hæð upp í stjórnarfari okkar. Takk.

SN
Pawel Bartoszek.

PB
Já, kærur vinur. Mikilvægast af öllu er jú frelsið. Mér finnst lítið í því að lifa í lýðræðisþjóðfélagi, ef ég er ekki frjálst. Lítið í því að búa í sjálfbæru þjóðfélagi sem nýtur sjálfbærar auðlegðir sínar vel, ef ég er þræll. Mér finnst til lítills að hafa jafnrétti ef allir eru jafnir þrælur. Frelsi er að mínu viti mikilvægasta gildið sem við höfum. Án frelsisins eru öll önnur gildi tilgangslaus. Ég er ekki að ætla nefndinni það að hún hafi vísvitandi sleppt frelsinu. Ég velti því samt auðvitað fyrir mér, afhverju þetta orð sem var jú frekar stórt í þessu hugmyndaskýi Þjóðfundar, hafi ekki ratað þar inn. Hvort að það séu einhverjar aðrar ástæður en einfaldlega gleymaska. En ég er kannski að fara að þessu dálítið öðrum enda en ég ætlaði mér. Ég nefnilega er ekki beinlínis að leggja til að orðið frelsi bætist við einhverja upptalningu á gildum sem við sem þjóðfélag höfum hátt í heiðri. Það er nefnilega þannig vandi með inngangsorð eða aðfararorð eða hvað sem þau heita, að í þeim fær þjóðin með einhverju móti að tala. Og þegar að þjóðin fær að tala, þá er nú eins gott að þau orð sem henni eru lögð í munn, séu orð sem sem flestir geti tekið undir. Og vandinn við inngangsorð eða aðfararorð, alls staðar þar sem þau hafa verið samin á nýlegum tímum er einmitt þau að einhver kemur og finnst vanta eitthvað orð. Og svo kemur einhver annar og finnst vanta eitthvað annað orð. Og þannig byrjar til dæmis inngangsorð pólsku stjórnarskrárinnar sem ég þekki, með orðunum: Við pólsk þjóð, allir pólskir ríkisborgarar, jafnt þau okkar sem trúá á guð uppsettum alls hins góða og fagra, og þau okkar sem deila ekki þeim lífsskoðunum en sækja sín siðferðislegu gildi annað ... og þá er sko ávarppliðurinn byrjaður rétt svo. Fyrsta sögnin sem gerir eitthvað kemur mörgum mörgum orðum þar á eftir. Þetta getur orðið ákveðið vandamál. Ég skil auðvitað hvað menn eru að reyna að gera. Þetta er falleg hugsun og heppnist þetta vel þá getur þetta orðið bókmenntalega gott. En ég held

að, ótti minn er sá, að slíkar greinar sem vekja upp mjög sterkar tilfinningar hjá fólki, geta orðið mjög tímafrekar í vinnslu nefnda, og við skulum horfast í augu við það, þær munu ekki hafa endilega mjög sterkt lagalegt gildi þegar á hólminn er komið.

Þannig að persónulega finnst mér inngangsorð íslensku stjórnarskrárinnar núna, sem eru: Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn, nokkuð góð aðfararorð. Vegna þess að þau segja, ja þarna býr svona konkret fólk. Það byrjar bara að segja það sem skiptir máli, og það byrjar bara að segja hvernig fyrirkomulagið á öllu er. Þannig að þetta er auðvitað kannski engin frágangssök af minni hálfu, að getum ekki skrifað aðfararorð eins og mjög margar stjórnarskrár gera. En persónulega mundi ég kannski vilja síður að það yrði gert.

Að einhverju leyti af svipuðum meiði eru athugasemdir varðandi mannréttindakaflann og færslu hans. Ég mun reyna að meta allar breytingar á þann hátt, ef að yrði snúið til baka, sko mundi maður samþykja það? Og segjum að mannréttindakaflinn væri fremst í stjórnarskránni, mundi maður ekki mæla með því að hann yrði færður aftast? Ég held að það sé nokkuð ljóst að það yrði ekki gert, ég held að það myndi senda mjög vond skilaboð. Hins vegar auðvitað er hann þar sem hann er og þetta er sá kafli sem er að mínu viti hvað best unninn, og ég held að hefði farið best á því ef við hefðum samþykkt hann inn til að byrja með óbreyttan, og síðan farið efnislega í þær breytingar sem viljum gera á honum. Það væri ákveðin virðing við þá vinnu sem þingið hefur unnið. Nú, svo er það, þetta er kannski, finnst einhverjum lítið atriði, en er það ekki, vegna þess að um leið og við færum einhvern hluta fremst þá erum við auðvitað að segja, við getum ekki lagt þetta fram með neinu öðru móti heldur en að við séum að skrifa nýja stjórnarskrá. Þannig að það er auðvitað, inn í því felst það, að við erum ekki gera breytingar á gömlu stjórnarskránni. Við erum einfaldlega að skrifa nýja. Allar númeringar, 26. grein, 62., 65., sem hafa einhverja merkingu í hugum fólks, þær hverfa. Að því tilliti, þá er ég einnig skeptískur á það að vera að færa mannréttindakaflann, allavega að svo stöddu, allavega þangað til við sjáum kannski efnislega hvað í honum á að standa. Takk fyrir.

SN

Gísli Tryggvason.

GT

Já, formaður, góðir félagar. Mig langar nú að taka undir með Pawel, nú síðast, að ef að svona aðfararorð eigi að vera, þá má náttúrulega ekki gleyma frelsinu. Síðan langar mig að taka líka undir með Ómari og Þórhildi að það sé vert að tala eitthvað um menningu og tungu. Og, ég held að þetta sé góð byrjun á stjórnarskrá, hvort sem að mannréttindakaflinn færir, eins og lagt er til, eða ekki. Takk.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson.

VP

Já, ég styð það að það verði aðfararorð í stjórnarskránni, ég held að það sé falleg hugmynd og að það megi eiginlega segja kannski að þjóðin að einhverju

leyti kalli eftir því, að það séu, ja, hvað eigum við að segja, skilgreind eða sett niður á blað ákveðin grunn-gildi, sem að við getum sameinast um og viljum hafa í heiðri. Og, já, og að það sé svona, gagnlegt á þessum tímamarki hjá okkur. Ég hins vegar vil svona bara skjóta því til nefndarinnar þeirri hugmynd hvort að það væri ekki hugsanlegt svona, þegar við erum komin aðeins lengra á veg og erum búnir að svona, skilgreina hvað þeir vilja hafa efnislega í þessum aðfararorðum að fá, eða kalla til ráðgjafar, ja orðhaga einstaklinga eða skáld, til að koma og hjálpa til við að orða þetta á nógu fallegan hátt fyrir okkur. Takk.

SN

Dögg Harðardóttir.

DH

Formaður og ágætu ráðsfulltrúar. Ég er nú ein af þeim sem á sæti í þessari nefnd og hef skemmt mér alveg konunglega yfir þessari umræðu allri. Við erum náttúrulega bara rétt að fara af stað og fögnum þessum umræðum. Mig langar að þakka honum Pawel fyrir þessa ábendingu með upptalningu hugtaka, vegna þess að það var umræða í nefndinni um 65. greinina, hvar ætlum við að setja punktinn. Þegar maður byrjar að telja upp hugtök, þá getur maður sko, lent í því að, og maður sér það kannski fyrir sér að í árána rás að þá verði listinn bara óteljandi. Og þegar Pawel nefndi hérna áðan að vantaði frelsi og svo vantar menningu og tungu. Þannig að þá velti ég fyrir mér sko, erum við komin út á hála braut með þessa frábæru hugmynd sem mér fannst í upphafi, að hafa svona einhver ákveðin hugtök, ákveðin inngangsorð og þessi gildi. En þetta er það skemmtilega við þessa vinnu, að við förum nú stundum í einhverja hringi. Og þess vegna fagna ég bara þessari umræðu og vil hvetja þá sem eru gestir hér, og þá sem eru heima, að senda okkur erindi. Vegna þess að það er bara gott að fá fleiri álit. Við þurfum á því að halda.

SN

Íris Lind Sæmundsdóttir.

ÍLS

Já, takk fyrir. Mig langar að þakka Silju Báru Ómarsdóttur fyrir góða kynningu á stöðu mála í verkefnanefnd A. Og mér þykir þær tillögur sem lagðar eru fram, bara mjög góðar, og get svona að meginstefnu tekið undir flestallt sem þar er lagt fram. Mig langar þó sérstaklega að fagna þeirri umræðu um núverandi jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar í 65. grein, að breyta henni í þá veru að bæta þar inn tilgreiningu á nokkrum hópum, eins og til að mynda, sem sagt, sem njóta eiga sérstakrar verndar ákvæðisins, eins og til að mynda að jafnræði skuli gilda án tillits til fötlunar eða kynhneigðar. Þetta eru atriði sem að rétt hefur verið um frá árinu 1995 þegar að mannréttindakaflinn var endurskoðaður þá. Þá komu fram tillögur um að bæta þessu inn í upptalninguna sem nú er þar að finna. Á það var ekki fallist í þinginu á sínum tíma. Þegar að unnið var að endurskoðun stjórnarskrárinnar 2005 til 2007, sem ekkert varð af, þá var þetta rétt líka, og komu fram tillögur frá Öryrkjabandalagi Íslands og Samtökunum 78. Þáverandi nefndarmenn, undir forystu Jóns Kristjánssonar, tóku jákvætt í þetta og, sem

sagt, þó ekki hafi orðið af neinni endurskoðun hvað varðar 65. grein á þessum tíma.

Á Þjóðfundi 2010 var þetta tekið upp af fundargestum og lögð áhersla á að þetta væri eitt af því sem þyrfti að skoða, og Stjórnlaganefndin leggur þetta einnig til í sínum tillögum, í skjalinu sem við höfum fengið frá Stjórnlaganefndinni. Og ég held að Stjórnlagaráð geti einfaldlega ekki vikið sér undan því að taka tillit til þessara tillagna, sem eiga rætur sínar að rekja til ársins 1995, og eflaust lengri, eiga sér eflaust lengri aðdraganda. Og ég er því mjög hlynnt að þetta verði fært inn, sérstaklega. Takk.

SN
Erlingur Sigurðarson.

ES
Já formaður og góðir ráðsmenn og ráðskonur. Það verður enginn jafnari með því að hans sé getið í stjórnskrá. Menn verða kannski svolítið jafnari en aðrir. En ég ætla að gera að tillögu minni, svona, munnlega hér, að við stefnum á það að stjórnarskráin nýja byrji á fullu í texta, ekki í upptalningu eða skilgreiningum. Og eitthvað á þessa leið: Allir menn, konur og karlar, eru borin frjáls og eiga jafnan rétt til lífsins gæða og bera sömu skyldur við samfélag sitt og umhverfið. Síðan gætu menn farið að tala um Íslendinga í 2. grein. Þakka fyrir.

SN
Nú, þá eru ekki fleiri á mælendaskrá ... já, Örn Bárður Jónsson.

ÖBJ
Já, ég þakka fyrir þessar umræður hér í dag, formaður og góð systkin og áheyrendur. Og viðbrögð við okkar vinnu sem er auðvitað rétt að byrja. Varðandi það sem Pawel sagði um frelsið, þá má nú minna á það að það er einmitt fremst í þessum greinum sem koma eftir aðfararorðin. Og þar er lögð áhersla á frelsi og lögvernd og annað, einstaklinga. Það er svo aftur á móti með hugtak eins og frelsi og önnur hugtök, að þau eru margræð. Það er bæði frelsi til hluta og frelsi frá. Og svo er spurning hvort að frelsi getur yfirhöfuð staðið eitt og sér sem hugtak. Við þekkjum það af síðustu árum að Ísland lenti í ógöngum vegna ofuráherslu á frelsi, þar sem að ábyrgð gleymdist og eftirlit var af skornum skammti. Frelsi án eftirlits, er ekki frelsi. Það er eins og blaðra sem að, gasblaðra sem að er án spotta og fer í himinhæðir og springur þar. Frelsi verður að hafa eftirlit og aðhald. Þetta var nú svona bara innlegg í þessa umræðu, sem sýnir það að öll okkar hugtök sem við erum að fást við, þau hafa á sér margar hliðar. Og þess vegna gerðum við það í nefnd A, að við fórum í skilgreiningar á hugtökum og unnum hugkort út frá grunnhugtökum, sem að ég tel að sé mjög mikilvægt að liggja undir textanum, þegar þar kemur, sem skilgreiningar á því hvað við er átt. Að öðru leyti þá hlakka ég til þessa starfs og fagna því að fá að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni sem ritun nýrrar stjórnarskrár er. Takk fyrir.

SN
Nú þá eru ekki fleiri á mælendaskrá, þannig að þá ljúkum við umræðu um störf nefndar A, og ég ætla að

gefa formanni Silju Báru Ómarsdóttur orðið hérna í lokin. Gjörðu svo vel.

SBÓ
Já, takk fyrir. Og ég þakka finar ábendingar. Ég held að það sé einmitt mjög gott að við nefnum menningu, hún fór ekki á blað. Við byggðum á korti sem að er á heimasíðu Þjóðfundarins, þegar við förum af stað í umræðuna, og þar einmitt er menningin ekki ofarlega, sem kannski útskýrir af hverju hún kom ekki fram. En við ræddum einmitt þessa fyrirmynd, sem að menningin getur verið. Til dæmis með því að það er bannað að selja handritin. Hvort að við ættum að nota þá fyrirmynd, fyrir einhver önnur verðmæti, veita þeim sömu stöðu. Eins og það var til dæmis minnst á náttúruauðlindir og hvort að við vildum vernda náttúruna eins í dag og við vernduðum menningararfinn okkar. Hvað sjálfbæra þróun varðar, þá erum við einmitt að, við viljum leggja mikla áherslu á þessa hugmynd um sjálfbærni, að við séum að skila samfélaginu og náttúrunni af okkur að minnsta kosti í jafn góðu ástandi eins og við tókum við þeim. Og helst að bæta um betur. Í öllu okkar starfi höfum við verið að leita mikilvægt út fyrir landsteinana að skilgreiningum í alþjóðasáttmálum. Við erum að skoða til dæmis Árórsarsáttmálann, sem að er sennilega það alþjóðabatteri, eða sá alþjóðasáttmáli sem að gengur hvað lengst í vernd umhverfisins. Og viljum tryggja að við séum alltaf að leita að nýjustu hugmyndunum sem þó hafa fengið vigt og mikilvægi í alþjóðlegri umræðu og auðvitað taka tillit til þess sem er að gerast hérna heima.

Með frelsið þá, jú það vissulega birtist í umræðu Þjóðfundar en það var ekki í þeim efnisflokkum sem að fundurinn skiptist í, og það fór svona eftir því á hvaða orðaský þú horfir, hversu stórt þetta orð er, og það held ég sé nú ástæðan fyrir því að við erum ekki með það í þessum gildum. En auðvitað má bara ræða það þegar að við höldum áfram. En þá kannski einmitt kemur punkturinn að við viljum ekki ganga í það núna einhvern veginn, að fara að skrifa þessi aðfararorð. Persónulega tek ég undir það með Vilhjálmi að ég vil hafa þessi gildi, hafa þau skrifuð í stjórnarskránni, í upphafi hennar. En auðvitað er þetta umræða sem að á eftir að eiga sér stað á vettvangi ráðsins alls. En við viljum ræða þetta, semja þennan texta í lokinn. Einmitt ekki að setja mikinn tíma í það núna, en við þurftum samt að tala okkur niður á ákveðinn skilning á því, hvað það er sem við erum að fara að gera, að móta okkur markmið og stefnu fyrir vinnuna sem að er framundan. Þannig að, menningin og frelsið eru hér með komin inn í skjal sem að ég er búin að vera að glósa niður. Og við tókum með okkur inn á næsta fund. Við bara, þökkum fyrir.

SN
Já, kærar þakkir Silja Báru, og aðrir talsmenn nefnda sem hafa kynnt störf nefndanna og takk fyrir mjög góðar umræður. Ég legg til að við tókum núna 15 mínútna fundarhlé, stöndum aðeins upp og komum aftur eftir 15 mínútur, og í næsta dagskrárlið sem er stefnumarkandi umræða. Takk fyrir.

3. Stefnumarkandi umræða fulltrúa

SN
Þá snúum við okkur að næsta dagskrárlið. Hann heitir stefnumarkandi umræða, ég bið ykkur um að fá ykkur

sæti. Stjórn ráðsins ákvað að gefa ráðsfulltrúum, þeim sem það óska, tækifæri til þess að kynna stefnumál sín og hugðarefni. Og við höfum kosið að kalla það, sem sagt, stefnumarkandi umræðu. Og þá er fyrirkomulagið þannig að hver fulltrúi fær 10 til 15 mínútur, og getur annað hvort talað úr sæti eða úr pontu. Og það er ekki fyrirspurnir eða umræður í kjölfarið. Nú, það er kynnt þá fyrirfram, með dagskrá, hverjir flytji stefnumál sín, eða kjósa að taka til máls undir þessum lið og er röð manna í þeirri röð sem þeir láta vita af sér til formanns. Það þarf sem sagt að, þetta kemur fram í dagskrárboðun. Og í dag ætla þeir Andrés Magnússon, Erlingur Sigurðarson og Gísli Tryggvason að tala, og í þessari röð, og ég gef Andrés Magnússyni orðið. Gjörðu svo vel, Andrés.

AM

Takk. Formaður, félagar og áheyrendur. Takk fyrir að fá að koma hingað. Við förum að mestu leyti eftir þessu plaggi, sem að er skýrsla Stjórnlaganefndar. Þetta ágæta plagg. En ástæðan fyrir því að mig langaði að koma upp núna, er sú að við þurfum líka að tala um, kannski um eitthvað sem er þar ekki tæpt á. Og þá er kannski eins gott að setja það strax á dagskrá og vera sem sé meðvitaður um það að við getum rætt hluti sem ekki eru nefndir þar. Og, mig langar að tala um þrjá hluti. Tveir þeirra lúta að valddreifingu og einn þeirra lýtur að því hvort að eigi að vera í stjórnarskrá, sérstök tilvísun til válegra hluta sem að nýlega hafa gerst, líkt og margar þjóðir hafa gert. Og mig langar að leggja út af orðum Silju, sem var hérna áðan, að allt vald kemur frá þjóðinni. Og, okkar umboð var að auka valddreifingu, koma í veg fyrir valdasamþjöppun og sem sé, auka aðkomu þjóðarinnar. Og það var, sem sé, óskað að við myndum skerpa á þrískiptingu ríkisvaldsins, þ.e.a.s. gera skil, til dæmis á milli, gera góð skilrúm milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds. Og það er alltaf notað þetta orð þingræði, mér finnst þetta líka geta geta orðið þingræði, ef það á þá líka algjörlega líka að ráða framkvæmdavaldinu, sem er sem sé ósk þjóðarinnar, að verði ekki. Og, þannig að mér finnst svoltið stárt að það er hvergi minnst á í skýrslunni, eða mjög stuttlega, þessi möguleiki að það verði beinar kosningar, til framkvæmdavaldsins. Og, það er vissulega hin skýrustu skil sem verða á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdavaldsins, það að framkvæmdavaldið verði einfaldlega kosið beinni kosningu. Og ef vel tekst til þá er þetta kannski ópólitískt framkvæmdavald. Og þetta girðir fyrir að það haldi áfram, þetta sem hefur tíðkast, að oddvitarnir í stjórnsmálaflokkunum verði ráðherrar, og fari síðan að vinna fyrir flokkinn en ekki fyrir landið. Fylla stjórnarsýsluna af pólitískt skipuðu fólki, ráði menn sem ja, til dæmis sendiherra eða í einhver önnur feit embætti, fyrir vel önnuðum störf í þágu flokksins. Það þarf einhvern veginn að koma í veg fyrir þetta. Og það er það sem Íslendingar þola ekki í dag og væntanlega ekki næstu áratugi, það er spilling. Og jafnvel þó að það komi eitthvað þunglamalegra stjórnarfar eða einhverjir aðrir gallar, þá er það einmitt spillingin sem við viljum koma í veg fyrir. Þannig að mér finnst eðlilegt ef við ræðum þennan möguleika, að það sé hægt að kjósa bara framkvæmdavaldið beint.

Það er líka hluti af því að allt vald komi frá fólkinu. Mér finnst í þeirri umræðu sem hefur átt sér stað að

við séum samt alltaf að sneiða frá því. Fólkið er of vitlaust, fólk skilur ekki, fólk hefur ekki þekkingu, fólk, það verður mógsefjun, það verður populismi. En mér finnst við svoltið sneiða hjá því að vera tilbúin að veita fólkinu valdið. Og til dæmis, til hvers að hafa, að láta, að útvarpsstjóri, þetta er eitthvað valdamesta embætti landsins, útvarpsstjóri og fréttastjóri, og það hefur verið veitt pólitískt. Og þetta er dæmi um embætti sem væri til dæmis hægt að kjósa um. Við erum með kosningar, við erum með sveitarstjórnarkosningar fjórða hvert ár, forsetakosningar og alþingiskosningar. Við erum næstum því með kosningar árlega. Og, mér myndi heillaráð að það væru bara kosningar á hverju vori, um menn og málefni. Og þá gætum við kosið til dæmis Hagstofustjóra, sem hefur það hlutverk að upplýsa okkur um ástand landsins, útvarpsstjóra, o.s.frv. Og þá virkilega aðgreinum við valdið, við dreifum valdinu. Þannig að mér finnst svoltið hafa verið sneitt framhjá þessum möguleika, að miklu meira beint lýðræði. Í fylkum eins og til dæmis Kaliforníu, sem er 100 sinnum stærra en Ísland, þar er kosið um ýmsa hluti, iðulega. Þannig að í miklu stærri samfélögum, er miklu meira um beinar kosningar.

En þó hefur verið reyndar ein góð rök sem að mæla þessu gegn, það er ef það verða mikið um beinar kosningar, þá ráða fjölmiðlar rosalega miklu. Fjölmiðlar ráða ofboðslega miklu. Og það er annað sem er ekki tekið á, í sambandi við valddreifingu, það er einmitt vald fjölmiðla. Sumir kalla þetta 4. valdið, mér finnst miklu nær að kalla þetta 1. valdið. Vegna þess að, ja til dæmis í Rússlandi voru frjálsar kosningar en það var hins vegar einokun á upplýsingum til fólksins og á áróðri. Og það er ekkert lýðræði þó það séu frjálsar kosningar, ef einn aðili hefur öll áróðurstæki. Ef hann hefur algjöra yfirburðastöðu varðandi það hvaða upplýsingum hann hleypir að, og hvað ekki. Og við upplifðum þetta nýlega núna í bólunni, að bankamenn keypti alla fjölmiðlana. Og líka, ef maður á nógan pening þá getur maður keypt sér þjónustu almannatengslafyrirtækja, upplýsingaráðgjafa o.s.frv. Og við erum mikið að tala um að dreifa valdinu og æjum okkur yfir því að Vestfirðingur hefur kannski tvöfalt atkvæðamagn, eða vægi á við Reykvíking, en það er hins vegar allt í lagi að einhver auðmaður kaupir sér fjölmiðil og þúsundfaldi þar með atkvæði sem á bak við hann standa. Þess vegna er það hluti af valddreifingunni að dreifa eignarhaldi á fjölmiðlum. Og mér finnst, eða það er svona uppástunga að einn hagsmunahópur í samfélaginu á ekki að eiga meira en svona 25, 30% af fjölmiðlum. Og stóreignamenn, það er einn hagsmunahópur. Þeir hafa allir sama hag af því að fella niður eignarskatta, að selja ríkisfyrirtæki, að fjármál séu ekki gagnsæ, o.s.frv. Ekkert eftirlit, o.s.frv. Þannig að, það er ein leið. Og önnur leið til þess að passa, við þurfum einhvern veginn að passa það að það verði ekki einokun á valdinu. Það er ekki bara ríkisvald í landinu. Það hefur einmitt, þróun undanfarinna ára hefur verið sú að minnka vægi ríkisins, og þá sprettur náttúrlega upp annað vald. Og við ætlum bara að tala þá um valddreifingu á ríkisvaldinu, en ekki önnur völd sem eru í landinu. Og í dag er það þannig að ef þú átt pening þá geturðu í fyrsta lagi keypt alla fjölmiðlana, þú getur gistað prófkjör einstakra þingmanna, þú getur látið fúlgur ráða til flokksins, þú getur haft ítök í háskólasamfélaginu og svo framvegis. Og ráðið þér

penna, keypt upp netmiðla, o.s.frv. Þannig að það er hægt að þjappa valdinu gífurlega mikið saman á Íslandi, með fjármunum. Og við verðum að taka á þeirri valddreifingu líka, að valdið komi frá fólkinu en ekki þessum örfáu einstaklingum sem geta keypt sér fjölmiðla og öll áróðurstækkin. Og til dæmis sting ég upp á því að útvarpsstjóri verði kosinn í frjálsum kosningum, almennum kosningum.

Nú, þetta var um valddreifingu, sem sé að auka beint lýðræði, að það verði fleira sem verður kosið beint af fólkinu, og það verði þá tryggt að fjölmiðlar séu dreifðir, og að það verði ekki einokun á þeim. Síðan að síðasta liðnum, um hvort að það eigi að hafa sérstakar tilvitnanir í stjórnarskrá, í þá válegu atburði sem að gerast rétt áður en sest er niður við þetta verk, að búa til nýja stjórnarskrá. Það var gert í Póllandi, Rússlandi, Þýskalandi og víðar. Og þá er spurning hvort að við eigum að hafa einhverja beina tilvísun í hrúnið. Eignartjón við hrúnið á Íslandi, ég leyfi mér að halda því fram að þetta sé svipað og eftir styrjaldir í ýmsum löndum, þó að mannfali hafi kannski verið lítið. Og þetta er líka atburður sem misbýður réttlætis-kennnd fólks, að tveir bankaeigendur, eða stóreigendur, geta farið niður í banka og gert samning, stofnað lítið hlutafélag í kringum samninginn og þetta eru svo stórir fjármunir að þeir geta ekki borgað þá sjálfir, og það lendir á þér. Þ.e.a.s. það er samningur á milli A og B en C borgar. Og þetta er náttúrliga, þarna er verið að ganga gegn grunnhugmyndum um eignarrétt. Það eru 2 aðilar að gera samning sín á milli en 3. aðilinn þarf að greiða. Þannig er staðan í dag. Og þetta er, það er blóðugt, það er eiginlega niðurlægjandi að fólk geti lagt efnahag þjóðar í rúst en standa uppi sem auðugustu menn landsins. Standa uppi þeir sem eiga atvinnutækin, eiga fjármagnið og stjórna landinu. Þess vegna vil ég, og menn verða að velja, hvort er verra að sé smá tungubrjótur eða hnjóður, tímabundið, í stjórnarskránni, eða er verra að láta þetta óréttlæti viðgangast. Og allt tal um að við þurfum að passa að þetta gerist ekki aftur, það er einskis vert, vegna þess að þetta gerist aftur ef menn komast upp með það. Ef menn sjái að þeir komast ekki upp með þá er smá séns að það gerist ekki aftur. Og menn þurfa að velja, hvort þeir vilji laga þetta með smá tungubrjóti í stjórnarskrá, eitthvað sem þeir setja inn tímabundið, eða hvort þeir vilja láta óréttlætið lifa. Og ég sting til dæmis upp á að við munum, mér þætti mjög vænt um ef við gætum aðeins rætt hvort eitthvað þessu líkt mætti setja í stjórnarskrá. Ef það verður kreppa í landinu, og ég hef stungið upp á alls konar skilgreiningum, en það má líka segja sem sé, ef skuldir ríkissjóðs fimmfaldast á tveim árum, eða að eignir landsmanna rýrna um meira en 25% á þremur árum, eða eitthvað svoleiðis. Einhver töluleg skilgreining, ef það verður kreppa í landinu, vegna umsvifa fjármálageirans, þá skulu öll verðmæti sem ennþá eru í höndum manna er unnu við, eða höfðu ávinning af fjármálaumsvifunum er leiddu til kreppunnar, ganga upp í að greiða skaðann sem ríkissjóður og almenningur varð fyrir, beint og óbeint. Þetta ákvæði skal vera afturvirkum um 15 ár.

Önnur útsetning er hér, en það er líka eitthvað afturvirkum um 15 ár. Ef kreppa skellur á og rekja má hana til athafna einnar ákveðinnar atvinnugreinar, ákveðinnar starfsemi eða hóps tengdra einstaklinga, þá gilda ákveðin neyðarlög, sem hafa það að markmiði að þessi

atvinnustarfsemi og einstaklingar sem að henni stóðu, beri sjálfir eins stóran hluta skaðans og hægt er, á eftirfarandi máta: A) Arður sem greiddur hefur verið út á ofanefndu tímabili úr félögum og fyrirtækjum sem síðar urðu gjaldþrota, eða urðu fjárhagsleg byrði á ríkissjóði, verði endurgreiddur. B) Lög um hlutafélög verði að einhverju leyti afnumin. Ef ríkissjóður hefur hlotið kostnað vegna gjaldþrots hlutafélags, skal sá kostnaður greiddur með verðmætum úr öðrum félögum í eigu viðkomandi einstaklinga. C) Hagnaður sem að orðið hefur vegna framvirkra samninga, skortstöðutöku, gengisveðmála, vöndla og annarra afleiðusamninga, þ.e.a.s. veðmál, sem var stærstur hluti viðskiptanna, mjög stór hluti viðskiptanna, að hagnaður af þessum veðmálum gengur upp í að lágmarka skaða þjóðfélagsins. Og síðan má hnýta við þetta til dæmis, hagnaður tengdur einkavæðingu sparissjóða o.s.frv. Að það komi sem sé skattur á þennan hagnað, útgreiddan hagnað úr félögum sem síðan fóru á hausinn, hagnað sem var settur í önnur hlutafélög o.s.frv. Að hann gangi upp í að greiða þetta, frekar en að það lendi á almenningi.

Auðvitað er þetta kontróversíelt og óvenjulegt. Ég viðurkenni það alveg. En ég er alveg tilbúinn að hafa eitthvað kontróversíelt og óvenjulegt frekar heldur en að láta þetta síðleysi viðgangast. Og, við eigum eftir að lenda í því eftir 20 ár að ræða við okkar börn og barnabörn, og þau eiga eftir að spyrja okkur, af hverju gerðist þið ekki neitt? Þá verðum við allavega að geta sagt það að við reyndum, við skoðuðum, við veltum við hverjum steini, hvernig hægt væri að gera þetta. Við getum ekki yppt öxlum og sagt, æ þetta var svo erfitt, æ það er alltaf valtað yfir okkur hvort sem er ... eða, ég nennti ekki að þæla í þessu, bara shit happens o.s.frv. Þannig að mér fyndist gott ef við gætum rætt þetta. Takk fyrir.

SN

Takk Andrés. Og þá tekur til máls Erlingur Sigurðarson. Gjörðu svo vel, Erlingur.

ES

Formaður góðir ráðsmenn og ráðskonur. Sú var tíð segir í bókum, þegar vandræði bar að höndum, að kalla þá jafnan til hina bestu menn. Úrskurði þeirra skyldu síðan allir hlíta, og var nú allt kyrrt um hríð. Þegar samfélagsfriði er ógnað í landinu. Þá er ímynd okkar sem friðelskandi þjóðar er brotin. Þjóðarfleyið stolta strandað í fjöru og varningurinn sem átti að flytja heim, tómar skuldir, þá er boðað til Stjórnlagabings. Menn spyrja spurningarinnar: Hvar er í heimi hæli tryggt. Og til að svarið verði ekki: Hvergi. Þá er enn leitað til hinna bestu manna. Ég er svo heppinn að fá að vera í þessum 25 manna hópi, sem var kosinn og síðan skipaður í Stjórnlagaráð, og ég veit að við eigum þangað erindi, sem er erfiðisins virði. Orð eru til alls fyrst. Ég trúi því að setning nýrrar stjórnarskrár, sé grundvallaratriði til að endurreisa megi íslenskt samfélag, og skapa því trúverðugleika. Ég vil gjarnan vera þar með, og þess vegna er ég hér. Og get ekki annað.

Ég vil að við kostum kapps um að komast að þeirri niðurstöðu að semja hér nýja stjórnarskrá sem byggir á rétti mannsins og virðingu hans, ... á rétti mannsins og skyldum við samfélag sitt, ákveðið án málalenginga. 1. greinin gæti verið sú sem ég kynnti hér áðan, í þá veru:

Allir menn, konur og karlar eru borin frjáls og eiga jafnan rétt til lífsins gæða og bera sömu skyldur við samfélag sitt og umhverfi.

Það skiptir ekki öllu máli fyrir okkur, hvað er okkar einstaka hugðarefni. Við verðum að ná samkomulagi. Við þurfum ekki aðra skrípamynd af Alþingi, þar sem að fæstir hlusta og menn koma sér ekki saman um neitt, allra sist nýja stjórnarskrá. Og við skulum vona að hingað hafi verið kosnir hinir bestu menn, nógu víðsýnir til þess að gera upp málin og ná sameiginlegri niðurstöðu. Menn sem ekki setja eigin hag og einstrengislegar skoðanir ofar samkomulagi. Ég held að við þurfum ekki að kvíða því.

Stjórnarskráin okkar er ótrúlega lítil. Nú er ég ekki þar að segja að orð þurfa að vera mörg. En þau eru bara svo endurtekin og staglað svo á þeim að það er forseti 27 sinnum í 30 fyrstu greinunum. Ríkisstjórnina er aldrei minnst á. Það hugtak er ekki til í stjórnarskrá. Þetta er kannski skýringin á því að ríkisstjórnin hefur varla verið til, ef marka má framkvæmdaleysi fyrri tíðar. Af 79 greinum eru 30 um forsetann. Ákvæði eru mótsagnarkennd og ég verð sannast að segja að ég trúði ekki fyrr en ég tók á, þegar ég fór að lesa hér stjórnarskrána með sögulegum skýringum í bindi 2 í stjórnkerfisskýrslunni, hvað það voru mótsagnarkennd og ófullkomin ákvæðin. Og aldrei þýddi aldrei aldrei. Það voru alltaf undantekningar gefnar. Uppbyggingin er ekki rökrétt. Það er mjög eðlilegt að mannréttindaákvæðin standi fremst. Síðan það sem tekur til jarðarinnar, til umhverfis og auðlinda, hafs og lofs og lands. Og í framhaldi af því verði litið á hvað grundvallar samfélagið. Til þjóðar og þjóðmenningar. Og þá fyrst komi stjórnskipulagið. Fullveldið og samskipti við umheiminn. Og enda á forseta.

Það er, með framkvæmdavaldið bíður okkar mikið hlutverk, og erfitt. Ráðherrar sitji ekki á Alþingi er krafa þjóðarinnar, en jafnframt vill hún aukið þingræði. Og þeir eigi ekki að sitja í sérstökum hásetum þegar þeir mæta á Alþingi. Forsetavaldið það var hér í ræðu Vilhjálms, kynningu á störfum hóps B, er svolítið til umræðu og ég held að þar hafi ég dottið ofan á ákveðna lausn, sem að hefur hlotið góðar undirtektir. Og ég held að það sé hægt að vinna út frá þessum grundvelli, því að skipta þessu valdi, framkvæmdavaldinu og forsetavaldinu. Og það án þess að draga nokkuð úr vægi eða virðingu forsetaembættisins. En um forsetaembættið er erfitt að tala því þar blandast persóna Ólafs Ragnars Grímssonar inn í, alltaf, núna.

Ég óttast svolítið að verði erfið umræða um kosningakerfi. Ég held að sú hugmynd sem að naut góðs fylgis á Þjóðfundi og fyrir hann, um að landið verði eitt kjördæmi, sé ekki góð í framkvæmd. Og treysti því að það náist samkomulag um það að kosið verði í fleiri og minni kjördæmum. Og ég held að það gæti orðið lykkillinn að farsælu samstarfi.

Í stjórnarskránni á að ganga út frá frelsi sem grundvallarhugtaki. Að allt sé leyfilegt og í góðu gildi, svo lengi sem það hindri ekki frelsi annarra og að það sé sérstaklega bannað. Ákvæði í stjórnarskrárinnar eiga að vera jákvæð en ekki með þeim hætti að túlkendur hennar fari að líta svo á að allt sé bannað, nema það sé sérstaklega leyft. Með almennum ákvæðum, en ekki upptalningu á hvenær, hvar og við hverja það eigi sérstaklega. Þannig verður frelsið best tryggt. Hið sama á við um jafnréttið. Það er ein grundvallarforsenda

almennt mannréttinda, að allir séu jafnir fyrir lögum. Eigi jafnan rétt og beri sömu skyldur. Þetta á einfaldlega við um allt og alla. Og öll upptalning einstakra efna býður heim hættunni á því að sumir álitu sig jafnari en aðra. Jafnrétti á að vera til að eiga og njóta ákveðinna lífsgæða og standa undir sömu skuldbindingum. Það er aftur á móti vinsæll sá rangsnúningur í túlkunum, að jafnrétti sé pólitíkusum, að jafnrétti eigi best við þegar að verið er að taka við rétti eða gæðum. Að jafnrétti sem sagt sé niður á við en ekki upp á við.

Og þá er ég búinn að tala um frelsið og jafnréttið. Þá ætla ég að minnst á fraternité, bræðralag. Þar gildir enn hið fornkvæða: Ég er maður og læt mér ekkert mannlegt óviðkomandi. Við getum sótt röksemdir þessa hvort heldur er til Jesú Krists eða Hávamála. Eða vitnað til orða Johns Donne: Enginn er eyland, einhlítur sjálfum sér

En tærastur af öllu er boðskapur í 1. grein stjórnarskrár dýranna í Hálsaskógi: Öll dýrin í skóginum eiga að vera vinir. Því ályktast, kjörorðin: Liberté, égalité, fraternité - frelsi, jafnrétti og bræðralag, eru eilíf. Þau eiga við þegar setja skal saman nýja stjórnarskrá á Íslandi í dag. Ekki síður en þau áttu við eftir fall Bastillunnar í París fyrir meira en 200 árum.

SN

Þakka Erlingi fyrir og næstur tekur til máls Gísli Tryggvason, gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar og áheyrendur nær og fjær. Við ræddum hér áðan um grunnildi, eins og nefnd A hefur rætt um að setja inn í nýja 1. grein. Ég var mjög ánægður með að sjá að þar var á meðal hugtaka sem að kemur til greina að setja inn, hugtakið valddreifing. Þetta var í samræmi við þær áherslur sem ég lagði, þegar ég sóttist eftir að sitja á Stjórnlagabingi sem varð Stjórnlagaráð og ég ætla að ræða um þrjár tegundir, eða þrjár leiðir til þess að auka hér valdajafnvægi. Í 1. lagi að Hæstiréttur fái hlutverk stjórnlagadómstóls til þess að auka aðhald. Í 2. lagi að skylt verði samkvæmt stjórnarskrá að viðhafa jafnt samráð við ólíka aðila. Og í 3. lagi að sveitarfélögin fái stjórnskipulega stöðu sem 4. ríkisvaldið, nú eða 5. eða 6., miðað við umræðurnar hérna áðan. Það er auðvitað fjölmörg atriði sem ég ætla ekki að víkja að hér, eins og auðlinda- og umhverfisákvæði, sem að mikil stemning er fyrir, uppfærsla á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, skýrari reglur um valdsvið og verkefni forseta Íslands, betri möguleikar almennings á lýðræðislegri þátttöku, reglulegt stjórnlagabing, sem ég legg áherslu á, og aukin aðgreining valdþátta, eins og bæði Vilhjálmur og Eiríkur véku að, tillögum til þess að ná.

Fyrst ætla ég að ræða um stjórnlagadómstól, sem að Þorvaldur nefndi Lögréttu og ég held að það sé góð söguleg tenging. Og hann vitnaði þar í Eirík Tómasson, sem fjallar um þetta í bindi 1 á bls. 316. Ég legg áherslu á að þessi dómstóll sé dómstóll og hann sé bindandi þar með. Og hann sé sjálfstæður en ekki endilega sérstakur. Ég vil helst tengja hann Hæstarétti, þannig að þetta er í raun breyting, veruleg breyting reyndar, á réttarfarsreglum, og skipan hans. Því að ég vil að þegar Hæstiréttur fjallar um þessi málefni sem Þorvaldur nefndi einmitt, þrjú verkefni; stjórnskipulegt gildi laga, kjör til Alþingis og fleira. Að þá sitji ekki

einungis lögfræðingar í dómnum, heldur einnig fulltrúar sem hafa lýðræðislegra umboð og í dæmaskyni mætti nefna að forseti ASÍ gæti til dæmis verið einn aðili sem að mundi skipa dómnum í slíkum tilvikum. Og við höfum fyrirmynd að þessu í Landsdómi, þar sitja nú 7 embættisdómarar, flestir úr Hæstarétti og 8, eða meirihlutinn, er kosinn af Alþingi, sem sagt með lýðræðislegt umboð. Og ég legg áherslu á að slíkur dómstóll á að vera eiginlegur dómstóll með bindandi vald, en ekki einungis ráðgefandi eins og Stjórnlaganefnd virðist leggja til.

Markmiðin með þessu eru að mínu mati, og nást að mínu mati með þessari leið, að tryggja aðhald að valdhöfum sem að hefur skort eins og við vitum, tryggja tímanlega lausn stjórnskipulegra álitaefni, áður en skaðinn er skeður, en hingað til hafa almennir dómstólar skorðið úr um þessi efni, en oft mörgum árum eftir að ágreiningur ris, eða efi. Og það er of seint. Nú þessi lausn er líka til þess fallin að tryggja skjóta lausn álitaefna, með því að hafa fastan kjarna með aðsetur í Hæstarétti og síðan tiltekna viðbótardóma. Nú þessi leið, að tengja þetta Hæstarétti, tryggir samræmi eða réttareiningu, í stað þess að það séu komnir tveir æðstu dómstólar; Stjórnlagadómstóll og Hæstiréttur, þeir þurfa að tengjast. Nú þá tryggir þessi leið að kostnaði sé haldið í lágmarki, hjá lítilli þjóð. Og við það mætti bæta að tilteknir aðilar gætu haft málskotsrétt. Ég vil nefna nokkur dæmi þar sem að ég tel að sýnt sé að þörf sé á slíkri stofnun, Öryrkjamálið fyrir um 10 árum, vakti deilur um hvað fælist í stjórnarskránni og síðan í dómi Hæstaréttar. Kvótamálið hefur verið eins og opið sár hér í 30 ár, nærri því. Kosningar til Stjórnlagabings voru ógiltar í stað þess að lagfæra, jafnvel í tæka tíð, meinbugi á fyrirkomulagi. Hér hefur verið deilt um lengi ákvörðun eins eða tveggja manna um að láta Ísland stalda að valdbeitingu gagnvart öðru ríki. Og þetta gerðist nú eiginlega aftur um daginn. Án þess að atbeini Alþingis kæmi til. Nú fyrir um 20 árum hélt ég því fram að aðild að EES stæðist ekki stjórnarskrána. Úr því var aldrei leyst fyrir dómstólum eins og hefði verið hægt ef að stjórnlagadómstóll hefði starfað. Og svo má nefna þá umdeildu ákvörðun að fella niður þjóðaratkvæði 2004 í kjölfar lagasynjunar forseta Íslands. Og eins og rætt var áðan, vænti ég þess að nefnd C taki þetta til skoðunar, eins og auðvitað eru áform um.

Nú í 2. lagi vil ég nefna að ég tel mikla þörf á því að í stjórnarskránni sé skylda á handhöfum opinbers valds, sem að hafa frumkvæði að nýjum reglum, lögum eða öðrum reglum, til þess að hafa jafnt samráð, samþærilegt samráð við ólíka hagsmunaaðila. Að þeir séu ekki bara að tala við fulltrúa hinna sterku, atvinnurekendum, eins og oft er. Eða fyrst og mest við þá, heldur líka aðra eins og fulltrúa launafólks og neytenda. Eftir minni löngu reyngslu er full þörf á þessu. Það er of seint og lítið talað við fulltrúa almennings ef svo má segja. Þessir aðilar, þó þeir séu að mörgu leyti á sama bát, þá gæta þeir andstæðra hagsmuna. Og ég held að þetta ákvæði, svona formákvæði um samráð, sé að mörgu leyti betra heldur en að fjölga allt of mikið efnisákvæðum í stjórnarskránni.

Nú þá að aðalatriðinu. Ég vil færa sveitarfélögum raunveruleg völd og auka þar með valdajafnvægi. Dreifa valdi og draga úr valdi miðstjórnar ríkisins. Í dag kveður stjórnarskráin á um sjálfstæði sveitarfélaga

í 78. grein. Þetta er vísiregla og er gölluð, vegna þess að löggjafinn sjálfur skilgreinir hvað í þessu sjálfstæði felst. Það er oft á tyllidögum rætt um aukna sjálfstjórn, eða frekari völd til sveitarfélaga, en lítið um aðgerðir, eða sértækar tillögur eins og ég er hér með. Ég tel að Kaupmannahafnarvaldið hafi í raun stoppað í Reykjavík og aldrei farið mikið lengra, þegar við fengum heimastjórn 1904. Og þessu ójafna valdi, eða valdskiptingu hafa tengst átök um alla síðustu öld, um ójafnan kosningarétt, menn reyna að bæta sér upp valdleysi með því að fá fleiri fulltrúa á þjóðþinginu. En væntanlega stefnir nú í að hér verði jafnaður kosningaréttur og jafnvel komið á jöfnum kosningarétti, en ekki endilega með einu kjördæmi að mínu mati. Og þess vegna legg ég til að það verði skoðað í víðeigandi nefnd að fjárstjórnarvaldið, þ.e.a.s. skattlagningarvald og fjárveitingarvald sem fræðimenn eru sammála um að séu ekki löggjafarvald í eðli sínu. Að það verði flutt að einhverju leyti til héraðana, til stórra og sterkra sveitarfélaga. Þau þurfa auðvitað að vera burðug til þess að sinna þessu verkefni, eins og öðrum. Ég er ekki með nákvæma uppskrift ennþá, hvernig á að gera þetta. Það má ræða í nefnd B, þar sem ég sit nú einmitt. En einn útgangspunktur gæti verið að fjárstjórnarvaldið skiptist til helminga, þannig að ríki og sveitarfélög fengju sitt hvorn helminginn, nema þau semji sín á milli sem jafn réttsháir aðilar um aðra skiptingu. Nú svo er auðvitað útfærsla að hafa jöfnunarsjóð og annað eins og er í dag. En hver er staðan í dag? Í dag renna um 26% af heildartekjum hins opinbera til sveitarfélaga. Þetta er að vísu áður en að verkefni mál-efna fatlaðra fluttust, um áramótin. En 73% fara til ríkisins. Skipting er sem sagt um 70/30 og það er sama og í norrænum ríkjum nema þar er hún öflug. Þar eru sveitarfélögin með um 70% samneyslunnar en ríkið með um 30%. Og ég spyr hvort að þetta samræmist tali um aukið hlutverk sveitarfélaga, eða jafnrétti án tillits til búsetu. Við ræddum hérna jafnréttisákvæði áðan, hvort að koma eigi á jafnræði án tillits til til dæmis búsetu, en hér er ég með konkret tillögu sem að jafnar mjög völd óháð búsetu.

Kjarninn er sem sagt að mínu mati að það er ekki nóg að ákveða verkefni sveitarfélaga með lögum. Einhlíða vald annars samningsaðilans, Alþingis eða ríkisins, er óviðunandi. Þetta ætti frekar að vera eins og hjá stéttarfélögum og atvinnurekendum, þar sem að formlega jafn réttsháir aðilar semja. Og við þekkjum það. Fyrir 15 árum var grunnskólinn fluttur. Nú voru málefni fatlaðra flutt og síðan hafa sveitarfélögin árum saman og eiginlega sífellt deilt um það við ríkið hvort þau fái nægilegt fé til þess að sinna þessu verkefni.

Eins og Eiríkur vék að hérna í umræðum áðan þá er mikil samstaða um það að auka veg Alþingis og til þess að bæta Alþingi þá skerðingu sem að þessi tillaga hefði í för með sér þá eru þegar komnar umræður af stað að færa ákveðna valdþætti sem að hvíla í raun hjá framkvæmdavaldinu, til Alþingis þar sem þeir eiga betur heima.

Þannig að ég áréttá þessar þrjár tillögur, jafnræði verði tryggt með stjórnlagadómstól milli æðstu handhafa ríkisvalds, í öðru lagi milli ólíkra hagsmuna í samfélaginu og í þriðja lagi milli miðstjórnarvalds og héraða.

Og að lokum vil ég áréttá þá tillögu sem ég taldi forsendu fyrir setu minni hér, að þjóðin fái að segja

skoðun sína á niðurstöðu okkar áður en Alþingi afgreiðir hana. Takk.

SN

Takk Gísli. Og takk til ykkar allra fyrir góðar framsögur. Þá er þessum lið lokið. Næsti ráðsfundur verður fimmtudaginn 5. maí, og verður dagskrá send út síðar. Ég þakka fyrir mjög góðan fund og umræður, hann gefur góð fyrirheit fyrir umræður næstu vikna. Og ég slít þessum 6. fundi hér með. Takk fyrir.

7. ráðsfundur 05.05. 2011.

05.05.2011 13:00

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar
2. Skýrsla B-nefndar
3. Skýrsla og tillögur C-nefndar
Tillaga frá 6. fundi um breytingar á áfangaskjali lögð fram til afgreiðslu
Ný tillaga um breytingar á áfangaskjali lögð fram til kynningar
4. Skýrsla og tillögur A-nefndar
Tillaga frá 6. fundi um breytingar á áfangaskjali lögð fram til afgreiðslu
Nýjar tillögur um breytingar á áfangaskjali lagðar fram til kynningar
5. Stefnumarkandi umræða fulltrúa
Freyja Haraldsdóttir
Ómar Þorfinnur Ragnarsson

7. ráðsfundur - haldinn 5. maí 2011, kl. 13.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvupósti miðvikudaginn 4. maí 2011 og dagskrá í samræmi við fundarboð.

7. ráðsfundur – framhaldið 6. maí 2011, kl. 09.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Forföll hafði boðað: Ari Teitsson

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Umræður á 7. ráðsfundi

SN

Góðan dag. Sjöundi fundur stjórnlagaráðs er settur. Enginn hefur boðað forföll og dagskrá verður eins og boðað hefur verið til og liggur frammi.

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

SN

Fundargerð síðasta fundar hefur legið frammi án athugasemda og ef ekki koma athugasemdir hér, þá skoðast hún samþykkt.

2. Skýrsla B-nefndar

SN

Annar liður á dagskránni er skýrsla verkefnanefnd og það er verkefnanefnd B sem er fyrst og ég gef formanni hennar, Katrínu Fjeldsted, orðið. Gjörðu svo vel.

KF

Fundarstjóri. Góðir félagar. Verkefni B-nefndar er fremur víðfeðmt og að sumu leyti ólíkt verkefnum annarra nefnd, þ.e.a.s. maður getur litið á verkefnið sem lárétta línu í stað lóðréttra lína vegna þess að einn þáttur tengist öðrum og það er vegna þess að nefnd B fjallar um valdahlutföll í íslensku samfélagi, nánar tiltekið undirstöður íslenskrar stjórnskipunar, hlutverk og stöðu forseta Íslands, hlutverk og störf Alþingis, ríkisstjórn, störf forseta og ráðherra og verkefni framkvæmdarvalds og stöðu sveitarfélaga. Í vinnu okkar í B-nefnd höfum við haft nokkur gildi að leiðarljósi og tökum þar mið af tillögum þjóðfundar en það eru lýðræði, valldreifing, gagnsæi, traust og heiðarleiki, ábyrgð, öryggi og skilvirkni. Nefnd B hefur sett sér markmið út frá þessum gildum og markmiðin eru að stjórnarskráin sé skýr, skiljanleg og lýsi stjórnskipaninni eins og hún er, að tilgangur og takmarkanir valds séu skýrar, að vald og ábyrgð fari saman, umræðuhéð sé bætt og þar með rökraða, lýðræðisleg stefnumótun á vegum þings og ríkisstjórnar sé eflað, aðhald og eftirlit þings með ríkisstjórn og stjórnarsýslu sé styrkt, aðhald með löggjafarvaldi sé styrkt, hlutverk og ábyrgð forseta Íslands séu skýr, valdmörk og ábyrgð ráðherra séu skýr, stofnanir sem sinna mikilvægum stjórnarsýslu- og eftirlitshlutverkum séu sjálfstæðar og faglegar, dregið sé úr miðstýringu og samþjöppun valds á fáa einstaklinga og að vald og ákvarðanir á nærsamfélag og umhverfi sé fært nær fólki.

Að þessum markmiðum má velja ýmsar leiðir, þó að aðalatriðið séu gildin og markmiðin. Leiðirnar eru þá

málskot til þjóðaratkvæðis, hvaðan sem það málskot síðan kemur – hvort það er frá þingi, minnihluta þings, undirskriftum almennings eða hvað verður fyrir valinu –, málskot til stjórnlagadómstóls, þjóðaratkvæði að frumvörpum, aðgreining löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, ráðherrar sitji ekki á þingi, þingið sé styrkt og þingnefndir og formenn sé þungamiðja í stefnumótun en ekki ráðherrar, ráðherrir leggi ekki fram frumvörp heldur geri tillögu til þingnefnda, „leppfyrirkomulag“ (sem menn hafa kallað) þegar forseta ætlað að skrifa undir ákvarðanir sem

hann tekur ekki, frumvörp falli ekki niður við lok löggjafarþings eins og nú er, heldur við lok kjörtímabils, að efla umboðsmann Alþingis eða stjórnarsýsludómstól deildaskipa þingi og stuðla að faglegri ráðningum í embætti og stjórnarsýslu. Þetta er grunnurinn sem við byggjum á. Og eðli máls samkvæmt verðum við að byrja einhvers staðar. Við erum nú í miðjum klíðum að fjalla um hlutverk forseta Íslands, verkefni embættisins og afmörkun þess frá öðrum embættum. Til dæmis má segja að í núgildandi stjórnarskrá, í 2. gr., komi fram að Alþingi og forseti Íslands fari með löggjafarvaldið og forseti og önnur stjórnarvöld, eins og það er orðað, með framkvæmdarvaldið. En staðreyndin er sú að víðast hvar hefur hlutverk forseta í löggjafarvaldi verið afnumið, svo eitthvað sé nefnt, en nefndir horfir að sjálfsgöðu til fyrirkomulags í öðrum löndum ekki síður en til þróunar mála hér heima. Og stóra spurningin, auðvitað, sú fyrsta er: Á að vera forsetaembætti á Íslandi eða ekki? Og svo vitnað sé til stjórnlagabings unga fólksins, sem haldið var 16. apríl, þá var niðurstaða þeirra, sem má kalla fulltrúa framtíðarinnar, eindregið sú að þau vilja hafa þjóðhöfðingja, þau vilja að hann sé öryggisventill, hann sé ópólitískur og alþýðlegur, hann þurfi fleiri meðmælendur, hann sé aldrei sjálfkjörinn, alltaf haldin kosning, það væri hægt að setja hann af með þjóðaratkvæði, það þyrfti að takmarka setu hans í forsetaembætti. Þannig að það eru mjög margar hliðar máls undir og nefnd B er ekki tilbúin með nein ákvæði inn í áfangaskjal að þessu sinni, eðli máls samkvæmt. Takk fyrir.

SN

Takk fyrir þetta. Þá er opið fyrir umræður um starf og skýrslu B-nefndar. Vill einhver taka til máls? Gísli Tryggvason.

GT

Ég þakka fyrir góða greinargerð frá formanni nefndarinnar. Eitt fannst mér vanta í því sem við höfum rætt nokkuð, þó það tengist ekki því sem við erum að ræða aðallega þessa dagana – stöðu forseta og þingræðis – þ.e. að færa fjárstjórnarvald til héraða. Það er leið að því markmiði sem Katrín nefndi, að færa aukin völd nær fólki. Fjárstjórnarvald er fjárveitingar- og skattlagningarvald og ég held að þetta sé góð leið til þess að dreifa valdi, sem að mikið er kallað eftir, og til þess að rétta hlut landsbyggðarinnar. Takk.

SN

Katrín.

KF

Já, ég tek undir þetta og við höfum auðvitað rætt mjög margt annað heldur en hlutverk forseta Ísland. Eins og ég sagði áðan, þá er þetta verkefni á láréttu plani en ekki lóðréttu og ég var að reifa kannski það sem hæst ber í augnablikinu. En valldreifingin skiptir mjög miklu máli og þetta sem Gísli minnst á hér með héröðin er ein leið til að færa vald nær almenningi. Í núverandi stjórnarskrá er minnst á fjórðunga, sem mér finnst ansi skemmtilegt orðalag og spurning hvort það mætti endurvekja á einhvern hátt. En með því

að dreifa skattlagningarvaldi eða auka hlutfall tekna framkvæmdarvaldsins í héröðum eða fjórðungum, þá eru ákvarðanir teknar nær almenningi. Ég held að það væri mjög æskilegt og við erum að ræða þetta innan nefndarinnar en erum ekki tilbúin með niðurstöðu ennþá.

SN

Er einhver annar sem vill tjá sig? Já, Lýður.

LÁ

Kæra ráðsfolk og viðstaddir. Ég vil hvetja nefnd B eindregið til þess ræða sem fyrst hvort að framkvæmdarvaldið eigi að vera þjóðkjörið eða þingkjörið. Ég held að það sé alveg lyklatríði til þess að þoka umræðunni áfram. Takk.

SN

Einhver sem vill koma inn í þessa umræðu. Katrín, viltu...

KF

Já, það er að sjálfsgöðu hluti af því sem að við erum að ræða.

SN

Þorvaldur.

ÞG

Já, formaður. Virðulegu ráðsfulltrúar. Mér finnst enn að tvennt eða þrennt vanti inn í þessa tillögu, sem okkur hefur verið sýnd hér öðru sinni. Hið fyrsta er þetta: Það hefur verið stytta ákvæði um sjálfstæði dómara. [viðbrögð í sal]

SN

Nú erum við að ræða starf B-nefndar.

ÞG

Ég bið forláts.

SN

Ómar.

ÓR

Já, formaður. Gott ráðsfolk. Ég ætla bara að taka til baka það sem ég sagði hérna síðast. Ég hafði áhyggjur af því að ef við færum að kafa ofan í það hvort forsetinn ætti að vera oddviti framkvæmdarvaldsins og kosinn þannig beint og ætluðum að bylta miklu í stjórnarskránni, að þá gæti það orðið okkur fjötur um fót og tefja okkar. Ég hef skipt um skoðun. Ég held að við verðum að taka allan slag í öllum málum. Það er spurning um það hvað við verðum fljót að því. Því fljótari sem við erum að taka höfuðslaginn og komast inn á braut sem við viljum þoka áfram sem meirihluti ráðsins og í sátt, að þá held ég að sé ágætt að taka allan slag. Takk.

SN

Katrín Oddsdóttir.

KO

Já, kærur vinur og gestir og þið sem heima sitjið. Það gleður mig að heyra að þið séuð að taka á þessum

stóru spurningum. En nú ætla ég að vera leiðinlega týpan og spyrja: Hvenær haldiði að þið verðið komin með einhvers konar botn í það hvernig þessar breiðu línur verða, bara þannig að við getum farið að leggjast á árarar með ykkur, líka út af því að það skiptir svo miklu máli hvað kemur út úr ykkar nefnd upp á hvernig aðrar nefndir geta strúktúr[er]að sínar tillögur og hversu ítarlega og annað? Er hægt að ímynda sér einhvern tímaramma þar sem að það væri þá búið að svara þessum stóru spurningum hvað varðar hvort framkvæmdarvaldið verður kjörið beint eða ekki og hvernig hlutverk forsetans þá verði? Einhvers konar útlínur er ég bara að biðja um, svona þannig að við getum séð betur fyrir okkur hvernig skepnan lítur út sem við erum að fara að eiga við. Takk.

SN

Erlingur.

ES

Formaður. Góðir félagar. Ég hefði trú á því að þetta gæti orðið í næstu viku. Við vorum á sameiginlegum nefnda fundi í gær og fengum þar að heyra í öðrum nefndum hvernig stefna skyldi. Og ég held að við hljótum að geta tekið ákvörðun á grundvelli þess með stuðningi af því sem við kynntumst þar í gær. Það væri bara innan nefndarinnar afgreitt í næstu viku, býst ég við.

SN

Katrín Fjeldsted.

KF

Já, ég segi bara að okkur er ábyrgð okkar ljós og við áttum okkur á því að t.d. þessi þáttur um hlutverk forseta Íslands er undirstaða fjölmargra annarra atriða sem hinar nefndirnar eru að fjalla um, þannig að við vinnu eins markvisst og örugglega og hratt að þessu en þó með allri gát, þannig að við viljum koma með niðurstöðu sem gæti fengið hljómgrunn.

SN

Andrés.

AM

Kæri formaður og félagar. Gestir. Það er svo erfitt að tala um þetta einangrað, stöðu forsetans. Þetta er alltaf eiginlega hluti af öðrum málum og við erum að ræða ýmsa aðra sem geta tekið yfir hlutverk hans, t.d. að þjóðin geti sjálf knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu í staðinn fyrir að fara í gegnum forsetann. Og að sumu leyti, finnst mér, væri eiginlega auðveldast að enda á stöðu forsetans þegar búið er verið að ræða alla hina möguleikana. Það er þínulítið kannski að byrja á vitlausum enda, finnst mér, að byrja að tala um það. Mig langar í því sambandi að spyrja fundarstjóra hvort að við eigum að ræða þetta frekar sem að Lýður stakk upp á, að við tölum um hvernig eigi að skipa ráðherra, hvort það tengist nógu mikið málefnum dagsins. Gerir það það?

SN

Við erum náttúrulega með svona opnar umræður um skýrslu B-nefndar og, eins og kom fram í máli formanns B-nefndar, þá er allt undir þar í einu. Það

kemur náttúrulega inn á ábyrgð ráðherra og annað. En við getum kannski ekki farið inn í mjög djúpar umræður hér, af því að það liggja ekki fyrir einhverjar konkret tillögur. En það er hins vegar ágætt að heyrja hljóðið aðeins í fólki um kannski hvaða breiðu línur eru í gangi.

AM

Þá langar mig að bæta við semsé að það þyrfti þá helst að koma fram í nefnd B hvernig menn ætla að skera á þessa valdasambjöppun. Af því að það var eitt af gildunum að koma í veg fyrir sambjöppun valds. Formenn flokka og valdamestu menn í flokkunum hafa sest í ráðherrastóla og eru þá gjarnan mjög háðir hagsmunaaðilum samfélagsins, mjög mörgum einstaklingum og samtökum og ekki síst sínum eigin stjórnmalaflokki og eiga því kannski stundum erfitt að hugsa fyrst og fremst um hagsmuni almennings en ekki allra hinna aðilanna sem hafa stutt þá á þeirra löngu pólitísku leið. Fólki finnst einmitt stundum að valdið streymi í vitlausa átt, þ.e.a.s. frá valdafólksins til fólksins en ekki frá fólkinu til valdamanna, semsé að þeir hafi hugsað út einhverjar leiðir, t.d. með þjóðkjöri, hvernig megi skera á þetta samband framkvæmdarvaldsins og flokksræðisins á þingi. Takk fyrir.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson.

VÞ

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég er í þessari nefnd B og þetta eru stórar ákvarðanir sem við erum með fyrir framan okkur um hlutverk forsetans og svo hins vegar hvort eða framkvæmdarvaldið eigi að sitja í skjóli þingsins eða vera kjörin beint. Hins vegar verða menn að nálgast þessar ákvarðanir með vönduðum hætti, vönduðum undirbúningi og velta fyrir sér hvaða markmiðum menn vilja ná og síðan hvort að þessar leiðir ná þeim markmiðum og hversu vel. Það kom einmitt fram í máli formanns nefndarinnar áðan, að það er það sem við höfum svólítið verið að einbeita okkur að til þessa í umræðunni, það er að skilgreina þessi markmið sem við viljum ná og þá m.a. um valdreifingu og að bæta lýðræðið og öryggi og skilvirkni og fleira. Okkur sýnist að það séu ýmsar leiðir færar að þessu markmiði og viljum taka þessar stóru ákvarðanir á grundvelli mats á því. Eitt er alla vega ljóst: Hvort sem menn fara í það að halda sig við þingræðisfyrirkomulagið eða fara í það að kjósa framkvæmdarvaldið beinni kosningu, að þá er það markmið sem við viljum ná að styrkja löggjafarþingið og stefnumótun og eftirlit á þess vegum. Það er eitt af því sem yrði alltaf að gera í stjórnarskránni, hvaða leið sem við svo förum að öðru leyti. En það væri mjög gagnlegt að fá hér fram umræðu um þessi markmið og rök manna fyrir því að tiltekna leiðir séu betri en aðrar að markmiðunum. Takk fyrir.

SN

Pawel Bartoszek.

PB

Já. Kæru vinir. Nefnd B er auðvitað að mörgu leyti vandi á höndum vegna þess að ákvarðanir sem hún tekur mun náttúrulega hafa áhrif á allt annað sem við

gerum. Þess vegna er kannski gott að nýta þennan tíma í það aðeins að í stað þess að reka á eftir nefndinni að við einfaldlega segjum hver okkar skoðun á þessu máli er. Ég verð stutturður. Ég hef nú lengi verið hrifinn af því kerfi þar sem framkvæmdarvaldið er kosið beint, eins og í Bandaríkjunum og að einhverju leyti í Frakklandi líka. Ég held hins vegar að það sé mín skoðun að upp á þetta verk, þá sé kannski farsælla að stefna að þingræði. Sú leið sem stjórnlaganefndin hefur farið, þar sem skerpt er á þessu og hlutverk hinna ólíku þátta ríkisins skýrt, mér líst vel á hana. Mér finnst það ágætis upplagg. Takk fyrir.

SN

Þorkell Helgason.

ÞH

Já, formaður og góðir meðfulltrúar. Það er gagnlegt að fara yfir þessa umræðu og ég tek undir með þeim sem hafa sagt að það er brýnt að fara að komast eitthvað nær niðurstöðu um það hvort við ætlum að stefna að fullum aðskilnaði framkvæmdarvalds og löggjafarvalds, af því að það hefur svo mikil áhrif á ýmislegt annað, t.d. kosningamálin sem við fjöllum um í nefnd C. Ég hef oft í ræðu og riti og manna á meðal tönnlast á því að við verðum alltaf, í öllu sem við gerum í þessum efnunum, að hafa í huga við erum lítið ríki, 300 þúsund sálir rúmlega, og við verðum að aðgæta því að það er ekki alltaf hægt að taka fordæmi frá stærri löndum. Þau minnstu sem við erum að bera okkur saman við eru gjarnan Norðurlöndin, sem eru hvað 20 til 30 sinnum fjölmennari en við hvert þeirra. Til dæmis þetta með fjárstjórnarvald, einhvers konar millistjórnstig, fjórðung eða eitthvað þvíumlikt – höfum við á þessu? Höfum við efni á því að auka við stjórnkerfið og hvað vinnum við við það? Ég held að við verðum... Ég er ekki þar með að andmæla því að það eigi ekki í einhverjum skilningi að færa vald yfir fjármunum hins opinbera nær fólkinu – það gildir alveg eins hérna á höfuðborgarsvæðinu líka. Ég sé margt í þeim efnunum sem væri hægt að færa nær fólkinu. En höfum þetta alltaf í huga: Við erum fá. Þetta reyndar hefur áhrif á mitt val milli þingræðis og sérkjörins eða forsetaræðis, svo við köllum það beint út hvað við erum að hugsa. Ég óttast að það þýði að við séum að tvöfalda stjórnkerfið. Framkvæmdarvaldið sem er kosið beint, það væri með allt stjórnarráðið undir sér og Alþingi, til að eiga í fullu tré við það, mundi koma sér upp kannski ekki jafn stóru en verulegu apparati sérfræðingaliði og fagmanna til þess að eiga í fullu tré við hitt. Ég held við getum náð þeim aðskilnaði sem við kjósum á framkvæmdarvaldi og þingræði og löggjafar innan þingræðisskipulagsins með ýmsu móti og við eigum kannski frekar að hugsa að því hvernig við gerum það. Við getum líka, held ég með betri hætti, höggið á það sem við finnum að þessu svokallaða flokksræði, m.a. og ekki hvað síst með auknu persónukjöri. Læt staðar numið í bili og þakka ykkur fyrir.

SN

Eiríkur Bergmann.

EBE

Kæru félagar, ég fagna þessari umræðu sem hérna er. Ég er í þessari B-nefnd og þakka formanni fyrir yfir-

ferðina yfir umræðuna og líka þakka fyrir þá hvatningu sem hér hefur komið fram um að menn muni takast alvarlega á við þessa brýnustu spurningu, sem ég held að við stöndum frammi fyrir, þ.e.a.s. hvort að framkvæmdarvaldið skuli verið valið af Alþingi, eins og nú er, eða skilið alfarið á milli og kosið beinni kosningu. Þetta er auðvitað lykilatriði upp á allt annað sem fylgir í okkar starfi. Góðu fréttirnar úr starfi nefndarinnar eru að mínu viti þær að við höfum þokað okkur í þá átt að geta stillt upp markmiðum og leiðum að þeim markmiðum að auka vægi Alþingis á ný og skilja betur á milli valdþáttanna, löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, innan beggja þessara meginleiða, þ.e.a.s. áframhaldandi þingræðis, þar sem að þingið velur framkvæmdarvaldið og með kjörinu. En við þurfum að fara að komast að ákvörðun í þeim efnum og það er kannski líka brýnt að fara yfir það hvernig eigi að taka þá ákvörðun. Það gæti komið til greina að mínu viti að nefndin myndi einfaldlega leggja báða valkosti fyrir ráðið og ráðið myndi taka afstöðu til þess hvor meginleiðin yrði farin en þó með það að marki að ná fram þessum meginmarkmiðum, sem er að skilja betur á milli, sem hægt er að byggja í báðum kærnum. Nú, út af því að þetta er mjög mikilvæg ákvörðun, þá held ég að við ættum líka að passa okkur á því að þegar við flytjum þætti inn í áfangaskjalið, þá séu ekki hlutir á þessari stundu sem að trufli þessa meginákvörðunartöku. Ég er t.a.m. með ákveðna athugasemd og tillögu um dómstólakaflann sem ég mun koma að á eftir í þá veru að við reynum að passa okkur á því að þvinga ekki of mikið fram einhverja tiltekna hlið í því máli áður en að umræðan er nægilega þroskuð til þess raunverulega að taka ákvörðunina. Takk fyrir.

SN
Katrín Fjeldsted.

KF
Já. Út af þeim leiðarljósum og gildum, sem ég nefndi hérna áðan, og markmiðunum um lýðræði og valdreifingu, þá er það auðvitað okkar grunnur og við verðum að muna eftir því að kerfi – og það hefur nú umræða um það komið fram og sérstaklega hefur Þórhildur Þorleifsdóttir bent á það – að kerfi breyti ekkert endilega valdi. Ef við erum að tala um flokksræði, þá þurfum við ekkert endilega að ganga út frá því að þær breytingar sem við komum með muni hafa áhrif á flokksræði. Ég held að okkar verkefni sé þá fyrst og fremst að reyna að skýra hvaða ábyrgð fylgir valdi og að reyna að aðgreina sem mest þessa þætti í íslenski stjórnskipan. Að efla sjálfstæði Alþingis, hvort sem ríkisstjórn er valin af þinginu eða valin beint, sem eru þær leiðir kannski að þessu, en ekki bara breyta breytinganna vegna því við verðum jú aðeins að hugsa um hver er útkoman, með hvað sitjum við þegar við höfum lokið okkar vinnu. Og kannski breytir það engu og þá er unnið fyrir gýg. Þannig að ég held að við verðum að fá visst svigrúm til þess að púsla þessu saman því þetta er ekki alveg einföld vinna og við munum, eins og ég sagði áðan, gera okkar besta til að hraða þeirri vinnu. Með því að nefna hér valdreifingu og að færa fjárstjórnarvald og verkefni nær almenningsi, þá höfum við ekki endilega verið að hugsa um það sem eitthvað þriðja stjórnsýslustig. Við höfum ekki verið að ræða um það sem viðbót við það stjórnkerfi sem við erum nú

í, heldur kannski í staðinn fyrir, [en] alls ekki að tvöfalda kerfið á einn eða annan hátt eða að auka kostnað samfélagsins við þessa vinnu. Takk.

SN
Gísli Tryggvason.

GT
Formaður. Góðir félagar. Já, mig langaði aðeins að bregðast við athugasemd Þorkels, sem var alveg réttmæt, að við eigum að sjálfsögðu að hafa í huga að við erum lítið land og þó að við horfum gjarnan til stærri ríkja eins og Þýskalands til fyrirmynda um t.d. mannréttindakafla, þá erum við mjög meðvituð um það í nefnd B að einmitt búa ekki til þriðja stjórnsýslustigið, eins og Katrín nefndi. Við erum einmitt, með því að færa hluta af valdi, t.d. fjárstjórnarvaldi, til héraða – hvort sem við köllum sveitarfélög, sýslur eða fjórðunga jafnvel, eins og Katrín nefndi – þá erum við bara að færa vald en ekki að búa til nýtt vald og ekki að búa til nýtt batterí. Og þetta er þá skilvirkara. Það er aðeins verið að færa vald úr Reykjavík, ef svo má segja, til fólksins og auðvitað líka til héraðsins Reykjavíkur eða höfuðborgarsvæðisins. Þannig að það er ekkert sem getur komið út úr þessu nema stærri, sterkari og burðugri einingar. Takk.

SN
Lýður Árnason.

LÁ
Já. Ég held að við séum öll fremur sammála um það að það er þessi aðgreining valdsins sem að hefur klikkað hjá okkur, þ.e. löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið og dómvaldið. Þarna hefur þjappast saman of mikið vald. Þetta var sett í slembiúrtak sem var kallað þjóðfundur og það kom mjög ákveðin ósk þaðan um valdreifingu. Og ég get ekki séð annað en að við höfum mjög gullið tækifæri, a.m.k. til vandlegar íhugunar og umræðu, að kjósa framkvæmdarvaldið beint, þannig að fólkið fái þannig aðkomu að eigin málum. Og ég vona bara eindregið að þetta stjórnlagaráð taki þessa umræðu upp í alvöru vegna þess að þetta gæti verið einfaldasta og augljósasta tækifærið til þess að koma fólki að eigin málum. Takk.

SN
Þórhildur Þorleifsdóttir.

ÞÞ
Ágætu ráðskonur og -karlar og aðrir gestir. Ágætur maður sem ég þekkti sagði ávinlega, þegar hann fylgdi gestum til dyra, sem lokaorð: „Akið djarflega en þó varlega.“ Þetta er nú eitthvað sem kemur mér í hug núna þegar verið er að ræða störf B-nefndarinnar sem vissulega eru þess eðlis að hún hefur mikil áhrif inn í hinar báðar nefndirnar, sérstaklega þó C-nefndina. Þarna er verið að taka svona grundvallarákvarðanir sem að í rauninni stjórnskipan Íslands mun byggja á eða réttara sagt gera tillögur. Ákvörðunin er auðvitað í höndum ráðsins alls. Þessi ákvörðun er um hvort að þingræði verður niðurstaðan eða meiri aðskilnaður eða hreinni aðskilnaður með beinni kosningu framkvæmdarvaldsins, má ekki takast í flýti. Ég vil bara aðeins hnykkja á að hún verður ekki komin í næstu viku. Sú

umræða má ekki vera umræða um kerfi heldur tilgang. Og af því að Katrín var nú að vitna til orða minna um kerfi... Ég geld varhug við að við höldum að lausn liggja í kerfum og til þess að þeir, sem eru svona sannfærðir um [að] betri skilyrði til lýðræðis og þátttöku og aðskilnaði sé í því að kjósa framkvæmdarvaldið beint, þurfa þá jafnframt að sannfæra mig um það að þau ríki sem hafa þannig stjórnarfar séu sannarlega miklu betri heldur en önnur. Ég hef ekki séð rök sem hafa sannfært mig fyrir því. Við þurfum auðvitað líka að líta til annarra þjóða og, eins og Þorkell nefndi, og þá standa nú nágrannarnir á Norðurlöndum okkur næst. Og þeir hafa nú notað þingræðisleiðina, þannig að ég er ekki að tala gegn henni endanlega þó ég sé vissulega höll undir það en ekki beina kosningu framkvæmdarvaldsins. En ég bara áréttá að þessi umræða verður að fá að taka þann tíma sem hún tekur. Hún má ekki vera yfirborðsleg og kerfislæg. Hún verður að vera af djúpri, hugmyndafræðilegri dýpt, sem á síðan að liggja til grundvallar ákvörðuninni, og ekki að láta ýta okkur út í fljótar ákvarðanir í þeim efnum og minni bara aftur á nokkuð digurbarkaleg orð Illuga hér um daginn að það tæki ekki nema tvo daga að skrifa stjórnarskrána. Ég er nú ekki alveg viss um að hann gæti staðið við það, þ.e.a.s. að útfæra efnið svona á skiljanlegt mál og gott að lokum. En við verðum að horfa á þar sem við erum stödd en ekki á endapunktinn. Það er nefnilega eins og zen-búddistarnir segja: Það er hvernig þú miðar örinni en það er ekki markmið, það er hvernig þú miðar sem skiptir máli og við ættum að hafa það í huga. (Óskaplega er ég orðin spakleg, ég er farin að vitnað hér í zen-búddista)

En varðandi þetta með valddreifingu – við höfum öll, held ég, að... grundvallarhugmyndokkar allra er valddreifing, er að vald fari nær fólkinu, er að aðskilnaðurinn sé mjög klár og kvittur, að styrkja lög-gjafarþingið og við erum að ræða margar leiðir til þess og ég held ekki að það geti nokkuð maður haldið því fram að það sé búið að finna upp eina leið í veröldinni sem sé sannarlega betri en allar aðrar. Bara varðandi valddreifingarþáttinn sem að Þorkell var að tala um og fjárstjórnarvaldið hans Gísla, þá má nú geta þess í leiðinni að við höfum rætt það, að ef að til einhvers svona kæmi, þá væri auðvitað forsenda að fækka sveitarfélögum til muna. En þá þyrftum við kannski að sama skapi að hugsa einhverja slíka valddreifingu á höfuðborgarsvæðinu líka. Það er ekki nóg að dreifa valdi bara til fólksins úti á landsbyggðinni. Það verður þá huga að því sama í Reykjavík. Takk fyrir.

SN
Örn Bárður Jónsson er næstur.

ÖBJ
Formaður og góð systkin nær og fjær. Ég vil þakka B-nefndinni fyrir að kynna okkur þann vanda sem þau eru í og þakka líka fyrir varfærni þeirra. Ég held nú samt að nefndin þurfi sem allra fyrir að ákveða og byrja að spinna einhvern þráð og sjá hvert það leiðir og taka ákvörðun. Síðan er það okkar í samvinnu hinna nefndanna með B-nefndinni að koma inn í þann spuna og sjá hvert það leiðir. Ég vil nú benda á og halda á lofti okkar þingræðishefð og löngu sögu þingsins. Við eigum elsta starfandi þjóðþing veraldar og vandi okkar er ekki fólgin í því að endilega strúktúrinn eða kerfið

hafi verið rangt heldur er það hegðun innan kerfisins. Og það má kannski, ef ég nota líkingu: Við búum flest í góðum húsum í dag og þau skýla okkur fyrir regni, vindum og kulda. Áður fyrr, þá bjó þjóðin ekki þannig. Það var í gisnum húsum, það blés inn um allt og kannski hefur stjórnaritari okkar verið nokkuð gisið. Ég vil nú ekki líkja því við svona rimla-harfiskhjall, eins og algengir voru í mínu æskuumdæmi, heldur við torfbæina gömlu. Við þurfum að þetta skilrúmin og tryggja að það séu mörk á milli valdþáttanna og efla þau skilrúm. Ég tek undir með þeim sem hafa svona galdið varhug við ofurtrú á kerfisbreytingar: strúktúr-breytingar eru ekki alltaf lausnir. Ef það er ófriður í skóla og ill hegðun, þá lagast það ekki endilega við það að skipta um skólahúsnæði, heldur að taka á hegðuninni og framkomunni og vinna sig í gegnum það. Þannig að ég er frekar íhaldssamur í þessu máli, í það minnsta á þessu stigi, og legg til að við skoðum betur að þetta skilrúm frekar en að breyta um strúktúr. Takk fyrir.

SN
Ómar Ragnarsson

ÓR
Formaður. Gott ráðsfolk. Ég vil taka undir það sem Þórhildur og Örn Bárður hafa verið að segja. Við nefnilega getum búið á þessu landi við það sem kallað er – og Sigurður Línal hefur nefnt – það er kjörin harðstjórn. Af hverju kemst slík harðstjórn á? Það er vegna þess að hugarfarið kemur í lokin orðið neðan frá þegar valdið hefur þjappast svo mikið saman að því hefur tekist að hræða þegnana til þessa hugarástands sem leiðir af sér kjörna harðstjórn. Lýður og Pétur Gunnlaugsson hafa hér talað fyrir kerfi sem ég hef verið skotinn í og fleiri hér, að kjósa framkvæmdarvaldið og ég ætla – af því ég sagði áðan að ég væri búinn að skipta um skoðun frá því síðast – þá vil ég bara taka þennan slag og ræða þetta í botn, djúpa og hugmyndafræðilega umræðu, eins og Þórhildur var að tala um. En ég held að í okkar litla landi, þá getum við lent í sömu ógöngum ef við ætlum að vera með kjörna harðstjórn flokksræðis sem ræður framkvæmdarvaldinu og hallast því frekar enn, þangað til ég sé eitthvað betra, að norrænu lausninni, sem byggir þrátt fyrir allt á þingræðinu, þegar upp er staðið, en meiri valddreifingu og aðhaldi á milli valdþátta. Takk fyrir.

SN
Katrín Oddsdóttir.

KO
Já, kærur vinir. Mig langar bara til þess að taka sérstaklega fram að ég er mjög glöð að við séum að tala um hugmyndafræðilega dýpt. Það er náttúrulega, held ég, líka til þess sem þessir fundir hér eru, til þess að við reynum að skiptast á þessum stóru, breiðu, mikilvægu undirliggjandi spurningum frekar en útfærsluatriði, af því að við getum unnið þau frekar í nefndinni. Þá langar mig til að nefna eitt, af því við erum svo gjörn á að tala um valddreifingu og þá tölum við um þrikskiptingu gjarnan og meinum þá lögjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald: En hvað með auðvald? Ætlum við að taka á því í stjórnarskránni að auðvaldið sé með öll þau völd sem það nú þegar er með eða

ætlum við að fara bara eftir þessari venjulegu upp-
skrift, sem reyndar er orðin dálítið gömul, þar sem það
var ríkisvaldið sem var vanalega sá kúgaði þegnana.
Mig langar til þess að við séum meðvituð um það að
þetta sé eitthvað sem við skoðum í okkar vinnu. Ég er
ekki að biðja um einhverja grein sem að tætir í sig ein-
hverjar ákveðnar hugmyndafræðilegar leiðir, heldur
er ég að biðja um að í okkar vinnu, þá séum við með-
vituð um þann raunveruleika sem við lifum við. Og
það er það að með auðvaldi, þá hafi þjappast vald á
ótrúlegustu staði og við erum kannski ekkert hæf til
þess að tækla þetta vandamál bara í gegnum það að
vera að hugsa um ríkisvald og löggjafarvald og dóms-
vald og framkvæmdarvald. Kannski þurfum við aðeins
að breikka fókussinn okkar einmitt út af því, eins og
Þórhildur segir, að það er hvernig þú miðar örinni. Það
er hvernig þú miðar örinni. Og ef við erum bara með
örina okkar og þessa þriggreiningu, sem er svolítið yes-
terday's news að mörgu leyti, og skoðum ekki hvernig
auðvaldið hefur náð að sölsa undir sig miklum völdum
og áhrifum bæði inni í Alþingi, inn í fjölmiðlana og þar
með fólkið, þá erum kannski svolítið að missa marks.
Þannig að ég væri mjög stolt af okkur ef við gætum
tekið þetta inn í okkar umræðu og ég kalla eftir því hér
með.

Svo langar mig, bara þessu til stuðnings, að segja
ykkur frá því sem ég var að lesa áðan í grein eftir Guð-
mund Alfredsson. Þetta er ágætis grein sem er inni í
gagnasafninu okkar og ágætt að almenningur viti að
það er frábært gagnasafn inni á stjórnlagabúningum
þar sem allir geta lesið fullt af greinum um mannrétt-
indi og alls konar skemmtilegt. Hvet alla til að skoða
það. En hann segir í upphafsorðum sínum að ríkið
er til fyrir þjóðina en ekki þjóðin fyrir ríkið. Og þetta
verðum við að muna. Og ég spyr: Hvernig getur ríkið
verið okkar tækifæri eða tól til þess að vernda almenn-
ing fyrir þessu ofvaldi auðvaldsins. Þannig getum við
hugsað þetta. Þá getum við ennþá bundið okkur við
þessa ríkispælingu en gleymum því ekki hvar valdið
liggur falið líka. Takk.

SN
Gísli Tryggvason.

GT
Já, formaður. Góðir félagar. Ég vil þakka Katrínu
Oddsdóttur fyrir mjög góða ábendingu núna síðast.
Ég, að vísu, hef litið svo á að þetta eigi heima kannski
frekar í mannréttindakaflanum en það er álitafni
hvort þetta á að vera í valdþáttakaflanum hjá B-nefnd
en þetta tengist semsagt því sem ég hef nefnt á opnum
fundum nefndar A um mannréttindi að það eigi ekki
bara, eins og sígilt er, að huga að mannréttindum sem
tengslum milli borgaranna og ríkisins, þ.e.a.s. beisla
vald ríkisins til þess að vernda borgarana eða kveða á
um jákvæðar skyldur ríkisins fyrir borgarana, heldur
þá líka svonefndum láréttum áhrifum eða þriðja
manns áhrifum mannréttinda, þannig að fjallað sé um
þá sterku aðila sem að fyrirtæki, lögaðilar, samsteypur
er og þar hef ég nefnt nýlegar tölur um að af hundrað
stærstu efnahagsheildum heimsins séu 51 eða meiri-
hlutinn lögaðilar en ekki ríki. Þannig að kongurinn
er ekki kannski versta ógn borgaranna lengur heldur
óbeislaðir lögaðilar af ýmsu tagi. Takk.

SN
Lýður Árnason er næstur á mælendaskrá.

LÁ
Já, mig langaði líka að taka undir það sem Katrín
Oddsdóttir var að segja varðandi auðvaldið og ég
held að besta viðspyrnan eða viðnámið gegn slíku sé
aukin aðkoma fólks. Það er erfiðara fyrir slíka aðila
að standa gegn heilli þjóð heldur en einhverju kerfi
sem er kannski frekar þröngsetið. Þannig að ég ítreka
það endilega að við ættum að huga að valddreifingu
og aukinni aðkomu þjóðarinnar að eigin málum, ekki
síst út af þessu „fjórða valdi“, sem við getum kallað
auðvald. Takk.

SN
Örn Bárður Jónsson.

ÖBJ
Formaður. Góð systkin. Ég held að þessi samlíking,
að tala um bogann og markmið, sé góð. Þó held að við
megum ekki gleyma markinu því verðum að vita hvert
við ætlum að stefna. Og ég held að það væri til gagns
fyrir okkur öll, eins og t.d. Ari hefur ítrekað bent á,
varaformaður okkar, að huga að markmiðum. Hvert er
markmiðið með ritun nýrrar stjórnarskrár? Við getum
auðvitað sett mörg hugtök upp á þá töflu. Ég nefni
hugtök eins og heill, hamingja, velferð. Minni á það,
eins og ég hef gert í nefndinni minni, að bandaríska
stjórnarskráin, hún nefnir sérstaklega hamingjusókn,
það að fólk sé frjálst að leita hamingjunnar. Og í því
sambandi, þá er spurning: Getum við náð fram hinum
góðu markmiðum með því að bæta þann strúktúr sem
við höfum? Og minni þá aftur á umræðuna um að
strúktúrbreytingar eru ekki alltaf lausnir. En svona
bara til gamans, þó ég taki ekkert mark á stjórnumspeki,
þá er ég bogmaður.

SN
Er einhver annar sem vill taka til máls áður en for-
maður nefndarinnar kemur hérna aftur? Pétur.

PG
Formaður. Ágætu félagar. Sú hugmynd að gefa al-
menningi kost á að kjósa beint framkvæmdarvaldið
felur ekki í sér, að mínu mati, neina róttæka breytingu.
Mér finnst að ráðsmenn hafi gert alltof mikið úr því.
Þetta snýst um það að breyta kerfinu þannig, að al-
menningur kys framkvæmdarvaldið en ekki þing-
flokkarnir á Alþingi. Það er breytingin. Því er haldið
einnig fram að þetta muni verða dýrara kerfi. Ég held
ekki. Það eru engin rök sem hafa verið færð fyrir því
endilega að það þurfi að hafa tvöfalt kerfi. Þetta er
þessi breyting sem við þurfum. Og hvers vegna þurfum
við að ná fram þessa breytingu? Höfuðástæðan er auð-
vitað sú að hægt sé að draga þessa menn til ábyrgðar.
Og ég vísa enn og aftur, eins og ég hef gert á fundum, í
Rannsóknaskýrslu Alþingis, þar sem að framkvæmdar-
valdið á Íslandi er harðlega gagnrýnt. Og ég held að
almenningur vilji ná fram breytingu sem felur í sér að
hægt sé að draga þessa valdamenn til ábyrgðar. Það er
ekki hægt. Ég er að tala um pólitíska ábyrgð. En það
er engin önnur ábyrgð virk í raun og veru. Þannig að
ef við förum þessa leið, sem er ekki mjög flókin – ég er
ekki sammála því að þetta sé mjög flókin leið... Hins

vegar gæti hún falið í sér ákveðið... Sko, það er hægt að flækja málið ef við drögum forsetann inn í þetta. Við getum alveg hugsað okkur að kjósa forsætisráðherra og hafa síðan forseta sem þjóðhöfðingja en við getum líka kosið forsetann beint og haft hann sem pólitískan forseta. En það sem ég er að leita eftir er þetta: Ef við höfum þetta gamla kerfi, þingræðiskerfið, hvernig verður hægt að draga framkvæmdarvaldið til ábyrgðar? Það hefur ekki verið gert. Og ég fer fram á það að þeir sem vilja halda þingræðiskerfinu færi rök fyrir því hvernig hægt verður að draga til ábyrgðar framkvæmdarvaldið í framtíðinni. Og ég held að þjóðin bíði eftir því svári frá þessu stjórnlagaráði. Hvernig er það, getur þetta óbreytt leitt til þess að hægt sé að draga þá til ábyrgðar? Takk fyrir.

SN
Andrés Magnússon.

AM
Formaður, kæru félagar og gestir. Höfuðvandamálið er semsé alltaf valddreifing og hvernig við getum aðgreint þrískiptingu valdsins, gert þar þessa aðgreiningu. Það er engin aðgreining að ráðherrar víki af þingi, það breytir nánast engu. Það er ennþá þá flokksræði, oddvitaræði og hinn sterki maður í hinum sterka flokki ræður fólkinu en ekki öfugt. Mig langar bara að halda á lofti því sem Lýðræðisfélaginu Öldunni er mjög umhugað um en það er líka hægt að leysa þessi mál með slembiúrtaki, þ.e. að það sé hægt að kjósa eða það er líka til og sú aðferð sem Grikkir notuðu var fyrst og fremst slembiúrtak og við eigum ekki að gleyma því í umræðunni. Það er líka hægt að hafa faglega ráðherra en ég held að það sé betra að hafa ráðherra sem eru kosnir, sem vilja gjarnan tala við sitt fólk og hafa áhuga á því að koma fram í fjölmiðlum o.s.frv. Það er verið að tala um kerfið í Bandaríkjunum. Eins og það er skrifað í stjórnarskránni er það raunverulega mjög gott en hinn sterki maður í forsetastóli hefur alltaf verið að sveigja það svona meira í sínar hendur. Þannig að, eins og ég hef hugsað það, þá liggur valdið miklu meira hjá þinginu á Íslandi, frumkvæðið liggur þar og vald til þess að leggja fram frumvörp o.s.frv. Mig langar síðan að lokum að taka undir hjá Katrínu og Gísla varðandi þessa hugmynd um að við munum tryggja valddreifingu í samfélaginu með því að skerpa á þrískiptingu ríkisvaldisins er 200 ára gömul. Þetta er líkt og þegar Íslendingar hlutu sjálfstæði fyrir Dani, þá er talað um það í sögubókum að þar með var engin yfirstétt í landinu og ekkert vald. En að sjálfsögðu spratt upp ný innlend valdastétt. Og það er sama þegar alltaf er búið að vera að minnka hlut ríkisins í samfélaginu, þá er komið vald annars staðar. Við verðum að sjálfsögðu, ef það vald er a.m.k. jafn sterkt eins og vald ríkisins, að þá verðum við að tala um dreifingu á því valdi. Takk fyrir.

SN
Er einhver annar sem vill taka til máls áður en formaður lýkur þessari umræðu um störf nefndar B? Pawel, gjörðu svo vel.

P B
Já. Mér líður nú hálf undarlega, eins og að ræða hérna um auðvaldið. Mér finnst ég nú ekki vera staddur

á þessari öld, sem ég er á. Ég hélt nú satt að segja að þessi umræða tilheyrði einhverri annarri. En gott og vel. Ástæðan fyrir því að stjórnarskráin setur reglur á hendur ríkisvaldi en ekki á hendur einhverjum öðrum aðilum aðallega er að það vald sem skv. stjórnarskrá er falið til að fangelsa fólk og taka af því eignir o.s.frv. er vald ríkisins. Við getum á hverju augnabliki sett reglur um það hvernig eigi að haga sér gagnvart einhverju öðru fólki og ríkisvaldið hefur nú verið ansi duglegt við að gera það. Þannig að þetta er nú hugmyndafræðin, að það þarf ekki að leggja til ákvæði um það hvernig einkaaðilar eigi endilega að haga [sér] sín á milli inn í stjórnarskrá. Ég veit ekki hvort þessi hugmynd um það að ríkisvaldið sé alltaf að minnka sé eitthvað sem standist vísindalega skoðun. Ég held, satt að segja, ekki. En við skulum bara geyma þá umræðu í bili. Takk fyrir.

S N
Þá er orðið laust nema að mælendaskráin sé tæmd. En ég held að þetta séu mjög góðar umræður, sem við erum búin að eiga hér um störf B-nefndar og mikilvægt að sjónarmið breiðs hóps komist til nefndarinnar á þessu stigi málsins. Guðmundur.

G G
Já, ágætu ráðsliðar og gestir. Við höfum nú upplifað það undanfarna áratugi hvernig slakt þingræði hefur í raun og veru látið undan ráðherraræði og við hljótum svo sem að velta fyrir okkur hvort sé afleiðing eða orsök þegar að við skoðum það og hvernig við tökum á þeim málum. Þá erum við að spila það inn í vangaveltur um hvernig og hvort við kjósum framkvæmdarvaldið í auknum mæli eða ekki. Og það spilar þá náttúrulega inn í forsetann og hvernig hann er valinn og ég tek nú undir það sem hefur komið hérna: Við verðum í raun og veru, áður en við komumst lengra í þessari ákvarðanatöku inni í nefndunum, þá verðum við að byrja þarna og taka þessa ákvörðun. Eins og ég segi, það hefur ríkt hér ráðherraræði sem hefur í raun og veru tekið til sín í krafti flokksræðis eða sterkra tilskipana frá leiðtogum flokkanna um háttarni og skoðanir sem hefur síðan leitt til þess að þingræði hefur slaknað vegna þess að alþingismenn hafa í raun og veru upplifað sitt fullkomna tilgangssleysi að sitja á þingi vegna þess að þeir hafa í raun og veru talað við sjálfa sig á þinginu án þess að það hafi nokkuð verið farið eftir því af ráðherrum. Takk.

S N
Þorkell Helgason.

P H
Já. Við erum að hefja hérna mikilvæga umræðu, góðir félagar og formaður, um þingræðið og forsetaræðið og ég held að það sé í rauninni ekki nóg að þessi stóru mál séu í aðskildum nefndum, jafnvel þó að það sé haldinn opinn nefndafundur einu sinni í viku, þar sem við hin getum hlustað á. Ég held að það eigi að stefna að því – og þetta er eiginlega dagskráartillaga – að það verði haldinn almennur ráðsfundur um mjög afmarkað stórt mál. Og þá finnst mér bara mikilvægast að byrja á þessu með forsetaræði öndvert við þingræði. Þéur er búinn að kasta fram hérna ágætum spurningum til okkar sem aðhyllumst þingræðisSKIPulagið, sem þyrfti þá að svara. Ég held að það besta sem nefnd B gæti gert í þessu máli er að kasta upp markmiðum, kasta upp spurningum

með og á móti og svo tókum við bara umræðu öll saman um þetta og þess vegna held ég að það myndi teygja sig yfir meira en einn fund, tvo fundi einhvern tímann. Það yrðu þá trúlega að verða einhverjir aukafundir. Takk fyrir.

SN

Þetta er góð tillaga. Ég held að stjórnin ætti einmitt kannski að taka þetta til athugunar í skipulagi næstu daga í samráði við B-nefndina, hvernig við getum fengið þessa breiðu umræðu og sjónarmið og tekið einmitt á þessum stóru spurningum þannig að við dýpkum þessa umræðu enn frekar. Illugi Jökulsson.

IJ

Já, mig langaði sérstaklega að lýsa ánægju minni með orð sessunautar míns hér áðan, hennar Katrínar Oddsdóttur, um að við þurfum að athuga ekki bara hvernig við hanterum ríkisvaldið, heldur líka blessað auðvaldið. Það er nefnilega svo, þó Pawel kannist ekki við það, að auðvaldið er til. Á sínum tíma var því haldið fram að mesta afrek djöfulsins hefði verið að telja fólki trú um að hann væri ekki til og nú er kannski auðvaldið búið að telja fólki trú um að það sé ekki til. En það er til og við þurfum að taka afstöðu til þess. Takk.

SN

Gísli Tryggvason.

GT

Já, formaður. Góðir félagar. Ég vildi aðeins taka undir dagskrártillögu Þorkels um að þetta verðskuldi, þessi umræða um þingræði eða forsetaræði, til þess að við komumst áfram, verðskuldi sérstakan fund í ráðinu, hvort sem það er reglulegur fundur eða aukafundur, og er feginn að formaður hefur þegar tekið undir það. Takk.

SN

Nú, þá er mælendaskrá tæmd og ég held að það sé líka hér góður tími til að stoppa og gefa formanni nefndarinnar orðið til að ljúka þessari umræðu. Gjörðu svo vel, Katrín.

KF

Já, ég þakka fyrir umræðuna því að hún er mjög gagnleg og það er alveg rétt ábending að þátttaka annarra í stjórnlagaráði er kærkomin inn í þessa umræðu og getur ábyggilega skilað okkur betur fram á veginn. Við erum jú með stjórnarskrá sem er svona grunnur eða rammi að því þjóðfélagi sem við búum í og síðan eru samdar leikreglur í lögum. En við breytum kannski ekki hegðun og túlkun með því að breyta um kerfi. Þannig að varfærni er auðvitað mjög mikilvæg. Og ég tel að það að vera djörf en varfærin sé góð lýsing á því starfi sem að B-nefndin er að vinna. Mig langar bara að segja, með að spinna þennan þráð sem Örn Bárður sagði að þyrfti að gera: Það er akkurat það sem við erum að gera en það má ekki kalla á það að flíkin sé tilbúin í næstu viku. Hún verður það ekki. Úr þeli skal þráð spinna og við erum að gera það og við erum að sjálfsögðu mjög þakklát fyrir sameiginlega fundi um þetta meginmál. Takk fyrir umræðuna. Ég ætla líka að segja: Allt vald á að koma frá þjóðinni en þjóðin hefur ekki upplifað eða túlkað það þannig að valdið komi frá

henni. Þannig að sá útgangspunktur í valddreifingunni verður að vera alveg skýr.

SN

Takk fyrir, Katrín, og þakka ykkur öllum fyrir góðar umræður um störf B-nefndar. Við munum halda þessari umræðu áfram vonandi tiltölulega fljótt.

3. Skýrsla og tillögur C-nefndar

SN

En þá er komið að nefnd C og skýrslu frá henni. Og það er Pawel Bartoszek, formaður nefndarinnar, sem ætlar að gera grein fyrir tillögum frá nefndinni. Þær eru tvær og hann gerir grein fyrir tillögum núna en síðan tókum við umræðu um hvora tillöguna fyrir sig. Gjörðu svo vel, Pawel.

PB

Já. Kæru vinir, bæði þið sem eruð hér, gestir í salnum, og þið sem heima sitjið. Ég legg nú fram kafla um dómsmál til samþykktar í áfangaskjalið annars vegar og hins vegar nýjan kafla um Lögréttu til kynningar. En kaflinn um dómsmál var lagður fyrir á seinasta fimmtudag og ég mun fara yfir þær athugasemdir sem gerðar voru og þær breytingar sem gerðar voru á skjalinu síðan þá í þeirri röð sem þær koma fyrir í tillögunni á blaðinu, þ.e.a.s. Nú fyrst aðeins að röðinni sjálfri, þ.e.a.s. röð greina, en það komu fram athugasemdir um hana á seinasta ráðsfunði, sömuleiðis inni í nefnd. Nefndin taldi hins vegar tíma sínum ekki endilega best varið í það að raða greinum upp á nýtt, enda eru það efnisatriðin sem skipta máli en ekki uppröðun. En ég veit hins vegar að fólk hefur gert tillögur að nýrri uppröðun þessa kafla og ég er því fólki þakklátur og við tókum það einfaldlega fyrir í nefndinni og leggjum það fram til samþykktar næst ef að um það næst samstaðan. Þessi röð er samt okkur í nefndinni ekkert sérstaklega heilög. Ég skil að einhverju leyti hugmyndafræðina á bak við hana sem kom fram hjá stjórnlaganefnd en það er ekki aðalatriðið. Nú, ég fer þá yfir tillöguna. Fyrst ber að nefna að kaflaheitið er nú dómstólar, eins og það er í tillögu stjórnlaganefndar en ekki Dómsvald og það hefur verið breytt annars staðar í kaflanum líka, þ.e.a.s. nú er minnst á dómvaldið fremst í stjórnarskránni og síðan sagt að það séu dómstólar sem fara með dómvaldið; að öðru leyti er ekki fjallað um dómvaldið á sama hátt og kaflinn um Alþingi heitir hjá okkar Alþingi en ekki Löggjafarvald. Þetta er til þess að gæta þess samræmis m.a.

Fyrsta grein, sem heitir D1 núna, hún fjallar um skipan dómstóla og þar segir að „Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum.“ Þetta er óbreytt frá seinasta fundi. Greinin veitir löggjafanum töluvert svigrúm til þess að ákveða hvernig skipan dómstóla skuli hagað. Hér bærust athugasemdir inn á vef ráðsins og annars staðar, einnig í nefnd, um það að hugsanlega væri gott að binda fjölda hæstaréttardóma[ra] hið minnsta í stjórnarskrá, svo þeir nytu þeirrar verndar að stjórnvöld gætu ekki fjölgað hæstaréttardómurum auðveldlega til þess að breyta valdahlutföllum í ráðinu t.d. Sá vandi var okkur þar á höndum, að það er nú þegar búið að fjölga þeim í 12 til að byrja með, þannig að ef við ættum að stjórnarskrárbinda einhverja reglu sem myndi ekki hafa áhrif

á núverandi fyrirkomulag mála, þá þyrfti hún að vera 12 í það minnsta, sem okkur þótti, satt að segja, há tala og hvaða tala sem að nefnd væri myndi að einhverju leyti tryggja að upp í hana væri alltaf farið. Við bendum á að tillaga nefndar að einhverju leyti girðir fyrir þessa hættu með því að það er gert ráð fyrir með miklu skýrari hætti hvernig skipa skuli í stöður dómara, þannig að jafnvel þó svo að stjórnvöld ákveði einhvern tímann að fjölga dómurum um þrjá, þá þarf engu að síður að skipa þá með þeim hætti sem minnst er á í gr. D5, þ.e.a.s. það þarf hæfnisnefnd að fara yfir o.s.frv. Þannig að það er ekki jafn mikil hættu á þessu gerræðislega valdi annað hvort forseta eða ráðherra til þess að breyta valdahlutföllum í ráðinu.

Gr. 2 er óbreytt frá því seinast. Þar segir að „Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum.“ og síðan er grein sem segir að „Dómstólar mega hvorki sinna störfum sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyrja undir aðra valdþætti ríkisins né má fela þeim slíkt með lögum.“ Og þetta er óbreytt frá því fyrir viku síðan. Hér skal ítrekað að með „sjálfstæði dómstóla“ er bæði átt við fjárhagslegt og stjórnlegt sjálfstæði og svo sjálfstæði að öðru leyti.

Grein D3 fjalla um lögsögu dómstóla. Þar eru þrjár greinar sem taka á því sem dómstólar gera. Fyrsta er óbreytt frá seinustu viku. Þar segir að „Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og um sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög við henni.“ Það er okkar niðurstaða að þessi grein komi ekki í veg fyrir að menn geti lokið málum með lögreglusátt. Við skoðuðum þetta með lögfræðingi nefndarinnar.

Næsta grein er breytt frá seinustu viku. Nú segir hún: „Dómstólar skera úr um hvort lög standist stjórnarskrá að því marki sem á það reynir í dómsmáli.“ Þar áður var orðalagið „stjórnskipulegt gildi laga“ notað í staðinn fyrir „stjórnarskrá“. Með því er ekki með neinu móti verið að taka fyrir að dómstólar geti úrskurðað um slíkt en hér er okkar skilningur í nefndinni að stjórnarskráin nái einnig yfir það sem áður var nefnt. Stjórnlaganefndin sjálf notar orðalagið „stjórnarskrá“ um aðrar réttarheimildir en hina eiginlegu skrifuðu stjórnarskrá. Þar með gerum við það í nefnd C einnig. Þetta orðalag er auðvitað miklu skýrara gagnvart almenningi en þetta er auðvitað hlutur sem við þurfum engu að síður að ganga algjörlega úr skugga um að... við séum ekki að taka möguleika einhvers á að sækja mál fyrir dómstólum á þeim grundvelli að eitthvað sé einungis stjórnskipunarlög en ekki stjórnarskrá.

Þriðja málsgrein þessarar greinar segir að „Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í brád með því að bera lögmati hennar undir dóm.“ Hér komu fram góðar athugasemdir um seinustu málsgrein þessarar efnisgreinar. Um þetta „Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í brád...“. Lögmaður nefndarinnar eða ritarinnar nefndarinnar skoðaði þetta sérstaklega og þessi grein er efnislega eiginlega óbreytt frá... Þetta er í dag efnislega sama og 2. málslíður 60. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem er tekið fram að framkvæmd stjórnvaldsákvörðunar frestist ekki þó hún sé borin fram undir dómstóla. Greinin er semsagt óbreytt þannig séð frá 1874 og fyrirmynd hennar ennþá eldri: Hún er frá dönsku stjórnarskránni 1849. Og það er mikilvægt að hafa í huga að skv. 1.

mgr. 70. gr., sem sagt í mannréttindaákvæðunum, þá er öllum tryggður réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli, þannig að þetta er líka túlkað sem réttur til þess að bera ákvarðanir undir dómstóla. Nú, í stjórnarsýslulögum, þá er gefin sú meginregla að stjórnarsýslukæra fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar en æðra stjórnvaldi er heimilt að fresta réttaráhrifum ef þetta æðra stjórnvald telur að hún, sem sagt miðað við dómaframkvæmd, ef hún hefur íþyngjandi áhrif á þann sem ákvörðunin bitnar á. Nú, þá má breyta þessu, þá má mæla fyrir með lögum að þetta verði á annan veg. Það er ekki þannig að það sé engin samúð með þeim sjónarmiðum að þetta er ákvæði sem veiti auðvitað ríkisvaldinu að einhverju leyti talsvert vald og það var um það rætt hvort það ætti að festa þessa íþyngjandi reglu inn í stjórnarskrá. Hins vegar virðist okkur, alla vega í fljótu bragði, að hér sé ákveðinn mikill grunnur að íslenskri stjórnarsýslu eins og hún er í dag og það er því ekki tillaga nefndar að þessu verði breytt nema að mjög vel athuguðu máli. En aðtillaga okkar er að þetta standi sem sagt óbreytt.

Næst er þá grein D4 um Hæstarétt Íslands og þar er breyting frá því sem lagt var fyrir. Fyrsta mgr. er óbreytt. Þar segir að „Hæstiréttur Íslands [sé] æðsti dómstóll ríkisins og [að] hann [hafi] endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla.“ Síðan var þarna áður opnara ákvæði um að það sér dómstólar á eigin dómsstigi gætu verið undanþegnir þessu með lögum. Þetta átti f.o.f. við um félagsdóm og það var vilji í nefndinni, héldum við óbreyttu fyrirkomulagi um félagsdóm, að skerpa á þessu ákvæði. Ákvæðið hljóma nú svo: „Ákveða má með lögum að sérstakur dómstóll skuli leysa endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmati vinnustöðvanna, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til dómstóla.“ Þetta er sem sagt núverandi fyrirkomulag varðandi félagsdóm og þetta tryggir sem sagt það að það verði ekki búin til fleiri sér dómstólar [þar] sem ekki er hægt að skjóta málum til Hæstaréttar og að lögsaga þessa dómstóls verði ekki aukin án stjórnarskrárbreytingar.

Verði ákvörðun um að halda í landsdóm, þá þarf að taka líka afstöðu til þess hvort að úrskurðum... dóm[um] hans megi skjóta til Hæstaréttar. Verði niðurstaðan að gera það ekki, þá þarf náttúrulega væntanlega undantekningu hér sömuleiðis. Þarna var líka rætt um gerðardóma, hvort að þetta ákvæði megi lesa svo að það að einhverju leyti girði fyrir að menn stofni gerðardóma og láti þá leysa endanlega úr sínum ágreiningsmálum. Það er niðurstaða, að fengnu álit, að gerðardómar séu ekki dómstólar í skilningi stjórnarskrárinnar. Ef svo væri, þá þyrfti líka að láta gilda um þá reglur varðandi skipun... að það gildi, gerðardómar eru sem sagt... Það segir í greininni að Hæstiréttur hafi „endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla“ og gerðardómar, sem eru sammingsbundnir gerðardómar milli tveggja aðila sem hafa lögsögu í tilteknum málum, flokkast þá ekki endilega undir það.

Þá er það grein D5 sem er auðvitað eitt af því vakti kannski hvað mesta athygli bæði okkar og fjölmiðla og þar er fjallað um skipan dómara. Fyrstu tvear málsgreinarnar eru óbreyttar frá því síðast, að mestu – já, þær eru það. Þar er fjallað um að dómara séu þeir sem

annars vegar skuli skipaðir ótímabundið í embætti og svo tímabundið.

Efnisgrein 2 segir að „Forseti Íslands skip[i] dómara eða set[ji] þá í embætti og veiti þeim lausn án tillögu ráðherra.“ Og síðan er sagt að það skuli tryggt að það séu eiginlega „hæfni og málefnaleg sjónarmið [sem] ráði við veitingu embætta dómara. Lögskipuð nefnd [skuli] meta hæfi umsækjenda.“ Og kjósi forseti að velja „í embætti dómara [einhvern] þeirra sem nefndin telur hæfasta“ þá sé sú ákvörðun „háð samþykki Alþingis“. Hér spunnust í nefndinni, á opnum fundi, umræður um hvort að þetta girti að einhverju leyti fyrir að menn gætu tryggt fjölbreytni við val á dómara. Það er óháð því hvaða skoðun menn hafa á því, þá er það skilningur okkar í nefndinni að hugtak „málefnaleg sjónarmið“ nái yfir það, ef menn vilja t.d. tryggja ákveðin kynjahlutföll í stöðum dómara, sem sagt í Hæstarétti eða héraðsdómi. Þannig að það er ekki einungis hæfni, heldur líka annað sem löggjafinn getur talið sem málefnalegt sjónarmið.

Nú, síðan er það seinasta málsgrein þessarar greinar. Þar er eilítið breytt. Hér er sagt að „Dómara verður ekki víkið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann hefur glatað skilyrði til að gegna embættinu eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast.“ Og hér er um að ræða orðalagsbreytingu frá fyrri tillögu. Hér er búið að skeyta saman 3. og 4. mgr. í eina og taka ber eftir að nú tekur ákvæðið einungis til endanlegrar brottvikningar dómara en ekki til tímabundinnar lausnar. Um það var rætt hvort það þyrfti í þeim tilfellum sérstaka... þegar það er unnt að vísa dómara frá tímabundið, að veita honum lausn tímabundið á meðan mál hans eru til úrlausnar. Það var rætt um það hvort að það ætti að setja ákvæði þess efnis hér inn. Það er ekki gert sérstaklega enda eru í dómstólalögum tiltekin nokkur atriði sem geta varðað tímabundna lausn ráðherra [aths. átt við dómara], þótt þótti ekki ástæða til þess að telja þau upp hér. En hér er þá í rauninni löggjafanum veitt svigrúm til þess að ákveða skilyrði fyrir tímabundinni lausn dómara en hins vegar verður varanleg lausn að eiga sér stað að undangengnum dómi og að uppfylltum þeim skilyrðum sem eru upptalin.

Nú, seinasta grein í þessum kafla ber yfirskriftina Sjálfstæði dómara og er svipuð og var seinast nema þar stóð „dómendur“ sem var leyf frá stjórnarskránni, eins og hún er í dag, en orðið „dómendur“ kemur ekki fyrir í stjórnarskránni lengur; það er einungis talað um „dómara“. Þannig að hér stendur þá „Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.“ Og til að taka af allan vafa, þá eru þeir sem eru kvaddir til dómsstarfa – segjum t.d. um embættismenn – þeir eru þá taldir sem dómarar þegar þeir gegna því starfi.

Þessi tillaga er sem sagt lögð fram til afgreiðslu inn í ... sem sagt á skjalið okkar og ég legg síðan fram tillögu til kynningar, sem er tillaga um Lögréttu. Þetta er sem sagt nefnd sem áður hét „stjórnlagaráð“ í tillögum stjórnlaganefndar og er ráðgefandi nefnd sem er sett á fót til þess að meta hvort lög eða lagafrumvörp standist stjórnarskrá að mati þeirrar nefndar þegar þau eru í meðförum Alþingis eða þegar Alþingi hefur staðfest þau. Orðalagsbreytingin er... Bæði þótti þetta nú fallegra orð og svo er auðvitað orðið „stjórnlagaráð“ tekið undir annað fyrirbæri.

Í fyrsta lagi, þá er hér fjallað um... Við fórum mjög vítt yfir sviðið. Við ræddum hvort að Lögréttan ætti að hafa löggefandi vald eða bindandi. Það var að mestu farið eftir rökum í greingargerð stjórnlaganefndar og síðan Eiríks Tómassonar um það að að mörgu leyti, þá gæti þetta fyrirkomulag verið heppilegra í litlu landi, að koma ekki á fót sérstökum stjórnlagadómstól. Í fyrsta lagi vegna kostnaðar og í öðru lagi – sem kannski skiptir ekki síður máli – að í þeim tilfellum sem menn telja að einhver lög brjóti í bága við stjórnarskrána, það sé rétt að veita þeim tækifæri til þess að fara með þau mál fyrir dómstól, ef að einhver stjórnlagadómstóll væri búinn að dæma það fyrirfram að þau lög stæðust stjórnarskrá, þá væri að einhverju leyti búið að taka vopn úr þeirra höndum. Við töluðum líka um hver gæti setið í þessu, hver skilyrðin gætu verið, hver gæti skotið málum þangað og hvort nefndin ætti að hafa einhver önnu hlutverk.

En ef ég fer þá yfir greinina, eins og hún er lögð til, þá voru uppi tvö sjónarmið í nefndinni um hvernig ætti að skipa í Lögréttu. Þau eru að mestu leyti svipuð. Þetta er valkostur A og valkostur B og ég geri grein fyrir þeim mun sem þarna kemur fram. Í fyrsta lagi, þá er gert ráð fyrir að forseti skipi „í Lögréttu fimm menn til fjögurra ára með þekkingu á stjórnalögum, þar af skipar forsetinn einn sjálfur og tveir eru skipaðir „að tillögu Alþingis, og [tveir eru skipaðir] að tillögu forseta Hæstaréttar“. Þetta er tillaga A. Í tillögu B er þessu eins farið, nema þar er búið að taka einn af þeim sem forseti Hæstaréttar skipar og hann er hún þjóðkjörinn. Þetta eru þeir tveir valkostir sem rætt var um í nefndinni.

Breytingar frá stjórnlaganefnd eru þær... Þetta var í tillögum stjórnlaganefndar og þar skipaði forsætisráðherra einn og forseti Alþingis skipaði einn. Í stað þess, þá ákváðum við í nefnd C að Alþingi myndi skipa tvo og þá miðað við þingsköp Alþingis og hefðir myndu þeir vera kosnir með hlutfallskosningu sem þýðir að að jafnaði myndi einn koma úr stjórn og stjórnarandstöðu, sem okkur þótt svona meira balans heldur en ef báðir myndu koma úr stjórnarliðinu. Nú, þess ber auðvitað að geta að þarna er rætt um forseta Íslands og þetta er allt gert með þeim fyrirvara að við ákveðum hvert endanlegt hlutverk hans verður. Þetta er einfaldlega sett fram með þessum hætti. Sama gildir í kaflanum um dómsmál, þá ber ekki að túlka þetta sem endanlega niðurstöðu um hvert forsetans eigi að vera.

Síðan er fjallað um það hverjir það eru sem eigi að geta skotið málum þarna og það er – við skulum bara byrja á byrjuninni – það er þingnefnd eða þriðjungur alþingismanna sem getur krafist á hverri einustu stundu að stjórnlagaráðið eða Lögrétta, eins og það heitir nú, geti athugað hvort að lagafrumvarp standist stjórnarskrá eða ekki. Niður[staða] þess er ráðgefandi fyrir þingið. Og síðan getur forseti sjálfur, í stað þess að beita málskotsrétti, ákveðið að leita eftir álit Lögréttu, eftir að lög hafa verið samþykkt, og frestað staðfestingu þangað til að synjun laga eða endanleg niðurstaða liggur fyrir. Hér var nú eitthvað líka rætt um verkfæri, hvort við ættum að fara eitthvað öðru vísi að í þessum efnunum, t.d. ef að Lögrétta hefði komist að því, að lokinni beiðni forseta, að lög stæðust ekki stjórnarskrá, hvort hann þyrfti þá að senda þau í þjóðaratkvæðagreiðslu, hvort það mætti ekki bara senda þau aftur til þingsins – en ákváðum að biða með þær umræður þangað til við sæj-

um kannski betur hvert hlutverk þessara valda, þings og forseta, væri hjá ráðinu almennt.

Nú, ég hef ekki fleira við þetta að bæta að sinni en ég ber semsagt annars vegar tillöguna um dómsmál til afgreiðslu og hins vegar tillögu um Lögréttu fram til kynningar. Þakka hljóðið.

SN

Þakka formanni C-nefndar fyrir greinargott yfirlit yfir tillögur nefndarinnar. Þá tókum við til umræðu fyrri tillöguna, um dómstóla. Orðið er laust og fyrstur á mælendaskrá er Eiríkur Bergmann. Gjörðu svo vel.

EBE

Formaður. Kæru félagar. Ég þakka fyrir þessa kynningu. Dómsmálakaflinn er að taka á sig góða mynd. Þetta horfir allt mjög til bóta og framfara. En í ljósi þeirrar umræðu sem fór hér fram fyrir á fundinum og hefur farið fram áður um þessa grundvallarspurningu sem við stöndum frammi fyrir um hvort framkvæmdarvaldið verði þjóð- eða þingkjörið og hvert þá hlutverk forseta eigi að vera, að við biðum með að setja inn í áfangaskjalið orðalag sem að hnígur að annarri hvorri útfærslunni sérstaklega og veitir annarri leiðinni meira vægi heldur en hinni, einfaldlega vegna þess að ég held að það sé óvarlegt að trufla þá umræðu með slíku lagi.

Á fundi okkar fyrir viku gerði ég, af nákvæmlega þessum sökum, breytingartillögu sem að ég lagði fram um að í liðnum D5 yrði tekin út setningin um að það forseti Íslands sem skipi dómara og það verði með að ákveða það. En í samræðum við m.a. formann nefndarinnar og formann ráðsins og fleiri sem hér eru inni, þá vil ég frekar gera það að tillögu hér að við samþykkjum tillöguna, eins og hún kemur fyrir, þ.e.a.s. allan partinn nema þennan part sem er D5, sem áfram standi sem ósamþykkt tillaga og hún verði einfaldlega síðan bara afgreidd þegar að fyrir liggja þessar meginlínur. Því að ef við t.d. myndum okkur það að það komi hér niðurstaða í ráðinu um að það eigi að kjósa beint oddvita framkvæmdarvaldsins og það sé forseti Íslands sem veljist í það hlutverk, þá er í hæsta máta óeðlilegt að hann skipi dómara, svo dæmi sé tekið. Þannig að þessi tillaga, í þessum lið D5, bókstaflega gerir ráð fyrir þingræðisfyrirkomulaginu, að mínu viti. Alla vega þá fer það í þá áttina.

Þannig að mér semsagt skilst af samtölum við þá sem hér stýra fundarsköpum að mér sé heimilt að breyta breytingartillögunni sem ég lagði fram fyrir viku í þessa veru og geri það þá hér með: Að við samþykkjum skjalið eins og það er en biðum með þáttinn um skipan dómara vegna þessarar mikilvægu umræðu sem að hefur svo mikil áhrif á annað sem við tókum hér til ákvörðunar. Takk fyrir.

SN

Það er rétt að taka það fram að almennt er sjónarmiðið það, að tillögur nefndarinnar eru lagðar fram í heild sinni. Breytingartillögur við þær fari þá aftur til nefndar. En við skulum aðeins halda umræðunni áfram og þú ert búinn að koma þínu sjónarmiði á framfæri um að hugsanlega hluti af þessu fari ekki inn í afgreið[slu] út af þessu sérstaka sjónarmiði um vinnu B-nefndar. Þannig að við skulum aðeins biða með að svara því endanlega. En Guðmundur Gunnarsson, gjörðu svo vel.

GG

Já takk. Ráðsliðar, gestir og þið sem fylgist með okkur í gegnum netið. Ég tek alveg undir það sem að Eiríkur var að segja og þetta var reyndar rætt svoltið í nefndinni og ég kom reyndar að því hérna fyrr á fundinum, að við þyrftum endilega að fá niðurstöðu í forsetamálin áður en við getum í raun og veru tekið endanlega afstöðu til ákveðinna hluta og þ. á m. þetta, eins og Eiríkur réttilega bendir á. En ég er í hóp C og styð þessa tillögu eins og hún er núna, miðað við þær upplýsingar sem við höfum núna.

En mig langar einnig að benda á að hugtakið „hæfastur“ og „hæfnisnefnd“ – því hefur í sjálfu sér verið, að mínu mati, misbeitt í íslensku þjóðfélagi til þess í raun og veru að tryggja þau völd sem að við höfum verið að gagnrýna sem mest, sem hafa safnast á hendur fárra, þ.e.a.s. að hæfnisnefndir hafa í sjálfu sér búið til feril sem í raun og veru leiðir alltaf til þess að þetta verður einsleitari hópur sem kemst í gegnum þetta nálarauga. Það hlýtur að vera ástæða til þess að velja því fyrir sér hvort að val hæfnisnefnda sé ekki hluturinn sem að við þyrftum að skoða, ekki niðurstaða hæfnisnefndarinnar. Þetta er svona eins og ég lærði þegar ég var í Kennaraháskólanum, að það er ekki endilega að niðurstaða prófa segi til um stöðu nemandans. Það getur allt eins verið að hún segi allt til um stöðu kennarans. Þetta er umræða sem að fór að nokkru leyti fram í nefndinni og þyrfti í raun og veru að fara fram þegar við sendum frá okkur greinargerð eða fleira í sambandi við þetta. Það getur allt eins verið að maður af sléttu sé bara alveg eins góður eins og háskólaprófessor til þess að taka afstöðu til þess hver sé hæfastur til þess að vera hæstaréttardómari. Mér finnst sá einstaklingur hafi alveg nákvæmlega jafn mikið vit á því eins og sprenglærður háskólaprófessor.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir.

SBÓ

Já, takk fyrir. Mig langar að taka að miklu leyti undir sjónarmið Eiríks. Þakka formanni C-nefndar, Pawel Bartoszek, fyrir góða yfirferð. Þessi sjónarmið einmitt með það að setja forsetann inn, þetta er auðvitað vandamál, held ég, sem að við munum standa svoltið frammi fyrir í öllu starfinu, að við erum að vinna í nefndum sem eru á mismunandi stöðum. Ég myndi vilja að það væri þarna a.m.k. hornklofi utan um „forseti Íslands“ eða hornklofi jafnvel utan um alla D5-greinina. Það myndi duga mér ef það væri utan um „forseti Íslands“. En ég mun ekki setja mig upp á móti afgreiðslu þessa texta inn í áfangaskjal, enda er það minn skilningur – og ég held að það sé bara réttur skilningur okkar allra – að þessi texti er til áframhaldandi breytingar. Mig að fagna sérstaklega þeim skilningi sem formaður C-nefndar setti fram um að tryggt skal með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði, að þar séu málefnaleg sjónarmið skilgreind þannig að þau innifeli sjónarmið um fjölbreytileika. Þannig að ég bara vil fagna því sérstaklega.

SN

Gísli Tryggvason.

GT

Já, formaður. Góðir félagar og áhorfendur og áheyr-
endur. Ég skildi formann þannig að það væri ekki verið
að ræða um Lögréttu núna, heldur bara dómstóla,
þannig að ég ætla að einskorða mig við það.

SN

Það er réttur skilningur.

GT

Fyrst aðeins um tillögu Eiríks. Ég vil nú eiginlega
taka undir með málamiðlunartillögu Silju Báru, að
það er öllum ljóst, eins og fram hefur verið tekið, að
þessi texti um forseta og ráðherra, ræðst af niðurstöðu
ráðsins út úr starfi B. Þannig að hornklofi gæti kannski
leyst þetta, þannig að þurfi ekki að vera að ræða um
formsatriði.

En mig langar að ræða aðeins um efnisatriði. Í fyrsta
lagi tel ég að allir kaflar stjórnarskrárinnar eigi að bera
heiti eftir valdinu sem þar er fjallað um en ekki hand-
höfum þess, þannig að kafli eigi að fjalla um dómsvald
og löggjafarvald en dómstóla og Alþingi, svo dæmi séu
nefnd um handhafa.

Síðan er ég með breytingartillögu varðandi D1
og það er í fyrsta lagi – og tengist D4 – þ.e.a.s. að
orðin „og fjöldi dómara“ falli brott og ég hef rætt það
hér, alla vega í nefnd, í gær að það er af sögulegum
ástæðum og nýorðnum ástæðum, þar sem að á einu
bretti var skipaður fjórðungur Hæstaréttar, að þá er
hætta á mistökum, jafnvel misbeitingu, eins og saga
bæði Bandaríkjanna og Íslands sýnir. Ég held að það
hafi verið á 4. áratugnum þar sem reynt var að afskaffa
Hæstarétt eða fjölga hæstaréttardómurum, þannig að
sjálfstæði Hæstaréttar er hætta búin. Og í D2 er rætt er
fjallað um sjálfstæði dómstóla og það er ekki hægt að
 tryggja það í lögum ef að löggjafinn getur síðan fjölgað
dómurum svo mikið að Hæstiréttur raskast mjög.

Tengt þessari tillögu er að í D4 komi inn ákvæði,
eitthvað á þessa leið, að í Hæstarétti sitji að hámarki
nú dómara eða sjö dómara jafnvel. Nú dóm-
arar held ég að myndi vera mín tillaga og þá mætti
leysa úr þessum bráðabirgðavanda að nú eru þar
12 dómara síðan í fyrradag eða frá og með 1. sept-
ember, þannig að það yrði annað hvort leyst með
bráðabirgðaákvæði eða gildistökuákvæði eða orðað þá
þannig að framvegis skyldu ekki vera þar fleiri en níu
dómara. Það er þá tengt því að væntanlega myndi
millidómstig vera með u.þ.b. fimm dómurum ef að
því verður komið á. Nú, í öðru lagi vil ég leggja til
að í D4 komi nokkrar breytingar. Að það komi orðið
„þó“: „ákvæði má þó með lögum“ þannig að það þá
sé ástæða... þetta er undantekningarákvæði. Og orðið
„skuli leysa“ breytist í „leysi endanlega úr ágrein-
ingi“. Og í þriðja lagi að við lögmæti vinnustöðvana
bætist „og vinnulöggjöf“. Það er þannig í lögum að
félagsdómur dæmir ekki bara um kjarasamninga og
lögmæti vinnustöðvana, heldur um brot á vinnulög-
gjöfni, þ.e.a.s. í lögum um stéttarfélög og vinnufélög
og vinnudeilur frá 1938, varðandi almenna vinnu-
markaðinn. Og svo í fjórða lagi að á undan lokaorðinu
„[til] dómstóla“ komi „til Hæstaréttar“. Til vara mætti
setja inn „til æðri dómstóls“ og til þrautarvara mætti
setja inn „til annarra dómstóla“ vegna þess að þetta
orðalag gefur til kynna að félagsdómur sé alls ekki
dómstóll, sem hann er.

Nú, síðan langar mig að leggja til í D5, að þar komi
inn póstívt ákvæði um að fjölbreytni sé tryggð í fjöl-
skipuðum dómstólum. Formaður nefndarinnar, sem
ég þakka fyrir góða framsögu og nefndinni fyrir gott
starf, nefndi að vísu að þetta fyrirkomulag girti ekki
fyrir að fjölbreytni yrði tryggð, þ.e.a.s. ef að valnefndir
og löggjafinn vildi það. Ég vil hins vegar ganga lengra.
Ég vil tryggja að fjölbreytni sé tryggð í fjölskipuðum
dómstóli eins og millidómstigi, ef að því verður komið
á, og Hæstarétti. Á það hefur skort mjög, þannig að
þó að það gæti verið heimilt skv. þessu, að löggjafinn
ákvæði að fjölbreytni skyldi tryggð, og það teldist mál-
efnað sjónarmið, þá treysti ég löggjafanum bara ekki
til þess, að fenginni reynslu, og vil setja inn póstívt
ákvæði um þetta: að fjölbreytni, svo sem kynjasjónar-
mið, séu tryggð við skipun.

Að lokum vil ég leggja til að orðið „lögskipuð“
breytist í „lögbundin“. Ég held að það sé yfirleitt talað
um „stjórnskipaðar“ nefndir eða „lögbundnar“ nefndir.
Það er sem sagt ákveðið með lögum hvernig hún skuli
skipuð en ekki að löggjafinn skipi einstaklingana í
hana.

Og loks legg ég til að til þess að vikja frá mati hæfnis-
nefndar, að þá þurfi aukinn meirihluta og ég legg til
tvo þriðju frá Alþingi. Takk fyrir.

SN

Takk, Gísli, fyrir þínar tillögur og þær fara þá til nefnd-
ar, til frekari skoðunar þar. En það sem að við erum
að gera núna, bara til þess að taka það alveg skýrt
fram, að við erum að taka tillöguna til afgreiðslu inn í
áfangaskjalið. Því verður breytt í framhaldi, þannig að
það heldur áfram, sú vinna. Þannig að við verðum að
vera alltaf vakandi fyrir því en með því að setja hana í
áfangaskjalið, þá opnast umræða úti í samfélaginu öll,
sem ég vona nú líka að fólk taki líka þátt í. Þannig að
það er tilgangurinn með því að afgreiða þetta hér inn í
það ferli.

GT

Er þetta þá almenn regla í fundarsköpum stjórn-
lagaráðs, að allar breytingartillögur sem lúta að efni
verði ekki afgreiddar heldur fari nefndartillaga alltaf
óbreytt inn í áfangaskjal og nefnd geti í rauninni alltaf
stoppað? Eða hvenær koma þessar tillögur þá til af-
greiðslu? Ég minni á að sumar þessara tillagna nefndi
ég á síðasta ráðsfundi.

SN

Já, þær koma síðan væntanlega aðeins eftir einhverjar
vikur, þegar verður búin að vera kannski almennari
umræða líka í samfélaginu. En hugmyndin er sem sagt
sú, að vera ekki með breytingartillögur til umræðu á
fundunum eða til afgreiðslu með tillögnum, heldur
að tillagan sé lögð fram og hún fari inn í áfangaskjalið
eða ekki, ef ráðsfundur er allur á móti því – sem er nú
kannski hæpið þegar nefndin er á bak við tillöguna
– þannig að þá fari tillagan inn en síðan haldi áfram
umræða inni í tiltekinni nefnd og þar haldi umræðan
áfram til að koma [með] slípaða útgáfu síðar. Það
mun verða a.m.k. fyrst um sinn á meðan við erum að
koma þessum málum frá okkur eða nefndirnar eru að
byrja að slípa tillögur að hafa þennan háttinn á. Það er
náttúrulega mjög æskilegt að þið komið þá með ykkar
tillögur skriflega til nefndarinnar eða til nefndar sem

til umræðu er. Þannig að þetta verður verklagið til að byrja með þegar þessar fyrstu tillögur eru að koma frá nefndunum, þegar þær eru afgreiddar í fyrsta skipti. Næstur á mælendaskrá er Katrín Fjeldsted.

KF

Já, góðir félagar. Svo maður taki nú orðalag úr mæðraeftirlitinu, þá er 2. gr. þarna í D5 svoltill fyrirburi og byggji ég það þá á því sem Eiríkur Bergmann sagði hér áðan, að vinna B-nefndar að afmörkun á valldreifingu og skipan í íslensku samfélagi, sú vinna er í gangi. Hvort að leysa má fyrirburafæðingu með hornklofa veit ég ekki – ég hef nú aldrei heyrt um það í mæðraeftirlitinu. En ég get alveg sætt mig við að orðalagið fari svona inn ef það er alveg skýrt að þetta sé engin ákvörðun í sjálfu sér. Það var annar punktur sem mig langaði til að nefna og kannski vegna þess að ég kem ekki inn úr dómstólakerfinu eða þeim hluta þjóðfélagsins, heldur horfi á þetta sem almennur borgari: Í D2 segir „Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum.“ Ég hélt í sakleysi mínu að það væri stjórnarskrá sem tryggði sjálfstæði dómstóla. Þannig að ég skil ekki alveg af hverju sjálfstæði dómstóla er tryggt með lögum sem eru breytanleg miklu hraðar heldur en ákvæði í stjórnarskrá og vil varpa því fram að þetta sé rétt inni í nefndinni eða í vinnu nefndarinnar áfram og kannski að fá einhverja skýringu á þessu, af hverju sjálfstæði dómstóla er ekki „tryggt með stjórnarskrá þessari“, sem mér þætti miklu eðlilegra orðalag. Takk.

SN

Varðandi líka þetta atriði sem þú nefndir fyrst, í sambandi við forseta Íslands, hvernig við förum með það í þessari tillögu: Það náttúrulega hafa komið einmitt hugmyndir um að setja þetta í hornklofa. Þetta er sérstakt vandamál varðandi þessa tillögu vegna starfa B-nefndarinnar, sem er á öðrum stað og það hangir svo marga við. Þannig að mér finnst full ástæða til að taka tillit til þeirra sjónarmiða af því að þetta er spurning um það hvernig nefndirnar eru að vinna saman. En þá er Katrín Oddsdóttir næst á mælendaskrá.

KO

Já. Kæru vinir. Ég held að svona gegnumgangandi samnefnari fyrir þennan vandræðagang, sem við erum með, sé sá, að við erum að reyna okkar besta að leyfa þjóðinni að vera með í ráðum þegar við erum að skrifa þessa stjórnarskrá. Þess vegna langar okkur svo að geta sett tillögur okkar fram jafnóðum. Og það er ásetningurinn okkar. Og þess vegna skil ég vel að nefnd C vilji vinna bug á þessari spéhræðslu sem þegar er farið að gæta meðal okkar, að við viljum helst ekki senda neitt frá okkur nema það sé alveg fullkomið. Hins vegar eru líka frábær þau rök sem á móti koma, sem segja bara: En maður dregur einhverja línu í sandinn og mannapinn er svo ófullkominn, að þá fer hann að verja hana. Og þá útilokum við eitthvað annað og við einhvern veginn byrjum að múrast inni. Þannig að þetta eru tvö mjög valid sjónarmið sem þarna vegast á: annars vegar það að við viljum að þjóðin geti tekið þátt í okkar vinnu, hins vegar það að við viljum ekki múra okkur neins staðar inni eða mála okkur út í horn. Og þess vegna segi ég bara til þjóðarinnar: Bara takiði þátt í vinnunni, þannig að við séum að gera rétt, þannig að þessi leið sanni sig. Og af því að nú ætlum við að setja

þetta inn og þess vegna óska ég eftir því að fólk tjái sig um þessar tillögur, þó ófullkomnar séu, og svo sýnum við að þetta sé ekki endanlegt með því að breyta þessu. Þannig getum við verið sú breyting sem við erum alltaf að segja að sé yfirvofandi. Ég held að það væri svona vitrænasta leiðin til þess að dila við þetta vegna þess að þetta mun koma upp aftur og aftur og aftur – að við verðum hálfhrædd við að setja eitthvað fram, af því að við erum hrædd við að við munum ekki breyta því og það er ekki alveg ástæðulaus ótti, er ég að segja, sko.

Ókey, þetta var bara svona almennt komment. En svo langar mig til að koma með eina hugmynd, á meðan ég man. Og það er það að fyrir það fólk sem er svo ótrúlega frábært að vilja koma að heimsækja okkur, og ég þakka þeim enn og aftur fyrir, finnst mér að allar svona tillögur ættu að liggja frammi ljósritaðar, þannig að fólk geti fylgst með. Og ég beini því til þess fólks sem sér um þetta allt saman og stendur eins og hetjur, að hafa það þannig. Það er ekkert hægt að fylgjast með þessum talaða texta, í Lögréttu t.d. af því að þetta er svo flókið, nema hafa þetta í höndunum og á netinu fyrir þá sem horfa á þetta á netinu.

Nú, ég ætla að leggja fram eina skriflega breytingartillögu. Hún fer þá bara inn í nefndina og ég er mjög sátt við það ferli. Það er bara frábært. Þetta er mjög einföld tillaga og hún er lögð fram af minni hálfu, Þorkels Helgasonar og Vilhjálms Þorsteinssonar. Við lögðumst bara á eitt við að vinna bug á ákveðnu vandamáli sem við sáum við þennan kafla og það er uppröðunin. Pawel sagði í byrjun að efni skipti meira máli en uppröðun en ég segi á móti: Uppröðun er oft mjög efnisleg, þess vegna erum við að færa mannréttindakaflann fram. Það skiptir máli í hvaða röð við segjum hlutina. Þannig að við leggjum til að það verði eftirfarandi umröðun á efnisgreinunum, þ.e.a.s. að D1 verði að 1. mgr. í D4 og að fyrirsögn greinarinnar verði Skipan dómstóla.

Og svo komi að D3, sem er núna Lögsaga dómstóla, verði D1 og fái fyrirsögnina Verksvið dómstóla. Við teljum að „lögsaga“ sé frekar óskýrt af því að það er líka annað lögfræðilegt mál sem tengist lögsögu en þetta er verksvið og þannig var það í skýrslu nefndarinnar og það er skýrara að okkar mati.

Og að lokum, að D6, um Sjálfstæði dómara, verði D3. Og þá verður sem sagt kaflinn þannig að fyrst tölum við um verksvið dómstóla, þ.e.a.s. hvað dómstólarnir gera – og nú erum við að hugsa um skýrleika fyrir almenning, af því að hann getur komið og lesið hvernig sínu dómsvaldi er farið og skilið það og það byrji ekki á einhverjum svakalega flóknum útfærslum um hvernig við ætlum að skipa dómara, heldur byrjum við á verksviði dómara, svo förum við í Sjálfstæði dómstóla, sem er algjör grundvallarregla og við getum bara gleymt því að vera með dómstóla ef þeir eru ekki sjálfstæðir, þannig að við komum strax með það. Svo strax með Sjálfstæði dómara þar á eftir. Svo komi Skipan dómstóla og svo Skipan dómara. Þannig að við séum í raun og veru að segja fyrst verksvið, hvað geri batteríð, hvernig tryggjum við að það sé sjálfstætt, og svo hvernig veljum við í það. Og þetta hefur verið lagt til aðallögfræðings stjórnlagaráðs og ég treysti því að hún komi þessari skriflegu breytingartillögu til nefndarinnar og þakka nefndinni fyrir störf hennar um leið. Takk.

SN

Takk, Katrín, og takk fyrir ábendingar um að láta skriflegar tillögur liggja fyrir og gaman að sjá gesti hér í salnum og að þeir sýni starfi okkar áhuga. En næstur er Örn Bárður Jónsson.

ÖBJ

Formaður. Góð systkin nær og fjær. Það er nú búið að segja ýmislegt meðan ég var að bíða eftir orðinu. En ég vildi bara segja þetta: Allt er breytingum undirorpið og við höfum ákveðið að vinna eftir hinu svonefnda ítrunarferli. Og fyrir ykkur sem eruð hér gestir eða hlustið á netinu, þá er það ferli þar sem skjál eða vinnan okkar tekur stöðugum breytingum og ekkert niðurneglt fyrr en á lokastigi og í lokasamþykkt. Þess vegna finnst mér að við, við gáfum okkur það í byrjun að við treystum hvert öðru mjög vel í þessari vinnu og við vinnum með það fyrir augum að þetta geti allt breyst og þess vegna finnst mér að við þurfum ekki þessa eilífu hornklofa og fyrirvara með breytingartillögum og tel því tillögu Eiríks óþarfa, heldur fer þetta allt semsagt inn á vefinn og þar þarf að vera skýr fyrirvari sem almenningur sér og allir vita, að þetta er ekki endanlegur texti stjórnarskrár. Það þarf að koma mjög skýrt fram í skjalinu á vefnum og á öllum skjölum, að þetta er unnið skv. þessu ferli og getur tekið breytingum alveg fram á síðasta dag.

Varðandi dómstólana, þá er það náttúrulega greinilegt í 1. gr. að hér er talað um dómstig og þetta sé ákveðið með lögum og við vitum það að það er sumt sem á erindi í stjórnarskrá og annað er í almennum lögum. En ég vil svona reyfa hugmynd almennt um dómstóla. Sumir segja að hér vanti millidómstig. Það vanti áfrýjunardómstól milli héraðsdóms og Hæstaréttar. Og eins og er t.d. í Noregi, þá skilst mér að þar sé fimm manna dómur skipaður þremur löglærðum og tveimur leikmönnum. Ég held að við þurfum almennt að breikka dómstólana í landinu og ég óttast einsleitni og sérhæfingu og lagahyggju, sem að er vart hér á Íslandi, og ég held að við þurfum að huga að þessu. Þetta er ekki sagt af neinum fordómum gegn lögfræðingum eða lögfræði, heldur á þetta við um hvaða fræðigreini sem er. Ef við setjum sex eða tíu manns úr sömu fræðigreini í eina nefnd eða dómstól eða ráð eða hvað það heitir, þá er hættan sú að það verði einsleit niðurstaða. Og ég held að við eigum, í ljósi þess að við erum að tala um valddreifingu og þjóðin komi að málum, að þá eigum við að reyna að gera dómstólana þannig, að þeir spegli meira þjóðina og þá breiðu visku sem býr í menntun þessarar þjóðar. Ég held að það sé alltof einhæft að vera með eintóma lögfræðinga í dómstólum og ráðum. Þannig að ég bið ykkur að íhuga þetta, þó þetta eigi kannski beinlínis erindi inn í stjórnarskrána en þetta þó í það minnsta til löggjafans að huga að þessu: breidd, valddreifing og fjölbætt víska. Takk fyrir.

SN

Ómar Ragnarsson, gjörðu svo vel.

ÓR

Já. Formaður og ráðsfolk og gestir og aðrir horfa og hlýða á okkur. Ég er nú í þessari C-nefnd og ég tek undir tillögu Katrínar, Þorketils og Vilhjálms vegna þess að við vorum búin að ræða flest af því sem er búið að vera að tala um hérna núna í sambandi við dóm-

stólana, það hefur verið rætt í nefndinni og komið fram þar, m.a. þetta að hafa dómstólakaflann svipaðan og stjórnarskrána í heild: það eru megingildin fyrst, verksvið og meginreglur, og síðan komi nánari útfærsla og skipun. Þannig að þetta er búið að ræða hjá okkur og við þyrftum bara að koma þessu frá okkur fyrr kannski stundum í ferlinum. „Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum.“ Þar er átt við það... Þetta eiginlega snýr til baka, sko, að lög sem eru um dómstóla skulu ævinlega falla undir það að tryggja sjálfstæði þeirra. Nú „ákveða má þó með lögum að sérstakur dómstóll“ – þetta finnst mér bara góð orðalagsbreyting sem ég styð Gísla í. Og vinnu löggjafar – við höfum rætt þetta líka, Gíslu, að orða þetta öðru vísi til þess að ná lögum um vinnudeilur. Og „skotið til æðri dómstóla“ – þetta er fin ábending. „Fjölbreytni“ – það er kannski erfiðara að koma því inn. Ég er alveg inn á því og ég reikna með því að... Við erum búin að vera, í þessari nefnd, mjög opin fyrir öllu því sem að getur betur farið og höfum rætt mikið af þessu. Við þurfum bara að fara að koma þessu á blað endanlega niður. „Lögbundin nefnd“ /“- lögskipuð nefnd“ – í finu lagi. Og þetta með aukinn meirihluta – við erum búin að marg margræða þetta á mörgum fundum og er nú kannski bara komið mál til að við förum að setja þetta niður, svoleiðis að ég skjóti því nú til okkar og annarra nefndarmanna. Takk fyrir.

SN

Erlingur Sigurðarson, gjörðu svo vel.

ES

Formaður. Góðir félagar. Síðan ég bað um orðið hefur Örn Bárður talað og flutt ágæta ræðu sem ég er ágætlega sammála. Tek undir hvert orð. Við getum ekki vænst þess, með þessu ítrunarferli, að það verði alltaf hægt að bremsa mál til að fara á vefinn. Og ég tek líka undir það sem formaður benti á hér, að það er umræða þar líka sem fer fram og þarf að taka tillit til. Þannig að þetta er eðlilegt verklag, að láta málið fara á vefinn, þegar það hefur verið rætt hér, en ekki að láta bíða endalaust eftir því að það verði samþykktar allar breytingartillögur [þegar(?)] þær liggja fyrir. Við finnum ekkert upp hjólið hér í nefndinni. Ómar benti á það að flest hefði verið rætt þar, í nefndinni, en ekkert hér sem hefði komið upp hér í dag. Og ég trúi því. En ég vil bara benda á það, í sambandi við 5. gr., að það er ekkert sem að segir að forsetaembættið sé öðru hvort megin. Þó að framkvæmdarvaldið sé kosið eða forsætisráðherra sé kosinn, þá útilokar það ekki að forseti sé til staðar. Og eins útilokar það ekki pólitísk afskipti forseta þó að hann sé kosinn í þingræðisskipulagi, þar sem að það hafa komið upp hugmyndir m.a. um það að setja forseta hugsanlega sem forseta sameinaðs þings. Þannig að þetta er allt uppi og við hljótum að miða við þann fyrirvara sem er á öllu, að allt sé breytingum undirorpið og það er ekkert sem útilokar að textinn sé eins og hann er. Hann er breytingum háður eins og allir aðrir. Ég hef hér lokið máli mínu.

SN

Takk fyrir. Eiríkur, myndir þú ekki fella þig við að við gætum þá sagt að það hefði komið fram hér hjá fjölmörgum að setja hornklofa utan um forsetann í tillöggunni. Mundirðu geta fellt þig við hana til þess að mæta þessum vanda varðandi B-nefndina og störf hennar?

EBE
Skil ég það þannig að þú gerir það að tillögu?

SN
Já, ég er að gera það að tillögu til að mæta þessu sérstaka sjónarmiði sem er uppi vegna vinnu hinnar nefndarinnar. Þá setjum við auðvitað hornklofa utan um forsetann.

EBE
Það er í rauninni mun nær minni upprunalegu breytingartillögu að gera það þannig heldur en að bíða með að beðið yrði með klásúluna alla, eins og mér skildist fyrir í dag, að væri frekar vilji manna. Þannig að...

SN
Ja, það er spurningin um að setja bara hornklofa utan um forseta Íslands.

EBE
Já, mér finnst það alveg ná þessu fram og fyrst að mér var boðið upp á að fá orðið, þá vil ég fagna þessum einróma skilningi þess að það sé allsherjar fyrirvari á öllum þessum hlutum. Og að fenginni þeirri umræðu og með þeirri viðbót sem hér hefur komið fram með þeirri tillögu um hornklofann, þá fer ég semsé ekki fram á að mín upphaflega breytingartillaga verði tekin til afgreiðslu, ef þetta verður breytingin. Já, ég geri það. Takk.

SN
Takk fyrir það. Formaður nefndarinnar, getur nefndin sætt sig við þessa breytingu?

SN
Kannski að við bara höldum áfram umræðunni. Þorkell, þú ert næstu á mælendaskrá.

ÞH
Já. Formaður og góðir félagar og gestir. Best ég byrji á þessu síðasta sem Eiríkur fitjar upp á og er hérna til umræðu mikið: hvaða fyrirvara eigi að hafa í áfangaskjali. Ég hef, bæði í frímínútum og í nefndarfundum, varað við því að vera með hornklofa og litaskrúð eitthvað. Það er ekkert víst að lesendur úti í bæ hafi hugmynd um hvað við meinum með hornklofa, þó við setjum hann. Ég held að þetta byggi allt á þeim misskilningi um hugmyndafræðina á bak við þetta ítrunarferli. Ég og ég held Pawel og formaður ráðsins og eflaust einhverjir fleiri vorum þeirrar skoðunar, þegar við vorum að ræða verklagið hérna í upphafi, að áfangaskjalið væri á hverjum tíma það sem við vissum best og skást og væri sá grundvöllur sem við byggðum á. Og í upphafi er sá grundvöllur, að mati þeirra sem ég nefndi, stjórnarskráin sem við búum við í dag. Þannig að þegar hér segir „Forseti Íslands skipar dómara“ o.s.frv., þá er það á þeirri forsendu, að svo lengi sem að ákvæðinu í áfangaskjalinu – og áfangaskjalið sem að liggur nú fyrir, svo ég endurtaki það, er gildandi stjórnarskrá – þá erum við að ganga út frá því hlutverki sem hann hefur í dag. Og ef bara þessi skilningur er almennt kominn inn og áréttaður í inngangi plaggisins, þá finnst mér ekki þurfa neina hornklofa eða litaskrúð eða eitthvað annað. Og ég tek síðan undir með þeim sem hafa lagt áherslu á það að við megum

ekki vera svona feimin við að koma einhverju á framfæri til þjóðarinnar, þó svo að við þurfum að éta það ofan í okkur. Og ef að niðurstaðan með forseta Íslands verður einhver allt önnur, heldur en hún er í dag, þá munum við eflaust komast að annarri niðurstöðu um þetta sama.

Þetta var um áfangaskjalið. Þá langar mig að ræða aðeins um uppröðunina og styð þá að sjálfsögðu tillögu Katrínar og okkar hinna tveggja karlanna. Bara að bæta því við að – og beini því eiginlega til stjórnar ráðsins – hvort eigi ekki að reyna að íhuga að almennri reglu um hvernig eigi að ráða, þannig að það sé svoltið samræmi í því kafla á milli. Ég er mjög fylgjandi því að fyrst komi lýsing á fyrirbærinu áður en er farið út í texta- eða tæknileg atriði, eins og hvernig dómamar eru skipaðir. Nú veit ég það að lögfræðilega skiptir röðunin engu máli. En ég er að hugsa um hinn almenna lesanda úti í bæ, vonandi og væntanlega skólabörn m.a. Þau hafa ekki beint áhuga á að vita það að það er einhver hæfnisnefnd sem ræður dómara. Þau vilja bara vita: Hvað eru dómstólar? Til hvers eru þeir? Og að þeir séu sjálfstæðir o.s.frv. Þetta mun örugglega eiga við um fleira. Þannig að ég beini því til stjórnarinnar að setja okkur nánari svona leiðbeinandi reglur um röð á efni.

Að lokum, þá ætla ég að vísa til miðmálsgreinarinnar eða setningarinnar í D3, um það sem heitir núna Lög-saga dómstóla. „Dómstólar skera úr um hvort lög standist stjórnarskrá“ o.s.frv. Og þarna stóð áður Um stjórnskipunarlegt gildi laga og formaður okkar sagði réttilega, að það væri svona meginhugsun okkar sú, að það væri ekki verið að breyta neinu efnislega. En svo upplýstist það í nefndinni, sem að við leikmennirnir í lögfræði vissum ekki, að það munu vera til einhver lög sem eru rétt hærra öðrum lögum en þó ekki í stjórnarskrá. Og ritari okkar nefndi fánalög, eitthvað eða a.m.k. hluti af lögum um landhelgina. Svo komu reyndar aðrir lögfræðingar og þeir hrista hérna sumir haus og segja að þetta sé ekki svona. En ef þetta er svona, að það eru einhver sum lög sem eru rétt hærra öðrum lögum, þá viljum við mörg í nefndinni að það sé gert hreint í þessu, að þau sem eiga þá heima í stjórnarskrá fari inn í stjórnarskrá en hin bara lækki í sessi og verði öðrum jöfn. Þannig að þá þarf ekki einu sinni að vera um þetta vangaveltur um stjórnskipunarlegt gildi laga. Þá er það bara stjórnarskráin, eins og við erum búin að setja hérna á blað. En þetta finnst mér mjög brýnt að verði leitt í ljós með vandaðri fræðilegri úttekt: Eru einhver svona ákvæði í almennum lögum, sem við þyrftum þá að taka afstöðu til hvort við viljum hækka í tign en ella senda þau skilaboð að þau verði lækkuð í tign. Takk fyrir.

SN
Íris Lind Sæmundsdóttir.

ÍLS
Já. Kærar þakkir. Félagar og þið sem heima sitjið og þið sem hér í salnum sitjið. Ég fagna því að hér sé fólk sem að hefur áhuga á að fylgjast með því starfi sem við erum að sinna og ég hvet fólk sem að situr við tölvunar og það sem ekki gerir það nú þegar að fylgjast með og taka þátt í þessu starfi. Mig langar aðeins að bregðast við nokkrum atriðum. En nú sit ég í nefndinni og kannski bara aðeins [til] að tæpa á nokkrum atriðum.

Í fyrsta lagi langaði mig að nefna uppröðu kaflans. Grundvallarhugsunin með uppsetningunni eins og hún er núna var sú að við erum fyrst að byrja á heildar-ákvæði um dómstóla, að það eru til dómstólar og hvernig skal umhverfi þeirra ákveðið. Svo fjöllum við örlítið um sjálfstæði þeirra. Svo förum við í það hvaða dómstólar eru starfandi og nefnum þá sérstaklega Hæstarétt. Og svo förum við ofan í það að hjá dómstólum starfa dómáram og hvernig eru þeir skipaði og hvernig skulu þeir starfa. Við förum fyrst svolítið rúmt og svo erum við að þrengja okkur niður með þessari uppröðun.

Hvað varðar gr. D2 og spurningu Katrínar Fjeldsted um sjálfstæði dómstóla, þá langar mig líka kannski að benda á ákvæði sem að núna er að finna í 70. gr. stjórnarskrárinnar, sem ég geri fastlega ráð fyrir að muni haldast óbreytt. Sú grein gerir ráð fyrir því að það séu sjálfstæðir dómstólar. Það segir það „óháður og óhlutdrægur dómstóll“. Í þessu felst m.a. skilyrði um sjálfstæði dómstóla. Og í D2 er verið að tala um það að í þessu felst einnig að það sé verið að kveða á um sjálfstæði dómstóla og að það skuli útfært með lögum. Ég veit ekki hvort að hugsanleg orðalagsbreyting myndi bæta úr einhverjum skilningi en við þurfum bara að skoða það.

Varðandi ábendingu frá Gísli varðandi gr. D4, þar sem við tölum um í 2. mgr. um... það sem við eigum við um félagsdóm... Semsagt, við erum búin að fara fram og til baka í þessu máli og velta ýmsum steinum og höfum metið sérstaklega hvert hans verkvið er í dag. Varðandi þessa ábendingu um vinnulöggjöf, þá get ég trúað því að það hugtak sé hugsanlega of rúmt til að ná utan um það hlutverk sem hann hefur í dag. Félagsdómur skoðar einkum ágreining um túlkun á kjarasamningum og um lögmæti vinnustöðvanna, þ.e. verkfall og verkbönn t.d. Og ég held að Guðmundur, samnefndarmaður minn og verkalyóðsforkólfur, getur hugsanlega leiðrétt mig ef ég er að fara með rangt mál. Svo varðandi D5: Hornklofi eða ekki hornklofi – það er svo sem mér að meinalausu að hafa þá inni en ég tek nú samt undir það sem margir hafa verið að segja hér, að við eigum auðvitað að vera ófeimin við að setja eitthvað fram, til þess eins líka að kalla fram einhverja umræðu og hugsanlega fá gagnrýna umræðu og góðar athugasemdir.

Svo langar mig, bara svona af gefnu tilefni – af því að hér er alltaf verið að tala um lögfræðinga og lögfróða einstaklingar – af því ég er lögfræðingur sjálf. Ég held að þið getið alveg séð bara mig og Katrínu Odds hérna hlið við hlið og þið getið alveg séð strax að við erum ekkert voðalega einsleitir hópur. Við erum báðar alveg frábærur konur en við erum mjög ólíkar líka. Þannig að kannski svona gæta varúðar við því að taka svona stereótýpu-lögfræðinginn þegar þið eruð að tala um lögfræðinga. Við erum bara alveg ótrúlega frábær hópur. Takk.

SN

Takk fyrir. Næstur á mælendaskrá en eftir að hann talar, þá munum við loka mælendaskrá fyrir þessa tillögu og taka hana síðan til afgreiðslu og gera síðan kaffihlé. En, Þorvaldur, gjörðu svo vel.

ÞG

Já, formaður. Góðir fulltrúar. Ég get tekið undir langflest af því sem að hér hefur verið sagt. Þetta hefur

verið frjóg og gagnleg umræða. Ég tek sérstaklega undir breytingartillögur Gísla Tryggvasonar og einnig Katrínar Oddsdóttur, Þorkels Helgasonar og Vilhjálmssonar. Ég tel að þær séu allar til bóta. Ég tel einnig að það sé hægt að einfalda textann svolítið, sem hér hefur verið lagður fram, í samræmi við erindi sem hefur borist ráðinu. Svo ég taki tvö dæmi. Í gr. D2 sýnist mér mega sleppa orðunum „samkvæmt venju eða eðli sínu“. Það myndi bara einfalda textann. Og eins í gr. D5 sýnist mér mega sleppa orðunum „án tillögu ráðherra“, þannig að setningin í annarri efnisgreininni yrði þá einfaldlega, með þessum fyrirvara um forsetann sem allir hafa lýst: „Forseti Íslands skipar dómara eða setur þá í embætti og veitir þeim lausn.“ Það er alveg ástæðulaust að bæta við „án tillögu ráðherra“.

Einnig langar mig til þess að vekja athygli á grein í núgildandi stjórnarskrá sem nefndin hefur numið brott og ekki gert grein fyrir, að því er mér sýnist. Greinin hljómar svona í 61. gr.: „Dómendum verður ekki vikið úr embætti nema með dómi og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipan á dómstólana.“ Þessu ákvæði hefur mér vitanlega ekki verið beitt en ég hygg að það hafi verið sett inn í stjórnarskrána sem hugsanlega mikilvægur varnagli. Með öðrum orðum: Hugsunin er sú, að ef það gerist – hversu ólíklegt sem það kann að vera – að Hæstiréttur fari út af sporinu, að þá hafi aðrir angar ríkisvaldsins það í hendi sér að setja honum stólinn fyrir dyrnar. Gísli Tryggvason nefndi reynsluna frá Bandaríkjunum á 4. áratugnum. Þetta er umdeilt meðal Bandaríkjamanna. Sumir telja að Roosevelt forseti hafi gert rétt þegar hann hótaði Hæstarétti því að fjölga í réttinum til þess að koma í veg fyrir skemmdarverk réttarins, að mati forsetans, á þeim kreppuráðstöfunum sem ríkisstjórn Bandaríkjanna taldi nauðsynleg til þess að vinna bug á atvinnuleysinu. Með öðrum orðum: Forseti Bandaríkjanna tefldi fram hótun og hún dugði. Hæstiréttur lagði niður vopnin og leyfði kreppuráðstöfununum að hafa sinn framgang. Ég hygg að hugsunin á bak við þessa grein, sem hefur verið í stjórnarskránni og er enn, hafi verið áþekkt og mér þætti þess vegna gaman eða gott og hollt að heyra frá nefndinni hvað hún er að hugsa þegar hún tekur þessa grein út vitandi vits. Ég er ekki að lýsa þeirri skoðun endilega að þessi grein eða sambærileg grein eigi að vera áfram í nýrri stjórnarskrá. Ég er bara að lýsa eftir því að menn hugsi um þetta og hafi alveg skýra hugmynd um að þeir séu að gera rétt þegar þeir taka þessa grein út.

Það var annað í máli Gísla sem ég fagna sérstaklega og það var það að hann skyldi mæla með því að þegar forseti veldur dómara í embætti einhvern annan en þeirra sem lögbundin nefnd metur hæfasta, þá þurfi aukinn meirihluta alþingismanna til þess að staðfesta ákvörðun forsetans. Ég tel að þetta sé dæmi um það þegar einfaldur meirihluti Alþingis dugir ekki og aukinn meirihluti eigi heldur að koma til álita, hvort sem það yrðu tveir þriðju, eins og Gísli nefndi áðan, eða þrjár fjóðu, eins og ég nefndi á fundi okkar um þetta mál fyrir viku. Ég tek einnig undir áhyggjur Guðmundar Gunnarssonar af lögbundnu nefndinni, að það skiptir miklu máli, í ljósi reynslunnar, hvernig hún yrði skipuð og ég tefldi því fram hér í síðustu viku að e.t.v. væru efni til þess að taka fram að erlenda sérfræðinga

eða erlenda menn megi skipa í slíka nefnd. En slíkt ákvæði þyrfti auðvitað að vera í samræmi við ákvæði sem eru annars staðar í nágildandi stjórnarskrá um það að erlenda menn megi ekki skipa í embætti. Þessu þarf auðvitað að ráða til lykta í fullu innbyrðis samræmi. En ég held að reynslan sýni okkur að hjálp vina okkar frá útlöndum við skipan í embætti gæti reynst okkur vel.

SN

Takk fyrir. Þá hefur mælendaskrá verið lokað og næstur á mælendaskrá er Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, mig langaði bara að taka aðeins fram varðandi þetta áfangaskjal, að mér finnst við kannski taka það full háttíðlega. Við eigum að vera dugleg að setja þar inn og ég tek undir orð Þorkels að við ættum bara að hafa þetta óbreytt, ekki að vera með hornklofa eða liti; það flækir bara málin. Þetta er allt breytingum háð. Svo vil ég líka hrósa þessari uppröðun. Mér finnst hún mjög falleg og þetta er farið að líkjast því sem sumir hafa kallað bókmenntaverk og er mjög hrifinn af þessari uppröðun og eiginlega mæli með því að þetta fólk hugi að uppröðun á fleiri stöðum. Og svo ætla ég að lokum líka að nefna það sem að Guðmundur Gunnarsson talaði [um] varðandi hæfnisnefndina. Þar er kannski skotmark fyrir okkur í C-nefndinni að athuga það hvort að það gæti eitthvað hjálpað okkur í umræðum næstu daga. Og ég vil svo náttúrulega áréttta það sem Íris Lind sagði varðandi lögfræðingana, að þær eru frábærar en við erum nokkuð mörg hér við borðið sem gætum alveg verið með þeim í þessari nefnd, þó við séum ekki endilega lögfræðingar. Takk.

SN

Takk fyrir það. Þá er næstur á mælendaskrá Eiríkur Bergmann.

EBE

Já, kærur félagar. Mig langaði aðeins til þess að bregðast við því sem að Þorkell ræddi hér áðan varðandi áfangaskjalið. Þorkell sagði að nágildandi stjórnarskrá væri grunnplaggið í okkar áfangaskjali. En það er ekki rétt. Áfangaskjalið samanstendur af fyrirsögnum sem við höfum sett við kafla nágildandi stjórnarskrá og svo er valkostur A og valkostur B, sem eru jafngildir: valkostur A er nágildandi stjórnarskrá, valkostur B eru ný ákvæði. Þannig að það er ekki þannig að það sé eðlilegt að nota orðalag nágildandi stjórnarskrár fremar en annað í tengslum við áfangaskjalið. Varðandi þessa breytingartillögu sem ég lagði hér fram fyrir viku á þessari tillögu sem þar kom fram og lýtur að þessu vandamáli sem við stöndum frammi fyrir varðandi hlutverk forsetans, þá vil ég bara ítreka það sem kom fram hérna rétt áðan, að ég sætti mig fyllilega við breytingartillögu Silju Báru við mína breytingartillögu, sem að formaður ráðsins hefur núna gert að sinni tillögu, og mun ekki fara fram á að mín upphaflega breytingartillaga verði tekin til afgreiðslu, af þessu gefnu; bara svo ég ítreki það.

SN

Gísli Tryggvason.

GT

Formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Ég þakka Porvaldi efnislegar undirtektir undir tillögur mínar og efnislegar umræður um ýmislegt annað. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að formaður ráðsins kynnti hérna, þegar ég las upp mínar efnislegu tillögur, að þær yrðu ekki afgreiddar hér, heldur í nefnd. Og ég sætti mig við það sem almenna reglu, svo fremi sem það sé almenn regla, eins og Katrín Oddsdóttir nefndi að hún sætti sig við. Ég sé ekki af hverju hornklofa-tillaga eða form-tillaga eða fyrirvara-tillaga ætti að vera réttþærri en þessi langa efnislega tillaga sem ég gerði, þannig að ég skil ekki alveg þessa löngu umræðu um hornklofa, hvort sem að – ég er mjög hrifinn af hornklofum reyndar sjálfur en þeir eiga kannski ekki við í svona starfi og ef að tillögur fara til afgreiðslu í nefnd og eru ekki afgreiddar í ráði, þá þarf ekkert að ræða það mjög lengi, hvort að menn sætti sig við breytingartillögu við hornklofa-tillögu eða hornklofa-breytingartillögu við þetta. Þannig að ég vil nú reyna að fjalla aðeins um efni málsins og leggja...

SN

Má ég aðeins? Ég ætla að koma hérna aðeins að þetta áður en þú kemur með efnislegar athugasemdir. Okkar hugmynd, upphaflega, var sú að breytingartillögur fari í nefnd svo að við lendum ekki í þrasi á fundum um akkurat svona tæknilegar útfærslur. Vegna þess að það er kannski ekki skemmtilegasti tími til að vera í slíku þrasi og þess vegna er ástæða til þess að tillögurnar koma, þær fái umræðu og síðan fara þær í nefndina. Hins vegar er þetta sérstaka mál, með hornklofa eða ekki hornklofa, forseta Íslands eða ekki forseta Íslands, dálítið sérstakt vegna vinnu annarrar nefndar og ég var að taka aðeins undir að við tækjum tillit til. En það er hins vegar mjög gott að það hafi komið hér fram mjög almennur skilningur á því að þær tillögur sem við afgreiðum í áfangaskjal eru breytingum háðar. Þannig að við séum alveg með það á hreinu. Þannig að þetta var bara til þess að mæta þessum óskum, sem höfðu komið fram hjá nokkrum úr B-nefndinni, að [þeim] fyndist þetta að einhverju leyti trufla þá vinnu. Mér finnst þetta ekki vera stórmál, m.a. vegna þess að mér finnst þetta vera almennur skilningur – og sérstaklega núna eftir þessar umræðu – að þetta er ekki endanlegt plagg. En í þetta skiptið er ég tilbúin til þess að við sættum okkur við hornklofa, ef það er til þess að enda þessa umræðu um forseta Íslands í þessari tillögu eða ekki. Það er tillagan. Þannig að við sitjum ekki hér yfir þessu lengi í viðbót. En Gísli, gjörðu svo vel, þú mátt nú koma að efnislegri umræðu sem er auðvitað skemmtilegri.

GT

Já, ég er nú einmitt að reyna að segja það. Við erum búin að ræða miklu meira um forseta, sem var ekki hér á dagskra, og minna um dómstóla, sem ég hefði viljað ræða meira um og mínar tillögur lúta að því. Þannig að ég hef ekki talað um forseta og tók undir tillögu Þorkels áðan um að það verði tekið fyrir á sérstökum fundi.

En aðeins um efni málsins, um dómstóla. Ég nefndi heldur ekki mikið um landsdóm í mínu máli og það er af því það tengist B-nefndinni, þannig að ég reyni að vera samkvæmur sjálfum mér í þessu. Aðeins um

vinnulöggjöfina: Það kemur fram í 44. gr. laga nr. 80 frá 1938 um stéttarfélög og vinnudeildur, að brot á þeim lögum er eitt af þeim atriðum sem félagsdómur dæmir um. Ef við viljum breyta því í stjórnarskrá, þá þarf það að vera meðvitað. En ég er ekki viss um það sé skynsamlegt, að fenginni reynslu. En að lokum, varðandi formið: Mér finnst mikilvægt að þær efnislegu tillögur, sem hér koma fram, fái þá þá umræðu sem er tilgangurinn með því að setja þetta í nefnd og þær verði birtar á vef ráðsins, þannig að þær fái a.m.k. jafn góða umfjöllun og erindi utan úr bæ og tillögur um hornklofa. Þannig að efnis málsins sé nú aðalatriðið. Takk.

SN

Ég tek undir það með Gísli mikilvægi þess að efnisatriði séu aðalatriði hér. Og næst tekur til máls Arnfríður Guðmundsdóttir.

AG

Já. Ráðsfulltrúar og aðrir áheyrendur. Það er kannski æra óstöðugan að fara að tala um hornklofa en mér finnst það mjög mikilvægt – og ég vil taka undir með þeim sem hafa lagt áherslu á það að þetta grunnskjal fari smátt og smátt að fá eitthvað kjöt beinin og að við séum óhrædd við að senda þar út efni til þess að fá viðbrögð. Og þar held ég að, hvort sem við notum hornklofa eða líti hvað sem er, þá finnst mér það þjóna þeim tilgangi að við lyftum einhvern veginn upp þeim efnum sem við viljum sérstaklega fá viðbrögð við vegna þess að það er mikil umræða um einhver ákveðin efni. Þannig að við einhvern veginn komum þeim skilaboðum til þeirra sem lesa, að þetta séu sérstök mál sem brenna á okkur og við viljum fá sjónarhorn á. Þannig að við förum í svona gagnvirka umræðu um að sjálfsögðu efnisleg atriði en þá skiptir það máli hvernig við gerum það til þess að kalla athygli að einhverju ákveðnu. Takk.

SN

Takk fyrir. Dögg Harðardóttir.

DH

Formaður og ágætu ráðsfulltrúar. Ég ætla ekki að tala um hornklofa og ég skal ekki vera langorð, svo við komumst nú öll í kaffi. Í síðustu viku, þá nefndi ég hérna varðandi D5 þessa leið að forseti eigi að geta farið framhjá hæfnisnefnd til þess að velja dómara. Og það hefur ekki verið tekið tillit til þess – þetta er hérna inni. Gísli nefndi hér fyrr í dag og það hafa fleiri tekið undir mikilvægi þess að ef forseti fer framhjá hæfnisnefndinni og ákveður að velja einhvern annan en hæfnisnefndin hefur talið hæfastan, að þá þurfi tvo þriðju Alþingis til samþykkis, ekki bara hreinan meirihluta. Ég hnytt um þetta aftur vegna þess að mér finnst þetta vera ávísun á algjört klúður. Í dag er það þannig að ef forseti neitar að skrifa undir lög, þá er þeim vísað í þjóðaratkvæðagreiðslu. Og ég spyr: Ef forseti fer framhjá hæfnisnefnd og ákveður að velja einhvern annan í dómastól, málið fer fyrir Alþingi og Alþingi hafnar hugmynd forsetans, hvað þá? Ég held að það þurfi að hugsa þetta mál alveg til enda. Hvað gerist þá? Fer málið þá bara aftur til forsetans og hann er neyddur til að skipa einhvern sem hæfnisnefndin mælti með? Ég er alveg sammála því og mér finnst allt í lagi

að hafa þetta hérna inni vegna þess að þetta er bara áfangaskjal en ég varpa þessu bara út til þjóðarinnar og til þeirra sem eru að hlusta á okkur og horfa á okkur, að tjá sig um þetta mál.

SN

Takk fyrir. Þá er umræðunni lokið og formaður nefndarinnar fær orðið til að taka upp þá þræði sem hafa verið lagðir hér. Pawel, gjörðu svo vel.

PB

Já. Kæru vinir. Fyrst varðandi þetta sem [við] höfum verið að ræða um, um hæfnisnefndina og aukinn meirihluta. Þannig er að í tillögunum, að þetta verk, skipa dómara er lagt á hendur þremur aðilum, þ.e.a.s. hæfnisnefnd sem starfar eftir lögum frá Alþingi, síðan forseta og Alþingi. Mér finnst hafa gætt dálítið tveggja ólíkra sjónarmiða hjá okkur og það er gott að átta sig á því: Annars vegar hafa menn áhyggjur af því að hæfnisnefndin muni verða einsleit í störfum sínum, hún muni vera alráð og hins vegar, þá vilja margir að Alþingi þurfi að samþykkja tillögur með auknum meirihluta. Við skulum bara átta okkur á því að við erum þarna með þrjá aðila og með því að breyta meirihlutunum á Alþingi í aukinn meirihluta erum við einfaldlega að færa aðeins meiri völd í hendur hæfnisnefndinni og aðeins minni völd í hendur forseta og Alþingi. En þetta er eitthvað sem er sjálfsgagt að ræða til að svara Dögg, þá hafði ég þá hugsað mér að... Það er náttúrulega alltaf hægt að skipa einhvern dómara. Það er alltaf einhver sem nefndarmennirnir meta hæfastan. Það er einungis í þeim – væntanlega – undantekningartilfellum sem forseti kys að ganga framhjá tillögum nefndarinnar og þá væntanlega þarf hann að vera nokkuð viss um að hann hafi fyrir því meirihluta.

Nú, ef ég fer aðeins yfir annað sem kom. Það kom hérna tillaga frá Eiríki um að setja þessa grein í hornklofa eða annan lit. Þetta er mér ekkert mikið hitamál. Ég held að aðalatriðið sé að þetta sjáist með einhverju móti á vefnum, svo að fólk geti séð þessar tillögur, tekið þátt í umræðum og gert það sama og við erum að gera hér. Þannig að mín vegna mætti t.d. þessi grein, D5, fara einfaldlega aftur til nefndar og hún væri þá birt á vef sem óafgreidd tillaga og annað í tillögunni væri þá afgreitt. Það er ekki stóratríði í mínum huga, persónulega. Ég tala auðvitað ekki fyrir hönd nefndarinnar allrar. Til þess hef ég ekkert umboð.

Varðandi nokkuð af tillögunum hans Gísla: Þetta er um margt góðar og athyglisverðar breytingartillögur og ég hlakka til að taka þær einfaldlega fyrir í nefndinni og ræða þær betur. Ég vona að hann muni engu að síður styðja tillöguna eins og hún liggur fyrir núna án þess að við tökum þessar tillögur til efnislegrar umfjöllunar núna. Það er t.d. hægt um fjölda dómara. Það er náttúrulega nýtt ákvæði. Í dag er ekki ákveðinn fjöldi dómara í stjórnarskránni, þannig að það er verið að áréttu það að það þurfi að breyta fjöldanum með lögum. Síðan leist mér þannig séð ágætlega á lausnina með bráðabirgðaákvæðið en við þurfum bara að taka þetta betur fyrir í umfjöllun nefndar. Gísli gerði vinnulöggjöf að umtalsefni sínu. Íris Lind svaraði því að mörgu leyti sem ég vildi svarað hafa. Þetta er áþekkt orðalag sem er fengið frá mönnum sem við teljum vera vel að sér í þessu máli. Við vorum hrædd um að vinnulöggjöf myndi útvíkka þetta yfir

í svið sem í dag er einfaldlega ekki undir lögsögu félagsdóms.

Varðandi það hvert megi vísa málum, þá var ekki vilji fyrir því í nefndinni að tiltaka Hæstarétt sérstaklega, t.d. ef ákveðið væri að koma á millidómstigi, þá er ekkert því til fyrirstöðu að löggjafi geti ákveðið að vísa málum þangað eða einfaldlega í héraðsdóm. En þetta er eitt af því sem við tókum einfaldlega fyrir í nefnd.

Margir hafa nefnt fjölbreytni sem eitt af því sem mætti ráða för í vali á dómurum. Ég er ekkert endilega sammála því að mér finnst það persónulega mikilvægasta sjónarmiðið. Ég held að að mörgu leyti, þá hallast ég að því að það sé kannski betra að dóm- arar séu fyrirsjáanlegir í störfum sínum, heldur en að þar ríki fjölbreytni. Mér finnst fjölbreytni svolítið rök fyrir kviðdómi. Svo var athugasemd Gísla varðandi orðið „lögskipað“ og síðan aftur varðandi aukinn meirihluta sem er umræða sem ég hef að einhverju leyti tekið fyrir nú þegar. Nú, Katrín Oddsdóttir og fleiri nefndu röðun. Ég þakka aftur að menn hafi sest niður og gert tillögu að nýrri uppröðun. Við skoðum þetta allt í nefndinni. Þorvaldur nefndi það að verið væri að fella á brott eina grein um það að það væri heimilt að færa dómara til í starfi þegar að verið væri að koma á nýrri skipan dómsmála. Þetta er tekið auðvitað upp... Okkar tillögur eru teknar upp úr tillögum stjórnlaganefndar sem byggja að einhverju leyti á tillögum Eiríks Tómassonar og þar er tekið á þessu sérstaklega. Það er, að mati stjórnlaganefndar og að mínu mati alla vega of rúm heimild að gefa löggjaf- anum þá heimild að færa dómara til í starf ef verið er að koma á nýrri skipan dómsmála. Þannig að það er mín skoðun alla vega, að þetta styrki dómsvaldið, að fella burt þessa heimild.

Þetta er nú það helst sem ég hef svona séð af því sem fram hefur komið ég þakka aftur umræðurnar og þær breytingartillögur sem fram eru komnar og þær verða teknar fyrir í nefnd og afgreiddar síðar. Takk fyrir.

SN

Ég þakka formanni og nefndinni allri fyrir mjög gott starf. Við gerðum mistök hérna áðan í mælenda- skránni að Þórhildur Þorleifsdóttir var ekki sett inn fyrir mistök. Þórhildur, viltu taka til máls núna?

ÞÞ

Já, þetta eru mistök sem ég skal nú reyna að fyrirgefa. En ég mér finnst bara engan veginn við hæfi að maður sé að hefja umræðu aftur eftir að formaður nefndar- innar hefur tekið saman helstu niðurstöður. Það sem ég ætlaði að segja, sumt af því hefur þegar verið sagt og engin ástæða til að japla það aftur. Annað get ég tekið upp við annað tækifæri því umræðan er þegar orðin, að mínu mati, of löng. Takk fyrir.

SN

Takk fyrir. Þá tókum við tillögu nefndarinnar til afgreiðslu og greiðum um hana atkvæði með hornklofa. [hlátur í sal] Það er bara hornklofi utan um „forseti Íslands“ og svo „velji forseti“ í hornklofa. Þannig að þá tókum við hana svona til afgreiðslu og ég bið ykkur um að rétta upp hönd sem samþykkið að tillagan fari þannig inn í áfangaskjalið. [atkvæðagreiðsla] Þá er spurningin... [hlær] Ég gleymi þessu. [ógreinilegt] Eru

einhverji á móti? Einn á móti. Og einhver sem situr hjá? Já, gjörðu svo vel, Þorvaldur.

ÞG

Já, mig langar til þess að leggja það til að atkvæða- greiðslur, að svo miklu leyti sem við þurfum á þeim að halda, verði opinberar í þeim skilningi að við sjáum ekki hvernig aðrir greiða atkvæði, þegar aðrir greiða atkvæði sjálf – bara svo að hver greiði atkvæði á eigin spýtur –, en hins vegar fái fólknið í landinu og við hin að vita hvernig hver og einn greiddi atkvæði, að lokinni atkvæðagreiðslu. Þetta er sá háttur sem er hafður á Alþingi og hefur verið lengi og þetta er sá háttur sem atkvæða- og kosningarfræðingar telja lang affarasæl- astan í kosningum í samkundum af þessu tagi.

SN

Takk fyrir, Þorvaldur. Við munum taka þetta til skoð- unar. Þá gerum við hlé í 15 mínútur og komum aftur eftir semsagt 15 mínútur, rétt 20 mínútur fyrir fjögur. Við byrjum þá eftir hlé á umræðu um tillögu um Lög- réttu sem kemur frá nefnd C og Pawel, formaður nefndarinnar, kynnti hér áðan. Ég bið ráðsmenn vin- samlega um að fá sér sæti. Við erum byrjuð fund og mælendaskrá er opnuð og fyrst á mælendaskrá er Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel, Silja.

SBÓ

Já, fundarstjóri. Góðir gestir. Ég þakka nefnd C fyrir þessa áhugaverðu tillögu og fagna henni. Mig langar að beina því til nefndarinnar að hún taki umræðu um það, ef ekki hefur verið gert nú þegar, að það verði áskilið að einhver í nefndinni, einn eða tveir fulltrúar, verði ekki löglærðir. Þetta er fyrirkomulag sem þekkt- ist. Erlingur og Örn Bárður voru að nefna þetta áðan hérna í umræðunni um dómstólana. Ég held að það sé alveg sérstaklega mikilvægt í þessum dómstóli að þarna séu einstaklingar sem koma utan að lögunum og koma með sjónarmið almennings inn. Þetta nefndi Jon Elster, fræðimaður sem var hérna fyrir nokkrum vikum og við hlustuðum mörg á, hann nefndi þetta m.a. sem fyrirmynd, sem ég man nú ekki nákvæmlega hvaða lönd hann nefndi en ég man að mér fannst þetta áhugavert og eftirbreytnivert. Ég geri það að tillögu minni að nefndin skoði þetta í næstu viku. Takk.

SN

Ég áréttá að þetta skjal er til kynningar og allar ábend- ingar fara síðan til nefndar. En næstur talar Vilhjálmur Þorsteinsson.

VÞ

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Þessi tillaga um Lögréttu er mjög til bóta í okkar stjórnskipan og lang- þráð að mörgu leyti því það hefur ekki verið hægt að í raun og veru að skjóta eða fá úr skorið um stjórn- skipulegt gildi laga eða hvort þau samræmist stjórnar- skrá nema með því að eiga beina aðild og hagsmuni í dómsmáli og þá hefur Hæstiréttur skorið úr. En það er í mörgum tilfellum, þegar um lagasetningu er að ræða sem varðar ýmiss konar almannahag, að það er ekki með góðu móti hægt að hafa neina sérstaka aðild eða hagsmuni sem að ráða því að maður gæti farið í dómsmál til þess að fá raunverulega úrskurð um stjórnskipulegt gildi laga. Og það að fá möguleika á

Þessu er mikil réttarbót fyrir almenning og fyrir landið og þjóðina alla. En það sem að ég myndi kannski vilja segja um þessa tillögu er að þarna er um að ræða mjög oft hagsmuni almennings, að fá úr þessu skoríð. Nú í tillögunni, þá er reiknað með því að þingnefnd eða þriðjungur alþingismanna geti borið stjórnskipulegt gildi laga undir Lögrétta og sömuleiðis getur forseti gert það eftir á, eftir að lög hafa verið samþykkt. Í fyrra tilfellinu er samsagt um að ræða frumvarp sem hægt er að skjóta til Lögrétta, í seinna tilfellinu, þegar forseti gerir það, þá er um að ræða þegar samþykkt lög. Það sem ég hef áhyggjur af í þessu er hvernig almenningur getur komið slíkri spurningu, ef svo má segja, á framfæri eða hvernig almenningur getur átt aðild að því að spyrja. Þannig að þá myndi almenningur væntanlega í þessu tilviki þurfa að snúa sér til forseta og hann yrði þá að skjóta málinu til Lögrétta í umboði einhverra. Þannig að ég myndi spyrja hvort að við gætum einhvern veginn búið til einhverja beina leið fyrir almenning í þessu efni. Sömuleiðis þá... Ég hef nefnt áðan að þetta er mikil réttarbót en hér er um að ræða, eins og tillagan er núna – og ég skil það að menn vilji kannski fara varlega til að byrja með – er tillagan þannig að þetta er ráðgefandi álit. Þetta er ekki bindandi álit Lögrétta. En það hlýtur að vera eitthvað sem að við munum vilja skoða í framhaldinu, hvort að Lögrétta eigi að vera eiginlegur stjórnlagadómstóll og gefa út bindandi álit og þá sömuleiðis kannski að fjalla betur um það hvað gerist ef að Lögrétta telur lög ekki samræmast stjórnarskrá. Fara þau til baka til þingsins eða hvað gerist?

Þannig að ég er fylgjandi því að þessi tillaga hér fari inn í áfangaskjal en það eru þarna nokkur stærri efnisleg atriði sem að mér finnst að við þurfum að ræða betur og ég beini til nefndarinnar að ræða betur.

Svo er bara eitt hérna í lokin, sem er minna atriði, það er þarna valkostur A og B um hvernig sé skipað í Lögrétta. Og í annarri tillögunni, þá er talað um einn þjóðkjörinn fulltrúar í Lögrétta, sem er þá einn af fimm fulltrúum þar. Ég hef nú á tilfinningunni að þetta yrðu afskaplega óspennandi kosningar fyrir almenning að kjósa þennan eina aðila þó að ég skilji alveg hvað liggur þarna að baki, þannig að ég held að ef að menn ætla að fara þessa leið, þá ætti frekar að kjósa fleiri heldur en einn af fimm. Bara, eins og ég segi, til þess þreyta ekki almenning á þessu sviði, sem er kannski þó takmarkað. Þannig að ég myndi, að svo komnu máli, vera meira fylgjandi valkosti A, þar sem að fulltrúar í Lögrétta er tilnefndir en ekki þjóðkjörnir. Takk.

SN
Gísli Tryggvason.

GT
Já, formaður, góðir félagar, aðrir áheyrendur. Ég held að þetta sé góð tillaga sem skilar okkur áleiðis til réttarbóta og valddreifingar, sem margir hafa lagt áherslu á. Ég er líka mjög hrifinn af nafninu. Ég held að Lögrétta sé nokkuð gott og sögulegt nafn á stjórnlagadómstól, eins og ég vil reyndar hafa þetta. Nú, þá finnst mér gott hverjir geta skotið málum til Lögrétta, þingnefnd, þriðjungur þingmanna eða forseti. En ég tek undir með Vilhjálmi að það mætti huga að fleirum. Til dæmis get ég nefnt heildarsamtök launafólks, sem hafa þó eitthvert lýðræðislegt umboð, en ein-

hvern veginn þannig að að fleiri utan stjórnkerfisins geti borið álitaefni um almannahag, þ.e.a.s. stjórnlag, undir Lögrétta. Meginatriði sem ég vil hins vegar nefna er að ég tel að Lögrétta eigi að komast að bindandi niðurstöðum en ekki gefa út álit. Ráðgefandi álit gæti kannski verið tækur kostur í ríki með ríkari með réttar- og lýðræðishefð og meiri valddreifingu en ég held, að fenginni reynslu, að það þurfi róttækari breytingu hér og við þurfum að koma á eiginlegum stjórnlagadómstól. En út af þeim rökum sem margir hafa nefnt og ég vék að í ræðu minni hér síðasta fimmtudag, þar sem ég hafði þetta í stefnuræðu minni, þ.e. að þá þarf að gæta að kostnaði og samræmi f.o.f. Þess vegna hef ég lagt til að Hæstarétti verði falið þetta hlutverk með breyttri skipan þó þegar hann fjallar um þessi mál, svipað og landsdómur þar sem að sjö embættisdóm- arar eru fastur kjarnir og meirihlutinn, átta, eru kjörnir af Alþingi og þeir þurfa ekki að vera löglærðir, eins og Silja Bára nefndi. Þannig að það þarf að huga að fjölbreytninni í þessum málum, eins og ég vék að í tillögu minni um dómstólakaflann almennt. Það þarf hins vegar að huga að þessu sem Pawel nefndi í ræðu sinni hérna áðan fyrir hlé, hvernig er hægt að tryggja að það sé þá ekki með málskoti og dómi fyrir fram um löggjöf eða stjórnarathöfn búið að takmarka möguleika einhvers sem á beinna hagsmuna að gæta að bera málið undir stjórnlagadómstól eða dómstól að nýju og ég er ekki alveg með lausn á því. En mér finnst þetta gott skref en vil ganga lengra. Takk.

SN
Þá er það Ómar Ragnarsson.

ÓR
Já, formaður. Góðir ráðsmenn og ráðskonur. Þetta er svona öðru vísi hjá mér. Af því að hornklofaumræðan var hérna áðan, þá langar mig til þess að ljúka henni svona með stæl. Forsetinn er búinn að vera þarna inni og úti talað um þennan hornklofa. Því ég ætla að fara hérna með vísu um þetta og ljúka þessari umræðu vonandi þannig:

*Þeir er sumir þrasa hér
Þjóðhöfðingja vorn lofa.
Hér inn og út á flakk sam fer
Forsetinn í hornklofa.*

Og forsetinn er í hornklofa í þessari vísu og hornklofinn er í hornklofa. [hlátur í sal] En það var mjög erfitt að ríma á móti hornklofa en „Þjóðhöfðingja vorn lofa“, þar held ég að Ólafur Ragnar sé ánægður.

SN
Takk fyrir. Þá er næst Katrín Oddsdóttir.

KO
Já. Ég segi: Takk, nefnd C, einn og aftur. Þið eruð dugleg og það sem mér finnst sérstaklega aðdáunarvert við ykkar vinnubrögð eru að það er mikið output sem að ég held að sé frábært, því þá höfum við eitthvað til að tala um og eitthvað til að sýna þjóðinni – og þetta er ekki skot á nefnd B! [hlátur] En það sem mig langar til að tala um er á svipuðum nótum kannski og Villi og Gísli voru á hérna áðan, þ.e.a.s. já, frábær byrjun en tókum þetta lengra. Í fyrsta lagi, þá skil ég ekki alveg:

Valkostur A og B eru svo líkir, ég skil ekki af hverju þið komið ekki með meira alternative í hvernig þessi nefnd er valin. Það er einhver smá breyting í staðinn fyrir að bjóða okkur upp á að tala um einhverjar tvær mjög ólíkar leiðir. Þannig að ég myndi auglýsa eftir því að ef það eru svona skiptar skoðanir í nefndinni um hvernig ætti að skipa nefndina [þ.e. Lögrétta], þá fengjum við bara að sjá, fyrst við fáum valkost á annað borð, kannski aðeins meiri breidd. Ef þið vilduð prófa að taka þetta aftur og sjá hvað, er eitthvað allt annað sem okkur getur dottið í hug.

Og af því að ég hef líka miklar áhyggjur, eins og ég sagði ykkur í gær, á okkar óformlega fundi á þessari sérþekkingu á stjórnlögum – fimm menn til fjögurra ára með sérþekkingu á stjórnlögum. Ég held að þeir séu svona tíu á Íslandi sem telji sig hafa sérþekkingu á stjórnlögum. Og svo ætlum við að láta Hæstarétt og Alþingi og þessa usual suspects velja þá og við erum að bjóða upp á rosalega innræktun valdsins enn og aftur, sérstaklega ef við erum að tala um það að þetta sé n.k. dómssvald þarna – þetta daðrar a.m.k. við dómssvald – og að láta Hæstarétt velja í annars konar dómssvald, þá velur Hæstiréttur einhvern sem hann veit að segir það sama og þeir. Þannig að ég myndi vera mjög glöð ef við gætum fengið að sjá tillögu með einhvern veginn allt öðrum hætti.

Þá er ég mjög hrifin af þessari tillögu hans Gísla um að nota know-how-ið sem við höfum nú þegar eða þekkinguna í Hæstarétti en bæta við einhvers konar slembiúrtaki eða fólkið sem að getur miklu frekar sam-samað sig með kannski svona almenningi, heldur en kannski þessir sem hafa lengi verið inni í valdabröltinu geta. Þannig að það er frábær tillaga, finnst mér, og sniðug af því hún er hagkvæm.

Mig langar líka til þess að taka sérstaklega undir með Vilhjálmí varðandi aðgang almennings. Ég held að það sé alveg crucial að við reynum að tryggja það, að almenningur hafi þarna aðgang. Það er það sem vantar mest. Hér hefur fólk reynt að láta reyna á ýmislegt, eins og hvort að Kárahnjúkavirkjun væri lögmæt eða hvort EES-inngangan... og það er alltaf stoppað á einhverjum lögvörðum hagsmunum, sem að einstaklingar eru ekki taldir hafa. Og þetta er bara stórkostleg réttarhindrun og það er ekki hægt að segja að fólk njóti réttlátrar málsmeðferðar í þessu landi á meðan það er brugðið upp einhverjum þröskuldum sem hvergi eru sjáanlegir í lögum með þessum hætti. Þannig að ég segi: inn með almenning. Við þurfum ekkert að vera hrædd við það. Bara inn með hann.

Og ég líka skil ekki alveg út af hverju þetta getur ekki verið tilvaldið farartæki til að hafa um það hvort að alþingismenn séu löglega kjörnir, eins og ég held að Þorvaldur hafi komið inn á eða Eiríkur. (Eiríkur er orðinn eins og 26. maðurinn hérna í ráðinu, ég er þá að tala um Eirík Tómasson, núverandi hæstaréttardómara.) Þannig að ef við erum að búa til einhvers konar svona batterí, reynum þá að nýta það sem best og látum það standa svolítið út fyrir og reynum að taka ákvarðanir um þessi stærri mál sem að við erum svona... af því að við erum öll sammála um takmarkið valddreifing, alveg sama hvar við stöndum, alveg sama hvað við heitum, alveg sama hver kaus okkur, þá hljótu-um við að vera sammála um að valddreifing sé góð. Er það ekki? Ég gef mér að svarið sé já. En notum þá tækifærið og reynum, með úrræðum eins og þessum,

að búa til sem mesta valddreifingu, ekki bara svolitla valddreifingu, heldur sem mesta. Ég skora á ykkur. Ég held að bara strax að taka út þetta „sérþekking á stjórnlögum“, að búa ekki til svona hræðsluþröskulda einhverja, ég mundi bara varla þora að segja að ég hafi sérþekkingu á stjórnlögum, jafnvel samt ég sé lögfræðingur og hafi setið í stjórnlagaráði í tvær viku eða eitthvað. Þannig að ég held að það sé óþarfi að vera með þessa sérfræðingadýrkun alltaf. Hugsandi fólk getur alveg metið svona mál líka og með aðstoð þá lögfróðra til að útskýra hvernig kannski dómaframkvæmd og annað hefur verið hagað.

Og að lokum, þá mundi ég vilja sérstaklega taka fram – og ég tek það fram að þessi ábending kom líka úr salnum, frá gesti hjá okkur – að hvað ef framkvæmdarvaldið brýtur lögin eftir að þau hafa verið samþykkt? Þurfum við ekki að hafa þannig möguleika inni? Hvað ef að ráðherra fer bara gegn lögum án þess að spyrja kóng né prest, verðum við þá ekki að geta látið reyna á og þá dregið til ábyrgðar menn eða konur sem gera slíka hluti? Og er þetta ekki einmitt staðurinn fyrir það? Fleira er það nú ekki í bili en takk enn og aftur fyrir þessa frábæru byrjun og fyrir að vera svona dugleg að koma með hugmyndir til okkar og setja þær fram. Mér finnst það aðdáunarvert. Takk.

SN

Þorvaldur Gylfason.

ÞG

Já, formaður. Góðir ráðsfulltrúar. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem Katrín Oddsdóttir var að lýsa. Og um leið og ég þakka nefndinni sem hefur lagt þessi mál, þá langar mig að ítreka þá skoðun sem ég lýsti hér fyrir viku, að tillagan um Lögrétta, hún gengur ekki nógu langt. Hún gengur mun skemra en tillagan sem að Eiríkur Tómasson prófessor birtir í skýrslu stjórnlaganefndar. Því að það er tvennt sem vantar í verklýsinguna handa Lögrétta: Annað er það að hún felli úrskurði um það hvort athafnir eða athafnaleysi einhvers af handhöfum framkvæmdarvaldsins sé áthugasvert, þ.e.a.s. varði við stjórnarskrána og þeir úrskurðir sem Lögrétta myndi fella um slíkt væru bindandi. Og þetta er lykilatriði í því aðhaldi sem framkvæmdarvaldið þarf að lúta, eins og Pétur Gunnlaugsson lýsti vel fyrir á þessum fundi. Ráðherra-ábyrgðarlögin, þau duga ekki ein sér; reynslan sýnir það. Og þess vegna er það mjög brýnt, þykir mér, að Lögrétta verði falið að fjalla um þetta. Síðan er annað mál, sem Eiríkur Tómasson tilgreinir í sinni greinargerð og ég lýsti fyrir ykkur fyrr, og það er það að Lögrétta þarf að skera úr um það hvort þingmenn séu réttkjörnir eða hafi misst kjörgengi sitt. Því að núverandi skipan er sú, eins og ég sagði ykkur fyrir viku, að Alþingi ákveður þetta sjálft, sem er gersamlega ótækt fyrirkomulag og hefur meira að segja ráðið úrslitum um myndun ríkisstjórnar á Alþingi nýlega. Þessu tvennu þarf, að tillögu Eiríks og minni, að kippa inn, að minni hyggju, í tillöguna um Lögrétta, þannig að hún hafi þessi þrjú hlutverk: það sem lýst er hér í þessari tillögu, þ.e.a.s. fjalli um það hvort að lög standist stjórnarskrá, en einnig þetta tvennt hitt. Þannig að ég vona það að nefndin taki það til vandlegrar skoðunar á fundum sínum.

SN
Guðmundur Gunnarsson er næstur á mælendaskrá.

GG
Ja, það er búið að segja það sem ég ætlaði að segja. Takk fyrir.

SN
Andrés Magnússon.

AM
Formaður og kærur félagar. Áheyrendur. Mig langar að taka undir það sem margir hafa sagt hér áður, eins og Katrín Oddsdóttir, Örn Bárður og Guðmundur, um það að nefnd getur verið mjög einsleit og þegar við erum að færa vald frá pólitíkusum yfir til valnefnda, þá erum við ekki að eyða valdi, við erum að færa það á annan stað. Og þá getum við fengið svona ákveðið sérfræðingaveldi. Ég vil ekki að lögfræðingar taki þetta sem gagnrýni. Ég meina, það væri ekki vandlifað á Íslandi ef þeir væru allir jafn ágætir og okkar fulltrúar, innan lögfræðingastéttarinnar. En það er samt, í lögfræði eins og t.d. í mínu fagi, að menn hugsa á líkan hátt. Það var nefnt hér að það væri kostur að þeir hugsuðu allir á líkan hátt, af þá væru þeir svo fyrirsjáanlegir. En eigum við þá að senda þau skilaboð til Bandaríkjanna að við óskum eftir því að lagadeildirnar hugsuðu ekki allar svona ólíkt? Við viljum að þið hugsuðu allir eins, því að þá getum við vitað betur hvernig við eigum að haga okkur. Ég held einmitt ekki. Ég held við þurfum fjölbreytni. Og þessi hætta á því að sérfræðingahópur verði mjög einsleitur er miklu, miklu meiri á Íslandi heldur en í öðrum löndum, þar sem að áhrifavaldarnir og fyrirmyndirnar og þeir sem skrifa eru mjög fáir, umgangast hver annan og hafa mjög líkar hugmyndir.

Ástæðan fyrir að við höfum þarna þennan valkost B, þetta varfærna valkost B, þ.e. að einn skyldi [vera] þjóðkjörinn, það er einmitt til þess að Íslendingar geti fengið að æfa sig aðeins í beinu lýðræði. Á Íslandi í dag, fólk er ekkert hleypt að. Það er passað upp á það að beint, virkt lýðræði sé sem allra minnst. Og auðvitað er það dálítið stórt apparat ef það á að fara að kjósa einu sinni um einn mann. En alla vega ég sé það alltaf fyrir mér að það verði meira beint lýðræði hérna til þess að koma í fyrir pólitíska veitingu embætta eða sérfræðiveldi, að þá verði leitað meira til þjóðarinnar og að þessi maður verði kosinn þá um leið og margir aðrir. Ég var margsinnis búinn að lýsa því yfir að t.d. útvarpsstjóri og hagstofustjóra og svo fleiri, þar sem er virkilega feitt embætti ef pólitíkus getur komið einhverjum í slíkar valdastöður.

Af því að hinar djúpvitru konur, Katrín Fjeldsted og Þórhildur, voru að tala um að við þyrftum að taka svona dýpri umræðu. Þetta er stef sem er komið til aftur og aftur, það er þetta: Hvernig getur þetta val á fulltrúum endurspeglad samsetningu þjóðarinnar? Við lendum svo oft í þessu og það eru nokkrar aðferðir til þess. Til dæmis ef Lögrétta á að endurspeglar samsetningu þjóðarinnar, hvernig allir hugsa á Íslandi, líka bændurnir á sléttu, eins og Guðmundur benti á, þá mun það ekki takast með því að Hæstiréttur skipi menn í svona nefnd. Ég vitna enn einu sinni í Lýðræðisfélagið Öldu, sem segir að það sé hægt að nota einhvers konar slembiútdrátt, t.d. slembiúrtak úr

öllum löglærðum mönnum á Íslandi eða öllum starfandi lögmönnum. Við höfum sumir rætt það hér, að það væri hægt að búi til einhvers konar þverskurðarnefnd, þar sem væri valið t.d. fólk frá Alþýðusambandi Íslands, frá BHM, frá Bandalagi listamanna o.s.frv. og að þeir muni skipa mjög margar nefndir. Þá er verið að passa upp á það að þetta verði ekki of einsleitt. Einfaldast er nú alltaf að kjósa og mér finnst allt í lagi að hleypa þjóðinni að. Þjóðin kaus t.d. okkur. Hún kys líka þingmennina og það virðist – ég veit ekki hvort það eru rök með eða á móti. Ég held að það sé bara allt í lagi að fólk kjósi og ég þakka fyrir... Katrín fór fram á að valkostur B væri róttækari. Við þorðum ekki að fara lengra en [það er] sjálfsagt einmitt að taka það fram að það séu þá ólöglærðir menn. Hvort að við skilyrðum það frekar, t.d. rökfræðingar held ég að séu ágætir eða heimspekingar gætu líka verið í þessu. Semsé, ég er mjög fylgjandi valkosti B og að við séum meðvitað um það að nefndir munu auka dálítið til sérfræðiveldis og ekki endurspeglar þverskurð þjóðarinnar. Takk.

SN
Pawel er næstur á mælendaskrá.

PB
Já, þessi umræða skiptir auðvitað töluverðu máli og ég skal bara koma hreint til dyra sem algjör elitisti, að mér líður einfaldlega betur að hafa löglærða menn að dæma um stjórnarskrá heldur en ólöglærða, slembivaldna eða kjörna. Sko, það er auðvitað hægt að kjósa í ýmislegt. Ef við værum t.d. að kjósa að finna menn sem ættu að úrskurða um gildi einhvers lagafrumvarps á Alþingi, þá værum við náttúrulega í rauninni að koma á einhvers konar efri deild og það er algjörlega sjálfsögð umræða en við skulum ekki endilega blanda öllu saman, að mínu viti. Þó ég sé alveg hlynntur því að kjósa til fleiri embætta – ég hef t.d. lýst því yfir áhuga á því að kjósa framkvæmdarvaldið beint, mér finnst það eitt af því sem við getum rætt, þó að ég hallist ekki að þeirri umræðu núna – mér mundi detta í hug mörg, mörg önnur embætti, sem ég myndi vilja kjósa til áður en við færum að kjósa menn sem eiga að vera neyðarventill á það hvort að lög standist stjórnarskrá eða ekki á Alþingi Íslendinga. Þetta er neyðarventill. Mér finnst kannski hugmyndir um kosningar til ráðgefandi nefndar, mér finnst þær ekki ganga upp. Þannig að, svo ég sé algjörlega skýr á því af hverju hugmyndirnar voru ekki róttækari, ég einfaldlega styð heils hugar tillögu A. Aðrir í nefndinni vildu miklu frekar fara hina leið og þetta er tillaga sem þeir og þau lögðu fram og þannig lítur þetta út og svo tókumst við bara á um þetta.

Það var nefnt hérna... almenningur, hvort hann ætti að hafa aðkomu og það er í sjálfu sér í rauninni rökrétt hugmynd. Málið er hins vegar bara það að ef það er reynsla frá þeim ríkjum þar sem þeirri heimild er annars vegar beitt til almennings og hins vegar til einhvers hluta þingmanna, þá verður það alltaf niðurstaðan, að það er þingmannaákvæðinu sem er beitt, vegna þess að það er náttúrulega miklu auðveldara að ná því í gegn, heldur en... t.d. á einn maður að geta haft þetta vald að stöðva frumvarp? Þá yrði þetta alltaf notað. Á að safna undirskriftum? Þá fara menn frekar yfir í það að safna þingmönnum á þingi. Og við vorum í nefndinni aðallega að hugsa þetta sem einhvers konar neyðarventil, alla vega í þessari útfærslu.

Þorvaldur kom inn á tillögu Eiríks og ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir alla sem hérna fylgjast með, bæði hér og annars staðar, að átta okkur á þeim mun á vissulega er það þannig að Eiríkur Tómasson leggur fram í sínum tillögum viðbótarskyldur á þetta stjórnvald en hins vegar stjórnlaganefndin, í sínum tillögum, gerir það ekki. Við fórum í nefndartillögu stjórnlaganefndar, þar er þessari nefnd, Lögrétta, einungis falið það vald að vera ráðgefandi vald fyrir Alþingi um hvort lög, sem Alþingi er með til umræðu, standist stjórnarskrá eða ekki og sama síðan fyrir forseta. Þannig að við erum ekki að ganga framhjá tillögum Eiríks Tómassonar en við erum semsagt að fara að tillögum stjórnlaganefndar að mestu leyti.

Ef að þessi nefnd, Lögrétta, ætti að fá fleiri hlutverk, sem er auðvitað eitt af því sem sjálfsagt er að ræða... Það voru nefnd tvö hlutver: annars vegar það hvort alþingismenn séu löglega kjörnir. Persónulega er það skoðun mín að það sé einfaldlega best varið í höndum Hæstaréttar og menn megi ekki láta einhver svona sárindi hafa áhrif á það að það er sjálfsagt réttasti staðurinn til þess. Það er náttúrulega þannig í kafla um dómstóla, sem við vorum svona hálfpartinn að samþykkja inn í áfangaskjal, að þar er fjallað um það að dómstólar skeri um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Þannig að með sama hætti, út frá þeirri grein, þá ef að einhver telur að stjórnvöld fari ekki að lögum, þá er þar fyrir almennum dómstólum tækifæri til að skjóta til þess. Ef við myndum fela stjórnlaganefnd eða Lögrétta það vald, þá þyrftum við að tiltaka það, að í kafla um Hæstarétt, að hún hefði þá úrskurðarvald í þeim efnum. Og mér líkar persónulega ekki við það í þessu litla landi að búa til einhvers konar tvöfalt dómskerfi, þ.e. Lögrétta sem dæmir sum mál og Hæstiréttur sem dæmir um önnur mál.

Þetta er nú það fyrsta sem mér dettur í hug að segja í þessari umræðu. En þakka öllum sem hafa tekið í henni.

SN
Lýður Árnason.

LÁ
Sko, þessi nefnd, hún hefur eiginlega ekki ennþá rætt kannski almennilega stjórnlagadómstól. Þessir tveir valkostir, þeir sýna kannski svolítið hversu langt við vorum komin í umræðunni. Við vorum kannski ekki alveg komin inn á það að hafa stjórnlagadómstól sem væri ekki ráðgefandi heldur bindandi. Í mínum huga er þessi valkostur B einungis til þess að sýna fram á að það er alla vega eitthvað lífsmark með þeim hugmyndum að þjóðin komi eitthvað að þessu. Það virðist vera töluvert mikil hræðsla við það að þjóðin fái að kjósa sína fulltrúa. Ég vil þó kannski benda á það að við sjálf erum hér fyrir tilstilli þjóðarinnar og í staðinn fyrir að dýrka svona ofboðslega þessa sérþekkingu og sérfræðinga að öllu leyti, þá skulum við hafa það í huga að þetta hefur tíðkast hér í mörg ár, að það eru svona afmarkaðir hópar með sérþekkingu sem hafa kittað upp í kerfið og kosið sjálfa sig. Niðurstaðan hefur bara því miður verið töluvert mikil spilling. Og ég segi nú bara eins og sessunautur minn ámalgaði, að það er kannski allt í lagi ef að menn telja greindarvísitölu endilega fylgja langskólanámi, þá er það allt í lagi kannski að gefa afslátt af greindar-

vísitölunni og hugsanlega þá minnka spillingu um leið. Takk fyrir.

SN
Ómar Ragnarsson.

ÓR
Já. Ég verð nú að taka undir það að mér finnst þau Katrín og Þorvaldur og fleiri hér sem hafa talað núna hafa mikið til síns máls og að okkar starfi í C-nefndinni sé alls ekki lokið og vil taka undir margt af því sem þau segja. Ég vil benda á að hér á Íslandi er búið að snúa orðinu „embætti“ upp í andhverfu sína. „Embætti“, það er eitthvað óskaplega flott; maður fær „feitt embætti“, „vel launað embætti“. En ég vil minna á, að í frumnorraenu máli er „embætti“ og „ambátt“ sama orðið í raun. „Embætti“ er þjónn, alveg eins og „ambátt“ og ég sé ekkert á móti því að við fikrum okkur í áttina að því sem að hefur reynst bara sémilega í öðrum löndum. Okkur flökrar við því hér á Íslandi, að það sé kviðdómur eins og er í Ameríku, þar sem bara venjulegt fólk með slembiúrtaki á dæma um sekt eða sýknu, jafnvel dauðarefsingu. En þetta virðist nú ganga þar. Og ég ætla að nefna eitt dæmi, svona til umhugsunar. Ég var í stjórn Óháða safnaðarins í Reykjavík og þá, skv. lögum safnaðarins, þá þurfti stjórnin að ráða hvert. Það voru ekki kosningar, þær höfðu reynst illa. Og allt í einu sat maður þarna með þrjá guðfræðilærða menn, presta, og þurfti að fara að hlýða þeim yfir í trúmálum. Af hverju? Af því að þessir prestar, þeir áttu að þjóna söfnuðinum sem við vorum fulltrúar fyrir. Við völdum prest og ég veit ekkert núna hvort að það var rétt val. Ég get bara sagt ykkur svona til gamans að ef ég mætti velja þetta núna, þá hefði ég valið annan prest. En kannski er hann allt öðru vísi í dag, heldur en að hann kynnti sig í þessu viðtali en það man hann kannski sjálfur. Ég ætla ekki að fara lengra út í það en ég ætla bara að segja [hlær] að það er ákveðinn maður sem hlær, sem þýðir líka það, að bara venjulegt fólk, það á furðu mikla möguleika á að þroskast og vitkast og hafa jafnvel ákvörðunarvald. Og ég minni að lokum á það, að einhver fyrirverandi ráðherra sagði einu sinni: „Til þess að vera ráðherra á Íslandi, þá þarft bara að hafa meðalgreind og ekkert meira en það.“ Sem minnir mig á það sem Andrés sagði á sameiginlegum fundi í gær: „Það er meira en virði að þú sért með óspilltan meðalgreindan eða jafnvel illa greindan mann, heldur en flutggáfaðan spilltan mann.“

SN
Katrín Fjeldsted.

KF
Já, ég fagna þessum hugmyndum og heitinu Lögrétta. Þetta er lagt fram til kynningar. Ég ætla að vera mjög stuttur en ég verð að segja að mér finnst þetta kannski nokkuð þröngt, eins og þetta er sett upp, þessir valkostir eru hvort öðrum líkir. Í öðru stendur að þessir fimm aðilar eigi að hafa „þekkingu [á stjórnlögum]“ og í hinna tillögunni að þeir eigi að hafa „sérþekkingu á stjórnlögum“. Ég myndi vilja sjá aðkomu almennings miklu meiri þarna að. Þarna er forseti Íslands án hornklofa, ég bendi á það.

SN

Enda er þetta til kynningar.

KF

„Fimm menn til fjögurra ára“ – það þýðir að þar er umsetning, það er ekki sama fólkið áfram. Þess vegna finnst mér virkileg spurning, hvort að Hæstiréttur eða dómarrar innan Hæstaréttar eigi yfirleitt að vera að tilnefna inn í þennan dóm. Mér finnst það ekkert blasa við að svo þurfi að vera. Og ég myndi vera svona frekar höll undir það að Lögrétta væri stjórnlagadómstóll sem að gæfi bindandi álit. Ég bendi á það, að hér erum við, 25 fulltrúar, sem teljum okkur vera nokkuð góðan þverskurð þjóðarinnar. Meirihlutinn er ekki löglærður og við teljum okkur þess umkomin að endurskrifa stjórnarskrá landsins. Og á sama hátt tel ég augljóst, að fólk úr röðum almennings geti komið inn í Lögréttu af þessu tagi og eigi helst að gera það. Takk.

PB

Það á að standa „þekkingu“ á báðum stöðum.

SN

Ókey. Þannig að það er ekki „sérþekking“ í valkosti B, heldur með „þekkingu á stjórn[lögum]“? Já, einmitt. Þannig að þá er þeirri athugasemd komið hér á framfæri. Næstu talar Íris Lind Sæmundsdóttir.

ÍLS

Kærar þakkir, kæri formaður og kærur félagar. Þið sem eruð hér í salnum og þið sem heima sitjið. Mig langar bara að bregðast aðeins við nokkrum athugasemdum. Hér er verið að ræðum semsagt „þekkingu á stjórn-lögum“. Ég held að við verðum kannski aðeins að átta okkur á því eftir hverju við erum að falast. Við erum að óska eftir því, að hér verði sett á laggirnar apparat með heitinu Lögrétta, eins og við setjum þetta fram hér, sem falið verði að meta hvort lög eða lagafrumvarp brjóti í bága við stjórnarskrá. Við erum að tala um stjórnskipunarrétt sem er yfirgripsmikið og gríðarlega flókið réttarsvið. Ef við ætlum að óska eftir því að slíkt apparat gefi álit sitt innan fárra vikna eða jafnvel einnar viku eða ég veit hver tímaramminn ætti að vera, þá verðum við að átta okkur á því að þurfi að vera ákveðnir sérþekkingar, sem hafi yfir að búa ákveðinni grundvallarþekkingu á stjórnskipunarrétti í heild sinni – hann er jú ekki bara hin skrifaða stjórnarskrá, hann byggist líka á ákveðnum fordæmum sem lögð eru fram í dómum – viðkomandi aðilar þurfa náttúrulega að gera sér grein fyrir því hver bakgrunnur íslenska stjórnarskipunarréttarins er og þekkja forsögu og fordæmi. Ég held bara að þetta sé svona grundvallaratriði í þessari umræðu og ég verð bara að taka það fram, að ég met það sem svo að það sé bara grundvallaratriði um það hverjir veljist þarna inn að þarna veljist inn einstaklingar sem hafi yfir að búa þessari þekkingu, sem þurfi að vera til staðar. Hér var nefnt fyrirsjáanleiki – ég man nú ekki hver nefndi það – en það er nú grundvallaratriði í réttarríkinu og í réttaröryggi borgaranna að þeir geti gert sér grein fyrir því með hvaða hætti dómarrar muni falla og hvort athöfn þeirra eða athafnaleysi feli í sér lögbrot. Þeir geta ekki gert það ef það má búast við því að dómarrar falli á einn veg í dag og annan veg á morgun. Þannig að þetta er líka ákveðið atriði í því að ákvarðanir séu fyrirsjáanlegar.

Varðandi það sem Andrés Magnússon nefndi varðandi hagsmunaaðila og líka Gíslu, sem sagt í þessa nefnd, og fleiri aðilar hérna í dag. Af því að Andrés hefur verið að benda á Lýðræðisfélagið Öldu – ég nefndi þetta á fundi með Öldu um daginn, sem við Andrés sátum bæði, að í t.d. dómnefndum sem að falið væri að velja hæfustu dómaraefnin, að þar gæti hugsanlega komið til greina að setja inn hagsmunaaðila. Þau þvertóku fyrir það og töldu það ekki vera gott fyrirkomulag; það væri bara verið að færa vald í hendur annars valds, sem að væri hugsanlega sama valdið og Andrés hefur verið að gagnrýna hér. Mig langaði líka að nefna, bara varðandi afstöðu til valkosta A og B: Pawel nefndi hér áðan, að hann hefði verið fylgjandi kosti A. Ég vil bara taka fram, að nefndin var helmingaskipt: það voru fjórir með kosti A og fjórir með kosti B og persónulega er ég fylgjandi kosti A. Takk.

SN

Takk. Þá er næstu Þorkell Helgason og eftir að hann hefur talað, þá lokum við mælendaskrá.

PH

Formaður og góðir félagar. Það er nú líklega búíð að segja margt af þessu sem ég ætlaði að segja. Það er búíð að leiðrétta þetta með sérþekkinguna. Varðandi valkost A og reyndar B líka, þá hnýt ég núna um eitt atriði, sem menn ættu kannski að íhuga: Á þetta að vera forseti Hæstaréttar sem tilnefnir menn? Á ekki bara að vera Hæstiréttur, alveg eins og Alþingi, en ekki forseti Alþingis? Ég veit ekki hvaða hugsun lá þarna að baki hér hjá stjórnlaganefndinni. Þetta með kjörbréf þingmanna höfum við rætt oft í hópnun og ætlum að láta það aðeins bíða þangað til tökum kosningamálin almennt fyrir. En ég hygg að það séu allir sammála um það, að það fyrirkomulag að þingmen löggildi sig sjálfa gangi ekki. En hvort þetta eigi að vera Lögrétta eða Hæstiréttur, það þarf að íhuga betur. Já, ég held að það sé nú ekki fleira sem ég ætlaði að koma að. Takk fyrir.

SN

Og þar með lokum við mælendaskrá. Og næstur talar Katrín Oddsdóttir.

KO

Já, kærur vinir. Takk fyrir þessar umræður. Ég er með svona frekar leiðinlega bara praktíska sem mig langaði bara að varpa inn í nefndarstarfið ykkar. Segjum sem svo, eins og Pawel segir, að það sé svolítið vesen og það gæti verið vandkvæðum háð ef almenningur hefði aðgang að þessu, þá myndi hann kannski bara stoppa öll frumvörpin, einhverjir kverúlantar eða eitthvað. En gætum við þá a.m.k. haft aðgengi almennings eftir að þau hafa verið samþykkt? Þá erum við ekki að teyja neinn. Þannig að ég bara kem með þá hugmynd. Í öðru lagi langar mig til að segja, [að] ef að það er ástæða fyrir því að ykkar nefnd vildi ekki setja þetta inn með alþingismálin – hvort að fólk sé almennilega kjörið á Alþingi eða ekki – ef ástæðan fyrir því, eins og Pawel útskýrði, að nefndin telur það eiga heima undir Hæstarétti, af hverju er það ekki undir dómkaflanum ykkar? Þið eruð með báða þessa málaflokka og ég skil ekki alveg, ef þetta er einhver yfirlýst stefna hjá nefndinni, að það eigi frekar heima þar, af hverju er það þá ekki

bara þar? Þannig að ég svolítið segi svona „spegill“, skiljiði. [hlær] Ég er ekki alveg sammála því að það sé bara hægt að segja: Ókey... Ég meina, þið eruð búin að fjalla um þessi bæði mál og einhvers staðar verðum við að taka á þessum og við eigum ekki að bíða með svona mál þangað til síðast. Við erum líka með svona ákveðin atriði [þar] sem við getum bara sagt: „Ókey, þetta má ekki vera svona lengur.“ Svo kannski færum við þetta eitthvað, en þetta má ekki vera svona lengur. Alþingismenn geta ekki lengur ákveðið sjálfir hvort þeir séu réttilega kjörnir. Ég kannski vil aðeins vara Írisi við því... Ég skil hennar áhyggjur mjög vel. Áhyggjurnar hennar byggjast á því að við séum að búa til batterí með það flókið efnislegt inntak, að það sé ekkert á færi hvers sem er að setja sig inn í það. En ég held samt – jafnvel þótt ég sé sammála þér um að stjórnskipunar-réttur sé stórt fræðisvið og annað – þá held ég samt að við séum alltaf að tala um afmörkuð svið og fólk gæti með aðstoð löglærðra sett sig inn í þau. Ef það er bara verið að fjalla um hvort eitthvað eignarréttarákvæði sé brotið, þá getur fólk alveg lesið helstu dóma og skilið hvernig sú framkvæmd. Það þarf ekkert alveg að byrja á 101, hvernig danski kóngurinn afhenti okkur einhvern tímann eitthvað skjal, heldur getum við alveg tekið bara og búið og skilið eitt og eitt atriði. Þannig að ég held að sé svolítið ósammála bara þarna. Ég skil samt mjög vel áhyggjurnar. En takk annars.

SN

Þá talar Gísli Tryggvason.

GT

Formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Eins og ég kynnti hérna áðan, þá aðhyllist ég fjölbreytni í fjöl-skipuðum dómstólum og lagði fram tillögu um það og ræddi það líka eftir hlé um Lögréttuna. Ég vil samt gera athugasemd við það sem að skilja má eða mis-skilja úr ummælum sumra hérna um skipan. Ég vil gjarnan íhuga það, að í Lögréttu eða stjórnlagadómstól komi fulltrúi almennings og jafnvel ólöglærður. En að sjálfsgöðu á meginkjarnir stjórnlagadómstóls að vera löglærður. Þetta er mikilvægt réttarsvið og sérstaklega ef hann verður bindandi, þá er það okkar réttarskipan í okkar heimi, skulum við segja. Ég vona að enginn sé að leggja til alþýðudómstóla hér. Þá vil ég segja að þó að vald kunni að spilla, eins og sagt er, þá vil ég gera athugasemd við það sem skilja má frá sumum: Góð menntun gerir það ekki. Góður einstaklingur verður að jafnaði aðeins betri með aukinni menntun, af hvaða tagi sem er. Og mér finnst stundum, eins og Íris Lind kom nú inn á hérna, það er stundum eins og það séu sérstaklega löglærðir sérfræðingar sem eru svona eitthvað gallaðir. En það er vonandi ekki ríkjandi afstaða. Mig langar, í ljósi umræðunnar, að boða það, að ég vil gjarnan, í samráði við fleiri sem hafa gert athugasemd við þessa hugmynd um skipan ráðgefandi Lögréttu, að ég semji tillögu í samræmi við það sem ég ræddi hérna fyrir viku, eitthvað á þessa leið: Þegar Hæstiréttur fjallar um lögspurningar varðandi þessa þrjá hluti sem Þorvaldur hafði eftir Eiríki Tómassyni prófessor, þ.e.a.s. hvort lög standa stjórnarskrá, í öðru lagi hvort að kosið er löglega til Alþingis og í þriðja lagi, hvort að athafnir framkvæmdarvaldshafa standast stjórnarskrá, þá skuli hann skipaður með ákveðnum hætti. Þetta er, held ég, einföld leið til þess að gera Hæstarétt að fyrir-

fram forúrskurðar-stjórnlagadómstól, án þess að búa til nýtt batterí og tryggir að ekki sé mikill kostnaðar-auki eða ósamræmi á þessu mikilvæga réttarsviði. Og með meðalgöngu, sem ég gleymdi að nefna áðan – „meðalganga“ er þegar maður getur blandað sér í mál annarra – þá væri hægt að hindra þetta sem Pawel hafði réttilega áhyggjur af, þ.e.a.s. að það sé búið að úrskurða um gildi máls, sem maður vildi sjálfur geta tjáð sig um. Meðalganga er ekki algengt en það er gilt fyrirbæri í flestum réttarríkjum eins og okkar. Þá gæti, t.d. ef forseti Íslands eða þriðjungur þingmanna spyrði um gildi ákveðinna laga, þá gætu hagsmunasamtök eða almennasamtök blandað sér í þann málflutning og komið með sín rök, þegar Hæstiréttur, útvíkkaður með fjölbreyttari hætti, fjallaði um það mál. Takk.

SN

Þá talar Andrés Magnússon og ég bara ítreka við ykkur að það er gott að koma skriflegum tillögum til nefndarinnar í framhaldi af þessari umræðu. En Andrés, gjörðu svo vel.

AM

Takk, kæri formaður og félagar og áheyrendur. Mig langar aðeins að leiðrétta smá misskilning og langar aftur að ræða um þetta: Ég held að það hafi verið Ragnar Aðalsteinsson sem talaði um að [í] dómi skuli gjarnan sitja fólk sem endurspeglir samsetningu þjóðarinnar. Og ég tek aftur fram [að] mér finnst ef allir lögfræðingar þjóðarinnar, eins frábærir eins og þeir sem hér sitja og ég hef kynnst, þá er ekki vandlifað á Íslandi. En við verðum að fá að ræða um það, hvort það geti verið að nefnd sem er eingöngu skipuð lögfræðingum sé einsleit. Ég veit ekki hvort að það er markmiðið hjá lagadeildum á Íslandi, að ala upp þennan hóp til þess að vera mjög misleitur og rækta það að menn hafi mismunandi skoðanir. Það er alltaf þetta sem ég er að leita eftir: Hvernig getum við passað það, að nefndir sem hafa mikil völd og við kjósum á þann hátt, að það endurspeglir alla hópa samfélagsins? Ég bendi t.d. á að fanga á Litla-Hrauni, sem þurfa mikið að þola lög landsins, þeir kjósa aldrei; þeir lenda aldrei í neinum nefndum. Þess vegna var ég að stinga upp á við gætum einhvern veginn... Ef fólk nennir ekki að kjósa, ef það á erfitt að kjósa og við viljum ekki nota slembiúrtak, þá gætum við – þetta er hugmynd – þá gætum við reynt að búa til einhvers konar... sækja fulltrúa frá þannig að það endurspeglir þjóðina, t.d. frá Verkakvænafélagi Svalbarðseyrar, þaðan sem eiginlega enginn hefur komist í neina valdastöðu o.s.frv. Mér dettur í hug t.d. að það mætti nota slembiúrtak háskólakennara inn í Lögréttu. Ég var ekki að meina hagsmunaaðila, ég var ekki að nefna ASÍ o.s.frv. sem hagsmunaaðila. Ég var að nefna þessi samtök sem dæmi um það, hvernig þú getur fengið fólk til fram sem annars kemur aldrei fram, sem er samt hluti af þjóðinni. Aðeins varðandi þetta að það sé gott að það hugsi allir eins, vegna þess að þá getum við vitað hverju maður á von á og það sé fyrirsjáanlegt hverjir verði dæmdir: Þetta tengist því sem er kallað accuracy og precision. Það er oft tekið einmitt dæmi af bogamanni, sem er að skjóta á skotskífu. Í öðru tilfellingu, ef allir hugsuðu eins, þá myndu menn alltaf lenda mjög nálægt hverjir öðrum en þeir væru kannski mjög langt frá miðjunni. Þeir eru allir eins en allir mjög skekktir. Í hinu tilfellingu, þá myndi

það dreifast miklu meira um miðjuna eða það myndi þá dreifast um miðjuna. (Ég veit ekki hvort þetta útskýri það sem ég er að ... Ég veit ekki hvort þið þekkið þessi hugtök.) En alla vega, ég vildi bara leiðrétta þennan misskilning. Ég er ekki að tala um að það eigi að fara að kalla að hagsmunaaðila að í þessum nefndum, heldur aðeins semsé að tala um að reyna að fá einhvers konar stratífiseringu til þess að fá fólk alls staðar frá, [frá] öllum lögum samfélagsins. Takk.

SN

Já. Takk fyrir. Þá er umræðu um tillögu nefndar C um Lögréttu lokið. Það hafa komið hérna fram, finnst mér, mjög áhugaverðar umræðu m.a. um sérþekkingu og mig langar bara að benda á það í framhaldinu, vegna þess að þetta er kannski atriði sem kemur fram á fleiri stöðum heldur en hér í þessu máli, að það er ýmislegt áhugavert um þetta sagt í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis, sem ég held við getum dregið lærdóma af og ættum kannski svoltið að taka saman og hafa til hlíðsjónar þegar við erum með stefnu á þessu sviði. En ég ætla að gefa Pawel, formanni nefndarinnar, orðið hérna í lokin. Ef þú vilt taka upp nokkra þætti sem hafa komið upp.

Já, ég þakka bara kærlega fyrir góða umræðu. Það eru margar leiðir að þessu. Ein er auðvitað að fela Lögréttu aukið hlutverk en það sem hún hefur fengið skv. tillögu nefndarinnar. Önnur er að fela Hæstarétti hlutverk sem stjórnskipunardómstóls, t.d. ef við myndum í gr. D3, sem var samþykkt áðan, stendur: „Dómstólar skera úr um hvort lög standist stjórnarskrá að því marki sem á það reynir í dómsmáli.“ Við getum komið okkur upp stjórnlagadómstól bara með því að taka út seinni hluta þessarar setningar. Þannig að það eru til margar leiðir að þessu og ég hvet eindregið þá, sem hafa sýnt þessu hvað mestan áhuga, að koma og búa til tillögur og senda til nefndarinnar til umhugsunar, því það eru til náttúrulega margar leiðir að sama markið og það væri gott upp á alla uppbyggingu, að við hefðum eitthvað til þess að vinna með. Takk fyrir.

4. Stefnunarkandi umræða fulltrúa

SN

Þá þakka ég nefnd C og formanni hennar kærlega fyrir umræðuna hér. Og þá gerum við breytingu á dag-skránni. Klukkan er orðin hálf fimm og við eigum eftir að taka fyrir skýrslu og tillögur verkefnanefndar A. Það er tillaga okkar að færa það yfir á morgundaginn, að við frestum þeirri umræðu til morguns og byrjum þá umræðu klukkan hálf tíu í fyrramálið en ljúkum í dag með stefnuræðum tveggja ráðsfulltrúa, þeirra Freyju Haraldsdóttur og Ómars Ragnarssonar. Og Freyja er fyrst. Gjörðu svo vel, Freyja.

FH

(Ætli sé búið að kveikja á mér? Já, er það ekki? Já, flott. Það er betra.)

Kæru ráðsfulltrúar, gestir og aðrir áhorfendur. Mig langar að byrja á því að þakka fyrir þann möguleika á að tala hér í dag og nota tækifærið um leið til að þakka öðrum ráðsfulltrúum fyrir gagnlegt og þroskandi samstarf síðastliðnar vikur. Ég hlakka til að halda áfram. Í þeirri vinnu sem hefur farið fram síðustu vikur í tengslum við mannréttindakaflann hafa

komið fram ólík sjónarhorn og nálganir og höfum við því getað átt málefnalegar og gagnrýnar umræður um hvað skuli standa óbreytt og hverju þurfi að breyta í mannréttindakafla íslensku stjórnarskrárinnar. Þó það sé margt sem ég get fjallað um varðandi mannréttindin ætla ég í dag að fjalla sérstaklega um jafnræðisregluna (eða 65. grein núgildandi stjórnarskrár) og nauðsyn þess að ákvæðið inniberi upptalningu á þeim hópum í samfélaginu sem sagan sýnir að búi við beina og óbeina mismunun. Ég mun taka dæmi út frá stöðu fatlaðs fólks en ítreka að staða þess endurspeglar stöðu annarra valdaminni hópa í samfélaginu. Ég vil einnig leggja áherslu á að hópur fatlaðs fólks er fjölbreyttur og eðlilega þverskurður samfélagsins. Þar af leiðandi getur sumt fatlað fólk, líkt og ófatlað fólk, tilheyrt öðrum hópum sem eru álitnir vera beittir misrétti og upplifað margþætta mismunun þ.a.l., t.d. fatlaðar konur og fötluð börn.

Í umræðu okkar hér hefur komið fram það sjónarmið að nægilegt sé að kveða á um að „allir skulu vera jafnir fyrir lögum“. Þó svo að í hjarta mér vilji ég taka undir það tel ég að við sem þjóðfélag höfum ekki náð þeim þroska að álíta alla vera alla. Við tölum um „okkur“ og svo tölum við um „hina“. „Þetta fólk“ heyrir oft í umræðu um fatlað fólk og vísað er þar til þess að um afbrigðilegan hóp sé að ræða – hóp sem ófatlað fólk vill helst ekki tilheyra. Jenny Morris, sem er fræðikona innan fötlunarfræða, hefur t.d. bent á að fjölmiðlar birta fatlað fólk ýmist bara alls ekki eða út frá rótgrónum hugmyndum um að það sé einsleitur hópur, viðkvæmur, sjúkur, afbrigðilegur, hættulegur, heimskur og þurfandi. Þið hafið séð dæmi um þetta, þið vitið: Það er bara nánast alltaf spilað Hærra, minn Guð, til þín þegar verið er að fjalla um fatlað fólk og svo eru allir grátandi heima hjá sér. Og svo, þegar er verið að fjalla kannski um örorkulífeyri, þá er mynd af tómun hjólastól, sem hefur náttúrulega ekkert að gera með örorkulífeyri. Fatlað fólk verður þar með að þessum „hinum“ og þeim sem ófatlað fólk skilgreinir sem hóp sem er ekki eins og það. Adolf Ratzka, sem er einn af helstu frumkvöðlum í mannréttindabaráttu á Norðurlöndunum, bendir á að sagan sýni fjölmörg dæmi þess að tækifæri fatlaðs fólks til sjálfstæðs lífs, frelsis, þátttöku, öryggis og mannlegrar reisnar hafa verið takmörkuð og skert með efnislegum og samfélagslegum hindrunum, mismunun, ofbeldi og kúgun. Fatlað fólk um allan heim (– afsakið, ég er ekki alveg með þetta blað hérna –) hefur orðið ofurselt ölmusu og góðgerðarstarfi, valdleysi og stofnavistun. Þótt sigrar hafi náðst og árangur sé mikill er þessi staða enn veruleiki víða í heiminum, m.a. á Íslandi.

Fatlað fólk hefur síðustu áratugi mótmælt harðlega þessum rótgrónu hugmyndum og skapað nýjan skilning á hugtakinu fötlun. Fatlað fólk leggur áherslu á, að það sé ekki einungis skerðingin heldur fjárhagslegar, umhverfislegar og menningarlegar hindranir sem leiði af sér fötlun. Fatlað fólk hefur síðustu 40 ár lagt grunn að hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf en hún felst einmitt í kröfunni um að viðurkenna skuli mannlega reisn og óendanlegt verðmæti hverrar manneskju og að allir, óháð skerðingunni, geti stjórnað og tekið ákvarðanir um eigið líf, með aðstoð ef þess þarf. Einnig felur hún í sér að allar manneskjur hafi rétt til þess að taka fullan þátt á öllum sviðum lífsins. Í raun og veru má þá segja að barátta fatlaðs fólks snúist um

þá grundvallarbreytingu að það sé ekki álitnið gallað, fórnarlömb eigin líkamsástands og viðfangsefni umönnunar ófatlaðs fólks, heldur borgarar sem lifa við sömu réttindi og lífsgæði og aðrir.

Það er ekki fyrr en á allra síðustu árum að alþjóða-samfélagið áttaði sig á að alþjóðlegar mannréttinda-fyrirlysingar og almenn löggjöf dugar ekki til þess að tryggja réttarstöðu fatlaðs fólks. Árið 2006 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna sérstakan samning um mannréttindi fatlaðs fólks. Þó að því beri að fagna er það að sjálfsögðu sorglegt um leið, að samningurinn byggir á baráttu fatlaðs fólks og er tæki sem skyldur aðildarríki til þess að fjarlægja þær efnislegu, menningarlegu og félagslegu hindranir sem standa í veginum fyrir því að fatlað fólk geti upplifað sig búa við jafnrétti, sjálfstæði, sjálfsákvörðunarrétt og fulla þátttöku. Ekki er um að ræða ný réttindi heldur einfaldlega útlitun á hvað aðildarríki þurfa að framkvæma til að uppfylla þau mannréttindaákvæði sem til staðar eru. Það nýja sem samningurinn leggur til er skilgreining á fötlun þar sem einmitt fyrst og fremst er lögð áhersla á eðlislæga reisin manneskjunnar og að hún sé miðpunktur allra ákvarðana sem hafa áhrif á hana. Samningurinn leggur áherslu á að vandinn sem hún tekst á við sé staðsettur í samfélaginu og stafi af vanhæfni stjórnvalda til að bregðast við manngerðum hindrunum og margbreytilegum þörfum fatlaðs fólks. Markmið þessa sjónarhorns er því að skapa samfélög sem eru öllum aðgengileg. Ísland undirritaði samninginn árið 2007 en hefur ekki fullgilt hann þó að það stefnir að því að gera það.

Eins og komið hefur fram er Ísland ekki undanskilið þegar kemur að veikri réttarstöðu fatlaðs fólks. Eina lög sem kveða sérstaklega á um réttindi þess eru lög um breytingar á lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 53/1992. Maður bara missti andann af því að þau voru uppfærð nú fyrir flutning þjónustu fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga um áramót. Ég gæti fjallað í heilan sólarhring um þessi lög sem eru óaðri fjárlögum og snúast að mínu mati fyrst og fremst um að vera örliðið góð við greyn „þegar kostur er“. Lögini tryggja ekki rétt fatlaðs fólks til lífs þar sem mannleg reisin, frelsi og möguleikar til þátttöku eru til staðar á öllum sviðum lífsins. Vísun í samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var sett inn í markmiðsgrein laganna um áramót en það er kaldhæðnislegt frá því að segja að mörg önnur ákvæði laganna ganga gegn kröfum Sameinuðu þjóðanna. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um þjónustu við fatlað fólk, sem var unnin árið 2010, kemur fram hörð gagnrýni á velferðarráðuneytið um að skipulag og stjórnun málaflökks fatlaðs fólks sé ábótavant, að faglega og fjárhagslega viðurkennda stefnu skorti og eftirlitið með þjónustunni sé lítið sem ekkert. Yfirstandandi rannsóknir innan fötlunarfræða sýna einnig þessa stöðu.

Dæmi um aðstöðu fatlaðs fólks í stuttu máli er að það getur ekki stjórnað hvar og með hverjum það býr, hvenær það fer á salernið og í sturtu, hvenær og hvað það borðar í kvöldmat og hver veitir því aðstoð, hvar og hvernig. Í okkar nútímaþjóðfélagi, sem statar sig af því að halda uppi norrænu velferðarkerfi, þarf fólk sem tjáir sig með táknmáli að panta það með margra daga fyrirvara að fá að heyra og tala við heyrandi fólk sem kann ekki táknmál. Þá þurfa sumir foreldrar fatlaðra barna að berjast fyrir rétti þeirra til lífs og til

að fá aðstoð inn á heimili þess, í þeirra nærumhverfi, en ekki einungis aðstoð í fjarlægð frá fjölskyldum. Og til þess að staðfesta þessa aumkunarverðu stöðu, þá er skemmst frá því að segja að á haustmánuðum í fyrra fór ég, ásamt samstarfsfólki mínu, á ráðstefnu Evrópusamtaka fatlaðs fólks um sjálfstætt líf á styrk sem Norðmenn veittu þróunarlöndum á sviði málefna fatlaðs fólks.

Það er ljóst að við höfum verk að vinna. Þar með er nauðsynlegt að við horfumst í augu við það ójafnrétti sem hér ríkir gagnvart ólíkum valdaminni hópum og festum í stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, grunnlögum okkar, skýrt jafnréttisákvæði sem tilgreinir sérstaklega þá hópa sem sagan sýnir, og alþjóðasamfélagið viðurkennir, að ber að vernda sérstaklega. Það sem slíkt hefur skilað minnihlutahópum miklum árangri í baráttu sinni. Sú sama saga og sýnir öll þessi mannréttindabrot sem hafa átt sér stað, sýnir einnig að hver og einn hópur hefur þrýst hvor öðrum áfram meðvitað og ómeðvitað til aukinna réttinda. Þannig að barátta eins hóps leiðir baráttu annars. Mismununin og útilokunin og ójafnréttið hafa í raun ekkert með líffræðileg ástand fólksins að gera heldur viðbrögð okkar við því og eru þessi samfélagsmein þess vegna sköpunarverk okkar allra. Eins sorgleg og sú staðreynd er ber okkur að fagna henni því hún gefur von – og í raun vissu – um að við getum sem manneskjur breytt því sem við höfum áður skapað. Við höfum náð gríðarlegum árangri í að tryggja öllu fólki jöfn mannréttindi sem þýðir að það er engin ástæða til að hætta núna.

Einu sinni þótti okkur eðlilegt að konur væru eign þeirra karlmanna sem þær giftust, að reka manneskju úr vinnu vegna þess að hún var samkynhneigð, að álíta svart fólk heimskt og ógeðslegt og að loka fötluð börn inni því það var svo mikil skömm að eiga þau. Í dag þykir okkur öllum þetta fáránlegar staðreyndir – eða vonandi. Það þýðir að í framtíðinni munum við horfa til baka á það misrétti sem nú ríkir og eiga í mestum vandræðum með að skilja hvernig í ósköpunum okkur tókst að láta það viðgangast. En til þess þurfum við að horfast í augu við söguna og veruleika dagsins í dag, með því að löggesta að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og viðurkenna að sérstaklega beri okkur að vernda ákveðna hópa gegn mismunun. Í huga mér er þetta nauðsynlegt á meðan að „allir“ eru ennþá bara „sumir“. Og ég vil leggja áherslu á það sem ég lagði áherslu á þegar ég bauð mig fram til stjórnlagabings, eins og það þá hét, að ég tel mannréttindavernd allra vera grunnforsendu þess að skapa aðstæður fyrir borgarana til þess að geta notið sín, til þess að geta þroskast og þannig borið þá ábyrgð sem þeir hafa við að að þróa, byggja upp og fegra samfélagið okkar. Takk fyrir að hlusta.

SN

Freyja Haraldsdóttir, kærar þakkir. Þá fær orðið Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Formaður, gott ráðsfolk og aðrir sem á þennan fund horfa og hlusta. Ég hef í starfi mínu verið við hjartslátt þessarar þjóðar um allt land í hálföld. En ég hika ekki við að segja, snortinn, að við hér höfum verið viðstödd einhvern áhrifamesta og merkilegasta atburð sem ég man eftir á ferli mínum. Hér var talað á áhrifaríkan

hátt um minnihlutahóp og skort á réttindum hans. Fyrir hreina tilviljun, þá eru stefnumiðin, sem ég ætla að minnst á hér, tileinkuð minnihlutahóp annars vegar og hins vegar hópi sem hefur engin réttindi í raun en það er meirihlutahópurinn, sem er milljónir Íslendinga sem eiga eftir að byggja þetta land.

Nú eru liðnar rúmar fjórar vikur síðan fyrsti fundur okkar var haldinn og klukkan tifar. Nokkrar útlínur verks okkar sem byggjast á meginhugmyndum Þjóðfundar 2010 eru farnar að líta dagsins ljós, þeirra á meðal hugmynd að aðfaraorðum, þar sem nokkur helstu atriðin, sem þjóðfundur setti fram eru nefnd.

Ég tel mikilvægt að þau séu sett fram sem bein stjórnarskrárákvæði og ef einhverju þyrfti að bæta við þyrftu það ekki að vera mörg atriði, t.d. frelsi, menning, tunga. Svona gildi er nauðsynlegt að setja á blað og af þeim, sem nefnd yrðu, eru tvö þeirra þess eðlis, að þau ein urðu mér ástæða síðastliðið haust til að gefa kost á mér til þess að berjast fyrir þeim í starfi okkar. Þessi gildi eru nátengd, það eru jafnrétti og sjálfbær þróun, því að í hugtakinu sjálfbær þróun felst jafnrétti kynslóðanna. Þessi gildi eru ekki aðeins brýn nauðsyn á 21. öldinni þegar gengi þeirra munu ráða úrslitum um velferð mannkynsins og framtíð, heldur myndi það eitt að setja þau í stjórnarskrá Íslands núna nægja til að halda þessari stjórnarskrá á lofti um alla framtíð, þótt engu öðru yrði breytt eða bætt.

Sem elsti maðurinn í hópi okkar finn ég til sérstakra tengsla við komandi kynslóðir sem mér finnst að ég og við þurfum að sinna og vinna í þágu milljóna Íslendinga sem eiga eftir að byggja þetta land. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem okkar gjörðir snerta eru nefnilega ófæddir – við höfum fengið þetta land að láni frá þeim. Engar kynslóðir í sögunni hafa fengið í hendur meira vald en þær kynslóðir sem nú lifa, vald um athafnir sem geta haft gríðarlegar og afdrifaríkar afleiðingar fyrir kynslóðir framtíðarinnar. Dæmi:

Kjarnorkuvopnin: Fyrir hendi eru kjarnorkuvopnabúur sem fyrir mistök gætu hvenær sem er komið af stað eyðingarstyrjöld.

Offjölgunin (nú horfi ég á Örn Bárð): Í Biblíunni stendur: „Verið frjósöm og uppfyllið jörðina“ en það stendur hvergi: „Verið frjósöm og yfirfyllið jörðina“, en offjölgunin er ein helsta ógnin við velferð og framtíð mannkynsins. Við Íslendingar erum að vísu ekki fleiri en svo að við kæmumst fyrir í hluta af úthverfi í einhverri af þúsundum borga heimsins. Samt höfum við fengið í hendur meira vald á hvern íbúa en þekkest í nokkru öðru landi. Ástæðan er tvíþætt: Annars vegar er vægi okkar meira á hvern íbúa landsins í alþjóðlegu samstarfi en hjá hinum stærri þjóðum – oft höfum við jafnan atkvæðisrétt á við þúsund sinnum stærri þjóðir – og síðan er hugtak sem hefur verið nefnt sjálfstökuvald – oft í sambandi við stjórnmál – en sjálfstökuvald er víðfeðmara. Það getur verið bæði á landsvísu og heimsvísu. Við Íslendingar búum yfir meira sjálfstökuvaldi á hvern íbúa en dæmi eru um annars staðar hvað varðar ráðstöfun og varðveislu einstæðra náttúruverðmæta og orkulinda og annarra auðlinda.

Með þessum orðum mínum er ég að höfða til ábyrgðar okkar gagnvart mannkyninu öllu og kynslóðum framtíðarinnar. Þess vegna er krafan um sjálfbæra þróun svo mikilvæg, svo mikilvægt að við forðumst rányrkju eða gjörðir sem hafa óafturkræf neikvæð áhrif um alla framtíð. Við ættum að hafa í huga að mest er

um vert hvaða mat kynslóðir framtíðarinnar eiga eftir að leggja á það verk að við erum að vinna hér stolt.

Ég ætla ekki að tiunda það í upptalningu sem ég legg áherslu á í starfi mínu hér. Það fer flest vel saman við það sem við erum sammála um að til bóta horfi. Valdið til fólksins t.d., aukin valddreifing á milli – ja, hve margra valdþátta? Við getum nefnt sex eða sjö, þ.e. þjóðin, löggjarvaldið, framkvæmdarvaldið, dómsvaldið, þjóðhöfðinginn, fjölmiðlarnir og auðvaldið.

Ég ætla aðeins að drepa á eitt atriði sem ég nefndi í greinargerð minni fyrir framboði mínu á sínum tíma en það er að forðast að bera fyrir borð hagsmuni einstakra landshluta og þjóðfélagsþópa, svo sem hvað varðar kosningalög og kjördæmaskipan. Þetta er heitt mál. Í uppleggi þjóðfundar var áberandi krafan um stórukið lýðræði og áhrif kjósenda og tengsl við þingmenn og embættismenn, svo sem með aukinni áherslu á persónukjör. Einnig nýtur hugmyndin um að landið veðri sem eitt kjördæmi mikils fylgis og einnig það að jafna vægi atkvæða.

Á hinn bóginn tel ég að enda þótt líta megi á það sem minnihlutastjórnarmið að hafa kjördæmin fleiri, sé æskilegt að meirihlutinn valti ekki yfir minnihlutann, sé þess kostur að setta sjónarmið minnihluta og meirihluta. Raunar sér þess stað á nokkrum stöðum í vinnu okkar nú þegar við stjórnarskrána, að réttur minnihluta er eflur frá því sem verið hefur – og það eigum við að gera. Má sem dæmi nefna rétt minnihluta Alþingis og minnihluta þjóðarinnar til að skjóta málum þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Svipað tel ég að megi íhuga varðandi kosningalög og kjördæmaskipan. Þar tel ég athugandi að fara svipaða sáttaleið og farin er í ýmsum löndum, blandaða leið, þar sem annars vegar verði þorri þingmanna kosinn af landslistum þar sem landið er eitt kjördæmi, til dæmis 40-50 þingmenn, en hins vegar kosnir til 11-22 þingmenn í einmennings- eða tvímenningskjördæmum. Ef svona fyrirkomulag yrði tekið hér upp, þá má telja líklegt að stjórnmálaflokkarnir muni bjóða fram í einmenningskjördæmunum og fá þar kosna þingmenn, en þó getur þetta fyrirkomulag gefið sterkum einstaklingum, sem ekki vilja spyrða sig við neinn flokk, tækifæri til að bjóða sig fram og komast á þing algerlega upp á eigin spýtur. Það er gríðarleg framför. Þetta hefur verið ómögulegt í núverandi kerfi. Þegar þingsætum yrði síðan úthlutað fyrir allt landið yrði tekið tillit til þess hve marga þingmenn í einmennings-, tvímennings- eða jafnvel þrímenningskjördæmunum flokkarnir fengu, og heildarfjöldi þingmanna þeirra reiknaður út frá því svo að heildar þingmannafjöldi hvers flokks verði í samræmi við heildarfylgi hans.

Flestir munu sammála um að núverandi kjördæmi séu of stór. Það er of erfitt fyrir þingmenn að komast yfir þau og auk þess eigi fólk á jöðrum kjördæmanna oft fátt sameiginlegt sem réttlæti það að það sé saman í kjördæmi. Bara lítil dæmi: Kjósandi á Höfn í Hornafirði, hann á fátt sameiginlegt með kjósenda í Reykjanesbæ eða Vogum á Vatnsleysuströnd. Kjósandi á Siglufirði á fátt sameiginlegt með kjósenda á Djúpvaggi. Kjósandur í Vesturbýggð, Bolungarvík og Fljótum í Skagafirði, þeir eiga fátt sameiginlegt með kjósendum á Akranesi, sem er á atvinnusvæði höfuðborgarsvæðisins.

Í stað 6 kjördæma mætti hafa þau 9, og í grófum dráttum, með tiltölulega litlum breytingum, notast við

kjördæmaskipanina frá 1959 og þá litur dæmið svona út:

Vesturland: 1 þingmaður, Vestfirðir: 1. Norðurland vestra: 1. Norðurland eystra: 1 eða 2 (Tvímenningskjördæmi geta verið góð, þá koma[st] tveir flokkar að.) Austurland: 1. Suðurland: 1 eða 2. Suðurnes – nýtt kjördæmi: 1 eða 2. Suðvesturkjördæmi: 2 eða 3. Reykjavík: 2 eða 3. Alls 11 til 16 þingmenn, hugsanlega eitthvað fleiri en ekki mikið.

Ég minni á, að ekkert kosningakerfi getur tryggt að þingmenn raðist þannig eftir búsetu að vægi atkvæða sé jafnt. Ókosturinn við núverandi kerfi er hins vegar sá að er fyrirfram innbyggt í kerfið að vægið verði ójafnt – það er ekki hægt að komast hjá því – allt að tvöfalt ójafnt. Þessu tel ég að verði að breyta. Í kerfinu, sem ég varpa upp, er hins vegar tryggt að fyrirfram verður ekki byggt ójafnt atkvæðavægi inn í þetta dæmi. Ég nefni sem dæmi Vestfjarðakjálka. Þar er fæst fólk. Þar búa nú um 7.300 manns en að meðaltali á öllu landinu eru, eins og nú er komið málum, 5.000 manns á bak við hvern þingmann. (Ég vil miða við íbúatölu, ekki kjósendatölu.) 6.400 manns myndu búa á Vestfjörðum, ef Reykhólasveit fellur til Vesturlands og Strandasýsla til Norðurlands vestra í samræmi við breyttar samgöngur. Fjöldinn á bak við hugsanlega kjördæmiskjörinn einn þingmann fámennustu kjördæmanna yrði vel yfir meðaltalinu; engin hætta á ójafnvægi enn, ekki fyrirfram innbyggt misvægi atkvæða. Síðan ræðst það reyndar af kosningu í landinu öllu sem einu kjördæmi hver búseta þingmanna verður að öðru leyti. Þess vegna gætu orðið fleiri en t.d. einn af Vestfjörðum en það er hvort eð er inni í kerfi þar sem að landið er eitt kjördæmi.

Höfuðkostur svona kerfis er sá að tryggt er að allir landshlutar eigi fulltrúa á Alþingi. Það er ekki tryggt ef landið er allt [eitt] kjördæmi, þá gæti bara heill landshluti dottið út með engan kjördæmakjörinn mann.

Og þá er spurt: Þurfa landshlutar að geta eignað sér ákveðna fulltrúa á Alþingi? Vel má vera að meirihluti landsmanna telji að svo þurfi ekki að vera; allir þingmenn eigi að skoða sig sem fulltrúa allra landsmanna, ekki einstakra svæða eða fólks á einstökum svæðum. Aðstöðumunur vegna búsetu verði ekki jafnaður með misvægi atkvæða í kjöri þingmanna, heldur með því að veita landshlutunum aukið fjárstjórnarvald, bæta samgöngur og skapa fjölbreytilegri samfélög um allt land.

Við skulum skoða bara eina mjög litla staðreynd: Tveir þriðju hlutar þjóðarinnar búa nú á einu atvinnusvæði í skilgreindu borgarsamfélagi sem nær frá Borgarnesi um Reykjavík og Suðurnes og austur að Þjórsá. Annað skilgreint borgarsamfélag, tæplega 20 þúsund manna, er við Eyjafjörð á milli Tröllaskaga og Skjálfafljóts. Aðeins fjórðungur landsmanna er utan þessara tveggja svæða. Engu að síður er það staðreynd að stór hluti þjóðarinnar telur nauðsynlegt að mismunandi landshlutar eigi kost á að velja sér fulltrúa, líkt og gert er í öllum löndum sem við þekkjum í okkar heimshluta, nema í Hollandi og Ísrael. Ég held að það sé fyrirhafnarinnar virði að sjá hvort hægt sé að sætta sjónarmiðin, í stað þess að meirihlutinn fá allt og minnihlutinn ekkert.

Menn hafa séð fyrir sér, hér í okkar hópi og víðar, átök og ágreining, sem yrði um þessi mál hjá okkur. Stjórnlaganefnd hefur meira að segja varpað því fram

að verði bara gefinn tveggja ára frestur, þá væntanlega á vegum Alþingis, til að ganga frá þessum málum. Ég tel hins vegar að við eigum ekki að öreyndu að víkja þessu viðfangsefni frá okkur [og] set þessar hugmyndir mínar fram nú en ekki seinna til þess að meiri tími gæfist til að skoða þær eða aðrar hugmyndir, sem gætu náð fram málamiðlun í þessu máli, án þess að þær tefji fyrir úrlausn annarra viðfangsefna okkar, sem eru brýn. Í ljósi reynslunnar af 67 ára árangursleysi alþingismanna við að setja þjóðinni nýja stjórnarskrá sýnast mér vera litlar líkur á því að þeir muni finna lausn á þessu máli frekar en við, heldur þvert á móti. Þrátt fyrir áhyggjur af því að þetta verði okkur erfitt, þá má það ekki hrekja okkur strax af leið. Og nú vil ég verða uppörvandi.

*Af áhyggjunum er víst nóg,
án vinnu fæst ei gleðin þó.
Við skulum láta líf og fjör
létta okkar sálarkjör.
Þótt gleðin komin sé í hvarf
má hleypa kæti í líf og starf.
Svona nú, ertu lifand' eða hvað?
Því ekki að geysast af stað?*

Lokaorð mín felast í tveimur tilvitnunum í mjög ólíkt fólk: Margrét Sigurðardóttir, Manga með svartan vanga, aldin förukona og niðurstetningur í Langa-dalnum forðum daga, sagði við mig barnungan: „Það stekkur enginn lengra en hann hugsar. Vertu ekki hræddur við að eiga þér draum.“ Harley Earl, frægasti bílahönnuður Bandaríkjanna, gaf starfsmönnum sínum þessa leiðsögn við verk þeirra: „Go all the way – then back off.“

Sem sagt, að hugsa fyrst alla leið og hörfa þá fyrst til baka þegar það er óhjákvæmilegt. Mín lokaorð verða þessi:

*Horfum fram á hamingjudag!
Hress við skulum nú taka þann slag!
Fyllkjum liði, fólkinu í hag!
Frelsi - jafnrétti - samkomulag.*

SN

Takk, Ómar Ragnarsson. Þá er þessum liði lokið og 7. ráðsfundi er þá frestað til morguns. Við byrjum aftur í fyrramálið, kl. 9:30, og þá er til umræðu skýrsla og tillögur verkefnanefndar A. Ég þakka fyrir góðan fund og sjáumst í fyrramálið. Takk.

5. Skýrsla og tillögur A-nefndar

SN

Góðan daginn. Þá er 7. fundi framhaldið. Ari Teitsson hefur boðað forföll. Á dagskrá er 4. liður frá því í dag: Skýrsla og tillögur verkefnanefndar A og ég gef formanni nefndarinnar, Silju Báru Ómarsdóttur, orðið. Gjörðu svo vel.

GT

Ég sé að á vefnum eru komnar inn í áfangaskjal svokallað tillögur aðrar en þær sem við afgreiddum í gær. Ég tel þetta ekki í samræmi við starfsreglur. Ég tel að einungis það sem er samþykkt hér á ráðsfundi eigi heima inni í áfangaskjali, hvort sem það er kallað „til

kynningar“ eða „til afgreiðslu“. Og það gerðum við ekki fyrr en síðdegis í gær með dómstólakafli. Takk.

SN

Athugasemd komið á framfæri. Silja Bára, gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, formaður. Góðir félagar og vonandi eru einhverjir að hlusta á okkur heima; aldrei þessu vant eru engir gestir í salnum. Ég ætla að kynna hérna tillögur frá nefnd A um fyrstu 11 greinar í mannréttindakafli og fyrst reyndar ætla ég að renna lauslega yfir tillögur sem við kynntum í síðustu viku, sem eru um innleiðingu þá til, núna, tillagna í áfangaskjalið. Og þetta eru semsagt annars vegar tillögur um það að 1. gr. skjalsins feli í sér einhvers konar aðfararorð, verði inngangskafli, og þar verði þau gildi sem stjórnarskráin á að byggja á. Fulltrúar hafa þessa tillögu á borðum sínum og þessi texti á að vera aðgengilegur á netinu. Greinargerð fylgir líka með textanum og við höfum reynt að taka tillit til þeirra athugasemda sem komu fram á ráðsfundi í síðustu viku. Nú eru orðin „frelsi“ og „menning“ komin inn í þessi grunngildi en ég minni á að ekki er ætlunin að skrifa þennan texta strax, heldur að við gerum það í lok vinnunna og að ekki er um tæmandi talningu að ræða. Við nefnum ekki heldur hér en reiknum þó með því að undirstöður stjórnskipunar komi inn í þessa grein og textinn verði síðan saminn af ráðinu í heild undir lok starfsins.

Og þá er það seinni tillagan sem við leggjum fram til samþykktar og það er að mannréttindakaflinn verði fluttur í heild sinni næstum því fremst í stjórnarskrána. Núverandi 65. gr. yrði þá 2. gr. og aðrar greinar endurráðast – eða endurnúmerast, réttara sagt – skv. því. Með þessu viljum við leggja áherslu á mikilvægi mannréttinda og auka það til muna frá því sem nú er og erum þannig að koma til móts við skýrar kröfur frá þjóðfundi. Í þessari breytingu endurspeglast sú frumskylda ríkisins að verja einstaklinga gegn misrétti en uppröðun greina og efnislegt innihald mun taka breytingum á síðari stigum og það eru í raun tillögurnar sem við erum að kynna hér í dag, að þær fela í sér þess háttar breytingar.

Nú, þetta eru tillögurnar sem við erum að leggja fram til afgreiðslu. Við tökum umræður um allar í lok framsögunnar, ekki satt? Af því að ég kynni líka þær sem við erum með bara til kynningar. Já.

Þá vík ég að þeim tillögum sem við leggjum fram til kynningar umræður hafa fram [um] síðustu vikuna á nefndarfundum. Við höfum átt miklar umfangsmiklar umræður um mannréttindakaflann og erum komin með 11 greinar sem við leggjum til að verði gr. 1 til 11 í mannréttindakaflanum, þ.e.a.s. gr. 2 til 12, miðað við að þetta verði 2. gr. í stjórnarskránni. Þær eru semsagt, aftur, bara hér til kynningar og umræðu og þetta eru ekki allur mannréttindakaflinn – það er rétt að ítreka það. Við erum komin að eignarréttarákvæðinu. Þegar við förum aftur inn í nefndina, þá hefjum við aftur störf þar og höldum áfram. Ég ætla að fara stuttulega yfir hverja grein fyrir sig og geri grein fyrir þeim umræðum sem fram fóru um hana og við höfum reynt að taka tillit til þeirra athugasemda sem okkur hafa borist, bæði utan úr bæ, í innsendum erindum, og athugasemdum frá kollegum okkar hér í ráðinu.

Þá er það sem yrði 2. gr. í stjórnarskrá – fyrir þau sem eru að skoða áfangaskjalið á vefnum er þetta nr. 1 í mannréttindakaflanum og við vísum bara til þeirra númera sem eru í áfangaskjalinu og eru í tillögum sem fulltrúar hafa á borðum sínum. Það er semsagt hægt að nálgast áfangaskjalið á vefnum, stjórnlagarad.is, undir Starfið og velja þar áfangaskjal. Þetta kom á netið í gær og það eru strax komnar umræður þarna inni, þannig að það er ánægjulegt að við erum að fá viðbrögð frá almenningi. En alla veganna: Þessi grein sem við leggjum til, semsagt 1. gr. í mannréttindakaflanum, er núna 65. gr. í stjórnarskránni, svokölluð jafnræðisregla stjórnarskrárinnar. Hún er grunnur að banni við mismunun gegn einstaklingum. Hér eru nú þegar talin upp kynferði, trúarbrögð, skoðanir, þjóðernisuppruni, kynþáttur, litarháttur, efnahagur, ætterni og staða að öðru leyti. Við höfum breytt orðalaginu úr framtíð í nútíð, svo nú stendur „Allir eru jafnir fyrir lögum.“, frekar en „Allir skulu vera jafnir...“. Þetta er gegnumgangandi breyting í texta, þar sem því verður við komið og er ætlað að endurspeglar að stjórnarskráin lýsi að sem mestu leyti núverandi ástandi, frekar en að hún sé fyrirheit um breytingar í framtíð. Reglan hefur einnig tekið efnislegum breytingum. Umræðan í nefndinni og meðal ráðsfulltrúa hefur tekið á því hvort nauðsynlegt sé að vera með ítarlegan lista eða upptalningu og hvort það feli í sér að hópar sem ekki eru nefndir njóta einhvers konar minni verndar eða ekki sambærilegar verndar. Við teljum svo ekki vera, enda er það víst vani í mannréttindasamningum og túlkunum á þeim, að túlka frekar rúmt og yfirfæra þá vernd, sem að hóparnir sem eru nefndir hafa, yfir á aðra hópa. Þá er viðbótin „staða að öðru leyti“ inni áfram og vísar þá til þess að þetta sé ekki tæmandi talning.

Þannig að við höfum tekið ákvörðun um að leggja hér fram tillögu um nokkuð ítarlega upptalningu. Og ákvæðið er þá svohljóðandi: „Allir eru jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, litarháttar, skoðana, stjórn mála, trúarbragða, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.“ 2. mgr. er óbreytt: „Konur og karlar njóta jafns réttar í hvívetna.“ Hér er atriðunum ráðað í stafrófsröð en ekki eftir mikilvægi og kannski rétt að benda á að það eru þrjú ákvæði sem eru þarna í hornklofum og í ljósi mikillar umræðu um hornklofa kannski rétt að taka það fram að það eru ákvæði, sem við erum ekki búin að ná endanlegri lendingu um, heldur viljum hvetja til athugasemda frá almenningi og kollegum okkar um það hvort þessi ákvæði eigi heima hérna inni og hér eru sem sagt ólík sjónarmið á lofti og við höfum þetta inni, svona til að sýna kannski að þó að allt skjalið sé breytingum háð, þá eru þessar tillögur kannski sérstaklega umdeildar enn sem komið er.

Eins og ég segi, þarna höfum við valið að raða atriðum í stafrófsröð að mestu leyti, þó með undantekningu á orðinu „kynferði“, sem er haft fremst, enda er ekki um minnihlutahóp að ræða þegar rætt er um kynin. Fötlun og kynhneigð eru ný atriði, í samræmi við tillögu stjórnlaganefndar. Arfgerð er ný; athugasemd um þetta barst í innsendu erindi sem við töldum rétt að bregðast við. Hér er vísað til þess að ekki megi mismuna fólki vegna erfðafræðilegra eiginleika en þetta getur orðið töluverður framtíðarvandi. Inni í horn-

klofum eru aldur, búseta og stjórnsmál. Þetta eru atriði sem ekki hefur náðst endanleg lending með og við setjum þau hér fram til þess að leita eftir viðbrögðum, sérstaklega frá almenningi, um hvort þau eigi erindi hérna inn í þetta ákvæði. Aðrar breytingar á reglunni, á ákvæðinu, eru að kynþáttur er fjarlægður: Við teljum uppruna og litarhátt ná yfir þetta hugtak, auk þess sem hugtakið er ekki merkingarbært fræðilega. Þá er forskeytið „þjóðernis“ fellt út úr „uppruna“ og það hugtak þannig víkkað út; það þarf ekki að vera þjóðernisuppruni, heldur uppruni, hver svo sem hann er. Og að lokum bendi ég á að orðið „manngreinarálit“ er nýtt. Því hefur verið bætt inn í samræmi við 26. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi, sem vísar til banns við mismununum, og við teljum þetta ná bæði til beinnar og óbeinnar mismununar og jákvæðrar og neikvæðrar mismununar. 2. mgr. stendur óbreytt, eins og ég sagði, og þetta er semsagt það sem við höfum fram að færa um tillögu að reglu nr. 1 í mannréttindakafla. Þá er tillaga að nýrri grein, sem er þá nr. 2 á skjalinu hjá ykkur. Sú grein byggir m.a. á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og er ætlað að tryggja öllum einstaklingum möguleika til fullrar þátttöku og virkrar aðildar að samfélaginu og stofnunum þess. Reglan hljóðar svo: „Öllum skuli tryggð tækifæri til að lifa með mannlegri reisni í samfélaginu, margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna.“ Hér er rétt að benda á að nefndin er að íhuga nokkur atriði. Hér kann að þurfa að bæta við réttinum til lífs, hann er ekki nefndur enn sem komið er í stjórnarskrá. Og orðalag þarf að slípa og inntakið í þessari grein á kannski heima í þessari inngangsgrein en það er semsagt bara eitthvað [þar] sem við leitum eftir athugasemdum.

Þriðja tillaga byggir á 73. gr. stjórnarskrárinnar og er ákvæði um tjáningarfrelsi. Tillaga okkar hljóðar svo: „Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.“ Það er 1. mgr. 2. mgr.: „Hver maður á rétt á að tjá hugsanir sínar en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Rit-skoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.“ Og 3. mgr.: „Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum til verndar öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.“ Það eru smávægilegar breytingar á þessari reglu frá því sem var í 73. gr. Það er í stað „að láta í ljós skoðanir“, sem er framarlega í 2. mgr., eigi hver maður rétt á að „tjá skoðanir sínar“. Með þessu viljum við leggja áherslu á að ólíkir tjáningarmátar séu jafngildir. 3. mgr. er stytta og einfölduð en þar er tekið fram að tjáningarfrelsi megi aðeins setja skorður með lögum „til verndar öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði“. Í núverandi útgáfu greinarinnar er að auki vísað til allsherjarreglu, öryggis ríkisins og siðgæðis. Tillaga okkar með breytingunni er einkum að leggja áherslu á að öryggi nái til einstaklinga og ekki eingöngu ríkisins og hér er ekki endilega útilokað að öryggi vísi til ríkisins en áhersla á að þetta tengist einstaklingum líka.

4. gr. í tillögunni byggir á 71. gr. núverandi stjórnarskrár. Við bætum inn annarri mgr. og hljóðar þá reglan svo: „Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.“ 2. mgr.: „Allir skulu njóta mannhelgi og verndar gegn hvers kyns ofbeldi, s.s. kynferðisofbeldi, hvort heldur er innan heimilis eða utan. 3. mgr.: „Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum nema skv. dómsúr-

skurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum eða póstsendingum, símötolum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.“ 4. mgr.: „Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu, ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.“ Þá er semsagt breytingin að bæta inn þessari 2. mgr. um mannhelgi og vernd gegn ofbeldi með áherslu á kynferðisofbeldi og í síðustu mgr. verður 1. mgr. að þessarar greinar, þannig að skorður má setja með „þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar í heild sinni“. Með viðbótinni viljum við leggja sérstaka áherslu á mannheldi, sem vísar til lögvarins öryggis einstaklinga, og bendum sérstaklega á það samfélagsmeið sem felst í ofbeldi og sérstaklega kynferðislegu ofbeldi. Frelsi undan ofbeldi er þá talið til hluta af friðhelgi einkalífs. Rétt er að benda á hér að við erum að skoða að sameina nokkur textabrot sem vísa til mannhelgi í þessum ákvæðum og sameina þau mögulega í sérstaka grein.

5. gr. tillögunnar er nokkuð nýmæli. Hún byggir að miklu leyti á tillögu stjórnlaganefndar og hér erum við að setja sérstaka grein um börn í fyrsta skipti. Áður hefur verið vísað til barna í málgrein fyrri greinar, semsagt 76. gr. stjórnarskrárinnar núgildandi og sú mgr. er byrjunin hér. Það er semagt tillaga 5: „Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, þ. á m. réttur til fjölskyldulífs.“ 2. mgr.: „Börn eiga rétt til samráðs um ákvarðanir um eigin málefni í samræmi við aldur þeirra og þroska.“ Hér er bætt við í þessa klausu sem var í 76. gr. réttinum til fjölskyldulífs og í 2. mgr. bætum við við rétti barna til að hafa samráð um ákvarðanir um eigin málefni. Hér erum við að færa stjórnarskrá til samræmis við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og erum enn að skoða hverjum þessi grein leggur skyldur á herðar, þ.e. hvort það eingöngu gagnvart ríkinu eða hvort það er einnig gagnvart einstaklingum.

Nú 6. gr. tillagna er óbreytt frá núgildandi stjórnarskrá. Þar er hún 74. gr. Við töldum svosem mega skoða þessa grein betur og kannski sérstaklega orðalag og höfðum rætt mögulegar uppskiptingar en höfðum ákveðið að skila henni óbreyttri fyrir ráðið. Á fundi með öðrum ráðsfulltrúa, semsagt með fulltrúum úr öllum nefndum á miðvikudag, þegar við kynntum hugmyndir okkar lauslega, var hins vegar lagt til að greininni yrði skipt upp í tvennt og félagafrelsi og fundafrelsi þannig aðskilið. Þá var bent á að einnig mætti tala um óeirðir eða ofbeldi í stað óspekt eða slípa orðalag. En við látum það biða næstu yfirferðar og ég veit að það er nú þegar byrjuð á vefnum umræða um þetta tiltekna ákvæði. Þannig að þó að við höfum ákveðið að láta það standa, þá greinilega eru ekki allir sammála okkur um það, þannig að við skoðum þetta betur. Þannig að ákvæðið er óbreytt og ég tel ekki þörf á að lesa það upp hér.

7. gr. í tillögum okkar byggir á grein sem er núna 66. gr. stjórnarskrár og fjallar um ríkisborgararétt. Tillagan hljóðar þá svo: 1. mgr.: „Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Útlendingi verður aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur skv. lögum.“ Hér hefur fallið brott ákvæði. [2. mgr.:], „Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo

og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.“ 3. mgr.: „Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku.“ Og 4. mgr.: „Allir sem dveljast löglega í landinu skulu ráða búsetu sinni og vera frjálssir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.“ Tillagan hér er semsagt að 2. málslíður 1. mgr. 67. gr. verði felldur út. Í því erum við að færa stjórnarskrána til samræmis við núgildandi lög um að einstaklingur missi ekki íslenskt ríkisfang við það að þiggja ríkisborgararétt í öðru landi. Við viljum leggja áherslu með þessu á það, að landið sé opið fyrir öllum ríkisborgurum, hversu lengi sem þeir hafa búið erlendis, og tryggja að lögum verði ekki aftur breytt til fyrra horfs, það er að ef að einstaklingurn flytur úr landi og þiggir ríkisborgararétt annars staðar, verði honum gert að afsala sér íslenskum ríkisborgararétti. Við teljum þetta vera í anda opins samfélags sem býður alla sína borgara velkomna aftur heim. Í 3. mgr. er órlítill orðalagsbreyting... Já, afsakið, ég ætla að bæta hérna við einu 1. mgr.: Við notum þarna orðið útlendingur. Við ræddum hvort að þetta væri einhvers konar útilokandi orðalag sem jafnarsetti einhverja íbúa landsins og vorum að tala jafnvel um erlenda ríkisborgara en komumst að því að það eru sumir sem búa hér sem eru ríkisfangslausir og sækja um hæli, þannig að þessi lög myndu þá ekki ná til þeirra. Þannig að útlendingi stendur áfram. Þá er það orðalagsbreyting í 3. mgr. Þar stóð áður „dómara“. Við breytum því í „dómstóla“ í þessari tillögu og endurspeglar það áherslu á að nefna stofnanir frekar en einstaklinga í texta stjórnarskrárinnar. Hérna bendum við á að það er ekki skilgreint í stjórnarskránni hvernig fólk öðlast ríkisborgararétt. Við ræddum svolítið um þetta í nefndinni og munum skoða hvort eigi að kveða á um það og þurfum sennilega að leita upplýsinga hjá innanríkisráðuneytinu um framkvæmd og ferlið í kringum það.

Þá er 8. gr. tillagnanna. Það er lítið breytt útgáfa af 67. gr. stjórnarskrárinnar, eins og hún stendur, og hljóðar svo: 1. mgr.: „Engan má svipta frelsi nema skv. heimild í lögum.“ 2. mgr.: „Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.“ 3. mgr.: „Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandrátta leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafn-skjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess, sem sætir gæsluvarðhaldi, til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur [en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu, skal ákveða í dómsúrskurði hver hún eigi að vera].“ 4. mgr.: „Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus. Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.“ Í 3. mgr. þessarar greinar var áður vísað til þess að gæsluvarðhaldi mætti aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing en fésekt eða varðhald lægi við. „Varðhald“ er ekki lengur til í lögum og við leggjum því til þessa breytingu, að gæsluvarðhaldi megi aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við.“ Og við höfum

sett hornklofa utan um þetta ákvæði, um hvort láta megi mann lausan gegn tryggingu. Okkar upplýsingar eru þær, að þessu ákvæði hafi aldrei verið beitt, alla veganna svo menn með mikla reynslu í lögreglunni reki minni til. Og við höfum t.d. rétt hvort önnur úrræði, eins og farbann, myndu ná sömu markmiðum, hvort þetta eigi heima þarna yfirhöfuð; þetta gæti verið ákvæði sem væri tekið upp síðar. En alla veganna, við viljum skoða þetta ákvæði betur og kannski einmitt heyra frá fulltrúum og almenningi um það.

Þá fer nú að líða að lokum hérna. 9. gr. Það er til-
tölulega lítil einföldun á texta 1. mgr. 69. gr. núverandi [stjórnarskrár] og engar efnislegar breytingar hafa átt sér stað. 9. gr. hljómar þá svo: „Engum verður gert að sæta refsingu, nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð þegar hún átti sér stað. Viðurlög mega ekki vera þyngri en leyfð voru þá í lögum.“ Þetta er, eins og ég segi, bara einföldun hérna. Textinn var töluvert lengri.

Tillaga að 10. gr. tekur dauðarefsingarákveði úr 69. gr. en er að öðru leyti byggð á 68. gr. núverandi stjórnarskrár. Við höfum engar breytingar gert á efni eða orðalagi þeirra greina en bættum hins vegar við ákvæði um bann við herskyldu. Tillagan hljómar þá svo: 1. mgr.: „Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. Engan má beita pyntingum eða annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.“ 3. mgr.: „Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi.“ 4. mgr.: „Herskyldu má aldrei í lög leiða.“ Herskylduákveðið er að bregðast við þjóðfundarniðurstöðum um að Ísland skuli vera land friðar og herleysi var líka rétt eða hvort að það ætti heima hér. En það kannski á ekki heima endilega í mannréttindakafla, auk þess sem að umræðan um það gæti orðið flóknari. En það var sátt um það í nefndinni, að þetta ákvæði skyldi koma inn hér.

Og þá er komið að síðustu tillögunni, sem er 11. gr. í tillögunum. Hún er nokkurn veginn samhljóðandi núverandi 70. gr. stjórnarskrár. Þar hefur textinn verið einfaldaður í lok 1. mgr. og færður til samræmis við 3. gr. í tillögunum. Sami skilningur ríkir hér og gerði þar, að öryggi vísi bæði til öryggis ríkis og einstaklinga. Og 11. gr. hljómar þá svo: „Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða þá um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlættri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði, nema dómari ákveði annað, lögum skv., til að gæta öryggis eða réttinda málsaðila.“ 2. mgr.: „Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.“

Þar lýkur þá yfirferðinni um þessar tillögur okkar og við vonumst bara eftir góðum og kröftugum umræðum. Þessar tillögur eru bornar upp til kynningar og við tökum allar athugasemdir til efnislegrar meðferðar í nefndinni í næstu viku. Takk fyrir.

SN

Takk, Silja Bára, fyrir kynningu. Hér eru semsagt þrjár tillögur. Það eru tvær tillögur sem eru lagðar fram til afgreiðslu og ein til kynningar. Og við förum núna í umræður um hverjar tillögur fyrir sig. Og eins og áður, þá bið ég ykkur að koma breytingartillögum til nefndarinnar til frekari úrvinnslu og ég bið ykkur líka, að gefnu tilefni, að halda ykkur við efnislega umræðu

um þessar tillögur. Þannig að fyrsta tillagan er þá um að grein verði bætt við fremst í áfangaskjal og orðið er laust um þá tillögu. Einhver sem vill taka til máls um fyrstu tillöguna? Ómar Ragnarsson.

ÓR

Bara fyrirspurn. Ég ætla að leggja fram viðbótartillögu eða breytingartillögu við eina greinina. Hvenær geri ég það?

SN

Þá leggurðu hana bara skriflega fram fyrir... við nefndina.

ÓR

En mæli fyrir henni hvenær? Má ég gera það núna eða síðar?

SN

Já, núna er tillaga 1 til umræðu, þannig að þegar hún á við, þá kemurðu með þá breytingartillögu eða mæli fyrir henni.

ÓR

Takk.

SN

Einhver annar sem vill taka til máls um tillögu 1? Pawel.

PB

Já, kærur vinir. Eins og ég lýsti í seinustu viku, þá er ég efnis um nauðsyn og þörf á því að bæta við svo gilda upptalningu í stjórnarskrá. Ég á dálítið erfitt með að samþykkja svona hlut áður en t.d. veit hvort að það sé verið að tala hérna um að þjóðin tali með einhverju ávarpslið, „við“ o.s.frv. eða hvort það sé þarna upptalning á, sem er svona meira í lagatexta. Að öðru leyti, þá á ég dálítið erfitt með að samþykkja það að fara í texta sem ég veit ekki hvernig muni líta út, þannig að ég sé mér ekki fært að styðja þetta, þó svo ég sé nefndinni þakklátur fyrir að hafa bætt þessu orði „frelsi“ þarna við, eins og ég talaði um í seinustu viku en ég mun engu að síður ekki styðja tillöguna.

SN

Einhver annars sem vill tjá sig? Þorkell Helgason.

ÞH

Formaður og góðir félagar og gestir. Ég er sammála Pawel. Ég er mjög hikandi við þetta og a.m.k. fyrr en ég hef séð tillöguna. Mér finnst ekki liggja á að taka ákvörðun um þetta núna. Betra að gera það þegar við höfum allt plaggið fyrir framan okkur og smíða þá hugsanlega inngangsorð eftir það. En þetta er ekki íslensk eða norræn hefð, eftir því sem ég best veit, þannig að ég legg til að það verði dokað við með þetta atriði. Takk fyrir.

SN

Einhver annar sem vill taka til máls um þetta? Silja, viltu þá ljúka, ef það er enginn annar sem vill ta[la]? Vilt þú koma inn á þetta, Ómar? Ómar, gjörðu svo vel.

ÓR

Já, formaður. Gott ráðsfolk. Ég vil ítreka það sem ég sagði í stefnuræðu minni í gær um stuðning við það, að ákveðin gildi séu inni í þessum texta og lýsi mig þar með andvígán því að þessu verði eitthvað skotið langt aftur fyrir allt og jafnvel þurrkað út og ekki tekið til meðferðar í lokin. Ég tel að við eigum að fjalla um þetta nákvæmlega eins og allan annan texta, jafn rétt hátt, og að taka þessu stefnu, þó ég sé að sjálfsögðu sammála því sem Þorkell segir, að þetta megi allt vera innan hornklofa, svo vil höldum okkur við það orðalag. Takk.

SN

Dögg Harðardóttir.

DH

Formaður og ágætir ráðsfulltrúar. Ég vil bara minna á, að við erum bara að vinna fyrstu drög. Þetta er áfangaskjal og það getur allt tekið breytingum fram á síðasta dag. Þannig að, með tilliti til þess að við erum ekki að samþykkja... þetta er ekki endanleg afgreiðsla, þá ætla ég að mótmæla félögum mínum, sem hafa verið á móti þessu. Mér finnst allt í lagi að samþykkja þetta inn í áfangaskjal ef textinn... ef þetta verður algjörlega út úr kortinu, þá má breyta því. En við komumst ekkert áfram með vinnuna ef við ætlum ekki að samþykkja neitt nema það sé endanleg afgreiðsla.

SN

Pawel.

PB

Já. Vegna þess sem t.d. nú hefur komið fram, þá vil ég þá ítreka að ég er f.o.f. á móti því að inn komi aðfararorð. Þannig að ég er þess vegna á móti því að við setjum þau inn og skrifum síðar. En sérstaklega, þá finnst mér erfitt að samþykkja hlut sem ég veit ekki hvernig muni líta út þegar að honum verður komið. Persónulega, ef að 1. gr. myndi hljóma einhvern veginn „Ísland er lýðræðisríki sem virðir mannréttindi“, ef aðfararorðin væru þess efnis, þá náttúrulega er það eitthvað sem má fallast á. Mér finnst t.d. öll þessi gildi sem hérna eru talin, mér finnst þau ekki jafn mikilvæg. Það er ekkert jafn auðvelt að fallast á þau öll. Þannig að, að því sögðu, þá er ég tregur til þess að samþykkja það að gefa út svona tékka sem við munum fylla út þegar á hólminn er komið.

SN

Gísli Tryggvason.

GT

Já, formaður. Góðir félagar. Aðrir áheyrendur. Fyrst spurning: Erum við ekki að ræða hérna bæði gildagreininna, sem er umdeild, og allan mannréttindakaflann? Ég geri ráð fyrir að hér fari umræður um allt sem að Silja Bára kynnti, sem að vísu...

SN

Fyrst hverja tillögu fyrir sig. Semsagt, við tökum hana... Já.

GT

Já, ókey. Fyrst hverja tillögu. Og ég vil bara vekja athygli á því að í áfangaskjali, sem að virðist vera

komið á vefinn, allt sem kemur frá nefnd áður en það er afgreitt héðan, þó það sé umdeilt hér, að þá er þetta komið inn og það er ekki samræmi milli númeranna sem að voru í skjölum. Þannig að ég geri hér ráð fyrir að það sé gildagreinin sem að valdi því misræmi. Takk.

SN
Silja Bára.

SBÓ
Já. Takk, Gísli, fyrir þessa ábendingu. Þetta er nú kannski svona blanda af tækni- og tímavanda. Við höfðum lagt upp með að kynna þetta sem 2. til 12. gr. en í skjalinu, eins og það fór á vefinn til kynningar fyrir almenningi, þá er kaflinn númeraður rétt eins og dómstólakaflinn er númeraður 1 til 6, þó að þær greinar verði væntanlega einhvers staðar í kringum 50 til 70. Þannig að hver kafli er endurnúmeraður. Þannig að ég ákvað að kynna þetta með tölulíðum í samræmi við skjalið eins og það liggur á vefnum. Þannig að ég biðst afsökunar á því. Vonandi verðum við bara aðeins tímanlegar og kunnum núna á netkynninguna, þannig að við vitum að við kynnum hvern kafla með númerum frá 1 og áfram og endurnúmerum síðan í réttri röð, þegar þar að kemur. Ef það eru... Já. Takk.

SN
Örn Bárður.

ÖBJ
Formaður, góð systkin nær og fjær. Ég vil þakka Silju fyrir þessa góðu kynningu og lýsa því yfir að mér finnst nú kannski ekki rétt að ... eða það orkar tvímælis að segja „mér finnst“ en mér finnst dálítið heillandi að það verði formáli, aðfararorð, að stjórnarskránni; það gefi henni svona ris. Og jafnvel þó að það sé ekki norræn hefð og allt það, þá finnst mér að við megum gjarnan skoða það, að þar séu settar fram háleitar hugsjónir, því stjórnarskráin er annars vegar framtíðarsýn en svo er hún líka að einhverju leyti barn síns tíma. Og það er þess vegna sem við erum með í 2. gr. þessar upptalningar vegna þess að við teljum að það þurfi að hnykkja á vissum atriðum sem ekki eru í lagi núna. Þannig að því leyti til, þá endurspeglar þessi texti stöðu íslensks samfélags eins og það er nú en síðan inn á milli og væntanlega í aðfararorðunum, þá er svona eins og meiri framtíðarsýn og svona hugsjónir og draumsýn. Og það er ekki hægt að lifa án drauma og framtíðarsýnar. Og svo hitt, að við getum heldur ekki lifað án trúar og trausts, svo við verðum að treysta hvert öðru í því að við erum að vinna þetta saman og þetta verður ekki samþykkt á endanum fyrr en bara á síðasta degi. Takk fyrir.

SN
Lýður Árnason.

LÁ
Já, kærar ráðsfolk. Er ekki eðlilegast að samþykkja þessa tillögu? Þá fer þessi vinna í gang og þetta fer inn í áfangaskjalið og þá getum við bara metið það þegar sú vinna er komin eitthvað áleiðis hvort að við viljum hafa þetta inni eða ekki. Það er svo erfitt að segja til um núna hvað við eigum að gera. Við vitum ekkert hvað kemur í þessu, eins og Pawel er að segja. Þannig

að ég mæli með að við samþykkjum þetta og sjáum hvað gerist.

SN
Freyja.

FH
Já. Mig langar bara að byrja á því að segja að ég er mjög fylgjandi að við höfum svona aðfararorð eða hvað sem við viljum kalla það, þegar á hölminn er komið, bæði vegna þess að ég tel mikilvægt að þegar fram í sækir, að stjórnarskrá gefi einhver skilaboð um það, hvaða gildi við sem þjóðfélag viljum byggja á. Annað sem ég vildi svo bara nefna er aftur: Þetta er áfangaskjal og ég tel mikilvægt að við samþykkjum núna að setja inn tillögu um það að það verði aðfararorð til þess að þjóðin geti brugðist við því. Ég meina, kannski kemur í ljós að fólki finnst það bara ómögulegt og við getum alltaf bakkað. Við þurfum ekki að vera svona hrædd við að taka skrefið. Það er ekkert að því að skipta um skoðun eða hætta við. Til þess erum við hér, til að viðra hugmyndir og komast að niðurstöðu um eitthvað. Þannig að við erum ekkert að þeirri niðurstöðu akkurat núna. Takk.

SN
Arnfríður.

AG
Já, góðar ráðsfolk og aðrir áheyrendur. Ég styð eindregið að þetta fari inn. Ég held að það sé mikilvægt að við höfum það í huga, að þessi texti, sem við erum að skrifa, er ekki bara texti sem er ætlaður lögfræðingum. Hann er líka ætlaður þjóðinni og þess vegna finnst mér mikilvægt að við setjum herna fram ákveðin gildi sem við ætlum síðan að leggja til grundvallar þeirri vinnu sem að við erum að vinna í greinunum. Þannig að greinarnar séu ákveðin útfærsla. Við getum litið á það þannig, að greinarnar séu útfærsla á þessum gildum sem við leggjum til grundvallar allri okkar vinnu og sem við vonandi getum sameinast um að vinna. Núna erum við bara að leggja grunninn að þessari vinnu. Það er mikilvægt að við gerum það svo við höfum þessi hugtök í huga þegar við erum að vinna áfram og síðan getum við, eins og í öllum góðum verkum að inngangurinn er skrifaður síðast. Þannig að ég vona það, að við getum sameinast um þetta núna og vonandi sameinast um þetta að lokum. En, eins og Freyja sagði, að sjálfsgöðu tókum við afstöðu til þess þegar textinn er tilbúinn. Takk.

SN
Eiríkur Bergmann.

EBE
Já, kærar félagar. Ég vil líka þakka fyrir þessar tillögur. Mér finnst þær eiginlega flest allar mjög góðar og ég er alveg tilbúinn til þess að samþykkja þessar tillögur sem hér eru til umfjöllunar án allra hornklofa meira að segja. En mig langaði þó til þess að nefna það, að í svona aðfararorðum, þá þurfum við að fara varlega – og ég tek að því leytnu undir með Pawel. Það gæti verið óheppilegt ef að í svona gildum séum tiltekin atriði sem að sumir, sem hafa íslenskt ríkisfang, eru ekki sammála, því að þá er verið að útiloka eiginlega fólk frá því að tilheyra íslenskri þjóð. Vandinn við það, ef það

er tekið tillit til þess til ítrustu, þá endi svona texti á því að vera merkingarlaus. Og þetta er vandinn eiginlega sem við stöndum frammi fyrir varðandi svona texta. Þannig að ég legg til að við bara samþykkjum þetta svona en höfum það í huga að reyna að hafa þessa hluti sem allra, allra einfaldasta og passa okkur á því að fara ekki í alltof langa upptalningu á svona gildum, því að það getur bæði virkað útilokandi eða þá að menn endi bara í endalausum selvfølgelighedum sem að hafa enga sérstaka merkingu. Þannig að ég vildi nú bara svona nefna þetta inni í þessari umræðu.

SN
Dögg Harðardóttir.

DH
Formaður og ágætu ráðsfélagar. Vinnan í A-nefndinni hefur einkennst af því að við reynum eftir fremsta megni að ljósa ekki um neitt, heldur bara ræða okkur niður eða koma okkur saman um endanlega niðurstöðu. Ef við ætlum ekki að samþykkja aðfararorð núna af því að við vitum ekki hvernig þau líta út, þá getum við líka sleppt því að samþykkja að færa mannréttindakaflann fremst af því við vitum ekki alveg hvað á að standa í honum. Það vita nú væntanlega allir sem voru á umræðufundinum um þessar tillögur A-nefndar í fyrradag, að við tókum tillit til þeirra athugasemda sem þá komu fram frá hópnum, þannig að ég vona að hópurnir í heild treysti okkur til þess að taka tillit til þeirra athugasemda sem við fáum. Og eins og ég segi og ítreka: Þetta er áfangaskjal, þetta eru fyrstu skrefin okkar, þetta getur allt breyst og ég tel að við séum það sveigjanleg og skynsöm að við tókum tillit til þess hvaða athugasemdir koma.

SN
Illugi Jökulsson.

IJ
Já, ágætu félagar. Mig langar rétt að leiðrétta. Það er greinilega kominn í gang ákveðinn misskilningur um þessa 1. gr. Í fyrsta lagi er hún ekki hugsuð sem löng upptalning á einhverjum tiltölulega merkingarlausum orðum. Þetta er hugsuð sem stuttur, einfaldur texti og þar eigi alveg áreiðanlega ekki að vera neitt sem einhverjir geti ekki sætt sig við. Ég skil ekki af hverju menn hafa áhyggjur af þessari 1. gr. Við í A-nefndinni ætlum ekki að skrifa þennan texta. Það eiga allir, allt stjórnlagaráðið á að koma að því þegar fram líða stundir og ég held að fólk ætti bara að samþykkja tillöguna og hætta að hafa áhyggjur af þessu. Þetta verður falleg grein, vonandi, og einföld og skýr og allir eiga að geta sætt sig við hana ef vel tekst til. Og ef það tekst ekki, þá bara sleppum við henni.

SN
Þá er ekki fleiri. Já, Þorkell, gjörðu svo vel.

ÞH
Bara örstutt. Í framhaldi af þessari umræðu sem fram hefur farið, þá vil ég ekki vera til leiðinda. Mér finnst ég hafa fengið skýringar og fullvissu fyrir því að það verði þarna vandað til verka. Þannig að ég ætla að greiða þessari tillögu atkvæði.

SN

Áður en við göngum til atkvæðagreiðslu um greinina, þá ætla ég að gefa formanni A-nefndar orðið.

SBÓ
Já, takk og takk fyrir þessar góðu athugasemdir. Ég vona að félagar mínir í nefndinni hafi brugðist við þeim áhyggjum sem komu fram hjá Pawel og Þorkatli um að það væri verið að gefa hérna út einhvers konar óútfylltan tékka. Það er ekki ætlunin. Ef til þess kemur seinna í ferlinu, að við sjáum að þessi hugmynd gangi ekki upp, þá auðvitað fjarlægjum við greinina og færum aðrar greinar fram. En, eins og komið hefur fram, þá er hugmyndin einmitt að við stillum saman strengina í lok ferlisins og gerum þetta í heild, þannig að þá hafa allir tækifæri til þess að hafa áhrif á útkomuna. Ég þakka aftur góðar umræður.

SN
Þakka formanni A-nefndarinnar fyrir góða greinargerð. Og þá göngum við til atkvæðagreiðslu um fyrstu tillöguna, að 1. gr. verði bætt fremst í áfangaskjal. Þeir sem eru samþykkir rétti upp hönd. [atkvæðagreiðsla] Einhver á móti? Enginn á móti. Tillagan er samþykkt. [úr sal: Hjárseta.] Nú, fyrirgefðu: Hjárseta hér.

Þá tókum við fyrir tillögu tvö um að mannréttindakaflinn verði færður fremst í áfangaskjal og orðið er laust um þá tillögu, ef einhver vill tjá sig um hana. Ef ekk... Já. Iris Lind.

ÍLS
Takk fyrir. Mig langaði að þakka A-nefndinni frábæra vinnu og útspekúleraðar og efnismiklar tillögur. Mig langaði að koma með smá athugasemdir og kannski smá tillögu. Hér hafa menn velt upp þeirri spurningu: Á herðar hverjum þessi mannréttindaákvæði leggja skyldur? Almennt leggja þessi ákvæði mannréttindakaflans núna skyldur á herðar ríkinu að tryggja einstaklingum að þeir geti notið þeirra réttinda sem að þarna eru upptalin. Í því felst að stjórnvöld skuli virða þennan rétt og stjórnvöld skuli einnig tryggja það að aðrir einstaklingar í samfélaginu virði þennan rétt í samskiptum sínum við aðra einstaklinga. Þannig að það almennt á við bara um öll ákvæði á sviði mannréttinda. Hvað varðar uppröðun, þá langaði mig að leggja til að nefndin taki til skoðunar að breyta uppröðun á þá vegu, að réttur til lífs og virðing fyrir mannlegri reisu og bann við pyntingum komi á undan jafnræðisákvæðinu, þó það sé nú afar mikilvægt og kannski í daglegu lífi kemur til einnar mestrar...

SN
Þetta er ekki sú tillaga sem við erum að ræða um.

ÍLS
Erum við ekki að...?

SN
Við erum fyrst og fremst að tala um að færa allan mannréttindakaflann fremst. Það er tillagan sem við erum að...

ÍLS
Já. Ég er hlynnt því. Já, algjörlega. Er hægt að koma inn á hitt á eftir?

SN

Þú er hlynnt því, semsagt tillögunni sem núna liggur fyrir?

ÍLS

Já. Ég biðst bara forláts, afsökunar.

SN

Allt í góðu. Einhver annar sem vill taka til máls um þennan hluta? Ef ekki... Já, Pawel.

PB

Já. Kæru vinir. Mér finnst kannski að það er dálítið erfitt að ræða þetta aðskilið. Við erum náttúrulega annars vegar að ræða um bara mannréttindakaflann og hvernig við ætlum að koma honum fyrir og það náttúrulega hvar hann er staðsettur hefur auðvitað líka í för með sér hvort við séum að leggja til algjörlega nýja stjórnarskrá eða hvort við séum að gera endurbætur á þeirri gömlu. Og með því að færa mannréttindakaflann fremst og með því að búa til nýja grein, þá er nokkuð ljóst að öll stjórnarskráin verður ný. Við munum þá hugsanlega hafa einhverjar greinar sem eru í mannréttindakaflanum eða leifar af gömlum greinum [úr] þeirri stjórnarskrá sem nú gil[ir] en að öðru leyti, þá erum við að skrifa algjörlega nýja stjórnarskrá. Bara svo við áttum okkur á því að með þessu erum við að taka að einhverju leyti ákvörðun um það.

Mig langar að lesa fyrir ykkur smá texta sem er úr annarri stjórnarskrá sem ég þekki: „Þingið skal ekki setja nein lög sem lögfesta trúarbrögð, banna iðkun þeirra, takmarka málfrelsi eða prentfrelsi, frelsi fólks til þess að safnast saman og rétt til að senda erindi til ríkisins.“ Og ég veit ekki hvort þið kannist við þetta. Þetta er semsagt fyrsti viðauki í bandarísku stjórnarskránni, þar sem komið er á málfrelsi, prentfrelsi, fundarfrelsi og trúfrelsi í tveimur línunum. Þetta tekur okkar stjórnarskrá u.þ.b. 30 línur að gera og að mörgu leyti stendur sú bandaríska okkur frammar í mörgum þessum efnunum, bæði hvað varðar t.d. málfrelsi og hvað varðar trúfrelsi. Svona um hvort tveggja, þá eru t.d. þau ákvæði það sterk að menn geta mætt í útfarir hermanna og óskrað það að ástæðan fyrir því að bandarískir hermenn deyja sé sú að bandaríska ríkið beri virðingu fyrir samkynhneigðum. Og þetta geta menn gert í Bandaríkjunum í skjóli málfrelsis. Þetta finnst mér flott. Ekki það sem menn segja, heldur það að ríkið beri svo mikla virðingu fyrir þessum grunngildum að það jafnvel leyfi svona fábjanum að njóta þeirra. Það eru margir sem leggja ýmsar kvaðir á hvernig stjórnarskráin á að líta út og hugtökin „fallega orðuð“ og „núttímamál“ eru eitthvað sem hafa verið nefnd hér, einnig það að greinarnar skuli vera framarlega, að það hafi heilmargt að segja. Þessi grein sem ég nefndi er mjög aftarlega í bandarísku stjórnarskránni en engu að síður, þá hefur hún tryggt mál- og fundarfrelsi og trúfrelsi í Bandaríkjunum í 220 ár. Það er nefnilega einn þáttur sem skiptir líka máli, sem mér finnst við nálgast ekki með nægilega mikilli varúð og það er það að stjórnarskráin eigi að vera stöðug. Auðvitað er það eitthvað sem hefur heilmargt að segja.

Við skulum taka eftir því að þær greinar sem við erum nú að fara að vinna með í stórum stíl í mannréttindakaflanum hafa verið hérna kannski í 15 ár en það er engu að síður komið töluvert dómafordæmi víða um

hvernig þær beri að túlka. Og jafnvel þó við segjum að við séum einungis að gera orðalagsbreytingar á hinu og þessu, þá getur það verið að það hafi síðan áhrif á dómatúlkun þegar á líður. Af hverju skiptir stöðugleikin máli og af hverju er íhaldssemi í þessum efnunum kannski markmið í sjálfu sér? Jú, Ómar Ragnarsson sagði það í ræðu sinni í gær, að hann er að hugsa um komandi kynslóðir þegar hann er að skrifa þessa stjórnarskrá. Við verðum að hafa það í huga að það er per se ekkert rosalega erfitt að breyta stjórnarskrá á Íslandi. Til þess þarf einfaldlega tvö þing með kosningu þar á milli. Það hefur ein ríkisstjórn fallið í kosningum á lýðveldistímanum með þeim hætti að stjórnarandstaðan hefur tekið við. Ein ríkisstjórn. Sem þýðir það að allar ríkisstjórnir á lýðveldistímanum nokkurn veginn hefðu getað breytt stjórnarskrá, ef þær hefðu viljað það. Þannig að það er ekki beinlínis ákvæðið sem slíkt sem kemur í veg fyrir að stjórnarskrá sé oft breytt, heldur er það ákveðin hefð og ákveðin íhaldssemi manna í þeim efnunum sem gerir það. Ef að við nálgumst viðfangsefni og vinnu fyrri kynslóða með þeirri léttúð, að það sé mjög auðvelt að breyta orðalagi og bæta nýjum greinum, þá er engin trygging fyrir því að komandi kynslóðir nálgist okkar viðfangs[efni(?)] ekki með sömu léttúð og stjórnarskránni verður breytt aftur eftir 10 og 15 ár. Og þá er kannski til lítills að við séum að setja inn mjög flottar og góðar greinar sem svara vel kalli nútímans, ef að menn síðan koma og breyta þeim aftur eftir 10 ár vegna þess að samfélagsandinn er einhver annar.

Þannig að af þessum ástæðum, þá mun ég vera tregur til að gera miklar breytingar á mannréttindakaflanum, sem ég tel að sé góður að mestu leyti eins og er, fyrir utan þær hóflegu breytingar sem stjórnlaganefndin leggur til. Takk.

SN

Ég minni á að við erum f.o.f. að tala núna um að færa mannréttindakaflann fremst, þá tillögu, en [Ástrós] Gunnlaugsdóttir næst.

ÁG

Já, ég ætlaði bara að byrja á að fá að þakka A-nefndinni fyrir frábær störf, Silju Báru fyrir flotta framsögu um þeirra verk. Ég ætla svo bara fá að taka fram, að ég er mjög hlynnt því að færa mannréttindakaflann fremst í stjórnarskrána. Fyrir mér er þjóðin uppspretta alls valds og í mínum huga er þetta þá bara ákveðin sýmbólisering á þeirri hugmyndafræði sem að liggur þar að baki. Takk.

SN

Einhverjir aðrir sem vilja tjá sig um þessa tillögu? Ef ekki, Silja Bára, þá gef ég formanni A-nefndar síðasta orðið.

SBÓ

Takk fyrir og takk fyrir góða brýningu, Pawel. Ég minni þó á að í tillögu stjórnlaganefndar er einmitt gert ráð fyrir því að mannréttindakaflinn sé fluttur fremst. Þannig að ef stjórnlaganefnd er að leggja til algjörlega nýja stjórnarskrá, eins og þú túlkar það, að þá erum við að fara eftir þeirri tillögu með þessari tillögu okkar. Um annað svona efnislega, held ég að við bara tökum ábendingarnar inn til okkar, eins og við höfum

gert fram til þessa, og vinnum úr þeim. Og þakka bara Ástrósu – þau voru nú bara tvö sem að tóku til máls – þakka Ástrósu líka þá fyrir hennar innlegg í þetta. Takk fyrir.

SN

Þá þakka ég nefnd A fyrir... og formanni nefndarinnar fyrir umræðu og yfirlit. En þá er tillaga 2 um að mannréttindakaflinn verði færður, þ.e. að „VII. kafli núgildandi stjórnarskrár færast fremst í áfangaskjal“, við greiðum þá atkvæði um þá tillögu og þeir sem eru samþykktir rétti upp hönd. [atkvæðagreiðsla] Er einhver sem greiðir atkvæði á móti? [?] Þá er tillagan samþykkt. Og þá tókum við fyrir tillögu A-nefndar, sem er til kynningar, um breytingar á mannréttindakaflanum og orðið er laust. Gjörðu svo vel. Dögg Harðardóttir.

DH

Formaður og ágætir ráðsfulltrúar. Mig langaði bara að ítreka að það sem áður hefur komið fram varðandi 1. gr., sem stendur „2. gr.“ á þeim blöðum sem við erum með, að upptalningin hér gengur eins langt og í rauninni samræður nefndarinnar hafa gengið út á og það er ágætt kannski fyrir áheyrendur að vita, að það voru, eins og Silja Bára kom inn á áðan, það voru tvö ólík sjónarmið: Annars vegar að hafa kaflann bara mjög stuttan eða lengja hann; og lengingin með hugtökunum sem eru innan hornklofa er í rauninni eins langt og hugsunin er að geta gengið. En við erum að alveg opin fyrir því að stytta þetta til muna.

SN

Ómar Ragnarsson.

ÓR

Já, formaður, gott ráðsfolk. Ég ætla að leggja fram breytingartillögu við 6. gr. um rétt barna. Er það ekki rétti tíminn til að gera það núna?

SN

Ja, þú mátt mæla fyrir breytingum en síðan verður tillagan svo bara lögð fyrir nefndina.

ÓR

Já, ég ætla bara að kynna hana strax. Ég er mjög ánægður með...

SN

[við spurningu úr sal („Bara allar í einni kös?“] Já, það ...

ÓR

Er þetta heildarumræða?

SN

Ég held að það sé eðlilegt að við tókum bara skjalið eins og það kemur fyrir, frekar en að taka hverja grein fyrir sig.

ÓR

Á ég þá að bíða bara?

SN

Nei, þú mátt taka til máls.

ÓR

Ég legg til að við hana bætist að þetta verði ekki bara „til fjölskyldulífs“, „réttur barna til fjölskyldulífs“, hledur við hana bætist „og eðlilegrar og hollrar umgengni við sína nánustu og umhverfi sitt“. Og ég byggi þessa tillögu á dæmi sem ég ræddi hér á sameiginlegum fundi um daginn, þar sem foreldri tókst, þrátt fyrir barnaverndarlög og menntakerfi og mannréttindi þess tíma, allt fram á 6. áratug og 7. áratug síðustu aldar, að halda barni sínu frá öllum samneyti sínu við samfélag sitt, við sína nánustu, ættingja og koma í veg fyrir að það gæti nokkurn tímann farið í skóla með því einfaldlega að kenna því sjálf. Og þetta eru náttúrulega mannréttindi sem að ég tel – í ljósi þessarar reynslu og, að ég hygg, að annað hliðstætt hafi getað gerst allt fram á okkar daga – að þurfi bara að vera í stjórnarskrá, alveg eins og réttur til fjölskyldulífs. Og ég endurtek þessa viðbót, sem ég legg til: „rétt til fjölskyldulífs“ og svo kemur viðbótin: „og eðlilegrar og hollrar umgengni við sína nánustu og umhverfi sitt“.

SN

Íris... Já, ég ætlaði líka að ítreka við ráðsmenn að breytingartillögur, ef þeir vilja fá þær bókaðar í fundargerð, að þá komi þær skriflegar til fundarritara fyrir lok fundarins. Íris Lind Sæmundsdóttir.

ÍLS

Kærar þakkir. Og ég ætla nú bara að taka upp frá þaðan sem ég hætti áðan. Ég ætlaði bara, til viðbótar við þessa tillögu til uppröðunar, þá langaði [mig] kannski að bara benda nefndinni á, að í 1. gr. mannréttinda-sáttmálans er talað um það að samningsaðilar skuli tryggja hverjum þeim, sem eru innan yfirráðasvæðis þeirra, þau mannréttindi sem í sáttmálanum felast. Þannig að það er spurning hvort að menn eru að velta fyrir sér á herðar hverjum skuldbindingarnar liggja. Það er kannski vangavelta að setja eitthvað svona inn í kaflann.

Mig langaði bara að taka upp það sem Pawel var að nefna varðandi einstaka orðalagsbreytingar. Við þurfum að vera ansi varkár þegar við erum að fella út stöku orð með það að markmiði að einfalda og gera hlutina skiljanlega fyrir hinn almenna lesanda. Sum orð hafa fengið ákveðna merkingu í dómaframkvæmd, bæði hér heima frá 1995 og frá mannréttinda-sáttmálanum, frá því hann var settur 1950, að mig minnir. Og við höfum nú rætt nokkur dæmi en svo ég nefni nú bara kannski eitt: Hugtakið „siðgæði“, sem að við höfum svona rætt t.d., það er notað til að takmarka tjáningu á ýmsu efni, t.d. klámi. Og þegar við erum að fella út svona orð sem við kannski almennt skiljum ekki við fyrsta lestur, að við séum þá meðvituð um það, að við séum hugsanlega að opna á klámumfjöllun eða klámauglýsingar, t.d. í þessu tilvik. Þannig að: Bara stíga varlega til jarðar og fara gætilega og meta hvert tilvik mjög vandlega. Og þetta á við bara um alla kafla og hverja einustu grein sem að við erum að taka til skoðunar og hugsanlega breyta.

Svo af því að Pawel nefndi bandarísku stjórnarskrána sem að er um margt mjög einföld í einstökum ákvæðum. Bandarísk réttarhefð er svolítið öðru vísi en hin íslenska. Þar byggist réttarkerfi og það hvernig rétturinn er, hann byggist rosalega mikið á dómafor-dæmum og þar hvílir þetta bara gríðarlega mikið á

sérfræðimenntuðu fólki sem er bara mjög frótt um þá dómafordæmi og hvaða reglur felast í þeim. Þannig að við skulum vera varkár í [því] að lesa efnislega of mikið í einstök einföld ákvæði annars staðar. Það getur líka verið mjög margt á bak við hvert eitt og einstakt orð.

Svo er ég bara með ýmsar ábendingar, sem ég ætla bara að benda nefndinni á bara sérstaklega hér utan fundar en ég tel líka bara mikilvægt að við höfum samráð við t.d. eins og innanríkisráðuneytið, eins og Silja Bára talaði um varðandi ákvæði um ríkisfang, að við séum bara meðvituð um þær breytingar sem að þetta hugsanlega leiði til og framkvæmd og annað. Að við leitum líka eftir því við einstök stjórnvöld, að þau gefi okkur upplýsingar. Annars þakka ég kærlega fyrir og bara þakka nefndinni enn og aftur fyrir alveg frábæra vinnu og mikla yfirlegu á mjög stuttum tíma. Og einmitt: Við erum ekki búin, við erum rétt að byrja með þetta og þetta verður áfram í þrjá mánuði a.m.k. eða að hámarki en alla veganna í tvo mánuði í vinnslu, þannig að við höfum ágætis tíma en samt ekki endalausán. Þannig að takk fyrir.

SN

Gísli Tryggvason.

GT

Já, formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Ég þakka formanni nefndarinnar fyrir góða framsögu og nefndinni fyrir ítarlega vinnu. Úr því við erum að ræða almennt um kaflana langar mig að nefna að það sé varhugavert að lögfesta of mikið af dægurbreytilegum stjórnsmálastefnum í stjórnarskrá. Mér finnst svolítið bera á því í sumum af þessum tillögum og ég held að menn ættu að hugleiða það þegar þeir fjalla um tillögur eða gera tillögur og taka afstöðu til þeirra að þær þurfa helst að endast í áratugi, eins og Pawel vék að í sambandi við stöðugleika. Og út af orðum Pawels og Írisar Lindar um þetta, þá vil ég taka undir að varfærni og meðvitund um hvað breytt orðalag getur haft í för með sér er nauðsynlegt. En ef að stjórnlagaráð á að fylgja nokkuð víðtæku ákalli um að einfalda stjórnarskráartextann, þannig að ekki þurfi lagaþekkingu til þess að skilja réttindi sín og skyldur og stjórnskipan ríkisins, að þá þurfum við í stjórnlagaráði að vera samkvæm sjálfum okkur og gera það víðast eða alls staðar í stjórnarskránni. Og loks vil ég nefna almennt það sem ég hef nefnt óformlega á fundum okkar hér en líklega ekki í ráðinu sjálfu, að þegar mannréttindakafla sérstaklega er breytt, þá tel ég nauðsynlegt að hugsjónasamtökum, sem að hlut eiga að máli, og hagsmunaaðilum sé boðið sérstaklega að gera umsagnir. Það að vísu kemur fram í reglum okkar og á vefnum að öllum sé frjálst að senda inn erindi og allmörg hafa borist nú þegar og fengið umfjöllun sum og andsvör og umræðu fina á vefnum en ég tel sérstaka ástæðu til þess, til þess að þetta starf okkar heppnist, að ná niðurstöðu hjá þjóðinni og hjá Alþingi, að það sé sérstaklega hugað að því að senda þeim sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta, ef þeir eru líklegir til þess að hafa skoðun á tilteknum málum eða breytingum, að þeim verði sent sérstakt boð um að senda erindi eða koma jafnvel á fund nefndar. Takk.

SN

Pétur Gunnlaugsson.

PG

Já. Formaður og ágætu félagar. Ég ætla að gera at-hugasemdir við 5. gr. Þar segir í 1. mgr.: „Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs.“ Þetta er auðvitað klassískt ákvæði sem allir eru sammála um. Nú í 2. mgr., þar segir: „Allir skulu njóta mannhelgi.“ Og ég er alveg sammála því. En þetta á ekki heima í þessu ákvæði, tel ég. Það væri miklu nær að það væri sjálfstætt ákvæði: „Allir skulu njóta mannhelgi og rétturinn til lífsins sé virtur.“ Það er þá sérákvæði. Þetta á ekki heima í ákvæði sem fjallar um friðhelgi einkalífs og heimilis, það þekki ég það ekki að það sé í öðrum stjórnarskrám það ákvæði. Nú, í öðru lagi, þá er talað um „vernd gegn hvers kyns ofbeldi“ og síðan í skýringun-um er talað um að „frelsi undan ofbeldi teljist hluti af friðhelgi einkalífsins“. Ég átta mig ekki alveg á þessu. Ég býst við því að það sé átt við það, að ríkisvaldinu ber skylda til að halda uppi allsherjarreglu og sjá til þess að borgararnir séu verndaðir gegn ofbeldi. Það á væntanlega við um alla brotaflokkana en ég held að það ekki við [ógreinilegt: þann lið(?)]. Þannig að það væri líka hægt að setja þá sérákvæði sem áréttaði hlutverk ríkisins að því leyti. En þarna er verið að setja í 2. mgr. tvö atriði a.m.k. sem eiga ekki heima undir þessum mannréttindahagsmunum sem verið er að greina.

SN

Takk. Vilhjálmur Þorsteinsson.

VÞ

Já. Formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég fagna mjög þessum tillögum. Ég held að þetta sé að verulegu og langmestu leyti til mikilla bóta og skýri mannréttinda-ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar og færi þau að ýmsu leyti í nútímahorf, sem að ég tel gott. Mig langar aðeins að renna yfir greinarnar. Það er í því sem heitir í okkar tillögu hérna 2. gr. en er sjálfsagt á vefnum sem 1. gr., að þar eru nefnd nokkur atriði. Í fyrsta lagi vil ég nú alveg sérstaklega fagna því að orðið „kynþáttur“ falli brott. Það er gamalt, úrelt og beinlínis vont orð sem ég sé ekki eftir og það sem að þar átti að vernda er að sjálfsögðu undir öðrum liðum þarna og má reyndar segja fleiri en einum. Nú, „búseta“ stingur mig aðeins í augu í þessum upptalningarlista vegna þess að það er kannski eini þátturinn þarna sem fólk svona velur nokkuð frjálst, svona almennt talað. Ég hef athugað þetta mál í stjórnarskrám nágrannalanda og það er yfirleitt ekki þar að finna í sambærilegum listum. „Aldur“ er hins vegar víða að finna, þannig að það er svolitill munur á aldri og búsetu hvað þetta varðar.

Og síðan hvað varðar það að telja upp „stjórnsmál“: þar er stundum sagt „stjórnsmálaskoðana og annarra skoðana“ eða „political and other opinion“, þannig að það er svosem verið að meina skoðanir og stjórnsmála-skoðanir. Það er auðvitað hægt að ræða það, hvort það felist ekki bara í orðinu „skoðanir“.

Nú síðan varðandi það sem hjá okkur heitir 3. gr., að „öllum skuli tryggð tækifæri til að lifa með mannlægri reisu í samfélaginu, margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna“: Þetta er gott en gæti átt heima, eins og formaður nefndarinnar sagði, í einhvers konar sérstakri grein um mannlega reisu og mannhelgi og jafnvel alla leið inn í 1. gr., einhvers konar gildakafla stjórnarskrárinnar eða a.m.k. kannski seinni setningin. En við sjáum nú hvernig það breytist þá í síðari með-

förum. Í því sem að hjá okkur heitir 5. gr., um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, þá er nú bara smá athugasemd, svona íslenska. Í 2. mgr. þá er talað um að allir skuli njóta mannhelgi og verndar gegn hvers kyns ofbeldi, s.s. kynferðisofbeldi, hvort heldur innan heimilis eða utan.“ Ég myndi nú bara vilja sleppa þessu „hvort heldur“. Þetta er nú bara svona smá íslenska.

Í því sem að heitir 7. gr. um rétt manna til að stofna félög og um fundafrelsi, að þá tek ég einmitt eftir því að á vefnum okkur hefur skapast umræða um þessa síðustu málsgrein þar, um að „menn eigi rétt á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir.“ Ég veit að menn hafa rætt aðeins um þetta síðastnefnda og t.d., ef ég man rétt, í finnsku stjórnarskránni er ekki svona ákvæði. Mönnum er bara einfaldlega frjálst að safnast saman og ef um er að ræða einhvers konar hættu á ofbeldi eða eignaspjöllum, þá er tekið á því raunverulega með öðrum hætti. En a.m.k. geta menn verið rólegir með það að þessi málsgrein hefur verið í stjórnarskránni og hún alla vega kom ekki í veg fyrir búshaldabyltunguna. Menn hafa ekki túlkað þetta þannig, að mönnum væri ófrjálst að koma saman og mótmæla. En ég skil það vissulega, þegar menn sjá þetta orðalag, þá finnst þeim það svolítið framandi og er kannski dæmi um eitthvað sem mætti orða og skýra betur í samræmi við raunverulega merkingu og túlkun. Nú, síðan er það 8. gr. um íslenskan ríkisborgararétt. Þar sé ég að við erum með heldur knappara orðalag á þessu heldur en tíðkast orðið í nýlegum stjórnarskrám annars staðar. Þar er yfirleitt einhvers konar lágmarksgræin um það hvernig menn öðlist ríkisborgararétt og ég veit að það getur aðeins verið flókið mál og ég veit að nefndin hefur velt þessu fyrir sér, þannig að ég bara vek athygli á því að það er kannski dálítið klént að tala um það, að það megi ekki svipt ríkisborgararétt en það er ekkert sagt um það hvernig menn öðlast hann. Og svo loks, þá vildi ég bara fagna alveg sérstaklega nýja ákvæðinu í því sem hér heitir 11. gr. í síðustu mgr., 4. mgr.: „Herskyldu má aldrei í lög leiða.“ Ég tel þetta afar gott mál, að við setjum þetta inn í íslensku stjórnarskrána. Og bara svona til að tengja þetta við pólitíska umræðu, þá hafa menn verið að hafa áhyggjur af því að ef að Ísland einhvern tímann gengi í Evrópusambandið, þá væru menn að undirselji sig það, að þurfa einhvern tímann að senda íslensk ungmenni í einhvers konar evrópskan her. En að sjálfsögðu er það ekki tilfellið og má t.d. líta til fordæmis Íra, sem fengu það mjög skýrt í samningum um Lissabon-samkomulagið, að ævarandi hlutleysi Írlands yrði tryggt og aðildarríki Evrópusambandsins, þeim verður þá alltaf í sjálfsvald sett hvort að [þau] leggi eitthvað til einhvers konar hernaðar. Og ég held að þessi 4. mgr. 11. gr. geri ekkert nema bara styrkja okkur í því að vera áfram vopnlaus þjóð, eins og við höfum verið, og boðberi friðar í heiminum og fagna þessu sem sagt sérstaklega. Þetta er það sem ég vildi sagt hafa. Takk fyrir.

SN
Pawel Bartoszek.

PB
Já. Kæru vinir. Bara vegna þess sem Íris Lind nefndi áðan, að þá er ég ekki að leggja til að við stytum

þetta í 2-3 línur, heldur var ég nú kannski frekar að leggja áherslu á stöðugleikapartinn, að þarna er grein í bandarísku stjórnarskránni sem hefur verið í gildi í 200 ár, sem þýðir það að hver sá stjórnmalamaður þar í landi, sem myndi leggja til að henni yrði breytt væri galinn. Í því er ákveðin vörn fyrir þeim gildum sem þar standa. Þið megið þá heldur ekki skilja það þannig að mér finnst öll þessi vinna, sem lögð hefur verið í hafa verið vond eða allar breytingar sem lagðar eru til slæmar. En ég myndi hins vegar vilja stíga mjög varlega til jarðar. Ég vil kannski ekkert vera að fara í einstaka hluti sem hér eru lagðir til – ég er nú að einhverju leyti sammála Gísla að sumt að þessu sem við erum að leggja til er ekki kannski jafn tímalaust og ég mundi vilja sjá það gert. En þess vegna mundi ég leggja til að þegar við tækjum þetta til frekari umræðu, þá værum við að tala um hverja grein fyrir sig, þá hefðum við fyrir framan okkur hvernig þetta liti út í dag, hverju við værum að breyta, hvort við værum að gera einungis orðalagsbreytingar til þess að „fólkið í landinu“, eins og sagt er, geti skilið það betur eða hvort við séum að hugsa um að ná fram einhverjum efnislegum breytingum á íslenskum lögum eða hvort við séum að reyna að áréttu eitthvað sem þegar er tilfellið. Þannig að ég mundi hið minnsta leggja til að þegar við færum í það að samþykkja þessar greinar inn í áfangaskjal, þá mundum við gera það við hverja grein fyrir sig. Þá hafa líka þeir í framtíðinni, sem vilja einhvern veginn ná utan um þá umræðu sem átti sér stað þegar þessu var breytt, getað farið og fundið skilmerkilega hvað það var sem við vorum að hugsa þegar við vorum að leggja til þessar breytingar. Ég er hræddur um að annars fari umræðan um víðan völl og við endum með að lauma [einhverju] inn sem síðan verður erfitt að finna hvað við áttum við þegar að á það mun reyna, hvort sem er fyrir dómstólum eða annars staðar í lagasetningu. Takk fyrir.

SN
Lýður Árnason.

LÁ
Já, takk fyrir orðið. Í heildina finnst mér þetta nú bara mjög góð vinna hjá nefnd A. Ég kem hérna með tvær örstuttar athugasemdir nefndinni til íhugunar og það er varðandi 1. gr. eða það sem er merkt hjá mér 2. gr. um [að] „allir eru jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis“. Svo kemur önnur mgr.: „Konur og karlar jafns réttar í hvívetna.“ Það er spurning hvort það sé ekki óþarfi að tvítaka þetta. Svo er ég aðeins að íhuga varðandi herskylduákvæðið. Mér finnst það eiginlega ekki eiga heima með ákvæði um dauðarefsingar, pyntingar og þrælahald eða nauðungarvinnu. Ef við ætlum að hafa þetta ákvæði inni, þá finnst mér það eiga frekar heima í einhverju sérstöku friðarákvæði. Svona bendi nefndinni á þetta bara til íhugunar. Takk.

SN
Arnfríður Guðmundsdóttir.

AG
Já, ráðsfulltrúar og aðrir áheyrendur. Takk fyrir þessa góðu umræðu. Það er nú svo með alla texta, að þeir eru að einhverju leyti alltaf litaðir af sínum samtíma. Það

er aldrei hægt að skrifa texta sem að er algjörlega tímalaus. Og þannig mun okkar texti, hversu meðvítuð sem við erum um það að reyna að vera eins tímalaus eins og hægt er – sem við getum að sjálfsögðu reynt að hafa sem markmið – það mun semsagt ekki takast frekar heldur en öðrum hefur tekist að gera tímalausa texta. Þannig að þessi 200 ára texti í bandarísku stjórnarskránni er að sjálfsögðu barn síns tíma, þó hann hafi enst eða elst eins vel og raun ber vitni, að margra mati.

Varðandi spurningu Lýðs eða athugasemd hans um kynferðið og svo „Konur og karlar“: Þetta er eitt af því sem að... Þessi tvítækning er að sjálfsögðu inni í stjórnarskránni, eins og hún er, af ákveðinni ástæðu og þarna erum við einmitt að sjá eitt dæmi um það hvernig tíminn mótar textann og samtíminn og aðstæðurnar móta textann. Og þarna var talin full ástæða til þess að tvítaka þetta til þess að lyfta þessu sérstaklega upp. Og við höfum tekið þessa umræðu og við teljum það, að því miður, þá sé full ástæða til að halda þessu áfram inni.

Ég ætla aðeins að taka upp þetta varðandi stjórn málin: Þarna kemur „skoðana“, „stjórn mála“ og „trúarbragða“ hvert á eftir öðru. „Skoðana“ og „trúarbragða“ voru inni. Þarna er ekki sagt „trúarbragðaskoðana“ heldur talin ástæða til að nefna sérstaklega „trúarbragða“ og af sömu ástæðu teljum við réttlæt看legt að setja inn „stjórn mála“. Semsagt að það sé ekki bara varðandi stjórn málaaskoðanir fólks sem að hægt er að mismuna, heldur líka annars, t.d. stjórn málatengsla, eins og við höfum fengið að sjá á undanförunum árum.

Varðandi þessa spurningu Gísla eða þessa athugasemd hans um að einhver „dægurmál“ eða eitthvað – ég man ekki hvaða orð hann notaði – hafi læðst þarna inn í textann, þá geri ég mér ekki alveg grein fyrir hvað hann á við og vildi gjarnan heyra ákveðin dæmi. Vissulega höfum við, í anda þess að í 2. gr. er tvítakið þetta með kynferðið, þá höfum við sett inn, eins og þetta með kynferðisofbeldið, vegna þess að við töldum það mikilvægt að það væri sérstaklega áréttað og þess vegna tekið út, sem er að sjálfsögðu ekki útilokandi fyrir eitthvað annað ofbeldi, eins og upptalningin í 2. gr. er heldur ekki útilokandi fyrir eitthvað annað. Þetta með „mannlega reisn“ og „mannhelgi“: Eins og kom fram í góðum inngangi Silju Báru, þá höfum við verið að ihuga það, hvort að það sé kannski betra að búa til eina grein sem fjallar um mannhelgi og mannlega reisn. Hins vegar er þetta með tengslin á milli friðhelgi einkalífsins og mannhelgi og síðan ofbeldis, það er að sjálfsögðu gifurlega tengt og full ástæða til að fjalla um það í sama skipti, hvort sem að við búum til sérstaka grein um mannlega reisn eða mannhelgisgrein sem að mér finnst persónulega spennandi. Takk.

SN
Andrés Magnússon

AM
Kæri formaður og félagar. Mig langar f.o.f. að þakka fyrir þessa miklu og ágætu vinnu sem að nefnd A hefur framkvæmt og takk, Silja, fyrir skörulega framsögu. En mig langar bara að víkja lauslega að nokkrum atriðum og síðan að tala um tvö atriði, nefnilega pyntingar og börn.

Og örstutt bara í 4. gr. í 3. ml.: „setja skorður með lögum til verndar öryggi, heilsu, réttindum eða mann-

orði“. Mig langar að taka undir með Írisi Lind, að þetta hefur verið mest umdeilt þegar er verið að setja ýmsum rokkhljómsveitum skorður vegna þess að heimspeki þeirra virðist vera siðspillandi o.s.frv. Þetta er ofsalega viðkvæmt mál, bæði það mest misnotaða og það mest vannotaða, t.d., eins og Íris bendir á, þessi klámvæðing sem ríður yfir samfélagið en líka íhaldssamar skoðanir sem hafa viljað þrengja að tjáningarfrelsinu. Þannig að þessi 4. gr. er mjög... :að er greinilegt: Lögjafanum er ætlað mjög mikið rúm hér. Þetta er mjög vítt eins og það er hér. Það var um 4. gr.

Mig langar aðeins að benda líka á með 8. gr. um þessa umræðu sem nú er í gangi í samfélaginu um að ríkir menn geti gerst ríkisborgarar í mörgum löndum, ef þeir borga bara nógu vel fyrir það – það var stemning fyrir því á Alþingi að selja ríkisborgararéttinn – að við höfum þetta til hlíðsjónar.

Síðan langar mig að tala um tvö atriði: pyntingar og börn. Og það er 11. gr. um pyntingar. Mig langar bara svona að segja [að] hún er ansi, svo að ég sletti, ansi „tame“, svolítið svona stofukommabragur á þessu. Þetta er vaxandi vandamál í heiminum, pyntingar, og – eins og hefur verið bent á af Amnesty, t.d. á Íslandi, að það er búið að snúa klukkunni við þarna um ein 30 ár – og spurningin er hvort að við viljum leggja eitthvað á okkur. Ekki bara fría okkur – „við ætlum ekkert að...“ – þetta er ekki neitt erfitt fyrir okkur, þetta ákvæði. Og eins og hefur verið bent á áður: Hvað ef við erum t.d. í samvinnu við þjóðir sem beita pyntingum. Segjum að við séum í Afganistan, að vinna með Bretum og Bretar beita [fanga] pyntingum og við erum semsé með einhvern þátt í þeim aðgerðum. Hvað ætlum við þá að gera? Þá bara er svona ákveðinn tvískinnungur eða hræsni: „Það er bannað að beita pyntingum á Íslandi, þannig að við gerum það ekki. En þið eruð að gera það fyrir okkur.“ Þannig að ég myndi vilja sjá þarna svolítið beittara ákvæði, svolítið sem að leggur okkur skyldur og vinnu á herðar um það að við munum tala á móti pyntingum á alþjóðavettvangi og hefja máls á því ef samstarfsaðilar okkar, NATO eða hvar sem við erum, beita pyntingum. Að semsé skuldbinda okkur aðeins meira, leggja pínulítið á sig, leggja smá lóð á vogarskálarnar, ekki bara eitthvað ákvæði sem mun engu breyta frá því sem verið hefur á Íslandi til fjölmargra ára. Þetta var um pyntingarnar. Ég skal reyna að koma þessu kannski skilmerkilega til nefndarinnar. Þá var hitt, varðandi börn. Hvað eru réttindi barna? Það væri hægt að tala um þetta óendanlega vegna þess að þetta er sá hópur sem er vinsælast að brjóta á. Hver eru réttindi barna? Ég spyr t.d.: Getum við sett það að það séu réttindi barna að fá að fæðast án heilaskemmda vegna neyslu móður? Eða er neysla í samfélaginu... Er það ekki f.o.f. mál barna? Áfengisneysla á Íslandi frá því 1950 hefur fimmfaldast og neysla eiturlyfja hefur þúsundfaldast. Og skrif lækna á ávanabindandi lyf hefur líka margfaldast og við eigum heimsmet í útskriftum á rítalíni. Og eru það þá ekki líka réttindi barna að fá að koma að þeirri ákvörðun varðandi neyslu í samfélaginu, hversu mikil hún á að vera? Svo langar mig að ítreka það, að fjölskyldulíf – þetta ákvæði er mjög gott og þarft – það er ekki fjölskyldulíf fyrir barn sem að sefur 12-13 tíma á dag, að vakna, því gefið að éta og hent út í bíl í gallanum og svo náð í það á barnaheimilinu, [því] gefið að éta og hent í rúmið: Það er eiginlega ekki fjölskyldulíf, eins og

Það er í dag. Og þetta gildir líka í hina áttina: Á elliheimilum á Íslandi, þá er meirihluti eða meira en einn af hverjum tveimur á einhvers konar geðlyfjum og oft á þunglyndislyfjum. Og mér finnst það alveg ömurlagt að smala öllum þessum litlum börnum saman á barnaheimili, þar sem enginn fær að njóta þeirra, því eitt barn, það getur komið í veg fyrir þunglyndi í heilli stórfjölskyldu, ef maður fær að halda á því í fanginu á hverjum degi. Það er líka réttur okkar fullorðinna til þess að umgangast börn. Ég vil ítreka það, að ef það fara ekki saman hagsmunir auglýsenda og barna, að þá gilda hagsmunir auglýsenda. Og við vitum að það er vaxandi vandamál í heiminum, á Íslandi eins og í öllum hinum vestræna heimi, það er sykursýki hjá ungum börnum vegna offitu. Og offita barna. Og samt sem áður leyfum við uppstillingu á sælgæti á mjög áberandi stöðum í búðum og þetta er auglýst grimmt, gosdrykkir o.s.frv. Líka geta börn yfirleitt ekki í dag gert sér grein fyrir því hvort það sem það er að lesa og upplýsingar sem er verið að mata þau á, hvort að það sé áróður eða upplýsingar. Og ég hef áður nefnt það, að mér finnst að við eigum að segja það í stjórnarskrá, að Ísland skal vera land upplýsinga en ekki áróðurs. Það er ekki bara trúarbrögð sem er verið að tala um í skólum. Það eru alls konar skoðanir innrættar og það er líka búin til ákveðin heimsmynd hjá börnum, t.d. það að það sem er eftirsóknarverðast er að ná árangri, helst í skóla. Það að vera góður við þabba og mömmu skiptir t.d. engu máli. Og það er líka innrætt sú heimsmynd að þú eigir að sitja kyrr á rassinum og ekki hreyfa þig, að þú eigir ekki að hafa skoðanir og ekki hafa frumkvæði og eigir að þegja o.s.frv. Það er líka ákveðinn galli og ákveðin innræting að það sé eðlilegt og þetta passivitet o.s.frv.

Mig langar líka sérstaklega að minnast á það, að það er tekið mjög til kynjajafnréttis, t.d. í 2. gr., þar sem þetta er tvítekið og auk þess fremst í stafrófsröð og líka kynferðisofbeldi sérstaklega tekið út fyrir í gr. 5, að hlutur pilta er mjög hallur einmitt hjá börnum. Það eru piltar sem deyja helst. Það eru piltar sem að lenda í slysum. Það eru piltar sem að detta út úr skóla. Það eru piltar sem eru ólæsir. Það eru piltar sem að eru með ADHD o.s.frv. Og af því að við höfum þarna sérstaklega grein um margbreytileika, að við tökum tillit til þess þá að skólakerfið er auðveldara að lifa af fyrir stúlkur heldur en pilta, sem sé þetta með að sitja kyrr svona lengi o.s.frv. Og mig langar líka að benda á það, að á meðan við erum alltaf að reyna að minnka vinnutíma fullorðins fólks, að þá erum við alltaf að auka hann í skóla. T.d. fáum við frí um helgan en börn fá ekki frí um helgar: þeim er sett fyrir heimanám, sem að var reyndar ekki í Noregi þar sem ég ólst upp. Í Noregi voru heldur engin próf fyrir 12 ára aldur. En það er líka ákveðin innræting að samkeppni sé af hinu góða og að eigi að setja tölur á okkur og raða manngildi okkar eftir því. Þannig að fyrst við höfum verið svona dugleg að hnykkja á kynferði í stjórnarskránni að öðru leyti, að við líka sem sé sérstaklega viðurkennum, að það eru piltarnir sem að eru að tapa í barnæsku. Takk fyrir.

SN
Þórhildur Þorleifsdóttir

ÞÞ

Já, ágætu ráðsmenn og -konur og aðrir áheyrendur. Ég ætlaði bara að sjálfsögðu... Það er kurteisi að byrja á því, eins og aðrir hafa gert, að þakka fyrir góða vinnu og ég held að þessi kafla eigi eftir að verða til mikilla bóta og okkur til sóma, þegar upp er staðið. Vegna þess að hér liggur fyrir þessi tillaga og byrjar á gr. 2, þá er bara svona rétt að nefna það – ég gerði það ekki áðan en geri það bara núna – að mér finnst sjálfsgagt að aðfararorð eða gildi eða hvað við köllum það séu grein í stjórnarskránni en ekki einhvers konar aðfararorð. Er þau þá ekki komin í hornklofa eða eitthvað álíka? En alla vega, einhver falleg orð fyrst, áður en til alvörunnar kemur, það ber svona dálitinn keim af 17. júní- og nýársdagsræðnamærð. Þau fá því einungis gildi, að þau séu hluti af stjórnarskrá en ekki einhvers konar skrautfjöldur sem hangir utan á. Mig langar aðeins til að taka undir... Já, ég er að hugleidda það sem hún Íris Lind var að tala um með þessa ábyrgð milli einstaklinga og ríkis og einstaklinga: Ég bara geri mér ekki alveg nógu [vel] grein fyrir hvernig þetta ætti að vera, hvort þetta er nógu gott en vildi gjarnan að þetta væri aðeins athugað í framhaldi af því sem hún talaði um.

Ég ætla aðeins að minnast hérna á 11. gr.: „Herskyldu má aldrei í lög leiða.“ Hvað þýðir þetta? Má eftir sem áður stofna her? Má fara með ófriði að öðrum þjóðum? Ég get ekki annað séð en að þetta sé svona heldur máttlaust ákvæði sem ekki myndi breyta neinu. Það eru mörg lönd sem hafa heri en ekki herskyldu. Þannig að ef þetta á að vera raunverulegt friðarákvæði, þá get ég ekki séð að það sé nokkuð hald í þessu orðalagi. Ef að menn eru bara að girða fyrir hugsanlegt innkall í Evrópuher, þá finnst mér það nú vera full langt seilst til þess að það þurfi grein í stjórnarskránni. Þannig að ég skil þessa setningu ekki. Mér finnst hún svona melkísuleg.

Varðandi „mannhelgi“ og það sem um er talað í 5. gr., þá get ég alveg tekið undir með Pétri að vissu leyti og það sem Arnfríður var reyndar að tala um líka, að hugsanlega ættu þessar mannhelgis- og friðhelgisgreinar að vera saman í einhvers konar pakka. En það er líka mjög mikilvægt að þetta hugtak, mannhelgi, sé notað einmitt í grein þar sem að verið er að fjalla um ofbeldi, því að þetta er, orðið manngildi er ætlað sem svona ný nálgun, ný vörn gegn ofbeldi. (Af hverju... Ertu að benda eitthvað, Finnur? Nei, ókey. Ég hélt að það væri verið að benda á mig.)

Þá aðeins um orð hans Andrésar. Það er auðvitað margt mjög gott í því sem hann er að tala um og eftirtektarvert. Spurning hvort allt á heima hér. Það er aftur annað mál. En ég vil taka undir með honum að því leyti til, að börn eru mjög varnarlaus gagnvart alls konar áreiti í samfélaginu sem við verjum þau ekki fyrir, hvort sem það eru auglýsingar eða efni sem borin eru á borð fyrir þau og margt mætti telja. Eins athyglisverður þessi punktur að þau eigi líka rétt á frí; þeim er djöflað endalaust í eitthvað tómsundarstarf sem er orðið trúarbrögð, að það sé ekkert barn gilt nema það sé í einhverjum veglegu tómsundastarfi. Og sama vil ég... Ég vil taka undir líka með Andrési varðandi þetta gildismál. Mér hefur algjörlega blöskrað þegar forseti Íslands þvælist um landið og verðlaunar svokölluð afburðabörn. Það er algjör uppskrift, þ.e. þau sem bæði fá háar

einkunni, spila vel á fíðlu, eru góð í íþróttum og stunda félagsstarf. Þarna erum við komin með uppskriftina að fyrirmyndar barninu sem að okkur er öllum sagt að við eigum að ala upp og langar til að eiga. Mér finnst alveg ástæða til... Ég hef oft hugsað um það: Hvað um öll blessuð börnin sem ekki eru best í neinu? Því það er keppt í öllu í öllum skólum: íþróttum, söng, útliti, dansi, tjáningu, eðlisfræði, þýsku og ég veit ekki hverju. Og mér finnst þetta vera eitthvað sem að er alveg hreint íhugunar virði og ætti kannski að skerpa meira á friðhelgi barna í stjórnarskrá.

Aftur á móti finnst mér... Það væri gaman að taka rispu með Andrésí, sem ég ætla ekki að gera hér vegna þess að það á ekki heima á þessum stað, varðandi t.d. hlut drengja í skólum o.s.frv. En við skulum ekki fara út í það herna. En ég ætla bara að segja eitt, Andrésí og öðrum til íhugunar, að karlveldið, karlmennskan er dýru verði keypt og það eru oft karlmenn sem borga hæsta verðið. Þannig að ekki meira um það í bili. Það er talað um „rétt til fjölskyldulífs“. Það er ekki bara Andrésí sem er að tala um það. Það er í þessum mannréttindakafli. Og það er mála sannast, að réttur til fjölskyldulífs á Íslandi er ekki mikill eða réttara sagt: hann er ekki langur. Og þá vitum við auðvitað að það sem veldur því að það bitnar á fjölskyldulífi f.o.f. eru breyttar aðstæður kvenna sem áður gátu haldið utan um fjölskyldu og haldið fjölskyldulífi stabílu og góðu vegna þess að þær sinntu ekki störfum utan heimilis. Nú er öldin önnur. Það verður ekkert aftur snúið. Þessi þróun byrjaði líklega bara þegar konum var leyft að læra að lesa og svo var hnykkt á betur með kosningaréttinum. Þá fór að halla undan fæti. Og það verður ekkert snúið við. En gallinn er, að samfélagið hefur ekki breytt sér í nokkru til að koma til móts við þetta gjörbreytta líf helmings mannkynsins. En sá sami helmingur, hann má oft sæta mikilli gagnrýni fyrir að sinna ekki þeim skyldum sem að sérstaklega hinn helmingurinn telur svo mikilvægar en sinna samt ekki sjálfir... eða sjálfur, svo maður tali í helmingum. Og það er ekki hægt að vísa þessu vandamáli bara heim til föðurhúsanna og spila á sektarkenndina. Það er hljóðfæri sem auðvelt er að spila á. Aftur á móti er einhvers konar tillit til fjölskyldulífs, til samþættingar bæði atvinnu- og fjölskyldulífs – þetta er kannski ástæða að nefna þetta í stjórnarskrá, sem eitthvað sem skuli vera markmið, að atvinnulíf skuli með einhverjum hætti taka mið af að gera fólki kleift að lifa fjölskyldulífi. Að því leyti vil ég taka undir með Andrésí og ég vona að hann sé mér sammála í því að það sé ekki bara hlutverk helmings þjóðarinnar að reyna að renna einhverjum stoðum undir gott fjölskyldulíf sem að auðvitað er undirstaða þess að börn okkar njóti farsældar í framtíðinni. Því að ég get líka verið sammála honum í því að þau eru ansi mikið á hrakhólum oft, blessuð börnin okkar. Og við eigum að hyggja að því en gætum með hvaða aðferðum og gerum þær kröfur til samfélagsins að það breyti til að koma til móts við breyttar aðstæður. Takk fyrir.

SN

Já. Við ætlum ekki að gera hlé núna fyrir hádegi, heldur reyna að halda áfram til hádegis og ljúka umræðunum vonandi en Guðmundur Gunnarsson er næstur á dagskrá.

GG

Jepp. Ráðsfélagar og þeir sem sitjið heima. Ég er eindregið þeirrar skoðunar, með tilliti til þess sem fram hefur komið herna – eins og t.d. Pawel – að við eigum að gera þessa breytingu á stjórnarskránni sem að er verið að tala um herna núna og við eigum að ganga til verks hugsandi þannig að við séum að fara að skrifa nýja stjórnarskrá. Nú, það er náttúrulega erfitt að gera tímalaus stjórnarskrá, kannski ekki bara t.d. með tilliti til þess hvað er mikill mismunur á milli þess hvernig við skiljum ákveðin hugtök. Það er t.d. ekki nema rúmlega 100 ár síðan að langlangafi minn, þá 65 ára gamall ekkill, réði unga konu inn á heimilið og vildi síðan fá að komast upp í ból hjá henni, var hrakinn út og hann svaraði því að hann skildi ekki stúlkuna vegna þess að hún hefði verið ráðin hér til „allra almennra heimilisstarfa“. En í sambandi við herskylduna, þá held ég að við ættum að hugsa aðeins vel um hvað við erum að segja. Eigum við sem sagt að treysta á það alltaf að ef að yrði gerð innrás hér í landið, að einhverjir aðrir komi þá og hjálpi okkur? Ég er alveg fylgjandi, eigandi syni og líka [ógreinilegt: ...syni], að vera gegn því að þeir eigi það yfir höfði sér að vera hugsanlega kallaðir í her en hitt er annað mál að við verðum náttúrulega að hugsa ekki alveg í útópíunni. Það er mikið sterkara að segja að við ætlum að vera hlutlaus og ekki taka þátt í hernaðarafskiptum erlendis. Ég held að það sé útópía að segja að við ætlum aldrei í komandi framtíð að stofna her. Það getur komið upp sú staða að við þyrftum að gera það, þó að við séum náttúrulega andstæð því að það verði gert. En við getum aftur á móti hiklaust lýst því yfir að við séum hlutlaus og við séum á móti hernaðarbrótti og þátttöku í átökum í öðrum löndum og afskiptum þar. Hvað varðar svo aftur mannhelgi, ofbeldi og svo þetta sem stendur í 5. gr. og 3. gr. – ég held að við ættum kannski að hugsa það aðeins betur. Hvað er ofbeldi? Við getum t.d., a.m.k. þau sem starfað hafa í svona starfi eins og ég hef sinnt, við getum alveg hiklaust fært rök fyrir því að við búum við ofbeldi á hverjum degi, þ.e.a.s. það er gengið bæði í skrokk á okkur andlega og líkamlega fyrir þau störf sem við erum að sinna. Þannig að það er spurning hvernir þetta er orðað og hvað menn eru að hugsa.

SN

Pétur Gunnlaugsson

PG

Já, það er í sambandi við 5. greinina. Það var bent á það áðan, að njóta mannhelgi sé tengt því að njóta friðhelgi. Það er út af fyrir sig rétt en það eru margir aðrir mannréttindahagsmunir sem tengjast auðvitað heimilinu. En ástæðan fyrir því að ég er að gagnrýna þetta er að þetta er ekki nógu fagmannlega gert. Og af hverju segi ég það? Því að það á ekki, við endurskoðun stjórnarskrár, að rugla saman ólíkum mannréttindahagsmunum í einni grein, í einu ákvæði, í 5. gr. Ef við færum þetta inn í áfangaskýrsluna óbreytt, þessa málsgrein nr. 2, þá munu mjög margir gera athugasemd við það. Ekki vegna þess að þeir eru á móti efni ákvæðisins endilega, heldur vegna þess hvernig er staðið að þessu. Þannig að ég held að við ættum að taka þetta út og ef menn vilja hafa sérstakt ákvæði, sem ég myndi vilja líka hafa sérstakt ákvæði um mannhelgi og rétt til lífs og jafnvel ákvæði um

það að leggja skyldur, sérstakar skyldur á ríkið um að það haldi uppi allsherjarreglu og vinni gegn ofbeldi, en það á við auðvitað um marga brotaflokkka, eins og við vitum auðvitað. Við leggjum t.d. mjög mikla áherslu á fagmennsku hér og teljum að það þurfi við vali á dómurum að vera fagleg sjónarmið. Við erum auðvitað sammála um það. Ég held að við ættum að sýna ágætt fordæmi með því að sýna fagmennsku að þessu leyti og vera ekki að rugla saman ólíkum mannréttindahagsmunum, eins og verið er að gera í þessari 5. gr.

SN

Arnfríður Guðmundsdóttir.

AG

Já, kæru vinir. Ég vil bara, af gefnu tilefni, árétta það, að jafnréttislög og þetta ákvæði um kynferði, það á að sjálfsögðu bæði við konur og karla. Þannig að það eru jafnréttislög en ekki einhver kvenréttindalög, þó að sagan sýni að það hafi verið meiri ástæða til að standa vörð um réttindi kvenna heldur en karla. En ef að einhverjar aðstæður bjóða upp á hið gagnstæða, þá eru að sjálfsögðu þessi lög til handa körlum eða drengjum líka eða gæta hagsmuna þeirra líka. Varðandi herskylduna: Ég er ekki sammála því að þetta sé ekki alvöru ákvæði. Það vill svo til að sonur minn er bandarískur ríkisborgari og ég hef oft hugsað til þessa ákvæðis, ef að það sé leyft að skylda ameríska ríkisborgara í herinn, ef að aðstæður eru þannig, þannig að ég væri að sjálfsögðu til í að taka dýpra í árina en ef það er ekki almennur vilji til þess, þá vildi ég alla vega halda herskyldunni inni. Takk.

SN

Þorvaldur Gylfason.

ÞG

Já, formaður, góðir ráðsfulltrúar. Mig langar til þess að vekja athygli á 1. greininni í mannréttindakaflanum, því að á henni hafa verið gerðar tvær breytingar til þess að samræma hana upphaflegri fyrirmynd sem er 26. gr. í Alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem Ísland fullgilti 1979. Og breytingarnar sem við höfum gert til þess að færa þessa 1. gr. mannréttindakaflans upp og setja hann í fullt samræmi við Alþjóðasáttmálann um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi er annars vegar sú að nú kemur orðið „manngreinarálit“ fyrir í fyrsta skipti. Áður var talað um að njóta „án tillits til“ og svo kom upptalning á þeim atriðum sem ekki mátti mismuna eftir. En núna segjum við skýrt heldur að allir njóta mannréttinda „án manngreinarálits svo sem vegna“ og síðan kemur upptalningin. Orðið „mismunun“ kemur fyrir þrisvar í íslensku þýðingunni á 26. gr. Alþjóðasamningsins en einhverra hluta vegna þá kunnu menn ekki við að tala um mismununum eða manngreinarálit þegar greinin var sett í núgildandi stjórnarskrá og núna höfum við lagfært þessa slagsíðu. Hin lagfæringin sem við höfum gert er að bæta „stjórnmálum“ inn í upptalninguna. 26. gr. Alþjóðasáttmálans talar um „bann við hvers konar mismununum á grundvelli“ og svo kemur löng upptalning og inni í henni er „trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana“ o.s.frv. M.ö.o. að dugði ekki að tala um

skoðanir, það þurfti einnig að tala um trúarbrögð, þ.e.a.s. trúarskoðanir – og það hefur verið inni í okkar stjórnarskrá lengi – heldur verður einnig að tala um stjórnmálaskoðanir í Alþjóðasáttmálanum og við erum bara að færa mannréttindaákvæðið fyrsta í okkar kafla til samræmis við Alþjóðasáttmálann. Og þetta eru þess vegna alveg sjálsagðar breytingar, þykir mér, því að fyrirmyndin, sem við höfum skuldbundið okkur til þess að hlíta allar götur frá 1979, er býsna skýr. Ég vil einnig vekja athygli á því að við breytum röðinni svolítið. Við segjum „allir skulu njóta mannréttinda án manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis“ – það kemur fyrst og síðan kemur upptalningin í stafrófsröð. Og þetta er bara vegna þess að jafnrétti karla og kvenna er mjög mikilvægt í okkar huga allra og það er þess vegna sem okkur þykir eðlilegt að hnykkja á því með því að hafa síðari málsgreinina sem er „konur og karlar njóta jafns réttar í hvívetna“. Þetta er tvítekning af ráðnum sem ég hygg að eigi fullan rétt á sér.

SN

Lýður Árnason, næstur á mælendaskrá.

LÁ

Já, takk. Varðandi herskylduna, þá er ég eiginlega sammála því sem Guðmundur Gunnarsson sagði og ætla ekkert að endurtaka það. En varðandi fjölskylduna, þá er nú bara þannig að ég er ekki alveg sammála Þórhildi með það að strákar séu ekki farnir að taka þátt í því. Ég á orðið erfitt með að mæta á hljómsveitaræfingar af því að maður er alltaf að sinna fjölskylduverkum. Þannig að þetta er nú allt til bóta með það. En vandamálið er kannski þessi tími sem fjölskyldan hefur og ég held það, að það eru flestar fjölskyldur þannig, að það eru báðir foreldrar fyrirvinnur og ástæðan er neyslan. Við forgangsröðum tímanum þannig að við viljum frekar geta keypt okkur meira og eiga þá meiri frítíma. Og nú kem ég kannski að meginefninu: Og þegar við förum út í búð og erum að ganga framhjá súkkulaðirekkunum, þá er það ekki barnið í raun og veru sem hefur vit á því hvað er að gerast. Það erum við fullorðin sem ættum að hafa vit á því a.m.k. Eigum við þá að setja í stjórnarskrá bann við því að búðareigandinn sé að setja upp súkkulaðirekkann á vondum stöðum? Eða eigum við að setja í stjórnarskrá skyldur okkar foreldra að segja hvað sé skynsamlegt og hvað ekki? Ég mundi nú frekar hallast að því heldur en að fara að banna fólk að auglýsa sínar vörur. Ég held að við ættum frekar að leggja áherslu á að auka skyldur okkar foreldra og ábyrgð heldur en að fara að banna hitt og þetta. Takk.

SN

Ástrós Gunnlaugsdóttir.

ÁG

Já. Ég ætla að fá að taka undir þessa umræðu varðandi 6. gr. hjá okkur, með börnin. Ég hef orðið þeirrar gæfu njótandi að vinna mjög mikið með börnum í gegnum tíðina og þá sérstaklega í tengslum við tómtundastarf þeirra. Og kannski í fyrsta lagi vil ég lýsa ánægju minni með breytingartillöguna frá Ómari varðandi umgengnisrétt barna við sína nánustu. Ég held að það sé gríðarlega mikilvægt að þar sé tekið til. Svo vil ég lýsa yfir ánægju mína með ræðuna frá Andrésí og Þórhildi.

Ég er sammála þeim báðum varðandi að það verður að ítreka betur að það eru réttindi barna að eiga foreldri, það eru réttindi barna að eiga fjölskyldu. Það eru ekki réttindi fullorðinna að eiga börn eða eiga fjölskyldu. Þetta á að snúa hins veginn. Og varðandi, eins og Þórhildur var að tala um, ábyrgð atvinnulífsins og samfélagsins að gera þjóðina eða samfélagið í heild sinni barnvænlegra, þá held ég að þetta sé afleiðing þessarar samkeppni, sem Þórhildur var að tala um, sem er ráðandi hjá okkur, allt frá í grunnskóla – við erum látin keppa í öllu. Ég held að það skili okkur á fullorðinsár: Við erum að keppa öll við hvert annað um að ná sem lengst og þar á meðal að eignast hina fullkomnu fjölskyldu, sem að, að mínu mati, að hluta til bara ímynd frá Coca Cola-auglýsingu í Bandaríkjunum, þar sem eru stelpa og strákur og mamma er með svuntuna með nýbókuðu kókuna og pabbi kemur glaður heim úr vinnunni og allir kátir. Ég held að það sé þessi grundvallarmisskilningur eða bara sú grundvallarhugsun þegar fólk í dag er að eignast börn, að hvorugur ætlar að gefa neitt eftir af sinni framakeppni. Og þá verða börnin útundan, það verður þannig að þeim er hent í skólann klukkan átta og þau eru sótt klukkan fimm. Það er varla tala við þau af því að mamma og pabbi þurfa að mæta í spinning-tíma klukkan hálf sex og þar eru þau í barnagæslu í ræktinni til hálf átta, fara heim, fá jógiurt að borða og fara að sofa. Þetta er ekkert fjölskyldulíf og þar tek ég heils hugar undir með Andrésí.

Mér fannst líka áhugaverður punktur hjá Andrésí varðandi piltana í skólunum. Ég held að það sé líka afleiðing af þessu kynja-ójafnrétti eða þessari kvenlegu ímynd sem er af skólastarfinu. Að mínu mati er það... Piltar fá ekki þessa karlkyns... – sem að mínu mati er nauðsynleg líka. Það er nauðsynlegt að hafa kvenkyns fyrirmynd í skólum en það verður að vera karlkyns fyrirmynd líka, annað en þá að það sé skólastjórinn. Það eru, held ég, meirihluti skólastjóra í Reykjavík sem eru karlmenn, að það séu þá líka kvenkyns kennarar og karlkyns ræstingarfólk og það séu karlmenn sem vinna í mótuneytunum, sem gefa þeim að borða; að þeir fái að sjá, piltarnir, annað: að það þurfi kannski að vinna sig upp í stöðurnar. Þeir verði ekki bara „aðal“ allt í einu.

Og svo langar mig aðeins að koma inn á líka varðandi frumkvæði barna, að það sé tryggt líka og þeirra sköpunarkraftur fái að njóta sín, að það sé ekki bara matað ofan í þau allar þessar tólmstundir sem eru í boði: tónlistarskólar, dansskólar og allt sem er í boði. Alla var það þegar ég var lítil [að] ég fékk að vera ein heima, fékk að baka og mátti alveg gera allt en ég átti alveg vini sem máttu ekki gera; það mátti ekkert gera heima hjá þeim af því að heimilið varð að vera fullkomið og hreint og fínt. Það mátti ekkert drasla neitt til. Það mátti helst ekki leika sér á gólfinu inni í stofu af því að það mátti ekki rispa parkettið. Þannig að þetta svona líka að opna okkur og vera aðeins frjálslægri og gefa eftir til barnanna. Takk.

SN
Gísli Tryggvason.

GT
Já, formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Arnfríður kallaði eftir að ég nefndi dæmi um þessi varnaðarorð mína varðandi að setja ekki í stjórnar-

skrá alltof mörg dæguþefni. Þetta voru fyrst og fremst almenn varnaðarorð og það sem ég hafði í huga er kannski frekar eitthvað sem hefur verið rætt í nefnd ykkar, þar sem ég var gestur, og kemur hérna síðar til umræðu. En þó má segja að góð ræða Andrésar hafi kristalísierað vandann vel. Ég er mjög hlynntur svona ákvæðum eins og eru í viðbót við núverandi stjórnarskrá í 6. gr., að „börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst“ og svo tel ég að löggjafinn eigi að útfæra það til þess að bregðast við þeim vanda sem Andrés rakti í löngu máli og rökstuddi mjög vel, þ.e.a.s. t.d. mikil neysla foreldra og neyslusamfélagið. Það er nú eitthvað sem ég hef reynt að bregðast við sjálfur en ég tel að löggjafinn eigi t.d. að takmarka auglýsingar sem beinast að börnum en ekki stjórnarskráin og það þurfi að hjálpa foreldrum við það. En þetta er svona þessi verkaskipting sem ég tel að eigi við, þannig að löggjafinn útfæri sem mest af því eða aðrir handhafar ríkisvalds, sem að kveðið er á um í stjórnarskránni, þannig að þetta verði ekki of dægurtengt.

Nú, varðandi þetta sem að Þórhildur og Andrés nefndu um uppvaxtarskiyrði barna og fjölskyldulíf, þá held ég að kannski mætti minna á í því sambandi, að það er hérna ákvæði um að tryggja margbreytileikann og hann getur líka átt við um margbreytileika kynjanna.

Íris Lind nefndi aðeins atriði varðandi það sem ég kallað þriðja manns áhrif eða lárétt áhrif stjórnarskrárinnar, þ.e.a.s. skyldur annarra en ríkisvaldsins til þess að uppfylla þær kröfur og ég kalla nú kannski eftir því að það verði í nefnd C í næstu umferð sett inn einhver afstaða um það, að hvaða leyti og hvar stjórnarskráin feli öðrum skyldur en ríkisvaldinu. Nefnd A, fyrirgefið. Þá finnst mér hugmynd Guðmundar dálítið góð, um að í stað takmörkunar á herskyldu, sem að sumum finnst ekki ganga nógu langt... (Hann vildi kannski að það gæti þurft að innleiða það seinna, ef ég skildi hann rétt.) Mér finnst hugmynd hans um að hafa frekar efnisákvæði um að Ísland sé hlutlaust ríki og á móti hernaðarbrólti hér og annars staðar, það finnst mér kannski ágætis lausn.

Nú síðan aðeins um einstök atriði. Ég er hlynntur þessum viðbótum og sáttur við flestar tillögur í þessum kafla og vil nefna hérna nokkur, þó ég sé efins um einstaka atriði. En ég tel þörf á því að tiltaka búsetu, sem að spurt var um hvort að væri þörf á. Ég held að það ætti að vera í jafnræðisákvæði að tryggja mannréttindi og jafnræði fyrir lögum án tillits til búsetu. Það þýðir ekki að menn séu jafnir í öllu lífinu, heldur fyrst og fremst gagnvart löggjafanum. Og sama með aldurinn: Ég held að það sé aðeins farið að bera á mismunum á grundvelli aldurs, t.d. á vinnumarkaði. Og svo skil ég þetta orð „stjórnsmála“ sem „stjórnsmálatengsl“ og held að það ætti að koma fram í greinargerð ef ekki er sátt um að hafa það í textanum sjálfum. Síðan aðeins út af athugasemd Vilhjálms varðandi 8. gr., sem fleiri hafa komið inn á í nefnd, að það sé skrítið að tala bara um að ekki megi svipta neinn íslenskum ríkisborgara-rétti og fjalla ekki um hvernig hann verður veittur: Ég held að það sé ástæða fyrir þessu. Það er sú að þetta er mannréttindakafli og takmarkar sem sagt vald ríkisins en fjallar ekki um allar heimildir ríkisins til þess að veita rétt. En auk þess er fjallað um hvernig menn fá íslenskan ríkisborgararétt og það er gert með lögum. Þetta er sem sagt dæmi um það sem ég tel bara góða

verkaskiptingu: Stjórnarskráin á ekki að fjalla um allt efnislega heldur kveða á um hver ákveður hlutina og í þessu tilviki er það löggjafinn, sem veitir annað hvort sjálfur ríkisborgararétt eða ákveður með meginreglur sem að innanríkisráðherra útfærir með því að ákveða ríkisborgararétt. Takk fyrir.

SN

Örn Bárður Jónsson er næstur á mælendaskrá og þegar hann hefur lokið máli sínu, þá verður mælendaskrá lokað.

ÖBJ

Formaður, góð systkin nær og fjær. Varðandi umræðuna um aðfararorð, sem að ég kom inn á hérna í morgun og [vegna] viðbragða Þórhildar: Ég gleymdi að nefna það, það var svo skýrt tekið fram í okkar nefnd, að þessi aðfararorð ættu að vera 1. gr. en ekki svona á undan. En ég kannski hljóma svona dálítið rómantískur í þessu og ég er kannski með svolítið rómantíska sýn á stjórnarskrána og vil hafa svona aðfararorð í 1. gr.

Varðandi þetta með herskylduna, þá má ekki gleyma því að við erum hér með mannréttindakafla og teljum að það eigi að vera í kaflanum þetta bann við herskyldu. Svo er það annað að ræða um friðarmál á öðrum stað í stjórnarskránni. Ég minni bara á að við erum hér enn bara í hluta af vinnunni, þannig að því sé haldið til haga.

Nú, Andrés, ég vil þakka honum fyrir hvað hann vakti athygli á réttindum barna með sérstökum hætti og afgerandi hætti. Það var gott. Hins vegar vil ég minna á í því sambandi – af því hann talaði um trúarbrögð í skólum og margt annað og talaði um „innrætingu“ o.s.frv. – að ég vil bara minna á það, að það er ekkert hlutleysi til. Það er ekki til neinn hvítur jafningur, svona uppstúf sem er eitthvað hægt að láta börnin slafra í sig. Maður kennir þeim ákveðna hluti og það er tilhneiging í þjóðfélaginu núna, að vilja banna heilbrigða umræðu um gildi. Ég held að það vanti meiri trúarbrögð í skólana, það þurfi miklu meiri kennslu um kristna trú. Þið vitið auðvitað hvar ég stend og ég held þessu fram alveg blákalt og stend við það með kjafti og klóm. Það þarf meira af þessu. Það þarf meira af hinum gömlu klassíska gildum sem eru mörg þúsund ára gömul. Við finnum ekki upp hjólið í þessu sambandi með einhverjum jafningi, einhverju uppstúfi, í dag. En tek að öðru leyti undir það sem Andrés er að segja í dag, að við þurfum að fara mjög varlega í sambandi við börnin og veita þeim hið besta atlæti. En það þurfum við að gera með því að velja þá hugmyndafræði sem að hefur reynst almennilega og láta börnin líka skoða aðra hugmyndafræði og kunna að veita og meta ólíka valkosti. Þetta er mikilvægt.

Pawel nefndi... Hann er íhaldssamur, eins og hann hefur sagt og hrifinn af gömlu stjórnarskránni. Og ég sagði hér í kynningu meðan við vorum í framboði að ég sæi hana fyrir mér sem tré sem ég vildi hvorki uppræta né höggva niður. En svo rakst ég á þessa finu tilvitnun í Jobsbók sem ég ætla að leyfa mér að lesa hérna. Það er svona 2700 ára gamall texti, úr bók sem er einn flottasti texti heimssögunnar: „Tréð á sér framtíð. Verði það höggvið vex það á ný og teinungarnir halda áfram að vaxta þótt rótin eldist í jörðinni og stofninn deyi í moldinni vex það áfram fyrir kraft vatnsins og ber greinar eins og ungur kvistur.“ Þannig að lífið í

þessu gamla, það heldur áfram. En við erum samt hér að skrifa nýja stjórnarskrá, þó við tökum auðvitað mið af því sem var. Og það er engin óvirðing við það sem var. Og bara þessu til viðbótar, þá ætla ég að leyfa mér að vitna hér, með leyfi formanns, í annan texta: „Enginn lætur bót af óþæfðum dúk á gamalt fat, því þá rífur bótin út frá sér og verður að verri rifa. Ekki láta menn heldur nýtt vín á gamla belgi, því þá springa belgirnir og vínið fer niður en belgirnir ónýttast. Menn láta nýtt vín á nýja belgi og varðveitist þá hvort tveggja.“ Orð Jesú. Takk fyrir.

SN

Þar með hefur mælendaskrá verið lokað og til máls tekur Freyja Haraldsdóttir.

FH

Já, kærur vinir. Það er margt sem mig langar að segja en mig langar bara fyrst og fremst að þakka þeim öllum fyrir sem hafa verið að fjalla um réttindi barna. Ég fagna gríðarlega þessari umræðu. Ég hef unnið mikið með börnum og svo deilum við því náttúrulega öll að hafa verið börn sjálf. Og mér finnst þessa umræðu, sem að hér hefur farið fram, skorta mikið í samfélaginu og ég vona bara að umræðan, sem hefur átt sér stað hér í dag, muni svolítið fara út í samfélagið og að við munum svolítið hnykkja á henni. Ég er sammála því að börn eru svolítið þolendur hraðans í samfélaginu og neyslunnar og einhvern veginn að við gefum okkur orðið minni og minni tíma til þess að eiga með þeim stundir sem þurfa ekkert endilega að felast í að gera mikið, heldur bara að tala og fræða hvert annað og einhvern veginn bara ræða málin og bara að gefa þeim tíma til að vera einhvern veginn þær hugsandi verur sem þau svo sannarlega eru.

En þá komum við líka inn á að viðvera þeirra í skólunum – hvort sem það er leikskóli eða grunnskóli eða þá í tómsundastarfi – mikil og ég held að það hafi að sjálfsögðu bæði sína kosti og galla.

Tómsundastarf og skólastarf er náttúrulega gríðarlega mikilvægt en að sjálfsögðu þurfum við líka að læra að við þurfum ekki alltaf að vera að gera eitthvað til að njóta lífsins, heldur getum við líka verið heima og haft það notalegt með fjölskyldum okkar. En mér finnst þetta samt líka minna okkur á, að við tölum um það að þau eru mikið innan skólakerfisins og mikið innan tómsunda og þá er það líka okkar hlutverk að skoða t.d. greinina um rétt til skólagöngu og að hnykkja þar vel á, að það er ekki nóg bara, eins og Andrés benti á, að sitja og þegja og láta heilaþvo sig af einhverju alls konar og svo máttu ekki hafa neina skoðun, heldur þarf þetta að vera vettvangur til þess að þroskast og blómstra og einhvern veginn blómstra sem manneskja. En svo vil ég líka kannski vara... Það hafa verið svolítið miklar yfirlýsingar um það þegar börnum er hent í skólann og hent heim og hent upp í rúm, að við verðum náttúrulega líka að gera okkur grein fyrir því, að fjölskyldur eru í ólíkri stöðu og sumar fjölskyldur hafa ekki val um það að hafa börnin sín t.d. lengur á leikskólanum eða lengi í frístundastarfi eftir skóla, t.d. einstæðir foreldrar og foreldrar sem þurfa að vinna mikið bara til að komast af. Þið vitið, þetta snýst ekki alltaf um græðgi og einhverja öfganeyslu, þannig að við þurfum að vanda okkur þegar við erum að tala.

Mér finnst líka að í þessari umræðu varðandi skól-

ann lýðræðisleg þátttaka barna vera mikilvæg og ég vil kannski bara hnykkja á því: Við þurfum kannski að skoða ennþá frekar hvort það sé nóg að við tölum um að börn hafi aðgang að ákvörðunum. Þau þurfa líka að hafa forsendur til þess að tjá hugsanir sínar og hafa áhrif á samfélagið. Það hefur einhvern veginn verið í samfélagi okkar brjálæðisleg áhersla á einhvern veginn sálfræðilega sýn á börn, að þau séu leir fullorðinna sem að fullorðnir móta og þau séu einhvern veginn algjörlega viljalaus verkfæri í þessu ferli, sem þau eru náttúrulega alls ekki. Þeirra rödd þarf að vera háværi og við saum það líka á stjórnlögum unga fólksins hvaða skilaboð þar voru mikilvæg og sterk.

Mig langaði aðeins að bregðast við hjá Ástrósu. Hún var að tala um – hún hefur nefnt það áður – að það séu ekki réttindi fólks að eignast börn, heldur séu réttindi barna og foreldra... Ég er alveg sammála henni að foreldrar eru fyrir börnin, ekki börnin fyrir foreldra. En það eru samt lífsgæði fölgín í að eignast fjölskyldu og við getum ekki talað um það sé ekki réttur fólks að vilja eignast fjölskyldu. Fjölskyldur eru okkur mjög mikilvægar og mér finnst mjög mikilvægt að við skulum ekki gleyma því, af því að þá getum við líka velt fyrir okkur: Ef það er ekki, af hverju erum við þá að eignast börn, ef það er ekki fyrir okkur? Bara aðeins að koma þessari umræðu í gang.

Svo vildi ég bara áréttta að kannski er það einmitt ástæðan fyrir því að við ættum að taka hornklofann blessaðan af aldrinum í jafnræðisreglunni, vegna þess að þarna erum við líka að tala um börn. Og þó að börn séu ekki lögráða, þá þurfum við að tryggja jafnrétti þeirra og tryggja stöðu þeirra innan samfélagsins gagnvart þeim valdameiri hópi sem fullorðið fólk er.

Mig langar svo aðeins að bregðast, bara í lokin, við trúarbragðaumræðunni. Mér finnst alveg hægt að tala um gildi, þrátt fyrir að við séum ekki að tengja það tilteknum trúarbrögðum. Ég er ekki alveg sammála að það sé nauðsynlegt. Og mér finnst það getur líka verið hættulegt að hafa eitthvað ákveðið trúarbragð mjög ráðandi í skólasterfi og það getur stuðlað að aðgreiningu. Til dæmis var í bekk með strák alla mína skólagöngu sem að var af annarri trú. Hann þyrfti alltaf að víkja úr kennslustofunni í kringum jólin og páskana og í allri umræðu um trú. Og það er líka ömurlegt. Það er ömurleg reynsla og þess vegna er mikilvægt að við pössum upp á fjölbreytileikann þarna. Og svo vil ég líka benda á, að þó að ég sé t.d. alveg kristinnar trúar og finnst margt í kristinni trú mjög fallett og mikilvægt fyrir okkur, þá eru þar líka skilaboð sem að ýta undir ójafnrétti. Þar eru t.d. skilaboð um þessa ölmusuhugsun sem ég var að tala um í gær gagnvart fötluðu fólki, um að hinir stóru og miklu séu góðir við greyin. Þannig að við skulum ekki alveg kannski ganga svo langt, að horfa algjörlega gagnrýnislaust á eitthvað eitt trúarbragð. Takk.

SN

Ómar Ragnarsson, gjörðu svo vel.

ÓR

Já, formaður. Góðu vinir. Ég vil nú gera það sem ég átti að gera strax og það er að þakka A-nefndinni fyrir frábærlega góð störf og ég hlakka til að þetta verði 1. greinin í stjórnarskránni sem þau eru búin að leggja hér fram. Varðandi herskylduna, þá held ég að það sé kannski óþarfi að óttast það að herskyldu þurfi að

leiða í lög. Guðmundur, ef að svona ástand kæmi hér upp, þá myndi að sjálfsögðu rísa hér bara upp sjálfboðaliðaher. Það þyrfti ekki herskyldu til ef að slík mjög óvænt og sérkennileg vá stafaði að okkur, að við gætum ekki treyst á hjálp neinna nema okkar sjálfra, þá myndum við einfaldlega gera það og þá myndi í ljósi neyðarástands verða sett neyðarlög eða stjórnarskránni breytt með afbrigðum. Þannig að ég held að það sé bara hið besta mál að segja að herskyldu megi aldrei í lög leiða. Það mun ekki ræna okkur möguleikanum á að ræna okkur möguleikanum á að verja okkur sjálf ef á okkur er ráðist. En nú vil ég koma að aðalefni þess máls sem ég ætla að hefja núna. Við erum með sérstakt ákvæði um rétt barna. Éna máltæki er sem segir: „Tvisvar verður gamall maður barn.“ Þetta kemur bara í hug mér bara nákvæmlega núna; ég hef ekkert hugsað út í þetta fyrr. Eigum við ekki að huga að sérstöku ákvæði um rétt þess gamla manns sem aftur er orðinn barn? Magnús Kjartansson, vinur minn, hljómsveitarmaður, hann sagði þetta skemmtilega og það var oft mikil alvara á bak við grínið: „Fertugsafmæli er merkilegasta afmæli lífsins vegna þess að þá er nokkurn veginn jafn langt frá því maður hætti að pissa á sig og þangað til maður byrjar á því aftur.“ Og það er alvara á bak við þetta þegar maður fer að skyggast ofan í þetta. Öldruðum hefur stórfjölgað og í gamla daga dóu aldraðir í faðmi fjölskyldunnar. Þeim var tryggður réttur til fjölskyldulífs og að vera í faðmi sinna nánustu fram á síðustu stund. Þessi réttur hefur verið færður frá hinum öldruðu. Aldraðir eru núna settir láréttir inn á stofnun og síðan er það algjörlega tilviljun háð hvort þetta fólk verður að heyja sína banalegu aleitt og nánast eins og utangarðsfólk úr samfélaginu. Ég mæli hér af reynslu vegna þess að faðir lá langa banalega. Hann var svo lánsamur að eiga sex börn sem að fimm voru á landinu og tóku sig saman um það, að hann skyldi ekki verða einn eina einustu stund þangað til hann færi. Okkur var sagt á hjúkrunarheimilinu að þetta væri fágætt. Hér væri algengt, næstum því regla á köflum, að hinir öldruðu væru aleinir og þyrftu að berjast síðustu baráttuna eins og útkast úr þjóðfélaginu. Ég vil skjóta þessu til nefndarinnar. Við getum verið með fyrstu stjórnarskrána úr því að það þarf sérstakan kafla um réttindi barna – tvisvar verður gamall maður barn – hvað um að í þessari stjórnarskrá verði – þó það verði ekki nema bara eitthvað pínulítið – um mannlega reisn, að hinum öldruðu sé tryggður réttur til mannlegrar reisnar fram til dauðastundar og réttindi til samskipta við sína nánustu og umhverfi sitt fram á síðasta andartak? Takk.

SN

Takk. Pawel Bartoszek.

PB

Já. Kæru vinir. Ég ætla að gera 2. gr. að aðalumtalsefni mínu. Til að byrja með, þá er það minn skilningur að greinin tryggi fyrst og fremst jafnrétti fyrir lögum. Þannig að það er ekki endilega hægt að leggja í [hana] þann skilning, að þó eitthvað standi þar, þá sé verið að tryggja mönnum ákveðna þjónustu. Og þar fyrir utan, þá er minn skilningur á því af hverju kynferði er þarna tvítekið er sá, að þrátt fyrir upptalninguna sem þarna er tiltekið, þá er það víðtekið að það er hægt

að mismuna fólki ef að löggjafinn telur að það séu einhver málefnaleg sjónarmið fyrir því, t.d. bann við mismun á grundvelli efnahags kemur ekki í veg fyrir það, að ríkari menn og konur greiði hærri skatt en þeir sem minna hafa milli handanna. Árétting þess efnis að karlar og konur skuli njóta jafns réttar í hvívetna er árétting þess efnis, að enga slíka málefnalega mismunun megi leiða í lög. Það er minn skilningur. En vegna þess að menn vitnuðu hér í 14. gr. mannréttindasáttmálans, sem væri einungis verið að færa kaflann til þess horfs, þá langar mig að lesa upp þá grein. Þar segir: „Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, s.s. vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbraðga, stjórn mála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernis-minnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.“ Mér finnst þess vegna ekki rétt að halda því fram, að það að setja orðið „stjórn mála“ þarna inn feli í sér að verið sé að færa þessa grein til samræmis við 14. gr. mannréttindakaflans, því að það er skýrt í þeirri grein mannréttindakaflans, að þar standi „stjórn mála[skoðanir] og aðrar skoðanir“. Mér finnst líka málfræðin hljóma dálítið undarlega. Ég get haft ákveðna skoðun. Ég get verið af ákveðnu kyni og haft ákveðna arfgerð. En getur maður haft ákveðin stjórn mála? Það hljómar ekkert rosalega náttúrulega, að geta haft stjórn mála. Maður getur haft stjórn mála skoðanir. Þannig að mér finnst þetta ekki vera rétt að nota sem rök, að það sé verið að færa eitthvað til þess horfs. Þar fyrir utan finnst mér þetta ekki passa þarna inn. Ég held að „skoðanir“ nái vel yfir það sem við meinum hér með.

Ég er dálítið tregur að lengja þennan kafla mikið, sérstaklega með orðum eins og „aldur“ og „búsetu“ vegna þess að þrátt fyrir það sem ég sagði, að löggjafinn telur oft að hann geti með málefnalegu sjónarmiði mismunað fólki, t.d. með því að banna fólki að kaupa áfengi undir ákveðnum aldri, þá eru þetta þeir sem lesa þetta [sem] skilja þetta oft dálítið beinna. Þeir skilja [ógreinilegt: væntanlega mismunandi hvaða atriði(?)] séu bönnuð, að því leyti má ekki banna börnum að kaupa áfengi. Það gæti verið skilningur einhvers og við ættum þess vegna að forðast að setja inn mjög mikið af svona einkennum sem að menn að einhverju leyti ráða sjálfir, eins og búseta eða stjórn mála skoðanir, og halda okkur við þau efni sem menn sannanlega fá engu ráðið um. Og þá einnig langar mig – fyrst við erum að færa þetta svona mikið samann – þá er orðið dálítið eftirtektarvert, að það helsta sem sleppt er úr mannréttindakafla Evrópu kemur allt að réttindum þjóðernisminnihluta. Við erum sérstaklega að tilgreina það að við séum ekki að hafa „tungu“ með og ekki „tengsl við þjóðernisminnihluta“. Þetta eru semsagt einu tveir hlutarnir sem tilfinnanlega(?) er sleppt og það væri gaman að heyra hvort nefndin hafi rætt þetta sérstaklega, af hverju ekki hafi verið ákveðið að hafa þessa þætti með. Takk.

SN
Eiríkur Bergmann.

EBE
Já, kærufélagar. Þetta er mjög áhugaverð umræða. Ég er nú fylgjandi langflestum greinum hér eða nánast eiginlega öllum. En mig langaði þó til þess að taka þetta herskylduákvæði aðeins til umfjöllunar, í 11.

greininni. Mér finnst að við þurfum að hafa það í huga, að setja ekki ákvæði í stjórnarskrá sem að auðveldlega er hægt að sjá fyrir sér að upp komi aðstæður þar sem að eigi að síður verði að brjóta stjórnarskrána. Maður getur vel séð það fyrir sér, að á ófriðartímum muni þurfa að bregðast við með ýmsum hætti, m.a. með því að kveðja menn til varnar. Ég tek oft eftir því í kennslu, þegar ég er að kenna nemendum alþjóðastjórn mála, að nemendur eiga erfitt með að sjá fyrir sér breytingar á ríkjandi ástandi eða að ríki fari að hegða sér einhvern veginn fyrir utan þann ramma sem að þeim er settur núna á friðartímum en sá tími sem að nú hefur einkenst af friði í okkar heimshluta í svona manngreinsögulegu tilliti heyrir eiginlega til undantekninga og allt eins hægt að gera sér í hugarlund að það muni breytast. Einfalt dæmi gæti nú bara verið: Við getum sagt sem svo, að það verði vart vatnsskorti í heiminum og hvað gerum við ef að danski herinn mætir hér og byrjar að dæla vatni upp úr lónum og finnur til einhver gömul lagaákvæði sem að heimilar þeim því? Þannig að ég vil nú ekki fara að hljóma hér eins og einhver hernaðarhaukur – það er nú ekki það sem ég á við og ég er sammála því að í lögum sé að fólk skuli ekki kvatt til herskyldu – en þetta er hins vegar ákvæði sem maður getur vel séð fyrir sér að við tiltekna aðstæður muni þurfa að breyta eða þá að brjóta stjórnarskrána og þess vegna finnst mér að við ættum að endurskoða þetta ákvæði, hugsa það kannski upp á nýtt. Ein leið gæti nú einfaldlega verið að setja svona þætti í utanríkismálakaflann, hafa hann ekki í mannréttindakaflann. Þannig að ég held að við þurfum... Ég er ekkert andvígur því að þetta sé samþykkt í áfangaskjalið svona en mælist eiginlega til þess að við myndum kannski taka einn snúning á þessu í viðbót og reyna að átta okkur á því hvað þetta þýðir. Takk.

SN
Andrés Magnússon.

AM
Kæri formaður og félagar. Það hefur að einhverju leyti komið fram það sem ég ætlaði að segja. Þórhildur, Gísli o.fl., þeim fannst þetta svolítið rýrt ákvæði um hvernig við Íslendingar ætluðum að leggja okkar lóð á vogarskálarnar varðandi frið í heiminum. Fulltrúar úr nefnd A, þeir hafa fullvissað mig um að það verði sérstakt friðarákvæði, efnismikið friðarákvæði, sem bara verður lagt fram síðar. En fyrst ég er nú með orðið, þá langar mig aðeins að bregðast við því sem að Örn Bárður sagði og Freyja: Ég er algjörlega sammála því, það er ekki til nein, svona, miðjusjoppa með engum gildum. Og auðvitað ætti að kenna börnunum mismunandi gildi og ræða um hvernig þau stangast á. Mig langar í því tilfelli að nefna að í Bretlandi, þegar er verið að kenna 11 ára gömlum krökkum sögu og verið að kenna þeim um frönsku byltinguna, þá fá þau tvær mismunan útgáfur af henni og þau eiga að tala saman um hvað þeim finnst, hvernig þeim finnst þau vera mismunandi og réttar. Þarna eru menn sem sé komnir lengra með 11 ára börn heldur en á háskólastigi á Íslandi. Takk fyrir.

SN
Guðmundur Gunnarsson.

GG

Já, af því þið eruð komin inn á stéttarfélagsfund: þær ræður sem hafa verið fluttar hérna upp á síðkastið, þær eru í þá veruna allar saman. Það er ekki hægt að flytja svona ræður sitjandi. Það er bara úti í Loka. Ég fagna því náttúrulega að fólk sé að velta fyrir ástandi barna og heimilanna og það er náttúrulega alveg sjálfsagt að gera það. En í flestum tilfellum er það þannig, að þeir sem að barma sér mest og kvarta mest undan því ástandi sem er, þeir hafa sjálfir skapað það ástand sem þeir búa við. Það er firring og það er samfélag sem við höfum búið okkur hér á Íslandi sem að veldur þessu ástandi. Það er ekki einhver mannvonska eða það að við viljum lítilsvirða börn eða gamalmenni. Það er einfaldlega þessi endalaus keppni sem að einkennir íslenskt samfélag. Og ef við ætlum að fara inn á þessar brautir, þá hljótum við að velta fyrir okkur, að fara að setja svona hluta af kjarasamningum inn í stjórnarskrána. Þannig að ég held að við ættum aðeins að velta fyrir okkur hvert við erum komin í þessari umræðu. Við lendum oft í því, að það sé okkur að kenna, starfsmönnum stéttarfélaga, að menn eigi ekki fyrir útgjöldum heimilisins síðustu vikuna. Það sé okkur að kenna að þeir eyddu of miklu. Síðan horfum við upp á nákvæmlega sama fólk, það t.d. tekur sig upp og flytur til Norðurlanda t.d. Þar býr það ekki í 250 fermetra einbýlishúsi og á þrjá bíla, heldur býr það í blokkaríbúð inni í miðborginni og á bara eitt reiðhjól og er bara mjög hamingjusamt. Og þegar maður hittir það, þá er það mjög ánægt: „Það er svo mikill munur á því að búa hér í Kaupmannahöfn vegna þess að þar get ég bara verið mættur með börnin mín úti í garð bara klukkan fjögur á daginn. Og það er bara ómögulegt að búa á Íslandi vegna þess að þar bara á ég ekki fyrir brauðinu.“ Og síðan detta menn alveg úr þessu hjólfari, að þeir fara bara að bera saman það að... af því að þeir eru, eins og ég segi, að reyna að reka þrjá bíla og 250 fermetra einbýlishús og fara þrjár vikur til Spánar og síðan að fara a.m.k. þrjá Liverpool-leiki yfir veturinn. En síðan eru þeir aftur á móti ekki að reka neinn bíl og búa í leiguíbúð o.s.frv. Við verðum aðeins að velta fyrir okkur hvernig hlutirnir eru og við verðum líka að velta því fyrir okkur, að við erum 300.000 sem erum hérna. Við vinnum ekki gegn hagsmunum aldraðra. Ég á háaldraða foreldra sem hafa verið við þessar aðstæður sem Ómar var að lýsa áðan og þekki þetta mjög vel og við erum, systkinin, að sinna þessu og við sjáum svo aftur um annað fólk sem fær ekki svona aðhlýnslu náinna annarra fjölskyldumeðlima. Og við sjáum líka vel fyrir okkur hvernig þetta er með börnin. En eins og ég segi: Við gætum flutt svona ræður hér, öll sömul. En erum við á stéttarfélagsfundum eða erum við að fjalla um stjórnarskrá landsins?

SN

Þorkell Helgason.

ÞH

Já. Formaður og góðir félagar. Þetta er mjög gagnleg umræða og við þurfum að taka hana aftur. Þetta er svo mikilvægur kafli í stjórnarskránni, að við þurfum að melta hana mörgum sinnum. Þar með er ég alls ekki að mæla því gegn að þetta fari inn í áfangaskjalið og ég vil þakka nefndinni fyrir mjög góða vinnu. Ég, eins og margir aðrir sem hafa tekið til máls, er svolítið hikandi

við 2. mgr. 5. gr., sem mun víst vera 4. gr. fyrir þá sem fylgjast með á netinu. Mér finnst hún ekki eiga heima þarna. Enn og aftur, þá hampa ég hér þýsku stjórnarskránni, þar sem einmitt þessi ákvæði koma á undan mannréttindunum og eru sérstaklega þar tilgreind. Ég veit að nefndin hefur haft þýsku stjórnarskrána mjög til viðmiðunar en ég hvet hana til að líta aftur á þetta.

Herskylduákvæðið: Ég er eins og fleiri dálítið hikandi við að hafa þetta ákvæði eða svotakslaust bann við herskyldu inni. Ekki það að ég sé einhver hernaðarsinni. Þvert á móti. En það geta komið upp aðstæður – og þá erum við ekki að tala um nein heimsstríð – einfaldlega það að einhverjir ribbaldar reyni að hrisfa hér völd eða gera eitthvað þvíumlíkt, að það geti verið nauðsynlegt að hafa einhverjar landvarnir. Og hvað er herskylda? Það er svona teygjanlegt hugtak. Þetta þurfum við bara að íhuga betur. Að lokum, þá vil ég vekja athygli á því, að Færeyingar eru að setja sér stjórnarskrá. Það verður greitt atkvæði um það á lögbingi Færeyja núna á mánudaginn til lokaafgreiðslu og í kjölfarið mun þetta fara í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta er afar merkilegt plagg og við ættum að lesa það öll og kynna okkur. Orðalagið er miklu knappara þar, t.d. um mannréttindi, og þeir eru ekki með upptalningu á einstökum þáttum mannréttinda, heldur mjög skarpt og ákveðið ákvæði. Við getum líka lært af þeim t.d. um auðlindaákvæði. Þeir eru ekkert feimnir við að nota orðið „þjóðareign“ sem að vefst fyrir sumum og þeir segja það skýrt og skörinorð, að annað hvort skuli auðlindir í almannaumsjá eða -eigu, ef þær eru nýttar af einkaaðilum, þá skuli annað hvort vera tekið gjald fyrir þær eða öllum séu þær aðgengilegar. Þannig að um leið og þarf að takmarka eitthvað aðgengi, þá sé tekið gjald fyrir það. Það er fleira af þessum toga sem ég held að væri mjög áhugavert að skoða, ekki síst hvað þetta er hnitmiðaður og vel orðaður texti. Ég vil gera það að tillögu minni til stjórnar ráðsins, að hún íhugi hvort við getum ekki, helst bara í hvelli, fengið sérfræðing eða aðaltalsmann Færeyinga í þessum málum í heimsókn. Það hlýtur að vera hægt að kosta það einhvern veginn, e.t.v. með einhverju norrænu eða vest-norrænu fé. Takk fyrir.

SN

Erlingur Sigurðarson, gjörðu svo vel.

ES

Formaður, gott ráðsfolk. Ég vil byrja á því að þakka nefndinni fyrir mjög vel unnin störf til þessa – og hún gerir það ábyggilega áfram – og sérstaklega með hvaða hætti hún leggur þetta fyrir hérna með skýringum og athugasemdum. Það er mjög gott. Og það eru nokkur atriði sem ég ætla að taka fyrir. Ómar leysti mig nú frá því, að hluta, að tala um aldraða, því þar var vissulega þörfin á og séum við að telja upp eitthvað, þá veitir ekki af að telja öldrunina líka, bæði upp og niður á við, til jafnréttisins. En ég ætla aðeins niður í 12. gr. Þar segir að „allir eigi rétt á réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum, óhlutdrægum dómstóli“. Hvaða dómstóll er það ekki eða vill ekki vera það [eða] á ekki að það? Er ástæða til að vera að taka þetta fram? Hver er hinn dómstóllinn? Nú um herskylduna. Er ég nú ekki þeirrar trúar að við ættum að hika við að hafa bann við henni. „Herútboð má aldrei gera.“ En það er eitt orð, sem er „nauðungarvinna“, sem ekki er gott

orð eða útleggst „þrældómur“ líklega. En á sama tíma og við erum að tala um fangelsisvist til refsingar, þá er möguleiki á samfélagsþjónustu sem uppi er. Einhverjir kynnu að líta á þetta sem nauðungarvinnu. Orðið er ekki gott. Og ég held að það sé meira mannbætandi, að taka þátt í samfélagsþjónustu úti í samfélaginu undir eftirliti, heldur en að vera lokaður inni; það sé meira mannbætandi. Ég bið menn um að athuga þetta, samfélagsþjónusta má ekki heita nauðungarvinna ef þannig er litið á.

10. greinin er góð.

9. greinin er ógnarlega vond, gömul grein, aðallega út af því hvað hún er þvælin. Þetta er atriði sem veitt ekki af að fara yfir orðalagið og færa til nútímahorfs og betri stíls. Nefndin hefur þannig gert þannig 2-3 greinar þarna og hefur gert þær með ágætum og þessar greinar [ógreinilegt 150:30] í þeim efnum. Þetta er óskaplegt tafs í þessu.

8. gr.: Hérna kemur... þetta að skilgreina íslenska ríkisborgara.

7. greinin er ein af þessum dæmum um þessar greinar gömlu sem eru gegnvirkar. Það er rétt þegar menn stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi. Svo segir síðar „banna má þó starfsemi félags“. „Enga má skylda til aðildar í félagi“, hér í 2. mgr., „með lögum má þó kveða á um slíka skyldu“. Þetta finnst mér auðvitað vera ósamræmanlegt í stjórnarskrá, að vera með þessi gagnvægu ákvæði. Og það er engin ástæða til að forðast orðið „óspektir“, held ég. „Ofbeldi“ er svolítið notað núna um allt. Það hefur verið nefnt hér að orðið er svo gildishlaðið að það verður sérofbeldi eitthvert. 5. greinin er það líka.

6. og 7. gr. eru dæmi um það, ef ástæða var til að skrifa nýja stjórnarskrá, að vera ekki að taka málin upp úr þessu sama.

6. gr. er ágæt með ítarlegri viðbót Ómars Ragnarssonar. Ég verð að segja, að það læddist að mér að það megji ekki segja um ykkur, að þið séuð á sama máli og Nóbelskálidið, þegar hann í upphafi Brekkukotsannáls: „Vitur maður hefur sagt, að hollast úngum drengjum sé það næst því að missa föður sinn að missa móður sína.“ Það er greinilegt að menn eru ekki sammála um þetta, enda held ég að hann hafi verið [...] þarna, eins og hans var vísa.

5. gr.: „Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar“ – þetta er markleysa: „Allir skulu njóta friðhelgi einkalífsins“ sem er heimilt að rjúfa.

Og 3. gr. er svolítið munaðarlaus þarna og ég get ekki séð ástæðu fyrir henni aðra heldur en að hún á betur heima í inngangskafnanum í 1. greininni. En svona af því að ég er hérna síðastur áður en að formaður nefndar kemur, þá ætla ég að fara yfir hana, svolítið eins og Ómar: Illt er að þola ánauð og ójöfnuð. Því var sett fram krafan að allir ættu að eiga jafnan rétt. Þó vilja ýmsir að aðeins útvaldir skuli hann fá og til að tryggja það hafa þeir tekið jafnréttið frá. Og jafnari en allir jafnir að jafnaði skulu þeir, sem jafnir að jafnréttis stefna jafnréttið út, svo það deyr. Þakka ykkur fyrir.

SN

Takk fyrir. Þá er umæðunni lokið um tillögu nefndar A og formaður tekur til máls í lokin. Silja Bára Ómarsdóttir, gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, ég þakka fyrir góðar og ítarlegar ábendingar. Þetta verður gott vegarnesti fyrir okkur inn í áframhaldandi vinnu og það er rétt bara að ítreka það, að við teljum þetta hvorki endanlegan texta í þessum greinum né endanlegan mannréttindakafla. Við erum komin, eins og ég sagði, að eignarrétti og það er ýmislegt eftir fyrir aftan hann í núverandi stjórnarskrá, þannig að þið eigið von á meiru frá okkur og þetta mun hjálpa okkur í þeirri vinnu.

Við höfðum rætt töluvert, eins og hugmyndir sem að hafa komið hér fram, um mannhelgina, hvort að það annars vegar mætti sameina – þetta kemur fyrir nokkrum sinnum –, ætti að vera alveg fremst, ætti heima í 1. gr. sem myndi innihalda þennan anda laganna, anda stjórnarskrárinnar eða aðfararorð (hvað [sem] við vildum kalla það). Sem stendur vildum við setja þessa grein fram eins og hún er núna. Hún er kannski svolítið munaðarlaus, eins og ég held að Erlingur hafi verið að benda á, en við reynum að koma henni vel fyrir og teljum þetta mikilvægt. Ég vil þakka Þórhildi sérstaklega fyrir þessa brýningu um að nota hugtakið „mannhelgi“ í samhengi við ákvæði um ofbeldi. Þetta er einmitt eitt af því sem við vildum tryggja að væri mjög skýrt í okkar tillögu.

Nú, það hefur mjög mikið verið rætt um þessa barnagrein sem að við erum að leggja til og sýnir kannski sérstaklega hversu tímabært er að gera hana að sjálfstæðri grein í mannréttindakaflanum. Þetta eru mjög innihaldsríkar umræður og við erum með góðar glósar úr þeim og skoðum hvernig er hægt að tryggja mannréttindi barna ennþá frekar. Tillaga Ómars er vel þegin og góð ábending. Það er ýmislegt sem að kannski þarf að bæta við, þ.e. þessi hugmynd um hvort fjölskyldulíf sé tryggt annars staðar eða sem sagt rétturinn til fjölskyldu sé tryggður í alþjóðasamningum og það vísi til réttar til fjölskyldulífs. En hér erum við að hugsa um það, að börn eigi ekki heima á stofnunum, heldur í umhverfi sem er eins og fjölskylda, þó það sé ekki endilega þeirra blóðfjölskylda. Og ég hef fengið ábendingu frá lögfræðingi hjá Umboðsmanni barna, að t.d. réttur til fjölskyldu geti stundum þýtt að barnaverndarmál verði erfð og þá sé fjölskyldan gerði réttþærri en barnið. Þannig að það er ýmislegt sem þarf að skoða mjög vandlega hérna og kannski sérstaklega að nefna góðar og miklar ábendingar frá Andrésí og Þórhildi en svona í fljótu bragði held ég samt að fyrir stjórnarskrána sjálfa, þá eigi að vera knappur texti og einbeita sér að réttindum. Þannig að ég tek kannski frekar, svona fyrstu um sinn alla vega, undir sjónarmið Gísla um að þetta séu hugmyndir sem þurfi að fara til lög-gjafar- og framkvæmdarvalds. Sérstaklega líka þarna punktur frá Lýði um það, að það þyrfti kannski að auka skyldur foreldra gagnvart börnum og minni á að ég nefndi í upphafi, að við erum að skoða hvort að þetta ákvæði þurfi að skýra með tilliti til þess hverjum það leggur skyldur á herðar.

Staða drengja var sérstaklega nefnd og ég vil taka undir aftur með Þórhildi, sem að benti á það, að karlmennskan er dýru verði keypt og mikil áhersla á kynja-jafnrétti er einmitt til þess að draga úr og vinna gegn áhrifum skaðlegrar. Hin skaðlega karlmennska er ein af svona kannski stærstu ástæðunum fyrir því að drengir koma illa út úr menntakerfinu; þeir hafa ekki

alltaf góðar fyrirmyndir. Og bara að minna á það, að kynjafnrétti snýst ekki bara um konur, þó að því sé oft skeytt saman.

Ómar benti á aldraða og nokkrir tóku undir með það. Það er rétt, að það vantar kannski inn í þessar reglur en það er ákvæði í 76. gr. sem kannski fjallar meira um svona almannatryggingar sem að vísa til aldurs og við eigum bara eftir... við erum ekki komin þangað. Ég reikna með að við eigum eftir að snerta á því og tökum þá hans innlegg með okkur í þá vinnu.

Síðan var fjallað svoltið um ríkisborgararéttinn. Góðar ábendingar, held ég, frá Vilhjálmí um hversu ólík okkar grein er öðrum í nágrannaríkjunum og við eigum eftir að skoða það. Þetta var einmitt ein af bakgrunnsglósunum okkar að hafa samband við innanríkisráðuneytið og heyra hvernig unnið er með þetta: Hvað er það sem við getum gert [og] getum sett inn í stjórnarskrána? Og hvort það ætti að vera eitthvað annað en að um ríkisborgararétt sé fjallað í lögum.

Langar og miklar umræður um pyntingar og nauðungarvinnu og herskyldu. Andrés talaði um að pyntingarákvaði væru kannski svoltið gamaldags eða svona ekki miðað við þá þróun sem hefur átt sér stað á alþjóðavettvangi og – hvað kallaðirðu það? – „stofukommalegt“. Við munum kíkja á það, hvort við séum ekki örugglega að uppfylla ítrustu skilyrði alþjóðasamninga hvað þetta varðar. Og hvað það varðar að tala gegn pyntingum, þá held ég að þetta tengist svoltið þessum friðarumræðum, sem hafa komið fram hérna, og það sé eitthvað sem að ætti kannski að endurspeglast í gildum eða í kafla um frið og Ísland sem friðsamlegt ríki og annað hvort í gildum eða þá mögulega í utanríkismálakafli en auðvitað á að vera tenging hérna á milli.

Nauðungarvinna: [Það] var talað um hvort samfélagsþjónusta félli þar undir og mér hefur verið benti á að það sé ekki samkvæmt alþjóðaskilgreiningu litið svo á, að samfélagsþjónusta getur verið skilgreind sem nauðungarvinnar. Þannig að það á ekki að vera en við gætum þess að það sé skýrt í greinargerð. Og þessi mikla umræða sem kom fram um herskylduna og herleysi eða hlutleysi, eins og hér hefur komið fram, hún átti sér stað í nefndinni, rétt eins og hún átti sér stað hér á þessum fundi. Hérna er verið að setja skorður við því, að ríkið geti skyldað einstaklinga til herþjónustu. Og ég tala fyrir sjálfa mig þegar ég segi, að hér er því miður ekki verið að setja bann við stofnun hers eða reksturs á her. Það er ekki sátt um það og við höfum lagt okkur fram við það í nefndinni – og Dögg, ég þakka henni fyrir þá áminningu hérna áður – að í nefndinni höfum við lagt okkur fram um það, að vera ekki að greiða atkvæði, heldur tala okkur niður á sameiginlegan skilning á hugtökum og hugmyndum sem við erum að fara að leggja fram. Og við erum ekki komin með sameiginlegan skilning og sameiginlega sátt um það, hvort að við höfum verið herlaust land. Við erum svo sannarlega ekki hlutlaust land, höfum ekki verið síðustu 62 árin, þannig að það að tala um hlutleysi er ekki í samræmi við okkar stöðu í alþjóðasamningum. Við höfum ólíkar persónulegar skoðanir á því hvort að við eigum að vera aðilar að Atlanshafsbandalaginu en við erum það og því þyrfti pólitíska stefnubreytingu, sem ég þykist geta fullyrt að er ekki meirihluti

fyrir inni á þingi, til þess að setja inn ákvæði um hlutleysi. Og ég svo sannarlega hefði áhuga á þeirri umræðu en þá kemur spurningin um það, hvort að hlutleysi sé að sitja aðgerðalaus hjá þegar misrétti er beitt og það vil ég kannski heldur ekki sjá. En þetta er svo sannarlega umræða sem við munum halda áfram með. Við erum sátt í nefndinni um það, að við viljum bann við herskyldu og ákvæðið gengur þess vegna ekki lengra en svo. Ég held að það séu ein 88 ríki sem eru með bann við herskyldu í sínum lögum og jafnvel grunnlögum, að banna herskyldu og hafa engar undantekningar á, ekki einu sinni í neyðar-ástandi, þó að það sé sums staðar sem það er leyft. Og hér eru lönd eins og Ástralía, Kanada og Spánn t.d. Þetta eru lönd sem að við kannski viljum geta borið okkur saman við og erum samferða í t.d. Efnahags- og framfarastofnun Evrópu.

Þetta held ég að sé svona efnislega það sem ég vil snerta á. Það er auðvitað margt annað sem að kom hérna fram en umræðurnar eru nú orðnar svoltið langar og við verðum bara með ítarlega samantekt af þessu og tökum með okkur í nefndina. Ég vona að við getum tekið umræðu um hverja grein fyrir sig og tel að það sé nauðsynlegt. Það eru ákveðnar takmarkanir í stjórnarskránni. Þessi kafli er ætlaður til þess að skapa borgurum réttindi en setur auðvitað einhverjar skorður og þess vegna er þessi innri mótsögn sem að Erlingur benti á. Þetta hefur stungið okkur í okkar yfirferð og við höfum leitað greinargerðir með gildandi ákvæðum stjórnarskrár og aðrar réttarheimildir til að vera viss um að við séum ekki að gera breytingar sem að ekki standast breytingar, eins og t.d. það að það megi skylda mann í félag; þar eru húsfélög og veiðifélög nefnd sérstaklega í greinargerðum, sem dæmi um félög sem að skylda má einstaklinga til aðilar í, enda sé ekki hægt að reka félögin í þágu almannahagsmuna annars. Og þetta er kannski einhver lítill kими sem að... persónulega datt mér aldrei í hug að ég þyrfti að vita þetta í mínu lífi. En þetta er mikilvægt ákvæði.

Ýmsar breytingar og ábendingar um orðalag hafa borist. Þetta er texti í mótun og slípun. Það var rætt svoltið um „síðgæði“, hvort að það þyrfti að vera inni og við tökum þá ábendingu alvarlega, förum með hana aftur inn í nefndina. Ég ætla bara líka að segja það, svona í lokin, að við höfum oft byrjað á að taka setningar fyrir sem okkur þykja undarlegar og reynt að breyta og bæta en við höfum snúið aftur að þeirri útgáfu sem stendur í stjórnarskránni eins og hún stendur núna, því það hefur verið, að okkar mati, besta útkoman. Þannig að þó að sumum þyki kannski miklar breytingar hafa verið gerðar, þá eru þær mun minni en þær sem við höfum rætt og skoðað í nefndinni. Og ég vil bara þakka í lokin sérstaklega félögum mínum í nefnd A fyrir þá miklu og góðu vinnu sem að hefur verið farið í þar og þakka öllum öðrum ráðsfulltrúum fyrir bæði ábendingar sem hafa komið fram hér í dag og síðan á sameiginlegum fundi okkar á miðvikudaginn og hlakka til að koma með þetta til ykkar aftur en bættara. Takk fyrir.

SN

Takk fyrir. Ég þakka nefnd A fyrir góðar tillögur og formanni fyrir ítarlegar og góðar skýringar og ráðs-

mönnum öllum fyrir góðar umræður. Það hafa komið fram fjórar breytingartillögur, skriflegar. Þær eru aðgengilegar á netinu. Og 6. ráðsfundi er þá slitið. Mig langar að biðja ykkur um að hinkra aðeins í salnum áður en þið gangið út en næsti ráðsfundur verður 12. maí kl. 13. Takk fyrir í dag.

8. ráðsfundur 12.05. 2011.

12.05.2011 13:00

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar
2. Skýrsla og tillaga A-nefndar
Tillaga frá 7. fundi um breytingar á áfangaskjali lögð fram til afgreiðslu (Fyrstu fjórtán ákvæði mannréttindakafla)
3. Skýrsla og tillögur B-nefndar
Tillögur um eflingu löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldi lagðar fram til kynningar
4. Skýrsla C-nefndar

8. ráðsfundur - haldinn 12. maí 2011, kl. 13.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Forföll höfðu boðað Salvör Nordal og Þorkell Helgason.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvupósti miðvikudaginn 11. maí 2011 og dagskrá í samræmi við fundarboð.

Umræður á 8. Ráðsfundi

AT

Ágætu ráðsfulltrúar. Ég býð ykkur velkomin til þessa 8. fundar í Stjórnlagaráði og segi hann settan. Forföll hafa boðað Salvör Nordal og Þorkell Helgason.

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

AT

Dagskrá í samræmi við fundarboð sem liggur frammi og við göngum til dagskrárinnar. Þar er fyrst fyrir 1. liður sem er fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin hefur legið frammi án athugasemda og ef ekki berast athugasemdir nú skoðast fundargerðin samþykkt. Það koma engar athugasemdir fram og þá er fundargerðin afgreidd.

2. Skýrsla og tillaga A-nefndar

AT

Og þá tökum við fyrst fyrir 2. lið sem er skýrsla og tillaga verkefnanefndar A. Ég gef formanni nefndarinnar, Silju Báru Ómarsdóttur, orðið.

SBÓ

Fundarstjóri, góðir ráðsfulltrúar og gestir. Við í A-nefndinni erum í dag að leggja fram tillögur til 14 greina í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar og berum þær fram til innleiðingar í áfangaskjalið. Þetta er sama efni og var í greinunum 11 sem við kynntum í síðustu viku en eftir að taka tillit til athugasemda frá öðrum fulltrúum í ráðinu til innsendra erinda og til athugasemda á vefnum hefur orðalag breyst svolítið og uppröðunin sömuleiðis. Ég ætla hérna að gera grein fyrir tillögnum og þeim athugasemdum og breytingum sem hafa orðið frá því að við ræddum þær síðasta.

Tillaga 1 – ég ætla að vera með plögg á borðinu þar sem þetta er númerað, þetta er rétt núna, ólíkt því sem var síðast. Tillaga 1 er ný grein, hún er svohljóðandi:

„Öllum skal tryggður réttur til lífs og til að lifa með mannlegri reisn í réttlátu samfélagi. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna.“

Hérna er tónninn sleginn fyrir mannréttindakaflann í 1. gr. Við erum að taka skýrt fram að mannréttindi snúist um rétt einstaklinga til þátttöku í samfélaginu þar sem hæfileikar hvers og eins fá notið sín. Þessi grein var áður númer 2, í tillögnum í síðustu viku sem sagt, en við fengum ábendingu, m.a. frá Írisi Lind, um að í Mannréttindasáttmála Evrópu og mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, ég held að ég fari rétt með, tengdust mannhelgi og réttinum til lífs. Þetta er svona umræða sem kannski er ekki að fullu lokið. Við erum nokkur sem eigum svolítið erfitt með þetta orðalag, réttur til lífs, á íslensku. Okkur finnst það framandi og kannski réttara að segja réttur til að lifa með mannlegri reisn. Orðalagið þarf aðeins að finpússa.

Við ræddum einnig svolítið um að segja kannski öllum mönnum skal tryggður þessi réttur til lífs og til að lifa með mannlegri reisn en ákváðum að láta ákvæðið standa svona í bili. Eins og alls staðar í áfangaskjalinu er auðvitað hægt að endurskoða orðalag og inntak síðar í ferlinu.

Í fyrri tillögu var talað um tækifæri til að lifa með mannlegri reisn í samfélaginu. Hér var hugmyndin að láta það koma fram að rétturinn til að taka þátt í samfélagslegum stöfunum væri skýr, að ekki mætti útiloka fólk á grundvelli einhverra einkenna sinna frá aðild og virkri þátttöku í samfélaginu. Einhverjum þótti þetta frekar óskýrar reglur eða óskýrt orðalag og hér erum við því að tala um að lifa með mannlegri reisn í réttlátu samfélagi. Við gerum okkur grein fyrir því að þetta er háleitt markmið en eitthvað sem við vonumst til að endurspegli rétt okkar allra til að vera virk og eiga aðild að því samfélagi sem við búum í.

Virðing fyrir margbreytileika er svo árétting á því að ákvæðið eigi við alla borgara.

Okkur hafa borist ábendingar um að hér ætti bann við pyndingum e.t.v. heima líka og þá að fyrirmynd alþjóðasáttmála. En hver samningur, alþjóðasamningur eða stjórnarskrá innlend hlýtur að endurspeglar sinn samtíma að einhverju leyti og uppruni hinna alþjóðlegu mannréttindasamninga vísar til hörmunga síðari heimsstyrjaldar þar sem einstaklingar sættu pyndingum og ofbeldi. Þetta er ekki, þetta með pyndingarnar er ekki raunveruleikinn í okkar samfélagi og nefndin hefur því ekki nauðsyn að áréttar þetta bann við pyndingum í 1. gr. Það er hins vegar komið að því síðar í skjalinu.

Að lokum höfum við rætt hvort afmarka skyldi yfirráðasvæði íslenska ríkisins í 1. gr. en þeirri umræðu er ekki lokið þannig að það er ekki komið inn í skjalið enn sem komið er. Í tengslum við þá umræðu þyrfti að skapa hvort ríkinu myndi skapast einhver skylda, það þyrfti að skoða hvort ríkinu skapaðist skylda um leið til þess að tryggja öllum þeim sem staddir eru innan yfirráðasvæðis þau réttindi sem kveðið er á um í stjórnarskránni en ekki eingöngu öllum borgurum eins og við kannski myndum horfa á í dag.

Í 2. gr., það er hin svokallað jafnræðisregla, hún hljóðar nú svo:

„Allir eru jafnir fyrir lögum og skulu njóta mannréttinda án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, litarháttar, skoðana, stjórnmalatengsla, trúarbragða, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.“

Þetta er löng upptalning. 2. mgr. greinarinnar er að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Þetta er byggt á 65. núverandi stjórnarskrár og lítillaga breytt frá síðustu viku. Við höfum framsöguhátt nútíðar í upphafi, allir eru jafnir fyrir lögum, en tölum í framtíð um að allir skulu njóta mannréttinda. Þetta viljum við láta standa svona til að endurspeglar að þótt lagaleg réttindi séu til staðar vanti enn nokkuð upp á að öllum séu tryggð þau mannréttindi sem af réttindunum ætti að leiða. Við höfum síðan bætt inn nokkurs manngreinarálits sem var ekki inni síðast, þ.e.a.s. orðinu nokkurs. Því er bætt inn til að hnykkja á ákvæðinu sem vísar til mismununar sem er í alþjóðlegum sáttmálum og er nýtt í greininni.

Hornklofaumræðan víðfræga var nokkur í kringum þetta í síðustu viku. Eftir umræður vikunnar höfum við ákveðið að láta þau atriði standa hrein, ef ég má segja svo, þannig að þau eru núna komin inn. Ég ítreka að það þýðir ekki að þau séu í endanlegu lokaskjali sem við skilum frá okkur heldur að við erum búin að tala okkur inn á það að í þessari upptalningu sé eðlilegt að láta aldur og búsetu fylgja með. Hins vegar er orðið sem var stjórn mála í síðustu viku orðið í síðustu orðið að stjórnmalatengslum, þ.e.a.s. ekki má mismuna vegna stjórnmalatengsla. Þetta teljum við að sé að bregðast við ástandi í íslensku samfélagi þar sem margir sæta mismunun eða er hyglt á grundvelli slíkra tengsla.

Það kemur fram, sem sagt hornklofarnir komu fram í skýrslu stjórnlaganefndar í kringum aldur og búsetu þar sem ekki var tekin endanleg afstaða til þess hvort þau ákvæði ættu heima inni í greininni. Við þurfum að kalla eftir sérfræðiálitum um afleiðingar þess að hafa þetta inni þannig að þarna er t.d. aldurinn sem þarf að skoða í samhengi við kosningarrétt, ýmis atriði, t.d. starfslok o.þ.h. þannig að bæði ungir og aldnir þurfa að fá að láta í sér heyra með þetta. Og búsetuna þarf að skoða í samhengi við kosningarréttinn.

Við fengum ábendingu um að þarna væri ekki talað um tungu, að ekki mætti mismuna á grundvelli tungu, en við teljum að umræða um það atriði þurfi að fara fram í samhengi við umræðu um hvort þjóðtunga verði skilgreind í stjórnarskránni. Og þjóðernisminnihlutahópar eru ekki skilgreindir, ekki nefndir, en okkur þykir ljóst að þeir njóti verndar með vísan til samspils milli litarháttar og uppruna. Og ætternis jafnvel líka.

Nú, 3. gr. í tillögunum hljómar svo:

„Allir skulu njóta mannhelgi og verndar gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan.“

Þetta yrði nýtt ákvæði í stjórnarskrá. Við kynntum þetta í síðustu viku sem hluta af ákvæði um friðhelgi einkalífs en færðum þetta í sérákvæði í ljósi umræðna á síðasta fundi. Efnislega er greinin óbreytt frá því sem þá var nema að í síðustu línunni, síðustu setningunni, setningarbrottinu sennilega, stendur innan heimilis og utan en stóð áður innan heimilis eða utan. Þetta er ekki efnisleg breyting.

4. gr. er þá óbreytt 71. gr. núgildandi stjórnarskrár, um friðhelgi einkalífs:

„Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.“

Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símötolum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.“

Þar sem við fjarlægðum mannhelgisákvæðið, friðhelgi fyrir ofbeldi, þá höfum við fært þessa grein aftur til fyrra horfs. Þar sem stóð í síðustu viku þrátt fyrir ákvæði **þessarar** greinar stendur nú þrátt fyrir ákvæði **1. mgr.** og heimild til takmarkana á friðhelgi einkalífs er því jafn þröng og nú er í stjórnarskrá. 5. gr. er efnislega núgildandi

73. gr. stjórnarskrárinnar og er í tillögu okkar svo hljóðandi:

„Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar.“

Hver maður á rétt á að tjá hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum til verndar öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.“

Þetta er óbreytt orðalag frá því í síðustu viku, en við færðum greinina aftur fyrir ákvæði um friðhelgi einkalífs og mannhelgi. Í stjórnarskránni núna er vísað til siðgæðis sem nefndarfulltrúum þykir óljóst hugtak og er t.d. ekki að finna í sænsku stjórnarskránni. Við þurfum að leita eftir sérfræðiálitum um dómatúlkningar, bæði tengt þessu ákvæði og allsherjarreglu sem er einnig felld út úr textanum frá því sem er í núgildandi stjórnarskrá.

Þá er það 6. gr. tillagnanna sem er hin svokallaða barnagrein:

„Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og skulu ráðstafanir yfirvalda í málum sem varða börn taka mið af því sem þeim er fyrir bestu.“

Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana í samræmi við aldur þeirra og þroska.“

Hérna er nú sennilega smávilla, það ætti að vera aldur þess og þroska. Ég bið um að það verði leiðrétt, þetta er smábreyting, við vorum með börn í fleirtölu

í annarri málsgrein í gær. Þannig að hér er greinin nokkuð breytt frá því sem var í síðustu viku, hún er ný í stjórnarskránni eða yrði ný, verði hún samþykkt. Við tillögu okkar sem við kynntum í síðustu viku bárust athugasemdir frá Unicef og lögfræðingur hjá umboðsmanni barna gerði efnislega sambærilegar athugasemdir við tillöguna þegar hún var borin undir hana. Þessar athugasemdir voru að réttur til fjölskyldu eða fjölskyldulífs, eins og það var orðað í tillögunni þá, væri gjarnan túlkaður fjölskyldunni í hag en ekki barninu. Þannig að þegar velferð barns væri ógnað, að það sætti ofbeldi inni á heimili, væri frekar litið til þess að barnið ætti rétt á fjölskyldu heldur en að barnið ætti rétt á að vera frjálst undan ofbeldi. Því væri réttara að taka fram að ráðstafanir þyrftu að taka mið af því sem væri börnum fyrir bestu. Það er þá í 1. mgr.

Í 2. mgr. var bent á að réttur barna til að hafa áhrif á eigin málefni væri tiltölulega þröngur eins og við höfðum sett hann fram og ætti að eiga við um öll mál sem börn varða, ekki eingöngu eigin málefni, eða öll mál sem barn varðar, ekki eingöngu eigin málefni. Orðalagsbreytingarnar hafa verið gerðar í þessa átt auk þess sem breytingarnar eru ætlaðar til að draga skýrar fram að hér eru skyldur settar á herðar hinu opinbera.

Þá er það 7. gr. tillagna okkar. Hún er efnislega óbreytt frá því í síðustu viku og fjallar um félagafrelsi. Það er í 74. gr. núgildandi stjórnarskrár. Ákvæðið hljómar þá svo:

„Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmalafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulastrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.“

Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almanna-hagsmuna eða réttinda annarra.“

Hér setjum við punkt á eftir þessu ákvæði og erum þar með að skilja á milli félagafrelsis og fundafrelsis sem er í næstu grein. Þá er þessi grein eingöngu um félagafrelsið. Undanþága um skylduáðild, sem sagt undanþága, heimild til að skylda mann til aðildar að félagi, er ennþá inni, hún hefur verið til nokkurrar umræðu í nefndinni en við höfum ekki forsendur til þess að taka afstöðu til breytinga enn sem komið er.

Og þá er seinni hluti núgildandi 74. gr. í 8. gr. tillagna okkar og hljómar svo:

„Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lög-reglunni er heimilt að vera við almennar samkomur.“

Þar setjum við punkt, gerum fundafrelsið að sjálfstæðri grein og fellum brott heimild til að banna mannfundi undir berum himni. Í umræðum við áfangaskjalið sem hafa farið fram á vefnum okkar kemur þessi skoðun mjög skýrt fram og við höfum ákveðið að bregðast við því. Að auki er ekki að finna sambærilegt ákvæði í finnsku og sænsku stjórnarskránum sem við höfum verið að skoða, heldur er þar þvert á móti kveðið á um rétt til að halda mótmælafundi þannig að þar er aukinn réttur frekar en takmörkun á réttinum. Við viljum leggja þetta fram og vonumst til að fá ábendingar og umræður um þetta. Við teljum þetta vera svona nokkra millileið.

Við þurfum held ég hér að kalla eftir álitum frá sérfræðingum um hvernig þessi ákvæði eru í framkvæmd í nágrannalöndunum áður en við kannski tökum endanlega afstöðu, en við viljum reyna að kalla fram umræðu um þetta.

Nú, 9. gr. tillagnanna fjallar um ríkisborgararétt og byggir á 66. gr. núgildandi stjórnarskrár. Fyrstu tveir málslíðirnir eru nýir, fyrsta málsgreinin:

„Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgararéttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum. Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti.

Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.

Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku.

Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálssir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.“

Eins og ég sagði áður þá erum við að bæta inn tveimur málslíðum í upphafi um það hvernig fólk öðlast íslenskt ríkisfang. Þetta er í framhaldi af ábendingum t.d. frá Erlingi á síðasta fundi og umræðum við áfangaskjalið á netinu. Tillagan er viss einföldun á núgildandi kerfi sem eingöngu er mælt fyrir um í lögum, ekki í stjórnarskrá. Það voru töluverðar umræður um það hvort við myndum opna þetta ákvæði enn frekar og gera það sjálfvirkt að allir sem ættu íslenska ríkisborgara að foreldrum fengju íslenskt ríkisfang sjálfkrafa eða að allir bara sem fæddust á Íslandi fengju ríkisborgararétt, eins og t.d. í Bandaríkjunum. Þetta væru mjög róttækar breytingar en í nefndinni eru jafnframt nokkrar efasemdir um það að við eigum að vera að skilgreina þetta í stjórnarskránni þannig að við erum að reyna að setja þetta fram til umræðu og kannski svona að fá að heyra hvað fólk finnst um þetta, bæði hér inni og utan þessara veggja.

10. gr. tillagnanna fjallar um frelsissviptingu og er efnislega 67. gr. núgildandi stjórnarskrár. Þetta held ég, sýnist mér örugglega vera óbreytt frá því sem var síðast:

„Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.

Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.

Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandrátta leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur.

Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.

Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.“

Þegar við kynntum þetta síðast þá vorum við að gera smávægilega breytingu á textanum sem er núna í stjórnarskránni, tókum út vísan til varðhalds þannig að það er ekki lengur til í íslenskum lögum og, já, hérna tökum við reyndar eitt skref í viðbót, fyrirgefið, ég ruglaðist aðeins, tökum eitt skref í viðbót, við tökum út ákvæði um heimild til að láta mann lausan gegn tryggingu, enda telji dómari það fært, sem er í stjórnarskránni. Samkvæmt greinargerð með lögum um meðferð sakamála hefur þessu ákvæði aldrei verið beitt. Það er í lögum um meðferð sakamála líka og stendur hér í stjórnarskrá, en við teljum að þótt við fellum þetta brott héðan þýði það ekki að ákvæðið í sakamálalögum missi gildi sitt þannig að löggjafanum væri áfram heimilt að kveða á um það að hægt væri að láta fólk laust gegn tryggingu en við teljum það ekki endilega eiga heima í stjórnarskránni.

Nú, 11. gr. tillagnanna er efnislega samhljóða 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar, hefur verið einfölduð nokkuð:

„Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi sekur um háttsemi sem var refsiverð þegar hún átti sér stað. Viðurlög mega ekki verða þyngri en þá voru leyfð í lögum.“

Það er örhlítill orðalagsbreyting hér frá því sem var í síðustu viku. Við færðum orðin þá voru fram fyrir orðið leyfð. Þetta er engin efnisleg breyting frá því sem var kynnt síðast. Þetta er þó nokkur einföldun á ákvæðinu sem er í stjórnarskránni og við viljum benda á hérna að við erum að fella brott vísun til fullkominnar löggjöfnunar sem er í núgildandi ákvæði og kann að vera þyngri eða gera sterkari kröfur heldur en hefðbundin löggjöfnun sem er gjarnan beitt við túlkun laga. Við þurfum að kalla eftir sérfræðialiti um þetta, þetta er opið en við ákváðum að leggja þetta fram án þessarar vísunar eins og stendur.

Þá fer nú að líða hérna að lokum þessarar yfirferðar, ég á þrjár greinar eftir.

Í 12. gr. er að finna ákvæði um refsingar og pyndingar sem eru nú í 2. mgr. 69. gr. og í 68. gr. stjórnarskrár. 1. mgr.: „Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu.“ 2. mgr.: „Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.“ Og 3. mgr.: „Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi.“

Við þurfum ekki að orðlengja um þessi ákvæði, þau eru í núgildandi stjórnarskrá og eru óbreytt bæði frá því sem er þar og því sem var kynnt í liðinni viku, en ég vil samt taka fram að við viljum skoða hvort ástæða sé til að herða afstöðu gegn pyndingum sem kemur fram hér og gæta þess þá hvort við séum ekki örugglega í takt við ýrtrustu kröfur alþjóðasáttmála. Og vonandi getum við fengið sérfræðialit um þessa málsgrein sérstaklega.

Í síðustu viku kynntum við bann við herskyldu sem hluta af þessari sem hluta af þessari grein en setjum það bann nú fram í sérgrein, nr. 13, og það yrði þá ný grein í stjórnarskrá. Greinin hljómar svo, stutt og laggóð:

„Herskyldu má aldrei í lög leiða.“

Með því að gera þetta að sérgrein mætti e.t.v. víkka ákvæðið út eða tengja við aðrar greinar, t.d. í utanríkis-málakafli, þótt við í nefndinni lítum svo á að það séu mannréttindi að vera frjálss undan herskyldu og/eða herkvaðningu. Þetta er skýr krafa frá þjóðfundi og

endurómar í innsendum erindum sem nefndinni hafa borist. Í umræðum á síðasta ráðsfundi var rætt að hér væri e.t.v. verið að setja ákvæði í stjórnarskrá sem fyrir-sjáanlegt væri að yrði brotið. Við erum svona frekar á því í A-nefndinni að komi til þess að Íslendingar yrðu kallaðir til varna, til að verja landið, þá yrði um sjálf-boðaliðahreyfingu að ræða og ekki skipulagðan her þótt e.t.v. mætti horfa á athafnir þess sem hernað. Þannig að við viljum hafa þetta ákvæði inni og berum það fram. Við bendum líka á að í fjölda landa er lagt blátt bann við herskyldu, jafnvel á átakatímum, og því ekkert eins-dæmi að setja fram ákvæði með þessum hætti.

Og þá er það lokagreinin í tillögnum okkar, nr. 14: „Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða hátt-semi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómsþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta öryggis eða réttinda málsaðila.

Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða hátt-semi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.“

Þetta er nokkurn veginn óbreytt 70. gr. stjórnar-skrárinnar en eins og í 5. gr. tillagna okkar er felld brott vísan til allsherjarreglu og hér er velsæmis í þeirri grein síðgæðis.

Okkur var bent á að e.t.v. þyrfti að halda orðunum inni og við þurfum að skoða þessar tvær greinar betur kannski í samhengi og í ljósi dómaframkvæmdar.

Okkar afstaða í nefnd A er að hugtakið réttindi nái yfir vernd vegna velsæmis eða síðgæðis. Og ég læt þá þessari yfirferð lokið, minni á að allar þessar tillögur hafa verið kynntar áður þótt þær hafi sumar birst í aðeins annarri mynd í síðustu viku. Ég vil þakka fulltrúum í nefnd A fyrir mikla vinnu í vikunni og kollegum okkar í ráðinu fyrir góðar ábendingar og sérstaklega vil ég þakka almenningi fyrir þátttöku sína í þróun tillagnanna, bæði með umræðu á netinu og í innsendum erindum. Það er virkilega ánægjulegt að sjá hve mikinn áhuga starfið hefur vakið og um leið og ég þakka fyrir allar ábendingar vona ég að við höfum náð að svara sem flestum og við munum halda áfram að reyna að gera það.

Við berum þá tillögurnar upp til innleiðingar í áfangaskjalið, ekki aðeins til kynningar, og opna fyrir umræður og ég þakka gott hljóð.

AT

Þakka þér, Silja Báru. Þá er orðið laust um umfjöllun Silju Báru um tillögurnar, svo og um tillögur nefndar A um fyrstu 14 greinar mannréttindakaflans með þeim breytingum sem nefndin hefur gert á kaflanum frá því að hann var lagður fram á síðasta ráðsfundi. Að umræðum loknum munum við bera kaflann upp til samþykktar inn í áfangaskjalið. Ef breytingartillögur koma fram í umræðunni fara þær til nefndarinnar og verða skoðaðar þar og ef nefndin tekur tillit til þeirra birtast þær í breyttum texta síðar. Orðið er laust og þegar er komin mælendaskrá. Þar er fyrstu Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel, Vilhjálmur.

VP

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég þakka Silju Báru, formanni nefndar A, kærlega fyrir skörulega og

skipulega framsögu. Ég fagna mjög þessum mann-réttindakafla eða þessum 14 greinum sem hér eru til umræðu og hafa verið lagðar fram og ég held að það sé margt til mikilla bóta. Þetta er gott dæmi um góða vinnu hér í ráðinu, að mínu mati. Ég ætla hins vegar að gera eina, ja, kannski formlega litla breytingartillögu sem ég mun leggja fram skriflega. Það er um 1. gr. þar sem stendur núna í tillögunni: „Öllum skal tryggður réttur til lífs og til að lifa með mannlegri reisni í réttlátu samfélagi. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna.“ Ég hef dálitlar áhyggjur af þessu orðalagi, öllum skal tryggður réttur til lífs og til að lifa. Ég óttast að það gæti verið túlkað sem einhvers konar breyting eða inngríp í umræðu um annars vegar fóstureyðingar og hins vegar um líknardauða og fyrir utan það að mér finnst þetta kannski aðeins staglkennt í þessu formi þannig að ég ætlaði að leggja fram breytingar-tillögu sem er þannig: „1. gr. orðist svo: Öllum skal tryggður réttur til að lifa með mannlegri reisni í réttlátu samfélagi. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna,“ þ.e.a.s. einfalda aðeins þetta með réttinn til að lifa. Og ég held að eins og tillagan frá mér er, að það nái alveg utan um þá hugsun sem hér er verið að ræða, og tel þetta sem sagt betra að því leytinu að það opni ekki kannski einhverjar spurningar um hvort það sé stefnubreyting á ferð hér hvað þessi mál varðar sem ég nefndi og hugsanlega önnur skyld. Sem sagt, þannig að ég kynni hér með og legg fram skriflega breytingartillögu. Takk fyrir.

ÓR

Já, gott ráðsfolk og aðrir sem fylgjast með þessum fundi, ég ætla bara að tala um 6. gr. og ætla ekkert að fara að endurtaka það sem við getum öll sagt, að þetta var frábær og góð framsaga hjá Silju Báru hér áðan og mér list mjög vel á kaflann og þær viðbætur og endurbætur sem við höfum gert eða hér blasa við. Ég þarf aðeins að koma að 6. gr.: „Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og skulu ráðstafanir yfirvalda í málum sem varða börn taka mið af því sem þeim er fyrir bestu.“ Punktur er settur hér. Það er talið að það að umönnunin sem velferð þeirra krefst nái yfir það sem ég bar fram breytingartillögu um síðast og sömuleiðis ráðstafanir yfirvalda taka mið af því sem er þeim fyrir bestu. Hins vegar er ég eiginlega undrandi á þeirri umsógn sem hér er færð til okkar frá Unicef og umbodsmanni barna, að alls ekki megi segja sem er þeim fyrir bestu, svo sem rétti þeirra til holls fjöl-skyldulífs vegna þess að þau, þessir umsagnaraðilar, álíta greinilega að þetta virki öfugt, að það sé réttur fjölskyldunnar eða náinna ættingja til að umgangast barnið. Ég get bara engan veginn skilið þetta svona. Ég get hins vegar skilið það að reynsluheimur þessa fólks sé þannig að þau séu sífellt að fást við þetta viðfangsefni að „óhollir foreldrar“ eða „ofbeldisfólk“, að það megi alls ekki standa að börnin hafi rétt til umgengni við sína nánustu vegna þess að þá gefi það þessu fólki tækifæri til þess að gera þetta öfugt. Ég lít á það að þetta sé, þegar við horfum á greinina þá þarf ekkert að spyrja að því að það er bara verið að tala um rétt barnsins til umgengni við sína nánustu. Og með því að segja holls fjölskyldulífs þá er það sér-staklega tekið fram að það er alls ekki verið að túlka þetta á hina leiðina.

Tilfellið sem ég var að tala um hérna síðast þar sem að foreldri barns hefur getað útilokað það frá öllu eðlilegu fjölskyldulífi, þ.e.a.s. það er ekkert fjölskyldulíf ef foreldri einangrar barnið og heldur því frá öllu samfélaginu og öllum sínum ættingjum, góðum yfirleitt, þetta er að vísu sjaldgæft og þar af leiðandi er kannski, finnst mönnum ekki mikið, vera svona hálfgerður tittlingaskítur að vera að setja þetta þarna inn, en ég vil a.m.k. fara þess á leit í fyrsta lagi, við skulum bara geyma þetta. Ég myndi vilja hafa samband við umboðsmann barna og Unicef til þess að kanna nánar hvað þeir meina með því að þetta geti virkað öfugt og ég myndi þá fara fram á það að það yrði þá í greinargerð tiltekið í hverju þetta felst. En þrátt fyrir barnaverndarlög sem voru í gildi á þeim tíma sem ég þekki til að þetta gerðist, og ég veit að þetta eru fleiri en eitt tilfelli, að þá var hægt að komast framhjá því að láta barnið þekkja nokkurn annað en sitt eina foreldri.

Ég minni bara líka á það að þetta gæti kannski aðeins leitt okkur inn á það sem Andrés var að tala um hérna síðast. Það er bara réttur barna til þess að lifa eðlilegu fjölskyldulífi. Þetta mætti hugsanlega túlka þannig að þegar við erum komin í absúrd aðstæður þar sem að frami foreldranna, gríðarleg vinnusemi, sókn eftir lífsins gæðum svokölluðum sem eru veraldleg þá að mestu, bitnar svo á börnum að fjölskyldulíf þeirra er algjörlega óeðlilegt. Þannig að ég held að við ættum að huga að því hvort fjölskyldulífið þurfi ekki að vera einhvers staðar nefnt í stjórnarskránni. Það er nefnilega fjölskyldulíf eins og Andrés benti svo vel á síðast sem hefur liðið mest fyrir það sem olli hrúningu hér fyrir nokkrum árum. Takk.

AT

Þakka þér fyrir, Ómar. Gísli Tryggvason, gjörðu svo vel.

GT

Takk fyrir. Formaður, góðir ráðsmenn og ráðskonur og aðrir áheyrendur nær og fjær. Ég vil þakka nefndinni fyrir mjög góða vinnu og formanni fyrir greinargóða framsögu. Fyrst vil ég taka undir með tillögu Vilhjálms sem ég fjölyrði ekki um en ég skildi formann þannig að það ætti einmitt að endurskoða orðalagið sennilega að þessu leyti. Mig langar að nefna í sambandi við 11. gr., um refsheimildir. Ég hef áhyggjur af því að það sé of róttækt að taka út heimild til þess að refsa samkvæmt fullkominni lögjöfnun og hlakka til að sjá hvað sérfræðingar í refsirétti og stjórnskipunarrétti segja um það. Mig langar að nefna ábendingu eða tvær ábendingar sem ég hef fengið og á jafnvel von á erindum um það sem annað hvort á þarna heima eða í dómstólakafli. Í fyrsta lagi að kannski er þörf á því að kveða á um í stjórnarskrá að samfélagsþjónusta sem er hér eiginlega svokölluð fullnustuúrræði, að það séu dóm-arar sem dæma um það. Þannig er það víst á Norðurlöndunum og í öðrum ríkjum sem við berum okkur saman við en hér hefur yfirvöldum leyfst að breyta fangelsisrefsingu í samfélagsþjónustu sem er í ósam-ræmi við svona það sem talið er eðlileg verkaskipting milli dómssvalds og handhafa framkvæmdarvalds. Síðan langar mig að nefna í sambandi við, jah, kannski er það frekar í dómstólakafli, að huga beri að því að ákærvald sé nefnt og sjálfstæði þess eins og sjálfstæði dómssvalds í stjórnarskrá.

Að lokum varðandi 13. gr., ég held að það mætti gjarnan skýra það í þessum skýringum og væntanlegri greinargerð að bann við herskyldu felur í sér að það er heimilt að koma á fót sjálfboðaliðaher. Það hafa sumir áhyggjur af þessum fjarlægum möguleika og sjálfsagt að draga úr þeim áhyggjum með því að nefna það sérstaklega. Takk.

AT

Þakka þér fyrir, Gísli. Næstur er Pawel Bartoszek, gjörðu svo vel.

PB

Já, kærur vinir. Ég hef áður áréttað það að ég hef talsverðar efasemdir um endurskoðun þessa kafla. Það er óþarfi að eyða fleiri orðum um það.

Ég ætla að gera að umtalsefni mínu aðallega 2. gr. sem er jafnréttisákvæðið og þar hefur verið farin sú leið að endurskoða það töluvert. Og að mörgu leyti höfum við, núverandi grein byggir auðvitað á 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og hér er verið að gera talsverðar breytingar. Mig langar aðeins að fara í svona hvað mínar hugleiðingar hvað þetta varðar eru. Ég mundi helst velja þann kost að hafa þarna enga upptalningu, heldur einfaldlega segja að allir skulu jafnir fyrir lögum. Það eru auðvitað deildar meiningar um þetta í ráðinu, en það er samt minn skilningur á ákvæðinu er sá að í rauninni skiptir ekki máli hvort þar á eftir komi eitt orð eða öll lýsingar- og nafnorð í íslenskri tungu. Grundvallarreglan er samt sú að allir skuli vera jafnir fyrir lögum, en á þessu eru þó heimilur ákveðnar undantekningar, að löggjafinn í löndum hafa tekið sér það ef það er einhver málefnaleg ástæða fyrir því að beita einhvers konar mismunun. Þannig að ég mundi reyndar vilja stíga varlega til jarðar en þó ef menn mundu fallast á að gera þær lágmarksbreytingar sem stjórnlaganefndin leggur til, sem er að bæta við orðunum kynhneigð og fötlun sem er mjög í takt við svona stefnu þjóðfundar og almenna stemningu í þjóðfélaginu, þá er það í sjálfu sér sjálfsagt. Sísti kosturinn finnst mér það að fara í það að breyta þessum lista á 15 ára fresti í takt við ríkjandi viðhorf í samfélaginu. Ég held að það gæti verið hættulegt ef það gerum það síðan 15 árum síðar og 15 árum síðar, alltaf í takt við það sem fólki finnst hverju sinni. Þá er nú kannski orðið svolítið svona minni biti í þessu.

Ef við hugsum líka, berum þetta saman við mannréttindasáttmála Evrópu og tökum eftir hvaða hluti vantar, þá er það dálítið merkilegur tónn sem þar er sleginn. Það eru fjórir hlutir sem vantar í þessu eftir einhverjum nú samanborið við mannréttindasáttmála Evrópu og þeir eru kynþáttur, tungumál, þjóðernisuppruni – það kemur reyndar uppruni í staðinn, en þjóðernisuppruni – og tengsl við þjóðernisminnihluta. Tökum eftir að þetta eru allt hlutir sem með einhverju móti snúa að, hvað skal segja, útlendingum, einhverju sem er í útlöndum. Í staðinn þá setjum við inn búsetu og stjórnáttatengsl sem eru svona miklu meiri dægur-málahlutir hér á landi heldur en eitthvað sem hefði þótt ástæða til að setja í aðra mannréttindasáttmála. Þannig að ég hef dálítið áhyggjur af að við séum að búa til svona kannski einhvers konar íslensk mannréttindi, við séum ekki nógu mikið að fylgjast með þessum hlutum sem taldir skipta máli og ég hef auðvitað áhyggjur af því eins og staðan er í samfélaginu núna að

eftir að við höfum tekið okkur tíma við að vera reið við Íslendinga sem settu okkur á hausinn, þá förum við að vera reið við þá útlendinga sem hér eru ennþá. Þannig að ég hef áhyggjur af þessu, af að það sé verið að sem sagt ekki taka tillit til hluta sem er tekið tillit til í alþjóðamannréttindasáttmálanum en þess í stað settir inn hlutir sem eru íslenskar dægurflugur.

Nú, varðandi nokkur þau atriði sem bætt hefur verið við. Þarna eru hlutir eins og aldur og búseta. Og eins og ég áréttaði áðan þá er það minn skilningur að sama hvaða orð við setjum þarna inn, þá er það samt grundvallarregla að það megi ekki mismuna fólki á grundvelli aldurs og megi ekki mismuna fólki á grundvelli búsetu nema, eins og reyndin er, ef það eru mjög góð og málefnaleg sjónarmið fyrir öðru. Og þannig er það með þessi tvö atriði að löggjafinn hefur mjög víða talið vera málefnaleg sjónarmið fyrir því að mismuna fólki gegn aldri. Þannig að ég hef dálitlar þá áhyggjur af að með því að setja þetta orð þarna inn sem í grunninn ég held að breyti í raun ekki voðalega miklu erum við samt að skapa væntingar um það að það geri það t.d. Við erum t.d. að skapa væntingar um það að verði ekki lengur hægt að segja við 90 ára fólk að það megi ekki kaupa áfengi. Við erum að skapa væntingar um einhver lög varðandi eftirlaunaaldur. Það er hægt að ímynda sér mjög margar leiðir fyrir fólk til þess að mistúlka þessar breytingar og ég held að það væri kannski betra ef við mundum frekar sem ráð að útskýra meginþælingu bak við jafnréttisákvæðið sem er það að allir skuli jafnir fyrir lögum og þessi listi sé einungis til áréttingar frekar en það að setja orð inn og út og gefa þá kannski frekari byr undir þá skýringu að þessir hópar sem eru þarna inni séu varðir en engir aðrir.

En eins og ég segi, hlutir eins og kynhneigð t.d., það er algjörlega ljóst að það sé ekki hægt, ég get ekki ímyndað mér neinn stað þar sem með málefnalegum hætti er hægt að mismuna fólki á grundvelli kynhneigðar. Á hinn bóginn eru mjög margir staðir í lagasafninu nú í dag þar sem fólki er mismunað á grundvelli lögheimilis og er mismunað á grundvelli aldurs. Þannig að ég mundi slá varhuga við að setja svoleiðis hluti inn út af því að það gæti skapað einhverjar væntingar.

Nú, og varðandi stjórnmalatengsl þá verð ég eiginlega bara að spyrja þá sem lögðu þetta til: Hvað eiga þeir við? Mér finnst orðalagið hér, sem er í skýringum til að bregðast við stöðu í þjóðfélaginu, eiginlega vera þess eðlis að maður verður að fá nánari skýringar á því.

Nú, að lokum varðandi tungumál þá fyndist mér ágætt að koma því aðeins að hvað sé, minn skilningur í það að þetta sé tekið til í upptalningu mannréttindasáttmála Evrópu, þar er ekki átt við það að, þetta er náttúrlega eins og allt annað, það er auðvitað hægt að gera málefnalega mismunun, t.d. ef maður sækir um vinnu sem fréttamaður hjá Ríkisútvarpinu að hann þurfi að kunna íslensku. Ég lít á þetta sem þetta sé, það er verið að áréttu bann við mismunun á grundvelli móðurmáls t.d., að það sé ekki hægt að þjóða ókeypis móðurmálskenndu fyrir einn hluta innflytjenda en ekki einhvern annan, að það sé ekki hægt að krefjast t.d. við ráðningu í opinber störf að menn hafi eithvert tungumál að móðurmáli, vegna þess að því fær enginn ráðið, en það er hins vegar hægt að krefjast þess að menn sýni ákveðna þekkingu á ákveðnu tungumáli.

Þannig að ég mundi vilja að ef við á annað borð erum að fara í það mjög ítarlega upptalningu þá mundi ég nú vilja að menn kannski skoðuðu þennan hluta líka, sérstaklega með hliðsjón af því að Íslendingar hafa t.d. ekki fullgilt alþjóðasáttmála um réttindi svæðisbundinna tungumála og minnihlutahópa. Og bara til þess að setja eitthvað í ákveðið samhengi þá er stærsti minnihlutahópur í landi sem ég kem upphaflega frá, sem er þýski minnihlutinn, hann telur 174.000 sem er 0,4% af mannfjölda. Þar eru samt bæir þar sem götunöfn eru á tveimur tungumálum, á pólsku og þýsku. Stærsti minnihlutinn á Íslandi telur 10.000 íbúa sem eru 4% af heildarmannfjölda. Þannig að það er svolítið svona eins og menn þurfi kannski aðeins að átta sig á því að samfélagið okkar er kannski ekkert jafn einsleitt og maður mundi nú vilja – hahha, eins og margir kannski virðast alla vega halda.

En ég hef engu við þetta að bæta að sinni, takk fyrir.

AT

Þakka þér fyrir, Pawel. Illugi Jökulsson, gjörðu svo vel. Velkominn í pontu.

IJ

Þakka þér fyrir. Já, ágætu félagar, mig langar að vekja sérstaka athygli á tveimur atriðum í þeirri grein sem geymir hina svokölluðu jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar þar sem er að finna upptalninguna á þeim atriðum sem sérstaklega er tekið fram að ekki megi verða tilefni mismununar. Svona persónulega þá má ég kannski láta þess getið að ég var reyndar mjög eindregið einn þeirra sem vildu sleppa allri slíkri upptalningu, heldur [svo] láta nægja að segja að allir eru jafnir fyrir lögum. Punktur. Ég vildi m.a.s. helst geta sleppt því að taka fram að konur og karlar skyldu vera jöfn. En um þetta fóru fram mjög ítarlegar umræður í A-nefndinni og það sjónarmið varð ofan á, sem er líka fylgt í flestöllum stjórnarskrám heims, held ég, og í alþjóðasáttmálum, að því miður væri ennþá þörf á að tilgreina atriði af þessu tagi, lengra værum við einfaldlega ekki komin. Og mér er því ljúft og skylt að bakka með mitt persónulega álit og styð niðurstöðu minnar nefndar af heilu hjarta.

Og þá langar mig sem sagt að vekja athygli á því annars vegar að við höfum tekið kynþáttinn út úr upptalningunni því að mér finnst það dálítið merkilegt. Fólk af minni kynslóð og þaðan af eldra lærði í skóla að kynþættir mannsins væru þrír, hvítir menn, svartir og gulir, og svo væru fáeinir undirdeildir, indjánar, eskimóar, ástralíunegrar sem svo hétu svo skemmtilega, og svo var hægt að greina þetta ennþá nákvæmara niður í germani, gyðinga, araba o.s.frv. o.s.frv. Tilvist þessara meintu kynþátta var talin vísindaleg staðreynd og menn fóru að byggja á þessu alls konar rakalaust rugl og þvælu, og þegar verst lét þá reistu menn þá kynþáttahugmynd um ægilega fordóma og frömdu viðurstygglega glæpi. En sem betur fer hefur nú verið afsannað vísindalega að kynþættirnir séu yfirleitt til, þeir eru tilbúningur og þjóðsaga og mismunun á útliti manna og menningu stafar ekki af misjöfnum kynþáttum þeirra.

Þjóðsagan um kynþættina er hins vegar svo lífseig að orðið kynþáttur heldur enn velli í fjölmörgum stjórnarskrám og alþjóðasáttmálum sem eru jafnvel að öðru leyti til mestu fyrirmyndar og það er mér því sérstakt

gleðiefni að geta lagt mitt af mörkum til að þessu orði sé útrýmt úr íslensku stjórnarskránni. Við eigum að vísa því út í ystu myrkur, enda lýsir það fyrirbæri sem aldrei hefur verið til. Og ég held að brotthvarf þess muni á engan hátt halla á hlutskipti útlandinga á Íslandi.

Hitt atriðið sem mig langar að vekja athygli á snýst eiginlega um þveröfugt mál. Það er ekki ímyndað atriði sem hefur samt þvælst inn í stjórnarskrána eins og kynþátturinn, heldur er það raunverulegt atriði og mjög fyrirferðarmikið í okkar samfélagi sem samt hefur aldrei verið minnst á í okkar stjórnarskrá, en það eru stjórnsmátengslin. Við leggjum til að það verði sett í stjórnarskrá að bannað sé að mismuna mönnum á grundvelli stjórnsmátengsla. Þetta er að sumu leyti mjög róttæk tillaga því að við höfum satt að segja hvergi fundið nákvæmlega þetta orðalag í erlendum stjórnarskrám í nákvæmlega þessu sambandi. Stjórnsmátengsl eru hér þýðing á enska hugtakinu political affiliation og þótt það sé allvíða lagt bann við að mismuna fólki á grundvelli stjórnsmálaskoðana, eða political opinions, þá er það auðvitað ekki nákvæmlega það sama. En af hverju viljum við þá hafa þetta svona?

Jú, það er mjög einfalt. Þegar við lítum yfir sögu Íslands síðustu áratugina og jafnvel lengur og líka allt fram á þennan dag þá blasti hvarvetna við okkur sami vandinn; spilling og klíkuskapur á grundvelli stjórnsmátengsla. Það er auðvelt að sýna fram á að fátt eða ekkert hefur valdið íslensku samfélagi meiri skaða en þau vinnubrögð sem stjórnsmálamenn okkar hafa stundað í krafti sinna stjórnsmátengsla. Lesið rannsóknarskýrslu Alþingis, lesið bækur um íslenska sögu síðustu öldina, lesið blöðin frá því í morgun. Alls staðar má sjá spor stjórnsmátengslanna, klíkuskaparins, spillingarinnar. Þetta hafa allir stjórnsmálaflokkar á Íslandi stundað, þeir sem yfirleitt hafa komist að kjötkötlunum því að þetta hafa verið talin eðlileg vinnubrögð. Það hefur verið talið eðlilegt herfang þeirra sem vinna kosningar að makka með embætti, sporslur o.þ.h. fyrir sína pólitísku samherja og vini.

Það var sagt hér fyrir viku og endurtekið áðan: Við eigum ekki að skrifa stjórnarskrá í reiði. Það er alveg rétt, enda er ég ekkert reiður út af þessu. Ekki lengur. En ég neita að taka þátt í því að skrifa nýja stjórnarskrá fyrir Ísland þar sem ekki má bregðast við þeim helstu göllum sem þjakað hafa samfélag okkar svo lengi. Það gladdi mig mjög í gær þegar formaður okkar, Salvör Nordal, tók til máls á fundi þar sem önnur nefnd var að ræða önnur mál. Þetta var lokaður fundur en ég vona að mér leyfist að vitna til orða hennar enda var um að ræða almenna athugasemd og mjög viturlega. En hún sagði sem sagt eitthvað á þessa leið: Einbeitum okkur að því að finna hvað hefur verið að, hvar hefur stjórnarskráin okkar verið broguð, hverju hefur hún ekki tekið á og lögum það.

Og þetta er einmitt það sem við í A-nefndinni erum að gera með því að banna mismunun vegna stjórnsmátengsla. Þarna er vitaskuld átt við bæði jákvæða og neikvæða mismunun ef svo má segja, þ.e.a.s. það er sem sagt bannað að hygla þeim sem hafa tengsl við ráðandi stjórnsmálaöfl en það er líka bannað að láta menn gjalda þess ef þeir hafa slík tengsl ekki. Það kynni að hvarfla að sumum að hér væri nóg að tala um stjórnsmálaskoðanir, eins og gert er í mörgum öðrum stjórnarskrám, en ekki brydda upp á nýmælinu

stjórnsmátengslum, það sé óþarfi að koma með eitthvað nýtt, það sé varasamt. Eigum við ekki bara að hafa þetta eins og annars staðar, eins og þetta hefur alltaf verið? En orðin stjórnsmálaskoðanir og stjórnsmátengsl þýða náttúrlega ekki það sama, menn geta fengið margvíslega mjög óeðlilega fyrirgreiðslu hjá pólitískum ráðamönnum út á alls konar klíkuskap án þess að það þurfi endilega að snerta beinar pólitískar skoðanir manna og því viljum við hafa orðið svona. Og við lítum svo á að við sem hér erum komin verðum að hafa hugrekki til að taka á því sem að er og laga það, eins og formaður vor sagði. Við viljum að þetta orð standi þarna í stjórnarskránni, stjórnsmálamönnum framtíðarinnar til áminningar um að við viljum ekki meira af klíkuskap og spillingu og við höfum hugrekki til að fara nýjar slóðir til að hreinsa til í samfélaginu. Og við viljum að þegar menn fara næst að endurskoða stjórnarskrána eftir 30, 40 eða 50 ár, þá rekist menn á þetta orð stjórnsmátengsl og segi sem svo: Æ, já, það var nú víst því miður rík ástæða fyrir því að það þurfti að taka þetta fram á sínum tíma. Það hafði verið illilega pottur brotinn á þessu sviði.

En Stjórnlagaráðið 2011 og þjóðin að baki þess [svo], þau höfðu hugrekki til að greina vandann og til að benda á leiðir til að leysa hann. Það hafði hugrekki, þetta held ég að sé lykilsetningin í sambandi við stjórnsmátengslin, við verðum að hafa hugrekki til að ráðast gegn þeim og uppræta þau. Takk.

AT

Þakka þér fyrir, Illugi. Þá er Katrín Oddsdóttir næst, gjörðu svo vel.

KO

Já, kærur vinir og gestir og þeir sem eru heima. Takk fyrir að fylgjast með vinnunni okkar og takk, Illugi, fyrir frábært innlegg. Það svaraði mörgu því sem mig langaði til að svara sem var svona kannski bara að bregðast við því sem fram hafði komið eftir að Silja Bára flutti sitt erindi. Í fyrsta lagi þá er ég mjög sam-mála þessari breytingartillögu sem hann Vilhjálmur kom með, ég held að það sé gott að við séum ekki að tala um rétt til lífs af því að það er bara, það eru ákveðin mál sem þarna vakna sem eru ekki útkljáð hjá þjóðinni og þar af leiðandi ættum við ekki að taka kannski þetta skref nema að vandlega hugsuðu máli a.m.k. Þannig að ég held að við ættum að taka tillit til þessa breytingartillögu. Næsti punktur sem ég er með er kannski svolítið viðbrögð við því sem Pawel kom inn á. Og mig langaði til að segja eftirfarandi og það er það að í sambandi við þessa upptalningu, eins og Illugi útskýrði nú vel í sínu máli, þá er þetta nú þannig að hvort sem fólki líkar betur eða verr þá eru lög alltaf samin á þeim tíma sem þau eru samin og taka mið af því. Þess vegna er náttúrlega augljóst af hverju þessir ákveðnu áhersluflokkar sem eru taldir upp í 14. gr. mannréttindasáttmálans eru þeir sem þeir eru. Þetta er samið beint í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar. Þess vegna er þetta sérstaklega tekið fram, af því að þetta var sérstakt vandamál. Þess vegna með sömu rökum er einmitt sjálfsagt mál að taka nú út kynþátt og setja inn stjórnsmátengsl af því að við erum að bregðast við okkar vandamálum. Við vorum svo heppin að hér var enginn drepinn eða myrtur, svo við vitum, út af þessari bankakreppu. Þetta eru peningaleg vandamál

fyrst og fremst en við verðum engu að síður að bregðast við því því að við værum ekki hér í dag ef þetta allt hefði ekki átt sér stað, hvort sem stjórnarskránni var um að kenna eða ekki.

Þannig að mig langar til að segja að ég hef ekki áhyggjur af því að við séum að færa okkur í átt að íslenskum mannréttindum sérstaklega vegna þess að við tökum orðið uppruni og skilgreinum það rækilega í greinargerð. Það þýðir allt þetta sem þarna er talað um, kynþáttur sem eins og Illugi segir er bara löngu úrelt orð, tengsl við þjóðernisminnihluta og þjóðerni þannig að það er ekkert sem út af stendur nema jú, vissulega, tunga. Og það mál þarf að ræða og ég er alveg sammála því að þetta má ekki verða einhver tendens til þess að mismuna fólki á grundvelli móðurmáls. Alls ekki. En við erum bara ekki komin svo langt að vera farin að fjalla um þetta íslensk tunga, tillöguna sem kom frá Stjórnlagaráði, og við þurfum að leggjast vel yfir þetta. En það er ekki spurning að þetta er í raun og veru alltaf barn síns tíma, stjórnarskrá sem samin er hverju sinni, annars getum við bara sleppt því að reyna að gera þetta. Við erum að reyna að bregðast við því, öllum þessum vandamálum sem upp eru komin núna. Og bara til þess að áréttta, þá skiptir ekki bara máli hvað stendur þarna í 14. gr., ég meina, Mannréttindadómstóllinn hefur túlkað fötluð og kynhneigð sem falli þarna undir þótt það standi ekki þannig að það eru ekki endilega rökin hvað þarna stendur, að við ættum endilega að apa beint upp eftir, alls ekki.

Ég bendi á að stjórnlaganefnd tekur upp fötlun og kynhneigð sérstaklega, þótt það sé ekki þarna nefnt, af því að það er þörf á því. Og af því að þú sagðir, Pawel, að þú sæir ekki fyrir þér neitt tilfelli þar sem einhverjum yrði mismunað á grundvelli kynhneigðar, þá get ég nú bara bent þér á það að t.d. mega hommar ekki gefa blóð á Íslandi þannig að þetta er ekkert alveg svona einfalt að það sé bara, ókei, þetta gerist og þetta gerist ekki, og heimurinn sé svartur og hvítur. Við reynum okkar besta bara núna að bregðast við þessum alvarlegu vandamálum sem við vitum að eru uppi og við reynum að gæta meðalhófs þannig að við förum ekki að telja upp sem okkur dettur í hug, en við víkjumst sannanlega ekki undan að taka á þeim málum sem við vitum að eru vandamál í þjóðfélaginu. Og þess vegna er þessi upptalning eins og hún er og þess vegna ætla ég a.m.k. að styðja þetta eins og þetta er núna og er algjörlega tilbúin að taka inn einhverjar breytingar ef einhver kemur með betri tillögur eða eitthvað, en ég held að þetta útskýri svolítið af hverju þessi orð eru inni og af hverju ekki. Takk.

AT

Þakka þér fyrir, Katrín. Lýður Árnason, gjörðu svo vel.

LÁ

Já, ég ætla, kæra ráðsfolk, nú að fagna því hve margir eru mættir hér í salnum. Gaman að sjá það. Ég ætla nú eiginlega bara að áréttta það sem Vilhjálmur var að segja þarna varðandi þessa 1. gr., ég er mjög sammála því að það gæti orkað tvímælis að hafa hana eins og hún er og er mjög fylgjandi þessari breytingartillögu, að öllum skal tryggður réttur til að lifa. Ég vona það að Vilhjálmur sendi þetta í snarhasti til nefndarinnar til athugunar. Svo var ég að þæla í einu hérna, herskyldu-ákvæðið. Við erum náttúrlega ekki með her og það

er svo sem ekki kannski líklegt að við munum stofna her, en ef á okkur skyldi verða ráðist einhvern tímann í framtíðinni þá gæti þetta hugsanlega verið okkur til trafala, að banna herskyldu í stjórnarskrá. Ég ætla svona að varpa þessu fram nefndinni til athugunar. Takk fyrir.

AT

Þakka þér, Lýður. Þá er næstu á mælendaskrá Örn Bárður Jónsson. Gjörðu svo vel, Örn.

ÖBJ

Já, góð systkin nær og fjær, ég ávarpa ykkur svona því að við erum eitt mannkyn og við erum öll bræður og systur. Ég vildi bara segja, það er nú komið ýmislegt fram af því sem ég ætlaði að segja, en þakka viðbrögð við því sem fram var lagt og virði það en mig langar að segja varðandi stjórnarskrá almennt talað að þá hlýtur hún alltaf að vera, hafa á sér einar tvær hliðar. Annars vegar er hún draumsýn, hún er hugmyndafræði, hún er framtíðarsýn, þar af leiðandi er hún vonarplagg og hún er í vissum skilningi trúarplagg því að það er eitthvað sem við vonum að verði og treystum á en á sama tíma er hún líka barn síns tíma. Þannig að hún verður alltaf þetta hvort tveggja, annars vegar draumsýnin og hins vegar veruleikinn, og þess vegna tiltökum við ákveðna þætti sem okkur finnst að þurfi að laga, eins og vitnað var hér ágætlega í hjá honum Illuga, í orð Salvarar. Þetta er, hún verður að hafa þessar tvær hliðar. Ef hún er bara draumsýn þá tengist hún svo lítið veruleikanum en með því að hafa þessa jarðtengingu þá erum við að minna á hvar við erum stödd. Og eftir einhver ár þá breytist hún og þá verður furðulegt að sjá einhver hugtök sem þá þykja fáránleg en eru það ekki fyrir okkur í dag. Takk fyrir.

AT

Þakka þér fyrir, Örn Bárður. Þá er Freyja Haraldsdóttir næst. Gjörðu svo vel, Freyja.

FH

Já, það er tvennt sem mig langar að bregðast við, það er annars vegar – afsakið, kæru vinir, ég gleymdi að ávarpa ykkur, ég bara eitthvað kann mig ekki hérna. Ég vil byrja á því að þakka fyrir líka allar ábendingarnar sem eru búnar að koma bæði héðan úr ráðinu og líka bara frá samfélaginu okkar öllu. En það er tvennt sem mig langar til að bregðast við sérstaklega og það er sem sagt það sem Ómar var að fjalla um varðandi fjölskylduna, hvað – Ég tek að mörgu leyti undir með þér, Ómar, og hefði sjálf kosið að sjá t.d. fjölskyldulíf, af því að fjölskyldulíf fyrir mér er ekki bara eitthvað eitt, fjölskyldulíf getur verið, fjölskylda getur verið alls konar og fjölskyldulíf er ekki það að láta berja sig heima hjá sér. Það er náttúrlega bara eitthvað allt annað en fjölskyldulíf. En ég skil og virði afstöðu umboðsmanns barna og Unicef, en ég er alveg tilbúin að kannski fá að heyra meira frá þeim, það mundi kannski hvetja okkur til að fá þau til að ræða þetta sérstaklega af því að það eru alltaf tvær hliðar á einu máli, að sjálfsögðu þarf að vernda það að börn sitji ekki föst í fjölskyldum þar sem þau eru beitt ofbeldi eða þau vanrækt. En svo eru líka börn sem hafa ekki aðgang eins og önnur börn að fjölskyldu sinni og hafa jafnvel ekki möguleika til að alast upp með sínum fjölskyldum og stjórnvöld hafa

tilhneigingu til þess að taka stofnanaúrræði fram fyrir það að veita börnum sem þurfa aðstoð aðstoð inn á sitt heimili þar sem mamma og pabbi eru eða mömmur eða pabbar og svo systkini, eða ekki systkini.

Og svo langar mig til þess að, þetta er sniðugt eins og þetta er komið núna og svo skoðum við þetta bara áfram.

Svo langar mig aðeins að bregðast við eina ferðina enn, ég er orðin svo þreytt á að tala um þetta að ég ætla ekki að segja ykkur það, þessa jafnræðisreglu. En mig langar til að á rétta erindi sem ég hélt herna fyrir viku, að það er mín afstaða að við höfum ekki hæfni sem samfélag til þess að halda að allir séu, þú veist, það er bara að mínu mati raunveruleikafirring að halda það að allir séu allir, og að sjálfsögðu tek ég undir með Pawel, að við þurfum að gera í því, það er mjög alvarlegt og við þurfum að vinna að því mjög markvisst að allir verði allir. Það get ég alveg tekið undir.

Svo langar mig líka aðeins að bregðast við þessari reiði, þetta með að við megum ekki setja eitthvað fram í reiði. Ég hef það nú á tilfinningunni að mannréttindi eigi sér rætur í reiðinni. Og reiði, hún getur verið mjög vond, hún getur verið þannig að við nýtum hana til mjög slæmra verka og við gerum eitthvað ljótt og við beitum kannski ofbeldi. Það er ekki neitt sem við viljum hafa. En reiði er líka staðfesting á því að við höfum sjálfsvirðingu. Og það er ofboðslega mikilvægt, ég verð alltaf jafn þakklát að þegar á mér er brotið fyrir það eitt að vera fötluð kona að þá verð ég brjálæðislega reið. Og það að ég verði brjálæðislega reið gerir það að verkum að ég bregst við, ég mótmæli og ég breyti viðmótinu sem ég fæ eða breyti einhverju í umhverfinu til þess að það komi sem sjaldnast fyrir aftur. Þannig að reiði getur leitt það af sér að við verðum fókuseruð og við verðum metnaðarfull fyrir því að breyta því sem misbýður okkur. Mér finnst í rauninni, Illugi benti mér réttilega á að þarna er líka bara um að ræða hugrekki og nú þurfum við bara að hafa hugrekki til að nota reiðina á jákvæðan hátt og breyta því sem þarf að breyta. Takk.

AT

Þakka þér fyrir, Freyja. Þá talar Gísli Tryggvason öðru sinni. Gjörðu svo vel, Gísli.

GT

Formaður, góðir félagar. Mig langar að segja að ég er mjög ánægður með þetta plagg en tek undir ábendingu Pawels um að kannski mætti íhuga það í nefnd að tunga komi inn í þetta, eins og hann reyndar benti líka á, á síðasta ráðsfundi held ég. Síðan langar mig að fagna því að stjórnáættingin er komin þarna inn. Það er gott orð og góð ástæða til þess og góð rök eins og Illugi rakti mjög vel. En síðan langar mig að varpa fram þeirri spurningu hvað ómálefnaleg sjónarmið séu. Svarið við því er að finna í stjórnsýslulögum og stjórnskipunarlægum, þ.e.a.s. í 65. gr. stjórnarskrárinnar. Ómálefnaleg sjónarmið eru vandskýrt hugtak nema svona upptalning sé fyrir hendi þannig að ég er að reyna með þessu að benda á að það er þörf á því, ekki bara þeirri ábendingu Freyju að allir eru ekki allir ennþá, því miður, heldur það þarf að skilgreina einhvers staðar, helst í stjórnulögum, hvað eru alltaf ómálefnaleg sjónarmið. Og það eru þessi sem við erum að telja upp, það má ekki mismuna á grundvelli þessara

atriða, eins og fötlunar og kynferðis o.s.frv., þegar um er að ræða lögvarin réttindi eða mannréttindi. Í því sambandi vil ég nefna að ég er ekki viss um að dæmið sem Katrín Oddsdóttir tók um blóðgjöf, að það þurfi að breyta framkvæmd þess vegna þess að það er nú kannski ekki lögvarinn réttur eða mannréttindi að gefa blóð. Takk.

AT

Þakka þér fyrir, Gísli. Þá talar Ómar Ragnarsson öðru sinni. Gjörðu svo vel, Ómar.

ÓR

Já, þakka þér fyrir. Gott fólk, það er alveg ágætt að huga að því sem Pawel var að segja hvað það varðar, að það er ekki bara að við þurfum að bregðast við aðstæðum eins og þær eru núna, heldur þurfum við kannski líka að horfa þínulítið fram í tímann og sjá hvort það er eitthvað sem getur orðið hér svipað og er í þeim löndum sem eru með ákvæði í sinni stjórnarskrá sem við erum ekki ennþá komin með inn. Við þurfum að horfa bæði fram á við, líka að taka á því sem við þurfum að laga núna og líka að horfa til baka að vissu leyti. Og það er það sem ég vil endilega koma að í sambandi við frábæra tölu Illuga Jökulssonar sem ég tek undir heils hugar og nú ætla ég að vitna bráðum í nóbelskáladið sjálft. Við sjáum þegar við lesum Íslandssöguna, og þessi saga sem við lærðum í skóla, þetta var alveg frá tímum Hafliða og Þorgils, það eru fyrstu nöfnin sem við heyrum, og síðan er þetta stanslaust í gegnum alla Íslandssöguna, alveg fram á okkar daga, að mesta böll þessarar þjóðar er einmitt þetta, það eru stjórnáættingar, það eru flokkadrættir, það er valdabaráttan. Það er þessi lenska á Íslandi að spyrja aldrei hvað þú segir heldur hver ertu, fyrst. Og þegar þú ert búinn að fá að vita hver það er sem segir þetta þá bara dæmirðu málflutninginn eftir því. En ég er að tala um nóbelskáladið, enginn lýsti þessu kannski betur en hann í frægum sjónvarpsþætti þar sem hann sagði, og svo ég reyni nú bara að varpa því fram til ykkar hvernig hann gerði þetta, honum blöskróði þessi umræða sem var í þættinum og þetta er eina skiptið sem maður aldarinnar, nóbelskáladið, tók á sig rögg og fór á kostum. Og hann kom einmitt inn á þetta vandamál með því að segja: „Íslenska þjóðin hefur þolað hungur, hallæri, eldgos, drepsóttir um aldir en ekkert af þessu hefur jafnast á við það sem dynur yfir þessa þjóð enn þann dag í dag og er framar öllu þessu sem ég taldi upp, og það er þetta steingelda þras, endalaus þras sem er að drepa þessa þjóð. Og það sem er verst við það er það að það er af mannavöldum. Eldgosin, drepsóttirnar og hallærin voru ekki af mannavöldum, og ég spyr, elsku fólk: Er til of mikils mælst að það sé hægt að lyfta þessu bara á örlítið hærra plan, bara örlítið hærra plan?“ Þetta eru fleyg ummæli og hann sagði að lokum: „Á þetta engan endi að taka? Hvað er hægt að leggja á þessa þjóð?“ Og ég spyr þá og fylgi því sem Illugi sagði eftir: Á þetta engan endi að taka? Jú, við skulum leggja fram okkar lóð á vogarskálarnar með einu orði, stjórnáættingar, og þá erum við kannski að leggja okkar lóð á vogarskálarnar með það að þetta taki einhvern tímann enda. Það er kominn tími til.

AT
Þakka þér fyrir, Ómar. Pétur Gunnlaugsson, gjörðu svo vel.

PG
Formaður, ágætu félagar. Ég vil byrja á að þakka nefnd A fyrir þessar tillögur sem liggja hérna fyrir og ég vil sérstaklega fagna þessu ákvæði, 1. gr. tillagnanna: „Öllum skal tryggður réttur til lífs og til að lifa með mannlegri reisu í réttlátu samfélagi.“ Nú, þetta er svipað ákvæði og er í mannréttindasáttmála Evrópuráðsins. Sá sáttmáli hefur verið lögfestur á Íslandi og er hluti af landsrétti og ég held að það sé rétt að hafa samræmi á milli stjórnarskrárinnar og þessa ákvæðis sem er í þessum sáttmála. En þetta skiptir máli. Það minntist einhver hér áðan á líknardrápið, eða euthanasia eins og það heitir á alþjóðlegu máli. Það gilda engin lög um líknardráp á Íslandi, það hefur ekki farið fram nein umræða um líknardráp á Íslandi. Hins vegar skiptir svona ákvæði talsvert miklu máli því að það kann vel að vera að það verði samþykkt lög um líknardráp á Íslandi í framtíðinni og þá þarf að tryggja rétt þess, sérstaklega eldri borgara sem dvelja hér á stofnunum og vilja lifa en kannski eru aðstandendur og aðrir á öðru máli og þess vegna þarf að tryggja rétt þess einstaklings, að hann geti með vísan í þetta ákvæði, að það sé tryggður réttur hans til lífs, þótt aðrir telji að líf hans sé ekki mikils virði eins og það er. Þess vegna legg ég ríka áherslu á það að við höldum þessu inni. Nú, það er þannig að það er ólík löggjöf meðal aðildarríkja Evrópuráðsins, bæði um fóstureyðingar og líknardráp, en það hefur ekki leitt til þess að – þeir hafa verið að gagnrýna sérstaklega þetta ákvæði í mannréttindasáttmálanum. Við eigum að halda þessu ákvæði. Það er rétt að í mörgum tilfellum mun það ekki tryggja lífsrétt margra en þetta er þó alla vega varnagli, þetta er möguleiki, þetta er réttur þeirra sem eru bágstaddir, geta ekki varið hagsmuni sína á svo mörgum sviðum og lífsrétturinn á að vera réttur sem við berum virðingu fyrir. Takk.

AT
Þakka þér fyrir, Pétur. Dögg Harðardóttir, gjörðu svo vel.

DH
Formaður og ágætu ráðsfélagar. Ég vil þakka honum Pétri fyrir þetta ágæta innlegg, þetta er mjög athyglisverður punktur vegna þess að það kann að vera að á allra næstu árum og með þeirri þróun sem hefur átt sér stað í aldri þjóðarinnar, hversu þjóðin okkar er að verða gömul og hversu það er að fjölga í elstu aldursþópunum að þá er þetta eitthvað sem kann að koma til umræðu innan heilbrigðisþjónustunnar á næstu árum, það er rétturinn til lífs. Og ég vil bara benda á að fólk sem vill fá að lifa, ef líf þess er styttað þá er það auðvitað morð þannig að mér fannst þetta mjög athyglisverður punktur hjá honum Pétri, ég var sammála Vilhjálmí fyrst þegar ég heyrði hans rök en þetta er nú kosturinn við rökræðurnar, að maður getur farið í marga hringi og það eru margar hliðar á öllum þessum málum. Og þannig er það líka með það sem hún Katrín nefndi varðandi reglur Blóðbankans og samkynhneigða. Reglur Blóðbankans byggjast á rannsóknum og þó svo að rannsóknir séu kannski ekki glænýjar þá

rýrir það ekki gildi þeirra nema það komi eitthvað nýtt fram sem hnekkir þeim. Og ég held að þessi regla þar sé ekki sett af fordómum, og ég veit að hún er ekki sett af fordómum gagnvart samkynhneigðum, ekki frekar en fólk á hjartalafjum má ekki gefa blóð og það er ekki af fordómum fyrir hjartasjúklingum, heldur er það nú þannig að þeir sem þiggja blóðgjöfina verða að geta treyst því að fyllsta öryggis sé gætt. Og við verðum bara að treysta vísindunum í þessu efni, við höfum ekkert annað. En mig langar líka aðeins að bregðast við því sem Lýður sagði varðandi herskylduna og bara segja frá því að þessi umræða kom upp í nefndinni, hvort við værum að binda hendur okkar ef það kæmi til ófriðar og við myndum vilja geta kallað til her, að þá er aftur hitt sjónarmiðið, við erum 300 þúsund, við skulum ekki gleyma því, og sá her yrði aldrei fjölmennur, enda hefur það viðhorf líka áður komið fram að ef það kemur til ófriðar þá er nú ekki víst að það yrði erfitt endilega að fá fólk til þess að berjast fyrir land og þjóð. En alla vega þá er ég hlynnt því að hafa þetta bann við fortakslausri herskyldu inni, eða fortakslaut bann. Nú, eitt í viðbót varðandi stjórnmalatengslin. Ég vil þakka honum Illuga fyrir frábæra ræðu, hann nefndi að það mætti ekki mismuna fólki vegna stjórnmalatengslanna, þ.e.a.s. það mætti ekki láta fólk gjalda fyrir þau og það mætti ekki láta fólk gjalda fyrir að hafa þau ekki. En við þetta vil ég líka bæta að þetta felur í sér að fólk á ekki að njóta forréttinda vegna stjórnmalatengsla og það er náttúrlega hluti af mismunun líka. Takk.

AT
Þakka þér fyrir, Dögg. Þá talar Þórhildur Þorleifsdóttir, gjörðu svo vel.

ÞÞ
Já, ágætu ráðsmenn og konur og aðrir áheyrendur og -horfendur. Ég náttúrlega eins og sjálfsagt er þakka ágæta framsögu formanns og góða kynningu á þessari tillögu. Ég ætla svo sem ekki að fjölyrða um margt. Mig langar aðeins að nota tækifærið og þakka Illuga fyrir frábært innlegg og mörg góð umhugsunarefni en ætla eins og margir aðrir að ræða um það sem hér er kynnt sem 2. gr., þ.e.a.s. bæði seigluna og tek náttúrlega bara undir með mörgum, ef við lifðum í besta heimi allra heima þá væri þessi upptalning náttúrlega óþörf en ég hlýt að gera athugasemdir við orð Pawels sem hefur miklar efasemdir um þessa upptalningu þegar hann talar um dægurflugur. Mér finnst mjög alvarlegt að tala um misrétti gagnvart konum, fötluðum, samkynhneigðum að tala um það sem dægurflugur, það dregur mjög úr alvarleika þeirrar mismununar sem eiginlega allir hafa búið við nema hvítir velstæðir karlmenn á aldrinum 35-55 ára.

Hann hefur áhyggjur af því að það þurfi að gera breytingar til 15 ára og aftur eftir 15 ár. Það er ekkert ofverk neins að gera breytingu á 15 ára fresti en við skulum vona að 15 árum seinna heldur en eftir þessi tvenn 15 ár sem hann nefnir þá verði þetta allt saman fellt niður vegna þess að þá sé öll þessi upptalning óþörf.

Aðeins varðandi fjölskylduumræðuna, ég er alveg sammála því að mér finnst þurfa með einhverjum hætti að hnykkja þarna betur á, en ég vara við að þessi umræða sé einungis til þess að bregðast við því sem er

skilgreint sem vandamál, þ.e.a.s. undantekningartilfelli. Ég held að aðalvandkvæði íslenskra fjölskyldna séu vinnuálag. Það er það sem stendur helst í vegi fyrir heilbrigðri og eðlilegu fjölskyldulífi, og vinnur þess vegna hvað mest á móti velferð barna í íslensku samfélagi. Og mér finnst að við eigum að velta því fyrir okkur hvort við getum á einhvern hátt styrkt þennan rétt fjölskyldunnar í stjórnarskrá.

Við skulum líka varast það að tala um að það að fólk vinni of mikið stafi af græðgi eða ásókn í óþarfann. Það kunna að vera dæmi um það en það er auðvitað bara réttur hvers manns og konu að njóta hæfileika sinna og nýta og það þarf ekki að stafa af græðgi að það eru tvær fyrirvinnur í fjölskyldu, það er vegna óska beggja aðila í flestum tilfellum. Þannig að eins og ég sagði hérna á síðasta fundi, mannlífið hefur breyst, fyrst og fremst hefur staða kvenna breyst en samfélagið breytir sér ekki til samræmis. Og það er eitthvað sem mér finnst að við þurfum að skoða hér, talandi um að bregðast við ástandi eins og það er og líta fram og aftur. Við skulum muna það, það er framtíð – það er fortíðin sem varpar í rauninni ljós á framtíðina þannig að við þurfum að skoða ástandið eins og það hefur verið undanfarið og stefna í hvaða átt við viljum breyta því. Og ég held að það sé fyllsta ástæða til þess að, eins og ég segi, að hyggja að þessu stóra vandamáli íslenskra fjölskyldna sem er vinnuáþján. Ég ætla rétt að hugga hann Ómar með því og þá þetta með þreifið, að hann getur þá hlakkað til vegna þess að við erum að fara að leggja fram tillögur hér á eftir sem eiga einmitt að koma í mörgu tilliti í veg fyrir þref. Takk fyrir.

AT

Þakka þér fyrir, Þórhildur. Þá talar Lýður Árnason öðru sinni. Gjörðu svo vel, Lýður.

LÁ

Já, takk, örstutt bara. Varðandi herskylduna þá finnst mér svona frekar ólíklegt að til þessa kæmi að við værum kvödd í herinn nema það væri virkilega ástæða til. Vonandi verður það nú samt aldrei, en ég get eiginlega ekki séð að þetta yrði gert að ástæðulausu. Þess vegna finnst mér kannski þetta ákvæði svona frekar til óþurftar vegna þess að þá ætlum við bara kannski öðrum að vinna eitthvert verk. Þannig að ég vil árétta það að það væri varla að ástæðulausu sem herkvaðning kæmi til. En annað sem er nú kannski stærra mál, það sem Pétur var að tala um varðandi fyrsta ákvæðið, öllum skal tryggður réttur til lífs, ég er eiginlega sam-mála Pétri, þetta eru mjög góð rök og góður punktur sem hann kemur með, vil þó aðeins benda á það að hvenær hefst líf og hvenær byrjar líf. Við erum kannski mestmegnis að tala um í byrjun lífs og kannski í lokin og oft er nú þannig, a.m.k. ef við erum að tala um fóstur, að þá getur viðkomandi ekki tjáð sig neitt. Og það mun líka, að mínum dómi, verða raunin þegar kerti er að brenna upp, að það er oft þannig að fólk getur ekki tjáð sig. En auðvitað á lífsrétturinn að vera helgur, en ég vil svona alla vega árétta það að þetta ákvæði, nr. 1, að það væri kannski gott fyrir nefndina að tryggja það þá að þetta yrði þá alla vega ekki í trássi við þá túlkun eða þá hefð sem viðgengst núna, eins og t.d. varðandi fóstureyðingar. Svona alla vega athugið það vel áður en við hleypum þessu endanlega í gegn. Takk fyrir.

AT

Þakka þér fyrir, Lýður. Þá talar Pawel Bartoszek öðru sinni. Gjörðu svo vel, Pawel.

PB

Já, takk fyrir. Ég vil í fyrsta lagi þakka Illuga fyrir góða ræðu og góðan rökstuðning hans fyrir því að orðið kynþáttur eigi að fara út. Það er mikilvægt að það komi fram í svona umræðum okkar að þetta sé grundvöllurinn og auðvitað efaðist ég aldrei um að það væri. En þetta er samt í þessu samhengi mikilvægt að vita, að við séum einfaldlega að vísa til þess að þetta sé algjörlega ónýtt hugtak, sem það er, og það sé ástæðan fyrir því að við viljum láta þetta fara út, ekki það að við teljum það ekki vera tilefni til þess að hafa áhyggjur af rasisma. Því að rasismi er jú alveg til þótt svo kannski að okkur finnst sem kynþáttur sé ekki til. Nú, ég nefndi aldrei, ég sagði aldrei að mér þætti, alla vega ekki hér, að mér þætti orðið stjórn... reiði, ég spurði einfaldlega hvað menn væru að hugsa og það kom fram svona að einhverju leyti svona meginpæling bak við það að setja þetta orð inn. Mig langar samt kannski að spyrja aðeins sérstaklega hvort menn telji að það séu einhver lög í dag sem mismuni fólki á grundvelli stjórn-málatengsla eða hvort það séu einhverjar athafnir stjórnvalda sem geri það. Í þessari upptalningu eru menn líka að gleyma ákveðnum leiðum til að mismuna fólki, að er t.d. ekki einungis það tvennt í stöðunni að það sé hægt að mismuna, hygla mönnum vegna stjórn-málatengsla eða að ganga framhjá mönnum vegna þess að þeir hafa þau ekki. Það er líka hægt að ímynda sér hina tvo möguleikana, þ.e.a.s. að menn mismuni fólki vegna einhverra stjórn-málatengsla eða hygla þeim vegna þess að þeir hafi þau ekki. Þá er ég t.d. að nefna að það eru, hvort að þeir sem leggi fram þessa tillögu ímyndi sér að þetta mundi kannski koma í veg fyrir það að menn gætu sett reglur um það t.d. að fréttamenn sem eru starfandi, aðrir einstaklingar sem að einhverju leyti þurfa að hafa svona stöðu til þess að vera óumdeildir, hvort þetta komi í veg fyrir það að við getum sett reglur sem hindri það að þeir séu ekki virkir [svo] í stjórn-málastarfi. Nú, síðan varðandi athugasemdirnar hennar Þórhildar um að ég nefndi mannréttindi sem dægurflugur þá vil ég árétta það að ég átti þar fyrst og fremst við orðin búseta og stjórn-málatengsl en ekki önnur orð í þessari upptalningu. Takk.

AT

Þakka þér fyrir, Pawel. Þá talar Erlingur Sigurðarson næst. Gjörðu svo vel, Erlingur.

ES

Formaður, góðir félagar. Í minni sveit gerðist það á árum heimsstyrjaldarinnar síðari að það sást hermannaþjald í heidinni og það var gert herútboð. Um þetta var ort síðar, menn efndu til herútboðs og oddvitinn var foringi og sagði: Foringjar og framverðir, farið á hryssurnar, axlið byssurnar. Og annar maður orti þennan: Mér finnst það mesta fásinna að flana svona af stað, fyrst að laga byssurnar. Það er nefnilega það, sagði annar.

Mér kemur það á óvart að menn vilji hafa herskyldu hér eða.. og mér kemur mjög á óvart að menn vilji geta gert herútboð ef í það fer þó að um sjálfbodaliða sé að

ræða. Guðmundur Böðvarsson orti: „Og ef að hans draugur mælti með/illt og meinlegt glott/þig ætti þá að gruna járnsmiðstet. Allt það sem hún gerði var aldrei nógu gott, aðrir hefðu gert það miklu betur. Og réttinn til að mæla þótt ill sé aðsókn hans að unnu verki er gengur sól til viðar en viðhlítandi væri þá helst ef hálfverk manns var handarvik í þágu lífs og fríðar.“ Ég vil ekki hafa tillögur til herútbods, ég vildi að það yrði bætt að herskyldu má aldrei í lög leiða né herútbod gera. Og annað atriði svo, það er rétturinn til lífs og rétturinn til að lifa. Ég vil ekki síður tryggja mönnum réttinn til að deyja. Gamalt fólk eða lasburða að einhverju leyti sem á lítið fyrir sér nema mismunandi langan tíma til að deyja vill gjarnan að það sé ekki treint með einhverjum hætti, með nútímatækni í meðalagjöf og einhverju eða að keyra áfram ef það er líf í langan tíma sem er í raun og veru lokið ef eðlilegur gangur væri. Þannig að það má ekki tryggja mönnum réttinn til að lifa á kostnað þess að vilja deyja í fríði og ró. Ég bara set þetta svona fram til áminningar.

AT

Þakka þér fyrir, Erlingur. Þá talar Dögg Harðardóttir öðru sinni. Gjörðu svo vel, Dögg.

DH

Formaður, ágætu ráðsfulltrúar. Pawel spurði hérna áðan hvort við þekktum dæmi um að fólki hefði verið mismunað vegna stjórnmalatengsla. Það er nýlegt dæmi þar sem forsætisráðherra vildi ekki skipa konu í embætti sem var samflokkskona, það hefði lítið mjög illa út fyrir hana þannig að þar þurfti hæfur umsækjandi að gjalda fyrir það hvar hún stóð í pólitík. Varðandi þetta sem Erlingur var að segja, að tryggja fólki réttinn til að deyja, þetta er erfið umræða sem á kannski ekki alveg heima hér en ég vil þó segja að það er sjálfsagt að hefja þá umræðu meðal þjóðarinnar hversu langt við viljum ganga þegar við erum orðin gömul í meðferð. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að fólk sem er orðið býsna fullorðið og fólk sem kannski endar lífið þannig að það þarf að snúa því á tveggja tíma fresti og það getur enga björg sér veitt, ef meðferð hefði verið hætt einhverjum árum fyrr þá hefði þetta fólk farið fyrir einhverjum tíma síðan. Ég held að heilbrigðisvísindin, sko, það er held ég í síðareglum lækna að þeim beri skylda til að halda lífi í fólki eins lengi og mögulegt er og þeir [svo] þekkja það nú betur sjálfsagt, Lýður, Andrés og Katrín, og ég held að við þurfum kannski aðeins að fara að hugsa þetta mál upp á nýtt, hvenær ætlum við að hætta að grípa inn í til þess að við verðum ekki algjörlega ósjálfbjarga þegar við kveðjum þetta líf.

AT

Þakka þér fyrir, Dögg. Arnfríður Guðmundsdóttir, gjörðu svo vel.

AG

Ráðsfulltrúar og aðrir gestir og aðrir áheyrendur. Það er tvennt sem ég vil bara áréttta, það er annars vegar þetta með stjórnmalatengslin og ég vil bara þakka illuga fyrir skelegga umræðu og góð rök fyrir því sem skýrir mjög vel, eða endurspeglar mjög vel þá umræðu sem fór fram innan okkar nefndar og liggur að baki þessu orði hér inni í jafnræðisreglunni. Hitt sem ég

vil aðeins nefna er, og er að sjálfsögðu risastórt mál, og það er rétturinn til lífs. Ég skil þennan fyrirvara og velti því fyrir mér hvort tillaga Vilhjálms ætti ekki að vera okkar tillaga, að öllum sé tryggður réttur til að lifa með mannlegri reisn. Við skulum ekki gleyma því að það að lifa hér er í samhengi við mannlegu reisinna og það er það sem skiptir gífurlega miklu máli, sérstaklega varðandi þetta, að hafa rétt til að hafa eitthvað um það að segja hvernig og hvenær við deyjum og það hvernig umræðan um það hefur litast af orðalagi. Margir hafa viljað tala um líknardráp sem ég tel vera mjög vont orð og mjög vont hugtak vegna þess að það, við erum að sjálfsögðu ekki alltaf að tala um aktívan gjörning þegar við erum að tala um það sem á erlendum tungum er kallað euthanasia, heldur erum við líka að tala um rétt okkar til þess að njóta líknandi meðferðar sem flýtir þá fyrir því að lífið tekur enda. Réttinn til lífs, ég veit að það er, hann varðar líka upphaf lífs og innan guðfræðinnar og innan kirkjunnar hefur þetta verið mjög flókið mál um þetta, hvenær lífið byrjar og ég ætla að sjálfsögðu ekki að fara inn í þá umræðu hér. En ég held að það sé margt sem mæli með því að taka frekar þessa tillögu hans Vilhjálms og segja tryggður réttur til að lifa með mannlegri reisn, að bara áréttta það að mannleg reisn er þarna í lykilhlutverki. Takk fyrir.

AT

Þakka þér fyrir, Arnfríður. Þá talar Lýður Árnason þriðja sinni. Gjörðu svo vel, Lýður.

LÁ

Já, ég skal svo fara að hætta þessu, en varðandi það sem Erlingur var að segja, að ég vilji innleiða herskyldu, þá er það nú ekki þannig. Ég er svona frekar á því að við eigum ekki endilega að útiloka hana ef til þess kæmi. Það finnst mér vera allt annar hlutur. En enn og aftur varðandi réttinn til lífs, satt að segja, eins og þetta er í dag þá umgöngumst við þennan rétt nokkuð frjállega. Það er nú þannig með fóstureyðingar að það er hægt að eyða fósturum á félagslegum forsendum og það er túlkad ansi frjállega þannig að ég áréttta enn og aftur, þetta gæti komið okkur í bobba að hafa þetta akkúrat svona. Og svo er ég hins vegar innilega sammála Erlingi með það þegar hann er að tala um réttinn til að deyja, hvort rétturinn til lífs inniberi hugsanlega þá réttinn til að deyja. Þannig að ég held að þetta ákvæði þurfi svona aðeins meiri yfirlegu. Takk.

AT

Þakka þér fyrir, Lýður. Þá talar Pétur Gunnlaugsson öðru sinni. Gjörðu svo vel.

PG

Já, formaður og ágætu félagar. Ég var ekki að ræða um réttinn til að fá að deyja, ég var að tala um rétt til lífsins og sérstaklega minntist ég á eldri borgara. Við erum með í 2. gr. þar sem sagt er að „[a]llir eru jafnir fyrir lögum og skulu njóta mannréttinda án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna ... aldurs ...“ og þá vaknar þessi spurning: Er lífsréttur eldra fólks minni en annarra? Ég er að tala um þá einstaklinga sem vilja lifa en aðrir telja að líf þess einstaklings sé lítills virði vegna aldurs m.a. Og hvaða möguleika hefur sá einstaklingur? Ég benti á það að lífsrétturinn er tryggður

í mannréttindasáttmála Evrópu. Ég skil ekki af hverju menn eru að fara út í í raun og veru aðra umræðu, að t.d. mæla með líknardrápi eða hvaða orð sem við notum þá, euthanasia. Við erum ekkert að ræða það hér, við erum að ræða um þennan rétt þess einstaklings sem vill lifa og að hann fái að lifa, og þó að hann sé orðinn gamall. Og það er rétt að líknandi meðferð hér á Íslandi er ekki í samræmi við nein sérstök lög. Framkvæmdin á þessari líknandi meðferð er ekki lögfest sérstaklega, hún getur átt sér stað með margvíslegum hætti og ég þekki það, og ýmsir, að sú líknandi meðferð er ekki í samræmi við viljaafstöðu þess sem meðferðin beinist að endilega. Og ég bendi á líka, þegar verið er að tala um að auka viljaafstöðu og bæta viljaafstöðu barna, ég er sammála því, mjög sammála því. En af hverju ættum við ekki að tryggja þá viljaafstöðu eldra fólksins að þessu leyti því að þetta er ákvæði sem getur varið lífsrétt þessa hóps gagnvart þessum hóp sem ég var að segja áðan. Þess vegna ef að menn vilja berjast fyrir því að innleiða hér líknardráp, nú þá gera þeir það, en ef þetta ákvæði er inni þá er ekki hægt að koma á löggið þar sem viljaafstaða sjúklingsins sé virt að vettugi. Það er þetta sem ég legg áherslu á. Hitt er svo annað mál hvaða skoðun menn hafa á líknardrápinu. Það er þeirra mál. En þess vegna tel ég bráðnaudsynlegt og ég hélt að það væri almenn samstaða um þetta og ég vona bara að þetta góða starf A-nefndarinnar og formannsins, að leggja þetta svona til, að það standi og við förum ekki að efna til einhvers óvinafagnaðar sem reyni að koma af stað einhverjum hugmyndum sem eru í andstöðu við þessar tillögur eða í andstöðu við ákvæði í mannréttindasáttmála Evrópu. Takk fyrir.

AT

Þakka þér fyrir, Pétur. Þá talar Freyja Haraldsdóttir öðru sinni.

FH

Já, kæru vinir. Hjartað er farið að slá svolítið hratt og ég veit ekki hvort ég eigi að hætta mér út í þessa umræðu um líf og dauða. Ég veit ekki alveg heldur umræðu við eignum að vera í henni. Mér finnst svolítið áhugavert að hér hefur verið m.a. mælt til þess að sleppa því að vernda rétt til lífs – til þess að vernda rétt til dauða. Ég á bara svolítið erfitt með að skilja hvað við erum að fara með því vegna þess að við erum hér af því að við erum lifandi og okkur ber að skapa aðstæður til þess að fólk geti verið hér á meðan það lifir og líðið eins vel og það mögulega getur. Það er annað sem mig langar líka bara til að taka svolítið undir, bara það sem hefur verið sagt varðandi það að það er rosaleg hætta á því að ef það er opnað mikið fyrir, sko, þó að mér finnst að sjálfsgöðu að fólk eigi að fá að velja það hvernær það er tilbúið að yfirgefa þennan heim ef það getur valið það og sagt það. En það er þessi hætta að aðrir fari að meta það hvaða líf er þess virði að lifa því. Og mér finnst það mjög vandasamt og mjög risky og alveg jaðra við að vera svolítið siðlaust. Og ég veit ekki alveg, ég er að reyna að koma þessu frá mér án þess að verða eitthvað of mikil óhemja, sko, það eru ótrúlega margir sem horfa á fólk í minni stöðu og hugsa að það væri betra fyrir mig að vera ekki á lífi. Og það kom hérna fram í umræðu áðan að það væri svo hrikalegt að vera ósjálfbjarga og þurfa að láta sjá um sig og þá væri lífið ekki lengur þess virði að lifa því. En við þurfum aðeins

að vanda okkur þegar við erum að tala. Og það að geta ekki gert allt upp á eigin spýtur, það að þurfa aðstoð við að snúa sér eða klæða sig eða fá sér að borða eða vera til, það segir ekkert um þau lífsgæði sem maður getur haft þannig að ég myndi styðja það, ég er alveg að sjálfsgöðu tilbúin að skoða öll þessi mál en við þurfum að vanda vel til verka. Það eru mannréttindasamningar alþjóðlegir sem kveða á um og tryggja rétt til lífsins. Ég get mjög illa skilið hvers vegna við óttumst að tryggja þá líka. Takk.

AT

Þakka þér fyrir, Freyja. Katrín Fjeldsted, gjörðu svo vel.

KF

Já, ágætu félagar. Þegar ég heyrði fyrst breytingartilöguna hans Vilhjálmss þá fannst mér hún nú skynsamleg og taka af tvímæli en það runnu á mig tvær grímur þegar Pétur talaði hér áðan og sömuleiðis Freyja o.fl. Auðvitað vill maður að þessi grein sé í samræmi við mannréttindasáttmála, hvort sem það er Evrópu eða Sameinuðu þjóðanna eða hvað það er. Ég vil hins vegar alls ekki að setning í stjórnarskrá Íslands hrófli við gömlu baráttumáli um frjálsar fóstureyðingar eða hrófli við þeim á einn eða annan hátt þannig að ég bara varpa því fram til nefndarinnar og til okkar allra að við veltum því fyrir okkur nákvæmlega hvað þessi setning þýðir og hvort hún raskar einhverju öðru. Ef hún raskar lögum sem lúta að fóstureyðingum þá mun ég ekki taka þátt í að afgreiða hana, en ég held að það sé ekki meiningin að hún geri það. Við höfum ekki tekið þá umræðu hér að það réttlæti slíka breytingu. Þetta var annað atriðið sem mig langaði til að minnast á. Hitt er um herskyldu. Ég held að við Íslendingar séum friðelskandi þjóð. Það er kannski ekki rétt að við þekkjum hvorki sverð né blóð en alla vega, við viljum fara með friði og mér finnst að sumu leyti að orðalagið að herskyldu megi aldrei í lög leiða ekki ná yfir það friðelskandi þjóðfélag sem ég vil sjá í framtíðinni. Ég vil ekki hersetið land, ég vil ekki vera þátttakandi í því að ráðist sé inn í Írak eða einhver önnur lönd, ég vil það ekki heldur. Auðvitað er þetta vandmeðfarið mál, en á sama hátt og ég vil fara með friði þá finnst mér eðlilegt að geta varið hendur sínar gagnvart ofbeldi. Mér finnst það vera allt annað mál. Ef einhverjir ribbaldar nútímans eða Jörundar hundadagakonungar nútímans vilja leggja Ísland undir sig þá fyndist mér varla að það væri um herskyldu að ræða til þess að verja hendur sínar gagnvart slíku ofbeldi. Ég er bara að varpa þessu fram af því að mér finnst orðalagið ekki ná yfir allt sem ég hélt að við myndum þurfa að láta það ná yfir. Það segir hér:

„Herskyldu má aldrei í lög leiða.“ Ég er alveg sammála því, en þurfum við ekki að víkka þetta svolítið út? Takk.

AT

Þakka þér fyrir, Katrín. Þá talar Ómar Ragnarsson þriðja sinni. Gjörðu svo vel, Ómar.

ÓR

Allt er þá þrennt er, takk fyrir. Gott fólk. Öllum skal tryggður réttur til lífs. Ég lít svo á að það séu allir núverandi ríkisborgarar Íslands. Og ég get varla ímyndað

mér að menn fari að færa það fram fyrir fæðinguna, reyndar eru til undantekningar á því því að þremur mánuðum áður en ég varð sjötugur þá varð ég sjötugur sem Framari því að foreldrar mínir voru svo miklir Framarar að þau skráðu mig í Fram þremur mánuðum áður en ég fæddist. En þetta er náttúrulega algjör undantekning. Öllum hlýtur að vera bara núverandi ríkisborgarar. Ég ætla að taka undir með, ég verð nú bara að segja það að mér finnst nú bara lágmark að í þessari stjórnarskrá okkar sé Herskyldu skal aldrei í lög leiða. Ég mun ekki samþykkja annað hvað mig varðar. En ég vil taka undir það sem félagi minn Pétur segir hér. Það er ekki nóg að segja til að lifa með mannlegri reisn. Hvað er mannleg reisn? Það er nefnilega hægt að túlka það á mismunandi vegu. Nú ætla ég bara að setja hér fram persónulegt dæmi. Faðir minn lá langa banalegu og í lokin þá gat aðeins komið eitt og eitt orð á stangli þegar hann var ekki meðvitundarlaus og þá myndu menn segja: Þessi fjörugi maður, besti dansherra í Reykjavík árum saman, var hann lengur með mannlegri reisn þar sem hann lá þarna ósjálfbjarga og gat tínt út úr sér eitt og eitt orð? Það merkilega gerðist að það síðasta sem hann sagði hér, síðustu setningarnar sem hann sagði hér skópu honum meiri reisn í mínum huga og allra sem urðu vitni að því þegar hann fór heldur en allt sem hann hafði gert á ævinni fram að því. Þá komu mér í hug orð Þórunnar Elfu Magnúsdóttur leikkonu sem sagði: Dauðinn er kóróna lífsins. Dauðinn og lífið eru sem sagt tvær hliðar á sama peningnum. Ég tel að það sé rétt að hafa réttinn til lífs líka. Og ég sé ekki af hverju við eigum að fara skemur heldur en aðrar þjóðir og þeir sáttmálar sem við erum aðilar að því að þá erum við með þetta alveg tryggt. Hvenær á að taka mann úr sambandi? Þar tel ég að það eigi að líta til þess ef hann er ófær um að segja það sjálfur þá á hann, eða þessi manneskja sem er að fara, hún á að njóta vafans. Ef það er ekki víst að hún vilji fara, hún vill hins vegar láta halda sér eitthvað lengur lifandi, þá eigi að gera það. En mér er það ljóst af því að maður er orðinn þetta gamall og veit um svo marga sem hafa farið að það er svo ótrúlega oft sem það verður að binda endi á þetta. Og þá er bara að treysta því fólki sem þarna er til þess að gera það. Í tilfelli föður míns og væntanlega öðrum tilfellum í þessum aðdraganda þá voru allir samtaka, fólkið sem var að vinna við þetta, hann sjálfur sem barðist fyrir lífinu og við ættingjarnir, við vorum nokkurn veginn komin að þeim punkti að við treystum þessu fólki sem var vant því að fást við þetta að þarna væri endapunkturinn kominn. En hann kom á nákvæmlega réttum tíma fyrir hann og mannleg reisn hans var aldrei meiri en þegar hann var mest ósjálfbjarga með síðustu orðin á vörnum. Takk.

AT

Þakka þér fyrir, Ómar. Þá talar Þórhildur Þorleifsdóttir öðru sinni. Gjörðu svo vel, Þórhildur.

ÞÞ

Og verður stuttur. Mig langar bara, ég segi eins og hún Katrín Fjeldsted, ég skil ekki almennilega orðalag, ég veit ekki hvað er átt við með orðalaginu tryggður réttur til lífs. Hvað felst í því sem réttlætir breytinguna? Ég bara átta mig ekki á því og lét þess vegna ekki í ljós skoðun á því áðan og vildi kannski bara gjarnan fá skýringu á því. Og ég vil líka árétta að ég

spurði raunar sömu spurningar, eins og Katrín líka, á síðasta fundi varðandi þetta herskylduákvæði: Á þetta að standa eitt eða þarf fleira að fara með? Takk.

AT

Þakka þér fyrir, Þórhildur. Og þá talar Erlingur Sigurðarson síðastur. Gjörðu svo vel, Erlingur.

ES

Formaður, góðir félagar. Ég vil segja að um réttinn til lífs, bara önnur hlið á honum, eða þó sama atriði, er líka rétturinn til að deyja. Það er rétturinn til að deyja með reisn, ef svo má segja, er sá sami og að lifa með reisn.

Ég verð að segja að það sem Pétur sagði hér áðan, það er takmarkað við það að láta líta svo út að það sé maður sem streitist við að lifa en aðrir vilja láta deyja. Það er ekki málið sem verið er að tala um. Ég vil manninn sem telur lífi sínu lokið og vill efast um það að aðrir haldi því áfram með tæknilegum leiðum sem eru í raun og veru umfram það sem líf hans býður upp á. Það er ekki verið að tala um líknardráp eða líknardauða, heldur réttinn til að lifa ákveðið aðgerðaleysi, það er ekki bein framkvæmd. Og ég ætla að vona það að Freyja hafi ekki skilið mig svo að ég telji lífið einskis virði, lífið er mikils virði. Brýnt er að sérhver þau sannindi þekkja/vort líf er of dýrt til að lifa því ekki. Þakka ykkur fyrir.

AT

Þakka þér fyrir, Erlingur. Þá er umræðu lokið og það hagar þannig til að formaðurinn þurfti að fara frá þannig að hún kemur ekki til með að bregðast við, en auðvitað vitum við – má bjóða þér, Örn, að bregðast viðbrögðum [svo]?

ÖBJ

Formaður, góð systkini nær og fjær. Ég vil þakka þessa umræðu og þakka Silju sérstaklega fyrir góða framsögu. Við vinnum þetta mjög nákvæmlega með og tökum ítarlegar glósur, Andrés ritari okkar er hér í bakherbergi og fylgist grannt með og skráir hjá sér. Það er komin fram breytingartillaga, svo ég stikli bara stutt á þessu, frá Vilhjálmí sem hefur hlotið stuðning nokkurra hér þar sem hann spyr um orðalagið rétt til lífs og umræðan speglar það að við þurfum að fara betur ofan í þá grein og skoða hana betur. Ómar ræddi um fjölskyldulíf og Freyja brást við því líka. Gísli ræddi hér lögfræðileg álitæfni, lögjöfnun og samfélagsþjónustu og sjálfstæði dómsvalds. Skoðum það. Nú, Pawel ræddi hér upptalningu í skránni og það hafa orðið umræður um það og ég lít svo á að hún hafi verið holl og góð. Hann ræddi aldur og búsetu sem voru hugtök sem við vorum dálítið lengi að velta fyrir okkur, við munum skoða þetta og gaumgæfa betur. Hann nefndi einnig tungumálið og hugsanlega mismunun í sambandi við það. Illugi útskýrði hvers vegna hugtakið kynþáttur fer út. Það má geta þess að í vísindagrein sem við lásum á nefndarfundi nýlega þá var talað um að vísindamenn notuðu orðið stofn og það væri víðara og nothæfara hugtak en við sáum nú ekki að það gæti komið inn í stjórnarskrána að svo stöddu því að þó að það þýði eitthvað tiltekið í hugum vísindamannanna sem jafnvel töluðu um það að Akureyringar væru sérstakur stofn o.s.frv., bara til að nefna dæmi um hvað

það er hugsað vítt, og þess vegna, já, og kristnir menn eða vottar Jehóva eða hvaðeina, þá slepptum við þessu nú, og út með kynþáttahugtakið.

Stjórnáátengslin, Illugi gerði vel grein fyrir því hugtaki.

Nú, Katrín var sammála tillögu Vilhjálmss og Lýður áréttaði líka hans tillögu. Freyja kom inn í umræðuna um fjölskyldulífið, við skoðum það út frá því sem Ómar sagði. Og Gísli sammála Pawel varðandi tungumálið. Nú, vonandi kemst þetta allt á hærra plan eins og Ómar var að kalla eftir með tilvísun í nóbelskaldíð. Þá er þessi umræða um líknardráp og Arnfríður benti á hvað það væri óheppilegt hugtak. Það þarf að skoða þetta vel í þessari grein og það kemur inn í tillögu Vilhjálmss. Við gaumgæfum það. Nú, Þórhildur ræddi hér um fjölskylduna m.a., vinnuálagið og hvernig við getum, hvort við gætum á einhvern hátt styrkt rétt fjölskyldunnar til að lifa heilbrigðu og eðlilegu fjölskyldulífi. Svo hafa orðið umræður um herskylduna og Erlingur varaði við herútbóði og vildi, er með breytingartillögur, ekki rétt? [ES: Ég ... ekki held ég.] Já, en það er auðvitað spurningin ef við ræðum frið á öðrum stað í stjórnarskránni og með hvaða hætti við gerum það og hvort við getum sett inn ítarlega friðarhugsjón svona í pacifistiskum skilningi, hinum ýtrasta. Ég er nú ekki viss um það, en við þurfum að skoða það því að það eru til heilu kenningarnar um stríð og frið og réttlátt stríð og allt það.

Nú, svo ég fari nú bara fljótt yfir sögu, það var já rétt töluvert um réttinn til lífs, Lýður gerði það og Pétur og Freyja. Katrín tjáði sig aftur um réttinn til lífs og Ómar sömuleiðis, bara svo ég geri nú grein fyrir þessu svona, stikli á þessu, að þá eru þetta umræðurnar og Erlingur lauk þessu með réttinum til að deyja og réttinum til að lifa með reisn. Þetta tókum við allt og gaumgæfum og þökkum hjartanlega fyrir þessar finu umræður og ábendingar og mér sýnist að okkur miði vel að gera mannréttindakaflann góðan og merkilegan þannig að þjóðin finni að hér eru mikilvægar réttarbætur á ferðinni. Að svo mæltu þakka ég bara fyrir fundinn, og ykkur öllum og óska Silju Báru góðrar ferðar og njóti dvalarinnar þar sem hún verður. Takk fyrir.

AT

Þakka þér fyrir, Örn Bárður. Og þá er einungis eftir að greiða atkvæði um það hvort við setjum þessar 14 greinar sem við höfum verið að fjalla hér um, 14 greinar í mannréttindakaflanum inn í okkar áfangaskjal. Og þeir sem eru því samþykkir að greinarnar 14 fari inn gjöri svo vel að rétta upp hönd. Þeir sem á móti kunna að vera rétti upp hönd. Þeir sem sitja hjá gjöri svo að gefa merki. Pawel Bartoszek óskar að taka til máls um atkvæðagreiðslu.

PB

Ég vil áréttá það að ég styð það að orðin kynhneigð og fötlun fari inn en ég er efins um frekari breytingar á stjórnarskránni.

AT

Atkvæðagreiðslunni er lokið og þá tókum við kaffihlé í, hvað eigum við að segja, 10 mínútur. 11, þá er klukkan, mín, orðin þrjú.

AT

Það liggja þá fyrir úrslit úr kosningunni sem við vorum hér að framkvæmda sem fór þannig að það var 21 fylgjandi því að vísa skjalinu inn í áfangaskjalið, þ.e.a.s. þessum 14 greinum mannréttindakaflans. Það voru þrjár fjarverandi og Pawel Bartoszek sat hjá. Þannig að þá fer skjalið með mannréttindakaflanum inn í áfangaskjalið okkar.

3. Skýrsla og tillögur B-nefndar

SN

Þá tókum við fyrir skýrslu og tillögur verkefnaneftar B og ég gef formanni nefndarinnar, Katrínu Fjeldsted, orðið. Gjörðu svo vel, Katrín.

KF

Góðir áheyrendur. Við í nefnd B höfum unnið undanfarið að skilgreiningu á hlutverki Alþingis. Markmið vinnunnar hefur verið það hvernig styrkja megi löggjafarvaldið gagnvart framkvæmdarvaldinu og skerpa skilin þar á milli.

Í þessu skyni höfum við nú sett saman einar níu tillögur sem lagðar eru fram til kynningar hér í dag, ekki til að fara inn í áfangaskjal hér og nú, heldur einungis til kynningar. Sú fyrsta fjallar um skilgreiningu á hlutverki Alþingis en í núverandi stjórnarskrá er í raun engin frekari skilgreining á því en það sem fram kemur í 2. gr. hennar þar sem sagt er að Alþingi og forseti Íslands fari með löggjafarvaldið. Enga frekari skilgreiningu er að finna í stjórnarskránni. Í valkostum stjórnlaganefndar var boðið upp á orðalag sem við höfum byggt okkar tillögu á en tillaga okkar er sem hér segir: „Alþingi sækir vald sitt til þjóðarinnar. Það fer með löggjafarvald og fjárstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu svo sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum.“

Af því að hlutverk Alþingis er ekki skilgreint nú með berum orðum fannst okkur nauðsynlegt að það væri kveðið nokkuð skýrt á um það í stjórnarskránni og að það væri tekið fram í upphafi þeirrar umfjöllunar að Alþingi sækir vald sitt til þjóðarinnar. Í tillögu stjórnlaganefndarinnar var lagt til að hlutverk þjóðþings sé skilgreint í kaflanum um hlutverk og störf Alþingis sem 1. gr. þess kafla og við gerum þetta á þann hátt, en við sækjum jafnframt innblástur til sænsku stjórnarskráarinnar þar sem fram kemur að þing landsins sé skipað fulltrúum þjóðarinnar þótt við orðum það með öðrum hætti. Grein 2 er um aukið vægi þingforseta. Í núverandi stjórnarskrá segir að Alþingi kjósi sér forseta og stýri hann störfum þess. Hún er sem sagt fáorð um þetta hlutverk. Við í B-nefnd viljum með okkar tillögugerð stuðla að því að auka veg og virðingu Alþingis og teljum að ein leið til þess sé m.a. að forseti þingsins njóti víðtækari stuðnings en aðeins frá stjórnarmeirihluta hverju sinni þannig að ekki sé ágreiningur um störf forsetans.

Tillaga okkar byggist að hluta til á tillögu stjórnlaganefndarinnar en gengur aðeins lengra. Tillagan hljómar svona í okkar meðförum: „Alþingi kys sér forseta með ⅔ hlutum atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Sitji forseti ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á við kosningu nýs forseta.“

Forseti stýrir störfum Alþingis. Hann ber ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnsýslu

þess. Með forseta starfa varaforsetar og mynda ásamt honum forsætisnefnd. Forseti Alþingis vísar frá almennum þingstörfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir embættinu.“

Til skýringar vil ég segja að þessi síðasti málsliður, eða orðalagið forseti Alþingis vísar frá almennum þingstörfum og hefur ekki atkvæðisrétt, þetta er setning sem ekki er alveg tilbúin frá hendi nefndarinnar. Það hefur verið rætt um það að forseti Alþingi ætti í raun að víkja sæti sem þingmaður og varaþingmaður hans komi inn í hans stað og þar með hafi hann hvorki atkvæðisrétt né málfrelsi eða tillögurétt, hann sinni bara því að stjórna þinginu og bera ábyrgð á rekstri þingsins. Í löndum sem byggja á engilsaxneskum hefðum er venja sú að þingforseti segi sig frá stjórnárum og sinni aðeins þessu hlutverki. Við teljum að það sé fullt starf að vera forseti þingsins, en stóra fréttir með þessari grein er jú að Alþingi skuli kjósa sér forseta með auknum meiri hluta atkvæða og hugmyndin er að sjálfsgöðu sú að meiri friður skapist um störf forseta en ella myndi vera.

Þetta gæti eftir Alþingi í störfum sínum, aukið samstöðuna með þessu, að það sé ekki ágreiningur um störf forsetans.

Þriðja tillaga nefndar B er um þingnefndir og hlutverk þeirra. Þar er líka nýmæli á ferð. Í núverandi stjórnarskrá er ekkert minnst á nefndir. Í valkostum þeim sem stjórnlaganefnd setti fram er tiltekið hverjar helstu nefndir þingsins skuli vera, en okkar áhersla hefur orðið sú að leggja miklu meiri ábyrgð á þingnefndir heldur en áður hefur verið. Og það sést í og með ef maður tengir saman þriðju tillöguna, fjórðu tillöguna og þá fimmtu, en ég mun gera grein fyrir þeim.

Í þessari þriðju tillögu segir: „Frumvörp og önnur þingmál eru undirbúin og um þau fjallað í þingnefndum. Alþingi kys fjárlaganefnd, eftirlits- og stjórnskipunarnefnd, utanríkisráðgjafarnefnd og aðrar nefndir til þess að fjalla um þingmál. Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum.“ Og ég ætla að leyfa mér bara að taka einnig fyrir næstu tvær greinar en þær eru fjórða tillaga, frumkvæðisréttur, sem hljómar svo: „Alþingismenn hafa einir rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur mál.“

Og fimmta tillagan er að ráðherrar sitji ekki á þingi. Það er nýmæli og hljómar greinin svona, eða tillagan:

„Ráðherrar svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa. Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi. Sé alþingismaður skipaður ráðherra vísar hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embætti og tekur varamaður þá sæti hans.“

Eins og sjá má þá hanga þessar greinar saman efnislega að því leyti að í stað þess að frumvörp séu unnin eingöngu eða fyrst og fremst að frumkvæði ráðherra, ráðherra leggi fram frumvörp í eigin nafni eða stjórnar, mælt sé fyrir þeim úr ræðustóli á Alþingi og frumvörpin fari þaðan inn í nefndir þingsins, sem oft og tíðum hafa þá ekki séð þessar tillögur áður, þá snúist þetta algjörlega við, þ.e.a.s. ráðherra flytur ekki lengur frumvarp á þingi skv. þessum tillögum, ráðherra getur að sjálfsgöðu farið þess á leit við þingnefnd að hún semji frumvarp en með þessum tillögum er hugsunin sú að frumvörp séu samin í þingnefndum og að þingnefndir hafi þess vegna aðgang að þekkingu

sérfræðinga, hvort sem er innan stjórnsýslu eða utan, til að vinna það verk. Það er ekki hugsað þannig að tvöfalda sérfræðingafjölda þann sem vinnur á vegum ríkisins, alls ekki. En með þessum tillögum þá eru frumvörp og önnur þingmál, þau stíga sín fyrstu skref innan þingnefnda, vægi þingnefndanna er aukið verulega á kostnað framkvæmdarvaldsins og ráðherranna. Það eru formenn þingnefnda eða fulltrúar þingnefnda sem mæla síðan fyrir frumvörpum inni í þinginu og ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á þingi þar sem þeir eru utan þings skv. þessu.

Nú, sjötta tillagan okkar er um upplýsingarétt fjárlaganefndar og hljóðar svo: „Fjárlaganefnd Alþingis getur krafð stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra sem fá framlög úr ríkissjóði um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár.“ Þetta hljómar kannski sem sjálfsgöður hlutur, en um þetta er ekkert ákvæði í stjórnarskrá og okkur fannst skipta máli að þessi upplýsingaréttur einnar mikilvægustu nefndar þingsins væri ljós í stjórnarskrá. Á sama hátt er sjöundi liður eða sjöunda tillaga sem heitir upplýsingaskylda ráðherra skrifuð til þess að knýja á um það sem á að vera sjálfsgötu mál en vantar að útfæra nánar. Við viljum leggja til að það sé gert á þennan hátt:

„Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd allar umbeðnar upplýsingar, skjöl og skýrslur um málefni sem undir hann heyra“ – síðan kemur orðalag sem við erum ekki farin að taka endanlega afstöðu til en það er: „[, nema leynt skuli fara samkvæmt lögum].“ Ef af einhverjum ástæðum er um trúnaðarupplýsingar að ræða sem lúta að öðrum einstaklingum eða gætu heyrð undir lög um persónuvernd. Síðan haldi þetta áfram með setningunni: „Þingmenn eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum.“

Nú, áttundi liður eða áttunda tillagan okkar er um árlega skýrslu ríkisstjórnar til Alþingis. Um þetta er ekkert ákvæði í núverandi stjórnarskrá og tillagan hljómar svo: „Árlega leggur ríkisstjórn fyrir Alþingi skýrslu um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins.“

Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis.“

Og níundi liðurinn, níunda tillagan, segir svo, þar kemur að vísu embættisheiti forseta Íslands innan hornklofa eins og verið hefur í fyrri tillögum hér í ráðinu: „[Forseti Íslands,] ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti er lög mæla. Við skipun manna í embætti skal einungis líta til hæfni og málefnalega sjónarmiða.“

Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eið eða drengskaparheit við stjórnarskrána.“

Nú, þetta byggir eins og heyra má á því að hæfni og málefnaleg sjónarmið eigi að ráða við embættisveitingar þannig að geðþóttaákvæðanir stjórnarinnar ekki því hvernig framkvæmdarvaldið ræður fólk til starfa í embætti. Að öðru leyti er þetta að stórum hluta í samræmi við tillögu stjórnlaganefndar. Sambærileg ákvæði er að finna í öðrum stjórnarskrám, t.d. bæði þeirri finnsku og þeirri sænsku, og það gildir í rauninni um fleiri greinar af þeim sem ég var að telja hér upp, að þær ríma um margt við nágrennalandastjórnarskrárnar okkar. Þetta var langt nafnorð. Takk fyrir.

AT

Þakka þér fyrir, Katrín. Þá gefum við orðið laust um tillögu nefndar B um eflingu löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldi og þær umræður og skýringar sem Katrín hefur flutt með tillögunum. Það þarf ekkert að taka það fram að þetta er einungis til umræðu, ekki til neinnar afgreiðslu hér, fer aftur til nefndarinnar því að þetta er fyrsta sinn sem þessi mál koma hér fyrir. En ég vek þá athygli á því að breytingartillögur þurfum við að fá skriflegar. Og þá förum við að skoða mælendaskrána og hér er fyrstur Eiríkur Bergmann. Gjörðu svo vel, Eiríkur.

EBE

Já, góðir félagar. Ég ákvað að prófa að koma hérna upp.

Landið er fagurt og frítt, og fannhvítir jöklanna tindar, himinninn heiður og blár, hafið er skínandi bjart. En á eldhrauni upp, þar sem ennþá Öxará rennur ofan í Almannagjá, alþing er horfið á braut. Nú er hún Snorrabúð stekkur, og lyngið á lögbergi helga blánar af berjum hvert ár, börnum og hröfnum að leik.

Svona orti Jónas Hallgrímsson um Alþingi til forna í fyrsta hefti Fjölnis árið 1835 og ég ætla nú svo sem ekki að halda því fram að eins sé komið fyrir Alþingi Íslendinga í dag og þá, en eigi að síður held ég að það sé ástæða til þess að endurreisa Alþingi aftur á ný. Sú óheillaþróun hefur orðið í okkar stjórnskipan frá því að Alþingi var endurreist í Reykjavík árið 1844 sem ráðgefandi þing að vægi þess hefur sífellt farið minnkandi og völd færst frá þinginu og yfir til framkvæmdarvaldsins. Þegar Íslendingar börðust fyrir sjálfstæði sínu og hófu að hefja stjórnmalastarf á nýjan leik í þessu landi varð Alþingi að meginvettvangi stjórnmalastarfs, meginvettvangi þess að Íslendingar fóru að ræða saman um hvernig málum skyldi fyrir komið í þessu landi.

Og þannig var það framan af. Jón Sigurðsson forseti var ekki forseti Íslands eða forseti ríkisstjórnarinnar heldur var hann forseti Alþingis og svo Hins íslenska bókmenntafélags og þar var kjarni valdsins saman kominn. Fyrsti ráðherra kom ekki inn í landið fyrr en árið 1904, en smám saman eftir því sem leið á 20. öldina og í kjölfar fulls sjálfstæðis á Þingvöllum 1944 þróaðist stjórnskipanin yfir í það sem við getum kallað kerfi sem hvílir á ráðherraæði í þeirri merkingu að ráðherrar urðu æðsta vald í sínum málaflokki og viðkomandi þingnefnd á Alþingi var eins og undirsett ráðherra og Stjórnarráðinu.

Í allra seinustu tíð, seinustu tvo áratugi eða svo, hefur stjórnskipanin í stjórnmalalegum skilningi, hvað svo sem lögræðinni líður, þróað yfir í það sem heita má leiðtogaræði þar sem leiðtogar stjórnarflokkanna hafa haft ægivald í stjórnmalum landsins og þingið orðið eins og undirsett þeim. Það eru oddvitar stjórnarflokkanna sem ráða hver velst til forystu innan Alþingis, hver verður forseti Alþingis. Það eru oddvitar stjórnarflokkanna sem ráða því hverjir verða nefndarformenn í þingnefndunum o.s.frv.

Það er þessi vandi sem við stöndum frammi fyrir, stjórnskipanin okkar er þannig samsett að sterkur leiðtogi getur náð nánast öllum valdþáttunum í eigin hendur. Hann getur stýrt framkvæmdarvaldinu, náð heljartökum á löggjafarvaldinu og seilst langt inn í dómsvaldið með skipunarvaldi sínu.

Þessu þurfum við að vinda ofan af og þess vegna er það að minni hyggjur brýnasta verkefni okkar í þessu ágæta Stjórnlagaráði að skilja sem best á milli valdþáttanna þannig að enginn einn aðili geti náð tökum á valdinu.

Skýrast væri það gert með því að kjósa framkvæmdarvaldið beinni kosningu og frelsa þannig þingið undan oki framkvæmdarvaldsins. Við í nefnd B höfum hins vegar kosið það að vinna áfram með þingræðisfyrirkomulagið en að því marki að skilja eins vel og hægt er í sundur á milli framkvæmdarvaldinu [svo] og löggjafarvaldinu [svo] með það að markmiði að upphelja Alþingi aftur og veita því það vægi í stjórnmalum landsins sem því ber.

Þær tillögur sem við leggjum hér fram til kynningar eru hugsaðar út frá þessu marki, sér í lagi tillögur 2, 3, 4 og 5 sem allar eru raunar samhangandi og engin þeirra getur eiginlega staðið án hinna.

Allar þessar tillögur miða að því að auka vægi þingsins í lagasetningunni og koma frumkvæðinu aftur til alþingismanna. Þetta viljum við gera með því að auka vægi þingforsetans, reyna að lyfta honum ögn yfir argaþras dægurstjórnmalanna með því að hann sé kosinn með auknu vægi atkvæða. Við viljum færa frumkvæðið inn til þingnefndanna og draga Stjórnarráðið til samráðs við Alþingi.

Og við viljum koma ráðherra helst sem lengst út af þinginu þannig að þeir geti sinnt sínum skyldum sem framkvæmdarvald og sem ráðherrar og þeir hafi ekki annað erindi inn á Alþingi en að standa skil á gjörðum sínum eftir því sem þeir eru tilkvaddir af þingmönnum. Þannig að ráðherrar til að mynda flytji ekki frumvörp heldur verði það að fara í gegnum viðkomandi þingnefnd o.s.frv. Af því leiðir að ráðherrar sitji ekki á þingi heldur að varamenn þeirra komi inn. Ég ákvað að koma hérna upp og halda þessa ræðu því að mér finnst mjög brýnt að þegar við ræðum einstaka ákvæði síðan í því hvernig við sjáum fyrir okkur einstaka útfærslur að við höfum í huga þessa heildarmynd, þetta meginmarkmið sem við í nefndinni í það minnsta og held ég allir hér í ráðinu sem ég hef í það minnsta talað við vilji ná fram og að við missum ekki sjónar af því að þegar við erum að ræða einstaka atriði að það er hér stór heildarmynd sem við þurfum að gæta að. Takk fyrir.

AT

Þakka þér fyrir, Eiríkur. Þá talar næst Ómar Þorfinnur Ragnarsson. Gjörðu svo vel, Ómar.

ÓR

Þakka þér fyrir. Gott fólk. Þakka þér fyrir að koma Þorfinni núna loksins til skila, hehe, seint og síðar meir. Já, það hefur verið aftur og aftur þegar smáflokkar eða minni flokkar hafa verið í stjórn að hálfur þingflokkurinn og jafnvel nánast allur hafi verið ráðherrar. Og þá sjá allir hvað þetta er mikill akkilesarhæll fyrir þingið, fyrir viðkomandi flokka líka, fyrir kjósendur, að þetta skuli hafa verið svona. Og þetta hefur færst í það að yfir 90% af öllum frumvörpum

sem samþykkt eru á Alþingi, stundum næstum því öll, eru svokölluð stjórnarfrumvörp eða ráðherrafrumvörp. Þessu þarf svo sannarlega að breyta og ég fagna, ég þakka fyrir góða skýrslu hjá formanni nefndarinnar og akkúrat það sem Eiríkur Bergmann var að segja, þar sem hann talar fyrir munn okkar flestra, held ég alveg örugglega, við þurfum að breyta því að menn fari út í pólitík bara til þess að verða ráðherrar. Það er sagt að þegar Sjálfstæðisflokkurinn var einu sinni að mynda stjórn að þá gengju allir þingmenn hans með ráðherra í maganum – nema gítaristinn. Og það var svona sagt í gríni og átti svona að sýna hvernig ástandið væri hjá þessum alþingismönnum, þeir sáu fyrir sér að þeir væru tiltölulega áhrifalitlir á þessum tíma, að ég nú ekki tala um að vera stjórnarandstöðuþingmaður. Það hafa margir lýst því fyrir mér sem einhverri þeirri mestu niðurlægingu sem þeir gætu hugsað sér að vera stjórnarandstöðuþingmaður. Nú, þannig að þetta er allt saman mjög gott, auka vægi þingnefnda, þingforseta og forseta Alþingis [svo], ég vek hins vegar athygli á því að það verður seint hægt að koma í veg fyrir það að einhver ráðherra komi til formanns viðkomandi þingnefndar með tilbúið frumvarp og biði hann um að taka það að sér. Við slíku verður aldrei séð en við verðum að taka skref eins langt og við getum.

Nú spyrja margir: Af hverju eru menn alltaf að tala um stjórnarskrár Svíþjóðar og Danmerkur og Finnlands og vitna lítið í aðrar stjórnarskrár? Af hverju eruð þið ekki með róttækari tillögur? Hér eru ráðsmenn sem vilja að við kjósum framkvæmdarvaldið beint. Og því er til að svara að við höfum mjög lítinn tíma, við fengum hérna norskan sérfræðing sem sagði okkur: Þið eruð of fá og þið hafið alltof lítinn tíma. Ef við ætlum að gera góða stjórnarskrá sem nær þeim markmiðum sem við ætlum að sækjast eftir að þá höfum við engan tíma fyrir einhverja ævintýramennsku. Við erum alltaf að vitna í Norðurlandþjóðirnar og laga okkur að þeim og svo þeim sáttmálum sem við höfum undirskrið, einfaldlega vegna þess að öll okkar lögskipan í áratugi, og nánast alveg frá upphafi, hefur komið frá Norðurlöndunum, oft í gegnum Norðurlöndin eftir að hafa farið þangað frá öðrum þjóðum þannig að allar okkar lögskýringar og það sem við byggjum okkar lög á eru komin þaðan. Í lagadeild voru a.m.k. þegar ég var þar verið að lesa eftir sænska og danska sérfræðinga, sérstaklega danska. Það voru lesnar erlendar bækur um íslenskt, sem áttu að vera að gilda um íslensk lög. Og þetta er svo mikið ennþá núna að með því að fara þessa leið getum við komist fram hjá alls konar óhöppum sem annars verða á leið okkar þar sem verður sagt við okkur: Þið voruð ekki nógu vandvirk, þið köstuðuð til þessa höndunum, við erum með þessar athugasemdir og hinar athugasemdirnar. Við setjum undir þennan leka með því að fara þessa leið. Og ég held að við getum alveg náð jafn góðum árangri þannig að ég fagna því sem hér kemur fram, nú verður alveg örugglega umræða meðal þjóðarinnar um þetta eins og annað og þetta er allt á góðri leið. Við ætlum að ná okkar takmarki. Takk.

AT

Þakka þér fyrir, Ómar Þorfinnur. Næstur talar Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég ætla nú að byrja á því að þakka formanni, Katrínu, fyrir skörulega framsögu og þakka líka Eiríki fyrir hans fína erindi. Ég er nú sjálfur í þessari nefnd, B, og langaði svona til að gera aðeins grein fyrir mínum sjónarmiðum í tengslum við þetta umfjöllunarefni.

Í fyrsta lagi langar mig bara til að ítreka að nefnd B hefur verið að vinna þetta almennt þannig að við höfum byrjað á að skilgreina gildi sem við leggjum til grundvallar sem eru að nokkru leyti og aðallega gildi þjóðfundar, gildi þá á borð við lýðræði, valddreifingu og síðan öryggi og skilvirkni líka sem hægt er að nefna í þessu sambandi. Og fleiri væri hægt að nefna.

Nú, út frá þessum gildum þá höfum við skilgreint markmið sem við viljum ná með því sem við gerum. Eitt af þeim markmiðum er t.d. að efla löggjafarþingið, efla Alþingi gagnvart framkvæmdarvaldinu, bæði þá að aðgreiningu þessara valdþátta og líka eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldi. Og undir því markmiði þá erum við búin að finna 22 leiðir, við höfum gert lista yfir leiðir sem við teljum að unnt sé að fara að þessu markmiði, og það sem við erum að sjá hér í dag er svona fyrsta, hvað eigum við að segja, fyrsti þakinn úr þeirri vinnu. Þetta er svona sirka þriðjungur af þessum heildarpakka sem við erum síðan að vinna áfram og menn munu sjá þá áfram á næstu ráðsfundum.

En það sem við erum að velja í dag er einkum það sem lýtur beinlínis að hlutverki Alþingis sjálfs og setu ráðherra á þingi o.s.frv.

Nú, það sem mig langaði til að nefna í þessu var undir nr. – já, fyrst vildi ég kannski segja af því að menn hafa örlítið rætt, og Ómar minntist á beina kosningu framkvæmdarvaldsins, það er auðvitað eitt af því sem kemur til greina og er ákveðin svona sterk aðferð til þess að greina á milli þings og ríkisstjórnar en hefur líka galla. Það safnar miklu valdi á hendur þjóðkjörins forsætisráðherra. Og við höfum ákveðið að vinna svona meginlínur starfsins kannski áfram innan þingræðisramma en samt er það þannig að þessar tillögur sem við erum að koma með hér, og flestar af þessum leiðum sem ég nefndi áðan, af þessum 22 leiða lista, að þær eru alveg fullgildar, hvor leiðin sem farin yrði í endann. Við erum ekki að loka svo sem á þá leið að kjósa framkvæmdarvaldið beinni kosningu.

Þessar leiðir, eins og ég segi, eru allar, þær eru góðar til síns brúks þó að það yrði lendingin enda þarf þá hvort sem er að styrkja þingið að sjálfsögðu gagnvart sterku framkvæmdarvaldi.

Nú, aukið vægi þingforseta, þar erum við sem sagt að leggjja það til að forsetinn helgi sig svoltið því að vera fundarstjóri og hafa dagskrárvald á Alþingi, sem er auðvitað heilmikið vald, en jafnframt að hann njóti stuðnings 2/3 a.m.k. og geti að því leyti verið nokkuð óumdeildur og notið trausts bæði meiri hluta og minni hluta. Og teljum við að þetta muni geta breytt svoltið ásýnd Alþingis og styrkt Alþingi sem stofnun.

Síðan varðandi þingnefndirnar, þar er hugmyndin sú að þær verði mun sterkari heldur en þær eru í dag og ég vildi gjarnan sjá það að þingnefndir tækju að sér stefnumótun í mikilvægum málaflokkum. Það er vandamál á Íslandi, eða hefur verið, hvað stefnumótun hins opinbera hefur svoltið verið í skötulíki. Okkur hefur vantað meginstefnu í stórum málaflokkum sem yrði þá unnin, segjum kannski einu sinni á kjörtímabili

og svo alltaf endurskoðuð þannig að menn viti svona út frá hverju þeir eru síðan að vinna í annarri lagasetningu, reglugerðum og aðgerðum framkvæmdarvaldsins og stjórnsýslunnar.

Og að mínu mati færi vel á því að þingnefndir tækju að sér þetta stefnumótunarhlutverk og væru svolítið leiðandi í pólitík þar og það yrði þá vonandi eftirsóknarvert að vera formaður þingnefndar t.d. og hafa þar ákveðið forystuhlutverk í stefnumótun, pólitískri stefnumótun, jafnvel frekar en að vera ráðherra, að ráðherrar yrðu þá frekar fagmenn á sínu sviði sem samt nyttu pólitísku trausts meiri hlutans, en hið pólitíska stefnumótunarvald sem sagt ætti jafnvel heima frekar hjá formönnum nefnda. Og ég held að við séum núna að byrja að feta þá leið að færa þingnefndunum og formönnum þeirra ákveðin verkfæri í hendur til að taka svolítið þetta hlutverk að sér og svo verðum við auðvitað að sjá hvort þetta gerist ekki smám saman í praxis, að nefndirnar já noti þessi verkfæri til að efla sig og efla störf þingsins.

Varðandi fimmtu tillöguna, ég er nú aðeins þá búinn að tengja það við þetta sem ég sagði, það er með að ráðherrar víki af þingi. Ég vil gjarnan sjá það að ráðherrar séu sem sagt utan þings, þeir séu ekki valdir úr hópi þingmanna, ég held að það hafi valdið miklum vandræðum hjá okkur að við höfum verið að velja ráðherra úr tiltölulega fámennum hópi þingmanna stjórnarmeirihluta hverju sinni. Segjum að stjórnarmeirihluti hafi 35 þingmann, það þarf að velja 10 ráðherra úr þeim hópi, það er síðan gert eftir ýmsum sjónarmiðum sem hafa ekkert kannski með faglegheit eða tengsl við ráðuneytin sjálf og viðfangsefni þeirra að gera, heldur búsetu og alls konar dreifingarsjónarmið innan þingflokka o.s.frv. sem hefur þá endað í því að við höfum í sumum tilfellum fengið ráðherra sem eru ekki neindir sérstakir sérfræðingar á þeim sviðum sem þeir eru að fara inn í. Og í nútímaþjóðfélagi með þeim flækjum sem í því eru þá er þetta ekki endilega orðið hyggilegt lengur, þótt þetta hafi kannski verið hægt fyrir 50-100 árum, að menn gátu kannski sett sig inn í málaflokka tiltölulega hratt. Í dag er það orðið miklu erfiðara.

Þannig að alla vega mín hugmynd eða ósk væri sú að við þróuðumst smám saman í þá átt að það væri meira um utanþingsráðherra og þeir væru valdir meira á faglegum forsendum en auðvitað svona með pólitísk tengsl og traust meiri hlutans sem þeir starfa fyrir á þingi.

Varðandi síðan, svo ég vendi aðeins kvæði mínu í kross, og þá varðandi sjöttu tillöguna, upplýsingaréttur fjárlaganefndar. Mig langar bara rétt til að benda á að við erum þar með orðalag frá stjórnlaganefnd sem grunn en við breytum því. Stjórnlaganefnd var með mjög víðtæka tillögu um að menn gætu, eða fjárlaganefnd gæti krafist hvers kyns upplýsinga um fjárreiður þeirra aðila sem fá peninga frá ríkissjóði. Okkur fannst nú þetta vera fullvíðtækt og gæti þýtt það að ef að, segjum einhver góðgerðasamtök úti í bæ fengju 100.000 kr. einhvern tímann að þá væri hægt að biðja um allt bókhald þeirra og visa-nótur og alle græjer þannig að við sögðum nú hér: fá framlög úr ríkissjóði um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár. Okkur fannst ástæða til að draga örlítið úr þarna því sem stjórnlaganefnd ætlaði að gera.

Nú, varðandi upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart þingi þá erum við þarna, bara rétt til að skýra hornklofana þarna þar sem stendur í tillögunni innan hornklofa: nema leynt skuli fara samkvæmt lögum. Við eigum aðeins eftir að fá það lagalega á hreint hvort sérákvæði um persónuvernd og annað slíkt gangi ekki hvort sem er framar þarna þannig að þetta yrði jafnvel óþarfi, að hafa þessi orð sem þarna eru innan hornklofa. Það á bara eftir að skoða það betur lagalega.

Nú, svo bara rétt í lokin að þá níunda tillagan um skipun embættismanna, þar vek ég athygli á í fyrsta lagi því að við gefum þarna aukna áherslu miðað við valkost stjórnlaganefndar á þá grein að við skipun manna í embætti skuli einungis líta til hæfni og mál-efnalegra sjónarmiða. Þetta er að sjálfsögðu mjög mikilsverð nýbreytni sem ég held að sé til mikilla bóta, að fá þetta inn í stjórnarskrá. Þetta er m.a. að sænski og finnskri fyrirmynd og þetta er í fleiri stjórnarskrám sem við höfum litið til og er í raun og veru sjálfsagt mál að mínu mati. Þannig að við gefum þessu aðeins auknið vægi frá því sem stjórnlaganefnd hafði upprunalega lagt til. Síðan er allt í lagi að benda á það að í núverandi stjórnarskrá og í tillögu stjórnlaganefndar var málsgrein sem var svona:

„Forseti getur flutt menn eða vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það, enda missi þeir einiskis í embættistekjum sínum.“ Það sem við höfum skoðað þetta mál bendir allt til þess að þetta sé einfaldlega orðin úrelt grein og við, þess vegna fellum við hana burt. Ef annað kemur í ljós, að þetta valdi mikilli röskun á högum manna þá munum við skoða það betur en við sjáum að svo komnu máli ekki að það sé nokkur þörf á þessari grein, hún sé eins og ég seg þess barn sins tíma. Þetta er nú það sem ég vildi sagt hafa og þakka gott hljóð.

AT
Þakka þér fyrir, Vilhjálmur. Lýður Árnason, gjörðu svo vel.

LÁ
Já, kæra ráðsfolk og viðstaddir og heima líka. Grein nr. 4, þarna um frumkvæðisréttinn, þetta er líklega sú grein sem kannski skiptir sköpum þannig, sem segir til um það að alþingismenn muni hafa frumkvæði að frumvörpum en ekki framkvæmdarvaldið, ráðherrar eins og verið hefur nú. Þetta held ég að sé mjög mikil grundvallarbreyting og við eigum að fagna henni. Varðandi ráðherrana hins vegar, þeir eru svona hálfgerðir vandræðagemlingar í þessu. Eins og við höfum séð hvernig menn hafa hagað sér, þá hafa þeir eiginlega, þingmenn verið að nota ráðherradóm eins og nærbuxur, allir vilja prófa þær. Þetta hefur bara skapað mikinn vanda. Já, þannig hefur þetta bara verið. Og við sjáum að þetta kemur verulega niður á stefnumótun, við erum búin að vera með held ég þrjá eða fjóra eða fimm heilbrigðisráðherra núna á mjög stuttum tíma og stefnumótunin er austur og vestur og norður og niður. Ég held að þetta sé alveg stórkostlegt vandamál, við fáum enga samfellu í þeirra störf. Ég myndi vilja sjá þetta ganga lengra þannig að þessi ráðherrabíkar væri færður úr höndum þingmanna, þá fyrsti myndi held ég Alþingi fá fulla virðingu. En meðan þetta er keppikefli þá verður þetta eins og við höfum verið að horfa á.

Og það myndi líka tryggja annað, ef þjóðin myndi kjósa framkvæmdarvaldið beint, ég held að það yrði miklu meiri líkur á að við fengjum einhver faglegheit í þetta. Það hefur stórlega skort að mínum dómi. Það er auk þess krafa frá þjóðfundi að auka aðskilnað lög-gjafans og framkvæmdarvalds. Það er líka krafa um valddreifingu og ég held það líka að við myndum fá miklu meiri svona alvörusamvinnu milli ráðherra og þingmanna ef þetta væri hvort úr sinni uppsprettunni, þetta væri ekki samrassafyrirbæri. Þannig að mín svona tillaga er sú að við skoðum þetta bara betur og höfum það svona kannski að leiðarljósi að fara þessa leið sem Eiríkur Bergmann var að nefna hérna áðan í ræðu sinni, að kjósa bara framkvæmdarvaldið beint. Að öðru leyti þá fagna ég mjög þessum tillögum. Takk.

AT

Þakka þér fyrir, Lýður. Dögg Harðardóttir, gjörðu svo vel.

DH

Formaður og ágætu ráðsfélagar. Ég vil fagna sérstaklega hversu afdráttarlaus 9. gr. er þar sem segir:

„Við skipun manna í embætti skal einungis líta til hæfni og málefnalega sjónarmiða.“ Ég held að þetta sé í takt við vilja þjóðarinnar og skipti máli. Mig langar að spyrja aðeins út í grein nr. 7. Þar stendur: „Ráðherra er skylt að veita Alþingi ... upplýsingar ...“ Svo kemur í næstu setningu: „Þingmenn eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra ...“ Er þetta viljandi, er þetta óvart? Af því að þetta er tvítekið, ég veit að þetta var frá, þetta var að tillögu stjórnlaganefndar, en mig langar til þess að benda ykkur á að það er í rauninni óþarfi að skrifa þetta tvisvar hvort með sínu orðalaginu. Svo vil ég taka undir þetta sem hann Lýður var að segja. Tíð ráðherraskipti hafa valdið, já, ég veit ekki hvort ég á að segja vandræðum í ráðuneytunum þegar það eru að koma nýir ráðherrar með ný stefnumál og stefnan sem kannski, eða málefni sem hafa verið á dagskrá og hefur verið fylgt eftir, allt í einu kemur einhver ný stefna þannig að þetta er málefni sem þarf að taka á. Og svo vil ég bara gleðjast yfir þessu skemmtilega orðfæri hans Lýðs, að þingmenn nota ráðherra eins og nærbuxur. Við skulum bara setja þetta á Facebook.

AT

Þakka þér fyrir, Dögg. Íris Lind Sæmundsdóttir, gjörðu svo vel.

ÍLS

Já, takk kærlega fyrir. Formaður, kæru vinir og félagar og þið sem eruð í salnum og þið sem heima sitjið. Mig langar að þakka Katrínu Fjeldsted fyrir frábæra framsögu og mjög flottar tillögur. Mig langaði að gera athugasemd við eina grein, það er 3. gr., þar sem fjallað er um þingnefndir og hlutverk þeirra. Þar segir í 2. setningunni: „Alþingi kýs fjárlaganefnd, eftirlits- og stjórnskipunarnefnd, utanríkismálanefnd og aðrar nefndir til þess að fjalla um þingmál.“ Ég er svona svolítið hrædd við að vera að tilgreina eina nefnd umfram aðra í stjórnarskrá, sem sagt eina fastanefnd umfram aðra þannig að viðkomandi nefnd sé veitt ákveðin stjórnskipunarleg vernd umfram aðrar nefndir og er kannski hrædd um að við séum að gefa það til kynna að viðkomandi nefnd sé öðrum nefndum æðri og að

málaflokkurinn sé mikilvægari en aðrir málaflokkar sem nefndin hefur til umfjöllunar. Ég get fallist á að sumar nefndir fari með málaflokka sem eðli málsins samkvæmt eru afar sérstakir og kannski gangi þvert á allar nefndir og alla þá málaflokka sem þingið er með til umfjöllunar, og t.d. fjárlaganefnd. Að vissu leyti mætti sama segja um eftirlits- og stjórnskipunarnefnd en varðandi svona einstaka málaflokka þá er ég svolítið hrædd og gæti svona kannski frekar lyft málaflokki upp á annað plan, ég veit það ekki, með því að tilgreina þá sérstaklega bara í stjórnarskránni. Við þurfum bara kannski að passa okkur sérstaklega á því að nefndirnar séu kannski ekki merkilegri en aðrar en muni verða metnar þannig. Að öðru leyti hjartans þakkir og gangi ykkur vel með framhaldið. Þetta er gríðarlegt verkefni.

AT

Þakka þér fyrir, Íris Lind. Þá talar Guðmundur Gunnarsson næst, gjörðu svo vel.

GG

Takk fyrir. Samráðsmenn, þeir sem fylgjast með störfum okkar. Við erum komin hér eins og hefur komið fram inn á vettvang sem skiptir gríðarlega miklu máli og ég þykist vera viss um að flestir hafa velt einmitt þessu fyrir sér sem við erum að tala um núna. Öll umræða er pólitísk, hún er mat á aðstæðum og er umræða um stöðuna hverju sinni í raun og veru það sem skilur okkur frá öðrum lífverum hér á þessum hnetti. Pólitísk umræða er á undanaldi og hefur vikið fyrir sérhagsmunum fjármálanefndarinnar. Samfara þessu hefur maðurinn í vaxandi mæli orðið að hlutlausum móttakanda. Við sjáum einstaklinga hugsunarlaust ástanda hrifsum af græðgi sem endurspeglast af fullkomnu tillitsleysi í garð náungans.

Við upplifum okkur sem neytendur hvert í sínu horni og njótum minni samveru við aðra. Þeim samskiptum og hlutlægu mati sem pólitísk umræða kallar á er, hefur verið sífellt verið að hverfa og við erum í sjálfu sér að nálgast, eins og ég sagði áðan, aðra sem eru á þessum hnetti og minnka það sem skildi okkur frá hinum.

Stjórnmalámennt hafa undanfarna áratugi stefnt markvisst að því að gera sig óþarfa, losa sig undan allri ákvarðanatöku með afreglun og ábyrgðarleysi. Það eru stjórnvöld sem setja lög og eiga að fylgja þeim eftir og verja stöðu almennings. Það var ríkið sem brást almenningi og lagði til hliðar samkennd og jöfnuð en lét markaðshyggjuna ráða för. Ef fylgst er með umræðu á Alþingi kemst maður ekki hjá því að velta fyrir sér hvort það sé afleiðing eða hvort sé orsök. Hafa þingmenn gefist upp á því að eiga vitræna umræðu á hæstvirtu Alþingi eða hefur umræðan á Alþingi þróast með þessum hætti sökum þess að þingmenn þekkjá fullkomið tilgangssleysi gagnvart fjármálanefndinni og ráðherraráðinu.

Við verðum reglulega fyrir efnahagshruni og það síðasta er nýafstaðið. Spilapeningarnir eru jú enn á borðinu og fjárhættuspilararnir eru jú enn í spilavítinu. Þeir viku aðeins úr salnum um tíma. Í dag sjáum við að þeir ætla engu að breyta og vilja fá áfram sína bönusta og premiur. Sömu menn eru enn að störfum í greiningardeildunum þó svo að allt sem þeir greindu og allar þeirra spár reyndust rangar. Enn greina þeir á sömu forsendum og gefa út spár. Allt er til reiðu og

spilararnir geta gengið í salinn hvenær sem er og hafið fjárhættuspilið aftur og stefn í næsta hrun. Miðað við óbreytta stöðu þá er óhjákvæmilegt að svo verði. Allt byggist á keppni en þessi keppni getur ekki leitt til annars en að þau samfélög sem byggð voru á síðustu öld munu hrynja. Þeim er fórnað á altari samkeppninnar, það vantar lög sem tryggja hagsmuni almennings gagnvart fjármagnseigendum. Það verður að setja alþjóðlega stjórn á kerfið sem tekur mið af heildarhagsmunum. Það þarf að skilgreina upp á nýtt hver markmiðin eigi að vera.

Kerfið eins og það er nú tekur ekki mið af hagsmunum almennings. Hann er réttindalaus. Það eru fyrirtækin sem stjórna ríkisstjórnunum með sína hagsmuni í fyrirrúmi og þar koma stjórnmalatengslin eins og þið voruð að tala um áðan ýkt inn. Samspil þessara aðila velur þau kjör sem launamönnum er boðið upp á. Þau viðhorf sem höfð voru að leiðarljósi við uppbyggingu samfélaga hafa glatast og viðhorf fjármálanna hafa tekið við. Barnaþrælkun eykst, mansal viðgengst sem aldrei áður, kynlífsþrælkun vex, réttindalausum farandverkamönnum fjölga og hungrið í heiminum vex. Vatn er að vera söluvara og það er kominn verðmiði á rigninguna. Nú þarf að rækta samskiptatæknina og hina pólitísku umræðu sem við erum jú að reyna að gera hér. Og við þurfum að reyna að ná stöðu okkar aftur sem við höfðum. Þeir sem hafa komið sér fyrir í valdastofnunum verjast breytingum með öllum tiltækum ráðum, stjórnmalakefið hefur verið sjálfbært undanfarið ár og viðheldur sjálfu sér í lokuðu umhverfi. Þeir sem koma nýir inn verða umsvifalaust að samsama sig settum leikreglum, annars verða þeir undir og eru einangraðir og hraktir á dyr.

Kalla verður fram ný og fjölbreytt viðhorf sem verða að fá svigrúm til þess að þróast og verða það endurlífsgandi afl sem getur rofið þá kyrrstöðu sem stjórnmalin hafa skapað. Í núverandi kosningakerfi er vel liðlega helmingur þingmanna sjálfkjörinn. Það verður að veita þingmönnum meira aðhald. Frá þjóðfundinum hefur komið ákall um að tekið verði á þessu. Fólkið vill auknið vald. Það á að birtast í því að margir komi saman og taki ákvörðun að undangenginni pólitískri umræðu. Við þurfum lýðræðisbyltingu og að rjúfa þau völd sem efnahags- og fjármálaöflin hafa tekið sér. Þau viku samfélagslegum gildum til hliðar og settu verðmiða á náttúruna, og umhverfið er sett á útsölu. Beint lýðræði hefur orðið að klisjukenntri fullyrðingu sem hefur tekið á sig þá mynd að vera tilfærsla valds til þeirra sem auðinn hafa og völdin. Forseti Íslands hefur þróað stjórnskipun á grundvelli eigin túlkunar og þróað sjálfstæða ábyrgðarleysiskenningu. Hann hefur gert sjálfan sig að sjálfstæðri valdastöð, hann ræður því hvort löggjöf er sett með aðferðum fulltrúalýðræðisins og á grundvelli þingræðis eða með beinu lýðræði í þjóðaratkvæði. En hvorki forseti né ríkisstjórn eiga að taka afleiðingum þess að tapa í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Forsetinn hefur einnig gefið út margs konar yfirlýsingar í nafni Íslands þar sem hann hefur túlkað marga hluti að eigin hætti. Enginn ber stjórnskipulega ábyrgð á yfirlýsingum hans, hvorki gagnvart Alþingi né öðrum þjóðum. Túlkun hans er nýmæli í íslenskrari stjórnskipun, þjóðfundur hefur lagt áherslu á að skera þurfi úr um framtíð forsetaembættisins, viðhorf eru uppi um það að forsetaembættið verði lagt niður eða hið gagnstæða verði gert og tilvist þess tryggð og málskotsrétt-

urinn til þjóðarinnar tryggður. Þetta kallar á að í nýrri stjórnarskrá verður að fjalla um forsetann, ráðherra og framkvæmdarvaldið og setja mun skýrari reglur um um athafnir allra þessara aðila. Á þessu hefur verið tekið í þeim tillögum sem eru hérna frammi og eru til umræðu og verða til umræðu núna næstu vikuna a.m.k. Og þetta er eins og ég sagði í upphafi, skiptir gríðarlega miklu máli um það að við náum þeim markmiðum sem fólk ætlast til þess að við gerum, og það var þess vegna sem við vorum kosin hingað.

AT

Þakka þér fyrir, Guðmundur. Þá tekur til máls Ástrós Gunnlaugsdóttir.

ÁG

Já, takk. Ágætu félagar, þeir sem eru hér og þeir sem eru heima. Mig langar að byrja á að þakka Katrínu Fjeldsted fyrir flotta framsögu um vinnuna okkar. Svo langar mig að minnast á ræðu bæði Eiríks og núna Guðmundar. Mér finnst óþarfi kannski að vera að endurtaka allt sem þeir sögðu en ég er hjartanlega sammála ykkur báðum. Ég held að það sé alveg ofsalega mikilvægt, sérstaklega eftir þá atburði sem hafa dunið á okkar samfélagi, að við aukum virðingu og komum aftur á þessari væntumþykju þjóðarinnar gagnvart stjórnvöldum, og þar á meðal Alþingi. Mig langar aðeins að koma inn á spurninguna frá Dögg varðandi 7. gr. með Alþingi og svo þingmenn. Með Alþingi er átt við að meiri hluti þingmanna geti tekið sig saman og krafist ákveðinna upplýsinga, þá skjöl eða skýrslur um málefni sem undir ráðherra heyra, og svo þingmenn, er þá einstaka þingmaður á rétt á þessum upplýsingum þá líka. Þannig að þetta er í rauninni hvort sitt en við þurfum bara að kanna það hvort það sé þörf að hafa bæði. Svo það sem Íris Lind var að tala um varðandi að við tilgreinum allar nefndirnar í lið nr. 3. Hugmyndin á bak við það í nefndinni hjá okkur var að þessar nefndir sem eru tilgreindar eru nefndir sem hafa, er fjallað um í sérstökum greinum í stjórnarskránni. En það er bara eins með það og annað, við þurfum bara að fara yfir það og sjá hvort það sé nauðsynlegt að tilgreina það þarna eða hvort það sé nóg að þær hafi þá bara sérstakar greinar. Annars vil ég bara þakka fyrir góðar athugasemdir.

AT

Þakka þér fyrir, Ástrós. Þorvaldur Gylfason, gjörðu svo vel.

ÞG

Já, formaður, góðir ráðsfulltrúar. Mig langar að þakka nefnd B fyrir þrygilegar tillögur og lýsa ánægju með þær. Mig langar að gera örfáar og örstuttar athugasemdir, fyrsta þetta: Í 2. gr. stendur: „Alþingi kys sér forseta með 2/3 hlutum atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils.“ Ég veit að þessi tillaga um aukinn meiri hluta við kjör forseta Alþingis er ættuð úr tillögum eða hugmyndum stjórnlaganefndar og hugsunin sem býr að baki þessu ákvæði, um aukinn meiri hluta, er sú að þá sé meiri samstaða um forsetann en þetta getur snúist upp í andhverfu sína ef ófyrirleitinn stjórnarandstaða kemur í veg fyrir kjör þingforseta. Þess vegna langar mig að hvetja nefndina til þess að hugsa vandlega um það hvort einfaldur meiri hluti

eins og hefur tíðkast allan lýðveldistímamann og lengur sé ekki heppilegra fyrirkomulag, þ.e.a.s. komist ekki nær tilganginum sem er að koma í veg fyrir sundrunu á Alþingi og veika stjórn. Næsta atriði er þetta, í 3. gr. eru tilgreindar þrjár nefndir Alþingis. Og ég tek undir með Írisi Lind Sæmundsdóttur, ég hygg að það væri heppilegra að nefna ekki tilteknar nefndir á nafn, þótt ekki væri nema vegna þess að það er hugsanlegt að það þurfi að endurskipuleggja nefndir Alþingis, bara alveg eins og Stjórnarráðið er í stöðugri endurskoðun. Það er t.d. hugsanlegt að einhvern tímann í ekki mjög fjarlægri framtíð þætti heppilegt að sameina fjárlaganefnd og efnahagsnefnd Alþingis. Þá gæti ákvæði af þessu tagi í stjórnarskránni þvælst fyrir mönnum. Ég held að það sé hægt að endurskrifa þennan texta alveg án þess að breyta efnislegu inntaki hans, án þess að tilgreina þingnefndir.

Í 5. gr. stendur:

„Sé alþingismaður skipaður ráðherra viku hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embætti ...“

Þessu ákvæði fagna ég mjög, enda er það í skýru samhengi við hugmynd, eða réttara sagt kröfu þjóðfundarins. Og þetta ákvæði er mjög til þess fallið að skerpa skilin milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds, það er tilgangurinn, og þessu ber að fagna.

Í 6. gr. stendur:

„Fjárlaganefnd Alþingis getur krafði stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra sem fá framlög úr ríkissjóði um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár.“

Þetta er allt saman alveg þrýðilegt nema mér finnst að heimildina eigi ekki að binda við fjárlaganefnd Alþingis heldur bara nefndir Alþingis. Og þá sláum við tvær flugur í einu höggi, þ.e.a.s. nefndir Alþingis verða þá jafn réttáhar allar og þá komumst við hjá því að nefna fjárlaganefndina sérstaklega á nafn.

7. gr. fjallar um skyldu ráðherra til þess að veita Alþingi eða þingnefnd allar umbeðnar upplýsingar og skjöl og skýrslur. Það er gott og það rímar mjög vel við það ákvæði um gegnsæja stjórnsýslu sem við í nefnd A munum kynna í næstu viku. Ég fagna samræminu sem þarna er milli starfsins í nefnd B og í nefnd A sem fjallar um mannréttindabálkinn allan.

Tvö atriði enn, í 9. gr. stendur: „Við skipun manna í embætti skal einungis líta til hæfni og málefnalegra sjónarmiða.“ Þetta er mjög gott og þetta rímar vel við viðbótina í 2. gr. mannréttindakaflans sem Illugi Jökullsson gerði svo þrýðilega grein fyrir í ræðu sinni fyrr í dag. Þar er lagt í fyrsta skipti blátt bann við mismunun vegna stjórnmatatengsla og síðan kemur áréttingin hér: „Við skipun manna í embætti skal einungis líta til hæfni og málefnalegra sjónarmiða.“ Tilefni til þess að stjórnlaganefndin lagði okkur þennan texta til og ástæðan til þess að það er einhugur, þykist ég vita, í nefnd B og vonandi ráðinu öllu um þetta, öll þessi tilefni eru mjög skýr í sögu landsins, bæði nýliðinni sögu og eins ef við lítum lengra aftur í tímann.

Að endingu þetta, lokamálgreinin í 9. gr. segir: „Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara.“ Þetta er einnig til mikilla bóta því að í núgildandi stjórnarskrá stendur:

„Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt.“ Núgildandi ákvæði er of þröngt. Ákvæði sem nefnd B stingur upp á opnar þann möguleika að þegar svo stendur á sé frjálst að leita út fyrir landsteinana að hæfum mönnum til þess að gegna

embættum á Íslandi og það tel ég vera til mikilla bóta og í anda þess góða starfs sem nefnd B hefur unnið. Takk fyrir.

AT

Þakka þér fyrir, Þorvaldur. Katrín Oddsdóttir, gjörðu svo vel.

KO

Já, takk fyrir. Og takk, kæra nefnd B. Þið eruð búin að vera mjög dugleg greinilega frá því í síðustu viku. Flott hjá ykkur. Mig langar til að koma með nokkrar athugasemdir, ætla að reyna að hafa þær stuttar. Í fyrsta lagi þá finnst mér í sambandi við 2. gr., þá átta ég mig ekki alveg á því af hverju þið viljið endilega takmarka þingforsetastólinn við alþingismenn. Ég held að það væri til bóta að hafa a.m.k. möguleika á því að aðrir gætu tekið að sér þetta starf. Og af því að allt það sem er óþarfi er takmarka er gott að gera það ekki.

Nú, annað sem mig langaði til að segja, það er svolítið í samhengi við það sem Ómar sagði áðan vegna þess að þetta er svo rosalega brýnt starf sem þið eruð að vinna sem felur í raun og veru í grunninn í sér aðskilnað valdsins, framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Ómar segir: Ókei, þetta kemur kannski ekki í veg fyrir það að ráðherra mæti allt í einu niður á Alþingi með eitthvert tilbúið frumvarp og setji það í nefndina en við þurfum að koma í veg fyrir það einhvern veginn. Og þá kannski er gott að víkja aftur að því hvað er stjórnarskrá, annars vegar þessi framtíðarsýn einmitt að samfélagi sem okkur lagnar svo til þess að mynda og hins vegar er þetta svona eins og IKEA-bæklingur fyrir samfélagið. Hvernig gerum við þetta, hvernig setjum við þetta allt saman saman og hvernig virkar þetta?

Og þar er aðferðafræðin og þegar lög eru samin þá er ákveðin aðferðafræði sem á að beita og ég spyr: Getum við ekki sett inn ákvæði sem kveður á um lágmarks-kvaðir í sambandi við að aðferðafræðin verði uppfyllt, þ.e.a.s. að það verði samráð og það verði rannsókn í byrjun um mótun mismunandi valkosta? Og svo verður metið hvaða áhrif hver og einn valkostur hefur, það sé bara svona imprað á þessum helstu eiginleikum sem góð lagasmíði hefur. Og þannig sé í raun og veru tryggt að það sé ekki hægt að koma allt í einu inn með eitthvert skjal sem hefur bara verið unnið einhvers staðar annars staðar – án samráðs og án þess að það hafi verið farið í þessa grunnvinnu sem hefur alltaf skort upp á hérna á Íslandi og hefur m.a. valdið því að hér eru lög mjög oft andstæð stjórnarskrá sem gerist nú mjög sjaldan í nágrennaríkjunum. Þannig að þetta held ég að, þó að þetta standi ekki í skýrslu stjórnlaganefndar þá er þetta ein aðferð sem hægt er að nota og ég hvet ykkur til að skoða hana.

Annað sem tengist dálítið því sem Vilhjálmur kom inn á áðan, og það er með stefnumótunina. Það er eitt af því sem veldur því að löggjafinn er svona veikur, held ég, á Alþingi að það er ekki kveðið á um stefnumótun. Ef það er ekki nein stefna þá verða hlutirnir bara fálmkenndir og hipsúmhaps og þess vegna er þetta allt svo ósamstætt og skarast og annað. Ég spyr: Væri hægt að setja einhvers konar hugmyndir um það í stjórnarskrána að á ákveðnum lykilsviðum samfélagsins skuli vera stefnumótun til langs tíma? Henni má breyta og hana má móta en hana skal setja fram. Af því að þannig held ég að það sé auðveldara að láta lög-

gjöfina harmónisera og að Alþingi verði sterkara af því að það er ljóst í hvaða átt það er að fara.

Og að lokum langar mig til að segja svona almennt, hún þvælist fyrir mér, þessi rökræða og orðræða um hvað á að vera eftirsóknarvert af því að það er alltaf tengt valdinu. Ég er ekki alveg að fíla þetta. Það er sagt: Já, nú er eftirsóknarvert að vera ráðherra, við ætlum að gera frekar eftirsóknarvert að vera nefndarformaður. Við skulum hafa það alveg á hreinu að vald spillir og vald valdsins vegna ætti ekki að vera eftirsóknarvert, hvert svo sem þið færið það. Þannig að ég hvet ykkur til að halda áfram að reyna að dreifa valdinu en munum að það breytir ekki eðli valdsins þótt þið dreifið því eða færið það. Þar af leiðandi væri ég mjög glöð ef við mundum hætta að tala um að það sé svona eftirsóknarvert að vera með vald af því að það er eiginlega ranghugmynd. Það hefur verið valdur að því sem hefur átt sér stað hérna, að fólk sækist eftir völdum bara út af því að það vill fá völd. Og ég tek undir með Ómari sem segir: Embætti er komið af orðinu ambátt, reynum svolítið að koma því aðeins inn aftur í staðinn fyrir hitt. Við skulum ekki taka þátt í þessari heimskulegu orðræðu. Einmitt hugsum þetta sem notaðar nærbuxur. Hver vill vera í notuðum nærbuxum af einhverjum öðrum? spyr ég. Ég ætla að fá að bæta því við þessa nærbuxnalíkingu hans Lýðs, það er akkúrat það sem þetta er, valdið er einhverjar skítugar nærbuxur og við þurfum helst að reyna að þvo þær sem oftast og láta sem fæsta misnota þær einhvern veginn. Takk.

AT

Þakka þér fyrir, Katrín. Þórhildur Þorleifsdóttir, gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já, ágætu ráðsmenn og -konur og aðrir tilheyrendur. Það er búið að gera þessu ágætlega skil, bæði formaður nefndarinnar og aðrir félagar mínir í B-nefnd, og ég ætla aðeins að gera nokkur atriði hér að umræðuefni.

Eins og Eiríkur kom svo vel inn á þá hafa völdin færst með óeðlilegum hætti, eða óeðlilega mikið, frá löggjafarvaldi til framkvæmdarvalds og við höfum það verkefni að reyna að færa það til baka. Og að því miða þessar tillögur. En með auknu valdi löggjafarvaldsins þá eykst líka ábyrgð þess því að vandi fylgir vegsemd hverri. Og því eru, þessar tillögur okkar flestar miða að því, þær sem komnar eru á blað, að kalla menn til samvinnu, samráðs og ábyrgðar. Það er eiginlega megininntak greinanna. Og vil ég þá fyrst nefna þetta að kjósa forseta með auknum meiri hluta, þ.e.a.s. 2/3 hluta atkvæða. Nú, þingmenn stæðu þá andspænis þeim kosti að verða sér til skammar á fyrsta degi þingsins ef þeir geta ekki komið sér saman um kjör forseta. Við leggjum þingmönnum þá skyldu á herðar að gera það. Og þess vegna m.a. er þetta ákvæði um, sem hljóðar hér svo:

„Sitji forseti ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á ...“ Þá náttúrlega erum við líka þá að opna fyrir það að samkomulagið geti þá falist í því að það sé hægt að skipta um forseta á kjörtímabilinu. Það gæti þá orðið hluti af samkomulagi og þar með gætu allir unað sáttir við sig og þyrftu þá kannski að sitja á strák sínum hálf kjörtímabilið og fá frekar útrás seinni hluta kjörtímabilsins. Ég held að þetta sé lykilatriði

í því að koma á vinnufriði og virðingu fyrir störfum þingsins, að forseti sé kjörinn með þessum hætti. Ég er alls ekki sammála Katrínu Oddsdóttur að það eigi að sækja forseta þingsins út fyrir raðir þingmanna, ég held að það sé mjög mikilvægt að hann njóti virðingar í einmitt röðum þingmanna og komi úr þeirra hópi, þekki störf og líf vel.

Nú, varðandi nefndirnar vil ég nú taka undir með ýmsum hérna, ég kysí sjálf að þær væru ekki nefndar með þessum hætti hér, ég tel að það auki mikilvægi einhverra nefnda á kostnað annarra og geri einhverjar nefndir eftirsóknarverðari heldur en aðrar. En ég geri nú ekki stórmál úr því.

Það að frumvörp og önnur þingmál eru undirbúin og um þau fjallað í þingnefndum er auðvitað þetta lykilatriði, að þar fer, þangað ráðherra að beina málum vilji hann, óski hann eftir frumvarpi eftir eitthvert málefni þá verður hann að senda það til nefndarinnar og biðja nefndina að semja viðkomandi frumvarp. Það tryggir, eins og við höfum talað um, það tryggir umræðu allra, bæði minni og meiri hluta, um frumvarpið á samningsstiginu og getur þá, og forðar þá því að menn geti komið af fjöllum og, eða þóst koma af fjöllum, og brugðist við frumvörpum sífellt með þeim orðum að þeir hefðu gert þetta allt öðruvísi. Þeir hafa þá haft tækifæri á leiðinni til þess að koma sínum sjónarmiðum að, þeir geta skrifað greinargerðir með frumvörpunum sem fylgja þannig að það kallar minni hluta til mikillar ábyrgðar og það kallar líka meiri hluta til ábyrgðar að hlusta á minni hlutann.

Þeir geta þá ekki sagt að þeir hafi ekki heyrt þessa tillögu fyrir.

Það að ráðherra geti farið til nefndarinnar með fullmótað frumvarp, auðvitað er ekki hægt að koma í veg fyrir það, en þetta fyrirkomulag tryggir að það verður þá a.m.k. að taka frumvarpið, menn verða þá a.m.k. að láta sem það sé samið í nefndinni og það tryggir umfjöllun um frumvarpið innan nefndarinnar. En auðvitað verða dæmi um þetta, það segir sig sjálf. Við erum ekki svo barnaleg að okkur detti í hug að ráðherrar semji ekki stundum frumvörp. En hann verður þá að leyna því og nefndin að semja það. Nú, varðandi ráðherra og að þeir víki af þingi, þá er það líka eitt af þessum lykilatriðum. Sjálf kysí ég að, það er kannski ekki, það er ekki meirihlutaskoðun í nefndinni en sjálf kysí ég að þeir þyrftu þar með að segja af sér þingmennsku og ættu því aðeins afturkvæmt á þing að þeir yrðu kjörnir í næstu kosningum, eða byðu sig fram og yrðu kjörnir í næstu kosningum. Það er ekkert sem getur komið í veg fyrir það. Ég vildi líka að það væri takmarkaður setutími við tvö kjörtímabil.

Allt myndi þetta stuðla að því að ráðherraembætti yrði ekki lokatakmark og óskadraumur allra þingmanna. Það er erfitt stundum að tala um vald, ég er nú ekki tilbúin að kaupa alltaf, þrasa sko að vald spilli, það er líka áhugavert að hugsa til afstöðu fólks til valdsins. Ef vald spillir þá er það líka vegna afstöðu okkar hinna til valds. En það er nú svona kannski heimspekilegri umræða sem ekki á að fara að taka upp hér. En þó að, en við þurfum að undirstrika mikilvægi, þ.e.a.s. mikilvægi þess að vera þingmaður eða þingkona, og það sé ekki, það að verða formaður nefndar sé ekki eitthvert lokatakmark heldur hefurðu með þá setu á þingi aðstöðu til áhrifa. Sumir hafa nú orðað það svo í stjórnmálum að þeir séu ekki í stjórnmálum til þess

að safna völdum, til þess að hafa áhrif. Og við skulum vona að það sé, erindi sem flestra inn á Alþingi sé að hafa áhrif á sitt samfélag. Og við erum hér, getum haft hér alls konar hluti til þess að sporna gegn samþjöppun valds og þessar tillögur eru m.a. til þess fallnar. Við vitum það að það skapast hefðir í sambandi við ráðherra, það fylgja stórum kjördæmum, litlum, það verður verður að vera á þessum og hinum staðnum o.s.frv. og allt hefur þetta orðið til þess að í rauninni veikja löggjafarvaldið og í rauninni veikja framkvæmdarvaldið líka, þ.e.a.s. að gera ákvarðanir framkvæmdarvaldsins ómarkvissari vegna þess að þær taka þá oft mið af öðrum hagsmunum heldur en kannski landsmanna. Og þetta myndi, ef ráðherra þyrfti að segja af sér þá myndi það líka ýta undir það að ráðherrar, það myndi ýta undir það að ráðherra yrði ekki svona eftirsóttur, menn þyrftu þá virkilega að taka afstöðu til þess hvort þeir vildu þiggja ráðherra en það myndi líka ýta undir það að ráðherrar yrðu sóttir út fyrir þingið sem mér finnst ekki að eigi að gera að skilyrði en það á svo sannarlega ekki að útiloka það.

Við erum þar ekki komin svo langt í vinnunni að við séum komin að, við höfum vissulega rætt eins og Vilhjálmur gerði hér ágætlega grein fyrir áðan, við höfum auðvitað rætt mikið um stefnumótunarhlutverk nefnda, eða þingsins, en við munum ekki geta útilokað stefnumótun framkvæmdarvaldsins, enda á ekkert að gera það. Þar af leiðandi á þetta í rauninni heima í sérgrein þó að við viljum útiloka ráðherra frá frumvarpgerðinni. Stefnumótun er auðvitað lykilatriði til samfellu í störfum og þetta sem Lýður talar um sem eflaust margir þekkja í mörgum málaflökkum en hefur nú kannski bitnað hvað verst á heilbrigðisþjónustunni, það er að það sé eitt í dag og annað á morgun og það stafar af því að menn hafa ekki stefnumótunarplaggið á ráðherraborðinu þegar þeir mæta þangað, þeir þurfa bara að byrja á núllpunkti. Þannig að stefnumótunarhlutverk þingsins, nefndanna og framkvæmdarvaldsins er auðvitað eitthvað sem ber að ýta undir og styrkja eftir mætti.

Mig langar aðeins í lokin að vitna hér til orða Guðmundar sem varð tíðrætt um áhrif fjármagns og efnahagssjónarmiða í allri umræðunni í samfélaginu og er það nú ekki ofmælt hjá honum og er kannski, bæði þrengir það svið stjórnmála og það rýrir líka alla umræðu, líf og skoðanir í landinu. Hér kom aðeins til umræðu um daginn þegar var verið að ræða um þrískiptingu valdsins sem við vitum öll hver er, þá hafa menn náttúrlega oft nefnt fjórða valdið, fjölmiðlavaldið, en þá var líka nefnt til sögu fimmta valdið, auðvaldið. Og allt í einu fékk þetta orð svona aðra merkingu í mínum huga, allt í einu greindi ég þetta orð í sundur og hugsaði: Já, vald auðsins. Auðvitað hef ég oft hugsað þetta áður en allt í einu sá ég það í öðru samhengi og þess vegna, bæði vegna þeirra ummæla um daginn sem var svo sem ekki gert mikið úr í umræðu og vegna orða Guðmundar líka, að þá held ég að það væri ekkert óverðugt verkefni fyrir þessa samkundu hér að reyna að stemma á einhvern hátt stigu við einokandi valdi fjármagns og auðvalds í landinu. Takk fyrir.

AT

Þakka þér fyrir, Þórhildur. Það var hugmynd okkar að freista þess að ljúka hér fundi á skikkanlegum tíma í dag og tala ekki um þetta mál kannski mikið lengur en

einn og hálfan tíma að sinni. Þetta fer nú til nefndarinnar. En eigi að síður, við höldum ótraud áfram og ég ætla ekki að loka mælendaskrá alveg strax en næstur talar Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Takk. Kæru félagar, aðrir áheyrendur. Ég þakka formanni nefndarinnar, Katrínu Fjeldsted, fyrir góða framsögu og fagna góðum viðtökum við tillögum okkar í B-nefnd og þakka góðar ábendingar. Það sem við erum ekki farin að ræða í grunninn í nefndinni er hvort hér eigi að vera þingræði eða forsetaræði, það tókum við seinna, en nú erum við alla vega að leggja skýrt til að ráðherraæði sé afnumið eins og Eiríkur o.fl. hafa komið inn á. Og góð, þessi áminning Katrínar Oddsdóttur um ábendingu Ómars um að ambátt og embætti eru samstofna. Það eru ágætar athugasemdir við 4. gr. en þarna er þetta, þarna er kjarninn í okkar tillögu. Mig langar aðeins að koma inn á nokkur atriði, en þetta með ráðherraæði er auðvitað liður í því sem flestir tala hér um, að dreifa valdi betur.

Varðandi 1. gr. þá vil ég nefna að mér finnst svolítið spennandi að alla vega ræða það hvort við eigum að taka upp hugmynd úr sænsku stjórnarskránni, að þjóðþingið sé meginfulltrúi þjóðarinnar, eitthvað slíkt. Það er ekkert víst að okkur finnst það en það má kannski ræða að ef svo er þá mætti taka það fram. Varðandi kjör þingforseta þá á ég nú, þótt ég reyni oft að hugsa út fyrir kassann þá ég erfitt með að ímynda mér þingforseta sem ekki er þingmaður. Mér finnst það of langsótt hugmynd. Ef það gengur illa að ná saman auknum meiri hluta eins og Þorvaldur kom inn á þá þekkjum við reynsluna af því að það er hægt að lúta stjórn aldursforseta þangað til og við höfum góða reynslu af því.

Mig langar aðeins að verja þessa tillögu hérna í þriðja lið um að nefna þrjár nefndir. Það er ekki af því að við viljum og ekki af því að ég óttast að þær verði þá taldar merkilegri, það er af því að þær hafa stjórnskipulegt hlutverk. Allsherjarnefnd og menntamálanefnd hafa mjög mikilvægt hlutverk, ef þær verða til áfram, og alls ekki slæmt að sitja í þeim ef þingmaður hefur áhuga á þeim málum, en það er ekki stjórnskipuleg þörf á því að nefnd sé einmitt um menntamál en ekki kannski mennta- og velferðarmál, ef menn vilja hafa það þannig.

Það er ekki, já, það er sem sagt hægt að skípa málum með öðrum hætti. En ástæðan fyrir því að tilgreina fjárlaganefnd í fyrsta lagi, það eru einu lögin ef svo má kalla fjárhagstillögur ríkisins sem er skylt að setja. Það eru engin lög sem er skylda samkvæmt stjórnarskránni að setja nema fjárlög og þau eru bundin við eitt ár, það er skilgreint í stjórnarskránni hvers efnis þau eiga að vera o.fl. Þetta er ástæðan fyrir að fjárlaganefnd er þarna. Ef menn vilja síðan sameina hana efnahagsnefnd þá er ekkert því til fyrirstöðu að fela fjárlaganend fleiri hlutverk.

Síðan er það utanríkismálanefnd, það er útbreiddur vilji hér af gefnu tilefni að kveða á um samráðsskyldu ríkisstjórnar við utanríkismálanefnd og þar er komin ástæða fyrir að nefna hana. Það er stjórnskipuleg þörf.

Og síðan er eftirlits- og stjórnskipunarnefndin, það er vel rökstutt í tillögum stjórnlaganefndar hvers vegna slík nefnd eigi að vera til, það er til þess að auka

eftirlitshlutverk og möguleika Alþingis og auka þá ábyrgð handhafa framkvæmdarvalds.

Vaðandi þessa tillögu er hins vegar stærsta vanda- málið sem ég held að við eigum enn eftir að leysa betur og ég held að við þurfum að hitta hreinlega reynda full- trúa úr Stjórnarráðinu til þess að ræða það er það hvar sérfræðingaveldið, eða sérfræðingahópur ríkisins, á að vera starfandi. Ég held að það sé ákveðið vandamál í því fölgði að sérfræðingar af ýmsu tagi lúti boðvaldi ráðherra, jafnvel þó að þeir verði ekki eins valdamiklir og þeir eru núna, en eigi síðan að þjóna þingnefndum við stefnumótun. Við erum að tala um að færa stefnumótun og löggjafarsmíð til þingsins og ég er hlyntur því, en við þurfum að leysa það vandamál, hvort að sérfræðingarnir eru þá lánaðir eða færðir hreinlega varanlega til Alþingis. Það væri dálítið mikil breyting af því að auðvitað er ekkert slæmt, við verðum bara að viðurkenna það að sérfræðingar í Stjórnarráðinu búa yfir mikilli þekkingu, bæði á gildandi löggjöf, forsögu hennar, framkvæmd og þar með göllum hennar, og Evrópuréttinn [svo] sem hefur mikil áhrif á okkar löggjöf. Þannig að ég vil bara minna á það að við þurfum að passa okkur að gera þetta rétt þannig að þetta takist, það sem við ætlum okkur. Ég vil taka undir með Þorvaldi um 6. gr., ég hallast að því að allar nefndir mættu hafa þennan rétt þó að það hafi ágætlega verið rökstutt í nefndinni að fjárlaganefnd njóti þarna sér- stöðu og svo tek ég undir með Þorvaldi að málamið- unin um ríkisborgararéttinn í niundu tillögu er held ég ásættanleg fyrir svona mismunandi sjónarmið í hvora átt sem er. Þá ætla ég ekki að lengja þetta. Takk.

AT

Þakka þér fyrir, Gísli. Næstur á mælendaskrá er Pawel Bartoszek. Að lokinni hans tölu þá loka ég mælenda- skrá. Gjörðu svo vel, Pawel.

PB

Já, kærur vinir. Takk fyrir þessar tillögur, ég fagna þeim. Ég líkt og margir aðrir hér settum það á oddinn í okkar kosningabaráttu að afskilja betur milli fram- kvæmdarvalds og löggjafarvalds og hér eru stigin mjög góð skref í þá átt. Í fyrsta lagi er tekið það skref að ráðherrar víki af þingi sem ég held nú að ansi margir, sem er skref sem ansi margir eru tilbúnir að taka nema kannski þeir sem eru ráðherrar og þeir sem eru þingmenn eða hyggjast verða annað hvort af þessu í náinni framtíð. Nú, næsta, nefndin stígur í rauninni einu skrefi lengra sem er að taka þann rétt ráðherra til að leggja fram frumvörp og það er líka tillaga sem vel má taka undir þó að, að sjálfsögðu, eins og áður þá geta ráðherrar lagt fram, beðið nefnd um að semja frumvarp eða jafnvel lagt fram einhverja tillögu þar að lútandi en við skulum kannski ekki algjörlega útiloka að það geti verið svo galin hugmynd, jafnvel í löndum með mjög sterkt forsetaræði tíðkast það að ráðherrar eða þá framkvæmdarvaldið geti lagt fyrir frumvörp. Þannig að þetta eru góðar tillögur og ég mundi svona, ég veit að það eru margir í ráðinu sem mundu vilja stíga jafnvel lengra og kjósa framkvæmdarvaldið beint. Og ég er sjálfur eilítið skotinn í þeirri hugmynd en góðir hlutir gerast stundum hægt og þessi breyting er þess eðlis að eftir að þetta skref hefur verið stigið er kannski styttra í það, ef mönnum finnst þetta fyrir- komulag ganga vel upp, að ráðherrar séu þá meira

aðgreindir þinginu, þá er svo styttra í það að menn geti séð það beint fyrir sér að þeir verði kosnir beint ef okkur þykir þetta ganga vel. Þannig að ég held að það sé líklegra að svona hugmyndir mundu ná í gegn heldur en ef við mundum fara skrefið alla leið fyrst og reyna þá við eitthvað sem við höfum enga reynslu af hér á landi.

Nú, auk þess er ég ekki endilega viss um að það mundi kannski auka virðingu þingsins frekar ef við mundum skilja á milli framkvæmdarvaldsins og lög- gjafarvaldsins með þeim hætti að kjósa framkvæmdar- valdið beint – ég er ekki að segja að það yrði ekki – en í þeim t.d. fylkjum Bandaríkjanna þar sem, ég heimsótti t.d. hverfi í Massachusetts og þar spurði ég nú menn sem þar til þekktu og þingmenn þar eru ekki þekktir, eini maðurinn í þessu fylki sem er eitthvað þekktur er ríkisstjórinn þannig að það getur haft þau áhrif ef menn kjósa framkvæmdarvaldið beint að þingið kannski fari svona aðeins í aftari, verði ekki lengur í forgrunni.

Nú, hér hefur aðeins verið rætt um þessa 2/3-hug- mynd og ég styð þá tillögu að þetta fari út. Ég mun leggja til breytingartillögu þar að lútandi ef enginn annar gerir það. Ég veit að hugmyndin þarna á bak við er góð en það er ekki hægt að útiloka það að ein- hverjum, stundum getur það verið ákveðnum þing- minnihluta bara gott að þingið verði sér til skammar, stundum geta menn viljað leggja einfaldlega stein í götu starfsins sem er framundan þannig að ég held að það gæti kallað á, ekki endilega betri starfshætti að gera þetta með þessum hætti.

Í neyðartilfellum getum við þurft að hafa einhvers konar þingforseta og þá ef það er mjög klofið þing þá gæti verið hægt að koma í veg fyrir það með þessum hætti. Þannig að ég held að þetta sé góð hugsun en það væri svona öruggara upp á þessi neyðartilfelli í stjórnarskránni að hafa þetta ekki. Þannig að ég styð þessa tillögu og mundi samt kannski ekki vilja ganga mikið lengra í þessari átt að afskilja þarna á milli, annars vorum við komin með betri kosningu eða þá með að tilgreina með einhverjum, leggja meiri stein í götu þess að ráðherra geti með engu móti komið að lagasetningu. Takk.

AT

Þakka þér fyrir, Pawel. Þá hefur mælendaskrá verið lokað en Vilhjálmur Þorsteinsson er næstur. Gjörðu svo vel, Vilhjálmur.

VÞ

Já, formaður og kærur ráðsfulltrúar. Nú, Ástrós, Gísli, Þórhildur sem eru í nefndinni hafa brugðist ágætlega við spurningum sem hér hafa komið fram þannig að ég ætla nú kannski ekki að vega aftur í þann knérunn, en mig langaði aðeins til að bregðast við því sem Kata sagði, Katrín Oddsdóttir, þetta með að vald væri eftir- sóknarvert í fyrsta lagi. Ég vil nú svona reyna að líta þannig á það að fólk bjóði sig fram í stjórn málum af hugsjón, að það vilji breyta þjóðfélaginu til hins betra og vilji þar, já, það komist til áhrifa í þeim tilgangi að þær hugsjónir nái fram að ganga. Og ég er svona að vonast til þess að það verði sem sagt sá vegur sem fólk vilji gjarnan feta með sínar hugsjónir, þ.e. að fara í þingnefnd og jafnvel formennsku í þingnefnd þar sem þess áhugasvið liggur til þess að ná í gegn pólitískum

breytingum og hafa áhrif á stefnu frekar en að það sé einhver framabrátt að verða ráðherra og vera keyrður um í ráðherrabil. Ef við þá einmitt tölum um þetta með stefnumótun og hvernig góð mál verða til þá held ég að það sé um að gera einmitt að horfa á heildarferlið og það heildarferli á að byrja í stefnu, það á að móta orkustefnu eða menntastefnu eða atvinnustefnu, velferðarstefnu o.s.frv. á vegum þingsins og þingnefnda með aðstoð sérfræðinga og í samráði. Sú stefna inniheldur einhvers konar markmið sem menn vilja stefna að almennt talað og síðan einhverjar leiðir sem menn velja hverju sinni. Og þetta held ég að yrði mjög hollt fyrir okkur að svona stefna væri rædd af meiri hluta og minni hluta í þingi og svo uppfærð á tilteknum fresti og myndi bæta pólitíska umræðu. Og þetta er það sem maður er að vonast til þess að þingið geti svolítið tekið, ja, þarna ákveðin verkfæri sem við erum að færa því til þess að fara að vinna svona.

Varðandi síðan það sem ég nefndi með samráðið og Kata nefndi líka, það er skemmtilegt að segja frá því að það er svona samráðsskylduákvæði í sænsku stjórnarskránni þar sem stjórnvöldum hreinlega ber að eiga samráð við aðila sem mál varða. Það eru teknir fram nokkrir aðilar, m.a. sveitarstjórnir og síðan bara einstaklingar og lögaðilar sem mál varðar. Nú, auðvitað er þetta svipað og þingnefndir kannski gera í dag, að leita álit, en mér fyndist vel koma til greina að skoða það að setja hreinlega samráðsskylduákvæði inn í stjórnarskrána að sænskri fyrirmynd. Og annað er þá líka sem við mættum alveg skoða og ég held að B-nefndin sé jákvæð að gera, það er að velja því fyrir okkur hvort við getum sett hreinlega einhvers konar svona stefnumótunarskyldu líka á þingið og þingnefndirnar. Ég held að þó að ég viðurkenni að ég hafi nú ekki séð það í stjórnarskrám nágrannalanda þá finnst mér það, heh, kannski finnst mönnum þetta hálfkjánalegt, að það þurfi að setja slíka skyldu en ég held að reynsla okkar á Íslandi sýni að það veitir kannski ekkert af því og ég held að við ættum að ræða það. Ég efast ekki um að nefnd B mun taka þann þráð lengra. Þetta er það sem ég vildi segja. Takk.

AT

Þakka þér fyrir, Vilhjálmur. Erlingur Sigurðarson, gjörðu svo vel.

ES

Góðir ráðsmenn og ráðskonur og þið sem heima sitjið og eruð hér í salnum. Ég þakka fyrir þessa umræðu, hún er búin að vera góð. Ég myndi vilja gera smáat-hugasemdir og gera grein fyrir minni afstöðu. Það má kannski segja það um 9. gr. að þar ætti að vera vammleysi skilyrðið, ekki mætti skipa aðra en heiðarlega menn í embætti.

Um 5, nei 6, upplýsingarétt fjárlaganefndar, þá held ég að það sé nauðsynlegt að þarna ættu að vera allar þingnefndir, ættu að eiga rétt á þessu. Það er ekki nóg að það séu tiltekin málefni, það fé sem veitt er. Það þarf að hafa meira. Ef þetta eru gjörspilltir aðilar, eins og hafa komið fram, þarf að vera ljós þeirra fjárhagar, að þetta séu ekki fyrirtæki eða aðilar sem hafa farið illa með fé og svikið út af og farið með öðrum hætti illa með fé.

Nú, það eru atriði eða orð hérna sem Lýður kom með sem ég er svolítið hrifinn af, vil endilega koma á fram-

færi þannig að það sé komist á fésbók, það er orðið samrassa, að það séu samrassaaðilar. Þetta vil ég endilega að sé haft í hávegum, verði ekki við samrassaaðilum. En það er svona þegar rætt er um ráðherra, að þá er æðislegt að máta ráðherrastólinn eins og nærbuxur, þá er jafn gott að menn séu ekki eins og einn ágætur sveitungi minn lýsti svilkonu sinni, hún væri ansi lausbróka. Hafið ekki í alvöru heyrt það orð? Það er svona svipað og samrassa.

Nú, ég vil ekki að Alþingi verði stýrt af verktaka. Það er þingforseti, þarf á því að halda að vera sterkur á þingi með þann bakgrunn að hann njóti virðingar og hafi reynslu af þingstarfi. Ég vil gefa honum auknið vægi. Kosningar með auknum meiri hluta gefa honum auknið vægi. Og þá er það með frumkvæði þingnefnda, það er nauðsynlegt að ráðherrar komi með betlistaf til þingnefnda einmitt og biðji þær um að semja mál eða ganga frá málum. Það er alveg bráðnauðsynlegt. Það er atriði að þeir sitji ekki á þingi og ég vil ekki hafa þingnefndirnar taldar upp eins og hérna er gert í 3. gr. Gísli, það er miðað við stjórnarskrána sem við erum að semja, þess vegna er ekki ákvæði í nefndum um þetta, ákvæði um þetta í skrá. Það eru allar þingnefndir sem hafa stjórnskipulega stöðu þegar við erum búin að breyta tillögunni og það á ekki að telja neina þeirra.

AT

Þakka þér fyrir, Erlingur. Það fer vel á því að Katrín Fjeldsted ljúki umræðu undir þessum lið. Gjörðu svo vel, Katrín.

KF

Takk fyrir það, formaður. Það hefur verið farið yfir marga þætti og ég ætla nú ekki að fara að gera at-hugasemdir eða koma með skýringar við hverja [svo] þeirra í röð. Mörgum hefur verið svarað en það eru svona nokkur atriði hér sem ég hef skrifað niður sem mig langar til að koma á framfæri. Mig langar að svara Dögg varðandi sjöunda liðinn. Hún spyr af hverju ráðherra sé skylt að veita upplýsingar og svo eigi þingmenn rétt á upplýsingum. Það er bara mismunandi vægi hvort ráðherra, altsó skyldan kemur fyrst í greininni. Það er skýringin á því af hverju þetta er sett svona upp. Hvort það megi sameina það er hins vegar alveg sjálfsagt að skoða.

Hvað varðaði það sem Íris sagði um nefndir tilteknar í stjórnarskrá, Ástrós svaraði því nú og síðan kom Þorvaldur inn á þetta líka og það hafa fleiri, Gísli svaraði því sömuleiðis.

Ég var eiginlega mjög hrifin af orðalagi Guðmundar Gunnarssonar þegar hann sagði, af því að ég er nú hrifin af sjálfbærri þróun, þegar hann sagði að stjórn-málakerfið hefði verið sjálfbært. Ég held að það sé afskaplega góð lýsing á fortíð okkar Íslendinga, alla vega ja talsvert langt aftur.

Ég var líka hrifin af því sem Ástrós sagði um þessa væntumþykju þjóðarinnar gagnvart Alþingi, við viljum koma, renna stöðum undir þessa væntumþykju á ný en með því sem við ræðum hér í dag, sem er afmörkun, við megum ekki gleyma því, við erum bara núna að tala um afmörkun löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Við erum ekki að tala um að margfalda völd Alþingis, við erum að tala um að skýra þau, skerpa þau, draga Alþingi til ábyrgðar, láta Alþingi bera ábyrgð á þeim verkum sem því er falið að gera sem

er að semja lög – en valddreifingin, við erum ekki að ræða hana núna. Ég segi fyrir mig, ég er mjög hlynnt því að valddreifingin sé yfir til sveitarfélaga eða héraða eða fjórðunga eða hvernig það fer fram og þar með nær almenningi þannig að ég sé ekki fyrir mér að með þessari umræðu í dag séum við endilega að auka svo mikið völd Alþingis. Við erum að skýra og skerpa og reyna að draga fram virðingu Alþingis sem Alþingi á að eiga skilið og vonandi væntumþykju þjóðarinnar við sitt Alþingi.

Það var mjög margt annað sem mig langaði að segja hérna, eitt sem ég hnaut um var um þessa stefnumótun. Ég er alveg sammála Katrínu Oddsdóttur, og fleiri hafa komið inn á það, Þórhildur Þorleifsdóttir t.d. í umræðum, bæði inni í nefndinni og annars staðar, um þessa stefnumótun sem þarf að eiga sér stað og hefur núna átt sér stað eiginlega fyrst og fremst í Stjórnarráðinu og margir í pólitíkinni segja að það sé edlilegt. Gott og vel, það mun áfram verða svo að ráðherrar geti komið sínum málum á framfæri og í gegnum nefndirnar en í sumu málaflokkum er stefnumótun, eins og t.d. ef við lítum á heilbrigðismál af því að það var minnst á að það kæmi hver ráðherrann á fætur öðrum inn í heilbrigðisráðuneytið og menn byrjuðu alltaf frá núllpunkti. Það er stefnumótun í heilbrigðismálum og hún heitir heilbrigðisáætlun. Hún er rædd og unnin í þinginu og samþykkt í þinginu, en það breytir því ekki, heh, þótt hún sé stefnumótun að þá getum við staðið frammi fyrir því að það sé alltaf byrjað á núllpunkti. Þó að stefnumörkunin sé mikilvæg og ég vilji hvetja til hennar er stundum ekki farið eftir henni eða menn taka þetta einhvern veginn hver á sinn hátt. Ég vil að það sé aukið vægi þess að vera þingmaður og að þjóna íslensku samfélagi, hafa embætti eða ambáttarlundina í fyrirrúmi og að draga úr þessu ráðherraræði held ég að sé afskaplega mikilvægt fyrir framtíð okkar þjóðfélags.

Ég ætla ekki að fara í þessa neðanbeltisumræðu, ég held að menn verði aðeins að vara sig á orðalagi. Við erum í beinni útsendingu, við erum að tala til þjóðarinnar og ég held að við eigum að reyna að velja orðum okkar stað. Þótt ég sé nú kannski ekki endilega svo mikil pempía, en kannski svolítill. Svo þakka ég náttúrulega B-nefnd og nefndarmönnum þar fyrir samstarfið. Við erum áfram að vinna að þessari aðgreiningu lög-gjafarvalds og framkvæmdarvalds og eins og kom fram hér hjá Vilhjálmí áðan þá erum við núna með ein 22 atriði sem við teljum geta orðið til þess að styrkja lög-gjafarvaldið gagnvart framkvæmdarvaldinu. Þarna komu níu atriði, við eigum eftir að vinna þau frekar, þetta er lagt fram til kynningar og svo eru hin atriðin auðvitað eftir og kannski fleiri. En ég þakka fyrir góðar umræður í dag.

AT

Þakka þér fyrir, Katrín. Þá er lokið umfjöllun um tillögur nefndar B um eflingu lög-gjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldi. Edli máls samkvæmt þá fer málið aftur til nefndarinnar, það hafa komið fram hér margar gagnlegar ábendingar og eitthvað mun koma eða er þegar komið af beinum tillögum. En við látum þessu lokið að sinni og tökum fyrir næsta lið sem er skýrsla nefndar C. Ég gef Pawel Bartoszek, formanni nefndarinnar, orðið. Gjörðu svo vel, Pawel.

4. Skýrsla C-nefndar

PB

Já, takk. Kæru vinir, ég ætla að hafa þetta fremur stutt. Á seinasta ráðsfundi lagði nefnd C fram tillögur um Lögréttu sem ætti að vera ný nefnd sem sæi þá um að gefa ráðgefandi álit um hvort lög á Alþingi stæðust stjórnarskrá eða ekki. Á sameiginlegum nefndafundi í gær komu fram ýmsar aðrar hugmyndir um hvernig ætti að fara með þessi mál, annars vegar voru það þeir sem vildu að þessi nefnd, þ.e.a.s. Lögrétta, fengi aukið vald um að úrskurða um önnur atriði eins og t.d. hvort valdhafar hafi brotið af sér eða hvort þingmenn væru löglega kjörnir. Síðan voru þeir sem vildu að Hæstiréttur fengi þá stöðu að vera bindandi stjórnlagadómstóll. Nú, að þessu, vegna þessa þá hefur, þá mun verða reynt að setta öll þessi sjónarmið í ráðinu og koma með eina tillögu þannig að nefnd C leggur ekki fram þessar tillögur til samþykktar að sinni. Að öðru leyti hefur nefnd C tekið fyrstu rispu um utanríkismál og síðan haldið áfram umræðum sínum um kosningamál og ég geri ráð fyrir að við tökum þau líka betur fyrir í næstu viku. En það eru samt engar lagðar fram til samþykktar að sinni. Takk fyrir.

AT

Þakka þér fyrir, Pawel. Og þá er orðið laust um skýrslu Pawels. Gísli Tryggvason, gjörðu svo vel.

GT

Já, mig langar að kynna hérna tillögu sem ég lagði fram hérna áðan, boðaði á síðasta fundi. Hún gengur út á þetta meginatriði að koma á bindandi stjórnlagadómstóli en ekki einungis ráðgefandi. Og í rauninni í skilvirkniskyni þá er hann tengdur Hæstarétti. Hún hljóðar svona, í fyrsta lagi að það detti út ákveðin setning í kafla um dómstólana sem við samþykktum síðast og í staðinn komi í hæstaréttarkafli t.d.:

„Þegar Hæstiréttur dæmir um
a) lögmati kosninga til Alþingis,
b) ráðherraábyrgð eða

c) hvort lög eða stjórnarathafnir samrýmast stjórnarskrá nefnist hann Lögrétta og skal hann skipaður þannig að auk reglulegra dómara Hæstaréttar sitji þar jafnmargir kjörnir dómarar auk fyrrverandi forseta Alþingis sem síðast gegndi því embætti og situr ekki á þingi. Skal fyrrverandi þingforseti vera forseti dómsins í þeim málum.

Mál skv. c-lið“ – þ.e.a.s. hvort lög eða stjórnarathafnir standast stjórnarskrá – „geta þriðjungur alþingismanna, fastanefnd Alþingis eða forseti Íslands borið fram.

Nánar skal mælt fyrir um skipan og störf Lögrétta í lögum.“

Í þessu síðasta felst að það er Alþingi sem myndi ákveða hvort helmingur dómsins væri kjörinn af þingi eða þjóð t.d. Nú, í þessu felst að þessi útvíkkaði Hæstiréttur er sameinaður landsdómi sem þarf að vera til til þess að dæma um ráðherraábyrgð að mínu mati og þetta er mjög svipuð skipan og er um landsdóm og þá felst í þessu skilvirkni og sparnaður. Og með þessu reyni ég að fyrirbyggja að það skapist hér réttaróvissa eða réttaróeining ef stjórnlagadómstóll kæmist að einni niðurstöðu og Hæstiréttur annarri. Því að hér hafa dómstólar um heila öld haft töluverðu hlutverki

að gegna við að meta hvort lög standast stjórnarskrá. Loks vil ég nefna, eins og hefur komið fram hjá Þorvaldi og í tillögu Eiríks Tómassonar prófessors, að það gengur ekki að mínu mati að Alþingi úrskurði sjálfst um eigið kjör eins og rætt var hérna á ráðsfundi um daginn. Nú, þarna eru ítarlegri röksemdir með tillögunni og tilefni í dæmaskyni nefnd til þess að menn átti sig á því að það er full þörf á þessu. Takk.

AT

Þakka þér fyrir, Gísli. Eru fleir sem vilja kveðja sér hljóðs undir þessum lið? Það er þegar Dögg Harðardóttir. Gjörðu svo vel.

DH

Þakka þér fyrir. Formaður og ágætu ráðsfélagar. Mig langar bara aðeins að gera smáathugasemd við þetta þarna fyrrverandi forseti Alþingis sem síðast gegndi því embætti og situr ekki á þingi og hann á að vera forseti dómsins. Mér finnst þetta dálítið hæpið með tilliti til þess að fyrrverandi forseti Alþingis gæti hugsanlega verið víðs fjarri eða bara jafnvel látinn þannig að mig langaði bara að benda á þetta atriði, þetta væri kannski hæpið.

GT

Ég ætlaði bara að, já, mér fannst það nú óþarfi að taka það fram að hann þyrfti að vera á lífi en það er skilningurinn. Takk.

AT

Gísli Tryggvason hefur þegar veitt andsvar óumbeðið. Eru fleiri sem vilja kveðja sér hljóðs? Ef ekki þá lit ég svo á að umræðu um þennan lið sé lokið. Þá er hér einungis eftir að gera grein fyrir þeim breytingartillögum við áfangaskjal sem borist hafa. Það er í fyrsta lagi breytingartillaga Gísla Tryggvasonar um dómstólakaflann sem hann var hér að kynna. Hún er við efni sem kynnt var á 7. ráðsfundinum eins og fram er komið. Í öðru lagi er það breytingartillaga frá Vilhjálm Þorsteinssyni við tillögu nefndar A að texta í áfangaskjali á 8. fundi Stjórnlagaráðs, þ.e.a.s. tillaga sem hann lagði fram núna við þann texta sem fyrir lá hér fyrir á fundinum.

Tillögum þessum er vísað til þeirrar nefndar sem tilgreindar hafa verið og þá held ég að komið sé að lokum. Ég þakka ykkur fyrir málefnalegar og góðar umræður. Næsti fundur ráðsins verður að öllu óbreyttu 19. maí og hefst kl. 13 en hann verður boðaður að sjálfsögðu með dagskrá eins og verið hefur. Þessum fundi er slitið.

9. ráðsfundur 19.05. 2011.

19.05.2011 13:00

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar
2. Skýrsla og tillögur C-nefndar
Tillögur um breytingar á áfangaskjali (Dómstólakafla frá 7. ráðsfundi) lagðar fram til afgreiðslu
3. Skýrsla A-nefndar
4. Skýrsla og tillögur B-nefndar
Tillögur um nýjan texta í áfangaskjali lagðar fram til kynningar (Þingmál, eftirlitshlutverk Alþingis)
Tillögur frá 8. ráðsfundi um texta í áfangaskjali lagðar fram til afgreiðslu (Efling löggjafarvalds)
5. Stefnuræður fulltrúa
Dögg Harðardóttir
Þorkell Helgason

9. ráðsfundur - haldinn 19. maí 2011, kl. 13.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík. Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason og Örn Bárður Jónsson. Forföll höfðu boðað Arnfríður Guðmundsdóttir, Þorvaldur Gylfason og Þórhildur Þorleifsdóttir. Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs. Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is. Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvuþósti miðvikudaginn 18. maí 2011 og dagskrá í samræmi við fundarboð.

Umræður á 9. ráðsfundi

SN

Góðan dag og velkomin. Níundi fundur Stjórnlagaráðs er settur. Forföll hafa boðað Arnfríður Guðmundsdóttir, Þorvaldur Gylfason og Þórhildur Þorleifsdóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

SN

Dagskrá verður eins og boðað hefur verið til og liggur frammi. Fundargerð síðasta fundar hefur legið frammi án athugasemda og ef ekki koma athugasemdir hér, þá skoðast hún samþykkt.

2. Skýrsla og tillögur C-nefndar

SN

Þá er það skýrsla og tillögur nefndar C og að loknum umræðum verður kosið um tillögurnar til afgreiðslu inn í áfangaskjalið og ég ætla að biðja Írisi Lind Sæmundsdóttur varaformann nefndarinnar að gera grein fyrir tillögunum. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Já, komið þið sæl (heyrist eitthvað í mér?) Já, fáum við að sjá eitthvað á skjánum? Nei, ókei, þá geri ég ráð fyrir að það séu allir með skjalið fyrir framan sig og bara fyrirgefið að ég ávarpa ykkur ekki formlega fyrst, en góði formaður, ráðsfulltrúar og þið sem hér í salnum sitjið og þið sem heima eruð. Ég ætla, ég er að flytja skýrslu nefndar C og tillögur okkar sem að við erum að koma fram með í kjölfar umræðna eftir síðasta fund. Tillögurnar liggja frammi hér fyrir fyrir fram salinn fyrir þá sem hafa áhuga og eru aðgengilegar á netinu. Svo ég segi ykkur aðeins frá starfinu síðustu vikuna þá hefur nefndin fundað fjórum sinnum og rætt meðal annars um fram komnar athugasemdir um þær tillögur sem að við vorum búin að leggja til og bæði þær sem voru samþykktar inn í áfangaskjalið um dómssvald og svo þær sem við lögðum til kynningar um Lögréttu. Í kjölfarið var svo haldinn opinn fundur með nefndarfulltrúum og ráðsfulltrúum öðrum, þar sem að við ræddum þetta betur og fórum ítarlega ofan í saumana á hugmyndum annarra ráðsfulltrúa um fyrirkomulagið í tengslum við Lögréttu og það endurspeglast hér í tillögum okkar í dag. Við höfum að auki rætt um kosningar og kjördæmaskipan og höfum einnig hafð umræðu um utanríkismál. Starfið í nefndinni hefur verið bara mjög gott og samráð hefur verið mikið við aðra ráðsfulltrúa, og áður en ég flyt tillögurnar okkar þá vil ég nota tækifærið og þakka minni nefnd og okkar nefnd, nefnd C fyrir starfið á síðastliðnum vikum, það hefur verið mjög ánægjulegt og lærdómsríkt að öllu leyti og ég kann þeim öllum sérstakar þakkir fyrir það.

Og svo ég snúi mér að því að kynna efnislegar tillögur nefndarinnar til breytinga á kafla um dómstóla.

Nefndin er að leggja þær til, eins og ég sagði með hliðsjón af ýmsum skriflegum breytingartillögum sem okkur bárust og þeim munnlegu athugasemdum sem gerðar voru á síðasta ráðsfundi, eða í kjölfar 7. ráðsfundar reyndar, þar sem að við fluttum upphaflegar tillögur okkar um dómssvald og hugmyndir um Lögréttu og svo þeim opna fundi sem fór fram í kjölfarið. Og okkur bárust fjórar skriflegar breytingartillögur; tvær um dómstóla, þær voru frá Katrínu Oddsdóttur, Þorkeli Helgason og Vilhjálmi Þorsteinssyni annars vegar. Svo barst önnur tillaga frá Gísla Tryggvassyni og Þorvaldi Gylyfasoni. Eins bárust okkur tvær tillögur í tengslum við Lögréttu og það var frá annars vegar Þorvaldi Gylyfasoni, Katrínu Oddsdóttur og Illuga Jökulssyni og tillaga frá Silju Báru Ómarsdóttur. Og ég kann ykkur öllum sérstakar þakkir fyrir að leggja vinnu í að gera þessar skriflegu tillögur sem að allar voru rökstuddar og vel framsettar.

Varðandi fyrstu tillögu okkar, þá gerum við tillögu að breytingu á heiti kaflans, þannig að hann muni bera heitið Dómssvaldið í staðinn fyrir Dómstólar. Við tökum undir það sjónarmið sem að vísað var til að vísa fremur til þess þáttar ríkisvalds sem verið er að fjalla

um í kafla fremur en að nefna þann aðila sem falin er handhöfn valdsins. Og verði fallist á tillöguna er mikilvægt að hugað verði að því að öll kaflaheiti í endanlegu áfangaskjali ráðsins og svo hugsanlega frumvarps, ef á þetta verður fallist, verði samræmt þannig að mið verði tekið af þessu.

Þá sný ég mér að fyrstu grein, um skipan dómstóla, þar leggjum við til að hún standi efnislega óbreytt. Okkur bárust hins vegar tillaga um breytingu sem laut að því að fella út orðin “fjöldi dómara” og að í staðinn yrði felld inn regla um hámarksfjölda dómara, þannig að þeir skyldu vera, sem sagt dómara í Hæstarétti, þannig að þeir skyldu vera að hámarki 9.

Við vorum að sjálfsögðu efnislega sammála um að þetta væri góð tillaga og hefði það að markmiði að tryggja betur sjálfstæði dómstóla eins og hún var sett fram. Við töldum það hins vegar ekki heppilegt að festa fjölda Hæstaréttardómara í stjórnarskrá og að fremur ætti að eftirláta hinum almenna löggjafa að ákvarða það með hliðsjón af aðstæðum í samfélaginu hverju sinni. Og það töldum við einkar mikilvægt svo að hægt væri að veita svigrúm til að fjölga dómurum í Hæstarétti þegar þörf væri á, t.d. vegna skyndilegrar aukningar á málafjölda, líkt og gert var nýlega vegna aukins málafjölda og álags í kjölfar efnahagshrunsins.

Helstu rökin fyrir breytingartillögunni sem ég vísaði til áðan, voru þau að tryggja þyrfti sjálfstæði dómstóla og að með hámarksfjölda væri komið í veg fyrir að einn ráðherra gæti að geðþótta skipað nokkra dómara í einu til þess að koma þeim inn í réttinn sem væru honum sérlega þóknanlegir. Við í nefndinni vorum þeirrar skoðunar að með því skipunarferli sem við höfum nú lagt upp með í kaflanum og hefur verið samþykkt inn í áfangaskjalið að þannig eigi að vera tryggt að geðþótti geti aldrei ráðið við skipun í embætti dómara og að það verði ávallt hæfi og málefnaleg sjónarmið sem verði höfð að leiðarljósi við skipun. Og af þessum sökum teljum við ástæðulaust að gera hér breytingu.

Varðandi 2. grein um sjálfstæði dómstóla, og ég tel kannski óþarfa að vera að taka greinarnar og lesa þær allar upp, ekki nema þið viljið það frekar, ef ykkur finnst það þægilegra. ... Nei. Þá barst okkur, okkur barst tvíþætt tillaga um breytingu á 2. grein, en að svo stöddu leggjum við til að hún standi óbreytt. Í fyrsta lagi var lagt til að að fyrri málsliður ákvæðisins breyttist þannig að þar stæði fremur “Dómstólar eru sjálfstæðir og öllum óháðir” í staðinn fyrir “sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum”.

Í núverandi orðalagi eins og það er sett fram í áfangaskjalinu, þar felst að dómstólar skuli vera sjálfstæðir og að slíkt skuli útfært nánar með lögum Og hér er rétt að vísa til þess að í 14. lið mannréttindakafla áfangaskjalsins, sem nú birtist í 70. gr. stjórnarskrárinnar, þar felst að til skuli vera “óháðir og óhlutdrægir dómstólar”. Þessar reglur þarf að lesa saman og af tillögu nefndarinnar leiðir að útfæra skal nánar þetta sjálfstæði sem felst meðal annars í 14. liðnum. Það var því mat okkar að leggja ekki til breytingu að þessu leyti.

Okkur barst einnig tillaga um að breyta síðar í málsliðnum, þannig að felld yrðu út orðin samkvæmt venju eða að eðli sínu. Og það var skilningur nefndarinnar að í orðalaginu felist að unnt verði að viðhalda venjubundinni framkvæmd um skiptingu verka milli dómstóla og annarra valdhafa, sem almenn sátt er um í samfélaginu og hefur haldist til margra ára og jafn-

vel áratuga skeið. Það er rétt að nefna að við höfðum rætt merkingu þessa orðalags, fyrir 7. ráðsfund og áður en tillagan kom fram um breytingar, og var okkur þá aðallega, sem sagt, hugleikið hvort mikil réttarfarsleg breyting gæti orðið á ef við felldum þetta út. Og það var þess vegna mat okkar að halda þessu inni en jafnframt leita eftir því að sérfróður aðili í réttaritari upp- lýsti hvort brottfall orðanna kalli á miklar breytingar í íslensku réttaritari og þá að hve miklu marki. Og við leggjum til að ráðið taki að svo stöddu ekki afstöðu til þessa, fyrr en að mat liggur fyrir, og við ákvörðun sína á síðari stigum getum við þá betur gert okkur grein fyrir þeim réttaráhrifum sem felast í breytingu að þessu leyti og hvort við séum tilbúin til að leggja hana til.

Og þá ætla ég að víkja mér að 3. grein um lögsögu dómstóla. Við leggjum ekki til neina breytingu á fyrstu málsgrein. Í 2. mgr. segir nú: Dómstólar skera úr um hvort lög standist stjórnarskrá. Við leggjum til að síðari hluti 2. mgr. falli út þannig að orðin “að því marki sem á það reynir í dómsmáli” verði felld á brott. Við leggjum þessa tillögu fram með hliðsjón af 7. grein sem verður að lesast til hliðar við þessa tillögu, þar sem fjallað er um sérskipaðan, eða svokallaðan, ja, útvíkkaðan Hæstarétt þegar dæmt er um tiltekin mál. Og við leggjum til að það geti verið ráðherraábyrgð eða um það hvort lög, athafnir eða athafnaleysi stjórnvalda samræmist stjórnarskrá. Og, þar væri um að ræða, eins og við leggjum upp með: Mál sem tilteknir aðilar eiga að geta vísa til Hæstaréttar. Til dæmis þingnefnd, þriðjungur þingmanna, eða einhver fulltrúi þjóðarinnar, hugsanlega forseti ef því fyrirkomulagi verður við haldið, þegar niðurstaða ráðsins um það liggur fyrir. Eins og fram kom með upphaflegum tillögum okkar er með 2. mgr. verið að lögfasta gildandi stjórnskipunarvenju um úrskurðarvald dómstóla um stjórnskipulegt gildi laga. Það er hvort lög standist stjórnarskrá. Við erum að leggja til að orðin verði felld út þannig að í ákveðnum tilvikum sé það tryggt að unnt verði að meta stjórnskipulegt gildi laga, þó ekki séu uppi eiginlegir lögvarðir hagsmunir sem er skilyrði þess að dómsmál verði tekið fyrir. Skiptir hér miklu að sum lög geta verið þess eðlis að í núverandi fyrirkomulagi mun aldrei reyna á fyrir dómi og þar með til dæmis stjórnskipulegt gildi viðkomandi laga, þar sem lögvarðir hagsmunir geti ekki verið til staðar. Okkur þótti mikilvægt að tryggja að í ákveðnum tilvikum væri hægt að bera álitæfni upp í tengslum við slík lög undir dómstóla, og í þessu tilviki útvíkkaðan Hæstarétt, sem myndi taka þá þessi atriði sérstaklega til skoðunar. Það myndi og einnig koma í veg fyrir að lög þyrfti til dæmis að brjóti svo tryggt væri að hægt yrði að bera gildi þeirra undir dómstóla.

Við leggjum til að auki, í 3. málsgrein að núverandi 3. málsgrein fari niður í 4. mgr. og að við bætist ný 3. mgr. þar sem segir “Dómstólar skera úr um lögmati almennra kosninga”. Við erum hérna að leggja til að dómstólum verði falið að skera úr um lögmati allra kosninga sem haldnar eru á vegum hins opinbera. Er þar til dæmis að ræða um kosningar, forsetakosningar, kosningar til Alþingis, sveitastjórna, þjóðaratkvæðagreiðslna og aðrar álíka atkvæðagreiðslur sem hið opinbera stendur fyrir.

Þá er rétt að vekja hér sérstaka athygli á því að nefndin er að leggja til breytingu á þeirri reglu sem nú

gildir samkvæmt 46. grein, um að Alþingi úrskurði um kjörgengi einstakra þingmanna. Með þessari breytingu erum við að leggja til að þetta úrskurðarvald verði fært úr höndum Alþingis og að dómstólum verði fremur falið vald til að taka til endanlegrar úrlausnar ágreining um kosningu eða kjörgengi einstakra þingmanna. Er það mat okkar að rétt sé að úrskurðarvaldi um þessi atriði sé fyrir komið annars staðar en í höndum Alþingis, enda sé ekki um að ræða pólitískt mat, heldur lagalegt úrlausnarefni sem rétt sé að dómstólar taki til skoðunar. Og það er okkar skilningur að úrskurður um kjörgengi þingmanna falli undir það að teljast, undir það hugtak, lögmati kosninga. Og þá er rétt að áréttu að við gerum ráð fyrir að löggjafinn muni setja lög til nánari útfærslu á þessu, meðal annars um það hvort mál af þessu tagi verði fyrst lögð fyrir úrskurðaraðila á neðra stigi, áður en til kasta dómstóla kemur. Þó verður ávallt að hafa í huga að tryggt verði að unnt verði að afgreiða mál af þessu tagi hratt og örugglega.

Svo langar mig að nefna varðandi kaflaheitið, þá erum við enn að skoða bara hvort að eigi að breyta heiti kaflans yfir í Verksvið fremur en Lögsaga. Stjórnlaganefnd lagði til dæmis fram bæði heitin í tillögum sínum í skýrslunni og verði það niðurstaða okkar þá munum við koma með það aftur hér á ráðsfund og leggja slíkt til.

Þá ætla ég að snúa mér að 4. grein sem fjallar um Hæstarétt Íslands. Hér erum við að leggja til tvenns konar orðalagsbreytingar og erum að hafa þar hliðsjón af breytingartillögu sem okkur barst, við erum ekki að breyta efnislegu inntaki greinarinnar sem slíkrar. Í 2. mgr. er þar fjallað um sérdómstólinn Félagsdóm eins og Pawel kom inná þegar að við kynntum tillögurnar. Í fyrsta lagi er lagt til að orðalagið í fyrri hluta málsgreinarinnar þar sem nú segir “ákveða má með lögum að sérstakur dómstóll skuli leysa endanlega úr þeim efnem sem þarna eru tilgreind” og leggjum til að það verði skert þannig að ljóst sé að um algera undantekningu sé að ræða og að aðeins sé heimilaður einn sérdómstóll á Íslandi. Og leggjum við því til að orðalagið verði þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll sé úr þessum málum.

Í öðru lagi leggjum við til orðalagsbreytingu í niðurlagi ákvæðisins þar sem segir að ákvörðunum um refsingu verði skotið til dómstóla og við leggjum til þarna breytingu, að þar á undan orðinu dómstóla standi annarra, þannig að það standi annarra dómstóla. Með þessu er verið að leggja áherslu á að Félagsdómur sé einnig dómstóll, þó hann sé sérdómstóll, með sérstök mál til meðferðar. Með þessu er auðvitað sem áður átt við að ákvörðun um refsingu verði skotið til æðri dómstóla en ekki annarra hliðsettra dómstóla. Gert er ráð fyrir því að þingið muni útfæra þetta nánar í lögum og þá til hverra dómstóla unnt verði að skjóta ákvörðunum Félagsdóms. Og í dag er það Hæstiréttur sem tekur við þessum málum en verði komið á millidómstigi væri því opið fyrir að unnt verði að koma því þannig fyrir að málum verði ef til vill skotið þangað, fyrst.

Við ræddum einnig í nefndinni breytingartillögu á 2. mgr. þannig að inn í aðra málsgrein um verksvið Félagsdóms yrði bætt að hann leysti einnig úr málum er varða vinnumarkaðsréttaralítaefni lögum samkvæmt. Þá langar mig fyrst að áréttu í þessum efnem, í tengslum við þetta, að markmið nefndarinnar með 2. mgr. var að tryggja að Félagsdómur gæti áfram starfað

eins og hann er í núverandi mynd sinni. Án þess þó að opnað yrði á að verksvið hans yrði víkkað út frá því sem nú gildir. Við mótun tillagna okkar í upphafi þá vorum við búin að taka sérstakt tillit til ábendinga frá Eiríki Tómassyni lagaprófessor um verksvið Félagsdóms auk þess sem við höfðum samband við lögfræðinga frá ASÍ sem voru, eða allir þessir aðilar þeirra skoðunar að með orðalagi málgreinarinnar, eins og stendur hún stendur nú, skilgreini núverandi verksvið Félagsdóms til hlítar.

Þá tel ég einnig rétt að nefna að einn nefndarmanna sem leggur þessa tillögu fram og styður hana, er einn reynslumesti maðurinn á þessu sviði innan ráðsins, að öllum öðrum ólöstuðum, og það er Guðmundur Gunnarsson, sem nýverið lét af setu sem formaður Rafiðnaðarsambandsins, embætti sem hann gegndi í hartnær tuttugu ár. Og að teknu tilliti til mats og skoðana þessara aðila þá var það niðurstaða okkar að halda orðalaginu eins og það er nú framsett.

Þá vík ég að 5. gr. um skipun dómara. Þar er um að ræða orðalagsbreytingu á 2. mgr. 3. málslíð, þar sem segir nú: “Lögskipuð nefnd skal meta hæfi umsækjanda”. Við leggjum til að orðinu “lögskipuð” verði breytt í “lögbundin”, þannig að “Lögbundin nefnd skal meta hæfi umsækjanda.” Það var ætlun nefndarinnar að kveðið verði á um nefndina í lögum en ekki að hún verði skipuð sérstaklega með lögum, og af þessum sökum leggjum við til þessa orðalagsbreytingu, sem felur í sjálfu sér ekki breytingu á efnislegu inntaki greinarinnar í heild sinni.

Í 6. gr. um sjálfstæði dómara, eru ekki lagðar til neinar breytingar.

Og þá vík ég að 7. grein sem er sú grein sem er algert nýmæli í okkar tillögum og felur í sér breytingu á því fyrirkomulagi sem nú við lýði. Um er að ræða nýja grein þar sem lagt er til að inn í kaflann komi, sem sagt inn í kaflann um dómsvald komi í stað Lögréttu eða svokallaðs Stjórnlagaráðs, ákvæði um svokallaðan útvíkkaðan Hæstarétt og orðast hún svo: “Þegar Hæstiréttur dæmir um ráðherraábyrgð eða hvort lög eða hvort stjórnarathafnir eða athafnaleysi, eða fyrirgefnið þið, eða hvort athafnir eða athafnaleysi stjórnvalda samrýmast stjórnarskrá skal hann skipaður þannig að auk sjö dómara Hæstaréttar sitji þar átta menn valdir af Alþingi.” Og í annarri málsgrein segir Nánar skal kveðið á um málsmeðferð og val dómara í lögum og þarna er það innan hornklofa og legg ég til ráðsfulltrúar íhugi hvort þeir telji að þessi málsgrein skuli standa inni eða ekki, sérstaklega.

Þegar við lögðum fram okkar kynningar, til kynningar okkar hugmyndir um ráðgefandi Lögréttu að þá urðu miklar umræður um stöðu hennar og hlutverk og ráðsfulltrúar tjáðu sig um ýmis atriði í þeim efnum og virtist það vera skoðun flestra að einkum þyrfti að tryggja sjálfstæði úrskurðaraðila á borð við þennan og einkum að úrskurður væri bindandi en ekki einungis ráðgefandi. Í kjölfarið áttum við fund með öðrum ráðsfulltrúum og fórum ítarlega ofan í þetta og komum hér með nýja tillögu að grein sem til móts við hugmyndir ráðsfulltrúa. Lagt er til að Hæstiréttur, þegar hann fjallar um ákveðin sérlega mikilvæg mál, það er þegar dæmt er um ráðherraábyrgð eða hvort lög eða hvort athafnir eða athafnaleysi stjórnvalda samrýmast stjórnarskrá, verði hann skipaður með sérstökum hætti.

Einnig er í tillögum okkar, eins og kemur fram síðar í skjalinu að tilteknir aðilar geti vísað þessum sérstöku málum til útvíkkaðs Hæstaréttar, til dæmis “þingnefnd, þriðjungur þingmanna eða hugsanlega forseti” sem fulltrúi þjóðarinnar. Efnislega heyrir sá þáttur undir nefnd B, og við munum því, ég kem að því hér síðar að við beinum því til nefndar B að taka þetta til skoðunar. Við gerum að auki tillögu um að nefnd B skoði sérstaklega ráðherraábyrgð, og hvort sérstaklega eigi að fjalla um hana með þessum hætti. Með tillögunni er nefndin hér að leggja til að það verði Hæstiréttur sem dæmi um þessi tilteknu mál, fremur en að í okkar litla samfélagi verði til staðar sérdómstóll sem þurfi þá að koma á laggirnar og væntanlega bera með sér aukinn kostnað.

Þær ráðast einkum, eða þessar tillögur ráðast einkum af sjónarmiðum um hagkvæmni, skilvirkni og einfalt fyrirkomulag á dómskerfinu. Og var það mat okkar að ef slíkum, eða sérdómstól yrði komið á þyrfti að taka til sérstakrar skoðunar stöðu þess dómstóls í dómskerfinu og þá sérstaklega gagnvart Hæstarétti, og að skoða þyrfti þá sérstaklega samspilið þeirra á milli, til dæmis hvort eitthvað flækjustig skapaðist vegna réttaráhrifa niðurstaðna hvors um sig og áhrif niðurstaðna á niðurstöður hins, hvað fordæmisgildi varðar. Hvað varðar skipan í útvíkkaðan Hæstarétt sem fari með þessi sérlega mikilvægu mál, þá var það markmið okkar að ná að endurspegla með sem bestum hætti svipað fyrirkomulag og nú á við um Landsdóm, það er sem sagt með sjö Hæstaréttardómurum töldum við að tryggt væri að í dómnum væri ákveðin þekking til staðar á lagalegum úrlausnarefnum. Og með því að setja svo í dóminn meðdómendur sem Alþingi veldi, væri jafnframt tryggt að önnur sjónarmið yrðu höfð til hliðsjónar við efnislega úrlausn máls fremur en eingöngu lagaleg. Þetta er ekki frávik frá því sem nú viðgengst en það þekkist að sérfróðir meðdómsmenn séu kallaðir til í dómsmálum vegna sérþekkingar á ákveðnum sviðum. Við gerum ráð fyrir að þingið gæti valið bæði einstaklinga sem hefðu sérþekkingu á stjórnlögum, stjórnmálum eða öðrum þeim mállefnum sem Alþingi teldi mikilvægt að settur dómari í útvíkkuðum Hæstarétti hefði til brunns að bera.

Og með 2. málsgreininni leggur nefndin til að á lögjafann verði lögð sú skilyrðislausla skylda að hann setji lög til efnislegrar útfærsla, á þessum, á því hvernig farið verði með þessi mál og þá sérstaklega hvað varðar málsmeðferð og um skipan dómara og val þeirra. Við göngum út frá því að settir dómamar yrðu valdir til tiltekins tíma í senn, til dæmis í upphafi kjörtímabils, og að það verði ekki gert, þeir verði ekki valdir fyrir hvert mál um sig þegar vitneskja liggur fyrir um hið efnislega úrlausnarefni. Við gerum ráð fyrir að settir dómamarar þæðu aðeins laun á þeim tíma sem útvíkkaður Hæstiréttur starfar, en þó ber að hafa í huga að við þurfum að tryggja, að meginmarkmiðið er að tryggja að sjálfstæði dómara sé tryggt, þannig að þessi atriði þarf að skoða sérstaklega í útfærslu í lögum.

Á opnum nefndarfundi sem nefnd C hélt í gær voru reifaðar ýmsar hugmyndir frá ráðsfulltrúum um breytingar á síðari hluta málsgreinarinnar, 1. málsgreinar, um skipan þessa útvíkkaða Hæstaréttar. Við settumst niður í kjölfarið síðdegis í gær og fórum yfir allar þær hugmyndir, sem að við vorum í sjálfu sér efnislega sammála og við reyndum að útfæra þær nánar til

að koma til móts við þau sjónarmið með því að gera breytingar á tillögnum okkar. Við ákváðum hins vegar að hverfa frá því þar sem okkur fannst erfitt að útfæra orðalagið þannig að það næði örugglega utan um þær hugmyndir ráðsfulltrúa sem að reifaðar voru. Og fyrir hönd nefndarinnar kalla ég því eftir því við ráðsfulltrúa, að þeir sem telji hér breytinga þörf geri efnislega tillögu sem þeir beini til nefndarinnar, þannig að við getum farið yfir hana og tekið formlega afstöðu til, við getum þá betur gert okkur grein fyrir því hvernig ráðsfulltrúar telji að þessu verði betur fyrir komið.

Þá var einnig bent á það á opnum fundi nefndarinnar að skíra þennan útvíkkaðan Hæstarétt sérstaklega, t.d. Landsdóm, Ríkisdóm eða annað álfka. En við töldum það ekki samræmast markmiði tillagna okkar, sem væri einkum það að koma ekki á sérstökum dómstól. Og við vorum hrædd um að með sérstöku heiti væri hugsanlega verið að gefa til kynna að þetta væri ekki Hæstaréttur heldur sérdómstóll í sérstökum málum.

Og þá hef ég nú lokið yfirferð yfir efnislegar tillögur nefndar C til breytinga á kaflanum um dómstóla og ætla að víkja að þremur tillögum sem nefndin leggur til að B-nefnd taki til sérstakrar skoðunar í tengslum við vinnu sína og mótun tillagna í tengslum við lög-gjafarvald, framkvæmdavald og hlutverk og stöðu forseta Íslands.

Í 1. tillögu nefndarinnar til B-nefndar segir að þingnefnd, þriðjungur þingmanna eða í hornklofum forseti Íslands getur vísað til Hæstaréttar að dæma hvort lög eða stjórnarathafnir samrýmist stjórnarskrá. Það er rétt að geta þess að eftir að við lögðum þetta fyrst fram og skrifuðum þessa tillögu þá gerði breytingar á áðurnefndu ákvæði sem að fjallar um skipan útvíkkaðs Hæstaréttar og að orðið stjórnarathafnir verði lesið sem athafnir eða athafnaleysi stjórnvalda. Þannig að tryggt sé að þetta eigi ekki einvörðungu við um eiginlegar athafnir heldur einnig athafnaleysi.

Sem sagt með þessari hugmynd erum við í nefnd C að bjóða upp á það að minnihluti þings eða þingnefnd geti ákveðið að vísað til Hæstaréttar málum er varða hvort lög, nýsamþykkt eða eldri standist stjórnarskrá. Og með sama skapi gætu sömu aðilar falið Hæstarétti að dæma um hvort handhafar ríkisvalds hafi gerst brotlegir við stjórnarskrána með athöfnum sínum eða athafnaleysi. Og greinina ber að skoða auðvitað í samræmi við áðurgreinda tillögu okkar um 7. grein og við leggjum til að nefnd B taki þetta til efnislegrar skoðunar.

Þá er það önnur tillaga nefndar C til nefndar B. Hún orðast svo:

Alþingi kýs 5 menn í Lögréttu til 5 ára.

Þingnefnd, þriðjungur þingmanna eða forseti Íslands getur óskað eftir áliti Lögréttu hvort frumvarp til laga standist stjórnarskrá. Hérna erum við að fjalla um Lögréttu sem við lögðum fram til kynningar á 7. ráðsfundi okkar, og eins og ég sagði áður þá bærust okkur fjölmargar athugasemdir um þá og gerum hér breytingu af þessu tagi og til að koma til móts við allar þær hugmyndir um að tryggja einnig gæði lagasetningar og gæði starfa lög-gjafans og til að fyrirbyggja að lög eða önnur þingmál verði samþykkt sem brjótí í bága við stjórnarskrá þá var það niðurstaða okkar að með lög-gjafanum starfaði sérstakur aðili, eða nefnd sem veitt gæti mat sitt á stjórnskipulegu gildi lagafrumvarp eða

annarra þingmála áður en þau fengju gildi. Við erum hér að leggja til að nefnd B skoði hvort rétt sé að lög-gjafinn komi sér á fót slíkri nefnd, sem samanstæði af sérfróðum aðilum sem sætu ekki á þingi. Og að þeir gætu þá veitt fyrirfram þetta álit.

Við leggjum til að það verði svo lög sem útfæri nánar starf þessarar Lögréttu og þá vil ég líka vekja athygli nefndar B að á opnum nefndarfundi í gær, komu fram ýmsar hugmyndir ráðsfulltrúa um það að Lögrétta gæti einnig skoðað hvort málsmeðferð þingmála stæðist lög þar að lútandi, og ég vísa því atriði samhliða tillögnum til B-nefndar.

Í þriðju tillögu nefndar C til B-nefndar, okkur er hún mjög hugleikin þessa dagana, þá er B-nefnd falið að skoða, hvort og hvernig ákærum á hendur ráðherrum vegna embættisreksturs þeirra skuli fyrirkommið í stjórnarskránni. Með þessari þriðju tillögu okkar erum við að leggja til að það verði skoðað hvort það geti verið að útvíkkaður Hæstiréttur sem taki þessi mál til skoðunar fremur en að það verði sérdómstóll sem taki þau mál fyrir. Ef það verður niðurstaða B-nefndar að viðhalda því að unnt verði að draga ráðherra til ábyrgðar vegna embættisreksturs þeirra, þá teljum við sérstaklega mikilvægt að skoða hverjum það væri, sem sagt, hver færi með það ákvörðunarvald um hvort mál skyldu höfðuð. Það er sérstaklega mikilvægt að okkar mati að sömu meginreglur eigi við um slíkt ákærvald og almennt eigi við um ákærvald og sjálfstæði þess þá helst.

Og hér með vísar nefnd C þessu til meðferðar í nefnd B. Og læt ég þá máli mínu lokið og þakka fyrir gott hljóð. Og sem áður vænti ég bara mjög góðra umræðna um þessar tillögur okkar og hugmyndir frá öðrum ráðsfulltrúum og þakka kærlega fyrir.

SN

Já, takk fyrir kynninguna og þá er orðið laust um skýrslu og tillögur nefndar C um dómstólakaflann. Ef ekki kemur fram tillaga um annað þá er lagt til að við ræðum tillögurnar í heild sinni. Og síðan leggjum við, eða berum við kaflann upp til samþykktar inn í áfanga-skjalið. Eruð þið samþykki því? Gísli, Tryggvason.

GT

Já, ég ætlaði bara að fá að taka til máls.

SN

Ég hélt að þú hefðir athugasemdir við þessa málsmeðferð. Hefur enginn athugasemdir? Ókei, þá skoðast hún samþykkt og mælendaskrá er opnuð. Gjörðu svo vel Tryggvi, Gísli. Fyrirgefðu. Vilhjálmur, Þorsteinsson.

VP

Já, formaður og ágætu ráðsfulltrúar. Ég þakka ÍLS fyrir skýra og greinargóða framsögu, ég var nú bara með nokkur svona smærri atriði og svo kannski eitt aðeins stærra. Ég sem sagt tel mig hafa skilið þá ÍLS þannig að í þriðju grein þar sem verið er að segja að dómstólar skera úr um lögmaeti almennra kosninga, að það er þá verið að meina að það sé líka um kjör alþingismanna, að þeir hafi verið rétt kjörnir og tek því þá þannig, og við þurfum þá að taka þá tillit til þess í B-nefnd. Í 4. gr., þar er talað um sérstakan dómstól sem að er þá Félagsdómur, að þar er talað um að

ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til annarra dómstóla, ég vildi svona bara velja því fyrir mér hvort að þið hafið skoðað að nota orðið viðurlög en ekki refsingu. Með sama hætti, annað lítið atriði kannski, en það er í 5. gr., 2. mgr. þar sem að talað er um að lögbundin nefnd skuli meta HÆFI umsækjenda. Ég velti fyrir mér hvort að það, ég sé að misskilja þetta, og það má vel vera, en ég hefði kannski haldið að þarna ætti að standa orðið hæfni en ekki hæfi, en þætti bara vænt um að fá þá útskýringu á því, þannig að það fari ekkert á milli mála, Og svo er í 7. greininni, það er náttúrulega efnisleg grein, mikilvæg, um að sem sagt þegar að Hæstiréttur dæmir um ráðherraábyrgð eða hvort lög eða hvort athafnir eða athafnaleysi stjórnvalda samrýmast stjórnarskrá skal hann skipaður þannig að auk 7 dómara Hæstaréttar sitji þar 8 menn valdir af Alþingi. Og svo innan hornklofa nánar skal kveðið á um málsmeðferð og val dómara í lögum. Ég myndi segja að fyrir minn smekk þá þyrfti nú sennilega að taka þarna fram að þessir 8 menn sem um er að ræða að Alþingi velji, að þeir séu valdir sem sagt fyrirfram, og þeir sitji tiltekinn tíma eins og raunar er um Landsdóm, það er að segja að þeir séu ekki valdir í hverju máli fyrir sig, sem væri augljóslega ekki góður praxis. Þannig að ég svona, mér finnst kannski dálítið opið að Alþingi sé sett sjálfvald um þetta, það er að segja, ég held að það verði að kveða á um það til hversu langs tíma og með hvaða hætti þeir eru þá fyrirfram valdir. Síðan svona er kannski smekksatriði um orðalagið þarna, með þetta eða hvort tvisvar í röð, og þar mætti íhuga að breyta eitthvað kommusetningu hugsanlega til að skýra textann aðeins, en það er nú náttúrulega svona aukaatriði. En þetta er nú það sem ég vildi sagt hafa, en fagna þessum tillögum og tel þær verulega til bóta. Takk fyrir.

SN

Gísli Tryggvason.

GT

Já, formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Ég þakka góða framsögu og miklar umbætur á kaflanum, ég er mjög ánægður með að hér sé tillaga um bindandi stjórnalag dómstól eða slíkt hlutverk Hæstaréttar, eins og ég raunar lagði til fyrir viku síðan. Mig langar að koma inn á nokkur smærri atriði. Ég skil þau rök fyrir því að hafna tillögu minni um að fjöldi dómara sé tilgreindur í stjórnarskrá og legg þá til að það verði tekið skýrt fram í greinargerð að tilgangurinn sé jú að lög-gjafinn og stjórnvöld geti ekki raskað skipan dómara í svona, óeðlilegu skyni. Í öðru lagi vil ég áréttu hugmynd sem ég hef aðeins nefnt munnlega að sjálfstæði ákærvalds sé tryggt í stjórnarskránni, og af því að ákærvaldið er almennt talið hluti af dómskerfinu, þá hugsa ég að eigi betur heima í þessum kafla C-nefndar heldur en hjá okkur í B-nefnd en það kann að vera álitæfni en það, eins og ÍLS kom einmitt inn á varðandi ákærvald gagnvart ráðherrum, þá er sjálfstæði ákærvalds eiginlega ekki síður mikilvægt en dómara og ég held að það geti alveg réttlætt stjórnarskrár-ákvæði um það svipað og með dómara. Þá vil ég nefna það sem ég hef áður nefnt á fundum nefndar að ég tel ekki rétt að Hæstiréttur sinni, eins og hann hefur gert í allt of miklum mæli, stjórnsýslu, það er að segja lög-gjafinn felur Hæstarétti íðulega að tilnefna í ýmiskonar

úrskurðaraðila fyrst og fremst. Þetta er, má segja, þannig að ef að stjórnarskrárákvæðið fer svona inn að, dómstólar megi ekki sinna öðru en því sem venja og eðli málsins leyfir, að þá getur þessi ósiður sem hann er að mínu mati, haldist áfram. Þetta held ég sé ekki spurning um að bera undir sérfræðinga í réttarfari, þetta er eins einfaldlega pólitísk spurning sem við getum leyst úr hér, það er að segja, á Hæstiréttur að sinna öðru en dómstörfum? Og ég legg, sem sagt, til að það verði tekið fyrir þetta, að Hæstiréttur tilnefni einhverja meinta hlutlausu menn í úrskurðarapparöt, með því að til dæmis taka út orðin venja þarna í texta í 2. gr. Nú, varðandi þessa góðu tillögu frá nefndinni um að dómstólar skeri úr um lögmæti almennra kosninga þá held ég að það sé mikil framför að Alþingi skeri ekki sjálft úr um lögmæti sitt eins og bent hefur verið á að sé óeðlilegt og jafnvel dæmi um að hafi verið óeðlilegt tilvik um, en ég áréttu þá afstöðu mína að kosningar er hugtak sem í lagmáli tekur til vals á persónum hvort sem er á listum eða í persónukjöri, en atkvæðagreiðsla er það sem að lýtur að því að greiða atkvæði um mál-efni, þannig að ég legg til að orðið atkvæðagreiðsla komi þarna einnig til. Nú þá áréttu ég þær áhyggjur mínar að þetta orðalag í 4. gr. 2. mgr. um Félagsdóm, að það útilokar ein tvö verkefni, jafnvel þrjú sem að Félagsdómur sinnir nú samkvæmt lögum. Ég þekki þetta sem málflutningsmaður fyrir Félagsdómi, og kom að því fyrir 15 árum að breyta lögum um stétt-arfélög og vinnudeilur og óska eftir því að það verði tekið á því í texta að, nema menn vilji þrengja lögsögu Félagsdóms sem ég skildi að ekki væri tilgangurinn.

Nú, síðan aðeins að þessari 7. grein sem mér list mjög vel á. Ég tek nú fyrst undir með 5. greinina varðandi það sem Vilhjálmi nefndi, ég held að þurfi að standa þarna HÆFNI í 5. greininni en ekki HÆFI, sem lýtur að hæfi til meðferðar einstakra mála frekar. Hæfni er frekar hversu fróðir og vel menntaðir þeir eru. Í 7. grein held ég að það þurfi að koma inn texti um að þegar Hæstiréttur dæmir um ósk þingnefndar 1/3 þingmanna eða forseta um hvort athafnir eða athafnaleysi stjórnvalda eða lög stangist á við stjórnarskrána til þess að það vakni ekki sá misskilningur að það eigi alltaf að víkka út Hæstarétt þegar í almennum dómsmálum reynir á þessi atriði. Og þetta er þá í samræmi við tillöguna sem kom frá mér upphaflega um þetta að það er bara í þessum sérstöku málum þar sem að lögspurningum er beint til Hæstaréttar að hann skal útvíkkaður. Og svo vil ég taka undir með Vilhjálmi um að það þurfi í textanum að koma fram að þessir völdu dómara af Alþingi skuli ekki vera settir til bráðabirgða heldur valdir til tiltekins tíma, óháð því máli sem að rís. Og loks, þar sem að vísað er til B-nefndar, að þar er smá ósamræmi, að þar er í fyrstu tillögu C-nefndar til B-nefndar, þar er talað um stjórn-arathafnir, en talið að það undir..., að þar sé undirskilið athafnaleysi en í 7. greininni sjálfri er talað um athafnaleysi - ég held að þurfi að vera samræmi þarna á hvort að athafnaleysi er nefnt berum orðum eða ekki. En ég er nú eiginlega hlutlaus í því hvort það skuli nefna. Ég held að oft í lögfræði sé stjórnarathafnir eða athafnir, innifeli það athafnaleysi. Takk og ég fagna þessum réttarbótum sem þarna skín í. Takk fyrir.

SN

KO er næst á mælendaskrá.

KO

Já, kæru vinir og sérstaklega C-nefnd. Bara til hamingju með ykkar góðu störf, þetta er flott hjá ykkur. Eins og sjá má þá hef ég hellt niður kaffi á þetta, sem gerðist, og þá kannski missti ég af einhverju sem sögðu, þannig að ég bið afsökunar ef ég er hérna að segja eitthvað sem að þið eruð þegar búin að svara, af því að ég þurfti að ná í servíettu. En, eruð þið búin að taka tillit til uppröðunarinnar, bara spyr ég, af því, já ... Af því, já ég hérna, þessi breytingartillaga hún mun bara halda áfram að koma þangað til að ég fæ já eða nei við því og ég held að þetta sé allt annars efnislega á frábærri leið. Það sem mig langar til að gera athugasemd við er í þessari stórkostlegu 7. gr. sem að ég held að sé, eins og Gísli og fleiri og þið hafa sagt, mikil bót að, þá fæ ég svona á tilfinninguna að af því einmitt með sömu rökum og þið ákváðuð ekki að binda fjölda Hæstaréttadómara almennt, þá ætti heldur ekki að binda tölu þarna, sko 7 og 8. Ég held það sé ekki endilega viturlegt að segja að þeir verði að minnsta kosti að vera 7, af því við vitum ekki með til dæmis nýju millidómstigi, hvort að hæstaréttardómurum verði einhvern tíma fækkað niður í til dæmis 5, það er mögulegt, þannig að þarna erum við búin að búa til einhvað svona þvingandi ákvæði, sem að ég held að sé óþarfi, það væri hægt að segja, þá held ég með tilvísun í dönsku stjórnarskrána sem Gísli kom inn á á síðasta nefndarfundi okkar, að AÐ MINNSTA KOSTI 5 og svo einum FLEIRI af hinum ef við viljum halda þessum hlutföllum. En ég sting upp á því að það verði skoðað. Svo er ég mjög sammála því sem hefur komið fram hérna um að við ættum að tilgreina ákveðinn tíma og ég er alveg til í að leggja yfir einhvers konar tillögugerð í því. Ég held að það væri til bóta að kalla þetta eitthvað, eins og Landsdóm eða eitthvað slíkt, vegna þess að þetta ER ekki Hæstaréttur, og þess vegna er villandi að kalla þetta Hæstarétt, þetta er, þarna er minnihluti Hæstaréttar vissulega staddur en það gerir þetta ekki að Hæstarétti, þannig að þó að þetta hafi kannski endanleg áhrif og sé bindandi og eigi að trompa aðra úrskurði Hæstaréttar þá held ég samt að við ættum bara að segja hlutina eins og þeir eru og kalla þetta eitthvað, hvað svo sem það verður, til dæmis Landsdóm. Svo tek ég eftir því að lokum hérna í tillögunni ykkar um Lögréttu sem er líka mjög góð, að þá hefur í skýringunni í 2. tillögu, þá er talað um ráðgefandi nefnd lögróðra manna. Þetta hefur örugglega bara gleymst að taka þetta út. Af því að það er ekki þannig í sjálfum í textanum, þannig að ég vona bara að það sé sameiginlegur skilningur, að það sé ekki endilega bara lögfræðingar, heldur vonandi sem breiðast. Og takk annars kærlega aftur fyrir.

SN

Fleiri sem vilja taka til máls um tillögur C? Ómar Ragnarsson.

ÓR

Mér datt nú bara í hug af því þegar ég heyri þetta hjá Katrínu. Það var verið að ræða þetta í gær hjá okkur, við vorum í tímahraki, það var búinn allur tíminn. Það mætti alveg breyta þessu þannig að skal hann skipaður þannig að allt að 7 dómara Hæstaréttar sitji þar og að auki menn valdir af Alþingi, einum fleiri en hæstaréttardómararnir. Punktur. Takk.

SN

Fleiri? Pawel Bartoszek.

PB

Já, ég ætla annars að leyfa varaformanni að fara yfir flestar af athugasemdunum sem hafa komið fram. En mig langaði bara að útskýra aðeins af hverju það var ekki ákveðið að fara þá leið að svo stöddu að tilgreina nákvæmlega í 7. grein að menn skyldu verða valdir til ákveðins tíma, við vildum skilja eftir þann möguleika að Alþingi geti ákveðið að fela ákveðnum embættismönnum sjálfkrafa aðkomu að þessu ferli til dæmis dómstjóra í Reykjavík eða mönnum sem eru forsetar lagadeildar Háskóla Íslands eins og gert er nú í dag við ákveðin tilfelli. Þannig að það var hugmyndin að það sé ekki endilega allir þeir 8 séu kosnir, heldur kannski sumir séu kosnir og aðrir séu skipaðir með öðrum hætti. En ég skil hugmyndafræðina, og get skal nú kannski reyna að koma þessu einhvern veginn þannig til að það verður ekki valið í nefnd, í dómstörfin, hverju sinni eftir því hvaða mál þangað berast.

SN

Pétur Gunnlaugsson

PG

Já, góðir félagar.

Það er í sambandi við 7. greinina, breytingartillöguna. Og þar er gert ráð fyrir því að Hæstiréttur verði skipaður þannig að auk 7 dómara í Hæstarétti sitja þar 8 menn valdir af Alþingi. Þeir geta ýmist væntanlega verið löglærðir eða ekki. Spurningin er kannski: Sko, hvert er markmiðið? Er markmiðið að þarna komi fram einhver ný og önnur sjónarmið, einhver heimspekileg réttlætissjónarmið og rök. Því að auðvitað eru náttúrlega dómara í embættisstörfum sínum bundnir af því að fara eftir lögnum, einungis eftir lögnum. Þannig að er þetta einhver tilraun þess að það komi inn í dóminn kannski önnur sjónarmið? Því að oft er það nú þannig að lögin og réttlætið fara nú ekki saman, og þá í raun og veru er það þannig að lögin ganga fyrir. Og spurningin er það að, er þetta kannski sjónarmið, því að þetta gæti valdið allskonar vandamálum. Ef að til dæmis að væru þarna 8 einstaklingar sem að hefðu svona ákveðnar, já heimspekilegar hugmyndir um eðli og gildi laga og stjórnarskrár sem væru í raun og veru ekki í samræmi við lög eins og þau eru túlkuð á hefðbundinn hátt. Ég er bara að varpa þessu fram, hvort þetta gæti verið vandamál. Við þekkjum þetta í sambandi við úrlausnir og meðferð mála í Hæstarétti Bandaríkjanna, þar hefur verið mikill ágreiningur um það hvernig lög hafa verið túlkuð. Og þá koma inn einstaklingar sem er svona að leggja áherslu á kannski ekki lagaleg sjónarmið í svona hefðbundnum skilningi. Þannig að ég ætla bara að varpa því fram. Vegna þess að ég heyrði það hjá varaformanni C-nefndarinnar, eða ég kannski held ég hafi heyrt það rétt að þegar hún sagði að þetta væri, meðal annars tilgangurinn væri sá að það væru ekki eingöngu sko lagaleg sjónarmið sem að heyrðust þá í þessum, hvað, útvíkkaða Hæstarétti. En þetta er svona svipað fyrirkomulag og skipað er í Landsdóm sýnist mér, þarna er verið að færa þetta þangað. En ég vildi bara benda þetta atriði og kannski fengi ég einhverjar skýringar á því hvernig menn hugsa þetta, sérstaklega.

SN

Fleiri sem vilja taka til máls áður en varaformaður nefndarinnar svarar? Örn Bárður. Gjörðu svo vel.

ÖBJ

Formaður, góð systkin nær og fjær. Ég vil bara þakka þetta og taka undir orð Katrínar um að mikilvægt sé að dómurinn beri annað nafn í þessum tilfellum. Það sé mjög mikilvægt að aðgreina þetta fyrirbrigði með skýrum hætti þannig að í hugum almennings að þá renni þetta ekki bara saman við hefðbundin störf Hæstaréttar. Takk fyrir.

SN

Gott og vel, þá eru ekki fleiri á mælendaskrá og þá ætla ég að biðja Írisi Lind um að svara þeim athugasemdum sem hafa komið fram. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Já, takk og takk kærlega fyrir athugasemdirnar. Í fyrsta lagi ætla ég að biðja Katrínu Oddsdóttur sérstaklega afsökunar á því að ég bara, mér láðist að nefna það, ég er bara með það hérna í punktunum mínum, að við sem sagt, þessi tillaga frá þér, Þorkeli Helgasyni og Vilhjálmi Þorsteinssyni um breytingu á uppröðun. Við erum enn með hana til skoðunar í nefndinni, við náðum bara ekki að klára hana í efnislegri vinnslu vikunnar, þannig að ég held að nefndin sé almennt efnislega fremur jákvæð, enda skiljum við rökin og sjónarmiðin sem liggja að baki henni. Það er þá alveg klárt að hún er ekki út af borðinu hjá okkur, alls ekki.

Og þá, varðandi kannski einstakar athugasemdir, ég ætla kannski ekki að fara ofaní saumana á öllu, til hlítar. En, bara Vilhjálmur, þakka þér kærlega fyrir þessar ábendingar um refsingu, og hugsanlega að orðið viðurlög ætti betur við, við bara tókum mið í þessari tillögu okkar um Félagsdóm, að þetta næði yfir þetta sem núverandi skipulag kveður á um og þessi tillaga, sem sagt, tekur mið af frumtillögu sem barst okkur frá Eiríki Tómassyni. Þannig að við ákváðum að halda þessu svona, við þurfum þá bara að skoða það hvort að hitt sé heppilegra. Og varðandi hæfi og hæfni, við þurfum bara aðeins að fara yfir merkingarmuninn aðeins betur og þá hugsanlega leggja til breytingu til að ná yfir það sem þú átt við. Varðandi 7. grein, þá ætla ég svo sem ekki að fara mjög ítarlega ofan í það, en varðandi, sem sagt, þá 8 menn sem verði valdir í útvíkkaðan Hæstarétt, að þá held ég einmitt að það sé mikilvægt eins og Pawel sagði að hugsanlega geti það verið tiltekin embætti sem feli það í sér að viðkomandi taki einnig að sér setu sem meðdómandi í þessum útvíkkaða Hæstarétti. Ég tek undir þessa tillögu frá Gísla um ákærvaldið, og það er náttúrulega sérlega mikilvægt að nefna sérstaklega hugsanlega sjálfstæði ákærvaldsins inni í kaflanum, og við skoðum það. Varðandi það að fella út orðin venju eða, má ég sjá, hvar er þetta, hann nefndi hérna, hvar erum við ...? (Hvað segirðu?) Önnur, já. Já í 2. grein að dómstólar megi hvorki sinna störfum sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyri undir aðra valdþætti ríkisins né má fela þeim slíkt með lögum. Gísli var búinn að leggja til að fella út samkvæmt venju eða eðli sínu. Eins og ég sagði sérstaklega, þá erum við að skoða þetta, þó að þetta sé pólitískt mat, þá tel ég að ráðsfulltrúar, eða það er mín skoðun, og ég persónulega sjálf vil ekki taka afstöðu að

pólitísku leyti nema að ég geri mér fulla grein fyrir því hvað það þýði, að þessi orð verði felld út. Þannig að ég ítreka enn og aftur að nefndin ætlar að leggja til að þetta verði skoðað, og að við munum leggja þá fyrir hvað þetta feli í sér ef þetta verði fellt út. Þannig að allir aðrir geti þá líka tekið efnislega afstöðu til þess. Varðandi tillögu þína, eða ábendingu þína, varðandi fyrstu tillögu okkar sem við erum að vísa til nefndar B um að þarna eigi frekar að standa athafnir eða athafnaleysi, ég nefndi það sérstaklega, þetta er kannski bara, þetta var mistök hjá okkur í framsetningunni, þannig að það fari ekki á milli mála að þetta erum við meðvitund um, og ég vænti þess að nefnd B taki það til skoðunar. Og varðandi athugasemd Péturs um þessa 8 menn sem að Alþingi sé falið að velja inn í útvíkkaðan Hæstarétt, þá mun sú meginregla sem fram kemur í 6. gr. um það að dómarmark skuli í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum, hún mun eftir sem áður gilda um alla dómendur, hvort sem þeir eru skipaðir til ótímabundins tíma eða þeir eru settir og það á jafnt við um þessa 8 aðila sem valdir verða þarna inn. Við töldum hins vegar að með því að kveða svona á um þetta, þá væri tryggt að þarna kæmi inn hópur einstaklinga sem hugsanlega hefði yfir að búa annarri menntun en þeir dómendur sem þegar sitja í Hæstarétti og það gæti fært inn ýmis sjónarmið og álit sem að dómendur kannski myndu ekki gera sér grein fyrir sökum séreðlis þeirra mála sem til skoðunar væru, til dæmis varðandi pólitík og annað þess háttar. Ég held að ég sé búin að fara svona yfir það helsta, og ég þakka kærlega fyrir enn og aftur. Og við í nefnd C höldum áfram þessu góða starfi, sem að mér þykir við hafa unnið hingað til og vænti góðs samráðs eftir sem áður. Takk.

SN

Takk fyrir. Það hefur borist ein breytingartillaga frá Katrínu Oddsdóttur og Ómari Ragnarssyni, viljið þið eitthvað fylgja henni úr hlaði, eða?

ÓR

Já, fyrirgefið þið góðir ráðsfulltrúar. Þetta er bara í samræmi við það sem ég sagði áðan. Við ákváðum að bera fram breytingartillögu um orðalag þarna, í sambandi við fjölda í Landsdóm eða hvað þetta verður kallað hugsanlega. Takk.

SN

Þá fer það til nefndarinnar og aðrar tillögur sem hafa komið hér fram. En þá verður tillaga nefndar C um dómstólakaflann borin upp til atkvæðagreiðslu í heild sinni, ef ekki eru athugasemdir við það. Og þeir sem eru með vinsamlegast réttið upp hönd. Katrín Fjeldsted? Inn í áfangaskjalið? Já.

SN

Einhver á móti? Enginn á móti. Enginn situr hjá. Þá skoðast hún samþykkt, var það ekki með öllum greiddum atkvæðum.

3. Skýrsla A-nefndar

SN

Þá er komið að skýrslu verkefnanefndar A, og ég býð Örn Bárð Jónsson varaformann að gefa skýrslu um störf nefndarinnar. Gjörðu svo vel.

ÖBJ

Formaður, og góð systkin nær og fjær. Stutt skýrsla, ég vil nú þakka fyrir samstarfið í A-nefnd sem er einstaklega gott og gefandi.

Í gær kynnti A-nefndin frumgerð greina 15 til 19 í mannréttindakaflanum á sameiginlegum fundi allra ráðsfulltrúa. Að þeim fundi loknum, var ákveðið í nefndinni að fresta kynningu þeirra hér í dag, en í fyrramálið verður A-nefndin með annan fund með öllum ráðsfulltrúum þar sem umræðunni verður haldið áfram. Í næstu viku verða greinar 15 til 19 væntanlega lagðar fram í mannréttindakaflann, og þá mun nefndin enn fremur taka fyrir umhverfis- og auðlindamál, á fundi nk. miðvikudag, á fundi með öllum ráðsfulltrúum. Ég vona að þetta dugi, þessi stutta skýrsla til að gera grein fyrir störfum okkar, en okkur hefur miðað nokkuð vel, og væntum góðrar niðurstöðu í næstu viku. Takk fyrir.

4. Skýrsla og tillögur B-nefndar

SN

Þakka Erni Bárði fyrir skýrslu. Vill einhver? Að þá er orðið laust um skýrsluna, vill einhver taka til máls? Ef ekki að þá er lokið umræðu og kynningu á skýrslu nefndar A og við snúum okkur að skýrslu nefndar B og ég bið formann hennar Katrínu Fjeldsted að gera grein fyrir tillögum og starfi nefndarinnar. Gjörði svo vel.

KF

Formaður, félagar og aðrir áheyrendur. Í síðustu skýrslu B-nefndar sagði ég frá vinnutilhögun, ég ætla ekki að endurtaka það en nefnd B er að vinna að leiðum til þess að efla löggjafarvald, efla störf Alþingis gagnvart framkvæmdavaldinu, og við lögðum fram 9 slík atriði við síðustu umræðu um málið. Og nú ætla ég að bæta við nokkrum. Helstu nýmæli í þessum nýju tillögum sem koma til kynningar hér í dag eru: Í fyrsta lagi að þingrof verði bundin við ósk eða tillögu þingsins sjálfs. Í öðru lagi að eftirlits- og stjórnskipunarnefnd verði sett á laggirnar af Alþingi og hafi hún það starf með höndum að fylgjast með eða hafa eftirlit með störfum ráðherra, og í þriðja lagi er það nýmæli í tillögunum í dag að krafist sé hagsmunaskráningar og hæfi þingmanna sé metið og ráðherra.

Nú, en þessi atriði sem ég ætla að kynna hér, sem lúta öll að eflingu löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdavaldi, að þar kemur þá fyrst til umræðu meðferð þingmála. Í núverandi og nágildandi stjórnarskrá segir að ekkert lagafrumvarp megi samþykkja fyrir en það hafi verið rætt við 3 umræður á Alþingi. Og meira er ekki um þetta sagt. Það er lagt til að ákvæðið verði gert mun ítarlegra, og byggir aðallega á tillögu stjórnlaganefndar. Og tillaga B-nefndar eftir yfirferð er eftirfarandi: Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrir en það hefur verið rætt við þrjár umferðir, umræður á Alþingi - síðan kemur í hornklofa, ennþá óútrætt. Sama á við um heimild til fullgildingar þjóðréttarsamnings sem kallar á breytingu á lögum eða er af öðrum ástæðum mikilvægur, og hornklofi lokast.

Þá heldur tillagan áfram. Þingsályktunartillögu má ekki samþykkja fyrir en hún hefur verið rædd við tvær umræður. Tillögur um vantraust á ríkisstjórn eða ráðherra og tillögur um skipun sjálfstæðra rannsóknarnefnda eru ræddar og afgreiddar við eina

umræðu. Þingmál sem ekki hafa hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok kjörtímabils. Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum. Þarna er, eins og ég sagði áðan, gert mun ítar ..., sett inn mjög ítarlegri ákvæði heldur en í núverandi stjórnarskrá og sett inn í textann, ekki bara hvernig frumvörpum er háttað og farið með þau, heldur einnig þingsályktanir og önnur mál og hversu margar umræður eigi að fara fram um þingsályktanir, vantrauststillögur og aðrar tillögur. Samkvæmt tillögum frá nefnd A er lagt til að mannréttindasamningar skuli fá sjálfkrafa gildi sem landslög. Og þess vegna er nauðsynlegt að heimildir til fullgildingar fái sömu þinglega meðferð og lagafrumvörp þar sem þjóðréttarsamningar fá samkvæmt þessu sjálfkrafa gildi sem landslög, en við höfum ekki tekið afstöðu til þess hvernig meðhöndlaðir verða þjóðréttarsamningar að landslögum.

Í þessari grein kemur reyndar fram mjög mikilvægt nýmæli, sem ég nefndi ekki áðan, sem felur í sér að þótt meðferð þingmáls sé ekki lokið við lok löggjafarþings, þá verði hægt að halda meðferð þess áfram á næsta löggjafarþingi á því stigi sem það er stadd í málsmeðferð. En í dag falla slík þingmál niður séu þau óafgreidd eða liggja inni í nefnd, inni í þingnefnd, þá falla þau niður þegar þinginu lýkur. En við teljum með því að þau haldi lífi, ef að svo má segja, fram til loka kjörtímabils, þá aukist möguleikar þingmanna á að fá mál sín afgreidd. Næsta tillaga er um þingrof. Í nágildandi stjórnarskrá segir: Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi og skal þá stofna til nýrra kosninga áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið enda komi Alþingi saman eigi síðar en 10 vikum eftir að það var rofið. Alþingismenn skuli halda umboði sínu til kjördags.

Við breytum þessu nokkuð og aðalatriðið í því er að þingrofið verði bundið við ósk eða tillögu þingsins sjálfs. Þannig sé þingrofsheimildin alfarið hjá Alþingi sjálfu en ekki á hendi ráðherra. Þessi tillaga er að mestu komin frá stjórnlaganefnd. Við leggjum hins vegar til breytingar á tímamörkum þingrofs og kosninga í kjölfar þess. Í umræðum í nefndinni kom fram að það geti verið ólýðræðislegt að sitjandi stjórnarmeirihluti boði til kosninga með stuttum fyrirvara. Undir slíkum kringumstæðum eiga stjórnarandstaða og nýir flokkar og frambjóðendur, þá hafa þeir takmarkaðan tíma til að undirbúa sig fyrir kosningar og kynna málstað sinn. Okkur þótti því rétt að setja lágmarksfrest og hámarksfrest vegna boðunar þingkosninga í kjölfar þingrofs. Hæfilegt lágmark í þessu skyni þótti okkur vera 6 vikur, sem eru 42 dagar, en hámark 9 vikur sem eru 63 dagar. Í öllu falli kemur Alþingi saman eigi síðar en 10 vikum eftir þingrofið og sú tímasetning er óbreytt frá nágildandi stjórnarskrá. Sitjandi ríkisstjórn situr sem starfsstjórn uns nýtt þing kemur saman og ný stjórn mynduð í kjölfarið. Það kom einnig til umræðu í nefndinni hvort að forseti eigi að koma að þingrofi sem einhvers konar öryggisventill og það er svo sem ennþá í umræðu út frá embætti forseta Íslands, þeirri umræðu er ekki lokið. En nefndin var sammála um að þingrofsrétturinn ætti ekki að vera hjá ráðherra, eins og nú er, forsætisráðherra, heldur hjá þinginu sjálfu. Ekki síst vegna þess að það er óeðlilegt að okkar mati að framkvæmdavaldið geti rofið þing án þess að ljóst sé hver vilji meirihluta þingsins sé.

Næsta tillaga okkar er um eftirlits- og stjórn-skipunarnefnd Alþingis. Hún er ekki til í dag, sú nefnd, slík nefnd er ekki til, það er ekkert ákvæði um þetta efni í stjórnarskránni en tillaga okkar er í samræmi við tillögu stjórnlaganefndar og segir: Eftirlits- og stjórn-skipunarnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra, eða stjórn-sýslu þeirra eftir því sem hún telur efni til. Skyld er nefndinni að hefja slíka athugun að kröfu þriðjungs þingmanna. Þannig sjáum við fyrir okkur að eftirlits- og stjórn-skipunarnefnd verði ein af fastanefndum þingsins en gegni jafnframt stjórn-skipulegu hlutverki í eftirliti með störfum ráðherra á grundvelli þess sem stjórn-skipunarlög krefjast ... og þetta er jú hugsað til þess að styrkja eftirlit þingsins með framkvæmdavaldinu. Nefndin á sér hlið-stæðu í nágrannalöndum okkar; Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Og það er ekki annað að sjá en að þróun og framkvæmd þeirra ákvæða, eða hliðstæðrar nefndar í nágrannalöndunum, þetta sé áhugaverð og eðlileg þróun og við miðum við að verkefni og störf eftirlits- og stjórn-skipunarnefndar verði sambærilegt við það sem er í Noregi.

Næsti liður, næsta grein, er um rannsóknarnefndir þings. Í núgildandi stjórnarskrá segir að Alþingi geti skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflugar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Til gamans má geta þess, það má alltaf geta einhvers til gamans þó að málefnið sé alvarlegt, þ.e.a.s. stjórnarskrá, en þetta stjórnarskráatriði hefur ekki verið nýtt síðan árið 1956. Og auðvitað hefur verið lagt til, jafnvel að afnema þessa grein, afnema þessa heimild en við töldum réttara að halda heimildinni inni en að breyta orðalaginu aðeins og frá okkur er tillagan svohljóðandi: Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Nánari reglur um hlutverk, rannsóknarheimildir og skipan rannsóknarnefnda, skulu settar með lögum.

Þá kemur 14. greinin okkar, næsta grein, hún er um Ríkisendurskoðun. Tillaga okkar byggist að mestu á tillögu stjórnlaganefndar. En í núverandi stjórnarskrá segir að endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja, skuli fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess eftir nánari fyrirmælum í lögum. Og ríkisendurskoðandi er jú skipaður samkvæmt lögum en hans er ekki getið í stjórnarskrá og við teljum rétt að hann fari þar inn. Tillaga okkar er svohljóðandi: Alþingi kys ríkisendurskoðanda til 5 ára. Hann endurskoðar fjárreiður ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum. Endurskoðaðan ríkisreiknings næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga.

Þá kemur grein sem fjallar um hagsmunaskráningu þingmanna og ráðherra. Vanhæfi. Um þetta mál er ekkert fjallað í núgildandi stjórnarskrá. Nefnd B tekur undir skýringar stjórnlaganefndar á þessu efni, og þar er talið eðlilegt, og við tökum undir það, að stjórnarskrá kveði á um sérstakt hæfi þingmanna, þ.e.a.s. skyldu þingmanna til að víkja sæti hvort heldur er í þingnefnd eða almennri meðferð mála, þegar mál snerta þá persónulega. Það er ljóst að nánari reglur um þetta atriði verður að setja með almennum lögum

til dæmis í þingskaparlögum og er þá unnt að líta til fyrirmynda úr stjórn-sýslurétti. Þá er mikilvægt að vafaatriði um hæfi þingmanna leiði ekki til óvissu um stjórn-skipulegt gildi laga. Þetta ákvæði yrði því nýmæli en eins og við leggjum til í B nefnd að það hljóði: Alþingismanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls, sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominna. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir í lögum, vanhæfi þingmanns hefur ekki áhrif á gildi settra laga. Í lögum skal kveðið á um skyldu þingmanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína. Og loks er hér tillaga frá B-nefnd sem er um hagsmunaskráningu ráðherra. Það liggur jú fyrir tillaga frá B-nefnd um það að ráðherrar sitji ekki á þingi, og þess vegna þarf sérstaklega að fjalla um þeirra hagsmuni, eða hagsmuni þeirra. Um það atriði er ekkert ákvæði í stjórnarskrá.

Við teljum að á meðan ráðherra gegni embætti skuli hann ekki sinna öðrum störfum sem valdið geta hagsmunaárekstrum. Auðvitað gilda sérstakar hæfisreglur stjórn-sýslulaga eftir sem áður um ákvarðanir ráðherra innan stjórn-sýslunnar. Nefnd B leggur til þetta nýmæli að ráðherrum verði óheimilt að hafa með höndum nokkur störf í þágu opinberra stofnanna eða einkafyrirtækja. Það orðalag er reyndar tekið úr lögum um umboðsmann Alþingis, launuð sem ólaunuð, né heldur launuð störf fyrir aðra. Ráðherrum verður þó heimilt að hafa með höndum ólaunuð störf fyrir félagasamtök. Sambærileg ákvæði er að finna til dæmis í þýsku stjórnarskránni og í finnsku stjórnarskránni, svo þetta er ekki, við erum ekki að finna upp hjólið, hvað þetta varðar. En við teljum þetta mikilvægt, svo almenn-ingur viti um hagsmuni ráðherra ekki síður en þingmanna, í aðkomu þeirra að málum sem til meðferðar eru. Og þess vegna hljóðar tillaga B-nefndar svo: Ráðherra er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þótt ólaunuð séu. Í lögum skal kveðið á um skyldu ráðherra til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína. Þetta var yfirferð á tillögum B nefndar sem eru lagðar fram til kynningar hér. Takk fyrir.

SN

Þakka Katrínu Fjeldsted fyrir kynningu á tillögum B-nefndar. Við tökum þær núna til umræðu og síðan gerir hún grein fyrir þeim tillögum sem koma frá B-nefnd um afgreiðslu inn í áfangaskjalið. En orðið er laust um það plagg sem lagt er til kynningar af B-nefndinni. Þorkell Helgason, gjörðu svo vel.

ÞH

Já, fundarstjóri og góðir meðfulltrúar og aðrir áheyrendur. Ég vil nú byrja á að þakka B-nefnd fyrir mikla og góða vinnu. Það eru margar mjög mikilvæg, mörg mjög mikilvæg mál sem þarna eru tekin upp og nýmæli. Ég ætla aðeins að staldra bara við lítilræði. Í 10. greininni, þá hjó ég eftir því á opnum fundi nefndarinnar í gær eða vakti athygli á því að það væri ýmist, orðalagið væri ýmist neikvætt eða jákvætt. Þetta byrjar: Ekkert lagafrumvarp má samþykkja og svo framvegis. En síðan aftur á móti tillaga um vantraust, það er ekki, ekki í því. Mér finnst svona alltaf við-kunnalegra að orða hlutina jákvætt frekar en neikvætt. Þannig held ég að fyrsta málsliðurinn til dæmis mætti

orða svo: Lagafrumvarp skal ræða við þrjár umræður á Alþingi áður en það má bera upp til fullnaðarsamþykktar. Þetta orðalag fullnaðarsamþykktar er fengið úr þingskaparlögum og ég held reyndar að ástæðan fyrir að þetta sé orðað svona skringilega og neikvætt er að það er verið að leyfa það, svona undir rós, að mál megi daga uppi, og þurfi ekki að ræða við þrjár umræður. En það gæti líka verið að við sæjum ástæðu til þess að taka af skarið með það. Að lagafrumvarp megi ekki daga uppi, það skuli alltaf rætt við þrjár umræður. En orðalagið sem ég er með, breytir efnislega samt engu. Ég bið bara málvöndunarmenn í hópnum að ihuga þetta. Þetta leiðir reyndir hugann að því hvort að væri nú ekki ráð að fá einhvern fagmann neðan af skrifstofu Alþingis til að fara yfir efnisatriði þarna sem lúta í rauninni að þingskaparlögum. Hvort að það sé eitthvað sem að við erum að hnjóta um án þess að taka eftir. Síðan varðandi 14. liðinn, þá vil ég bara vekja athygli á því að meðframbjóðandi minn Erlingur og ég sjálfur, við höfum báðir reifað þá hugmynd að forseti Íslands fái umsvifamikið eftirlitshlutverk. Og þá tel ég einsýnt að ef að það yrði ofan á, að þá ætti Ríkisendurskoðun að heyra undir hann. Verði það eitthvað þvumlíkt ofan á hjá, varðandi forsetaembættið að þá mun þessi tillaga að sjálfsögðu breytast. En ég geri ekki athugasemd við það að hún fari svona inn núna. Ég vil bara minna á þetta þegar þar að kemur. Takk fyrir.

SN
Illugi Jökulsson, gjörð svo vel.

IJ
Já, ágætu félagar. Ég bara þakka fyrir þessa yfirferð hjá formanni B-nefndar, hún var afskaplega gagnleg og góð og tillögurnar eru finar. Það er rétt eitt smáatriði í sambandi við 12. tillögu um eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis. Mér finnst hún mjög til bóta og sjálfsagt að samþykkja þá tillögu, hvort sem hún verður nákvæmlega í þessu formi eða eitthverju örlítið breytt. En mér finnst vanta þarna í þessa grein sko, til hvers þessi athugun á að leiða. Það er bara sagt: Skylt er nefndinni að hefja slíka athugun að kröfu þriðjungs þingmanna en svo er ekkert getið um það hvað á að verða um slíka athugun eða til hvers hún getur leitt og mér finnst að nefndin ætti að taka það til athugunar að bæta þar einhverju við, þó ekki væri nema ákvæði um það að alltaf skuli birta niðurstöður opinberlega eftir slíkar athuganir. Takk.

SN
Fleiri sem vilja taka til máls um ... Andrés Magnússon, gjörð svo vel.

AM
Ágæti formaður, félagar og áheyrendur. Mig langar til þess að tæpa hér á tveimur málum. Annars vegar tillögu nefndar B og, takk annars fyrir vel unnin störf. Númer 15, um hagsmunaskráningu þingmanna. Mér finnst dálítið erfitt að sjá hvort að þetta nái utan um fjárframlög til einstakra þingmanna og stjórn-málaflokka. Til dæmis ja, ef verið er að ræða einhver mál þar sem eitthvað fyrirtæki, segjum til dæmis sjávarútvegsfyrirtæki, hefur veitt ríflega styrki til ákveðins flokks. Getur þá þingmaður í þeim stjórn-málaflokki ekki tekið til máls? Er hann þá vanhæfur? Og sama

gildir þá um prófkjör sem hefur verið fjármagnað af einhverjum aðila. ... Telst það þá vera verulegir hagsmunir? ... já, telst það?, fellur það undir þetta orðalag, að það séu verulegir hagsmunir hans ef það eru sem sé menn sem hafa styrkt hann ríkulega með fjárframlögum. Já, mér fyndist gott að heyra frá nefndinni hvort þeim finnst þetta dekka það. Ef ekki, og ef ekki, hvort þeir hafi ekki hugsað sér að setja eitthvað slíkt inn. Og síðan er annað mál, sem að ég hef talað oft um áður og það er varðandi 13. lið, rannsóknarnefnd Alþingis. Hér erum við enn einu sinni að tala um nefnd og allt pólitískt vald verður þá fólgið í því hvernig nefndin verður skipuð, hver skipar nefndina. Og þetta er að koma inn aftur og aftur og verður ennþá meira áberandi þegar við erum að reyna að færa vald frá framkvæmdavaldinu sem hefur skipað yfirleitt þessar nefndir. Hér erum við að tala um þessa rannsóknarnefnd Alþingis, við erum búin að tala um hvernig á að skipa til Lögréttu, hvernig á að skipa til útvíkkaðs Hæstaréttar, hvernig á að skipa í nefnd sem velur útvarpsstjóra, þjóðhagsstofnunarstjóra o.s.frv., o.s.frv., o.s.frv. Og það er erfitt, þessar nefndir þurfa bæði að hafa þekkingu á málunum. Og þess vegna var stungið upp á til dæmis elstu prófessorar í Háskólanum sem hefðu getað sett sig hratt inn í mál en þeir endurspeglar þó ekki þverskurð þjóðarinnar. Þeir eru eldri, þeir eru vel menntaðir og með þökkalegt kaup og, oftast karlmenn, og svo framvegs. Þannig að við, það er á hreinu að það er verið að fela nefndum og þeim sem skipar í nefndir, mjög mikil pólitísk völd. Og við höfum rætt það hér oft hvort við gætum reynt að finna upp á einhverri nefnd sem er annað hvort kosin, fólki finnst það reyndar dálítið erfitt en einhvern veginn endurspeglar öll lög þjóðfélagsins. Og hvort að það gæti til dæmis verið gert með, eins og ÓR stakk upp á áðan, slembiúr-taki eða öðrum slíkum aðferðum. Ég vil bara nefna það hér, aftur og aftur er að koma upp þessi staða, ákveðið vald verður falið nefndum og hvort við getum reynt að hugsa saman upp einhverja aðferð til þess að finna upp á svona nefnd. Takk fyrir.

SN
Íris Lind Sæmundsdóttir.

ÍLS
Já, takk kæra nefnd B fyrir þetta frábæra innlegg og þessar frábæru kynningartillögur. Mig langar að nefna tvennt. Ég ætla að taka undir með Illuga varðandi 12. lið um eftirlits- og stjórnskipunarnefnd, það þurfi hugsanlega að skoða til hvers þessi skoðun muni leiða og einmitt það að það sé tryggt að þeir sem málið varðar, eða sem sagt almenningur sérstaklega, geti gengið að niðurstöðunum, gert þar aðgengilegar fyrir almenning. Í 1. málslíðnum þá velti ég upp hvort að mætti setja þarna inn með athöfnunum og ákvörðunum ráðherra eða stjórn-sýslu að bæta þar inn athafnaleysi. Svo langaði mig að nefna, í tengslum við 15. lið um hagsmunaskráningu og þá varðandi ráðherra. Þá er þar í 1. málsgreininni, 2. málslíð þar segir sama, sem sagt varðandi ráðherra og takmörkun á því hvar þeir geti gegnt störfum á meðan þeir gegni embætti eða bann við því að þeir gegni annars staðar störfum en svo segir þar í 2. málslíð að sama gildi um störf þeirra í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þótt ólaunuð séu. Ég svona velti því fyrir mér hvort að gæti, þetta

gæti verið of viðamikil takmörkun á þessa einstaklinga sem taka að sér þessi störf. Ég bara velti því upp hvort einstaklingur sem situr í stjórn Sinfóníunnar, gæti þá þurft að segja af sér þar, ef hann tekur að sér starf sem, til dæmis sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, þar sem augljóslega tengist ekki starfa hans sem ráðherra. Og, að öðru leyti geri ég engar aðrar athugasemdir og þakka kærlega fyrir.

SN

Flei? Katrín Oddsdóttir, gjörðu svo vel.

KO

Já. Ég ætla alltaf að innifela þakkir til nefndar í öllu sem ég segi framvegis og ekki segja það alltaf. Þannig að það sé, hér er það, þar með komið til skila, þið standið ykkur vel, að sjálfsögðu. Örfár athugasemdir. Í fyrsta lagi sko þá erum við búin að vera að velta fyrir okkur hvort við eigum að nefna allar þessar nefndir á nafn í stjórnarskrá eða ekki. Og mér fannst svolítið svona eins og tónninn hjá ykkur síðast væri frekar jafnvel fráhverfur því, en nú erum við komin hérna með Eftirlitsnefnd og rannsóknarnefnd og alls konar. Þannig að ég bara spyr, er endilega nauðsynlegt að vera að nefna þetta alltsaman (svona?/á?) nefnd ... er ekki bara hægt að segja almennt að skipa skuli nefnd, eða nefnd skuli starfa innan þingsins sem hafi þessi og hin verkefni, ef þið viljið tilgreina þau. Og svo fór ég að hugsa þegar ég las, hérna, með eftirlits- og stjórn-skipunarnefndina, hver er eiginlega í henni, hugsaði ég, af því í 13. gr. þá er talað um rannsóknarnefndina og þá segir í 2. mgr. að nánari reglur um hlutverk og skipan skuli settar með lögum, þannig að ég mundi, svona samræmisins vegna, athuga hvort þið viljið ekki hafa eitthvað svipað í hinni greininni, það er 12. gr, og svo kannski ef ég tek þessa samræmispælingu enn lengra, þá finnst mér svona eins og það er að þróast einhvers konar svona eftirlitskafla jafnvel í stjórnarskrána, þar sem að bara hægt er að hafa þetta allt á einum stað og einmitt sérstaklega ef að það mundi heyra undir eitthvað ákveðið embætti og þannig að fyrir borgarann, sem hefur yfir einhverju að klaga, þá sé ekki mjög flókið að vita hvert hann á að snúa sér til að biðja um að eitthvað sé rannsakað, eða að hann fái einhvern veginn sinn rétt bættan. Og þess vegna held ég að það væri sniðugt bara í nafni einfaldleikans að reyna að hafa þetta allt saman saman einhvern veginn og einfalda þetta. Ef að það er hægt að láta sömu nefnd taka fleiri störf frekar, eða eitthvað slíkt heldur en að búa til mörg lítil batterí, sem að síðan kannski tapast einhver yfirsýn yfir. Þannig að, ég held að við ættum ekki að fylgja skýrslunni í blindni hvað þetta varðar. En ég er samt alveg MJÖG ánægð með að þetta sé hérna inni núna, af því að ég held að þetta hnykki á því að það þurfi að fela þetta eftirlit einhverjum. Svo, svona HIN hliðin í mér hugsar svolítið svona, ókei, ef við setjum upp endalaus eftirlitsbatterí út um allt af því við erum svo brennd, þá erum við líka svona einhvern veginn að stíga í átt að einhvers konar svona lögregluveldi að því leyti sko að við ætlum að reyna að girða fyrir allt, og það sem að gerist þegar maður reynir að girða fyrir allt, er það að hinn fer að hugsa hvernig kemst ég framhjá öllu. Þannig að einhvern veginn LÍKA þurfum við á einhverjum tímamarki, bara að treysta því að fólk verði heiðarlegt og að við

búum til það góðan stjórnramma að það þurfi ekki að hafa eftirlit með hverjum einasta manni, stöðugt sko, og hérna líka þá í nafni einfaldleikans. En ég er MJÖG glöð að sjá þetta núna hérna inni en ég vona einhvern veginn að í vinnunni okkar í framtíðinni þá mun þetta þróast út í einfaldara form og skýrara, þannig að bæði borgarinn og við sem erum að gera þetta, skiljum betur nákvæmlega hvaða eftirlitsvald við erum að fela hverjum og hvers vegna. Takk.

SN

Ómar Ragnarsson, gjörðu svo vel.

ÓR

Já, ráðsfólk og aðrir sem að hér horfa á og hlýða. Ég vil taka nú undir þetta sem að Katrín er að segja, við megum passa okkur á því að fara ekki of langt, vegna þess að við erum svo hræðilega brennd, brennt barn forðast jú eldinn og sjálfsagt að reyna að sjá hvar hann getur blossað upp aftur. Ég vil líka víkja að öðru og það er þetta með að fara HELDUR ekki of langt, eða að hugsa það til enda, ef við ætlum að binda hendur manna svo svakalega eins og var nú verið að nefna hérna, að mætti ekki vera í stjórn Sinfóníuhljóm-sveitarinnar vegna þess að hann kæmi einhvers staðar annars staðar nálægt. Þetta hlýtur nú að þurfa að útfæra þetta í lögum, þannig að það sé ekki farið offari í þessu. Og minni nú bara á nýleg ummæli þingmanns þess efnis að hann verði að borga með sér. Og ef svo er, að þá er komið að þessu, hvað, eru þessi laun of lág? Mörgum finnst það ekki, en þeim finnst það greinilega, þessum þingmanni og fleirum, að þau séu of lág, og þá er spurningin þessi ... og við þurfum alltaf að athuga það þegar við erum að setja svona reglur, hvað eigum við að ganga langt í því að við viljum fá hæft fólk með því að borga því vel, og hitt sem við erum að hugsa um, að við séum að láta það fá það hátt kaup, að það FREISTIST ekki til þess að fara illa með sitt vald, og freistist ekki til þess að reyna að ná sér í meira, að það sé engin freisting. Á móti þessu vil ég benda á það, að eins og dæmin sanna, þá virðist það ekki fara bara eftir, nema mjög sjaldan, eftir því hvað menn eru hátt launaðir, eða hvað þeir eru ríkir, hvað þeir sækjast í meira, vegna þess að þetta verður hjá mörgum eins og fjárhættuspil, mikið vill meira. Og hvenær á að hætta og hvenær er nóg komið. En, ég er mjög ánægður með það sem ég hef séð hér og tel að við séum á réttri leið, að dreifa valdinu og dreifa eftirlitinu. En við skulum stíga ekki of fast til jarðar þannig að við séum að búa til eitthvert algjört lögregluveldi á Íslandi. Takk.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Já, formaður og kærur ráðsfulltrúar og aðrir áheyr-endur. Ég ætla þá að fara svona stuttlega yfir sumt af því sem að hefur fram komið og svara svo kannski Kötun svona aðeins nánar. En Þorkell minntist á þetta svona neikvæða orðalag sem væri í 10. gr. Við settum sagt yfir þetta með góðum íslenskumönnum, réttara sagt honum Erlingi Sigurðarsyni og fleirum og við fundum ekki betra orðalag á þetta því það er eins og Þorkell sagði, að það er í raun og veru gert ráð fyrir þeim möguleika að frumvarp geti dagað uppi í þinginu,

þannig að það þarf að varðveita þann möguleika. En ef að Þorkell er með orðalag sem að leysir þann vanda þá er það velkomið. Síðan talaði Illugi um að það væri nauðsynlegt að niðurstöður eftirlits- og stjórn-skipunarnefndar væru birtar og almenningur sæi þær, og það er að sjálfsgöðu skilningurinn. Það eru í tillögum nefndar A, í mannréttindakaflanum, eru ákvæði um opna stjórn-sýslu sem að ég held að myndu nú alltaf tryggja þetta hvort sem er, en engu að síður er alveg full ástæða til að hnykkja á því þarna, að eftirlits- og stjórn-skipunarnefnd skili af sér einhvers konar skýrslu um þær rannsóknir sem að hún ræðst í. Nú, svo er dálítið skemmtilegur punktur frá Andrésí um þetta með sko, hver skipar nefndir, þetta er alveg rétt, að við erum að fela Alþingi, sérstaklega, að skipa ýmsar nefndir, bæði innan þings og utan. Og Andrés hefur svona áhyggjur af þessu, og hefur verið með hugmyndir um slembival og alls konar reglur um að reyna að tryggja að ýmsir hópar eigi fulltrúa í slíkum nefndum. En við skulum heldur ekki gleyma því að sko NEFNDIN með stórum stöfum, er Alþingi. Það Á að vera Nefndin sem að endurspeglar þjóðfélagið, að er fólkið sem við kjósum, löggjafarþingið okkar, sem við kjósum og treystum til að fara með löggjafarvald og að ríkisstjórnin eftir atvikum sitji í skjóli þingsins og að þingið hefur eftirlit með framkvæmdavaldinu. Þannig að það sem að ég held að við þurfum fyrst og fremst að tryggja það er að Alþingi sé kosið með þeim hætti að það endurspegli þjóðina og að þar sé aukið lýðræði í því og þar séu til dæmis möguleikar á persónukosningu og annað slíkt, þannig að þar sé, eins og ég segi, tryggt að sem flestir þjóðfélagshópar geti átt sína fulltrúa á Alþingi. Þar með í raun og veru erum við að leysa þetta mál, tel ég vera, frekar en að vera að reyna að setja reglur um hverja einstaka nefnd, sem er skipuð síðan af Alþingi.

Nú, þetta með, sem að Íris nefndi og fleiri, sko hvort þetta væri of takmarkandi með ráðherrana að þeir mættu ekki gegna öðrum störfum fyrir opinberar stofnanir til dæmis eða einkafyrirtæki. Eins og ég segi, þetta er að erlendum fyrirmyndum, og ég held nú samt að ef menn hugsa málið þá er kannski ekkert endilega eðlilegt að ráðherra í ríkisstjórn sitji í stjórn einhverra tiltekinna opinberra stofnana eins og Sinfóníuhljómsveitar eða eitthvað slíkt. Skekkir það ekki alltaf eitthvað svolítið ákvörðunartöku svona miðað við aðrar stofnanir? Verða menn ekki að gæta svolítið svona jafnræðis og hlutleysis bara í starfinu almennt, þannig að, ég held að það geti alveg verið rök fyrir því að opinberar stofnanir falli þarna undir líka eins og einkafyrirtæki eins og við erum öll örugglega sammála um. Nú, síðan var það sem að Kata var að spyrja um sem er auðvitað svolítið stórt mál, og það sem Ómar kom inn á líka, það er hvort að það sé verið að búa til einhvers konar svona allsherjar eftirlitsveldi út úr þessu öllu saman. Það kann að vera en samt ef maður skoðar þessar mismunandi tillögur hjá okkur um svona þessar eftirlitsnefndir og stofnanir þá er þetta allt með sínum hætti og það er, ef við bara rennum svona snögg yfir þetta. Við erum að færa nefndum Alþingis bara almennt og Alþingi sjálfu meiri völd til að fylgjast almennt talað með framkvæmdavaldinu, með ráðherrunum og með framkvæmd tilteknum málaflokkum. Það er svona almenn, bara þessi almenna eftirlitsskylda og hlutverk þingsins. Síðan

erum við með sérstakt leyfi til fjárlaganefndar þannig að hún geti kannað fjárreiður þeirra sem að fá fjár-framlög úr ríkissjóði, og það er ekki í öllum tilvikum ríkisstofnanir eða stofnanir sem heyra undir ráðherra. Þannig að það þarf að kveða á um það sérstaklega. Síðan erum við með þessa heimild um rannsóknar-nefndir Alþingis, sem að geta þá verið skipaðar utan-þingsmönnum. Þar er ekki um að ræða sem sagt eigin þingnefnd heldur rannsóknarnefndir á borð við þær sem að var skipuð til þess að rannsaka bankahrunið. Þetta eru þá, geta þá verið fólk úti bæ til að rannsaka tiltekin stór mál sem að almenningur varða. Þannig að, sem sagt, já rannsóknarnefndir eru öðruvísi en eitt-hvað?þetta? annað sem ég hef talið. Svo er það þessi eftirlits- og stjórn-skipunarnefnd, sem að er þá ein af fastanefndum þingsins og hún er ein af þeim nefndum sem að er talin upp, reyndar inn í, innan hornklofa, sem ein af þeim, já fastanefndum sem að Alþingi skuli kjósa, samkvæmt tillögum sem að nefnd B lagði fram, til dæmis fyrir viku síðan. Þannig að þetta er föst nefnd í Alþingi og hún hefur ýmis hlutverk, til dæmis að taka við skýrslu umboðsmanns Alþingis, vinna með skýrslu ríkisendurskoðunar og svo framvegis. Þannig að eins og ég segi, þetta er svona fastanefnd sem hefur þarna ákveðna punkta á sinni dagskrá. Síðan þegar kemur að dómsvaldinu að dæma raunverulega um stjórn-skipulegt gildi laga eða ákvarðana, að þá er ekkert hægt að fela það neinum öðrum en dómsvaldinu sem er þá Hæstiréttur eða útvíkkaður Hæstiréttur og það er það sem að var verið að leggja til hér áðan í nefnd C. Og svo loks þá erum við með umboðsmanns Alþingis, sem að er stofnun sem hefur eftirlit með stjórn-sýslunni svona eiginlega fyrir hönd borgaranna, og gætir að þeirra rétti og að það sé verið að fara að góðum stjórn-sýsluháttum. Þannig að, auðvitað, ég er búinn að telja hér upp fjöldann allan af nefndum og stofnunum, en þær hafa allar mismunandi hlutverk og ég sé ekki að það sé með neinum röklegum hætti hægt að steypa þeim saman sannast sagna, sko. En þetta er vissulega eitthvað sem við þurfum skoða en svona þessi heildar-mynd kemur í ljós og mig grunar að hún, okkur sýnist hún vera rökleg þegar við sjáum hana fyrir okkur. Takk fyrir.

SN

Guðmundur Gunnarsson. Gjörðu svo vel.

GG

Já, takk fyrir. Ég sé ekki ástæðu til þess að endur-flytja ræðu Vilhjálm. Ég, takk samt fyrir að fá orðið.

SN

Einhver annar sem vill taka til máls? Andrés Magnússon, gjörðu svo vel.

AM

Já, takk fyrir og ég ætla að hafa það eins og Katrín að þakka bara öllum í eitt skipti fyrir öll, fyrir vel unnin störf. En hérna, við vorum aðeins að ræða þetta í gær, þetta er áhyggjuefni, hvort við séum að búa til allt of mikið af eftirlitsnefndum. Hið eðlilega eftirlit með stjórn-málum er jú umræðan í samfélaginu, og umræðan í samfélaginu, hún mótast af fjölmiðlum. Og þegar var verið að brenna okkur, að þá áttu þeir sem voru að brenna okkur, alla fjölmiðlana. Þannig að það

væri skemmtilegra að slaka á öllum þessum eftirlitsnefndum en í staðinn tryggja það að umræðan og upplýsingarnar séu til staðar, í samfélaginu, fyrir fólkið. Þannig að ég er bara að benda á að þessi umræða um eftirlit, hún er nákvæmlega sú sama og um eignarhald á fjölmiðlum. Þetta er svo gjörsamlega nátengt, fjölmiðlamál og eftirlit. Því, eftirlitið á að vera úti í samfélaginu hjá fólkinu. Takk.

SN

Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Já takk, ég ætla þá að þakka í eitt skipti fyrir öll, hrósið til nefndarinnar. Mig langar að svara, koma inn á það sem að Þorkell nefndi varðandi orðalag á 10. gr. Kannski ættum við eins og Vilhjálmur vék að, að taka sérstaklega á því að kannski ekki þurfi að ræða öll frumvörp eða þingmál við þrjár umræður en það þurfi að vísa þeim formlega frá. Það hefur verið umræða um það að það sé slæmur siður að láta mál daga uppi í nefnd í stað þess að tekin sé formleg afstaða til þeirra, þetta tengist þessu orðalagi sem að vikið var að. Mig langar aðeins að koma inn á þetta með slembiúrtak og það sem að Andrés vék að varðandi skipan nefnda. Ég held að kviðdómar í Danmörku séu valdir þannig að þeir eru ekki valdir með slembiúrtaki heldur meðal félagsmanna félagasamtaka, þannig að það er tryggt að þetta er svona, þetta er fólk sem hefur allavega áhuga á þjóðfélagsmálum. Það hefur kannski ekki formlega menntun, en það lætur sig mál varða. Kannski tengist þessu sem að þarna var nefnt. Já, ég ætla ekki að fjöl-yrða um þetta. Takk.

SN

Katrín, já, kannski áður en, er einhver annar sem vill taka til máls áður en formaður nefndarinnar tekur loka, bíddu nú við, já, fyrirgefðu. Vilhjálmur Þorsteinson, gjörðu svo vel.

VP

Já, mig langaði bara örstutt að hnýta við það sem að Andrés sagði hérna áðan, vegna þess að ég er alveg sammála því, af því að ég var að tala um eftirlitsvaldið hér áðan, að það er auðvitað lykilatriði líka að fá þetta aðhald almennings með stjórnsýslunni og með því sem er að gerast í kerfinu. Þar af leiðandi er opin stjórnsýsla, opin gögn, að upplýsingar liggi fyrir og séu opin og aðgengileg. Það er mjög mikilvægt líka, og ég held að það standi til að tryggja það af því sem ég hef séð af vinnuhugmyndum nefndar A. Takk fyrir.

SN

Fínt er, þá hafa ekki fleiri óskað eftir að taka til máls og ég bið formann nefndarinnar að fara yfir þær athugasemdir sem komið hafa hér fram. Gjörðu svo vel.

KF

Já, takk fyrir það, formaður. Varaformaðurinn, hann Vilhjálmur hefur nú reifað og komið með svör við flestum athugasemdunum og ég held að sé ekki miklu við það að bæta. Ég ætlaði aðeins að segja með þetta að telja upp nefndir þingsins í stjórnaskrá, auðvitað orkar það tvímælis. En ástæðan er sú að það eru vissar nefndir orðaðar í öðrum ákvæðum í væntanlegri stjórnarskrá,

sbr. fjárlaganefnd og fleiri slíkar. Þannig að við höfum svona ekki tekið endanlega afstöðu til þess, en þetta þarf að samræma þegar lokahnykkurinn verður tekinn á gerð stjórnarskrárinnar. En ég þakka góðar ábendingar og mun taka þær til athugunar að sjálfsögðu?

SN

Nú, ég þakka fyrir tillögur B-nefndar sem voru lagðar hérna til kynningar. Áður en við tökum fyrir 4.2. eða sem sagt tillögur frá 8. ráðsfundi sem eru lagðar fram til afgreiðslu hér í áfangaskjal, þá verður gert 15 mínútna hlé. Gjörðu svo vel.

SN

Nú, þá höldum við áfram þar sem frá var horfið og við tökum fyrir lið 4.2. Það eru sem sagt tillögur frá B-nefndinni, það er tillögur frá 8. ráðsfundi um texta í áfangaskjal og formaður B-nefndar Katrín Fjeldsted tekur til máls og útskýrir þær. Gjörðu svo vel.

KF

Formaður og félagar og aðrir áheyrendur. Við kynntum fyrstu tillögur B-nefndar á niunda, fyrir tveimur vikum held ég að hafi verið en það voru einar 9 greinar sem verða svo númeraðar. Þær lúta allar að eflingu löggjafarvalds gagnvart framkvæmdavaldi, og eru um störf Alþingis. Helstu nýmæli í þessum greinum ætla ég að endurtaka:

1. atriðið er að ráðherrar víki af þingi, ráðherrar séu ekki jafnframt þingmenn.

Í 2. lagi að forseti Alþingis sé kosinn með auknum meirihluta eða $\frac{2}{3}$ hluta þingmanna.

Í 3. lagi að ráðherrar leggi ekki fram og mæli fyrir frumvörpum í þinginu heldur fari frumvörp í gegnum þingnefndir.

Og í 4. lagi að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við skipun manna í embætti.

En þessar 9 greinar eru svohljóðandi. Sú fyrsta, skilgreining á hlutverki Alþingis: Alþingi sækir vald sitt til þjóðarinnar. Það fer með löggjafarvald og fjárfjárvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdavaldinu, svo sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum. Nú til áréttingar, til að benda á núverandi stjórnarskrá, en þar kemur fram um hlutverk Alþingis einungis í 2. gr stjórnarskrárinnar þar sem segir að Alþingi og forseti Íslands fari saman með löggjafarvaldið. Við breytum þessu þannig að hlutverk forseta Íslands tengist skv. okkar tillögu ekki lengur löggjafarvaldi. Það er í samræmi við tillögur frá stjórnlaganefnd en einnig er fyrirmynd fengin í sænsku stjórnarskránni, þar sem kemur fram líka að þing landsins sé skipað fulltrúum þjóðarinnar, og við setjum inn sem fyrstu málgreininna þarna: Alþingi sækir vald sitt til þjóðarinnar.

Grein 2 hjá okkur eða tillaga númer 2, aukið vægi þingforseta. Í núverandi stjórnarskrá segir einungis: Alþingi kys sér forseta og stýrir hann störfum þess. Við viljum útfæra þetta frekar og segja eftirfarandi: Alþingi kys sér forseta með $\frac{2}{3}$ hluta atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Sitji forseti ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á við kosningu nýs forseta. Forseti stýrir störfum Alþingis, hann ber ábyrgð á rekstri þingsins og hefur aðsta vald í stjórnsýslu þess. Með forseta starfa varaforsetar og mynda ásamt honum forsætisnefnd.

Forseti Alþingis lætur af almennum þingsörfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir embættinu. Þetta er reyndar líka nýmæli með að forseti þingsins víki af þingi. Við teljum í B-nefnd að það sé fullt starf að vera forseti Alþingis.

Hafi forseti Alþingis meirihluta þingmanna að baki sér og ekki bara einfaldan meirihluta heldur $\frac{2}{3}$ þingmanna, þá sé hann ótvíræðari forseti allra þingmanna á þinginu og það dregur líka úr ágreiningslíkum ef forseti er ekki að blanda sér í atkvæðagreiðslur en að varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan. Margir hafa lýst áhyggjum af því að þingið geti ekki komið sér saman um að kjósa forseta, það verði erfitt að ná $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða en það er jú ljóst að aldursforseti stýrir þingi áður en forseti er kjörinn, og þó við setjum það ekki beint inn í þessa grein í stjórnarskrá að þá er það jú, nú þegar í þingsköpum Alþingis.

Þriðja tillagan okkar er um þingnefndir og hlutverk þeirra, og hljóðar svo: Frumvörp og önnur þingmál eru undirbúin og um þau fjallað í þingnefndum. Alþingi kys fjárlaganefnd, eftirlits- og stjórnskipunarnefnd, utanríkismálanefnd og aðrar nefndir til þess að fjalla um þingmál. Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum. Að vísu er þessu upptalning á nefndum ekki útkljáð mál, eins og kom fram í umræðunum áðan, hvort að nefna eigi yfirleitt nefndir þingsins í stjórnarskrá og þá hverjar og hvort að þeim sé gert mishátt undir höfði, með því að þær séu nefndar sumar en ekki aðrar. Til dæmis er heilbrigðisnefnd og menntamálanefnd ábyggilega jafn mikilvæg, en þetta hlutverk er jú kveðið á um í, á öðrum stöðum í stjórnarskránni og í okkar drögum, þannig að þetta stendur ennþá þarna inni. Í núverandi stjórnarskrá er ekkert minnst á nefndir þingsins. Við teljum að sterkari þingnefndir séu mikilvæg leið til að styrkja þingið gagnvart framkvæmdavaldinu. Við höfum hallast á þá sveif að ráðherrar sem að eiga jú ekki að eiga sæti á þingi, þeir geti þá ekki flutt mál á þingi, þeir geti ekki flutt og mælt fyrir frumvörpum inni í þinginu. Það mun auðvitað ekki breyta því að ráðherrar munu eftir sem áður hafa undir sínum málaflokki ýmis stór og smá atriði sem koma þurfa fram á þinginu, og án efa verða þá samin að tilhlutan ráðherrans. En það breytir því ekki að með því að fara með frumvarp fyrst inn í þingnefnd, þá þýðir það aðkomu bæði meirihluta og minnihluta á þingi að málinu, strax í upphafi. Þannig að það er verið að reyna að koma í veg fyrir stjórnarfrumvörp til dæmis sem koma fram á síðustu dögum þings og kannski hafa stjórnarflokkar, þingflokkar, kynnst málinu en ekki minnihluti á þingi. Þannig að með því að gera þetta svona, þá erum við að reyna að styrkja alla þingmenn og minnihlutann sérstaklega í störfum sínum.

4. tillagan okkar inn í áfangaskjal, heitir frumkvæðisréttur og er í framhaldi af þessu sem ég var að tala um hér áðan að ráðherrar þyrftu að fara í gegnum þingnefndir með sín mál. Og tillagan hljóðar svo: Alþingismenn hafa einir rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögu til ályktana og önnur mál. Þetta er sem sagt í samræmi við aukið vægi þingnefnda, og að ráðherra sitji ekki á þingi, og er samhljóða tillögu sem kom frá Stjórnlaganefnd.

Nú, 5. tillagan okkar er um að ráðherrar víki af þingi, maður er svolítið að fara í sömu atriðin undir mismunandi efnisgreinum en auðvitað tengjast þær. Í tillögu

okkar um að ráðherrar víki af þingi segir: Ráðherrar svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir en gæta verða þeir þingskapa. Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi. Sé alþingismaður skipaður ráðherra vikur hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embætti og tekur varamaður þá sæti hans. Nú það hafa ýmsar skoðanir verið í loftinu um hluta af þessu en það er auðvitað augljóst að ráðherrar, það þarf að tiltaka að ráðherrar verða að gæta þingskapa því þeir koma inn í þingið og eru ekki þingmenn jafnframt. Þannig að þeir verða að fara eftir reglum þingsins þegar þeir eru kallaðir þar inn.

Þessi tillaga byggir á hugmyndum sem fram komu hjá Þjóðfundi og við tókum undir þá skoðun að þetta muni styrkja þingið og skilja að frekar löggjafarvald og framkvæmdavald. Fyrirkomulag sem þetta að ráðherrar víki af þingi, séu ekki jafnframt þingmenn, byggir auðvitað á því að það sé fullt starf að vera ráðherra og ráðherrar geti með þessu helgað sig því verkefni sem að ráðherraembættið felur í sér. Við erum ekki að finna upp hjólið hvað þetta varðar, frekar en um ýmis atriði, þó við séum nú uppfinningasöm, en þetta fyrirkomulag er viðhaft til dæmis bæði í Noregi og Svíþjóð og hefur gefist ágætlega.

6. tillagan okkar er um upplýsingarétt fjárlaganefndar. Hún hljóðar svo: Fjárlaganefnd Alþingis getur krafist stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra sem fá framlög úr ríkissjóði um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár. Í núverandi stjórnarskrá er ekkert ákvæði um þetta mál en tillaga okkar byggir á tillögu stjórnlaganefndar með smávægilegum breytingum á orðalagi. Við höfum ekki séð þetta reyndar í stjórnarskrám annarra landa, öðruvísi en svo að það er fjallað um víðtækan rétt þingsins til upplýsinga frá ríkisstjórn, bæði í finnsku og sænsku stjórnarskránni. Í 7. lið er fjallað um upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart þingi. Í stjórnarskránni núverandi er í 54. gr. sagt að heimilt sé alþingismönnum með leyfi Alþingis að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni, eins og þar segir. Við teljum í B-nefnd að Alþingi eigi að eiga víðtækan rétt á upplýsingum um störf framkvæmdavalds og það sé stór þáttur í eftirlitshlutverki þingsins. Nýmælið hér, nýmælið í þessari grein er að ráðherra verður skylt að veita Alþingi eða þingnefnd upplýsingar sem þarna eru nefndar. Það eru tekin öll tvímæli af. Við teljum eðlilegt að þessi upplýsingaskylda sé skráð í stjórnarskrá, það hefur meira að segja komið til umræðu í nefndinni, þið sjáið af þessu hversu ítarleg umræðan er, hvort að eigi ekki að setja inn í ákvæðið sannleiksskyldu en orðið hefur reyndar ekki enn ratað inn í textann okkar. En slíka tillögu má finna í finnsku stjórnarskránni og þeirri sænsku.

Í 8. tillögu er fjallað um árlega skýrslu ríkisstjórnar til Alþingis. Um þetta atriði er ekkert ákvæði í núverandi stjórnarskrá. Þetta ákvæði er hugsað til að skylda ríkisstjórn til að gera skipulega grein fyrir því hvernig hún hefur staðið að störfum sínum og framkvæmt ályktanir þingsins, en það er jú verkefni framkvæmdavaldsins. Og tillaga B-nefndar hljóðar svo: Árlega leggur ríkisstjórn fyrir Alþingi skýrslu um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins. Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis. Þar er viss framkvæðisréttur gefinn ráðherra en áþekk ákvæði má finna í finnsku stjórnarskránni.

Og þá er það 9. og síðasta tillagan í þessari lotu. Hún fjallar um skipun embættismanna. Í orðalagi í núverandi stjórnaskrá er að forseti Lýðveldisins veiti þau embætti er lög mæla og svo segir: Engan má skipa embættismann nema hann hafi íslenskan ríkisborgara-rétt. Og síðan áfram eins og þar segir. Tillagan okkar leggur til, við leggjum til að stjórnarskráin kveði með nokkuð almennum hætti um þá tilhögun að hvernig ráða eigi eða skipa embættismenn en við viljum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði ferðinni. Og þess vegna hljómar tillagan okkar svona: Forseti Íslands, að vísu er heiti hans í hornklofa, eins og við höfum skýrt hér áður á fundinum, ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti er lög mæla. Við skipun manna í embætti skal einungis líta til hæfni og málefnalegra sjónarmiða. Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eidd eða drengskaparheit við stjórnarskrána.

Eins og þið heyrið er orðalagsbreyting frá núverandi stjórnarskrá, þar sem segir að engan megi skipa embættismann nema hann hafi íslenskan ríkisborgara-rétt. Við teljum rétt að opna þetta á þennan hátt sem ég sagði áðan að það mætti kveða á um það í lögum að í tiltekin embætti mætti einungis skipa íslenska ríkisborgara. Það að skipa erlenda menn í embætti er mikil breyting því að þetta voru fortakslaus ákvæði í núgildandi stjórnarskrá. En sambærileg ákvæði og við erum að koma með er að finna bæði í finnsku og sænsku stjórnarskránni.

Nú B-nefnd leggur þessar tillögur fram að nýju, gerði það áður til kynningar en nú til afgreiðslu inn í áfangaskjal og ég þakka samstarfið í nefndinni um þessar tillögur og athugasemdum sem komu fram þegar við fjölluðum um það síðast og voru mjög gagnlegar. Takk.

SN

Þakka Katrínu Fjeldsted fyrir að kynna þetta skjal og þá er orðið laust um tillögur B-nefndar um eflingu löggjafarvalds gagnvart framkvæmdavaldi. Lýður Árnason.

LÁ

Já, takk góða ráðsfolk og viðstaddir og þeir sem heima sitja. Ég er svoldið skeptískur á þetta, að kjósa fólk inn á þing og láta svo ráðherra víkja af þingi, þó að það sé gott og gilt, en í staðinn þá koma varamenn fyrir þessa ráðherra og ég held að það sé svolítið varhuga-vert að hrúga þarna inn í þessi tvö stjórnskipunarstig fólki af sama meiddi. Þannig að það er þingið sem velur ráðherra og svo koma væntanlega varamenn úr sama flokki þarna inn. Og ég held að þetta sé EKKI til þess að auka aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdavalds. Þetta gæti þvert á móti gert þau mörk enn óskýrari en er í dag, fyrir utan þá held ég að þetta komi alls ekki í veg fyrir þessa ráðherrakapla sem eru mjög stundaðir hér, og þetta kemur EKKI til móts við kröfur margra um valddreifingu og heldur ekki um það að ráðherrar séu valdir faglega. Þannig, að mínum dómi eru þessar tillögur ekkert sérstakar. Takk fyrir.

SN

Ómar Ragnarsson, gjörðu svo vel.

ÓR

Já, gott ráðsfolk. Ég ætla bara að veita andsvar og lýsi mig ósammála þessu í flestum atriðum. Þetta er til bóta og þær röksemdir að með því að ráðherrar þeir fái þó að sitja á þingi og svara þar fyrir og hlusta á umræður og annað, að þá fjölgi stjórnarliðinu svo mikið í þingssalnum að þetta skekki í öfuga átt miðað við það sem við ætlum. Ég held að það sé alls ekki þannig vegna þess að reynslan sýnir að stjórnarandstaða er alltaf duglegust við að tala hvort eð er og eiga ræðuskörunga þingsins eða metræðumenn þingsins ár eftir ár. Þannig að ég tel að það muni ekkert skekkja, og að þetta sé til mikilla bóta þó að auðvitað vildum við skerpa betur á þessu, að þá held ég að þetta sé skref í rétta átt og hefur reynst vel þar sem að hefur verið gert. Auk þess sem að ráðherrastarf er alveg fullt starf og bara ástæðulaust að vera að íþyngja þeim með því að vera þingmenn líka, og getur orðið þeim fjötur um fót, og það að menn hugsa sig tvisvar um áður en þeir bjóða sig fram til þess að vera ráðherrar. Takk.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Já, ég vil nú aðeins bregðast við þessu hjá Lýð, ég er nefnilega sammála Lýð efnislega, þ.e.a.s. ég vildi gjarnan sjá það að ráðherrar væru að öllu eða að minnsta kosti langmestu leyti skipaðir utan þings en ég held að þessar tillögur okkar fari nú langt í þá átt að stilla má segja, hvatana af þannig að það geti gerst, í auknum mæli. Nú, ég, bara svo ég lesi herna uppúr greinargerðinni okkar, þá stendur hér greinargerð með þessari 5. tillögu. Það er hugmynd nefndarinnar að opnað sé frekar fyrir það að ráðherrar komi ekki úr hópi þingmanna. Og svo stendur hérna á eftir: Í þeim tilvikum er ráðherrar koma úr hópi þingmanna, víkja þeir úr þingsæti meðan þeir gegna embætti sínu. Þannig að sko öll hugsunin og orðalagið í kringum þetta er þannig að það geti alveg orðið og vonandi verður það meginreglan jafnvel, að ráðherrar séu, ja, skipaðir utan þings, fólk sem að hefur faglega tengingu við þau ráðuneyti sem að það er að fara að setjast í, og en auðvitað vitaskuld njóti pólitísks trausts engu að síður meirihlutans á Alþingi. Það liggur auðvitað í hlutarins eðli, að við losnum ekkert einhvern veginn alveg við pólitíkina. Enda má benda Lýð á það að þó að sko forsætisráðherra væri kjörinn beinni kosningu að þá auðvitað er það, það er auðvitað pólitísk kosning. Forsætisráðherra er auðvitað í einhverjum tilteknum flokki væntanlega, og það sem við sjáum t.d. í Bandaríkjunum eða Frakklandi, þar sem að það er kosið beint í forsætisráðherrann eða forsetann, að þá auðvitað eru flokksleg tengsl engu að síður milli framkvæmdavaldsins og löggjafarvaldsins. Þannig að þó að ég sé ekki búinn að loka á það í mínum huga að við kjósum framkvæmdavaldið beinni kosningu að þá held ég að þessar hugmyndir sem við erum hér með í B-nefnd þær ganga mjög langt jafnvel innan þingræðisrammans í því að aðskilja löggjafarvald og framkvæmdavald og tengja faglegheit við ráðuneytin og framkvæmdavaldið en stilla hvatana þannig af að þingmenn séu að sinna pólitískri stefnumótun, til dæmis inni í nefndum. Takk.

SN

Þorkell Helgason. Gjörðu svo vel.

ÞH

Já, ég vil nú lýsa yfir stuðningi mínum við þessar tillögur, þó mér finnst þær kannski ekki ganga alveg nógu langt. Ég er að hugsa sömu hugsun og Vilhjálmur held ég og mun hér í stefnuræðu á eftir reifa það að fyrirkomulag sem þetta ætti að geta leitt til þess að helstu virðingarstöður í pólitík væru þær að verða formenn þingnefnda frekar heldur en að verða ráðherrar og með því að færa frumkvæðisvaldið að frumvarpa-gerð og framlagningu til nefndanna frá ráðherrunum, þá hyggt ég nú að það gæti gerst smám saman. Við verðum í þessum málum eins og mörgum öðrum að taka eitt skref í einu. Takk fyrir.

SN

Lýður Árnason.

LÁ

Já, varðandi það sem þú varst að segja, Ómar sko. Þó að stjórnarandstaðan tali meira á þingi þá eru nú yfirleitt þessir hlutir sem gerast á bak við tjöldin sem ráða meiru. Það sem þú segir Vilhjálmur, að ráðherrar verði alltaf pólitískur. Ég held að það sé bara, liggi í hlutarins eðli, og ég held að allir séu nú sammála því, við viljum náttúrulega fá einhverja pólitíska aðila í pólitík. En mér hugnast betur að það sé fólkið sem velji þá pólitísku aðila en ekki þröngur hópur þingmanna. Takk fyrir.

SN

Pawel.

PB

Já, kærur vinir. Ég ætla að lýsa efasemdum eins og áður við þessa tilhögun um kosningu forseta með 2/3 atkvæða. Við skulum aðeins hugsa, ekki þetta sko, að sé engan veginn hægt að lifa með þetta, en skulum hugsa hvaða afleiðingar þetta geti haft. Sums staðar þar sem þetta hefur viðtekist, hefur fest sú venja að menn einfaldlega, ef menn geta ekki samið um þetta, þá skipta menn með sér kjörtímabílinu. Kannski er það ekki verra en það er ekkert endilega þar með sagt að við fáum sterkari þingforseta fyrir vikið, sem hafi sterkara umboð. Nú, ég er auðvitað að hugsa hvort að þurfi þá ekki engu að síður að tryggja það að sé það aldursforsetinn sem stýri, hvort hann uppfylli, sé ekki ljóst að hann uppfylli öll þessi stjórnskipulegu hlutverk sem stjórnarskráin felur honum að öðru leyti, og ég hef sömuleiðis ákveðnar efasemdum um það að taka atkvæðið af þingforseta við það að hann verði þingforseti. Ég hef talað fyrir aðskilnaði milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds. Ég held það sé ekki endilega nauðsynlegt að sá sem stýri löggjafarvaldi sé sjálfur ekki hluti af því, að því leyti að hann fari ekki með vald til þess að greiða atkvæði um lög. Þannig að ég mundi svona frekar vera íhaldssamur í þessum efnunum og halda í það fyrirkomulag varðandi þingforseta sem er nú við lýði og ég held að það hafi ekki gefist sérstaklega illa. Takk.

SN

Einhver annar? Já, Katrín.

KO

Já, takk. Mig langaði til þess að tala örlítið um þessa hugmynd sem þú nefndir, Katrín með sannleiksskyldu. Ég hef aldrei heyrt þetta áður en þetta var svona fyrst bara, hvað þýðir þetta? En svo fór ég að hugsa, kannski er þetta alls ekki vitlaust. Ég hef lesið tvær skýrslur nýlega sem urðu til fyrir tilstillis svona ferlis, þ.e.a.s. Alþingi kallaði eftir einhverju frá ráðherra og ráðherra kallaði eftir einhverju, í þessu tilfelli frá lögreglunni. Og báðar skýrslurnar voru í raun og veru ALGJÖR tímaeyðsla og bara hvítþvottur. Og síðari skýrslan var nú reyndar bara birt í þessari viku og fjallar um flugumanninn Mark Kennedy og fleira. Og það, sem ég velti fyrir mér er sko, það má ekki vera þannig að fólk geti bara tikkað í einhver box og þar með sé búið að fullnægja eftirlitsskyldunni, það verður að vera eitthvað efnislegt inntak. Og ég veit að sannleiksskylda hljómar rosalega matskennt og erfitt orð en hún setur þó efnislegt inntak inn í það sem er verið að biðja um þarna, þ.e.a.s. að hægt sé að kalla eftir raunverulegum upplýsingum. Ekki það að einhver aðili copy-paste-i einhver lög og segi síðan, já ég er búinn að búa til skýrslu, hérna gjörðu svo vel, 20 blaðsíður af skrifuðum texta en ekkert innihald. Þannig að ég bara gleðst yfir þessari hugmynd og finnst hún góð. Annað sem ég ætlaði að segja ykkur, er að það sem gerðist hérna í hléinu hjá mér [smá hlátur KO (chuckle!), A.V.]. Það var það að ég hitti einn af okkar gestum og hann var að segja mér frá því að hann hafði miklar áhyggjur af því að það væri ekki búið að ganga frá því hvernig okkar tillögur yrðu síðan hérna, hvernig farið yrði með þær, og hann sagði, verður ekki örugglega þjóðaratkvæðagreiðsla? Og ég sagði, ja þetta er mál sem að við þurfum að ákveða að tala um frekar fyrr eða síðar. Þannig að við skulum gera það. Takk.

SN

Já, þetta mun vera á dagskrá þegar fram líða stundir, þegar við verðum komin aðeins lengra með starfið. En hver er, einhver einn sem vill taka? Gísli. Gjörðu svo vel.

GT

Já, formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Ég tek undir með Katrínu um þetta hvort tveggja, að það sé gott að ræða fyrr en síðar hvernig við leggjum til að málin verði borin undir þjóðina enda var það meginatriði hjá mörgum þegar þeir gáfu kost á sér í þessi störf. En varðandi sannleiksskylduna, þá er ástæðan fyrir því að það er ekki komið inn sérstakt ákvæði um það, að þegar ég stakk upp á þessu, þá var það fyrst sem orðalagsbreyting við einstakt ákvæði. En svo held ég að menn hafi séð að þetta ætti þá, ef að menn féllu á þetta, að ætti heima sem sko almennt, sérstakt ákvæ ..., hvað á ég að segja, sérstakt ákvæði sem á við um fleiri ákvæði, þ.e.a.s bæði þegar þing spyr ráðherra og þegar ráðherra segir þingi frá og þegar ríkisstjórn gefur skýrslu. En ég held að saga okkar, bæði nýleg eins og Kata vék að og eldri, sýni að það er full þörf á þessu, og minni á eins og ég skrifaði á Eyjuna í gær að prófessor í stjórnskipunarrétti taldi fulla þörf á þessu fyrir 15 árum og síðan hefur nú ýmislegt gerst sem að eykur þörf á skyldu, beinni í stjórnarskránni til þess að ráðherrar verði að segja þinginu satt og jafnvel komi þá, allavega sé gefið í skyn í stjórnarskrá hvað gerist

ef þeir gera það ekki. Þetta getur hindrað margvísleg mistök og vandræði. Takk.

SN

Einhver sem vill taka til máls? Ef ekki þá bið ég Katrínu Fjeldsted, formann nefndar B að hafa lokaorð um tillögu nefndarinnar fyrir atkvæðagreiðslu. Gjörðu svo vel, Katrín.

KF

Já, ég þakka málefnalega umræðu og sérstaklega þetta með sannleiksskylduna. Ég held að það sé nú ansi mikið svona íhugunarefni, hvort að sannleiksskylda sé ekki eitt af þessum orðum sem að hafa á í heiðri í lýðræðisþjóðfélagi. En við leggjum þá sem sagt til að þetta fari inn í áfangaskjalið, þessar greinar. Takk.

SN

Já, þá er lokið umræðu um þessar tillögur og þær eru nú bornar upp til atkvæðagreiðslu. Og þeir sem eru samþykktir því að þetta fari inn í áfangaskjal, vinsamlegast réttið upp hönd.

SN

Einhverjir á móti? Og einhver sem situr hjá? Þá er atkvæðagreiðslu lokið og tillögurnar voru samþykktar inn í áfangaskjal.

5. Stefnuræður fulltrúa

SN

Þá er komið að lið 5 á dagskrá fundarins og það eru stefnumarkandi umræða og í dag eru það Dögg Harðardóttir og Þorkell Helgason sem halda sínar ræður og ég gef Dögg Harðardóttur orðið. Gjörðu svo vel.

DH

Formaður, kæru ráðsfulltrúar og aðrir sem á mig hlýða. Þegar Skaftáreldar brutust út árið 1783 vall hraunið yfir allt sem fyrir varð og eyðilagði á augabragði hverja græna þúfu, bæði bæi, jarðir og tún. Fólkið leitaði skjóls í kirkjunni í Síðu, því að það óttaðist um líf sitt og allra þeirra sem því þótti vænt um. Þegar hraunstraumurinn nágaðist kirkjuna og enginn vissi hvort kirkjan yrði lögð í rúst, bað séra Jón Steingrímsson almættið um hjálp og fyrir það hefur hann verið þekktur æ síðan, því að hraunstraumurinn stöðvaðist við kirkjuna hans. Kirkjan er minnisvarði um sögulega arfleifð og einstaka trú þessa manns. Eins og fulltrúum í Stjórnlagaráði er kunnugt hefur ráðinu borist ósk um að fjalla um aðskilnað ríkis og kirkju. Stjórnlagaráð fagnar aðkomu þjóðarinnar að endurskoðun stjórnarskrár, og hvort sem niðurstaða ráðsins verður að breyta 62. gr. stjórnarskrár eða láta hana standa óbreytta, þá er nauðsynlegt að rökstyðja þá ákvörðun og upplýsa þjóðina um að umræðan hafi átt sér stað. 62. grein stjórnarskrár hljóðar svo: Hin evangelíska-lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda. Breyta má þessu með lögum.

Áður en lengra er haldið er rétt að varpa fram þremur spurningum: Hvað er átt við með aðskilnaði ríkis og kirkju? Hverju á að slíkur aðskilnaður að skila? Hvaða afleiðingar getur slíkur aðskilnaður haft? Menn

greinir á um hvað átt sé við þegar rætt er um aðskilnað ríkis og kirkju því að sumir vilja meina að hér hafi aðskilnaðurinn þegar átt sér stað og Ísland til dæmis verið á undan Svíþjóð sem stundum er vitnað til í þessum efnunum. Árið 1997 voru sett svokölluð Þjóðkirkjulög á Íslandi sem kváðu á um aðskilnað ríkis og kirkju, þannig að ríkisvaldið hætti afskiptum af innri málum kirkjunnar, kennisetningum og skipunum presta svo dæmi sé tekið. Í dag fer Kirkjubing með æðstu völd um málefni kirkjunnar en ekki Alþingi. Þá var einnig gerður samningur milli ríkis og kirkju um endurgjald ríkisins vegna kirkjujarða sem ríkið fékk til eignar árið 1907. Sá samningur fól í sér að ríkið skuldbatt sig til að greiða prestum laun. Allur annar rekstur kirkna er sjálfstæður og greiddur með sóknargjöldum sem ríkið innheimtir jafnt fyrir öll trúfélög. Ég hygg, þegar rætt er um aðskilnað ríkis og kirkju, að þá sé átt við að þessum samningi um laun prestanna verði rift. Það sé sá samningur sem valdi því að öðrum trúfélögum finnist á sig hallað. Þó svo að 62. gr. stjórnarskrár yrði numin burt, þá félli þessi samningur ekki úr gildi nema honum yrði sagt upp. En hverju á aðskilnaður ríkis og kirkju að skila? Þeir sem óska eftir aðskilnaði ríkis og kirkju telja að á Íslandi ríki ekki fullt trúfrelsi og það náist ekki nema með aðskilnaði ríkis og kirkju. Þá hafa þeir einnig talið að tengsl ríkis og kirkju séu brot á jafnræðisreglu stjórnarskrár. Nú verður ekki framhjá því litið að arfleifð íslenskrar þjóðar er kristin. Kristin trú er hluti af menningarlegum, sögulegum og trúarlegum arfi okkar. Saga Íslands, allt frá komu Papanna árið 825, verður ekki sögð nema kristin trú og gildi komi hvað eftir annað við sögu. Trúfrelsi felst ekki í að afmá einkenni kristinnar trúar eða afneita uppruna sínum. Þvert á móti hafa mannréttindasáttmálar leitast við að vernda menningararfleifð þjóða. Þá hefur tilvist þjóðkirkju ekki verið talið brot á 9. gr. mannréttindarsáttmála Evrópu, svo lengi sem aðild að henni er ekki skyldubundin. Jafnræðisregla stjórnarskrár gerir ekki kröfu um að menningu þjóða verði breytt í þágu annarra þjóða. Því er hæpið að halda því fram að tengsl ríkis og kirkju séu brot á jafnræðisreglu stjórnarskrár. Hins vegar ljóst að vernd stjórnarskránnar gagnvart öðrum trúfélögum, gengur ekki jafn langt og gagnvart þjóðkirkjunni. Það er hins vegar ekki vegna þess að hún er lútersk, heldur vegna sögu hennar og fjölda meðlima.

Hvaða afleiðingar getur aðskilnaður ríkis og kirkju haft fyrir fólkið í landinu?

Ef gefum okkur að ríkið hætti að greiða prestum laun og enginn sérsamningur um fjárhagslegan stuðning við þjóðkirkjuna komi í staðinn þá er ljóst að þjónusta kirkjunnar skerðist. Prestaköll yrðu eflaust sameinuð og hugsanlegt er að prestar yrðu aðeins á þéttbýlustu stöðum landsins. Yfir 95% þjóðarinnar láta jarða sig frá kristinni kirkju. Umtalsverð fækkun presta gæti haft í för með sér að íbúar Austurlands hefðu aðeins einn prest frá Þórshöfn á Langanesi allt til Hafnar í Hornarfirði. Presturinn gæti búið á Egilsstöðum og þegar andlát yrði á Vopnafirði, þyrftu Vopnafirðingar annað hvort að borga prestinum laun fyrir að koma til Vopnafjarðar til að jarðsyngja þar eða flytja kistuna til Egilsstaða og jarða viðkomandi þar. Húsvíkingar gætu þurft að sækja alla prestsþjónustu til Akureyrar, og Borgnesingar til Reykjavíkur. Það er ekki sjálfgefið að það sé prestur í hverju bæjar-

félagi landsins. Það er heldur ekki sjálfgefið að það tónlistarstarf sem fram fer í kirkjum verði óbreytt um aldur og ævi. Allt er þetta val. Þegar áföll verða í bæjarfélögum er oft boðað til bænastunda í kirkjum landsins og þá streymir fólk til næstu kirkju. Þessi þjónusta væri hvorki sjálfsögð né auðfengin ef fækkun presta yrði óhjákvæmileg. Þá er ónefnd þjónusta þjóðkirkjunnar við heyrnarlausu, fatlaða, innflytjendur og Íslendinga í útlöndum. Þessi upptalning er langt í frá að vera tæmandi en hún gefur örlitla hugmynd um í hversu mörg horn er að líta. Krafan um aðskilnað ríkis og kirkju snýst ekki eingöngu um lagalegar hlíðar málsins eða stjórnarskrár annarra landa heldur fólkið í landinu. Það er rétt að geta þess, áður en lengra er haldið, að sjálf er ég ekki meðlimur í Þjóðkirkjunni, þannig að ég er ekki að reyna að draga taum minnar eigin kirkjudeildar. Þvert á móti er ég að leitast við að varpa ljósi á þær hlíðar þessa máls sem skipta verulegu máli til þess að hægt sé að taka upplýsta afstöðu. Kapp er best með forsjá, og sá sem hraðar sér, misstígur sig. Í ljósi þess sem ég hef þegar sagt, tel ég óskynsamlegt, að svo stöddu, að afnema 62. gr. stjórnarskrár og rjúfa endanlega tengsl ríkis og kirkju. Það verður ekki gert nema að undangenginni ítarlegri könnun á afleiðingunum og í samræði við þjóðina, því að á henni bitnar afleiðingin og allra helst á 250.000 meðlimum Þjóðkirkjunnar, þó svo að Þjóðkirkjan beri skyldur gagnvart öllum landsmönnum. Og kirkjan hefur fullt leyfi til að kalla sig Þjóðkirkju, rétt eins og Morgunblaðið má kalla sig blað allra landsmanna.

Ég hóf ræðu mína á sögu um séra Jón Steingrímsson, eldklerk. Þrátt fyrir strauminn sem æddi gegn honum, þá vissi hann fyrir hvað hann stóð. Í því fjölmenningarsamfélagi sem við búum í þar sem gætir ólíkra stefna og strauma, þá þurfum við að vita fyrir hvað við stöndum. Þjóð með sterka sjálfsmynd veit hvaðan hún kemur og hvert hún ætlar, en hún varpar ekki gildum sínum fyrir róða að vanhugsuðu máli. Í allir vinnu Stjórnlagaráðs er mikilvægt að spyrja, hvaða markmiði við ætlum að ná, fyrir hverja, fyrir til hvers, og hver möguleg afleiðing þess verður. Á öllum málum eru fleiri en ein hlíð, og það er nauðsynlegt að vera varkár, velta við hverjum steini og hugsa til framtíðar til að valda ekki tjóni.

SN

Þakka fyrir og næstur tekur til máls Þorkell Helgason.

ÞH

Formaður, góðir meðfulltrúar og áheyrendur nær og fjær. Stjórnlagabíngið hefur nú starfað í u.þ.b. 6 vinnuvikur telst mér til og ég tel að við höfum þegar náð góðum árangri. Samvinnan er frábær, við tökumst auðvitað dálítið á en við reynum að skilja hvert annað og ná sáttum eftir föngum. Það er unnið hér öðruvísi heldur en við þekkjum úr sjónvarpi frá þeim stöðum þar sem rætt er um stjórnsmál og ég hvet þá áheyrendur sem að kunna að heyra mál okkar hér í gegnum tölvuna að koma hingað á fimmtudögum og hlýða á mál okkar, hitta okkur og fá sér kaffi með okkur, og auðvitað ræða við okkar hvenær sem er.

Hverjar eru væntingar okkar til okkar starfs, til hvers erum við að þessu? Jú, við erum að þessu til þess að treysta samfélag lýðræðis, réttlætis, frelsis og

velferðar. Samfélags sem við höfum búið í hingað til og viljum búa í áfram í og treysta undirstöður þess og forsendur. Það gerum við með stjórnarskrá, hún setur okkur og þjóðfélaginu öllu bæði markmið og leikreglur. Það er mjög mikilvægt, tel ég, að stjórnarskráin sé skýr, læsileg og á vönduðu máli, og eins og meðfulltrúi okkar Erlingur hefur einatt sagt, sé bókmenntaverk. Og svo vill til að við formaðurinn, hún Salvör og ég, við vorum í Sviss um síðustu helgi. Og mér er minnstætt að formaður stjórnlagaráðs í kantónunni Zürich lagði einmitt nákvæmlega áherslu á þetta sama. Mikilvægi þess að málið væri aðgengilegt öllum. Viðfangsefni okkar eru mörg og eins og Dögg kom hér inn á áðan þá eru kirkjumálin eitt af þeim stærri málum sem við höfum reyndar ekki tekið á ennþá en munum eflaust gera, og verðum að gera.

En, við erum að ræða um þrískiptingu valdsins sem við erum að sjálfsögðu öll sammála um að við viljum hafa, en kannski greinir okkur eitthvað á um með hvaða hætti. Það eru uppi hugmyndir um forsetaræði fremur en þingræði. Ég hef sjálfur sveiflast til í þeim efnunum en hef núna seinustu misserin og árin verið eindreginn þingræðissinni. Þá er það spurningin, hvernig á að haga framkvæmdavaldinu í slíku fyrirkomulagi. Og ég held að það verði að leggja áherslu á það að framkvæmdavaldið sé þjónn þeirra fulltrúa sem við, almennigur, höfum kosið til að fara með okkar mál, það er að segja þjónn Alþingis en ekki öfugt. Og því sæi ég fyrir mér sem ákjósanlegt fyrirkomulag að ríkisstjórn væri beinlínis kosin á Alþingi. Vitaskuld væri þá hægt að gera það með ýmsu móti, ef það væri hrein meirihlutakosning þá hefði, þá hefði meirihlutinn á Alþingi, réði hann í rauninni öllu um ríkisstjórnina en aftur vísa ég nú til fyrirkomulags í Sviss, þar sem að ríkisstjórn er kosin hlutfallskosningu, og er þannig bæði skipuð minni- og meirihluta. En þetta er nú kannski okkur of framandi. Við vorum að ræða hér áðan tillögu frá nefnd B sem mér sýnist stefna nokkuð í þessa átt, sem ég er hérna að reifa, meðal annars með því móti að ráðherrar sitji ekki á Alþingi og að þingnefndir flytji mál en ekki ráðherrar. Ég sæi nefnilega fyrir mér að ædstu virðingarembætti á stjórnsmálavettvanginum væru að vera formenn þingnefnda frekar heldur en að vera þeir framkvæmdastjórnar sem ættu að sitja í ríkisstjórn. Þá kunna menn að spyrja, er ekki bara verið að skipta um nafn og færa ráðherrana þá inn á þingið aftur, í formi formanna þingnefnda. Ég tel ekki svo vera, vegna þess að þar stæði þessi ráðherra hver og einn frammi fyrir þingnefnd nánast dags daglega, og yrði að standa henni skil sínum málum og málflutningi, bæði í minnihluta og meirihluta. En ég er nú ekki endilega að leggja til að þetta verði fært á blað í þetta sinn en gauka því að nefnd B að huga að einhverju markmiði í þessa átt, og ég tel hana reyndar vera á þeirri leiðinni. Þá ætla ég að spyrja sjálfan mig og ykkur: Nægir þrískipting valdsins? Aftur vísa ég í félagi okkar Erling og eflaust fleiri hér inni, sem hafa reifað þá hugmynd að forseti Íslands verði, fái hlutverk og fái það hlutverk að vera yfirmaður 4. valdsins, eftirlitsvalds og nú bið ég menn að anda, taka andann ekki of djúpt, og halda ekki að ég eða fleiri séu að leggja til að það verði búið til mikið apparat. Þvert á móti, heldur verði, eins og kom reyndar fram í umræðunni hérna í dag, reynt að sameina og samþætta þessa eftirlitsþætti. Já, það var Katrín Oddsdóttir sem

nefndi það. Og ég sæi mjög vel fyrir mér að til þess að gera þetta óháð framkvæmda- og löggjafarvaldinu þá væri forsetinn sem færri, væri þarna æðsti yfirmaður en hefði að sjálfsögðu skýrar reglur um það hvernig hann ætti að haga sér, til dæmis við mannaval, samanber það sem að við í C-nefndinni höfum lagt til um ráðningu dómara. Nú, ég tel að forsetinn ætti þá jafnframt að vera þjóðhöfðingi og hann sem slíkur og sem þessi mikilvægi umboðsmaður þjóðarinnar að hann ætti að vera þjóðkjörinn eins og verið hefur og þá finnst mér mikilvægt að hann hljóti meirihlutakosningu. Það er að sjálfsögðu hægt að gera það með því að tvítaka kosningar eins og víða tíðkast en það er til miklu einfaldari og ódýrari og mínu mati betri leið til þess. Það er að nota einfaldlega STV aðferðina sem við vorum kosin með til stjórnlagabingsins sáluga.

Hvernig á svo að kjósa til Alþingis? Það er eitt stærsta málið sem við munum glíma við. Kjördæmaskipun, fjöldi þingmanna og fyrirkomulag kosninga í hvívetna, hefur verið höfuðverkur Alþingis, ég hygg alveg frá endurreisn þess á miðri síðustu öld, nei næst-síðasta var hún reyndar. Og þetta hefur verið deilufni og meginefni flestra ef ekki allra stjórnarskrárbreytinga í a.m.k. 100 ár. Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt að Stjórnlagaráðið taki mjög ítarlega á þessu efni og það verður að fjalla um málið í heild sinni, þó svo að ég telji æskilegt að ákvæðin í stjórnarskránni séu ekki of smásmuguleg heldur og eigi, bjóði upp á visst svigrúm, þá held ég bara, og líka af reynslu sem að ég hef og fleiri af þessum málum, að það hefur tíðkast alltaf þegar fyrirkomulagi kosningamála í stjórnarskrá er breytt þá liggir í rauninni fyrir drög að kosningalögum líka, þannig að menn sjái í smáatriðum hvernig væri hægt að útfæra þetta. Þá ætla ég að víkja aðeins að forsendum mínum eða minni sýn á kjördæmamálið og ég hef einfaldan smekk í þessum efnum. Mín fyrsta krafa er sú að kosningarétturinn sé algjörlega jafn og óháður búsetu. Ég lít á hann sem mannréttindi og mannréttindi er ekki hægt að deila eða skipta. Það er annað hvort full mannréttindi eða ekki. Og það er heldur ekki hægt að beita þeim rökum, að það eigi að láta einhvern fá meiri mannréttindi á þessu sviði vegna þess að halli á hann á einhverju öðru sviði.

Mannréttindi eru ekki verslunarvara eða einhverskonar framseljanlegur kvóti. Þá tel ég afar mikilvægt að persónukjör sé stóraukið. Það hefur aðeins hefur þokast í þá átt við síðustu breytingar á kosningalögum og kosningafyrirkomulagi, en að mínu mati allt of skammt gengið. Ég skynja ekki annað en að það sé eindreginn stuðningur við slíkt hér í okkar hópi og raunar úti í þjóðfélaginu öllu. Óskalausn mín í þeim efnum er einfaldlega að listar séu boðnir fram óraðaðir og hver einasti kjósandi geti valið sér þann, af því hlaðborði hverja þá sem vill.

Í þriðja lagi vil ég að skipting landsins í kjördæmi verði aflögð og landið verði eitt kjördæmi. Þetta tel ég hafa verið ráðandi sjónarmið á Þjóðfundinum og mér er sagt þó ég hafi ekki kannað það sjálfur, að meirihluti okkar sem hér erum inni séu þessarar skoðunar líka. Mín rök fyrir þessu fyrirkomulagi er einfaldlega þau að við erum 300.000 og ekki fleiri, og við eigum ekki að draga okkur í dilka að öþörfu. Við eigum að hugsa um hag allra landsmanna, og ég er sannfærður um það að hagur landsbyggðarinnar verður ekki fyrir borð borinn, með þessu fyrirkomulagi. Þar að auki finnst

mér landfræðileg kjördæmi ekki vera í takt við tímann. Ef við værum að finna lýðræðið upp núna á dögum tölva, tölvupóst og alls slíks, þá myndum við örugglega hugsa einhvern veginn öðruvísi. Náungi minn í biblíulegum og kristilegum skilningi er ekki endilega sá sem að býr hjá mér, í næsta hús við mig. Hann er kannski áhugamaður um bættu menntun og gæti þess vegna alveg eins búið á Akureyri eins og einhvers staðar annars staðar.

Nú, í fjórða lagi tel ég óhjákvæmilegt að fullur jöfnuður sé með flokkunum. Að þeir hafi þingstyrk á Alþingi í beinu hlutfalli við landsfylgi. Þetta hefur verið markmiðið og aðalmarkmiðið með öllum breytingum á kosningafyrirkomulagi svo lengi sem elstu menn muna. Það er stundum látið eitthvað annað í veðri vaka þegar verið er að breyta þessu en ég þekki þetta nokkuð vel og hef starfað þarna á bak við tjöldin og VEIT að þetta er aðalmarkmiðið. Og það markmið náðist 1987. Síðan 1987 og það ættu allir að ihuga sem að eru eitthvað skeptískir eða tortryggirnir eins og ætti nú heldur að segja, á það að hafa landið eitt kjördæmi er að það hefur verið pólitískt eitt kjördæmi síðan 1987. Það hefur verið fullur jöfnuður með flokkunum síðan, að teknu tillit til þess að vísu að það er þröskuldur sem sumum líkar ekki en það er pólitískt mál. Nú, óskafyrirkomulagið mitt er þá einfalt, landið eitt kjördæmi, fullkomið persónukjör sem væri gert upp með STV aðferðinni, þeirri sem við þekkjum og þar við látið sitja. Þá nást öll hin markmiðin, fullur jöfnuður, bæði eftir búsetu og milli stjórnmálaaflla.

Nú, ég hef sent til ykkar skjöl þar sem ég hef verið að reyna að reifa einhvers konar málamiðlun í þessum efnum. Ég hygg að tími minn sé á enda, þannig að ég ætla að sleppa því að reifa það núna. En þar er ég að reifa hugmyndir þar sem að vísu að nafninu til er skipt upp í kjördæmi, en að nafninu til segi ég, það er hvað framboðin varðar, en kjósandur hafi eftir sem áður vald til þess að velja sér fulltrúa hvaðan sem er.

Ég hafði ætlað mér að ræða hérna meira en ég er orðinn svolítið langorður þannig að ég verð að hlaupa yfir það. Beint lýðræði er efni sem tengist þessu sem við höfum verið að ræða, og aftur vísa ég til þess sem að, ferðar okkar Salvarar og fleiri frá Íslandi, Grænlandi og Færeyjum til Sviss um síðustu helgi til að fræðast þar um beint lýðræði. Ég skynjaði þar að þeirra hugsun er á einhvern hátt gjörólík okkar. Ég hafði ekki áttað mig á þessu, öll vitum við frá námsbókum að í Svisslandi tíðkast að þeir kjósa titt og ótt, og rétta jafnvel upp hendur á torgum, þorpstorginu um ýmis málefni. En hjá þeim er þetta orðið það innbyggt og í sálir manna og í framkvæmd, að fólkið tekur nánast allar ákvarðanir. Valdið er ótvírætt hjá fólkinu. Þingið starfar algjörlega í umboði fólksins, og þingin, það eru þing í hverri kantónu og þau framkvæma það eða útfæra það sem fólkið biður þau um að gera eða sinnir einhverjum málum sem að almenningur nennir ekki að sinna. Þar er ekki aðeins málskotsréttur. Almenn- ingur fær ekki aðeins að greiða atkvæði um frumvörp, sem að hafa annaðhvort verið samþykkt eða felld á þinginu, heldur er það frumkvæðisréttur. Það getur hver og einn efnt til undirskriftarsöfnunar um að bera fram hvaða mál sem er. Nú er ég ekki endilega að leggja til að við tökum þetta upp á Íslandi, ég held að menningin okkar bjóði ekki upp á þetta. Við erum því miður dálítið þannig, eða saga okkar er dálítið þannig

að okkur finnst að valdið komi að ofan og við náðar-samlegast fáum að gera eitthvað með valdinu sem að hefur komið að ofan. Nú, en ég hygg engu að síður að þegar við förum að ræða um beina lýðræðið þá sé gagnlegt og gott að hafa þetta í huga.

Og að lokum, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Við höfum tekið að okkur veigamikil hlutverk. Okkur er ætlað að leysa þetta á örskömmum tíma. Alls staðar þar sem ég þekki til tekur þetta ár. Í Sviss svo ég vísa enn og aftur, einu sinni aftur í það, þeir hafa verið smám saman að endurskoða stjórnarskrár allra kantónanna, og mér sýnist það taka að meðaltali 5 ár. En við ætlum að vera dugleg og við VERÐUM að vera það. Okkur BER að klára þetta verk í sumar. Til þess vorum við valin af þjóð og þingi. Takk fyrir.

SN

Ég þakka Þorkatli fyrir, og þá er komið að lokum þessa fundar. Ein breytingartillaga hefur komið fram á fundinum. Hún er frá ÓR og KO við 7. grein á breytingartillögu C-nefndar um dómstólakafla. Tillögunni er vísað til nefndarinnar, C-nefndar, sem sagt. Nú, 9. ráðsfundi er þá slitið og næsti ráðsfundur verður 26. maí kl. 13.00. Takk fyrir í dag.

10. ráðsfundur 26.05. 2011.

26.05.2011 13:00

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar
2. Skýrsla og tillögur B-nefndar
Tillögur frá 9. ráðsfundi um breytingar á áfangaskjali (Eftirlit Alþingis o.fl.) lagðar fram til afgreiðslu
Tillögur um nýjan texta í áfangaskjal (Um alþingismenn og störf Alþingis) lagðar fram til kynningar
Umræður um forsetaræði og þingræði
3. Skýrsla C-nefndar
4. Skýrsla og tillögur A-nefndar
Tillögur að síðari hluta mannréttindakafla lagðar fram til kynningar í áfangaskjal

10. ráðsfundur - haldinn 26. maí 2011, kl. 13.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Forföll höfðu boðað Pétur Gunnlaugsson og Þorkell Helgason.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvupósti miðvikudaginn 25. maí 2011 og dagskrá í samræmi við fundarboð að öðru leyti en því að tillaga A-nefndar, undir lið 4, er til kynningar en ekki afgreiðslu.

10. ráðsfundi framhaldið 27. maí 2011, kl. 9.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Forföll höfðu boðað: Ari Teitsson, Freyja Haraldsdóttir og Pétur Gunnlaugsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Umræður á 10. Ráðsfundi

SN

Góðan dag, ágæta ráðsfolk. 10. fundur Stjórnlagaráðs er settur. Forföll hafa boðað Pétur Gunnlaugsson og Þorkell Helgason.

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

SN

Dagskrá verður eins og boðað hefur verið til og liggur frammi. Fyrsta er fundargerð síðasta fundar. Hún hefur legið frammi án athugasemda og ef ekki koma athugasemdir hér, þá skoðast hún samþykkt.

2. Skýrsla og tillögur B-nefndar

SN

Þá er það skýrsla og tillögur verkefnaneftdar B. Hennar viðfangsefni verða tekin fyrir í þrennu lagi. Fyrst eru tillögur frá 9. ráðsfundi um breytingar á áfangaskjali til afgreiðslu. Í öðru lagi eru lagðar fram tillögur um nýja texta í áfangaskjalið um alþingismenn og störf Alþingis, til kynningar og loks eru lagðar fram til kynningar greinar 28 og 29 um stjórnarmyndun og vantraust og þar með umræður um forsetaræði og þingræði. Þá er komið að fyrsta liðnum, tillögur frá 9. ráðsfundi um breytingar á áfangaskjali til afgreiðslu og ég bið formann nefndarinnar Katrínu Fjeldsted að taka til máls.

KF

Fundarstjóri og ágætu áheyrendur. Eins og formaðurinn sagði hér, koma til umræðu og afgreiðslu þær tillögur sem kynntar voru á síðasta ráðsfundi. Þær eru um eflingu löggjafarvalds gagnvart framkvæmdavaldi, um störf Alþingis, og eru í nokkrum liðum. Það er meðferð þingmála, þingrof, eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis, rannsóknarnefndir þings, Ríkisendurskoðun, hagsmunaskráning þingmanna og vanhæfi, þingmanna og ráðherra og vanhæfi og loks almennt hæfi ráðherra og hagsmunaskráning. Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði um þessar tillögur á síðasta fundi en þær eru sem sagt lagðar fram til afgreiðslu hér eins og þær koma út úr nefndinni við seinni umræðu þar. Takk.

SN

Þá er orðið laust um tillögur, þessar tillögur B-nefndar. Vill einhver ...? Já, Vilhjálmur Þorsteinsson, gjörðu svo vel

VP

Já formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég ætlaði bara rétt að vekja athygli á því að það er engin breyting í þessu frá því þið sáuð það síðast önnur en í grein sem merkt er 11, Þingrof. Að þar er búið að breyta textanum lítilliga og áretta að Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir kosningar, hafi þingrof átt sér stað.

Þetta er örlítill orðalagsbreyting frá fyrra formi þessarar greinar en smávægileg og er í samræmi við frest sem er í öðrum greinum, bæði í núverandi stjórnarskrá og í öðrum tillögum okkar. Takk.

SN

Vill einhver taka til máls um þessar tillögur? Ef ekki, að þá tökum við það til afgreiðslu, þessar tillögur og ég bið ykkur um sem eruð samþykkt að rétta upp hönd. Gjörðu svo vel. Við þurfum aðeins að hinkra á meðan þeir koma inn til að taka niður talninguna. Ég vil biðja ykkur aðeins um að bíða. Við erum að ljúka hérna fyrsta lið og það er, við þurfum að taka, að greiða atkvæði um tillögu og gjörðu svo vel að rétta upp hönd sem eruð samþykkt.

SN

Einhver á móti? Enginn, og enginn situr hjá. Þá er komið að lið 2 í, undir skýrslu af tillögum verkefnaneftdar B og það eru lagðar fram tillögur um nýjan texta í áfangaskjalið til kynningar. Og aftur tekur formaður nefndarinnar til máls. Katrín Fjeldsted. Gjörðu svo vel.

KF

Formaður og ágætu áheyrendur. Þá er komið að næsta kafla í umfjöllun um alþingismenn og störf Alþingis og nefnd B leggur nú fram 11 nýjar tillögur, plús tvær. Það má segja í heildina 13 tillögur eru á dagskrá undir þessum lið. En sú fyrsta er um drengskaparheit. Í núverandi stjórnarskrá segir: Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild. Nú, okkar tillaga er ekki fullmótuð. Þar segir nú: Sérhver nýr þingmaður vinnur heit, eða drengskaparheit að stjórnarskránni er kosning hans hefur verið tekin gild. Þetta er smávægileg breyting á orðalagi í samræmi við það sem við höfum verið að gera í öðrum greinum, að nota fram-söguhátt og beina ræðu. En þá hefur einnig komið athugasemd við orðið drengskaparheit og nokkuð fjörug umræða orðið um drengskaparheit, hvað það tákni. Ýmsum þykir orðið drengskapur frekar karllægt orð. Sömuleiðis eru menn að velja fyrir sér hvort að heit hafi trúarlega tengingu en í landi trúfrelsis þá eru margir ósáttir við að slík blæbrigði séu í skjalinu okkar. Þannig að við höfum ekki lokið, má segja, umræðu um endanlegan texta og setjum drengskaparheit því í hornklofa.

18. tillagan okkar, ég tel þær upp í röð, sem miðast við fyrri tillögur, þannig að sú fyrsta sem ég er að nefna hér er sú sautjándi, sextán eru komnar á undan, er um sjálfstæði í starfi. Í núverandi stjórnarskrá segir að alþingismenn séu eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum. Nú, við erum auðvitað sammála því að alþingismenn skuli einungis vera bundnir við sannfæringu sína, en við veltum fyrir okkur þessum reglum frá kjósendum. Það eru auðvitað kjósendur sem eru almenningur í landinu og kys alþingismenn. Og auðvitað eiga reglur og skoðanir að berast frá kjósendum inn í Alþingi í gegnum þá þingmenn sem kjósendur velja en það má segja samt að það mætti skilja fyrri hluta setningarinnar þannig að þingmenn væru einungis bundnir við sannfæringu sína og stjórnarskrána og þar með ekki bundnir við reglur, fyrirmæli eða þrýsting utan frá.

Þannig að sama gildir um þessa tillögu eins og þá sem ég nefndi á undan, að það gæti verið rétt, að annað hvort að fella út þessa setningu eða málslið eða jafnvel að umorða hann og segja í stað: reglur frá kjósendum sínum, breytist í: fyrir-mæli frá öðrum.

Þá er komið að 19. lið sem er um friðhelgi þingmanna. Við leggjum ekki til miklar breytingar á þessu ákvæði. Í stjórnarskrá segir nú: “Meðan Alþingi er að störfum má ekki setja neinn alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða mál á móti honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp. Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi”.

Þetta eru ekki sérlega óljós ákvæði en við bætum þó við inn í okkar tillögu um að sækja megi þingmann, ekki aðeins ef hann er staðinn að glæp, heldur einnig ef hann játar sekt sína en slíkt er ekki tekið fram í núverandi stjórnarskrá og er ekki í tillögu Stjórnlaganefndar. Þessi viðbót er hins vegar að samskipti fyrirmynd. Það skiptir máli að málfrelsi þingmanna í ræðustól sé tryggt. Meidyrði og meidyrðalöggjöf fjallar auðvitað um það hvernig tekið skuli á ávirðingum eins manns í garð annars, en í þýsku stjórnarskránni eins dæmi sé tekið er ekki neina friðhelgi að finna gagnvart meidyrðum. Þannig að fyrirmynd er alveg klár þar. En við lentum málinu þannig að segja: “ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp eða játi sekt sína”, og sumir vilja segja játi skýlaust sekt sína. Og síðan höfum við ekki endanlega tekið afstöðu til þess hvort að alþingismaður verði krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi og þá er það sérstaklega þessi meidyrðalöggjöf annars vegar og hins vegar málfrelsi þingmanna sem að auðvitað er mjög þungt á metunum og þarf að standa vörð um.

20. greinin er um missi kjörgengis. Þar segir í núverandi stjórnarskrá: Nú glatar alþingismaður kjörgengi og missir hann þá rétt þann er þingkosningin hafði veitt honum. Stjórnlaganefnd hefur þetta svipað, en við segjum: Glati alþingismaður kjörgengi missir hann þann rétt sem þingkosningin veitti honum. Varamaður tekur þá sæti hans á þingi. Með þessu orðalagi er tekið inn af allur vafi um að varamaður komi þá inn á þing í staðinn. Nú til að halda kjörgengi þarf að uppfylla viss skilyrði sem að ég ætla ekki að rekja hér, en það má geta þess að kjörgengi og að menn missi umboð sitt, ákvæði um það koma fram í ýmsum stjórnarskrám, til dæmis í þeirri finnsku.

Þá kemur 21. grein, sem er um friðhelgi Alþingis. Tillaga B-nefndar er að halda þessu orðalagi óbreyttu. Stjórnarskráin segir: Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. Og við höldum þessu orðalagi inni. Það var þó rætt í nefndinni hvort orðið öryggi ætti að vera inni í þessari grein. Hugsanlega í staðinn fyrir frið, en nefndin sendir þetta svona frá sér.

22. grein, er um starfstíma Alþingis. Núverandi stjórnarskrá segir: Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert, hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag ef helgidagur er og stendur til jafnlengdar næsta árs, hafi kjörtímabil alþingismanna ekki áður runnið út eða þing verið rofið. Samkomudegi reglulegs Alþingis má breyta með lögum. Nú, umræður í nefndinni, byggja, og tillagan byggja að hluta til á tillögu Stjórnlaganefndar. Það eru aðallega orðalagsbreyt-

ingar. Og því var velt upp hvort nauðsynlegt væri að taka fram hvenær löggjafarþingið ætti að koma saman. Fyrir því er orðin mjög rík hefð og það eru skoðanir uppi um það að nægi, að það nægi að kveða á um starfstíma Alþingis í lögum. En tillaga okkar er sem hér segir: Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar Alþingiskosningar. Tveimur vikum getur verið spurning, en svona kemur þetta frá okkur með tveimur í hornklofa. Síðan er þessi vafaklausa sem segir: Alþingi kemur saman ár hvert á reglulegu löggjafarþingi sem hefst fyrsta virkan dag októbermánaðar, og stendur fram að næsta löggjafarþingi, hafi kjörtímabilið ekki áður runnið út eða þing verið rofið. Samkomudegi reglulegs Alþingis má breyta með lögum. Og það er ekki ennþá útkljáð hvort að þessi setning eigi að standa inni eða hvort að slíkt megi ákveða í lögum.

Og síðasta setningin er: Nánar skal kveðið á um starfstíma Alþingis í lögum.

23. grein er um samkomustað Alþingis. Í núverandi stjórnarskrá segir: Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástætt getur forseti lýðveldisins skipað fyrir um að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi. Okkar tillaga byggir að hluta á tillögu Stjórnlaganefndar og hljómar svo: Alþingi kemur að jafnaði saman í Reykjavík en þingið eða forseti þess getur ákveðið að það komi saman á öðrum stað á Íslandi.

Þá er komin 24. grein. Opnir fundir Alþingis. Núverandi stjórnarskrá segir, í 32. grein: Alþingi starfar í einni málstofu og í 57. grein: Fundir Alþingis skuli haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn sem til er tekið í þingskópum, krafist að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt og sker þá þingfundur úr hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum. Stjórnlaganefnd er á svipuðu máli, breytir orðalaginu aðeins. En um þetta hafa orðið þónokkrar umræður í nefnd B. Sérstaklega vegna grundvallaratriða í lýðræðissamfélagi, um rétt almennings til að fylgjast með, störfum þingsins og þess vegna kemur enn einn hornklofinn fyrir í þessari grein, sem segir svo: Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði, og í hornklofa, ef ríkar ástæður eru til getur þingforseti eða þingismaður þó lagt til að öllum utanþingsmönnum verði vísað á braut. Sker þingið þá úr um hvort umræða fari fram í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum og hornklofi lokast. Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opinn almenningi. Þarna má líka benda á að fyrsta málsgreinin, altsvo 32. greinin er þarna tekin út. Við teljum óþarfi að taka fram að Alþingi starfi í einni málstofu í stjórnarskrá. Og að öðru leyti liggur þetta nú held ég nokkuð ljóst fyrir.

25. grein er um þingskóp Alþingis. Núverandi stjórnarskrá segir í 58. grein: Þingskóp Alþingis skulu sett með lögum, og við höldum þessu ákvæði óbreyttu.

26. liður er um ályktunarþærni. Þar segir í stjórnarskránni: Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu. Okkar tillaga úr B-nefnd er efnislega samhljóða en orðalaginu breytt í jákvætt með því að segja: Alþingi getur því aðeins gert samþykkt um mál að meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu.

Þarna er ekki um efnislega breytingu að ræða.

Og þá komum við að 27. grein sem er um setutíma ráðherra. Í núverandi stjórnarskrá er ekkert ákvæði um setutíma ráðherra. En við umræður í nefndinni kom fram sú skoðun að stjórnarskráin ætti að taka á þessu máli með það fyrir augum að takmarka setutíma forsætisráðherra og/eða annarra ráðherra, til dæmis við 2 eða 3 kjörtímabil. Stjórnlaganefnd gerir heldur enga tillögu í þessu máli. Og eftir umræður í nefndinni setjum við fram eftirfarandi tillögu: Enginn getur setið í embætti forsætisráðherra lengur en 10 ár samtals.

Auðvitað getur umræðan snúist um það að endurnýjun stjórnmalamanna geti ýmist verið of hröð eða of hæg. Hvort tveggja hefur komið fram í umræðum okkar á milli. En það kom ekki fram vilji í B-nefnd eða á opnum fundi, vilji fyrir því að takmarka setutíma alþingismanna, með tilliti til þess að með breytingum sem mögulega verða á kosningafyrirkomulagi, verði möguleikar á persónukjöri auknir. Þannig að sist af öllu viljum við missa út af þingi þá sem hljóta mikið persónufylgi í kosningum á landinu. Þannig að við lendum þessu svona og það er auðvitað til umræðu hér. Ég vænti þess að nefndarmenn í B-nefnd komi nánar að þessu í umræðum hér á eftir. Þá þakka ég fyrir.

SN

Já, ég þakka formanni nefndar B, fyrir góða kynningu á tillögum nefndarinnar og gef orðið laust. Vill einhver taka til máls um tillögurnar? Vilhjálmur Þorsteinsson, gjörðu svo vel.

VP

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég ætla þá bara að ríða á vaðið með svona stutta yfirferð. Það er þarna í grein 18., Sjálfstæði í starfi, þar sem að við leggjum til að alþingismenn séu eingöngu bundir við sannfæringu sína og stjórnarskrá þessa sem er nýmæli en ekki við nein fyrirmæli frá kjósendum sínum. Það var umræðu um þetta síðasta, með fyrirmælin frá kjósendum. Þetta er nú víðast hvar í stjórnarskrám að það sé tekið fram að alþingismönnum sé ekki skylt að fylgja einhverjum fyrirmælum frá öðrum, þeir séu bara bundnir við sína sannfæringu og þetta er gert svona ekki sist til þess að hagsmunahópar eða stuðningsmannahópar eða eitthvað slíkt geti í raun og veru átt þingmann eftir að hann er sestur inn á þing og ég held að þessi, þessi, þetta sem er þarna innan hornklofa sé nú nauðsynlegt að hafa, hugsanlega með breyttu orðalagi, En menn hafa velt því fyrir sér hvort að þetta orðalag “verndi” það innan gæsalappa að menn geti sem sagt flakkað á milli flokka. Og ég held að sumir þeirra sem vilja fá þetta út að þeir telji þá að það sé þar með verið að stöðva það að þingmenn geti eftirá farið úr stjórnmálaflokki sem þeir voru kosnir fyrir og yfir í annan flokk. En ég held að lausnin við því sé nú meira, liggja frekar í auknum möguleikum til persónukjörs og öðrum slíkum ráðstöfunum heldur en að taka þessa almennu reglu af, þannig að ég er því sterklega fylgjandi að hún verði áfram inni. Nú, svipað gildir kannski um næstu grein 19, um friðhelgi þingmanna, þar sem að var umræða um hvort að þetta ákvæði um alþingismaður verður ekki krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi. Þar takast á sjónarmið annars vegar um málfrelsi alþingismanna, að þeir þurfa ekki að óttast það, að ein-

hverjir sem telja að sér vegið úti í þjóðfélaginu, segjum aðilar sem að eiga peninga eða eitthvað slíkt, geti með stöðugum málsóknum, og, já meiyrdamálsóknum á hendur alþingismönnum í raun og veru farið að valda þeim erfiðleikum í starfi og binda málfrelsi þeirra. En á móti kemur það sjónarmið að menn telja að það eigi ekki sérstaklega að verja það að alþingismenn geti sagt hvað sem er um fjarstatt fólk. En aftur segi ég fyrir mig, ég held að lýðræðið verði nú eiginlega að hafa þarna vinninginn og er því fylgjandi að þetta ákvæði verði áfram inni þess vegna, þó að það sé vitaskuld ekki gott að þingmenn misnota þessa vernd sem þeir hafa þarna. Nú svo varðandi grein númer 24 um opna fundi Alþingis, þar er enn einn hornklofinn um hvort að það sé unnt ef að ríkar ástæður séu til að leggja til að öllum utanþingismönnum verði vísað á braut. Maður getur ímyndað sér að þetta gæti gerst í tvenns konar tilfellum, annars vegar ef að öryggi þingsins væri með einhverju móti ógnað, ef menn teldu það, af völdum áheyrenda, eða eitthvað slíkt, og hins vegar ef að það ætti að fara að ræða einhver svo gríðarlega viðkvæm mál að fólk megi ekki heyra. Nú, ég held að hvort tveggja af þessu sé leysanlegt með öðru móti. Við erum að samþykkja það í 2. grein væntanlega að Alþingi sé friðheilagt, og það má að sjálfsögðu gæta öryggis þess og ég held að í nútímasamfélagi, opnu lýðræðissamfélagi, með auknu gagnsæi, þá eigi ekki að vera umræður á Alþingi, sem að ekki koma fyrir almennasjónir með einum eða öðrum hætti. Þannig að ég hallast þarna að því að þetta ákvæði sem er innan hornklofans megi missa sín, og sé bara einfaldlega barn síns tíma.

Nú, að öðru leyti þá held ég, já, þá er ekki fleira sem ég vildi segja undir þessum lið en mun taka til máls á eftir. Takk fyrir.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir.

ÞÞ

Já, góðan daginn, ágætu ráðsmenn og -konur og áheyrendur. Mig langar að gera hér aðeins að umræðuefni, þar sem, lið hér númer 27, setutími ráðherra, sem að mér finnst mjög mikilvægt að verði rætt vandlega og finnst nú sjálfri heldur skammt gengið að sé enginn nema, að það sé ekki tilgreindur neinn nema forsætisráðherra, að það séu tímatakörk og finnst nauðsynlegt að þessi takörk séu sett um aðra ráðherra líka. Það að menn geti ekki setið of lengi í valdastóli er auðvitað liður í virkri valddreifingu og menn sitja gjarnan áfram í krafti þess að þeir hafi þekkingu umfram aðra. Þannig að þeir einoka að vissu leyti þekkingu og sitja í krafti þess. Nú er það svo að flestir geta nú á tiltölulega skömmum tíma tileinkað sér þekkingu og orðið jafnvígir öðrum. Þetta ákvæði um 10 ár er auðvitað til þess að brúa ef að um væri að ræða stjórnarskipti eða til þess að koma hugsanlega nýjum manni í embætti með hæfilegum, í hæfilegan tíma fyrir nýjar kosningar, en þetta er auðvitað spurning hvort að þetta á að fylgja bara kjörtímabilum eða vera 10 ára. Ég ætla að vekja athygli á að í næstsíðustu málsgrein í skýringum við þennan lið er hugsanleg tillaga sem að mætti, ég bið þara fólk að skoða, sem að hljóðar svo: Enginn getur gegnt sama ráðherraembætti, lengur en 8 ár samfleytt, enginn getur gegnt ráðherraembætti lengur en í 12 ár

samtals. Með þessum hætti væri náð til allra ráðherra og, en gefinn kostur á í sjálfu sér að þeir flyttust milli ráðuneyta. Það má leiða að því rök að það sé frekar sjaldgæft að menn fari beint í forsætisráðherrastól, sitja gjarnan í öðrum ráðherrastól fyrr og flytjast svo í forsætisráðherrastól, og þá er það spurning að þar hefðu þeir tækifæri til að vera þessi 8 ár. En ég bið alla að hugleiða mjög mikið valddreifingarhrif þessa, þess að setutímatakmörkunar. Við höfum haft valddreifingu mikið að leiðarljósi og þá verðum við að vera sjálfum okkur samkvæm og útfæra það í stjórnarskrá, ja til fulls. Ég bið líka fólk að hugleiða þessa einokun kunnáttu, sem sífellt stýður það að sömu menn gegni áfram sömu störfum og sömu embættum. Ég ætla aðeins að vekja athygli hérna á í 28. liðnum sem er um stjórnarmyndum, þar sem sagt er þegar skipað skal forsætisráðherra leggur forseti Alþingis fram tillögu eftir samráð við þingflokka og alþingismenn...

Við vorum ekki komin svona ...

ÞÞ

Fyrirgefjið þið. Ég bið afsökunar. Það var auðvitað ekki farið svona langt. Þá bara lét ég nægja þessa umræðu um 27. lið. Takk fyrir.

SN

Ástrós Gunnlaugsdóttir

ÁG

Já, ágætu fulltrúar. Ég ætlaði nú að mörgu leyti að segja það sama og Þórhildur, um setutíma ráðherra. Það er auðvitað rökinn kannski gegn því að setutími ráðherra sé takmarkaður við 8 eða 12 ár, við kjörtímabil, eða 10 ár er auðvitað sú að reynslan verði ekki nýtt þá og reynslan sé mikilvæg, en það er allavega mín skoðun að endurnýjun og sú hugsun að enginn er ómissandi, hún er mikilvægari, og valddreifing heldur en reynslan í þessu tilvik. Og í rauninni, varðandi að við takmörkum þetta bara við forsætisráðherrann í þetta skiptið er sú að við eigum auðvitað eftir að fara í umræðu um hvort hér verði forsetaræði eða þingræði og þessi tillaga getur þá gengið upp í báðum útfærslum. En ég ætla þá ekkert að hafa þetta lengra fyrst að Þórhildur kom svona vel inn á þetta.

SN

Ómar Ragnarsson.

ÓR

Já, góðir ráðsmenn og ráðskonur og formaður og þeir sem aðrir fylgjast með þessu. Þetta er allt gott og blessað. Ég tel að það sé alveg nóg að segja að alþingismenn séu eingöngu bundnir við sannfæringu sína. Punktur. Með því að setja punktinn þar þá er bara allt annað útilokað og þarf ekki að vera að fara að tiltaka eitthvað sérstakt eins og við fyrirsmáli frá kjósendum sínum eða ekki. Ég hef lent í rökraðum út af þessu við stofnun stjórnálagasamtaka, þó ekki þeirra sem ég veitti forstöðu. Þar var uppi hugmynd um það að það yrði sett í lög þess framboðs að þingmenn skyldu víkja ef þeir færu út af flokkslínunni. Ég þá bara viðkomandi að vera minnuga þess að þetta hefði verið reynt áður. Það var í Þýskalandi á tímabili og gafst frekar illa. Allir urðu að vinna foringjanum hollustueið. Svo ég held að það sé bara best að hafa þetta

einfalt. Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, punktur. Og það er ekkert annað sem að á að hagga því.

Þetta með að alþingismaður verði ekki krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt á þinginu nema Alþingi leyfi. Það þurfum við að íhuga vel. Það hefur einu sinni verið mikil umræða á Alþingi um það að svipta ákveðinn þingmann þinghelgi, það var fyrir 60 árum, og Alþingi felldi það. Úr því máli varð ekki neitt. Ég tel að við eigum að treysta Alþingi fyrir því sjálfu ef að það telur að þessi orð ..., ég held að meirihluti Alþingis hljóti að sjá ef einhver þingmaður hefur farið alvarlega út af línunni og ég held að ég hallast frekar því að því að þetta ákvæði verði áfram, að alþingismenn hafi rétt umfram aðra. Alþingi er æðsta stofnunin, það er gömul stofnun, virðuleg stofnun og nauðsynleg, og við þurfum að styrkja það. Við erum að styrkja það í störfum sínum, og ég held að um sinn þá þurfum við að hafa einhvern auka, aukna vernd fyrir þá. Ef þeir hafa sagt eitthvað slæmt á þingi, að þá held ég að við verðum að treysta meirihluta Alþingis til þess að svipta þá þinghelgi ef í það fer. Það var fellt þarna fyrir 60 árum að, sem sagt að viðkomandi stjórnálagmaður hann komst upp með að segja þetta á þingi og síðan varð sá sem var í þessum málaferlum við hann, urðu þeir samstarfsmenn og ég held að þetta hafi gróíð um heilt. Það geta risið úfar á þingi og hallast frekar að því að við verðum að treysta þinginu fyrir þessu.

Þetta með að vísa utanþingsmönnum á dyr. Það eru tvær hliðar á því. Nú er sjónvarpað frá öllum þingfundum, þannig að það er ekkert lengur um það að ræða að hægt sé að skella þinginu í lás og enginn fái að fylgjast með því. Til þess að fylgjast með því, ef að það yrðu lokaðir fundir, þá yrði þá jafnframt að spyrja sig að því hvort að þingið geti líka fellt niður að sjónvarpað sé frá þingfundi. Þetta þarf að athuga dálítið vel. Það, mér þykir þurfa mjög ríkar, rík rök fyrir því að þingið geti lokað sig af. Og það þyrfti jafnvel að taka það til að það sé hvort tveggja. Að þær útsendingar úr þingi, sem eru að jafnaði, að það sé tryggt að það sé alltaf útsendingar úr Alþingi. Ef menn vilja þá að það sé vísað einhverjum á dyr, að þá er það vegna öryggis Alþingis, og ég tel það reyndar vera tryggt á öðrum stað eins og Vilhjálmur kom að, svo ég held að þetta sé óþarfi. Ég held bara að þetta eigi alltaf að vera opið. Ef öryggi þingsins eða friði og frelsi er ógnað þá gildir sú grein. Að lokum þetta með að sitja ekki of lengi í embætti, það er mikið nýmæli og gott. 10 ár er ágætt. Og ég held að við ættum ekki að hafa neitt svona Pútíns ákvæði, að svo þurfi að, megi líða eitt kjörtímabil og þá geti hann komið aftur. Ég held að við ættum ekki að hafa neinar afturgöngur í þessum embættum, og frekar þá að lengja þetta upp í 12 ár heldur en að menn geti snúið, að Gunnar geti snúið aftur. Um það að enginn geti gegnt sama ráðherraembætti lengur en 8 ár samfleytt, ég set spurningarmerki við það. Svo kann að vera að viðkomandi ráðherra njóti sín engan veginn og að það sé í raun og veru óráð að vera að skipta honum út í eitthvað annað ráðuneyti og ég sé ekki af hverju þetta á að vera styttri tími heldur en hjá forsætisráðherra. Ég nefni dæmi um þingmann sem var ráðherra í 15 ár og ákkúrat þegar hann var að enda sinn feril þá kom hann aðalmáli sínu í gegn en hann þyrfti 15 ár til þess. Kirkjugarðarnir eru hins vegar fullir af ómissandi fólki. Þannig að ég hallast að því að það eigi að setja takmörk

á ráðherraembætti en hafa það bara einn árafjölda og 12 er ágætt. Takk.

SN

Þá er Erlingur Sigurðarson næstur á mælendaskrá.

ES

Formaður, góðir ráðsmenn og ráðskonur. Það er hlutverk mitt, virðist vera, á ævinni, að verða, að komast aldrei af mótþróaskeiðinu. Ég hef verið svolítið erfiður í nefndinni að undanfögnu, og hef verið þar í minnihluta með mörg atriði, sérstaklega með útfærslu á þessum greinum ýmsum. Mér finnst breytingarnar að vísu einfaldar. Ég ætla að fylgja þeim hérna eftir, hef ekki bókað mótmæli með þessu en ég ætla að gera grein fyrir afstöðu minni.

Í grein 17 er ekkert um málið að ræða nema það sé hugsanlegt að sameina 17. og 18. grein. Í 18. segir alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og stjórnarskrá þessa. Seinni „item-ið“ myndi ég fella niður. Mér finnst óþarfi að skrifa uppá það þegar að menn hlaupa frá kjósendum sínum og fara í aðra flokka. Það geta vel legið ríkar ástæður til, en þá finnst mér eðlilegast að þeir segi af sér, ef að sannfæring þeirra ræður, ef samviska þeirra ræður, þá eiga þeir að segja af sér, ef þeir eru ósáttir við kjósendur sína og flokkinn. En ég held að það mætti sameina þetta. Alþingismenn eru eingöngu bundin við sannfæringu sína og stjórnarskrá þessa og síðan komi að 17. grein sérhver nýr þingmaður skal undirrita drengskaparheit við hana, við upphaf sitt. Þetta geti gengið saman.

Nú, um 19. grein, þá finnst mér alveg hreint út í hött að þingmenn geti í skjóli málfrelsis síns og þinghelgi, svívirt menn úr ræðustól sem ekki geta komið hönd fyrir höfuð sér og geta þá ekki sótt þá heldur í meidyrðamáli, síðasti hluti falli niður, endilega. Í 20 er ekkert, 21 er um friðhelgina, ég held að það sé nóg að þar standi ein setning: Alþingi er friðheilagt. Punktur.

Og í 22 um starfstíma Alþingis, sé ég ekki þörf fyrir það sem er innan hornklofanna, megi falla allt saman niður. Þar segir að Alþingi skuli koma saman eigi síðar en tveim vikum eftir kosningar og þessi hugmynd um reglulegt Alþingi sækir til gamals tíma, þegar Alþingi var slitið. Nú er því bara frestað, það stendur allan tímann.

Í 23, Alþingi kemur að jafnaði, ég held það sé bara að reglulegur samkomustaður er Reykjavík en heimilt er að það komi saman á öðrum stað þegar að svo stöddu, þegar sérstaklega stendur á. Mér finnst það óþarfi að takmarka það við Ísland. Við skulum ekki gera ráð fyrir hér innrás hers í landið þannig að ríkisstjórn þurfi að flýja land eins og í Noregi forðum, en ef að það hefði staðið svona þá hefði verið óheimilt fyrir þá að kalla saman þingið þegar þeir gerðu það utanlands. Og svo um 24. Ef Alþingi er opið og háð í heyranda hljóði þá á ekki að henda öðrum út. Það sem er innan hornklofanna á að fara út. Og loks í 27. Þar er ég svolítið íhaldsamur. Enginn getur setið í embætti forsætisráðherra. Jú menn geta það nú, þess vegna væri það má eða ekki er heimilt í sitfræðinni, en þrátt fyrir erfiða reynslu af Davíð Oddssyni þá vildi ég nú ekki setja, ekki gera honum það til geðs að setja það í stjórnarskrá að ekki mætti hafa 10 ár. Ég vil þá að minnsta kosti hafa samfleytt þarna í staðinn fyrir í heild, samfleytt í staðinn fyrir samtals. En ég tel þetta ástæðulaust að takmarka

það með lögum, sem sagt tíma. Hann á að vera takmarkaður sjálfkrafa í kosningum. Takk fyrir.

SN

Katrín Oddsdóttir er næst.

KO

Já, kærur vinur. Takk. Ég ætla að renna líka svona í gegnum þetta eins og Erlingur, en ég er ekki með jafn margar athugasemdir. Mér fannst þetta góð hugmynd hjá honum í fyrsta lagi að sameina 17. og 18. grein og styð hana. Ég held að það sé skýrt, og ég held að við ættum að fara út með þennan drengskap, hann er óþarfi, það er heit, er alveg nægilega gott orð og skýrara. Í 22. grein þá er ég fyllilega sammála þeim sem hér hafa sagt að þessi miðjumálgrein eigi út. Þetta er bara einfaldlega tæknilegt og leiðinlegt og óþarft. Og við skulum ekki vera að fylla stjórnarskrána af einhverjum óþörfum orðum sem að hægt er að setja í lög. Og í 23. grein, þá fannst mér þetta soldið skrítið, þetta með að forsetinn gæti allt í einu ákveðið að hérna gera eitthvað og ég man ekki alveg hvernig þið eruð með það, hvernig hægt er að vísa honum frá eða setja hann af ef hann allt í einu snappar og ákveður bara að halda þingið á einhverjum stórfurðulegum stað. Hvað gerist þá. Þetta eru einhverjir misnotkunarmöguleikar sem ég bara vona að þið séuð búin að pæla í.

ÓR

Forseti Alþingis...

KO

Já, forseti Alþingis, einmitt við gerum ekki ráð fyrir að hann geti snappað. Ég veit að aðrir forsetar gætu líka snappað. Ókey, heyrðu, 24. grein þar segi ég líka út með þessa milliklausu, ég er hjartanlega sammála Vilhjálm og Ómari og Erlingi þar. Það eru mjög góð rök fyrir að þetta eigi að fara út og ég segi bara út með þetta. Og þið þurfið ekki að vera svona feimin, mér finnst þið hornkljúfa ansi margt, ha. Við erum hérna fengin til þess að breyta þessari stjórnarskrá, við skulum bara breyta henni eins og þarf, og gera það bara án þess að hika. Svo velti ég fyrir mér hérna þar sem talað er um að hægt sé að opna þingnefndarfundu. Nú erum við alltaf að tala um gegnsæi og allt það. En af hverju eru fundirnir ekki opnir að meginreglu og undantekning að þeim megi loka. Það held ég að væri betri regla og myndi auka bæði gagnsæi og ábyrgð fólksins sem situr í þessum blessuðu nefndum. Að lokum langar mig til að tala um 27. greinina. Ég held að takmarkið sé mjög gott, það er að segja valddreifing og er ánægð með það. En nú segi ég, elsku nefnd B, þið eruð búin að færa valdið inn í nefndirnar. Og hvað, af hverju eruð þið allt í einu að tala um form ráðherra þarna, meira að segja í kafla sem heitir Alþingi og alþingismenn? Ég segi inn með alþingismennina þarna þá, ef þið ætlið að hafa valdið þar og ekki fjalla bara um ráðherrana sem þið hafið þegar gert valdaminni. Af því að eins og Þórhildur segir, ef það á að valddreifa, þá skulum við útfæra valddreifinguna til fulls. Þannig að við skulum láta sama ná yfir um alþingismenn þarna ef það á að takmarka setu, og svo þakka ég fyrir góð störf.

SN
Gísli Tryggvason, þú ert næstur.

GT
Já, formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Ég ætla að gera grein fyrir afstöðu minni til örfárra atriða. Í fyrsta lagi 18. greinin, mér líst nú ágætlega á hugmynd Erlings um að sameina 17 og 18. En ég held að það sé rétt að bæta við eins og við gerum hérna tillögu að, að stjórnarskrá sé eitthvað sem að þingmenn eiga að vera bundnir við og heita hollustu við. Og það tengist kannski þeirri hugmynd sem hér hefur aðeins verið rædd að stjórnlagabing sem verði kosið á einhverra áratuga fresti, breyti framvegis stjórnarskránni. Það er sem sagt auðveldara að krefja þingmann um hollustu við stjórnarskrá ef hann á ekki sjálfur að geta átt frumkvæði að því að breyta henni.

Varðandi niðurlagið sem að Ómar minntist á og Erlingur andmælti, og fleiri hafa tjáð sig um, þá tel ég það nauðsynlegt að það komi fram að þingmenn séu á endanum bundnir við sannfæringu sína en ekki flokkshollustu. Vegna þess að ef að þetta verður sett inn beint eða óbeint að þingmenn eigi helst að segja af sér ef þeir lenda á kant við flokkinn eða flokkurinn fer af þeirri braut sem þeir telja rétta, að þá aukum við flokksræði og flestar tillögur okkar ganga nú í hina áttina. Nú, ég held að menn þurfi ekki að hafa áhyggjur af því í 19. grein, að menn fari að meiðyrða frekar en þeir hafa gert mjög úr ræðustól Alþingis. Ég bendi á að í niðurlaginu felst að Alþingi getur alltaf aflétt þessari friðhelgi. Þannig að ég held að Erlingur og aðrir þurfi ekki að vera hræddir um að menn misnoti þennan, þessa friðhelgi. Nú, mér finnst þetta nú ágætis ábending frá Kötum varðandi 23. greinina, það verður auðvitað að vera hægt að koma þingforseta sem að ekki er á réttri braut, koma honum frá og það vantar kannski einhverja reglu um vantraust á svona valdamikinn þingforseta. Síðan langar mig aðeins að fjalla um 27. greinina, ég tek undir með Þórhildi. Þetta ákvæði sem hún vakti athygli á og samdi nú í skýringum, að ég held að það sé ágætis málamiðlum, að það sé fjallað um fleiri ráðherra en einn og sama ráðherraembætti í 8 ár samfleytt en 12 ár samtals í ráðherrastóli yfirleitt. Já, síðan er nú bara, ég held ég taki bara til máls á eftir um það sem við ræðum um stjórnarmyndun og vantraust. Takk.

SN
Þorvaldur Gylfason. Gjörðu svo vel.

ÞG
Formaður góður, aðrir ráðsfulltrúar. Mig langar að gera 28. greinina um stjórnarmyndun að ...

SN
Nei, hún er ekki komin. Hún er ekki til umræðu núna.

ÞG
... að umræðuefni þegar að mér kemur á eftir, takk fyrir ...

SN
Silja Bára. Gjörðu svo vel.

SBÓ
Formaður og kærur félagar, góðir gestir. Mig langar að taka undir þessar hugmyndir sem hafa komið hér fram um annars vegar að sameina 17 og 18 og hins vegar að fella brott þetta drengskapar og ýmsar aðrar góðar hugmyndir sem hafa komið fram. Mig langar aðeins að ræða þetta með friðhelgi þingmanna. Ég svona velti þessu fyrir mér sko, hvað þýðir það að vera staðinn að glæp? Til dæmis ef erfðaefni þingmanns finnst við rannsókn á nauðgun, að er hann þá ekki staðinn að glæp? Þarf einhver að vera vitni, kannski lögfræðingarnir geti brugðist aðeins við þessu. En mér finnst það mjög vafasamt að það þurfi að vera staðinn að glæp, til þess að sem sagt, allavegana mín svona máltilfinning, ekki lagalega tilfinning auðvitað, er að það að vera staðinn að glæp, sé að einhver sjái til hans. Og þetta finnst mér mjög vafasamt, það eru erfiðar aðstæður í löndum í Suður-Evrópu, á Balkanskaganum, þar sem að til dæmis í Kósóvó, er það alveg vitað að forsetinn hann situr sem fastast í embætti, vegna þess að á meðan hann situr þar, að þá nýtur hann friðhelgi. Ég vil ekki að við séum að skapa okkur svona aðstæður með ákvæðum á borð við þetta. Þar sem að ákvæðin aðilar vitandi það að þeir eru sekir um glæpi geta setið í kjörnum embættum. Þannig að mig langaði bara að vekja athygli á þessu og fá fram skýringu á þessu. Ef ég er að svona bregðast of harkalega við þá bara myndi ég vilja sjá það í greinargerð að það að vera staðinn að glæp að það þýddi ekki að það þyrfti að vera sjónarvottur. En takk fyrir.

SN
Íris Lind Sæmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÍLS
Já, formaður og kærur ráðsfulltrúar og aðrir áheyrendur. Ég ætla að þakka nefnd B. Ekki í eitt skipti fyrir öll. Þannig að, en ég er með nokkrar ábendingar og athugasemdir við nokkur ákvæði. Í fyrsta lagi ætla ég að fara yfir sem sagt fjórar athugasemdir. Í 17. grein varðandi drengskaparheit, ég er sammála Katrínu um það að þarna eigi að vera heit. Aður stóð í stjórnarskránni fram til 1991 að sérhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni. Orðið eiður var fellt út 91, þar sem það var talið úrelt. Ég hugsa að svona bara í samræmi við þær ábendingar sem hafa komið hér fram að við ættum að fella niður orðið drengskapar og láta þarna standa heit. Ég ætla að benda á í 18. grein varðandi sjálfstæði í starfi. Ég velti því fyrir mér þar sem er verið að tilgreina að þingmenn séu eingöngu bundnir við sannfæringu sína og með þeirri viðbót sem nú er sett fram og stjórnarskrá þessa [Leturbreyting vegna áherslu, A.V.]. Þá velti ég fyrir mér af hverju setjum við ekki inn að þeir séu líka bundnir við almenn lög. Fyrst við erum að tilgreina þarna, mér finnst það segja sig svolítið sjálft, að auðvitað eru þeir bundnir við stjórnarskrána og almenn lög en ég velti þessu bara svona upp.

Varðandi 24. grein um opna fundi Alþingis, 2. málsgrein um það að hægt sé að loka fundi í ákveðnum tilvikum. Eftir því sem ég kemst næst hefur þetta verið notað, aldrei verið notað frá árinu 1945, þannig að það liggur nú svo sem alveg ljóst fyrir að þetta er ekki misnotað af þinginu. Ég myndi gjarnan vilja vita svona hver túlkun á þessu ákvæði væri og hver svona hugsan-

lega geti verið þörf á að hafa svona inni ef nauðsyn krefur. Þannig að við þyrftum kannski að velta því aðeins fyrir okkur áður en við fellum þetta alveg út. Varðandi grein 27. Þar sem fjallað er um setutíma ráðherra, ég ætla nú ekkert að orðlengja það, ég er bara sammála Þórhildi, Ástrósu og Gísla og ég myndi vera hlynnt þessari tillögu sem sett er fram í skýringum um það að enginn geti gegnt ráðherraembætti lengur en 8 ár samfleytt og að enginn geti gegnt ráðherraembætti lengur en í 12 ár samtals. Svo ætlaði ég að taka undir að hluta til með Erlingi varðandi 23. grein um samkomustaðinn. Ég hugsa að mætti alveg fella út þar að jafnaði, þannig að ákvæðið staði Alþingi kemur saman í Reykjavík, og svo er frávikið að forseti þess geti ákveðið að komi saman annars staðar. Varðandi 19. grein, það sem Silja Bára sagði. Ég, mín málvitund segir mér einmitt að staðinn að glæp sé að einhver, það sé bara þröngt túlkað, það er bara þegar þú ert staðinn að glæpnnum sjálfum sko, þetta er kannski einhver vangavelta sem við þurfum aðeins að taka. Svo þakka ég bara kærlega fyrir.

SN
Þórhildur. Gjörðu svo vel.

ÞÞ
Já, ágætu ráðsmenn og konur og áheyrendur. Það er bara rétt aðeins að renna yfir, að sjálfsögðu, ég var nú ekkert að gera það áðan og ég ætla að gera það núna. Þetta með að sleppa drengskapar. Það er mér auðvitað dálítið mál enda held ég að ég hafi vakið máls á því að sleppa því. Mér finnst það alveg sjálfsagt. Ég er sammála Erlingi með þetta að, sko ekki, í 18. að vera ekki með þetta - en ekki við nein fyrirmæli. Mér finnst það óþarfi og hef ekki sterka skoðun á hvort á að hafa stjórnarskrá eða lög eða hvorugt, hvort að sannfæring nægir, það þurfa aðrir að taka ákvörðun í því sambandi, sem ég skal svo taka afstöðu til. Ég ætla að nefna hérna, mér finnst líka spurning um sko, um 21. hérna, um friðhelgi Alþingis, hvort að það er ekki nóg, að það sé friðheilagt. Ég er alveg sammála því að í 22. að fara út með þetta milli hornklofanna, og ætla að segja þá í því tilefni vegna orða Katrínar Oddsdóttur, um að við ættum ekki að vera svona feiminn. Við höfum nú frekar lítið á þetta sem svona lýðræðisleg vinnubrögð, að gefa öðrum tækifæri til þess að fjalla um mál áður en að við fellum þau endanlega út. Ég held að feimni ráði ekki þarna, hafi ekki ráðið för.

Varðandi 23, þá vorum við nú að breyta þessu samkomustaður. Samkomustaður hefur dálítið svona, ja gildishlaðna merkingu í íslensku máli. Það er nú vanalega til skemmtana sem fólk kemur saman á samkomustað. Þess vegna var því breytt bara í Alþingi kemur en, mér finnst allt í lagi líka að sleppa að jafnaði. Nú, ég veit ekki hvort það þarf að setja sérstök ákvæði í stjórnarskrá um það ef að forseti þingsins eða aðrir snappa eins og Katrín segir en ég held að það mætti þá gilda um ansi margar, mörg ákvæði stjórnarskrárinnar, það yrði þá að vera ef hann snappar ekki. [hlátur, A.V.] Nú, opnir fundir, alveg sammála því að út eigi að fara allt þetta með ef að ríka ástæðu, það er nú bara þannig að ef að þannig háttaði til, JÁ, ég er líka sammála því að sko, að það eigi að fara út með á Íslandi í 23. greininni. Komi saman á öðrum stað, eins og einhver benti skemmtilega á í nefndinni í gær. Hvað

til dæmis ef ætti að halda upp á fyrstu landnemana í Vesturheimi. Mundi þingið vilja gera það, þið vitið, þetta svona, eða að það verður stofnað aftur Nýja Ísland í Vesturheimi, þá þarna. En það geta ástæður legið til þess að það sé ekki ástæða til þess að einskorða þetta við Ísland. Hvað segirðu? Nú fyrirgefðu, já.

Já, út með þetta opna fundi, ef að, sko ef að, við skulum bara segja ef að þjóðaröryggi til dæmis krefðist þess með einhverjum hætti að forsætisráðherra eða einhverjir sæju ástæðu til þess að nú yrði að tala með leynd þá mundu þeir alltaf finna leiðir framhjá því. Þannig að þá er bara að kalla til fundar heima hjá sér eða eitthvað svoleiðis. Ég ætla þá aðeins að víkja aftur að 27. greininni. Ég vil nú ekki gera, og það hefur ekki komið upp í nefndinni og þess vegna vil ég mótmæla aðeins orðum Erlings. Þetta er ekki sett til höfuðs eða vegna reynslu af Davíð Oddssyni og finnst ástæðulaust að tengja þetta svona við hans persónu. Til dæmis vil ég benda á það að ég var sjálf í stjórn málahreyfingu sem stofnuð var 1982 sem hafði takmörkun á setutíma allra ráðherra, þingmanna og helstu valdaembætta landsins við 8 ár. Þannig að það þurfti ekkert Davíð, hann var ekki einu sinni kominn á þing þá. Þannig, mér finnst það svona, mér, þetta eru prinsippmál um að dreifa valdi, ábyrgð, kunnáttu og reynslu, en ekki, það er ekki bundið við persónur. Þetta, sko, ef að menn vita að það einokar reynslu, einoka kunnáttu, ef að menn vita að þeir munu þurfa að víkja úr embætti þá mun það vera hvati til þess að menn deili reynslu sinni og völdum til þess að aðrir séu undirbúnari. Það er líka hvati fyrir aðra sem hugsanlega eiga þá von á því að eitthvað falli þeim í skaut að reyna að ná og tileinka sér þessa reynslu og kunnáttu þannig að þeir séu betur undirbúnir.

Varðandi þetta sem Katrín sagði um sko valda, auðvitað verður forsætisráðherra sko, framkvæmdavaldið verður ekki valdalaust þó við séum að efla þingið, þannig að auðvitað er forsætisráðherra valdamikið embætti. Þetta með sko, setutíma þingmanna, ég hef persónulega þá skoðun að þeir eigi heldur ekki að sitja of lengi en það er þá í greininni enda stendur þarna neðst í skýringunum: Naut ekki meirihluta nefndarmanna. Það er vægt orðað, það naut ekki stuðnings neins. Var það Ástrós? Æi fyrirgefðu, þá erum við tvær um það. En það mundi þá vera í þeim greinum sem fjalla um þingmenn, en ekki á þessum stað. Ég ætla aðeins að tala hérna um líka, friðhelgi þingmannanna. Nú náttúrulega þarf sko, fróða..., lögfróðari menn en mig til þess að segja nákvæmlega hvað lögformlega það þýðir að vera staðinn að glæp, en ég skil áhyggjur Silju, vegna þess að það er oftast þannig þegar um er að ræða kynferðislegt ofbeldi að menn eru ekki staðnir að glæp en ég býst nú fastlega við því, að ef að til dæmis kæmi fram ákæra á hendur einhverjum þingmanni, fyrir til dæmis þannig glæp, að þá mundi þingið aflétta friðhelgi. Og, og - ha? Á hvaða forsendum? Ef að kæmi fram ákæra þá, þá ... en hitt er svo annað, og það verður líka nefnilega, það geta komið upp þær pólitísku aðstæður, að það sé nauðsyn að vernda þingmenn, fyrir hugsanlega þá ofríki bara meirihluta sem vill með einhverjum hætti klekkja verulega á sitjandi þingmanni, sem kannski er óþægur ljár í þúfu, eða eitthvað slíkt. Þannig að, en hvort að þetta orðalag er nákvæmlega lögformlega rétt, skal ég, er ég ekki dómbær um. Og, lýk þá máli mínu, takk.

SN
Dögg Harðardóttir, er næst.

DH
Formaður og ágætu ráðsfulltrúar, og allir þeir sem á mig hlýða. Mig langar til þess að renna aðeins yfir nokkrar greinar, byrja hérna á grein 17. Þetta með drengskaparheitið, mér heyrir nú þeir nefndarmenn sem hafa tekið til máls, að þeir séu þeirrar skoðunar að þetta drengskapar eigi að fara út. Þó að ég sé ekki viðkvæm fyrir því, en það var nefnt hérna líka, hún Katrín nefndi í upphafsorðum sínum, þetta með heit, hvort það passaði af því að það hefði kannski trúarlega tengingu. Nú strengir fólk áramótaheit án þess að það sé endilega að hugsa um guð, þannig að ég held að þetta sé nú óþarfa viðkvæmni. Þannig að ég hefði nú lagt til að þetta innan hornklofans færi út og hitt stæði bara eftir.

Nú, í lið 18. Okkur hefur borist erindi, eins og þið væntanlega vitið, þar sem fólk hefur áhyggjur af flokkafлакki. Að menn geti gengið úr þingflokki og setið utan þings og svona þeir sem ég hef hitt á förnum vegi þeim finnst þetta afleitt en það eru hins vegar tvær hliðar á þessu máli. Önnur hliðin er sú að það er auðvitað bagalegt þegar þingmenn snúa kannski baki við þeim stefnumálum sem kjósendur þeirra studdu og segja skilið við sinn flokk en að sama skapi ef þingmenn eru trúir stefnumálum flokksins en flokkurinn snýr baki við kjósendum sem studdu þá af því að flokkurinn er til dæmis í ríkisstjórn. Það skilja kannski einhverjir hvað ég er að fara, ég veit það ekki. Ég ætla ekkert að fara út í einhverjar persónulegar lýsingar. En þetta, það eru tvær hliðar á þessum máli og ég held að það sé mjög mikilvægt að þjóðin viti það að við erum að skoða þessi mál frá öllum hliðum, vegna þess að þetta hefur vissulega bæði kosti og galla sem ekkert hefur verið komið inn á, alla vega. Við erum allavega ekki, það er kannski ekki búið að taka formlega afstöðu til þess hvað á að gera gagnvart flokkafлакki. Nú, í lið númer 23, þá hafði þið fært valdið frá forseta lýðveldisins og til forseta Alþingis. Það er svona hægt og rólega verið að reita hlutverkin af forseta Íslands þannig að ég býð bara spennu eftir því hvað á að gera við forsetann og hvert hlutverk hans eigi að vera, annað en kannski klippa á fána eða hvort hann eigi bara að vera yfirleitt. Ég vil bara vekja á þessu athygli að, já þetta vekur upp spurningar um hvert hlutverk forseta Íslands eigi að vera. Nú, í lið 24, ég nefndi á fundi í gær að það væri mjög mikilvægt að tryggja öryggi þingmanna. Þetta með umræðan fari fram í heyranda hljóði. Hún gerir það náttúrulega þegar hún fer út á öldum ljósvakans og þegar hún fer út í sjónvarpi. En það þarf kannski að tryggja öryggi þingmanna, og ef það væru sett öryggisgler á áhorfendapallana þannig að það væri hvorki hægt að skjóta menn eða henda neinu í þá. Þeir yrði náttúrulega fjarlægðir væntanlega eftir það, en ég held að [hlátur úr sal og DH, A.V.] bæði þeir sem eru skotnir og hinir ... En, hérna, gaman að þessu. Nei, þetta er náttúrulega ekkert gamanmál. En ég held að sko, þó að þetta sé ekki hlutverk Stjórnlagaráðs þá tel ég þetta mjög brýnt, eins og þið heyrið. Því að ég nefndi þetta hér í gær og ég held að ef svona öryggisgleri yrði komið upp, að þá væri hægt að taka út allt sem er innan hornklofans í 24 grein. Nú, 27. greinin, enginn getur setið í embætti forsætisráðherra

lengur en 10 ár samtals. Ég var ósammála þessu í gær og ég er ennþá ósammála þessu, ég vil hafa þetta samfleytt og mér finnst jafn alvarlegt til dæmis að utanríkisráðherra geti setið endalaust á valdastóli rétt eins og forsætisráðherra. Hitt er annað mál að ef það á að takmarka setutíma utanríkisráðherra eða annarra ráðherra, hvað þá ef það er ráðinn faglegur ráðherra. Hvað ef það er ráðinn einhver sem er ekki þingmaður, eins og Gylfi Magnússon var og Ragna Árnadóttir. Þá er náttúrulega auðvitað ákveðið klúður að menn megi ekki sitja lengur samtals en 10 ár. Og ef þessar reglur giltu um okkur hin, þá til dæmis hefði Guðmundur verið löngu hættur hjá Rafiðnaðarsambandinu og Þorvaldur hættur í Háskólanum og Ómar örugglega hættur hjá RÚV. Ég segi svona, ég er alveg sammála því að það þurfi að sjálfsögðu að takmarka það hversu lengi menn geta setið á valdastóli vegna þess að hætta er auðvitað sú að þetta sé svona ákveðið comfort zone og menn fari bara að hafa það gott. Það þarf einhvern veginn að fyrirbyggja það en ég hef efasemdir um að það sé rétt að hafa þarna takmörkun heildartíma af æviskeiði forsætisráðherra. Og meira hef ég ekki um málið að segja.

SN
Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR
Já, góðir áheyrendur og aðrir. Hérna, Dögg, ég er hættur á RÚV og meira að segja búinn að hætta tvisvar. Já, ég, Erlingur, hvernig list þér á þetta? Sérhver nýr þingmaður vinnur heit að stjórnaðráðgjafi og er kosning hans, er kosning hans hefur verið gild og er hann eingöngu bundinn við sannfæringu sína. Punktur. Snúa þessu öðruvísi. Sameina þetta hinum megin frá. Já, síðan er það af hverju er má ekki setja alþingismenn í gæsluvarðhald eða höfða sakamála á hendur, án samþykkis þingsins. Þetta er nú bara gömul ástæða frá því hér var öflugt konungsvald og menn óttuðust að konungurinn gæti í krafti síns embættis eða sinnar stöðu sigað lögregluna eða látið ákæra þingmenn að ástæðulausu og gert þingmenn ónýta og komið þeim út af þingi með þessu. Nú er enginn konungur lengur en það má alveg íhuga það hvort það gæti verið svo öflugt framkvæmdavald til dæmis sem að myndi vilja koma þingmönnum út. Þetta hefur aldrei reynt á þetta hérna. Og ég man bara eftir því að þegar ég var strákur þá var mikið talað um það að einn þingmaður væri mjög drykkfelldur og hann gæti drukkið og verið hérna, og það væri aldrei hægt að setja í steininn eins og aðra drykkjumenn. Og þá erum við komin út í allt aðra sálma. Ég hins vegar vek athygli á því að ég er hérna með þrjú nöfn, Jóhanna Sigurðardóttir, Albert Guðmundsson, Tryggvi Þórólfsson. Hvað gerði þetta fólk? Það lenti upp á kant við flokkana sína og það sat, það sögðu ekki af sér þingsætinu þegar það var búið að stofna nýja flokka, það sat áfram á þingi. Af því það taldi sannfæring sína vera réttari heldur en stefna flokksins. Þannig að ég held það sé ómögulegt annað en að fólk verði bara að verja þetta fyrir kjósendum sínum, og ég tala nú ekki um núna þegar að, ef það verður persónukjör eins og stefnumál, í þá hérna, þá verður þetta auðvitað miklu meira mál fyrir þau að þau geti staðið frammi fyrir kjósendum sínum við næstu kosningar. Alþingi kemur saman að jafnaði, eða bara

Alþingi kemur saman í Reykjavík. Þingið eða forseti þess getur ákveðið að það komi saman á öðrum stað, punktur. Þetta gæti nefnilega verið varðskip. Ef það væri eitthvert undantekningarástand og eða herskip, og væri búið, væri verið að bjarga stjórninni frá landinu eins og var gert í Noregi. Þá þarf þetta að vera opið. Og þetta er dálítið gaman. Ég var hérna, við vorum að gera grín að því með hornklofann og forsetann og einhvern tíma sagt, hérna þegar þeir voru í vandræðum með nefnilega líka, það var 1944, og voru að tala um það, hvað eigum við að gera við hótelhaldarann á Bessastöðum? Þannig að við sjáum að þessi umræða er dálítið, getur verið dálítið léttúðug. En við erum á þeirri leið að við ætlum að færa honum meiri hlutverk, meira hlutverk og ég vona að það verði. Ég vona þjóðin sé ekki að kjósa mann sem að klippi borða bara eins og sagt er og ekki geri ekkert annað. Og alls ekki mann sem að er ekki einu sinni treystandi til þess. Takk.

SN

Þá er Gísli Tryggvason næstur á mælendaskrá og ég ætla að loka mælendaskránni á meðan hann talar, um þennan lið eða þessa, kynningu, sem sagt um þessar greinar.

GT

Já, formaður, góðir áheyrendur. Mig langar bara að bregðast við spurningu Silju Báru og fleiri varðandi ákvæði 19, sem er eins og kom fram aðeins lítið breytt, það er að segja bætt við skýlausa sekt en þá er sem sagt hægt að aflétta þessari friðhelgi með hvað, þrennum hætti. Í fyrsta lagi getur þingið alltaf aflétt friðhelginni og það kemur hérna fram í bók sem ég er með um stjórnskipunarrétt að það var gert síðast í Hafskipsmálinu 1988, þegar ákæra þurfti þingmann eða vilji var til þess. Í öðru lagi verður þessari friðhelgi aflétt ef að maður er staðinn að glæp og Silja Bára spurði um það. Og í þriðja lagi ef við bætum við játningu, skýlausri játningu, hugsanlega. En ég vek athygli fyrst á því að þarna er ekki lagt, lagðar skorður við handtöku eða refsivist. Það er bara ákæra í sakamáli, það er áréttað að þetta þýðir auðvitað og hefur alltaf þýtt sakamál. Það er bara ákæra og gæsluvarðhald sem er takmarkað. Það er sem sagt hægt að handtaka mann, hvort sem er á vettvangi, eða þegar erfðaefni hans finnst. Það er hægt að handtaka þingmann, þrátt fyrir þetta ákvæði. Svo er það ekki fyrr en þegar dómari tekur afstöðu til þess, hvort á að setja hann í gæsluvarðhald, að fyrir þarf að liggja samþykki þingsins. Nú varðandi það að vera staðinn að glæp, þá held ég að það sé rétt hjá þeim sem hafa tjáð sig um það, það er svona frekar þröngt orðalag. Það er í dönsku stjórnskránni orðað held ég þannig að maður er taget þá fersk gærning. Sem sagt, það sést til hans af einhverjum vitnum. Þannig að erfiðleikinn er auðvitað í þessum málum þar sem að vitni eru enginn önnur en brotþoli. En þó að Ómar hafi réttilega bent á það að þetta sé kannski þýðingarminna ákvæði núna þegar konungsvald er ekki lengur og framkvæmdavald jafnvel veikt hér nokkuð með okkar tillögum. Að þá er held ég rétt að halda þessu inni, þó að þetta sé ekki mjög raunhæft, sem betur fer. En það eru samt bara rúm 20 ár síðan að reyndi á þetta síðast. Ég hef vakið á því athygli áður í tengslum við erindi að sjálfstæði handhafa ákærvalds, allavega æðstu handhafa

ákærvalds þurfi að tryggja í stjórnskránni eins og handhafa dómsvalds. Og það minnkar enn þörf., enn líkurnar á því að á þetta reyni, það er að segja að ákærvaldi verði misbeitt. En ég vona að þetta skýri nægilega hvernig þetta er. Og að lokum glæpur er sem sagt ekki hvaða afbrot sem er, það er meiri háttar ásetningsbrot gegn almennum hegningarlögum sem sætir skilyrðislausri ákæru. Þannig að það er ekki minniháttar refsivert athæfi. Takk.

SN

Þá loka ég mælendaskrá og Pawel fær orðið. Gjörðu svo vel.

PB

Takk, kæru vinir. Ég ætla að gera nokkrar athugasemdir eins og aðrir. Fyrst er það grein 18 um þar sem segir við sannfæringu sína og stjórnskrá þessa. Mér finnst þessi viðbót ekki þörf. Að sjálfsögðu er það auðvitað þannig að þingmenn eins og aðrir þurfa að lúta stjórnskránni, en sannfæring, með sannfæringu sína skil ég sem að þeir séu bundnir af sannfæringu sinni um gjörðir sínar sem þingmenn, það er að segja í atkvæðagreiðslum og hvaða máli þeir tala. Að það mætti þá skilja og væri mjög fljótt farið að skilja sem með þeim hætti að ef menn til dæmis væru að fara fyrir, tala fyrir einhverju stefnumáli sem einhver teldi að samræmdist ekki einhverju ákvæði í stjórnskrá. Þá væru menn fljótir að túlka þannig sem þeir mættu ekki gera það, mættu ekki greiða atkvæði með þannig hætti og ég held að það sé ekki, væri ekki endilega góð viðbót við þjóðmálaumræðuna. Nú, í öðru lagi varðandi friðhelgi þingmanna, þá myndist mér heppilegra, sko í dag er tillagan þarna er að það þurfi samþykki þingsins eða hann já., þingmaðurinn játi sekt sína. Mér myndist heppilegt ef að fyrirkomulag væri þannig að það væri samþykki þingsins, þá kannski jafnvel aukinn meirihluta í anda annarra slíkra ákvæða í stjórnskránni. Það væri þá ekki meirihlutinn hverju sinni sem gæti ákært minnihlutann um eitthvað. Og í öðru lagi að hann geti sjálfur aflétt þessari þinghelgi, ekki með þeim hætti að játa sekt sína, heldur einfaldlega að, menn vilja stundum gefa ákærvald færi á það að ákæra sig og hreinsa þannig nafn sitt fyrir dómi. Þannig að það væri, mér myndist það heppilegra ef menn gætu ákveðið að aflétta þinghelginni sinni sjálfir en ekki endilega með því að játa sekt sína. Og þá felur það í sér ef hann játar sekt sína að þá náttúrlega afléttir hann þinghelginni í leiðinni. Þannig að ég held að þetta væri heppilegra. Nú, í þriðja lagi þá er hérna varðandi setutíma ráðherra, grein 27. Þetta er auðvitað eitthvað sem að þarf að veita og meta, togast á ákveðin sjónarmið. Ef að þetta er of takmarkað þá er auðvitað ákveðin hætta á að þetta verði eins og í þáttunum "Yes, Minister" þar sem það eru embættismenn sem sitja jú án takmarka en í mörg ár sem kannski taka svoltið völdin af kjörnum fulltrúum, þingmönnum, hverju sinni. Ég held að sú lending sem nefndin hafi komist að, sé góð, allavega góð byrjun og styð hana óbreytta að svo stöddu. Takk fyrir.

SN

Örn Bárður Jónsson.

ÖBJ

Já, formaður og góð systkin nær og fjær. Ég vil bregðast aðeins við þessu. Katrín Fjeldsted, hún kveikti hjá mér svona þankagang við það að nefna áðan trúfrelsi í tengslum við heit þingmanns. Og þá fannst mér gæta þar þess sem að er dálítið algengt í samtímanum. Og það er sem sagt, það sem kallað er, hinn neikvæði réttur sem trúfrelsi veitir, það er að segja, frá trúu, en svo er hinn jákvæði réttur sem er til trúar. Það segir í heitinu, ef ég má lesa upp drengskaparheitið sem unnið er á Alþingi, með leyfi formanns. Ég undirskrifaður sem kosinn er þingmaður til Alþingis Íslendinga heiti því að viðlögðum drengskap mínum og heiðri að halda stjórnarskrá landsins.

Í þýsku stjórnarskránni er texti fyrir forseta þingsins og ráðherra Sambandslýðveldisins, og hann endar á orðunum so wahr mir Gott helfe, til þess hjálpi mér guð. En það er sleginn varnagli að menn þurfi ekki að vinna hann með trúarlegri yfirlýsingu. Í Suður-Afríku er annars vegar talað um hátíðlega yfirlýsingu eða sol- emn affirmation, eða eið eða oath. Og í síðara tilvikinu er bætt við orðunum so help me God. Íris spurði hvort að eiður væri úreltur. Ég spyr í þessu sambandi hvort að það sé ekki réttur fólks sem að er trúað og vill vinna eið, og biðja guð að hjálpa sér. Að það sé ekki mannréttindi að fá að vinna eiðinn með þeim hætti. Og vil vara við sem sagt, svona því að útrýma öllu sem trúarlegt er, meðan að, ja yfir 90% af Íslendingum telja sig trúaða, eru í einhvers konar trúfélaga, þó ekki séu allir í Þjóðkirkjunni. En þetta vildi ég nú bara nefna hér svona almennt. En eiður eða heit er mikilvægt og er bindandi og út frá 18. greininni þá er það mikilvægt að alþingismenn séu eingöngu bundnir við sannfæringu sína og stjórnarskránni, en ekki bundnir fyrir mælum kjósenda. Og jafnvel þó þeir víki úr þingflokki að þeir verði ekki krafðir um það að, um algjöra fylgispekt við flokkinn þó þeir hafi flotið inn sem farþegar á einhvers konar lista, einhverju svona pakka tilboði. Þá eru menn ekki bundnir nema sannfæringu sinni. Það er ekki hægt að krefja þá um það að standa við einhver mál. Því að það er líka mannlegur réttur að fá að skipta um skoðun og verða ósammála þeim sem eru manni samferða. Alþingi er friðheilagt í 21. grein. Það er mikilvægt og spurning hvort það þarf framhaldið eins og Erlingur benti á. Og svo vildi ég aðeins nefna hérna í sambandi við 23. greinina, Alþingi kemur saman í Reykjavík, finnst mér vera nóg að segja en vil gjarnan benda á og taka undir með þeim sem hafa bent á, að það gæti komið upp sú staða að Alþingi þyrfti að koma saman utan landhelginnar eða utan Íslands. Varðandi hérna málfrelsi þingmanna, þá er það í 19. greininni gríðarlega mikilvægt og alþingismaður verður ekki krafinn reikningsskapar segir hér í hornklofa utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi. Og ég veit ekki hvort að það gæti komið upp sú staða að alþingismaður segði eitthvað glannalegt úr stólnum og þeir sem að væru í meirihluta og móðguðust við það gætu sem sagt krafð hann reikningsskapar, látið krefja hann reikningsskapar utan þings. Það er varasamt að þrengja málfrelsið. Og ég sem prestur hef mjög ríka vernd til málfrelsis og mér finnst að við megum ekki draga til því. Og síðan þetta með þingvallana, að þingið skuli vera í heyranda hljóði og það er spurning hvort það á að vera inni í þessu að þingmenn geti komið saman á einhverjum leynifundi. Ég, mér finnst

það svona einhvern veginn stríða gegn lýðræðinu og því að þeir séu fulltrúar okkar og við eigum að vita hvað fram fer. Menn geta þá rætt það utan þingfundar í lokuðum herbergjum þar sem þeir þurfa að undirbúa sig með. Varðandi setutíma ráðherra þá vil ég líka taka það fram að það er mikilvægt að koma í veg fyrir að menn geri ráðherra dóm að ævistarfi, eða þingmennsku og er ekki með tillögu þarna, en tek undir það að þurfi að takmarka tíma hvernig sem það verður orðað. Og læt þetta duga að sinni, takk fyrir.

SN

Erlingur Sigurðarson. Gjörðu svo vel.

ES

Forráðamaður, ráðsmenn og ráðskonur og þið sem að heima sitjið og eruð hér í salnum líka. Vegna truflana á útsendingu vil ég beina því til manna að þeir slökki á símunum sínum. Það var hér truflun áðan. Þetta á bæði við um gesti og fundarmenn, þingfulltrúa, ráðsfulltrúa fyrirgefið. Fyrst eru nokkur atriði sem ég þarf að minnst á. Það er fyrst í sambandi við þrasetu þingmanna, þrasetu ráðherra. Hvort tveggja er auðvelt að koma í veg fyrir. Það er að þeir vinni sér ekki inn lífeyrissrétt aukalega fyrir þingmennsku eða ráðherra dóm, heldur séu áfram í sínum lífeyrissjóðum bara, og borgi til þeirra. Nú allir landsmenn skulu vera í lífeyrissjóði og þingmenn eiga ekki að breyta um lífeyrissjóð, það á hafa bara hið opinbera starfsmanna sjóði eða þeim sjóði sem þeir eru í að öðru leyti. Og engin sérréttindi fyrir að vinna um tíma. Ég held að þrasetuna megi skýra með því að menn eru að vinna sér inn þennan tíma til að ná fullum eftirlaunum, á sérstökum kjörum. Og þingmenn eiga að hafa góð laun en þeir eiga ekki að vinna sér inn aukaréttindi í lífeyri fyrir ráðherra dóm eða þingmennsku. Nú, það eru önnur atriði. Það er hérna, í sambandi við orð á málfrelsi á Alþingi, vegna orða Arnar Bárðar hér áðan, þá vil ég hvað það komi skýrt fram að þetta á ekki við hugsanlega minnihluta og meirihluta á Alþingi. Þeir mega talast við eins og þeim sýnist. Þetta er um orð sem eru látin falla í garð utanþingmanna sem eiga ekki möguleika á að bera hönd fyrir höfuð sér. Að þeir geti sótt þá, án þess að félagar þeirra á Alþingi leyfi. Nú, í sambandi við handtöku eða varðhald þingmanna, þá gæti ég trúað að það mætti bæta inn í þarna, nema hann sé staðinn að glæp eða sæti ákæru. Það mætti hugsanlega taka það inn í líka. Því að ákæra er ekki höfðuð nema hann sé grunaður um glæp. Og þá er það búið held ég, ég þakka fyrir.

SN

Illugu Jökulsson. Gjörðu svo vel.

IJ

Já, ágætu félagar. Það eru bara örfá smáatriði sem mig langar að vekja athygli á. Umræðan hér hefur dekkad allt það sem að ég vildi sagt hafa nema 2-3 smáatriði. Í sambandi, umræðan um hérna 21. grein þar sem talað er um friðhelgi Alþingis. Menn, sumir vilja sko takmarka setningu, hafa setninguna bara Alþingi er friðheilagt, punktur. Það getur vel verið. En ef framhaldið verður haft með enginn má raska friði þess eða frelsi, þá fyndist mér mikilvægt að friði yrði breytt í öryggi eins og er nú gefið til kynna að hafi verið rætt í, hérna,

í nefndinni. Enginn má raska friði Alþingis er hægt, ef menn vilja, það er hægt að túlka það mjög þröngt þó það hafi reyndar ekki verið gert hingað til. Þannig að mér finnst að þarna ætti þá að koma inn öryggi. Og í sambandi við, eitt smáatriði í sambandi við orðalag. Í 19. grein, alþingismaður verður ekki krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, ef að þarna er átti við það að hann verði ekki sóttur til saka fyrir meiyrdi þá finnst mér að það eigi bara að segja það berum orðum. En þetta orðalag, að vera krafinn reikningsskapar er herna, óljóst. Ég, í mínum skilningi er að vera krafinn reikningsskapar fyrir eitthvað er bara að standa fyrir máli sínu. Þannig að mér finnst að þarna eigi að taka hlutina fram, taka skýrt fram hvað er átt við. Og svo að lokum, alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína. Ég er sammála Pawel um það að það ætti að vera óþarfi að taka fram lög eða stjórnarskrá. En mér finnst að orðalagið þarna ætti að vera aðeins jákvæðara þannig að menn eigi að fylgja sannfæringu sinni eða eitthvað í þá áttina, ekki vera bundnir við hana. Takk.

SN

Nú þá er umræðu lokið um tillögur B-nefndar og ég gef formanni nefndarinnar orðið til að taka saman þau atriði sem fram hafa komið. Gjörðu svo vel.

KF

Takk fyrir það, formaður. Ja ég kannski, ætla nú ekki að taka það saman á annan hátt en það, að þakka kærlega fyrir góðar ábendingar sem hafa komið fram í þessari umræðu, frábærar umræður um þær tillögur sem að hér hafa verið lagðar fram og þessum efnisatriðum verður öllum haldið til haga svo og orðalagstillögum. Ég var að hugsa um þetta sem Örn Bárður nefndi hér þegar hann las upp það sem þingmenn vinna þegar þeir skrifa undir og segja að við, þar stendur að viðlögðum drengskap mínum og heiðri sem mér finnst afar fallegt orðalag og svolítið annað heldur en að vinna drengskaparheit að. Mér finnst falleg íslenska að nota drengskap, það var sagt að Bergþóra væri drengur góður. Þó að ég hafi getið þess áðan að þau sjónarmið hafa komið mjög sterkt fram að drengskapur sé karllægt orð og úrelt af þeim ástæðum. En ég þakka sem sagt góðar umræður um tillögurnar sem að fara síðan aftur til nefndarinnar en eru hér til kynningar. Takk.

SN

Kærar þakkir. Þá er komið að 3ja lið undir starfi B-nefndar, og það eru kynning á 28. og 29. grein um stjórnarmyndun og vantraust og aftur er Katrínu Fjeldsted formanni nefndarinnar gefið orðið, gjörðu svo vel.

KF

Formaður, félagar og aðrir áheyrendur. Þá er komið að síðustu tveim tillögnum sem við leggjum fram á þessum fundi. Þær eru númeraðar 28 og 29 og lúta að stjórnarmyndun og vantrausti. Í núverandi stjórnarskrá segir í 15. grein: Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður á þessum tveimur tillögum hér á eftir og umræðum verður að vera ljóst að hér er verið að ræða um útfærslu á þingræðisfyrir-

komulagi því sem við hefur verið haft hér í landi en með nokkrum breytingum. Og umræðuna þarf að taka, ekki síst vegna þess að það eru mismunandi skoðanir uppi um það hvernig þessum málum skuli háttað, það er að segja, hvort að hér eigi að ríkja þingræði eða hvort að kjósa eigi framkvæmdavaldið beinni kosningu af almenningi eða jafnvel hvort að sameina eigi embætti forseta Íslands og forseta Alþingis, þannig að við lítum svo á að þetta sé grundvallarumræða um þessa mismunandi kosti. Tillaga sú sem hér liggur fyrir frá B-nefnd brýtur við blað, að mörgu leyti og hún er viðleitni, hún lýsir viðleitni B-nefndar til að koma til móts við þá sem vilja breyta því hvernig staðið er að myndun ríkisstjórnar, án þess þó að það þurfi að kjósa framkvæmdavaldið beinni kosningu. En í tillögunni, nú ætla ég að leyfa mér að lesa hana, og hún hljómar svo:

Þegar skipa skal forsætisráðherra leggur forseti Alþingis fram tillögu eftir samráð við þingflokka og alþingismenn. Þingið greiðir atkvæði um tillöguna innan fjögurra virkra daga. Verði tillagan ekki samþykkt leggur þingforseti fram tillögu að nýju og er atkvæðagreiðsla endurtekin samkvæmt fyrstu málsgrein. Hafi tillögum þingforseta verið hafnað fjórum sinnum rýfur hann þing og boðar til alþingiskosninga. Þegar Alþingi hefur samþykkt tillögu um forsætisráðherra ákveður hann eða hún, það er að segja forsætisráðherrann, skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim. Þá tilnefndir hann eða hún ríkisstjórn sína og tilkynnir hana forseta Alþingis svo fljótt sem verða má. Þingforseti skipar forsætisráðherra fyrir hönd Alþingis og veitir honum eða henni lausn. Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn. Þetta kann að hljóma byltingarkennt en er í nokkru samræmi og í algjöru samræmi við fyrri tillögur sem við höfum kynnt frá B-nefnd, um það hvernig staðið skuli að því að velja forseta Alþingis. En svo við rifjum það aðeins upp, þá lýtur tillagan að því að þingforseti sé kjörinn með $\frac{2}{3}$ hluta atkvæða magns frá þinginu. Við höfum ákveðið að skipta með okkur verkum, nefndarmenn, í umfjöllun um þessa grein og þá næstu og við ætlum að, munum því heyra allavega í Vilhjálmí Þorsteinssyni og Eiríki Bergmann Einarssyni og vonandi fleiri nefndarmönnum um þetta nánar. En ég ætla að vinda mér beint yfir í næstu grein sem er sú 29. og er um vantraust. Og þar segir, en þar segir í núverandi stjórnarskrá: Ekkert. En í okkar tillögu eftirfarandi: Leggja má fram á Alþingi tillögu um vantraust á forsætisráðherra eða aðra ráðherra. Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um eftirmann hans eða hennar. Ráðherra er veitt lausn úr embætti ef tillaga um vantraust á hann eða hana er samþykkt. Ríkisstjórn er veitt lausn ef tillaga um vantraust á forsætisráðherra er samþykkt. Þetta er ný hugsun í íslenskri pólitík að því leyti sérstaklega hvað vantraustið varðar að þegar borin er fram vantrauststillaga, þá skuli henni fylgja tillaga um væntanlegan eftirmann forsætisráðherrans. Fyrir þessu eru fordæmi frá öðrum löndum en ofan í það verður farið nánar í innleggi nefndarmanna hér á eftir. Takk fyrir.

SN

Þá er orðið laust, Gísli Tryggvason er fyrstur, Þorvaldur þú varst líka og Vilhjálmur. Gísli, gjörðu svo vel.

GT

Já, formaður og góðir félagar. Mig langar að vekja athygli á að í þessu felst væntanlega eins og aðeins var komið inn á hérna áðan að minna er eftir af, hvað á að segja, pólitískum eða valdahlutverkum fyrir forseta Íslands. Og ef að þetta fær hljómgrunn hér í ráðinu þá væntanlega vinnum við í valdbáttanefnd B áfram á þeim grunni. Ég vil taka fram að ég gerði nú frekar ráð fyrir að sko, aðhyllast aukin völd til forseta en stend að þessari tillögu og er ánægður með hana. Ég ætla að rekja ástæður þess. En ástæðan er ekki sú að forsetaembættið hafi staðið sig eitthvað illa við stjórnarmyndun. Það kemur fram í bók sem að Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðidoktor skrifaði um forsetatíð Kristjáns Eldjárn. Þar kemur það fram í skema að vísu, að stjórnarmyndunarviðræður tóku svoltið langan tíma stundum. Það var stjórnarkreppa að meðaltali í 25 eða 24 daga í tíð Ásgeirs Ásgeirssonar og Vigdísar Finnbogadóttur og í tíð Sveins Björnssonar og Kristjáns Eldjárn, var meðaltíminn, sem sagt stjórnarkreppa varaði 44 dagar. Þannig að ef menn hafa áhyggjur af því að þetta verði erfiðara fyrirkomulag að þá held ég að það sé, verði að bera saman við þessa sögu. Ég held að í tíð núverandi forseta hafi þetta nú gengið hraðar af því að stjórnarmynstrið lá oft fyrir. En forsetar hafa vandað til verka í þessu aðalhlutverki sínu þangað til synjunarréttur forseta varð fyrst notaður 2004. En ég held að menn verði að vera meðvitaðir um að þarna er stigið ákveðið skref í að breyta hlutverki forseta Íslands og við þurfum að taka mið af umræðunni hér við áframhaldandi verk. Tillagan hins vegar um stjórnarmyndun er mjög sterk þingræði, það er ekki verið að fara yfir í forsetaræði heldur halda sig við þingræðið en auka hlutverk og veg Alþingis. Það kemur þá eitt og fyrst að málum og mín von er sú að þetta leiði til þess eins og í skandinavísku löndunum allavega, þremur, Danmörku, Noregi og Svíþjóð að strax á kosninganótt liggja fyrir í kjölfar úrslita kosninga hver verði forsætisráðherra. Þ.e.a.s. ég vænti þess að flokksleiðtogar og flokkar verði spurðir af kjósendum og fjölmíðlum hvern þeir styðji í stól forsætisráðherra sem er oft mikilvægt fyrir fólk að vita. Þannig að það sé ekki eitt-hvert lotterí, eða leikur á Bessastöðum hvernig það fer. Þannig að ég held að þetta auki ábyrgð flokkanna og vitund kjósenda um hvernig þeir eigi að velja. Ég held að flokkar muni ekki komast upp með að svara ekki slíkum spurningum og verði að standa við svarið.

Síðan langar mig aðeins að vekja athygli á breytingu á orðalagi í 28. greininni. Þar er talað um að forsætisráðherra ákveði skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skipti störfum með þeim. Þetta með skipan ráðuneyta er nýmæli og þarna er verið að áréttá þá skoðun sem ég reyndar tel felast í stjórnarskránni núna en hefur ekki verið framkvæmd þannig, að það sé framkvæmdavaldsins sjálfs, forsætisráðherra að skipta verkum með ráðherrum og ákveða hvaða ráðuneyti séu, hversu stór og hvernig verkaskipting sé í þeim. Löggjafinn setur auðvitað lögina og þar erum við að leggja til aukið vald Alþingis, eða aukið hlutverk í löggjafarhlutverkinu en framkvæmdavaldið á að fá meira sjálfræði um hvernig það skiptir með sér störfum. Ég er meðvitaður um það að það getur komið til þess, eftir fyrri tillögum okkar, að það taki tíma að finna, ná samstöðu 2/3 hluta Alþingis um þingforseta en hann, ef að hann næst ekki, ef að sá sú samstaða næst ekki í tæka tíð þá er það bara starfs-

aldursforseti sem stýrir þessu. Og ég vek athygli á því að það er ekki verið að færa einhvern stjórnarmyndunarhlutverk frá forseta Íslands til forseta Alþingis, heldur einungis að hann stýri atkvæðagreiðslu um mál sem að væntanlega liggur fyrir opinberlega strax vonandi á kosninganótt. Eins og er í skandinavísku löndunum. Þar vita menn ef þeir kjósa tiltekinn flokk, nánast alltaf að hann mun hann styðja tiltekin forystu-mann jafnvel í öðrum flokki til setu í forsætisráðherra-stóli. Þetta vildi ég aðeins segja að svona mótar mína afstöðu, og ég vonast til þess að þetta muni falla í geð, ja bæði ráðsins og þjóðarinnar. Takk.

SN

Þorvaldur Gylfason. Gjörðu svo vel.

ÞG

Já, formaður, góðir ráðsfulltrúar. Eins og ég boðaði áðan þá langar mig til að gera þessa stjórnarmyndunargrein að umræðuefni. Og það sem vakir fyrir mér er hlutur sem að ég hef fjallað talsvert um á löngum tíma á grundvelli tillagna sem Ólafur Jóhannesson prófessor að lögum og síðar formaður Framsóknarflokksins og forsætisráðherra lagði fram strax árið 1945. Og það er tillaga Ólafs um ákvæði í stjórnarskrá sem heimili forsetanum að skipa utanþingsstjórn þegar að þörf krefur. Ég skil hvað nefnd B er að fara með þessari 28. grein um stjórnarmyndunir með því að fela forseta Alþingis frekar en forseta Íslands forystu að stjórnarmyndunarviðræðum og ég skil og virði fyrirmyndina frá Svíþjóð og Þýskalandi. En okkar land er frábrugðið Þýskalandi og Svíþjóð að því leytnu til að höfum einu sinni þurft í okkar nýliðinni sögu að grípa til þess úrræðis að skipa utanþingsstjórn. Og það var á árunum 1942 til 1944 eins og þið vitið og ástand stjórnmalanna hér hefur verið hér þannig, ólíkt því sem á við til dæmis um Svíþjóð og Þýskaland, að við gætum þurft að grípa til þessa úrræðis aftur. Og með því að fela forseta Alþingis forystu að stjórnarmyndunarviðræðum að þá er í raun og veru verið að girða fyrir utanþingsstjórnarmyndun því að varla er hægt að atlast til þess að forseti Alþingis hafi forystu um skipun utanþingsstjórnar. Og það er meðal annars af þessum ástæðum sem að mér finnst varhugavert að fara inn á þessa braut. Auk þess hef ég aðrar ástæður til að líta svo á að betra væri að fela forseta Íslands fleiri verkefni en hann hefur nú, frekar en færri að ég nú ekki tali um að forsetaembættið væri að einhverju eða öllu leyti skrifað út úr handritinu eins og sumir hér telja ráðlegt. Mig langar bara gefa ykkur hugboð um það hvernig tillaga B-nefndar gæti hljóðað ef ég breyti forseta Alþingis yfir í forseta Íslands og bæti síðan við skýringartexta með leyfi formanns. Þá gæti, þetta er ekki endanlegur texti af minni hálfu að sjálfsögðu enda hef ég bara hripað hann hér í sæti mínu en svona gæti greinin nokkurn veginn hljóðað: Þegar skipa skal forsætisráðherra leggur forseti Íslands fram tillögu eftir samráð við þingflokka og alþingismenn. Þingið greiðir atkvæði um tillöguna innan fjögurra virkra daga. Verði tillagan ekki samþykkt leggur forseti fram tillögu að nýju og atkvæðagreiðsla er endurtekin samkvæmt fyrstu málsgrein. Hafi tillögum forseta verið hafnað fjórum sinnum getur hann annað hvort rofið þing og boðað til alþingiskosninga eða skipað forsætisráðherra utanþingsstjórnar. Samþykki Alþingi ekki tillögu um

forsætisráðherra utanþingsstjórnar getur forseti Íslands lagt málið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Þegar Alþingi hefur samþykkt tillögu um forsætisráðherra, þ.e.a.s. ef ekki þarf á þjóðaratkvæðagreiðslu að halda, ákveður hann eða hún skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim. Þá tilnefndir hann eða hún ríkisstjórn sína og tilkynnir hana forseta Alþingis svo fljótt sem verða má. Forseti Íslands skipar forsætisráðherra fyrir hönd Alþingis og veitir honum eða henni lausn. Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn. Með öðrum orðum, þetta er sama tillaga, nema forseti Íslands hefur aftur tekið við hlutverkinu sem að forseta Alþingis er ætlað þarna og síðan eru bara viðbótarákvæði sem þarf að vinna betur úr, um heimild handa forsetanum við sérstakar aðstæður, til þess að skipa utanþingsstjórn og til þess að beita málskotsrétti sínum til að verja slíka ríkisstjórn vantrausti Alþingis. Hér er hugmyndin sem sagt sú að Alþingi kæri sig ekki um að utanþingsstjórn sitji í landinu og reyni að fella hana á vantrausti. Og slíku vantrausti gæti forsetinn þá skotið til þjóðarinnar þannig að vinsæl utanþingsstjórn gæti setið í skjóli fólksins í landinu gegn vilja Alþingis ef aðstæður bjóða upp á það. Þetta yrði að sjálfsgöðu ekki algengt en þetta gæti þurft að verða við sérstakar aðstæður, líkar því sem mynduðust hér á stríðsárunum og líkar því sem næstum urðu til að minnsta kosti einu sinni á árunum eftir 1970.

SN

Takk. Það voru svo margar hendur á lofti hérna þegar mælendaskrá var opnuð að hún varð strax listi, en eins og kom fram í máli formanns B-nefndar að þá ætluðu Vilhjálmur Þorsteinsson og Eiríkur Bergmann að fylgja tillögunni aðeins úr hlaði. Þannig að ég gef Vilhjálmni orðið núna og síðan Eiríki þar á eftir.

VÞ

Já, formaður og kærur ráðsfulltrúar. Ég ákvað nú koma hérna í pontu af því ég ætla að flytja svona aðeins lengra mál en venjulega. En það er nú alveg sérstök ánægja að standa hérna og tala um þetta mál, þetta hefur verið mér mikið áhugamál alveg frá því ég fór að hafa áhuga á stjórnmalum, þ.e.a.s. þetta fyrirkomulag þingræðis að kjósa forseta, framkvæmdavaldið hugsanlega beinni kosningu og svo framvegis. Mín fyrstu stjórn málaafskipti voru í Bandalagi jafnaðarmanna sem að hafði sterkar hugmyndir í þessa veru og Vilmundur Gylfason, setti fram einmitt hugmyndir um að kjósa forsætisráðherra beinni kosningu. Ég vil og þetta var eitt af þeim málefnum sem ég nefndi í minni kosningabaráttu á sínum tíma, fyrir Stjórnlagabingíð sáluga. En í ljósi þess, við verðum að ganga sem sagt í þessari umræðu alltaf út frá markmiðum. Hvað er það sem við erum að reyna að ná fram og þetta sem við erum að ræða þarna eru leiðir, að markmiðum. Og spurningin er alltaf hverjar eru bestu leiðirnar að þeim.

Nú, nefnd B hefur haft sérstaklega til hliðsjónar eins og ég held reyndar Stjórnlagaráðið allt, gildi eins og lýðræði og valddreifingu, að það er að segja að forðast samþjöppun valds á fáa einstaklinga eða einn mann. Og almennt að vald og ábyrgð fari saman og svo líka svona almenn gildi á borð við öryggi og skilvirkni og

skýrleika í stjórnarskrá, og að stjórnarfríð sé skýrt og menn geti raunverulega lesið það í stjórnarskránni. Nú, að því sögðu þá hef ég alltaf verið opinn fyrir ýmsum leiðum sem að gætu náð þessum markmiðum og uppfyllt þessi gildi og hef sjálfur eftir allnokkra umhugsun komist að þeirri niðurstöðu fyrir mína parta að þessi tillaga sem að nefnd B er að leggja hérna fram, sem er innan þingræðisins en að hún útfæri það með þeim hætti að þessum markmiðum og þessum gildum sé náð með fullkomlega fullnægjandi hætti og hún sé ekki svo róttæk, eða það er að segja hún er ekki róttækari en þörf krefur. Þannig að það er ákveðið meðalhóf sem að ég er líka að gæta að hérna og svona ákveðið raunsæi. Þannig að eins og ég segi, ég styð þessa tillögu. En mig langaði til þess að fara aðeins yfir, þetta er svona hálf.. eiginlega hálfgerð blanda kannski af einhvers konar framsögu annars vegar og hins vegar svona minni skoðun á málinu. En mig langaði bara aðeins til að ræða almennt um þessi hugtök, þingræði, stjórnarmyndun, vantraust og svo aðeins að fara í örlítið meiri smáatriðum ofan í tillögu nefndar B eins og hún er hugsuð eða allavega eins og hún kemur mér fyrir sjónir. Við höfum nokkuð rætt í nefndinni okkar hvort að það eigi að viðhalda þessu þingræðisfyrirkomulagi sem að sem sagt þýðir, þannig að menn séu með það á hreinu, að ráðherrar og ríkisstjórn sitji í umboði þingsins eða a.m.k. njóti hlutleysis þess. Eða þá hvort að eigi að kjósa framkvæmdavaldið beint. Nú rökin fyrir beinu kjóri framkvæmdavalds eru þá meðal annars að með almennri kosningu forsætisráðherra og eftir atvikum ráðuneytis hans, að þá verði skilin milli valdpáttanna mjög skýr, og þeir hafi stöðugt eftirlit hver með öðrum, þetta er svona checks and balances eins og þetta hét hjá höfundum bandarísku stjórnarskrárinnar. Og þá sé auðveldara að draga ráðherra til pólitískrar ábyrgðar með beinum hætti í kosningum. En rökin gegn þessu eru síðan einna helst samþjöppun valds á einn sterkan leiðtoga það er að segja þennan þjóðkjörna forsætisráðherra og slíkt getur boðið heim hættu á misnotkun valds, spillingu eða geðþóttaákvörðunum. Og það gangi gegn þessum gildum lýðræðis og valddreifingar og sem sagt að það sé ekki samþjöppun valds sem ég var að tala um áðan. Nú, til mótvægis þá yrðum við að hafa einhverjar skilvirkar leiðir til þess að setja af forsætisráðherra sem að myndi glata trausti áður en að kjörtímabili hans lyki. En þingræði, það byggir meðal annars á ósk um samstöðu frekar en svona andstöðu þ.e.a.s. það er verið að leitast þá við að minnka átökin milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds sem að geta orðið mikil í kerfi þar sem að framkvæmdavaldið er kosið beint. Og það má benda á að þessi samþætting valdpáttanna sé ekki alltaf af hinu slæma. Og við þurfum að líta sem sagt til þess hver er hinn raunverulegi vandi sem við erum að reyna að leysa. Nú, það er ýmislegt í því hvernig kerfið hefur þróast hér á landi sem að hérna, hefur ýft upp og ýkt átök á milli stjórnarandstöðu annars vegar og meirihluta þings og ríkisstjórnar hins vegar. Og þá er ábyrgðin á köflum óljós vegna þessa samkrulls valdpáttanna sem við búum við. Og svo er þessi óskýra staða forsetans sem að bætir ekki úr skák. Þannig að spurningin er hvort það megi ekki gera margar smærri breytingar innan þingræðisfyrirkomulagsins sem að getur breytt þessu jafnvægi til betri vegar og styrkt þingið sem er

orðið veikt og koma þá í veg fyrir þessa möguleika á misbeitingu valds og ofríki meirihlutans.

Nú um þingræðið. Á Íslandi er þingræðið ekki orðað berum orðum í stjórnarskránni. Fyrsta grein íslensku stjórnarskrárinnar er svohljóðandi: Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn. Og fræðimenn telja að þingræðisregluna megi leiða af þessu orðalagi, þingbundinni stjórn. En það verður að hafa í huga að forseta er talið heimilt að skipa utanþingsstjórnir eins og Þorvaldur minnti á hérna áðan og það kemur hvergi skýrt fram að þær þurfa að víkja ef að Alþingi samþykkir vantraust á þær. Og það skilyrði er einmitt skilgreining á þingræði. Um þetta er því viss stjórnskipuleg óvissa.

Nú, þingræði er eitt af því sem var skýrt í dönsku stjórnarskránni þegar að hún var endurskoðuð árið 1953 en sambærileg breyting var aldrei gerð á þessari, á þeirri íslensku. Og þingræðisreglan hún kemur fram í 15. gr dönsku stjórnarskrárinnar og er svona í lauslegri þýðingu: Enginn ráðherra getur setið áfram í embætti eftir að þjóðþingið hefur vottað honum vantraust. Nú, Stjórnlaganefnd leggur til í sínum dæmum að þingræðisreglan komi inn í stjórnarskrána, með ýmsum hætti, og, en þeir gera samt ráð fyrir því að forseti hafi áfram þetta persónulega vald til að skipa ráðherra, bara þeir, leggja í raun og veru, Stjórnlaganefnd leggur í raun og veru ekki til sérstaka breytingu á fyrirkomulagi stjórnarmyndunar en það gerir aftur á móti nefnd B. En, Stjórnlaganefndin gerir samt ráð fyrir því að forseta verði gert skylt, eða allavega í öðrum valkosti sínum, að forseta verði gert skylt að ganga úr skugga um það að meirihluti Alþingis sé ekki andvígur ríkisstjórninni áður en hún er mynduð. Nú, öll Norðurlönd og flest Evrópulönd eru þingræðisríki en Frakkland er reyndar síðan markverð undantekning. Þá kem ég að stjórnarmyndun, og í Danmörku og Noregi og svo hér á Íslandi að þá hefur stjórnarmyndun farið fram með formlegum atbeina þjóðhöfðingjans. Stjórn-málaleiðtogum er falið stjórnarmyndunarumboð hverjum á fætur öðrum uns það tekst að mynda stjórn. En eins og áður sagði er óljóst samkvæmt íslensku stjórnarskránni hvaða skilyrði ný stjórn þarf að uppfylla um stuðning þingsins. Í reynd verður stjórn að minnsta kosti að koma fjárlögum í gegnum þingið að öðrum kosti er hún óstarfhæf. Og þetta þarf að hafa í huga, hvaða fyrirkomulag sem menn setja á, ef þeir ætla að hafa utanþingsstjórn sem að ætti að sitja svona ja, ekki beinlínis sem, í skjóli meirihluta á þingi hvernig á hún að koma fjárlögum í gegn til dæmis. En Danmörk, Noregur og Ísland eru fremur í hópi undantekninga með sitt fyrirkomulag. Það er mun algengara í þingræðisríkjum að þingið kjósi æðsta handhafa framkvæmdavaldsins þ.e.a.s. forsætisráðherra og hann skipi síðan ráðherra. Það er mismunandi hver stýrir þessu stjórnarmyndunarferli innan þingsins. Það er stundum þingforseti, það er stundum þjóðkjörinn þjóðhöfðingi og það er stundum þingkjörinn þjóðhöfðingi eins og í Þýskalandi. En í Svíþjóð þar fer stjórnarmyndun fram án atbeina þjóðhöfðingjans, þ.e.a.s. konungsins. Þingið kys forsætisráðherra í allt að fjórum umferðum að tillögu þingforseta hverju sinni. Takist ekki að fá stuðning meirihlutans er þingið rofið og kosið að nýju. Þannig að menn hafa fjórar tilraunir, ef það tekst ekki þá er bara einfaldlega kosið aftur, þannig að það er ákveðinn þrýstingur á þingið að ljúka þessu. Í Þýskalandi þá er svipað fyrirkomulag, þar er

það forsetinn eða Bundespräsident sem er kjörinn af Bundesversammlung sem að er þingið og fulltrúar sambandslandanna sem að gerir tillögur til þingsins um kanslara. Og það er reynt, í Þýskalandi er reynt tvisvar sinnum að ná meirihluta í kosningu kanslara með allt að tveggja vikna millibila og ef það tekst ekki þá er á ný, eða í þriðja sinn gengið til kosninga og sá sem flest atkvæði hlýtur verður þá kanslari. Þá er ekki lengur skilyrði um meirihluta heldur bara sá sem felst atkvæði fær. 110.12 í myndbandi - 111.19 í hljóðskrá. Nú, í finnsku stjórnarskránni þá er stjórnarmyndunar-ákvæði mjög líkt og þetta ákvæði sem er í þeirri þýsku. Það er með sama hætti gerðar tvær atrennur að því að ná meirihluta og ef ekki þá er kosið í þriðja sinn. En síðan er ríkisstjórn sem er mynduð á þennan hátt og hugsanlega ekki með meirihluta hún verður auðvitað að geta varist vantrausti eins og aðrar ríkisstjórnir, þannig að ef að hún, þá er hún bara ekki á vetur setjandi, þingið, ef að þinginu líkar ekki ríkisstjórnin þá getur þingið sett hana síðan af og þá verður að bregðast við því.

Nú, þá komum að vantrausti, og það er sem sagt ekkert ákvæði í íslensku stjórnarskránni í dag um vantraust á sitjandi ríkisstjórn eða ráðherra. Og það er aftur á móti að finna í öllum helstu þingræðisstjórnarskrám og þar á meðal stjórnarskrám Norðurlanda. Þetta er frekar fágætt að þetta sé ekki í stjórnarskrá, neitt sérstakt ákvæði um vantraust. En það er athyglisvert að þýska og spænska og ungverska stjórnarskráin og reyndar einhverjar fleiri sem mér tókst nú ekki að grafa upp, eru ákvæði um svokallað jákvætt vantraust. Það er þetta með að í tillögu um vantraust á ríkisstjórn þá verður að koma fram, eða hún verður að fela í sér kjör nýs forsætisráðherra í stað þess sem verið er að setja af. Og kostirnir við þetta eru að tillögur um vantraust, þær verða miklu ábyrgari heldur en ella og ný stjórn liggur fyrir áður en vantraustið er lagt fram. Það þýðir að fyrri stjórn þarf ekki að sitja sem starfsstjórn á óvissutíma á meðan að ný stjórn er mynduð. Nú, þá kem ég að tillögu nefndar B og hún er byggð á þýskri og einkum sænskri fyrirmynd, þar sem stjórnarmyndun fer fram í þinginu undir stjórn þingforseta. Með því móti þá verður stjórnarmyndunarferlið óháð persónulegu mati eða geðþótta þjóðhöfðingja. Á hinn bóginn þá kemst þjóðhöfðinginn líka hjá því að flækjast í viðkvæma pólitík að óþörfu. Nú samkvæmt þingræðisreglu þá ber þingið ábyrgð á ríkisstjórninni sem að situr í skjóli þess og æskilegt er að þetta sé formgert með skýrum hætti, þannig að þingið kjósi forsætisráðherrann á sínum vettvangi. Og við í tillögunni, þá felum við þingforseta það hlutverk að gera tillögu um forsætisráðherra eftir samráð við þingflokka og alþingismenn sem að kunna að standa utan flokka. Og reynt verður fjórum sinnum að ná fram meirihlutastuðningi við tillögur þingforsetans um forsætisráðherra, en takist það ekki verður kosið til þings að nýju. Verður að ætla að sú tilhögun skapi sterkan hvata fyrir þingið að koma sér saman um forsætisráðherra. Þegar forsætisráðherra síðan hefur verið kosinn, ákveður hann skipan ráðuneyta og fjölda ráðherra og skiptir störfum með þeim. Hann tilnefnir ríkisstjórn sína og tilkynnir forseta Alþingis um hana.

Forseti Alþingis skipar forsætisráðherra fyrir hönd þingsins og veitir honum lausn en forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn. Og það verð-

ur að leggja áherslu á það að með þessu fyrirkomulagi þá er pólitísk ábyrgð skýr og milliliðalaus. Þingið ber ábyrgð á forsætisráðherranum eins og vera ber í þingræðisfyrirkomulagi og forsætisráðherra ber ábyrgð á öðrum ráðherrum. Standi ráðherra sig ekki í stykkinu þá er það forsætisráðherra að veita honum lausn og skipa annan í hans stað. En geri forsætisráðherra það ekki þá getur þingið samþykkt vantraust á ráðherrann og ber forsætisráðherra þá að veita honum lausn. Einnig getur þingið vitaskuld samþykkt vantraust á forsætisráðherrann og þar með alla ríkisstjórn hans en þá þarf að tilnefna eftirmann hans í leiðinni eins og ég sagði áðan. Nú með tillögu nefndar B þá hefur forseti lýðveldisins ekki lengur aðkomu að stjórnarmyndunarferlinu, hvorki formlega né efnislega. Með því er skýrt að ráðherrarnir eru á ábyrgð þingsins en ekki forsetans, eins og mætti lesa ef maður les íslensku stjórnarskrána í dag bókstaflega. Þetta þýðir jafnframt að unnt er að gera meiri kröfu til stjórnmalaflokka fyrir kosningar um að gefa upp afstöðu til stjórnarmyndunar eftir kosningar eins og Gísli Tryggvason minntist á hérna áðan. Þannig að það má vænta þess að valkostir almennings fyrir kosningar verði skýrari að þessu leyti. Nú taka ber fram að það er engin skylda til þess fyrir forsætisráðherra eða aðra ráðherra að þeir komi úr hópi þingmanna. Það er samkvæmt þessu kerfi áfram alveg opið fyrir það að þeir geta verið utanþingsmenn.

Nú, aðeins þá um tímálinuna í þessu. Kosningar ær fara allajafna fram á laugardögum og það er gert ráð fyrir því að nýtt Alþingi komi saman innan tveggja vikna frá kosningum. Könnun á lögmati kosninga og útgáfa kjörbréfa getur átt sér stað áður en Alþingi kemur saman, á grundvelli tillögu nefndar C um að dómstólar kanni lögmati kosninga en ekki kjörbréfanefnd Alþingis eins og núna er. Þannig að fyrsta verk nýs Alþingis er að láta réttkjörna þingmenn vinna heit að stjórnarskránni eins og við vorum að tala um áðan. Að því loknu fer fram kosning forseta með $\frac{2}{3}$ atkvæða, það er tillaga sem að nefnd B lagði hér fram fyrir 2-3 vikum síðan. Nú, það er erfitt að spá fyrir um hversu langan tíma það ferli tekur en það má búast við að það sé að einhverju leyti undirbúið fyrirfram. En við leggjum á þetta töluverða áherslu að þingforseti njóti viðtæks stuðnings í þinginu og leggjum eiginlega þinginu þá skyldu á herðar að koma sér saman um hann sem er ákveðið svona, lýðræðisleg áskorun en vonandi rís það undir því. Og starfsaldursforseti stýrir þingi uns þingforseti hefur verið kosinn, það er nú samkvæmt núverandi þingskaparlögum. Þingforseti vikur síðan frá almennum þingstörfum þegar hann hefur verið kjörinn, hann missir atkvæðisrétt og það kemur varamaður inn á þing í hans eða hennar stað. Nú að lokinni kosningu þingforseta þá hefst stjórnarmyndun formlega, samkvæmt því sem að er lýst í tillögu nefndar B. Þingforseti hefur óskilgreindan tíma til þess að undirbúa tillögur sínar en þegar þær hafa verið lagðar fram hefur þingið allt að 4 daga til að kjósa um þær. Hlutverk þingsforseta í þessu er að vera verkstjóri og málamiðlari en hann hefur ekki endilega neina efnislega aðkomu að stjórnarmynduninni að öðru leyti. Hann er ekki sjálfur með atkvæðisrétt og hann er ekki sjálfur væntanlegur þátttakandi sem slíkur í þingmeirihluta eða í ríkisstjórn. Hin eiginlega stjórnarmyndun verður eftir sem áður viðfangsefni þingflokka og forvígismanna þeirra sem munu eiga

viðræður sín á milli til að leita samkomulags um meirihluta og stjórnarsáttmála og skipan ríkisstjórnar. Þegar að slíkt samkomulag liggur fyrir þá er óskað eftir því við þingforseta og hann á kannski auðvitað aðild að því á lokametrum, að leggja fram formlega tillögu um forsætisráðherra sem að síðan eru greidd atkvæði um. Ef tillögum þingforseta um forsætisráðherra er svo ítrekað hafnað og ekki hefur tekist að mynda meirihluta eftir 4 umferðir þá lýkur stjórnarmyndunartilraunum og það er boðað til nýrra kosninga. Nú, það er, við teljum ekki ástæðu til að óttast að þetta ferli taki svo langan tíma að það horfi til vandræða. Það verður að hafa í huga að stjórnarmyndum með núverandi fyrirkomulagi hefur, getur reyndar hafist áður en þing kemur saman og það gæti það svo sem gert í nýju fyrirkomulagi líka. En reynslan sýnir að þessi stjórnarmyndun hefur getað tekið allt upp í 8 til 10 vikur og Gísli var nú hér áðan með statistik um það. Nú í því fyrirkomulagi sem að hér er lýst, að þá geta náttúrliga þreifingar auðvitað hafist með óformlegum hætti strax að loknum, þegar úrslit liggja fyrir þó að formlegt ferli hefjist ekki fyrr en síðar. En síðan erum við að gera ráð fyrir því að það verði aukinn sveigjanleiki við myndun ríkisstjórnar og forsætisráðherra geti ákveðið skipan ráðuneyta og verkaskiptingu þeirra á milli eftir því sem best er talið henta sem nýr yfirmaður framkvæmdavaldsins. Og það, við erum að reikna með því að það verði gætt hófs í þessu, í breytingum milli ríkisstjórna þannig að stjórnsýslan eigi nú ekki að þurfa að raskast að ráði við þetta enda er það ekki hagur neins og ekki heldur nýs forsætisráðherra. Og svo loks þá erum við að leggja til að fyrirkomulag vantrausts verði jákvætt, eða uppbyggilegt eins og ég lýsti áðan og með því fyrirkomulagi þá þarf ekki ákvæði um starfsstjórn vegna vantraust.

Nú, ég hef sem sagt hér farið nokkuð ítarlega yfir þetta og vona að þið virðið það við mig en þetta er ákveðin samhangandi hugmyndafræði sem þarna er um að ræða, tengist við aðrar hugmyndir nefndar B. Við erum að reyna eins og ég sagði í upphafi að svara þeim gildum og markmiðum sem menn kynnu að vilja stefna að með beinu kjöri framkvæmdavaldsins einnig, í þessari tillögu. Við teljum hana skýra og til bóta, hún skerpi og skýri það hvernig vald og ábyrgð hangir saman. Hún gerir þetta ferli gagnsærra og þetta er allt í línu við það sem við viljum ná fram í nýrri stjórnarskrá. Takk fyrir.

SN

Takk. Þá gef ég Eiríki Bergmann Einarssyni orðið. Gjörðu svo vel.

EBE

Formaður, kærur félagar. Ég ákvað að koma hérna upp líka, til þess að fara svona aðeins yfir þetta svið. Ég ætla nú ekki að endurtaka endilega það sem að Vilhjálmur sagði þannig að ég ætla að vona að ég geti gert þetta, haft þetta bara samt sem áður stutt en mig langaði til þess að útskýra ögn samhengið sem að þessar tvær tillögur eru í. Þetta eru sem sé tillögur 28 og 29, af samhangandi pakka tillagna, sem sé 29 tillagna, sem að hafa það flestar að markmiði að skilja valdþættina sem best í sundur og efla stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdavaldinu. Þetta er það markmið sem við lögðum upp með í nefndinni. Það fór töluverður tími

í starfi nefndarinnar í upphafi að ræða það hvort að menn vildu hér stefna að áframhaldandi þingræði eða þá að kjósa ríkisstjórn beinni kosningu og losa þingið þar með við ríkisstjórnina með því móti og ég er einn af þeim sem kallaði eftir svona prinsippumræðu um það mál, á þeim tíma. En niðurstaðan í nefndinni var sú að við skyldum reyna og sjá hvort að hægt væri að ná fram þeim markmiðum sem að menn vildu, ná fram með því að kjósa ríkisstjórn beinni kosningu innan þingræðisfyrirkomulagsins. Og að því höfum við unnið allar götur síðan og má segja að þessar tvær tillögur reki smíðshöggjöð á það verk. Og eins og ég hef hér lýst áður og eins og ég lýsti fyrir kosningarnar á sínum tíma að þá hef verið fylgjandi því að ríkisstjórn sé kjörin beinni kosningu eins og Vilhjálmur lýsti sjálfur að hann hafði lagt upp með í kosningabaráttunni svokölluðu. En báðir stöndum við nú hér og flytjum tillögur B-nefndar, sem að felur í sér áframhaldandi þingræði. En það er að því gefnu auðvitað, að það takist að skilja í burtu milli valdþáttanna innan þingræðisfyrirkomulagsins. Og ég fyrir mitt leyti, er orðinn sannfærður um að þetta sé nægjanlega góð leið og ásættanleg. Að það sé hægt að ná fram þessum markmiðum með þessum 29 greinum innan þingræðisins. Þessar 2 greinar sem hér eru núna til umfjöllunar, 28. og 29. greinin er í sjálfu sér engin grundvallarbreyting. Þetta er auðvitað í reynd það sem að gerist í sjálfu sér, fyrir utan hinn formlega feril sem að stjórnarmyndunarumboðið setur þetta í, en það sem að við teljum mjög brýnt og eiginlega forsendu fyrir því að okkar tillögur gangi upp, er að flytja stjórnarmyndunina inn í þingið og gera ríkisstjórnina þá með beinum hætti ábyrga gagnvart þinginu. Að hún sitji þá sannarlega í skjóli og umboði Alþingis og það sé Alþingi sem að kjósi ríkisstjórnina og það sé Alþingi sem að geti veitt henni lausn. Eins og Vilhjálmur nefndi, að þá er þetta nú vanalega svona í þingræðisríkjum og okkar tillögur miða að því. Og við setjum inn þetta fyrirkomulag um jákvætt vantraust, að stjórnarandstaðan vilji hún leggja fram vantrauststillögu, að þá komi hún sér fyrst saman um forsætisráðherra, og þvingum þannig fram ákveðna ábyrgð í því máli. Nú, ég ætla svosem ekki að hafa þetta lengra nema kannski að nefna það, að þetta er auðvitað rétt hjá Þorvaldi, þegar hann nefnir þetta með utanþingsmöguleikann. Og það er hugsanlega eitthvað sem að við þyrftum að gæta að og skrifa inn í þessa tillögu. En það er hins vegar auðvitað forsenda tillögunnar að þetta sé þingið sjálft sem að leysi úr þessu máli en það er hugsanlegt að setja inn ákvæði um að takist því það ekki, að þá komi til kasta annarra að mynda hér utanþingsstjórn. En ég læt þetta duga í bili. Takk fyrir.

SN

Takk. Þá er það Ómar Ragnarsson, gjörðu svo vel.

ÓR

Formaður, gott ráðsfólk og aðrir sem á mig hlýða og sjá. Ég er mjög fylgjandi þeirri leið sem, þingræðisleið, sem B-nefndin leggur til þótt ég hafi upphaflega komið hingað inn mjög með opinn huga fyrir því að taka hér upp forsetaræði. Ég tel að það sé ekki tími til neinna slíkra breytinga og við eigum að keyra áfram á þetta.

Viðreisnarstjórnin hafði þá sérstöðu á Íslandi að í allan tímamann sem hún sat, þá vissi fólk hvað það var

að kjósa. Alltaf hefur hins vegar verið sá plagsiður hér að menn segjast ganga óbundnir til kosninga, og einstakir kjósendur eru að benda á það að þeir séu alltaf að kjósa sama flokkinn þó þeir kjósi hann aldrei, af því hann er alltaf í ríkisstjórn með hinum og þessum. Ég tel að tillögurnar auki veg Alþingis og færi ábyrgðina til þess. En þá kem ég að því sem Þorvaldur var benda á og ég vildi benda á líka og taka undir, að við íslenskrar ástæður, kannski er það vegna fámennisins, ég veit það ekki, eða flokkakerfisins, þá hefur tekið oft mjög langan tíma að mynda ríkisstjórnar. Og ég efast um að þessi mikli hraði, sem að hér er lagður til, 4 dagar, það sé raunhæft á Íslandi. Ég held að vísu að smám saman muni myndast sú pressa á Alþingi að það muni ganga, því muni ganga betur, en við getum ekki útilokað að hér komi upp ástand eins og 1942, 1947, 1949-50, 1978. Að þetta tekur mun lengri tíma. Það þyrfti því allaveganna að lengja þessa fresti, hámarksfresti. Og nú kem ég aftur að því hvað gerist ef að Alþingi er algjörlega fyrirmunað að mynda ríkisstjórn. Það voru stríðstímar hérna 1942, og samt var ekki hægt að mynda ríkisstjórn og það var nýkjörið þing. Og þetta var vegna trúnaðarþrests á milli tveggja höfuðforingja í íslenskum stjórnámálum. Og þarna liðu 2 ár þangað til hægt var að finna lausn. Þarna kom inn öryggisventillinn sem þá var ríkisstjóri sem seinna varð forseti Íslands. Þess vegna held ég að það sé hægt að fara þá leið, og það er ákkúrat það sem ég hef verið að benda á og áreiðanlega fleiri, að forseti Íslands getur verið eftirlitsaðili og öryggisventill. Hann getur líka verið öryggisventill þarna. Og þetta gæti hljóðað einhvern veginn svona: Hafi tillögum þingforseta verið hafnað 4 sinnum, þá getur hann annaðhvort rofið þing og boðað til kosninga eða falið forseta Íslands að mynda utanþingsstjórn. Þá fer forsetinn í það mál, hefur væntanlega fylgst vel með. Hann er öryggisventill og þá komum við að hinu, hvað ef þessi utanþingsstjórn nýtur ekki trausts Alþingis. Þeir voru nógu vitrir 1942-44 og skömmuðust sín það mikið, bæði Hermann Jónasson og Ólafur Thors fyrir það að Alþingi setti svona niður, að þeir höfðu vit á því að hrófla ekkert við þessari utanþingsstjórn. Hún sat bara þegiandi og hljóðalaust þangað til Ólafi tókst að finna lausnina. En hann þyrfti næstum því 2 ár til þess, og við getum ekki útilokað þann möguleika að sú klemma komi upp í íslenskum stjórnvöldum, að það þurfi lengri tíma heldur en nokkrar vikur. Við vonum að það gerist aldrei, en við verðum að vera viðbúin því. Og þá get ég verið einhvern veginn svona: Nú samþykkir Alþingi vantraust á utanþingsstjórnina, segjum að það gerist, og er forseta því aðeins skylt að veita henni lausn frá störfum, ef Alþingi samþykkir tillögu um annan forsætisráðherra. Þá er málið aftur komið í fyrri fasann. Hlutverki forseta Íslands sem öryggisventils og fulltrúi þjóðarinnar, sem er þjóðkjörinn, því lýkur þarna í undantekningartilfelli, sem að yrði líkt því sem varð í ástandinu 1942 til 1944.

SN

Takk. Ástrós Gunnlaugsdóttir.

ÁG

Já, ágætu fulltrúar. Ég er með smá athugasemd við þessar annars finu tillögu þessarar B-nefndar sem ég sit nú í. Þessi tíðrædda valdasamþjöppun finnst mér

orðin mjög mikil hjá forsætisráðherra, þó við séum vissulega að skilja á milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds, þá hefur forsætisráðherrann það vald að skipa aðra ráðherra og veita þeim lausn. Hann skipar þá sína ríkisstjórn. Ef ég má leggja mér orð Katrínar Oddsdóttur í munn og segjum að forsætisráðherrann snappi, og ákveði að skipa veiðiklúbbinn sinn í ríkisstjórn, þá vissulega getur Alþingi samþykkt vantraust á ríkisstjórnina, en mér finnst þínu skrítið að maður geti rekið einhvern beint sem maður tekur ekki beinan þátt í að ráða, í vinnu. Þannig að ég geri smá athugasemd við það, ég myndi vilja að þegar forsætisráðherra væri búinn að skipa sína ríkisstjórn að hún væri háð samþykki Alþingis. Takk.

SN
Þórhildur Þorleifsdóttir.

ÞÞ
Já, ráðsmenn og ráðskonur og áheyrendur. Þetta er kannski sú grein sem ég hef, af þeim sem við höfum fjallað um í dag, sem ég hef hvað mestar athugasemdir við. Mér finnst hún nefnilega vera einhvers konar sambland af tveimur leiðum. Mér finnst hún bera keim af því að framkvæmdavald sé kjörið beint, og þingræðisleiðinni. En ég ætla fyrst að staldra hérna við 1. málgreinina hér í greininni, þegar skipa skal forsætisráðherra leggur forseti Alþingis fram tillögu eftir samráð við þingflokk og alþingismenn. Þingið greiðir atkvæði o.s.fr.v.

Sko, ég hef lítið svo á að það væri, eða það er mín skoðun, að sé fullkomlega óraunsað að ætla það, að það náist samstaða um kosningu forseta Alþingis. Ef við ætlum að gera þessa breytingu að til þurfi 2/3 hluta þingmanna, að þá held ég að það sé borin von að það gerist áður en búíð er að mynda stjórn. Það horfir allt öðruvísi við þegar að, sko kosning forseta þingsins er nánast formsatriði vegna þess að meirihlutinn bara setur fram sinn kandidat og meirihlutinn kýs hann. Nú þarf miklu, nú verður þetta erfiðara og það þarf að leita örugglega samstarfs og samþykkis þingsins, þannig að ég held að, mér vera, mér finnst þetta bara vera óraunsað eins og þetta er sett fram. Þess vegna hef ég nú bara viljað að það væri orðað þannig að aldursforseti eða sá sem er lengsta starfsreynslu hafi, hefði þetta hlutverk með höndum. Eða a.m.k. væri gert ráð fyrir þeim möguleika í þessari grein að svo yrði vegna þess að mér segir svo hugur um að það yrði oftast raunin. Það er nú svona freistandi að fara aðeins í forsetaumræðuna hérna, varðandi að það sé búíð að reita af honum allar fjaðrir, ég ætla nú ekki að taka hana. Það er ætlast til þess að hún sé tekin sér, en fólk hefur nú aðeins komið inn á þetta. Þarna er önnur fjöður af tveimur farin, þ.e.a.s. málskotsrétturinn og stjórnarmyndunarrétturinn. Og ég held að við verðum bara að vera samkvæm sjálfum okkur í því hvort við ætlum að hafa forseta sem er án valds, en vonandi hefur virðingu, og hins sem að hefur vald. Og ég hef ekkert miklar áhyggjur af því að vorkenna slíkum forseta sem væri án þessara tveggja fjaðra. Það hefur ekki reynt á málskotsréttinn alvarlega fyrr en núna, þ.e.a.s.??? á síðustu áratugum, fyrr en núna, upp á síðkastið, en ágætir menn og konur hafa sóst eftir þessu embætti engu síður, án þess að þeir hafi ætla að gera það að pólitískum vettvangi. Þeir buðu sig ekki fram

í þeim tilgangi og tóku sér ekki þann rétt, þannig að mér finnst óþarfi að tala allt í einu eins og þarna væri bara eitthvað svona hálfgera aumingjaembætti. Þeir til dæmis tveir þjóðhöfðingjar, Kristján Eldjárn og Vigdís sýndu aldrei neina pólitíska tilburði en nutu mikillar virðingar og vinsælda í landinu. Jæja, en ég ætlaði ekki að tala um forsetann og hætti því. En á eflaust eftir að koma að því einhvern tíma seinna. Ég hafði þínulítið sko sömu, var eitthvað að hugsa svipað eins og Þorvaldur Gylfason kom svo og gerði miklu betur. Ég var nú, þ.e.a.s. ég var ekki að hugsa um, endilega um utanþingsstjórn heldur einmitt þetta, ef að þarf að ganga í gegnum þetta fjórum sinnum, en ég gera tillögu að því að kjósa forsætisráðherra, hvað gerðist þá? Það finnst mér einhvern veginn að sé of einfalt að þá sé bara kosið upp á nýtt, mér finnst eitthvað þurfa að hugsa þetta betur, ég hef nú ekki komist lengra heldur en það að bara spyrja, hvað gerist þá? Er engin önnur leið heldur en nýjar kosningar frá byrjun? Það yrði þá kannski kosningar bara, það væri boðað til kosninga þarna innan nokkurra vikna frá síðustu kosningu.

Ég segi eins og Ástrós, mér finnst þessi leið, að eftir að forsætisráðherra hefur verið kjörinn, að þá skipi hann eða hún ráðuneyti og ákveði ráðherra og tölu og skipti störfum og já, og tilnefni ríkisstjórnir eins og allt segir hérna, og tilkynnir hana forseta Alþingis. Mér finnst þetta ekki í samræmi við sko þingræðisreglu. Mér finnst að ríkisstjórnin öll eigi að sitja í umboði kjörinna þingmanna og þannig sé samband almennings við, og ábyrgð almennings, á ríkisstjórn tryggð. Og mér finnst akkúrat þessi liður bera keim af því að það sé verið að reyna einhvern veginn að friðþægja fyrir, vegna þess að lítil stemning hefur verið fyrir því að kjósa framkvæmdavaldið beint eins og ég sagði áðan. Mér finnst þetta vera einhvers konar sambland. Ég veit að nú verður mér svarað á þá leið að þetta sé gert annars staðar, en það breytir ekkert minni skoðun á því, að mér finnst þetta vera viss tvískinnungur. Og, ég hef ekkert um vantrauststillöguna að, engar athugasemdir við hana. Mér finnst þetta ágæt viðbót og mér finnst hvað mest, hvað mestu munar þá, eða mest munar um tillögu um eftirmann því að við vitum það að vantrauststillögur eru oft sýndarmennska og ekki mikil alvara á bakvið. En ef að virkilega þarf að taka umræðu, hver ætti þá að taka við. Það verða menn að vera ábyrgari í því að hefja vantrauststillögur, hvort sem er á ríkisstjórn eða einstaka ráðherra. Þannig að mér finnst þessi, auðvitað þessi grein, til bóta og ekki síst þessi liður hennar. Og þar með þakka ég fyrir mig.

SN
Þá er næstur á mælendaskrá Erlingur Sigurðarson.

ES
Formaður, góðir ráðsmenn og ráðskonur og þið sem að hér eruð í salnum og heima sitjið. Þetta er best að horfa til Þjóðfundar og skilaboða hans. Meðal öruggustu skilaboða og nákvæmstu frá honum var það að aðskilnaður framkvæmdavalds og löggjafarvalds, þetta samkrull yrði ekki fyrir hendi framfar. Ef við bregðumst svona við, þá erum við að ganga þvert gegn þessu. Þetta er verið að blanda blóðböndum, innsigla þau blóðbönd á löggjafarvaldið og framkvæmdavaldið, og innsigla allt plottið í mynduninni. Ég veit ekki hvernig menn geta sagt þetta vera komnir á það sem kemur

næst því að kjósa framkvæmdavaldið, þetta er fjarri því. Nú, ráðherrar áttu ekki að sitja á þingi, það var skilaboð frá Þjóðfundum líka. Og ég hef verið þess sinnis líka. Og ég verð að játa það að ég væri ábyggilega einn af þeim fáu, sem að ef að yrði skoðanakönnun, svo marktækar sem þær eru, hefði svarað já við forsetaræðisurningunni sem var þó erfið og óafmörkuð. En hins vegar var ég búinn að meta það svo hér fyrr í haust, reyndar í vor var það nú, það er ekki að furða þó að maður segi haust á vordegi núna eins og bæði árar í náttúrunni og hér, núna, í dag, að þá er ekki horfur á að þetta gangi eftir. Forseti, forsetaembættið fékk stuðning á Þjóðfundum og menn vildu frekar efla það heldur en hitt. Og þá er komið að því hvað felst í þeirri tillögu. Hún er óskaplega vond að minni hyggju en þó verð ég að spyrja mig þegar að félagar mínir í nefndinni, hið vænsta fólk, og sem ég hef átt gott samstarf við og skemmtilegt. Þegar að þau koma hér hvert af öðru með Þórhildi sem undantekningu frá því, og mæra þessa tillögu. Það hefur eitthvað gerst, ég hlýt að hafa dottið á höfuðið.

Í fyrsta lagi, eftir kosningar, við kosningar áður en þing kemur saman innan hálfmánaðar, er forsetaembætti Alþingis ekki til. Aldursforseti á að gegna störfum þess en Alþingi hefur ekki komið saman heldur, fyrsta hálfmánuðinn. Það þarf að vera stjórnarmyndunarumboð, sá sem felur stjórnarmyndunarumboð þarf að vera í embætti fyrir kosningar ekki hluti af kosningunum eða útkomu þeirra. Nú við höfum samþykkt að forsetaembættið, Alþingis skuli, hann skuli kosinn með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, á grundvelli, og rökstutt það með því að það væri breidd, hann fengi aukna vikt og virðingu - grand old lady eða grand old man. En það er something is rotten in the state of Denmark eða öllu heldur fyrrverandi nýlendu. Þannig er það með þetta, að stjórnarmyndunina, henni verður ekki stýrt með formúlu úr stjórnarskrá, nákvæmlega. Allra síst ef þeir eru ekki fyrir hendi sem eiga að stjórna. Það passar ekki að löglega plottið, menn fara á stað sem sagði, Eiríkur og, eða þeir, það getur hafa verið Villhjálmur, fyrirgefið þið, annað hvor. Og verða búnir að mynda stjórnina, kannski, ef til vill áður en (forseti Alþingis kemur saman. Það getur vel verið, en hvað er það í þessu sem að gerir það að verkum að menn gefa yfirlýsingar, geta gefið, geta vænst þess að vita hver verður forsætisráðherra eftir kosningar, áður en þeir kjósa. Það er ekki neitt, það er ekki neitt í þessu sem þvingar það að þær yfirlýsingar séu klárar. Og þó menn segi það, að það séu meiri líkur á því, þá getur nú brugðist, ég veit ekki hvað það er í þessu sem að gerir það að verkum að það sé klárara umboð. Þannig að þjóðin veit einfaldlega ekki hvaða ríkisstjórn hún fær á kjördegi, á kosninganótt frekar heldur en áður. Nú, það var komið upplausn í franska þjóðfélaginu 1958, þegar að V. lýðveldið var stofnað. Ég hef verið hrifinn af því hvernig þeir leystu það mál, en ýmislegt annað en það í frönskum stjórn máli sem að ekki hefur nú gengið sérstaklega fallega eftir. En þegar að upplausn verður meðal þjóðarinnar og ekki síst meðal alþingismanna eins og verið hefur. Mér finnst það furðu trútt að fá Alþingi þetta, vænta þess að Alþingi bregðist vana sínum og verði samvinnugott í þessum efnunum. Og það er ekki hægt að hafa þingforseta sem að, án embættis, sem hluta af plottinu. Hann verður að vera kominn með vigtina áður. Og þetta dæmi gengur einfaldlega

ekki upp og þetta er ekki til marks um, ef að þingræðið á að birtast í þessari mynd, þá bið ég nú frekar um forsetaræðið, svokallað. Og þá kemur að embætti forseta Íslands. Það er eins og bent hefur verið á. Það er verið að draga síðustu tennurnar úr embættinu með þessu, svona hægt og þegjandi. Ég hafði ekki áttað mig á því að í tillögunni með að forseti þings mætti boða til Alþingis annars staðar, væri þetta sama. Ég hefði gert tillögu um að þings væri þar innan hornklofa ef að ég hefði verið við það. En það er sem sagt, hægt og bitandi verið að gera þetta. Ég held mig við, það má kalla það forsetaræði, en þjóðin getur ekki horft upp á það að þetta fari í hrossakaupgang á Alþingi og að það verði lögleitt, borið fram í stjórnarskrá, sá gangur. Þannig að hver sitji öðrum háður, þannig að það verði samtryggingin alveg á milli, þannig að nú bætast varaþingmenn ráðherra inn í málið líka, þannig að það er orðið ennþá flóknara. Ráðherrar eru í gíslingu þingmanna, varaþingmenn í gíslingu ráðherra og svo má áfram telja. Þetta gengur ekki. Takk fyrir.

SN

Takk fyrir. Það eru 5 aðrir á mælendaskrá undir þessum leið, eins og málið stendur núna. Þannig að ég geri það að tillögu minni að við tökum 15 mínútna hlé.

SN

Þá byrjum við aftur eftir hlé, og Katrín Oddsdóttir hefur orðið. Gjörðu svo vel.

KO

Ég ætla að biðja kollega mína um að koma sér inn í salinn. Sem allra, allra snarast. En ég ætla að byrja á því að þakka nefnd B fyrir þessar kynningar. Þær voru góðar, fannst mér. Gísli, Eiríkur, Villi, stóðuð ykkur vel og Katrín að sjálfsögðu. Þetta er gott af því, ég heyrði fyrst um þessa tillögu í gær, og þá olli hún mér svona, áhyggjum og ég er svona öruggari inni í mér í dag en ég tek nú samt undir ýmislegt af því sem að Erlingur var að tala um, og þetta gæti verið einhver svona, erfitt fyrir að minnsta kosti, almenning að sjá ef að það er ekki mikið samkrull þarna að ræða. Þannig að, og svo er eitt sem ég ætla að fá að tala um sérstaklega, og það eru áhyggjur mínar af þessum tímafaktor. Vegna þess að sko, eins og ég skil þetta rétt, þá er ekkert ákvæði hjá ykkur um það, hversu langan tíma þingið hefur til að ná þessum $\frac{2}{3}$ meirihluta um sinn forseta. Og ef að það er ekki ákveðið, þá skil ég ekki alveg hvenær kikkar inn þessi skylda starfsaldursforseta til að taka málin í sínar hendur. Og þá lýsi ég nú bara eftir einhverjum ramma um þetta, vegna þess að ég þarf einhverja aukna öryggiskennd um að þetta fari ekki bara í eitthvað endalaust sko hjakk, og þetta takist ekki. Af því að ég vil ekkert heldur að þetta sé þannig að það sé kosið bara aftur og aftur og aftur af því að fólk getur ekki komið sér saman almennilega. Þannig að ég, sko, kannski er þetta bara óöryggi um það sem maður ekki þekkir. Mannapinn er nú oft þannig. En ég samt er ennþá svona svolítið skelfd. Svo líka finnst mér þetta mikilvægt sem að Þorvaldur kom inn á með utanþingsstjórn. Við þurfum að halda einhverjum möguleika fyrir þannig, þó ekki nema bara í algerum neyðartilfellum. Þá verður einhvern veginn að vera hægt að bregðast við því að ekki er alltaf kannski hægt að fara eftir þessum aðferðum.

Áð lokum langar mig til að tala um þessa vantraust-tillögu, sem er frábær og löngu tímabær og gott að hún sé svona jákvæð. Það er mjög gott að auka ábyrgð þeirra sem að lýsa yfir vantrausti með því að biðja þau um að koma þá með einhverja aðra tillögu. En ég ætla að fá aðeins að tala um orðalagið á henni. Ég nefnilega hef lært ýmislegt í Stjórnlagaráði. Takk fyrir þessar frábæru vikur sem að liðnar eru. Og eitt af því sem ég lærði er orðið nástaða. Og ég hélt að þetta væri eitthvað svona, væri svona í kistunni, eða eitthvað, nástaða, ég hef aldrei heyrt þetta áður. Þorvaldur kenndi mér þetta, en það er þegar tvö orð eru of nálægt hvort öðru í setningu. Og mér finnst vera mikil nástaða þarna með orðinu tillaga, sem kemur fimm sinnum fram í frekar stuttu ákvæði. Og sérstaklega finnst mér vond setning númer 2 í fyrri málsgrein, þar sem segir: Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um eftirmann hans eða hennar. Og ég held að þið séuð að, gætuð leyst þetta með orðinu tilnefning. Að annars vegar er tilnefning, það er tilnefning um eftirmann, en tillaga um vantraust. Þannig að ég sé að þetta gæti leyst þetta vandamál og aðeins brotið greinina upp orðafarslega. En takk.

SN

Gísli Tryggvason er næstur á mælendaskrá.

GT

Já, formaður, góðir félagar, takk fyrir góðar ábendingar. Mig langar að svara einni og spyrja um annað. Fyrst það sem að Ástrós og Þórhildur véku að. Það er alveg rétt ábending að það er ákveðið misræmi í því að það er forsætisráðherra sem að ræður ráðherra, aðra ráðherra og getur rekið þá, en það er þingið sem getur rekið bæði forsætisráðherra og aðra ráðherra. Það er misræmi sem er svona almennt ekki heppilegt, það er yfirleitt samræmi milli þess sem að ræður og rekur í svona, vinnumarkaðsfræðum allavega. En ég held að þetta sé gott. Ástæðan er sú að með þessu er vald forsætisráðherra vissulega aukið og væntanlega forsætisráðherra þá og leiðtoga hins stjórnarflokksins, eða hinna, ef þetta er samsteypustjórn eins og oft er. En þá er ábyrgð hans líka aukin. Ég hef lengi verið málsvari þess að formenn stjórnarflokka velji ráðherraefni. En í dag er það þannig, og hefur verið í áratugi í flestum stjórnmalaflokkum á Íslandi, að það er þingflokkurinn sem kys, ráðherraefni og þá er held ég minni líkur á að við náum því fram sem að við erum svona óbeint að reyna í B-nefndinni. Að auka líkur á því að menn utan þings setjist í ráðherrastóla. Þannig að þetta er misræmi en þetta er, held ég, meðvitað og gott misræmi, þ.e.a.s. auka völd forsætisráðherra vissulega, en auka ábyrgð hans líka. Ef hann síðan gengur alveg af göflunum þá er vantrauststillaga góð leið til að losna við hann, með þessari vönduðu viðbót, að þá þurfi að liggja fyrir nýtt forsætisráðherraefni, sem margir hafa fagnað. Og það tengist hinni athugasemdinni eða spurningunni. Mér fannst Þorvaldur og Ómar koma með ágætis ábendingu um umorðum og jafnvel íblöndum forseta Íslands í þetta mál. En ég sé ekki alveg fyrir mér hvernig þetta á að gerast ef að utanþingsstjórn er meint eins og ég skil það. Þá erum við að tala um stjórn sem nýtur ekki eiginlega stuðnings þingsins. Við erum ekki bara að tala um ráðherra utan þingliðsins. Hvernig á hún þá eins og Vilhjálmur vék að, hvernig

á hún þá að koma í gegn mikilvægum lögum og þeim einu, svokölluðu lögum, sem að stjórnarskráin áskilur að séu sett á hverju ári, þ.e.a.s. fjárlögum. Hvernig á utanþingsstjórn að koma því í gegn í þingræðisskipulagi, ef að forseti grípur í þennan varnagla sem sumir vilja hafa.

Nú, varðandi áhyggjur Kötu og fleiri um að þetta taka of langan tíma, þá vil ég áréttta það sem ég sagði áðan að starfsaldursforseti er strax fúnkerandi forseti þingsins þangað til hinn er kjörinn og þannig hefur það verið hjá okkur, til dæmis þegar þing var sett 2009, held ég, þá var Jóhanna Sigurðardóttir starfsaldursforseti. Það auðvitað hefði kannski verið óheppilegt að starfsaldursforseti stýri kjöri á sjálfum sér sko, þannig að þá yrði að leysa það ef það kæmi aftur upp. En varðandi tilganginn með þessum breyttu leikreglum þá held ég þvert á það sem að Erlingur sagði, að það er einmitt með því að breyta leikreglunum svona, og ekki meira og ekki heldur ekki minna, að þá sé mjög líklegt, ekki kannski öruggt, frekar en annað, það er mjög líklegt að allir litlir flokkar, kannski ekki nýir en allir svona, varanleg, flokkar sem hafa lifað lengi og eru litlir og ekki öruggir um stjórnarforystu. Þeir verða hreinlega spurðir hvorn, hvað á að segja, leiðtoga stóru flokkanna þeir styðji sem forsætisráðherra. Ef þeir svara ekki, þá munu missa atkvæði held ég þannig að þeir munu ekki oft taka sénsinn á því. Og þeir munu ekki oft gera þau mistök að svíkja slíkar yfirlýsingar. Þetta er reynslan í mörg ár ef ekki áratugi í Svíþjóð og sérstaklega Noregi og Da nmörku þar sem ég hef fylgst svolítið með. Akkúrat þessa dagana er verið að biða eftir að forsætisráðherra Dana boði til kosninga með jafnvel bara þriggja vikna fyrirvara, þegar að honum hentar. En það liggur alveg fyrir hvað flokkarnir sem ekki eru stærstir, muni styðja þannig að það mun liggja fyrir á kosninganóttina hver verður forsætisráðherra. Og þá er þessi formalismi sem við erum að setja upp með fjórum rúntum, þá er það auðvitað mikilvægt form en ekki, það er ekki óvissa í marga daga eða vikur ef að kosningaúrslit eru sæmilega skýr. Þannig að mig langar fyrst og fremst að spurja Ómar og Þorvald: Hvernig kemur eiginleg utanþingsstjórn í þingræðisríki í gegn mikilvægum lögum og fjárlögum. Takk.

SN

Pawel Bartoszek er næstur á mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

PB

Já, kærur vinir. Mér list svona að undirstöðu til þrýðilega á þessar tillögur, þ.e.a.s. að færa þingi það formlega vald að kjósa forsætisráðherra. Og þær athugasemdir sem ég geri er svona fyrst og fremst svona tæknilegs eðlis. En ég er að velta því fyrir mér auðvitað, eins og margir aðrir að, sko við getum auðvitað lent í því að þegar að búíð er að setja þessar grunnreglur um það að forseti þingsins er kosinn með auknum meirihluta, þá verður það kannski að einhverjum leyti hluti af leiknum og við getum til dæmis ímyndað okkur scenario þar sem einhver, þar sem er kannski ákveðið upplausnarástand og einhverjir öfgaflokkar ná miklu fylgi. Aðrir flokkar þurfa þá að reyna að vernda ríkisstjórn saman, en segjum síðan að þessi aldursforseti komi úr hópi einhvers svona öfgaflokks, eða flokks sem hefur ekki beinlínis hag af því að ríkisstjórn sé mynduð í landinu. Þá hefur

hann þarna völd til þess að leggja, gera fram tillögur í samræmi við þingflokka, sem þýðir náttúrulega bara ekki neitt, um einhverja menn og hann getur bara lagt fram einhverjar vondar tillögur og svo eru þær felldar allar og þá kannski er boðað til kosninga. Auðvitað er það ekkert endilega sko mönnum til frádráttar. En sumir flokkar geta beinlínis haft hag af því að skapa upplausnarástand í landinu, og þetta finnst mér ákveðið vandamál. Í rauninni held ég að væri hægt svona í grundvallar? 170.48 að fella burt þessa 28. tillögu og láta einfaldlega þetta allt að virka á grundvelli vantrausts, þ.e.a.s. nýr þingmeirihluti mundi þá alltaf bera vantraust á þá ríkisstjórn sem sat áður, og um leið tilnefna eftirmann hennar og það myndi þá ekki hafa í för með sér þessi vandamál með þingforseta. Þannig að það er svona megintillagan en ég held það sé ágætt að ef við ákveðum að fara þessa leið að setjast niður og sníða þessa að ég hygg smá vankanta sem geta falist í þessu en að öðru leyti líst mér ágætlega á þetta. Takk.

SN
Andrés Magnússon, er næstur.

AM
Kæri formaður, félagar og áheyrendur. Við erum að tala um þingræði og það getur fljótt orðið þingeinræði. B-nefnd hefur unnið ákaflega gott starf varðandi það að færa meiri völd til löggjafarvaldsins, færa löggjafarvaldið til löggjafans, löggjafarsamkundunnar en tillögurnar eru ekki eins mótaðar varðandi hina kröfuna, að aðskilja milli löggjafarvaldsins og framkvæmdavaldsins. Þar er miklu minna gert, og þessar að öðru leyti ágætu tillögur, þær miða ennþá að því að sama valdablökkinn sé löggjafarvald og framkvæmdavald. Og það er þá sem sé sterkasti maðurinn úr ákveðnum stjórnmalaflokki sem að sest í ráðherrastól og verður í mjög nánnum tengslum við viðkomandi þingnefnd, þar sem hann þekkir alla í meirihlutanum. Og aftur höfum við það að sá sem sest í ráðherrastólinn, hann er búinn að tengjast alveg ofboðslega mörgum. Hann hefur hagsmuna mjög margra aðila að gæta, sem ráðherra, þessi er búinn að klappa á öxlina á honum, þessi er búinn að styrkja hann í framboði og svo framvegis, og svo framvegis. Þannig að þetta viðheldur pólitískri spillingu og þetta dúkar fyrir að halda áfram með það að sterk blökk á þingi og í framkvæmdavaldi geti plantað sínum mönnum víðs vegar um stjórnkerfið. Til dæmis geta menn auðveldlega með þessu fyrirkomulagi ef þeir vilja losna við óþekkan embættismann, talað við flokksfélaga sína í flokknunum, í viðkomandi nefnd og fengið viðkomandi stofnun lagða niður. Þannig að ennþá erum við að glíma við það að við erum ekki búin að aðskilja milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds.

Nú, menn eru að tala um, það er óheppilegt að verði átök milli þings og ráðherra. Það verður mjög sjaldan. Í Bandaríkjunum er það þannig að forsetinn hefur tekið sér miklu miklu meira vald heldur en um getur í stjórnskránni, skýtur sér bak við það að það er alltaf stríð og svo framvegis, og þurfi ekki að fara eftir þessu og þessu. En í reynd, sé ég ekki fyrir mér að geti orðið mikil átök, einfaldlega vegna þess að framkvæmdavald er framkvæmdavald, og gerir eins og því er sagt. Og það hefur nánast engin völd, það getur ekki búið til lög lengur, sem er prýðilegt. Og ég hélt nú þegar við vorum að færa allt vald í nefndirnar, í einfaldni minni, að

fjárlaganefnd mundi sjá um fjárlagagerð. Og við erum jú að tala um að nefndirnar fái alla sérfræðingana sem að áður voru uppi í ráðuneyti. Og þannig að það eru þá sérfræðingar fjármálaráðuneytisins sem að gera fjárlög fyrir fjárlaganefnd. Og framkvæmdavaldið er bundið af því. Þannig að ég sé ekki þessi miklu átök sem geta átt sér stað, einfaldlega vegna þess að framkvæmdavaldið hefur engin vopn.

Og síðan eru menn líka hræddir, önnur rök gegn beinni kosningu ráðherra hafa verið þetta, við erum, ég er svo hræddur við hinn sterkan mann. Þá eru þrenns konar rök gegn því. Í fyrsta lagi sem sé að það eru svo mikil völd hjá þinginu, öll völdin sem eiga að vera hjá þinginu, eru hjá þinginu. Og í 2. lagi, þá hafa ýmsar tillögur miðað að því að maður kjósi alla ráðherrana. Ekki einn forsætisráðherra sem skipi síðan alla jábræður í öll hin embættin, heldur það að þjóðin kjósi sér menntamálaráðherra, sér heilbrigðisráðherra og svo framvegis. Vegna þess að áður fyrr var þetta kannski erfitt þar sem að ríkisstjórnin þurfti að vinna mikið saman. Nú þarf raunverulega bara ráðherrann að gera það sem nefndin segir honum, þannig að það verður minna samneyti milli ráðherra þversum. Og þetta hefur komið fram í mörgum skriflegum tillögum, að menn kjósi sem sé hvern ráðherra fyrir sig. Og þá mun það aukast að ópólitískir menn bjóði sig fram til slíkra embætta, sem er enn einn kostur og mun minnka spillingu, og samþjöppun valds. Síðan er til hugtak sem ég lærði bara nýverið sem heitir fjölskipað vald. Og það er að gerast í öllum nútímalýðræðisríkjum í kringum okkur, að það er ekki einræði hjá einstökum ráðherrum, heldur þarf að bera ákvarðanir upp á ríkisstjórnarfundum, og það er fleirtalið. Það er sem sé meirihluti sem ræður. Þannig að forsætisráðherra, hann getur ekkert ráðið, hann þarf að bera tillögur sínar upp við alla samráðherra og þeir greiða um það atkvæði. En ég held reyndar að þetta þurfi kannski ekki mikið að nota ef allt vald verður hjá nefndunum. Og þá verður þetta bara framkvæmdamaður sem gerir eins og honum er sagt. Og ég er búin að heyra marga koma hér upp og segja eins og Erlingur. Erlingur var alveg á því að við ættum að kjósa framkvæmdavaldið beint, enda aðskilur það á milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds og girðir fyrir spillingu og girðir fyrir flokksræði. Vilhjálmur kom upp og sagði, ég hef nú alltaf verið hrifinn af því að kjósa beint til framkvæmdavalds en svona, ég er nú tilbúinn að setta mig við eitthvað annað. Ómar sagði það sama, nema hann bara sagði, ég hef svo lítinn tíma til þess að fara í það sem er best, eins og ég skildi hann það, sem mér finnst best. Nú, Pétur Gunnlaugsson er fjarverandi. Gísli sagði mér líka í hléinu að hann hafi á sínum yngri árum verið hrifnastur af þessari skipan, þessari tilhögun, tilhagan. Nú, ég og Lýður erum hrifnir af henni, Pétur Gunnlaugsson er hrifinn af henni. Það er að segja, það eru ótrúlega margir sem einhvern tímann á sinni ævi hafa verið hrifnastir af þessari tillögu en menn eru tilbúinir að gera eitthvað annað. Þannig að mér finnst það, við þurfum að taka þessa umræðu. Takk fyrir.

SN
Lýður Árnason er næstur á mælendaskrá, og við erum að taka þessa umræðu um þingræði og forsetaræði. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, takk kæra ráð og þeir sem sitja hér fyrir aftan okkur og heima líka. Sko, hvað var vandamálið hér í Þjóðfélaginu? Það var náttúrulega samþjöppun valds á þingi og ráðherrastigi. Þessi tvö stjórnsýsluþrep, þau voru eins og ég sagði hérna í síðustu viku, orðin að einu samrassa fyrirbæri og eiginlega engin skil þar á milli, að minnsta kosti mjög óljós. Og þetta olli eiginlega því að við förum hér fram af bjargi og þetta olli gríðarlegri samþjöppun valds og spillingu. Og núna ætlum við í raun og veru bara að gera þetta nákvæmlega eins, við erum með sama pakkann í nýjum umbúðum. Ég sé ofboðslega lítinn mun á því að þingið haldi áfram að kjósa ráðherra, reki þá síðan af þingi og síðan er eins og það séu engin ítök þar á milli, eða neitt samspil. Mér finnst þetta vera rosaleg ávísun bara á markaðstorg með metorð. Og mér finnst þessi leið bara mjög varasöm. Og mér finnst betra að halda okkur bara við fyrra fyrirkomulag sem við þekkjum og auka þá frekar völd forsetans til þess að hann geti haft eitthvað meira eftirlit með því heldur en var. Hin leiðin, sem er náttúrulega nýrri, þ.e.a.s. kjósa framkvæmdavaldið beint, hún er náttúrulega kannski stærra skref en ég get ekki séð annað, miðað við fyrri reynslu að það sé mjög spennandi kostur fyrir okkur Íslendinga. Og Pétur Gunnlaugsson ætlaði nú að vera hérna með smá yfirhalningu um þetta, hann forfallaðist því miður. Ég hugsa það að niðurstaðan verði þá sú að það eru hérna nokkrir í ráðinu sem hafa mikinn áhuga á að móta bara ákveðnar tillögur um þetta, að framkvæmdavaldið verði hugsanlega kosið beint. Og ég reikna með því að það verði gert núna á allra næstu dögum eða jafnvel um helgina. Ég ætla svo sko, að hrósa B-nefndinni fyrir ýmislegt, það er búið að styrkja þingið með ýmsu þarna. Ég svona set svolitla spurningu eða fyrirvara við það að forseti Alþingis, hann eigi að vera kosinn með 2/3 hluta atkvæða og síðan afsala sér atkvæðisrétti. Ég get ekki ímyndað mér að nokkur vilji bjóða sig til þings með þessum afarkostum, að vera rétt með í einhverju stjórnarmyndunarferli og síðan að slá einhverja kúabjöllu það sem eftir er kjörtímabilsins. En ég lýsi því yfir að það verða hérna ákveðnir aðilar sem að koma með, held ég, einhverjar konkret tillögur, allavega sem umræðugrundvöll um beina kosningu framkvæmdavalds. Takk.

SN

Eiríkur Bergmann. Gjörðu svo vel.

EBE

Já, kærur félagar. Ég vil nú fyrst lýsa ákveðinni samúð með sjónarmiðum þeirra Andrésar og Lýðs, um beint kjör ríkisstjórnar enda hef ég verið því fylgjandi en eins og ég nefndi áðan að þá hef ég fallist á þessa útfærslu á þingræðinu sem ég tel raunsæja og góða og uppfylla að mestu þau markmið sem að við vildum ná fram með beinu kjöri ríkisstjórnar. En mig langaði aðeins að fara yfir þær athugasemdir sem hafa komið fram um þessar tvær greinar sem hér eru sérstaklega til umræðu, og ef ég hef skilið umræðuna rétt að þá er það einkum tvennt sem að hefur vafist, hugsanlega þrennt sem hefur vafist fyrir ráðsmönnum. Það er í fyrsta lagi hvað gerist ef að illa gengur að velja þingforseta með 2/3 atkvæða og hvernig fer þá stjórnarmyndunin fram. Og þetta eru auðvitað atriði sem að við

þurfum að taka til skoðunar og skýra og alveg eins og Þórhildur hefur hér bent á að þá gæti þetta hugsanlega verið í höndum aldursforseta þingsins allt eins og nýs þingforseta. Nú og svo benti nú Illugi mér á það í hádeginu að það væri nú líka hugsanlega hægt að setja þetta í hendur fráfaraþingforseta. Þannig að allt eru þetta ... þetta snýst finnst mér nú fyrst og fremst að því að finna réttu útfærsluna í stjórnarskrá, til þess að girða fyrir einhverja þrástöðu í þinginu hvað þetta varðar. Og ég geri ráð fyrir að við í B-nefndinni munum bara einhenda okkur í það verkefni að sníða þá agnúa sem þar eru, af okkar tillögu, okkar lausn. Nú, hin athugasemdin sem að færð hefur verið fram, lýtur að sjálfri stjórnarmynduninni. Og hugsanlega geti hún svona stefnt í einhverja, eitthvað þrot, og eins og við höfum svo sem oft séð við núverandi kerfi líka, að það hefur oft komið hér upp stjórnarkreppa í landinu. Og það gæti auðvitað gerst í þessu kerfi líka og þá bendir Pawel á að hugsanlega gæti sá sem að stýrir ferlinu, ekki endilega haft hag af því að mynda ríkisstjórn. Og þetta eru auðvitað atriði sem að við þyrftum að skoða og geta leyst, þannig að það sé hægt að knýja fram atkvæðagreiðslu í þinginu um forsætisráðherra, ef að þingforsetinn sinnir ekki þeirri skyldu. Og hugsanlega væri þá hægt að fara þýsku leiðina og að endingu yrði það einfaldlega hlutfallskosning í þinginu og forsætisráðherra sem að myndi í það minnsta þá koma á legg einhvers konar ríkisstjórn. Og það væri kannski ekkert alveg fráleitt að sá möguleiki væri til staðar að ríkisstjórn myndaðist með þeim hætti þegar að slíkt væri. Og svo er það að lokum, hugmyndin um utanþingsstjórn, hver stýrir því ferli. Það væri hugsanlega hægt að leysa það með þessari hlutfallskosningaraðferð. En ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Mér hefur fundist hún góð og málefnaleg, og mér hefur fundist ýmsir margar góðar ábendingar hafa komið fram sem að við getum bara sannarlega notað, í okkar vinnu til þess að gera þessar tillögur enn betri og við munum einhenda okkur í það í næstu viku. En ég er mjög þakklátur fyrir að heyra það að ráðsmenn svona, virðast taka almennt jákvætt í prinsippið, þrátt fyrir að ýmsir annmarkar hafi verið á einstaka þáttum hugsanlega. Takk fyrir.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég þakka líka fyrir góða og fína og uppbyggilega umræðu. Mig langaði kannski fyrst að segja örstutt um það sem að Andrés var að tala um, almennt um þá hugmynd að kjósa framkvæmdavaldið beinni kosningu. Eins og hann segir, og eins og ég sagði áður í framsögu minni, þá hef ég löngum verið skotinn í þeirri hugmynd. En ástæðan fyrir því að ég er svona farinn að fara frá henni aftur, er að ég er með aldri og reynslu og svona á því að horfa á stjórnsmálaþróun orðinn skeptískari á þetta, að velja svona sterka einstaklinga, og fá þeim í hendur mikil völd og sterk umboð. Ég er hræddur um að þetta leiddi þá til þess að stærsti flokkurinn eða stærsti flokkarnir ættu jafnframt þarna þá, forystu framkvæmdavaldsins og eftir atvikum alla ráðherra, og í þessu kerfi. Og ég sé þarna bara ákveðnar hættur sem að valda því að ég er fylgjandi því að finna aðrar leiðir að sömu markmiðum

eða álíka markmiðum. Þess vegna styð ég sem sagt þessar tillögur sem við erum með hér og þessa heild sem er að koma frá nefnd B, um að styðja við þingið, styðja við stefnumótunarhlutverk þingsins, styðja við eftirlit þingsins með framkvæmdavaldinu, efla þingnefndirnar. Og svo að vald og ábyrgð fari þá með skýrum hætti saman í því að þingið kjósi forsætisráðherrann og geti svo veitt honum lausn ef að hann stendur sig ekki í stykkinu að mati þings. Og þá er þetta svona, hægt að orða það þannig að þingið sé að ráða forsætisráðherra. Nú menn hafa haft ýmsar athugasemdir við þetta fyrirkomulag sem að við leggjum hér til, sem að eins og ég sagði áðan, er náttúrulega byggt sterklega á erlendum fyrirmyndum, við erum ekki að finna upp hjólið í þessum hugmyndum. Það verður að hafa í huga í svona reglum, hvað á ég að segja, leikreglum að það eru yfirleitt svona jaðarskilyrðin í leiknum sem að móta leikinn. Það eru allar þessar útgönguleiðir, sko. Hvað gerist eftir 4 umferðir, eða ef það tekst ekki að mynda meirihluta, hvað gerist þá? Og það er oft sú regla sem að í raun og veru mótar allan ferilinn. Við erum með þá uppástungu að þá verði hreinlega bara kosið að nýju, og það jaðarskilyrði gerir það að verkum að það á að vera mjög sterkur hvati hjá hinu kjörna þingi að búa til meirihluta og koma á starfhæfri ríkisstjórn, því að annars er það einfaldlega, ja það koma bara nýjar kosningar og það er líklegt að kjósendur mundu nú refsa þeim sem að ekki hefðu staðið sig í stykkinu, að koma saman ríkisstjórn í landinu. Þannig að eins og ég segi, það eru þessi jaðarskilyrði. Um leið og menn eru farnir að setja einhverja aðra reglu á þetta hvað gerist þegar að ekki tekst að mynda meirihluta, að þá fer sú regla að hafa áhrif á, eins og ég segi, á allan leikinn. Og þá kannski ekki til góðs.

Nú Ómar hefur, kannski skiljanlega, áhyggjur af tímafrestunum í þessu öllu saman og Kata reyndar nefndi það sama. Og það má kannski segja að það sé viss, eithvað sem mætti kannski laga í okkar tillögum, en við erum ekki með neinn sérstakan tímafrest á því hvað þingforsetinn hefur langan tíma til að gera tillögu. En svo, þegar að þingforsetinn hefur lagt fram tillögu, þá eru 4 dagar sem að þingið hefur, ja þá verður að greiða atkvæði um hana innan fjögurra daga. Það voru þessir 4 dagar sem Ómar nefndi. En það gæti vel komið til greina að það ætti að gefa einhvers konar hámarkstíma líka á það að tillagan komi fram. Þannig að stjórnarmyndunarferlið í heild myndi þá bara geta verið innan ákveðins tímaramma. Þessar 4 umferður tækju þá bara ja segjum 6 vikur max og þá væri það bara þar með útrunnið. Þetta mætti alveg athuga en er að vissu leyti alltaf spurning hvort að á að vera sveigjanleiki eða svona harður rammi, á því. Nú Ástrós nefndi að ríkisstjórnin sem heild ætti að vera háð samþykki Alþingis. Það gæti verið rétt, ég nefni þó að auðvitað er það í reynd þannig, að af því að þingið getur alltaf samþykkt vantraust á einstaka ráðherra. Að þá myndi forsætisráðherrann aldrei taka sénsa í því, hann færir aldrei að tilnefna ráðherra sem að þingið væri líklegt til þess að hafna og gæti gert það bara í næstu viku, sko. Þannig að, ég held í reynd myndi forsætisráðherrann alltaf vera búinn að svona, bera sinn ráðherralista undir sinn meirihluta á þinginu. Ég óttast það ekki, ekki sem sagt, í reynd. Við þurfum kannski að skoða þetta samhengi með þingforsetann að hann sé kjörinn með $\frac{2}{3}$ atkvæða. Það getur tafið

ferlið og er vissulega ákveðinn, þarna er nýjung, hún, þessi nýjung um $\frac{2}{3}$ er ekki frá okkur komin reyndar, í nefnd B, hún er í tillögu Stjórnlaganefndar. Og þarna er náttúrulega verið að gera tilraun með að setja svona ákveðna kröfu, lýðræðislega kröfu á þingið eða ég veit ekki hvað á að kalla það, kannski svona að þingið hegði sér með ábyrgum hætti. Að það geti komið sér saman um þingforseta, með $\frac{2}{3}$, og þetta er ákveðin áskorun, ja - á ekki þingið að vera svona döldið þroskað, að geta gert þetta? En vissulega má skoða það, kannski er tengslin á milli þessa og stjórnarmyndunar með þeim hætti að það sé ekki æskilegt. En það verður bara að skoða það, en það kemur auðvitað alveg til greina að það sé þá einhver annar en þingforseti eða hugsanlega einhverjir fleiri, forsætisnefnd, eins og nefnt var hérna áðan, fyrrum þingforseti eða einhverjir slíkir sem gætu verið verkstjórar í þessu. Og svo bara í lokin, ég ítreka sem sagt að skeptík mín, eða tortryggni gagnvart þessum hugmyndum, einhvers konar utanþingsstjórn, sem að forseti gæti skipað sem svona neyðarhemil, eða neyðarúrræði. Að tortryggni mín gagnvart því beinist að því að gæti slík stjórn í raun og veru setið ef að Alþingi væri henni mótdrægt. Þ.e.a.s. hún kæmi ekki í gegn eins og ég segi, fjárlögum eða hugsanlega öðrum mjög mikilvægum málum. Þannig að sé ekki endilega að við séum neitt betur sett með slíka stjórn í landinu. Ef það væri þá í raun og veru pattstaða milli hennar og þingsins. Takk fyrir.

SN

Nú, næstur á mælendaskrá er Þorvaldur Gylfason og þegar hann hefur lokið máli sínu, þá mun ég loka mælendaskrá um þennan lið. Gjörðu svo vel, Þorvaldur.

ÞG

Já, formaður, góðir ráðsfulltrúar. Ég er ánægður með tillögur B-nefndar og viðleitni hennar til að styrkja stöðu löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdavaldinu. Þetta er lykilmáttur í þeirri viðleitni okkar að skerpa skilin milli ólíkra valdþátta, til þess að treysta valdmörk og mótvægi. Ég hygg að það sé best að svara spurningum og sjónarmiðum bæði Gísla Tryggvasonar og Vilhjálms Þorsteinssonar með því að leyfa ykkur að heyra og þá um leið boða, breytingartillögu okkar Ómars Ragnarsson, við 28. greinina um stjórnarmyndun. Við Ómar höfum sem sagt soðið saman úr ræðum okkar áðan svofellda tillögu:

Þegar skipa skal forsætisráðherra leggur forseti Íslands fram tillögu eftir samráði við þingflokka og alþingismenn. Þingið greiðir atkvæði um tillöguna innan fjögurra virkra daga. Við getum breytt dagafjöldanum eftir þörfum. Verði tillagan ekki samþykkt leggur forseti fram tillögu að nýju og atkvæðagreiðsla er endurtekin samkvæmt 1. málsgrein. Hafi tillögu um forseta verið hafnað fjórum sinnum, getur hann annað hvort rofið þing og boðið til Alþingiskosninga eða skipað forsætisráðherra utanþingsstjórnar. Samþykki Alþingi ekki tillögu forseta um forsætisráðherra utanþingsstjórnar getur forseti lagt málið undir atkvæða allra kosningabæra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Hafni Alþingi lagafrumvarpi utanþingsstjórnar getur forseti skotið málinu til þjóðarinnar. Ef Alþingi samþykkir tillögu um forsætisráðherra, ákveður hann eða hún skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum

með þeim. Þá tilnefni hann eða hún ríkisstjórn sína og tilkynnir hana forseta Alþingis svo fljótt sem verða má. Forseti Íslands skipar forsætisráðherra fyrir hönd Alþingis og veitir honum eða henni lausn. Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn. Og að lokum þetta: Samþykki Alþingi vantraust á ríkisstjórn er forseta Íslands því aðeins skylt að veita henni lausn frá störfum, að Alþingi samþykki tillögu um forsætisráðherra sem njóti trausts Alþingis. Sjáid þið, síðasta setningin er lykilstetning og frá Ómari komin og hún svarar áhyggjum Vilhjálms og annarra yfir afleiðingum einhvers konar pattstöðu milli þings og utanþingsstjórnarinnar. Með öðrum orðum, að þingið þyrfti að hafa komið sér saman, áður en það fengi stjórnskipulega heimild til þess að bregða fæti fyrir utanþingsstjórnina og þarna er einmitt skýringin á því hvers vegna utanþingsstjórnin á stríðsárunum gat starfað í friði við stjórnmalastéttina, þótt samskiptin væru stirð, á þriðja ár. Og þessa tillögu ætlum við sem sagt þá að bera fram með leyfi formanns.

SN

Takk fyrir. Þá er mælendaskrá formlega lokið um þennan lið en næst á mælendaskrá er Þórhildur Þorleifsdóttir.

ÞÞ

Já, ágætu ráðsmenn og konur og áhorfendur, heyr- endur. Aðeins nokkur orð fyrst um áhyggjur Andrésar og Lýðs af fjárlagagerðinni. Það höfum við vissulega rætt í B-nefndinni hvort að ætti að vera undir al- mennum ákvæðum eða hvort að það ætti bara hrein- lega að vera sér ákvæði um fjárlög, þ.e.a.s. að þau væru undanþegin þessu, að lög yrðu samin í nefndum, vegna þess að það er náttúrulega augljóst að allar upp- lýsingar þar að lútandi eru í fjármálaráðuneytinu, og fást kannski ekki víða annars staðar. Fyrir utan það að, eins og margoft, eins og ýmsir hafa bent á, að þetta er ekkert alls staðar lög heldur fjárhagsáætlun. Þetta er nú meira svona eins og framkvæmda, hvað, já, framkvæmdaatriði heldur en þannig að nú auk þess náttúrulega höfum við ekkert útilokað það að ráðherra geti samið lög heldur einungis að það þyrfti að fara í gegnum nefndirnar. Þannig að ég held að þetta sé nú mál sem að er auðleysanlegt, eða hægt að ná sáttum. Ég, sko, nú er þetta allt í einu orðin einhver prinsipp- umræða um sko þingræði eða forsetaræði. Mér finnst mjög ár., það er ljóst að það hefur verið lýst eftir þess- ari umræðu en mér finnst ekki gott að hún allt í einu, auðvitað má ræða hvaða mál sem er, en að þetta sé sú umræða sem allt í einu er tekin hér upp í lok fundar, það finnst mér ekki gott verklag. Vegna þess að þarna er um að ræða stórt og mikið prinsippmál og það ætti að vera sérstakt fundarefni sem til væri boðað og ekki að vera svona aftarlega. Fólk þarf að vera í góðu and- legu formi til þess að taka þessa umræðu. En það er náttúrulega, boltinn er farinn af stað og þá er sjálfsagt að grípa hann og velta honum aðeins í höndum sér áður en að maður kastar honum áfram. Sko, það sem að ég, ég ætla bara að ítreka það sem ég hef sagt áður. Ég skil ekki þörfina fyrir því að skipta um kerfi. Kerfi breyta hvorki hugarfari, hugmyndafræði eða neinum slíkum grundvallarþáttum samfélagsins. Ég vildi að menn gætu borið fram óyggjandi rök fyrir því, að þau tvö lönd sem sífellt eru tilgreind að búi við annað kerfi

heldur en við þekkjum, þ.e.a.s. við forsetaræði. Að þau séu afdráttarlaust betri samfélög og betur rekin held- ur en þau samfélög sem að eru allt í kringum okkur og kannski standa okkur nær. Mér finnst þetta sko örflítið einkennast af, enda er orðalagið oft athyglisvert. Fólk segir, eða menn segja oft - sé örflítið skotnir í eða langi dálídið Mér finnst þetta stundum hljóma dálídið eins og gaman væri að prófa kerfi. Ég ætla nú ekki að gera mönnum það upp að þeir, að það sé ekki dýpra, að það séu ekki dýpri ástæður að baki, ég ætla ekki að gera það.

En, sko, hafi menn áhyggjur af spillingu sem sko, sem að vissulega var og er mikil í íslensku samfélagi, og við viljum gjarnan reyna að taka á eftir því sem við getum, þá eiginlega lýsi ég undrun ef menn halda að þar ráði úrslitum kosningakerfi. Hvers vegna er Ísland þá spilltara? Hvers vegna hefur spilling vaxið, eða náð svona mikilli föttestu í íslensku samfélagi? Af hverju eru til dæmis ekki Norðurlöndin undirlögð af spillingu? Er sannanlega minni spilling í Frakk- landi eða Bandaríkjunum heldur en í, almennt gerist í Evrópulöndum sem búa við þingræði? Mér, ég, mér finnst vanta bara hreinlega sterkari rök. Þetta eru bara hugmyndir um það að eitthvað kerfi leiði til ein- hverrar mikillar grundvallar hugarfarsbreytingar hjá heilli þjóð og ég hef bara ekki trú á því. Ég þarf miklu meiri rökstuðning fyrir því að menn hafi þetta fyrir satt, en ekki ímyndað að eitthvað kerfi, uppræti eða lagi hugarástand. Ég ætla ekki að sko, gera þetta að lengra umræðuefni hér og nú en ég lýsi eftir því ef að það, ef að þetta á einhvern tíma að fást af dagskrá, þá verðum við að taka þessa umræða og það fyrir síðar. Það mætti hugsanlega gera bara undantekningu á störfum þingsins, [ráðsins!!], A.V.] vegna þess að vissu leyti tefur þetta störf nefndanna . Að þetta hangi sífellt yfir okkur og hornklofarnir eru allsráðandi, af því að það er einhvern veginn, við skirrumst við að taka þetta skref sem skýrir nákvæmlega hvaða leið við erum að fara. Og þess vegna ættum við kannski bara að ákveða að hafa svona fund og þessa umræðu sem allra fyrst og þarna, það er hægt að skipta á ráðs- degi og nefndardegi þess vegna, til þess að, þarna, og fólk undirbúi sig þá og taki þessa umræðu og þá lýsi eftir, eins og ég segi, sterkari rökum heldur en “mér líst vel á kerfi”. Að lokum vil ég aðeins sko, af því að Lýður sagði hér að hann gæti ekki ímyndað sér að neinn myndi sækjast eftir því að verða forseti þings, sem að gerði þá ekkert annað næstu 4 árin en að hringja kúabjöllu. Ég, sko, er dálítið undrandi á svona ummælum, það er gríðarlega valdamikið embætti að vera forseti þings. Og hann hefur mikil áhrif á störf þingsins og framgang mála. Þess vegna viljum við auðvitað, þess vegna meðal annars erum við að leggja áherslu á að hann sé kosinn með 2/3 hluta atkvæða til þess að hann geti ekki beitt áhrifum sínum einungis, eða í allt of ríkum mæli, í þágu meirihlutans. Og við megum ekki taka svona niður þessi störf og tala um þau eins og þau séu bara, sko ef það er bara spurning um að hringja kúabjöllu, þá getum við bara haft, það eru til svona litlir, þið hafið öll séð svona leikföng, svona litla simpansa sem að lemja saman, tveim hlemmum, þá getum við gert þannig figúru að forseta þingsins, ef að menn virkilega halda að þetta embætti sé svona ómerkilegt. Takk.

SN

Já, ég vil nú taka það fram að þessi umræða er búin að eiga sér svoldinn aðdraganda, og hún er auglýst á dagskrá, að það eigi að taka umræður um forsetaræðið og þingræðið og þetta var rætt sérstaklega í nefnd B, þannig að þetta á ekki að koma fólki á óvart. En næstur á mælendaskrá er Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, varðandi þingforsetann, Þórhildur, þá man ég það nú þegar við vorum sjálf hérna að velta fyrir okkur að hafa ekki atkvæðisrétt í nefndunum. Það féll nú ekki í góðan jarðveg. Þannig að ég held mig nú við það, ég held að það sé nú ekki eftirsóknarvert að vera þingforseti og vera á þingi án þess að hafa atkvæðisrétt. En ég ætlaði nú ekkert að tala embættið niður með þessari kúabjöllu, það getur verið erfitt að spila vel á kúabjöllu. En þú varst að tala um það líka Þórhildur, sko varðandi mannvál og kerfi. Ég er alveg sammála þér í því og það er erfitt að segja hvaða þjóðfélag er betra en annað. Það er eiginlega bara útilokað að segja og einum finnst eitt og hinum finnst annað. En ég held að það sem að sko er klárt, að sjúkdómsgreiningin hjá okkur var spilling og hún var mestmegnis vegna samgangs löggjafarvalds og framkvæmdavalds. Og þess vegna finnst mér að mörgu leyti mjög spennandi kostur fyrir okkur að aðgreina þetta með beinni kosningu framkvæmdavaldsins. Þá fáum við í raun og veru tvo valdapiramída, það er að segja löggjafarvaldið sem er kosið beint af fólkinu, og framkvæmdavaldið sem er líka kosið beint af fólkinu. Og þetta getur þá verið með miklu, að mínum dómi væri þá miklu eðlilegri samgangur á milli þessara stjórnsýslustiga. Svo ætla ég að segja eitt varðandi það sem þú varst að segja, Vilhjálmur. Þú varst að tala áðan varðandi kosningaræturnar og óvissa um hvaða stjórn taki við og ráðherrar og svoleiðis. Ég held að þetta sé litið vandamál hér, ég held að það sé enginn sem er að hafa stórar áhyggjur af því í raun og veru, þó að hann þurfi að bíða nokkra daga eftir vitneskju um hver verði ráðherra. Ég held að persónurnar skipta miklu minna máli, við viljum bara sjá góða bíómynd. Þú ert líka að tala um það að þú ert hræddur um það að ef að verður kosið beint til framkvæmdavalds, að þá fáum við einhverja sterka menn í það. Ég hélt að það væri eftirsóknarvert. Og ég sé það að ef að þingið á að kjósa framkvæmdavaldið, þá fáum við annað hvort veika menn þarna inn, sem að þingið getur stjórnað, eða sterka menn þarna inn, sem stjórna þinginu. Ég vil mikið frekar fá bara sterkan mann kosinn beint af fólkinu, eða konu. Þannig að mér finnst þessi rök ekki halda. Og svo ætla ég að benda ykkur á eitt í viðbót, og það er að segja að það sé tímahraks, hrök eða tímahraksrök réttara sagt. Að við séum í einhverju tímahraki hérna, Stjórnlagaráð. Ég tel svo ekki vera, júní er nýbyrjaður og okkur hefur bara orðið vel ágengt, takk fyrir.

ÞH

Þú ert kominn framúr okkur.

LÁ

Nú þess þá heldur, ef hann sé ekki byrjaður.

SN

Erlingur Sigurðarson er næstur. Gjörðu svo vel.

ES

Forseti, formaður, ráðsmenn og ráðskonur. Það er gott að vera á undan tímanum eins og Lýður. Ég ætla bara að taka nokkur, taka upp sem að hann hætti. Það kom fram hér hjá Ómari og hann hefur nokkrum sinnum minnst á það, að það er þetta, við megum ekki fara í breytingar vegna þess að við höfum ekki tíma í þær. Það kann að eiga við rök að styðjast en það er samt sem áður ekki efnisleg rök í máli. Og ég óttast það að það sé einhver, að þessi tímahraksflótti sé að leiða til þess að við vinnum ekki okkar störf eins vel og við gerðum. Það er, við hneigjumst til að láta greinar standa óbreyttar, af því að við viljum ekki teifa okkur við þær. Það, þetta má aldrei gerast.

Það er um forsetastarfið, Alþingis, er það að segja, að ef að hann er liður í þessum pólitísku hrossakaupum, þá næst aldrei sátt um það embætti. Það fer ekki saman að vera atkvæðalaus forseti, kosinn með $\frac{2}{3}$ í styrktarskyni og maðurinn sem að tekur þátt í plottinu með forsætisráðherra, eða meirihlutamaður með honum. Og þetta sem kemur út sem allra verst, er þetta, í stað þess að skilja að og skerpa skil framkvæmdavalds og löggjafarvalds, þá mælirðu með það beint, færur líka, svo ég geti nú hérna kyn, jafnréttis. Það er að segja, það er kosnir beint forsætisráðherra af sínum þingmönnum, við vitum ekkert hver það er fyrirfram. Það er eftir kaup á Alþingi. og þetta er, þetta er forseti sem situr án beins umboðs, er þá ekki miklu betra að kjósa hann beint til 3ja eða 5 ára svo stangist ekki á við kjörtímabilið, venjulega. Og láta hann hafa, hann eða hana, spyrta, svona hálfra ráðherra, að minnsta kosti, fyrirfram, og láta þetta takast á. Að skilnaður framkvæmdavalds og löggjafarvalds er í því fölginn að, er ekki í því fölginn í því að ganga í eina sæng, alveg. Háð varamönnum sem að vilja hanga á þingi í sæti/sætum?? ráðherra sinna. Og það er mjög erfitt að samþykkja slíkt sem legaliseringu, lögleiðingu plottsins.

Ég vil lýsa ánægju minni yfir þeim viðbrögð sem að þetta hefur vakið og þeir sem að hafa hér lagt orð að máli en ég vil lýsa vonbrigðum mínum yfir því hvað það voru ekki fleiri. Takk fyrir.

SN

Já, Þórhildur, þú vilt koma með athugasemd.

ÞÞ

Takk fyrir, formaður. Ég vildi gjarnan bara fá að áréttast með þá skýrari hætti hvað, það sem ég var að tala um áðan, mér var auðvitað ljóst að þetta var hér á dagskrá, þ.e.a.s. umræður um forsetaræði eða þingræði. En það er undir liðnum skýrsla og tillögur B-nefndar og er þá í mínum skilningi þannig að það tengist þeim greinum sem að, að svo miklu leyti sem það tengist þeim greinum sem við lögðum fram, eða B-nefndin lagði fram. Ég er í rauninni að leggja til að við tökum þessa umræðu eina og sér og þannig að hún sko geti ekki endalaust farið fram í umræðum um aðrar tillögur, þar sem menn eru sífellt að takast á um þetta. Það er það sem ég átti við. Takk.

SN

En nefndinni var falið að leggja upp þessa umræðu. Þannig að það var, þannig var þetta lagt upp í upphafi, þannig að, og það var ákvörðun hennar að gera þetta svona. En þá er komið að Katrínu Fjeldsted formanni nefndar B, til að ljúka þessari umræðu um tillögur nefndarinnar. Gjörðu svo vel.

KF

Kærar þakkir fyrir það. Þetta hafa verið áhugaverðar umræður eins og við áttum í rauninni von á, enda mikil vinna sem að nefndin hefur sett í þetta verk, og auðvitað er ekki verkið fullkomnað. Það hafa mjög gagnlegar ábendingar borist og vissir veikleikar sem eru í okkar málflutningi verða styrktir eftir umræður hér í ráðinu. Ég veit ekki, ég lít nú svo á að það sé nokkuð til í því, sem sagt er, að sérhver þjóð eigi skilið að hafa þá stjórnmalamenn sem hún kys yfir sig. En jafnframt er ég auðvitað sú bjartsýnismanneskja að halda að framtíðin muni bera í skauti sér hæft og snjallt fólk, greint og gott, sem veljist í starf og komi Íslandi áfram. Ég vil vera bjartsýn og horfa fram á veginn. Auðvitað erum við með stjórnarskrá að reyna að setja fyrir lekana. Við viljum að öll dýrin í skóginum séu vinir. Við viljum að fólk komi sér saman. Við viljum frekar, og ég er náttúrulega núna að tala fyrir sjálfa mig, ég vil miklu frekar að þingmenn og flokkar komi sér saman um mál heldur en þeir séu í skotgröfum að reyna að rífa hvorn annan á hol. Þannig að ég lít svo á að verðum auðvitað að útfæra með vissum hætti í stjórnarskrá, svona þessar neikvæður hliðar stjórnmalanna, þó ég vilji einblína á jákvæðu hliðarnar. Hvað varðar ýmis atriði sem hér hafa komið hér fram, ég held það sé of langt mál að ég fari að fara ítarlega ofan í þau. Sumum hefur verið svarað af öðrum nefndarmönnum og ég þakka þeim kærlega fyrir það. Ég tel hins vegar alveg ljóst að við séum með okkar tillögum að vinna í anda Þjóðfundar að aðskilja framkvæmdavald og löggjafarvald og að skýra og skerpa þetta skil og að ábyrgð fylgi valdi og vald fylgi ábyrgð. Við eigum auðvitað eftir að taka fleiri þætti sem er, hvernig við ætlum að tryggja völd almennings gagnvart þessum, gagnvart löggjafarvaldi og framkvæmdavaldi, og standa vörð um hinn almenna borgara hérna í þessu landi. Við eigum eftir að taka þá umræðu og líka eftir að ræða um hlutverk heimamanna, altsvo sveitarstjórna, og hvernig þeir spila inn í þessa mynd, en við erum í B-nefnd að reyna að púsla saman heillegri mynd. Í henni eru margir bútar. Ég geri ráð fyrir að á næsta fundi ráðsins eða fljótlega, verði farið í nánari útlistun á því sem við leggjum, munum leggja til um forsetaembættið. En allt hangir þetta saman, og við teljum okkur vera að vinna í anda Þjóðfundar, við viljum gera það, við viljum vinna í anda þess sem fólkíð í landinu krefst af okkur, með réttu. Og ég vil þakka nefndarmönnum í B-nefnd kærlega fyrir þeirra innlegg hér á þessum fundi þar sem við ræddum jú um forsetaræði og þingræði, fyrst og fremst um þingræðið, að sjálfsögðu. Og svo vil þakka ykkur öllum í ráðinu fyrir að taka svona virkan þátt í þessu hér á þessum fundi. Takk fyrir.

SN

Já takk fyrir, formaður B-nefndar Katrín Fjeldsted og nefndarmenn og þið öll fyrir þessar góðu umræður um tillögur B-nefndar.

3. Skýrsla C-nefndar

SN

En þú er komið að lið 3 á dagskrá þessa fundar, og það er skýrsla C-nefndar. Og formaður nefndarinnar Pawel Bartoszek tekur nú til máls. Gjörðu svo vel.

PB

Takk, kæru vinir. Fyrst þá langar mig að nefna það að inni í Áfangaskjalinu liggur ennþá til kynningar kafli um Lögréttu sem var ráðgefandi stjórnlaganefnd einhvers konar. Og hún er svona eðli málsins samkvæmt í ljósi þess hvernig við komum fyrir þeim málum, það er svona, var okkar skilningur á þeim tíma að það sé þá dottið út úr áfangaskjalinu, þannig að ef enginn gerir athugasemdir við það þá hafa starfsmenn hérna, þá geta þeir tekið þetta út úr skjalinu á netinu, nema einhver geri athugasemdir við það.

En þá langar mig að flytja munnlega skýrslu um störf C-nefndar og hvernig okkur miðar í kjördæmamálinu. Við höfum haft þetta til umræðu í talsverðan tíma og leitað mikið eftir skoðunum annarra ráðsfulltrúa. Og ég ætla að fara yfir svona þau prinsipp sem við höfum komist á að mestu, sem er varðandi þingmannafjöldann, síðan hugmyndir okkar varðandi persónukjör, vægi atkvæða og svo að lokum þær umræður sem farið hafa fram um kjördæmi, og fyrirkomulag á þeim. Nú, fyrst ber að nefna þingmannafjöldann, að það er, þrátt fyrir höfum við engar tillögur hérna lagðar fram til kynningar, þá er það skoðun nefndarinnar að sinni að þingmannafjöldi skuli vera óbreyttur frá því sem nú er. Það gerum við vegna þess að við teljum miðað við þau auknu verk sem við fáum þinginu í tillögum annarrar nefndar að það sé fullt tilefni til, að við þurfum á öllum okkar þingmönnum að halda til þess að sinna þeim. Þetta er auðvitað eitthvað sem er ekki einhugur um að fullu í ráðinu að sinni. Á opnum fu..., á fundi nefndar með öðrum ráðsmönnum komu fram ýmsar tillögur. Bæði þær að fækka þingmönnum niður í 25 og eins að fjölga þeim upp í, hátt upp í 100. Nú, en eins og ég segi þá verða okkar tillaga að sinni að þeim verði ekki fjölgað, þetta kallast samt auðvitað á við heildarumræðu um kosningafyrirkomulag. Nefndin hefur líka tekið til umræðu persónukjör og það er almenn tilhneiging í nefndinni sem við skynjum/skiljum??? 215.42 einhvern meðbyr í ráðinu, að auka vægi persónukjörs, þó er mislangt hvernig menn vilja ganga í þeim efnun. Sum okkar vilja fara þá leið einfaldlega að bjóða stjórnmalasamtökum, einstaklingum upp á það að bjóða fram sína lista óbundna og óraðaða og þá, þetta er svona að einhverju leyti fyrirmynd eins og er í Danmörku og sumum öðrum löndum. Þá smám saman verður það, verður það hugsanlega vinsælt að bjóða kjósendum upp á val. Fyrst byrja menn íhaldsamir og svo ágerist það að menn bjóði fram lista óraðaða. Og svo eru aðrir sem vilja ganga lengra með að skylda lista til að, stjórnmalasamtök til að leggja fram óbundna og óraðaða lista. Og svo eru enn þá þeir fleiri sem vilja einfaldlega að menn geti svona valið einstaklingana nokkurn veginn óháð stjórnmalasamtökum. Hugsanlega skipi menn sér í þau á kjörseðlinum en að öðru leyti geti menn kosið þvert á. Og þetta eru auðvitað bara ólíkar skoðanir sem við höfum í þessum efnun. Menn kannski tengjast að einhverju leyti heildarútkomu út úr kjördæmamálinu og kosningakerfinu í heild sinni. En þetta eru þær hugmyndir sem við höfum verið að víðra.

Nú, varðandi vægi atkvæða þá hef ég skynjað fyrir því þó nokkurn yfirgnæfandi stuðning í ráðinu, að vægi atkvæða skuli jafnað, sem fyrsta samræmi, við fjölda kjósenda á hverjum stað, eins og kannski áður nefndi þá er þetta auðvitað að einhverju leyti tengt því

hvernig kosningafyrirkomulagið verður í lokin. Ef að landið eitt kjördæmi, þá náttúrulega þarf kannski ekkert að tala neitt frekar um það, að atkvæðavægi skulu vera jafnt, en ef að kjördæmin eru mörg, þá þarf þá hugsanlega að, þá er tilgangur með slíkri grein og hún hefur þá auðvitað ekkert endilega í för með sér að atkvæðin séu, sko það er aldrei, það er hægt að hérna, stærðfræðilega séð að hafa fullkomið jafnvægi, þannig lagað. Ég meina, það getur verið oddatala af fjölda af kjósendum og 2 þingmenn. En hins vegar er þá bara meint að það sé þá ekkert eitthvað kerfisbundið misvægi eins landshluta á hendur öðrum og eins kjósendahóps á hendur öðrum. Og meginþorri ráðsmanna hef ég skilið að væri á þessari skoðun.

Nú, síðan er þá stærsta atriðið sem eru kjördæmamálin. Og í grundvallaratriðum þá hef ég skynjað að í ráðinu væru uppi, má segja þrenns konar sjónarmið. Í fyrsta lagi þá eru það þeir sem vilja gera landið að einu kjördæmi, og það er auðvitað hugmynd sem er vel þekkt meðal almennings. Sú hugmynd nýtur talsverðra vinsælda og sérstaklega hér á þessum slóðum, á suð-vesturhorni landsins. Hún er tiltölulega einföld í framkvæmd og hún jafnar atkvæði varanlega án þess að þörf sé á því að frekari tilfærslum og breytingum síðar. Auk þess var þetta sú hugmynd sem hvað oftast var kannski nefnd á Þjóðfundum.

Nú, gegn þessu, þá má nefna þau rök að þessi hugmynd, vegna þess að hún er talsvert þekkt, þá nýtur hún auðvitað talsverðra óvinsælda einnig, og þá kannski sérstaklega ekki á þessu svæði sem við erum á. Og þannig að, og það má auðvitað nefna það, að áhyggjur þeirra sem eru á móti því að gera landið að einu kjördæmi, séu þær að með því þá mundu fulltrúar hinna dreifðu byggða, fulltrúar sem ekki sem sagt, sá hluti þjóðarinnar sem ekki býr hérna á suð-vesturhorninu, ekki fá fulltrúa á Alþingi Íslendinga. Og það verður að segjast og er mín skoðun að í ljósi þeirra kosninga sem við förum í gegnum, þá er ástæða til þess að hafa af því áhyggjur. Auðvitað hafa mörg okkar sagt að þau líti á sig sem fulltrúa allrar þjóðarinnar, ekki einungis þess svæðis sem þau koma frá. En, aftur á móti, þá má auðvitað segja, þetta eru svona, þau rök sem við höfum ekki, við þá meina ég við sem búum á höfuðborgarsvæðinu, ekki fallist á ef þeim hefði verið snúið við. Við höfum auðvitað haft pólitískan jöfnuð alls staðar á landinu. En það sem, því að landið er eitt kjördæmi, sko, hvað pólitik varðar og vægi atkvæða á landsvísu. Þegar, sem sagt, með jöfnunarmönnum. En hins vegar þá er það svo að okkur, þeim sem höfum búum á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki þótt nægjanlegt að það séu, að okkar fulltrúar séu kosnir einhvers staðar annars staðar á landinu, heldur en hér. Þannig að í því ljósi þá hljótum við að taka eitthvað tillit til þeirra áhyggna að, með landinu eitt kjördæmi er ákveðin hætta á því að það veljist ekki fulltrúar allra landsvæða á þingið.

Nú, og það var auðvitað með, að því líka ákveðin andstaða við þessa hugmynd á Þjóðfundum. Það kom fram á mörgum miðum og í mörgum athugasemdum andstaða við hugmyndina, sem ein, ef hún væri sko, sambærileg öðrum hugmyndum sem komu fram á Þjóðfundum tiltölulega sterk, þó að það voru auðvitað mun fleiri sem lýstu stuðningi við hana. Þannig að þetta er fyrsta hugmyndin, landið eitt kjördæmi. Nú í öðru lagi þá eru það þeir sem hallast að svona,

blönduðu kerfi með minni kjördæmum og landslistum, mismunandi útfærslu á því. Og rökin fyrir því kerfi eru að, með því þá, tekst þá kannski næst meiri nánd milli kjósenda og stjórnmalamanna. Það eru fylgja þessu auðvitað líka talsverð vandamál. Til að mynda, það er kannski síður líklegt, svona samkvæmt reynslu, að í fámennum/fámennari?? kjördæmum veljist fjölbreyttur hópur á þing. Það er svona ákveðin þjóðfélags-hópar sem eiga kannski erfiðara uppdráttar í fámennu kjördæmi til þess að vera kosnir, heldur en í fjölmennu kjördæmi. Og það er inn í öll þau kerfi innbyggt ákveðið vandamál, að menn hafi kannski ekki endilega hag af því, að bjóða fram landslista undir sömu formerkjum og þeir bjóða sig fram í héraði. Þetta hefur, svona vandamál komu nú að einhverju leyti upp á Íslandi í kringum svokallað Hraðslubandalag og koma víða fyrir í löndum þar sem þetta er gert, að menn sjá ekki tilgang með þessu tengingu þarna á milli. Á Ítalíu er þetta mikið vandamál, í Þýskalandi er það minna vandamál, því þar er stjórnmalakerfi að einhverju leyti stöðugra. Nú, auðvitað er þetta alltaf/hægt? að útfæra þetta en það geta þessu fylgt vandamál.

Og síðan eru það þeir sem vilja halda óbreyttu eða lítið breytt fyrirkomulag og líta þá frekar til kannski persónukjörs sem aðalkosts, það sé breytingin sem þeir mundu vilja ná fram. Eða einhverjar aðrar breytingar í stjórnarskránni sem þau telja vera það mikið keppikefli að það sé ekki þess virði að fara í þetta umdeilda mál og eiga þá á hættu að stjórnarskrár-breytingarnar í heild sinni falli um það.

Í ljósi umræðna í nefndum og ráði þá sýnist mér samt í fljótu bragði að það sé ekki ógjörningur að komast að sameiginlegri niðurstöðu um þessi mál. Þ.e.a.s. sameiginlega niðurstöðu milli þeirra annars vegar sem vilja gera landið að einu kjördæmi og þeirra sem vilja tryggja að öll landsvæði fái sinn fulltrúa. Ég skil landið eitt kjördæmi nokkurn veginn þannig, að val kjósenda alls staðar af landinu eigi þá í prinsippinu að vera sú ákvörðun sem kjósendi alls staðar af landinu stendur fyrir sé, í prinsippinu sú sama. Það kemur ekki í veg fyrir það að landinu sé skipt kannski í einhver svæði þar sem kjörseðlarnir líta út aðeins öðruvísi. Ef að sá sú áhrif sem kjósendinn hefur og það val sem hann stendur frammi fyrir sé eins þannig að það eru til leiðir ef vilji er fyrir því hjá ráðinu að reyna að mæta þessum sjónarmiðum en þá verða allir að hérna, koma aðeins til móts við aðra.

Í fyrsta lagi þá þarf tvennt. Að þeir sem aðhyllast hugmyndina um landið eitt kjördæmi verða þá að fallast á það að landinu sé skipt upp í einhvers konar minni svæði og það sé möguleiki á því að hluti þessara svæði sé tryggð einhver þingsæti í kosningalögum. Á hinn bóginn þá verða þeir sem vilja að hlutur landsbyggðar, að hlutur kjördæma, sé ennþá til staðar, verða þá hugsanlega að fallast á það að sá hlutur sem sé tryggður, sé ekki meiri en sá, sem þessum svæðum ætti að hlotnast í samræmi við íbúatölu. Þannig að það er möguleiki á að fallast á þessi sjónarmið, að setta þessi tvö sjónarmið en þetta er þá það sem í rauninni, sú millileið sem við þyrftum þá að fara, bæði.

Nú þetta er þá niðurstaðan eins og stendur, nefndin hefur sem sagt ákveðið að halda óbreyttan fjölda þingmanna. Það er aukinn áhugi til persónukjörs og, flestir hallast að því að atkvæðavægi skyldi vera jafnt. Og síðan lít ég svo á að ef að það er vilji hjá okkur að

sætta þessi tvö sjónarmið um landið eitt kjördæmi og tryggja hlut ákveðinna svæða, þá sé það gert ef að við öll hnikum aðeins til í okkar prinsippafstöðu með þeim hætti sem ég nefndi. Annars þakka ég gott hljóð.

SN

Þakka fyrir og þá er orðið laust um skýrslu nefndar C. Gísli Tryggvason, gjörðu svo vel.

GT

Já formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Ég vil þakka formanni nefndarinnar fyrir greinargóða fram-sögu og fagna því að nú sé stefnt að frekar óbreyttri tölu þingmanna. Ég held að það sé mjög raunsætt mat miðað við tillögur hjá okkur í valdþáttanefndinni. Þá vil ég líka fagna því að formaður þykist sjá til lands með einhverja æskilega málamiðlun. Og aðeins nefna örfá atriði sem ég vona að verði með í þeirri mála-miðlun, þ.e.a.s. að tengsl þingmanna við kjósendur séu mikil og helst aukin og þá ekki bara út frá ýmsum hugsjónum heldur líka landssvæðum, tengsl við land-svæði eru mikilvægt atriði. Þá vil ég hvetja nefndina til þess að stefna ekki endilega að algjöru millimetra jafnræði eins og Danir kalla það. Það má vera eitt-hvert tæknilegt misvægi upp að einhverjum stuðli, held ég. Í stað þess að það sé sífellt verið að laga stærð kjördæma að fjölda kjósenda eða íbúa. Þá vil ég hvetja nefndina til þess að hafa kjördæmin ekki of stór, þannig að það verði fleiri en 2 flokkar, þannig að kannski, að minnsta kosti 3 þingmenn verði í hverju kjördæmi, ef að það má kalla þetta kjördæmi þessa blönduðu leið sem að Pawel var að lýsa. Og loks vil ég áréttta það sjónarmið að þó ég sé fylgjandi svona, auknu persónukjöri að þá vil ég hvetja nefndina til þess að ganga ekki svo langt í breytingum að hér verði flokkskerfi útrýmt. Ég er ekkert endilega voðalega hrifinn af núverandi flokkskerfi en ég held að það þurfi að stjórna landi með flokkum, stjórn-mála-flokkum, þannig að ábyrgð verði komið fram þannig að kjósendur geta refsað flokkum sem standa sig illa og verðlaunað flokka sem standa sig vel. Það er miklu erfiðara í mjög miklu persónukjöri. Takk.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, formaður og góðir félagar. Ég þakka Pawel fyrir fína, svona fínt yfirlit um stöðu mála í nefnd C. Mig langar að taka undir þær áhyggjur sem að hann lýsti um svona takmarkaðan, takmörkuð áhrif þeirra sem að búa á landsbyggðinni, ef að landið verði gert að einu kjördæmi. Ég er sjálf mjög áfram um það að sem sagt, að atkvæðavægi verði jafnað, eins mikið og kostur er en ég held að við þurfum að horfa á aðra valkosti heldur en að sem sagt gera landið að einu kjördæmi, vegna þess, eða þá að finna einhverjar leiðir til þess að tryggja það, eins og til dæmis var gert með kynja-kvótum í, eða svona kynjaleiðréttingu í kosningum til Stjórnlagabings, að það verður að huga að því að fólk sem að ekki býr á höfuðborgarsvæðinu, sem að gjarnan hefur minni tækifæri til að koma sér á framfæri í þjóð-félagsumræðu, að það eigi líka kost á ná kjöri með því að svona koma sér á framfæri kannski einkum í sinni heimabyggð.

Ég er mjög andsnúin því, allaveganna enn sem komið er, að við leggjum til einhverjar hugmyndir um að gera landið að einu kjördæmi. Það eru auðvi-tað vandamál sem að tengjast eiginlega öllum öðrum framsetningum, það er ekkert kosningakerfi fullkomið og það svona vekur hjá mér spurninguna um það að hvort að þetta sé mál sem að skipa á í stjórnarskrá yfirhöfuð. Þessi nákvæma útfærsla sem að verið hefur, hefur verið rætt hérna. Til dæmis í gær, þó að ég hafi nú ekki verið viðstödd fundinn, en ég hef svona séð glósur og heyrð í fólki. Að þá velti ég fyrir mér hvort að það sem að mér allveganna fannst vera bragabót, þegar að kosninga..., hinar ítarlegu kosningareglur voru færðar úr stjórnarskrá 1995, hvort að sú umræða hafi farið fram í nógu miklum mæli, að þannig ætti þetta að vera. Að við getum kveðið á um einhverjar grundvallarreglur um kosningarnar, til dæmis fjölda kjördæma eða kosningakerfi, en ekki nákvæmlega um stærð kjördæma eða annað. Að því sögðu þá vil ég nú kannski setja varnagla við því sem að Gísli nefndi með að kjördæmin mættu ekki vera of stór, til dæmis með 3 fulltrúa, að það hefur nú sýnt sig að konur vilja gjarnan verða að skrauti í uppstillingum flokka og lítill ástæða miðað við rannsóknir á til dæmis opnum listum, rann-sóknum á kosningum sem fara fram með óröðuðum listum, til þess að ætla að þær komi inn framar heldur en þær hafa gert í forvali eða prófkjöri og þess háttar fyrirkomulagi. Þannig að þeim mun minni sem kjör-dæmin eru, þeim mun færri er líklegt að konurnar verði, og ég vil ekki taka þátt í að móta kerfi sem að býður upp á þess háttar möguleika.

En hérna já, þannig að þetta svona með að konurnar, svona hafa í huga sko, ekki bara búsetuáhrif, heldur líka kynjaáhrif, og sömu afleiðingar hafa oft, eða sem sagt, kosningakerfi hafa oft mjög svipuð áhrif á aðra minnihlutahópa, þó að það sé kannski ekki mikið vandamál í nútímasamfélaginu á Íslandi, að þá er það eitthvað sem að við þurfum að hugsa um. Ég held að þetta séu nú svona mínar helstu athugasemdir, bara til að halda því á lofti, annars vegar að taka undir þessar áhyggjur af því að landið verði eitt kjördæmi en hins vegar að þau mega ekki verða of lítill til að koma í veg fyrir fjölbreytileika og í öðru lagi að, svona halda því til haga að ef til vill að þá eigi nákvæm skipan kosninga-mála ekki að vera stjórnarskrármál. Takk.

SN

Ari Teitsson er næstur á mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

AT

Formaður, ágætu ráðsfulltrúar og aðrir sem mál mitt heyrna. Ég vil nú byrja á því að þakka Pawel fyrir ágæta umfjöllun um stöðuna í nefnd C en langar að bæta inn örfáum atriðum frá eigin brjósti sem að auðvitað kemur þá fram í að það eru smá vandamál í nefndinni. Það er nú þannig að svona, tvö grunnprinsipp sem við fjöllum um í þessu sambandi eru annars vegar vægi atkvæða og hins vegar kjördæmaskipan. Og þetta eru í raun og veru þau atriði sem að mestu mála varðandi kjör til Alþingis, eða með öðrum orðum, möguleika þegnanna til að hafa áhrif á lagasetningu á Alþingi og störf framkvæmdavaldsins. En það er í raun og veru það sem við erum að gera með Alþingiskosningum. Nú segir gamalt máltæki, dregur hver dóm af sínum sessunaut. Og það hygg ég að eigi ekkert síður við

hér og nú en annars staðar, eða með öðrum orðum, þá tel ég að það megi ætla að það umhverfi sem að Alþingi og stjórnvísan öll í Reykjavík er í, þ.e.a.s. hér á suð-vestur horninu. Það hafi býsna mikil áhrif á stjórnsýsluna á Alþingi og að því skoðuðu þá finnst mér að það mætti alveg eins halda því fram, að jöfnun atkvæðavægis eða jöfnun vægis til þess að hafa áhrif á stjórnsýslu og lagasetningu, ætti að felast í því að færa landsbyggðinni aukin völd. Ég held að hallinn sé slíkur að það væri í raun meira jafnvægi ef við værum að horfa í raun á áhrifavaldið.

Þetta má auðvitað deila um, en ég vil þá minna á eitt í þessu sambandi. Það kemur fram í samantekt frá Þjóðfundum að fundurinn hafði miklar áhyggjur af stöðu landsbyggðarinnar og taldi að ný stjórnarskrá þyrfti að styrkja landsbyggðina. Og það er margt sem veldur þessum áhyggjum. Meðaltekjur á landsbyggðinni eru lægri heldur en á suð-vesturhorninu. Heilbrigðisþjónustunni á landsbyggðinni fer hrakandi. Skattlagning á landsbyggðinni er meiri en annars staðar, það er ekki síst í sambandi við vegalengdir, flutninga og eldsneytisskatt. Þið þekkið öll hvað, verðið á bensíninu og þið vitið að helmingurinn af því er skattar til ríkisins. Við á landsbyggðinni horfum upp á stöðuga verkefnatilfærslu frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis, þyngra en tórum taki. Og samkvæmt skýrslu Stjórnlagaráðs, aflar landsbyggðin 27% af opinberu fé en fær aðeins 15% til ráðstöfunar. Og þarna er mjög alvarlegur halli sem að við hljótum að horfa á. Síðan veikir það enn stöðu landsbyggðarinnar, að 4. valdið, fjölmiðlarnir, eru hér í Reykjavík, fjalla lítið um landið og fólkið sem þar býr, nema að það finnst slys eða óáran eins og til dæmis gos. Annars sést þetta tæplega. Og það má benda á það í þessu sambandi, að ég hygg að það sé óhætt að fullyrða að yfir 90% af viðmælendum í Kastljósi og Silfur Egils komi af suð-vestur horninu.

En af hverju skyldi nú Þjóðfundurinn vilja efla landsbyggðina? Það er væntanlega vegna þess að fólkið gerir sér grein fyrir að líf skjör Íslendinga munu áfram ráðast af því hvernig við nýtum landsins gæði. Auðlindir okkar, fiskimiðin, orkan, landið sem ferðaparadís, og land okkar sem landbúnaðarland sem getur brauðfætt milljónir manna, eru auðlindir sem þarf að nýta og verða ekki nýttar nema það sé byggð um landið. En ég held að þetta sé kannski það sem að þú undir hjá Þjóðfundum.

Við stefnum að því að færa þjóðinni nýja stjórnarskrá. Stjórnarskrá sem á að duga í einhverja áratugi. Stjórnarskrá hefur auðvitað mörg markmið. En ég hygg að eitt það skýrasta og eitt af því sem við höfum verið að velta fyrir okkur síðan við komum hér saman, það er að tryggja valddreifingu og reyna að setja meiri hlutanum hömlur. Og það er af því að við höfum gert okkur grein fyrir því að valdið spillir. Valdinu verður þess vegna að dreifa. Og því held ég að það sé hægt að halda því fram með verulegum rökum, að við þurfum líka að hafa það í huga, þegar við erum að gera breytingar sem að nú verða, að þegar að hlutum er breytt þá á sá veiki að bæta stöðu sína. Það á að vera eitthvað sem þú alltaf undir. Við gerum breytingar til þess að styrkja stöðu þess veika, en ekki þess sterka. Ég held að þetta sé afar mikilvægt að stjórnarskráarmíðir hafi þetta í huga.

Og í þessu ljósi tel ég að ef við förum að meta það sem við erum að gera í nefnd C varðandi jöfnun á at-

kvæðisvægi, í atkvæðavægis og fyrirkomulag Alþingis-kosninga. Við erum nú sammála um það markmið að efla lýðræði með virkari þátttöku almennings. Og auka þannig aðhald að þingmönnum og öðrum stjórnvöldum. Og að því höfum við, þeim tíma sem leiðir, ??? 238.18 en engin niðurstaða hefur þó náðst í þeim efnum, en markmiðin erum við sammála um.

Mér sýnast nú tveir kostir í stöðunni. Sá sem mér list betur á er í raun og veru sá sem Pawel var að tala hér fyrir áðan. Það er að segja útfæra þær tillögur sem fyrir liggja, sem eru nokkrar með það að leiðarljósi þó, að áhrifamáttur hins veika veikist ekki. Það verður að vera leiðarljós okkar í útfærslunni, annars er hún ekki heiðarleg. Hinn kosturinn, og það er kannski kosturinn sem að Silja nefndi áðan, var að eftirláta Alþingi einu, að skipa kosningafyrirkomulagi. Enda verðum við að horfast í augu við það, að það er of mikil óvissa um það hvernig róttækum breytingum á kosningafyrirkomulagi reiðir af, við verðum líka aðeins að muna eftir því. En við eigum valið, um hvora þessara tveggja leiða við förum. Ég hef lokið máli mínu.

SN

Takk. Þá tekur til máls Vilhjálmur Þorsteinsson. Og á meðan hann talar, loka ég mælendaskrá. Gjörðu svo vel Vilhjálmur.

VÞ

Já formaður og kærur ráðsfulltrúar. Ég ætla nú bara að nefna tvennt. Ég ætla að þakka Pawel fyrir góða fram-sögu og kynningu á þeim hugmyndum sem að í gangi eru í C-nefnd. Og nefna fyrst og fremst tvennt. Það er annars vegar persónukjör, sem að ég tel að sé gríðarlega mikilvægt að við komum á. Það lýtur að mörgum atriðum, það tengist þessari ábyrgð sem ég var að tala um í fyrri innleggjum hér á þessum fundi. Að það sé hægt að draga einstaka þingmenn til ábyrgðar og að þeir hafi ekki þá tilfinningu að þeir sitji í öruggu skjóli og þurfi ekki að óttast dóm kjósenda. Í kerfinu eins og það hefur verið, þá er í reynd talsverður fjöldi þingmanna sem situr á Alþingi í raun og veru í skjóli flokka, meira heldur en í skjóli kjósenda. Og ég held að því verði að aflétta, þeir verða að minnsta kosti að hafa þá tilfinningu að þeir kunni að vera látnir sæta ábyrgð af hálfu kjósenda. Einnig tel ég að við eigum að gæta að því með persónukjörinu einnig, að það sé möguleiki fyrir óháða einstaklinga að bjóða sig fram utan flokka-kerfisins, og tel það mjög gott að það sé möguleiki fyrir fólk að fara inn á þing án þess að þurfa að vinna sig í gegnum flokkapírámíða fyrst. Síðan ætla ég að segja varðandi það sem að Pawel nefndi um hugsanlegar málamiðlanir í kringum landið eitt kjördæmi, að það væri hægt að finna þar lausnir sem að kæmu til móts við þau sjónarmið sem að Ari til dæmis, lýsti hérna. Og ég hef verið einn af þeim sem að er eindreginn fylgjandi því að landið verði eitt kjördæmi, ég setti það í, það var í minni kosningastefnu, og ég hef alltaf haldið þessu fram og verið í, verið nálægt flokkum sem að hafa haft þetta á sinni stefnu lengi, þar á meðal Bandalagi jafnaðarmanna eins og ég nefndi áðan. Ég hef lítillaga kynnt mér þessar tillögur sem að, og hugmyndir sem að ég held að séu að fæðast þarna í C-nefndinni um þetta. Ég veit að Þorkell Helgason hefur sett fram ákveðnar hugmyndir í þessu efni, hann er nú fjarverandi hér, illu heilli. Og veit líka hvað Pawel er

að spá þarna, og ég er bjartsýnn á það fyrir mína parta að það sé unnt að finna þarna ákveðna millileið, sem að sameinar þetta tvennt, eins og Pawel lýsti. Og ég lýsi mig persónulega reiðubúinn til þess að styðja slíka lausn ef að hún finnst og ég hvet til þess eindregið að við reynum að finna þarna góða málamiðlun. Takk.

SN

Eiríkur Bergmann Einarsson. Gjörðu svo vel.

EBE

Já, kærur félagar. Ég þakka sömuleiðis fyrir þessa skýrslu nefndarinnar. Nú, ég er eins og margir aðrir fylgjandi því að landið verði gert að einu kjördæmi enda minna heldur en flest venjuleg kjördæmi. Það var allaveganna flestir sem lýstu því yfir í kosningabaráttunni ef ég man rétt, þannig að, og það kemur líka fram sem krafa Þjóðfundar. Þannig að það er nú kannski eðlilegt að ganga út frá þeirri tillögu, allaveganna svona í grunninn.

Nú, varðandi þær hugmyndir sem hér hafa komið upp um einhvers konar tvískipt kerfi, annars vegar landskjör og hins vegar kjördæmakjör í litlum kjördæmum. Að þá erum við auðvitað að horfast í augu við það að það býr til misvægi í flokkakerfinu. Það kemur þá inn misgengi í flokkakerfinu, sem að hyggjast stóru flokkunum, sem að munu sópa til sín þingsætin í smáu kjördæmunum, meðan að minni flokkar geta átt möguleika í landskjörinu. Þetta breytir auðvitað valdajafnvægi í landinu og færir völd til hins stóra á kostnað hins smáa. Alveg eins og að Silja Bára lýsti líka í sinni ræðu, að þá er miklu minni fjölbreytni yfirleitt sem kemur út úr smáum kjördæmum, heldur en stórum. Og þetta þurfum við auðvitað að varast. Nú, ég skil held ég mæta vel þau sjónarmið sem Ari Teitsson og fleiri mæla fyrir varðandi það að gæta að hinum veika, við breytingar á kerfum. Og það er svo sem alveg rétt. En það má líka alveg spyrja sig hver hinn veiki er í þessari stöðu. Ég held því fram að engir standi fjær valdinu á Íslandi heldur en alþýðufólk í úthverfum höfuðborgarsvæðisins. Það er það fólk þar sem að, þar sjást þingmenn sjaldnast. Mér er sagt að álika margir búi í Seljahverfinu og á Vestfjörðum. Og mér er til efs um að þingmenn eigi meira erindi í Seljahverfið heldur en á Vestfirði, yfirhöfuð. Þannig að þetta er nú eitthvað sem að við þurfum að taka til athugunar. Og svo er það í sjálfu sér ekkert eðlilegra í mínum huga að skipta kjördæmum upp eftir landshlutum heldur en öðrum markalínum fólks. Eins og til að mynda, stöðu að öðru leyti, eða skoðunum, eða hverju sem er. Það er hægt að, sko kjördæmaskipting er ekki bara landshlutabundin. Heldur getur hún verið bundin öðrum þáttum. Ég geri mér grein fyrir því að þessi sjónarmið sem hér eru uppi í ráðinu eru auðvitað ansi mótsagnakennd og þess vegna er auðvitað mjög spennandi að sjá útfærslu á þeim hugmyndum sem að Pawel hér lýsti, að það væru til einhvers konar leiðir til þess að setta þetta tvennt og þó að mig skorti nú eiginlega ímyndunarafl til þess að sjá hvernig það er vel gert, að þá bíð ég mjög spenntur eftir því að sjá þær tillögur. Og held að við ættum kannski öll að reyna að hafa opinn hug gagnvart því, og ég skal reyna að gera það fyrir mitt leyti. Og óska eftir því að við svona, tókum okkur dálítið drjúgan tíma í að skoða þær tillögur, þegar að þær koma. Takk fyrir.

SN

Erlingur Sigurðarsson.

ES

Formaður, góðir ráðsmenn og ráðskonur. Ég tek undir ræðu Ara, með flest sem hann sagði. Ég ætla ekkert að vitna í hana meira, eða endurtaka hana. En það hefur verið áberandi að undanförunu og allar breytingar taka mið af ríkjandi ástandi í pólitíkinni, hafa gert það. Þess vegna á grunnurinn að vera stjórnarskrárbundinn, til þess að þingmenn breyti honum ekki, eftir því sem að hentar þeim á hverjum tíma. Kjördæmin hafa stækkað, farið ört stækkandi. Og það er í samræmi við það að allir flokkar, allir, sem flestir framboðsaðilar ættu að ná þingmanni inn í kjördæmið. Og til þess að, þegar að það minnkar fylgið, þá hafa þeir? stækka svæðið. Ég hef sett upp drög að kerfi, sem ég ætla að leggja fyrir nefnd C. Og er ábyggilega eitthvað í líkingu við það sem Pawel orðaði hér áðan. Þetta flokkakerfi, þetta kerfi tekur mið af því að vera 18 kjördæmi. 8 landsbyggðarkjördæmi, 4 í Kraganum svokallaða, og 6 í Reykjavík. Og þá gerist það að Breiðholtið fær sinn þingmann. Því skyldi það ekki eiga hann.

En ég ætla að útfæra þetta aðeins nánar, eða segja ykkur frá þessu. Það verða 2 þingmenn í kjördæmi og síðan 1 uppbótarmaður sem úthlutast á landsvísu. Þeir 2 sem flest atkvæðin fá, hæsta prósentuhlutfall í hverju kjördæmi, verða kjörnir. Þriðju maðurinn kemur í kjördæmið, ef að það á uppbótarmann, á grundvelli bestu útkomu. Ef flokkurinn á þetta. 4 landsbyggðarkjördæmi fá ekki uppbótarmann, því að það er orðið of fámennt. Vestfirðirnir hafa ekki við Seljahverfinu. Og þetta væri enginn vandi að jafna þetta alltsaman, ef það hefðu ekki svona margir flutt frá Vestfjörðunum í Kópavog. En þetta gengur upp, og ég get sagt ykkur það að þetta er úthlutað eftir árangri prósentvís en ekki eftir atkvæðatölu. Það væri uppi þannig að hinn stóri og færi ekki betri útkomu úr þessu, og konur og aðrir minnihlutahópar eins og Silja Bára sagði, ég held að konur væru nú fleiri á Íslandi. En þær fá ekki verri útkomu úr þessu heldur en, ef frambjóðendum stillt upp í kjördæmi. Og það væru allar líkur til að annar þeirra sé kona, og þeir eru jafnir, þeim er ekki raðað. Og þessir frambjóðendur fara jafnframt á landslista sem ræður útkomunni. Þannig að það verður jafnt á milli flokka á landslistanum. Með þessu næst jöfnuður alveg á milli, já atkvæða og milli flokka. Það yrðu 6-7000 íbúar að baki hverjum þingmanni ef þetta yrði. Takk fyrir.

SN

Við ætlum að reyna að klára núna um hálf sex, þannig að ég ætla að biðja ykkur að reyna að stuðla að því. Katrín Fjeldsted. Gjörðu svo vel.

KF

Já, ég skal ekki vera margorð. Ég er ein af þeim sem hef haft miklar efasemdir um landið eitt kjördæmi og vil bara ítreka það á þessum fundi. Það eru hins vegar uppi tillögur sem að gætu snúið mér til annarrar skoðunar en ég hef verið á og ég er alveg opin fyrir því, að hlusta á þau rök. Ég hef verið hrædd um að landið eitt kjördæmi þýddi aukið flokksræði, og það vil ég ekki sjá. En ef hægt er að koma því við að landið eitt kjördæmi kalli ekki fram slíka niðurstöðu, þá gæti

það verið mjög til bóta. Mér finnst hins vegar vanta í þessa umræðu, þegar verið er að tala um kjördæmin og landsbyggðina, og ég tek alveg undir orð Ara um mikilvægi hennar og að landsbyggðin brauðfæði íbúa þessa lands og jafnvel stærra svæðis, þess vegna. Og við eigum allar mögulegar auðlindir, vatn og hreint vatn, og hreint loft, sem við getum státað okkur af. En ég er hins vegar hlynnt því að það sé, að landsbyggðinni sé gert hátt undir höfði á annan hátt en að hafa misjafnt atkvæðavægi milli fólks. Ég get illa sætt mig við það að hafa ekki sama, sömu áhrif á stjórn landsins og að velja þingmann, en sá sem býr á Norðurlandi vestra til dæmis, eða annars staðar á landinu. Mér finnst mjög eðlilegt, og mér finnst það mannréttindi, að atkvæðisvægi sé jafnt. Mig langar svo bara að lokum að, af því að þið eruð að tala um kjördæmi, að það eru núna svokölluð landshlutasamtök sveitarfélaga. Þau eru 8 talsins og þau miðast við gömlu kjördæmin 8. Að menn gleymi því ekki að það eru til slíkar einingar nú þegar. Og þegar við erum að véla um mál í okkar vinnu að stjórnarskrá, við gleymum því ekki að það eru til slíkt samtök. Mér finnst skipta miklu máli að færa ákvarðanatöku í sem flestum málum nær almenn- ingi. Það er kölluð nálægðarregla og er vel þekkt regla. Heitir principle of subsidiarity. Hún mælir fyrir um að ákvarðanir séu teknar sem næst fólki og þær séu teknar af, ákvarðanir séu teknir af þeim sem ákvarðanir varðar. Bara að við gleymum þessu ekki. Takk fyrir.

SN

Þá tekur til máls Guðmundur Gunnarsson. Gjörðu svo vel.

GG

Já, takk. Góðir áheyrendur, hvar sem þið eruð, hvort sem þið eruð hér eða annars staðar. Þá langar mig til þess að taka til máls í sambandi við það sem að Ari sagði, bara svona nokkur staðreyndaratriði. Og í fyrsta lagi byrja á því að segja að í þeim, því sem hann var að vitna til, að þá er ekkert að marka meðaltöl, nákvæmlega ekki neitt. Í fyrsta lagi að þá er allt atvinnuleysi flutt frá landsbyggðinni til Reykjavíkur. Og launlægsta fólkið, það er statt hér í Reykjavík, og í úthverfum Reykjavíkur. Þannig að menn vilja fara út í þennan samanburð, að þá þýðir ekki að vitna til meðaltala. Þau segja nákvæmlega ekki nokkurn skapaðan hlut. Við þekkjum það, að minnsta kosti sem störfum í, höfum starfað í tengslum við vinnumarkaðinn, að ef að fólk er atvinnulaust einhvers staðar úti á landi, að þá flytur það til Reykjavíkur.

Hvers vegna flytur fólk til Reykjavíkur? Spyr maður. Ef við eigum að fara út í þá umræðu ... Ég held að hún hafi reyndar ekkert að gera inn í þennan samanburð, nákvæmlega ekki neitt. Af því að hún segir okkur ekki neitt. Það er hægt að draga samt mjög sterk rök sem styðja í raun og veru andstætt öllu því sem Ari sagði, að það ætti í raun og veru að flytja í raun og veru allt atkvæðamagn til Reykjavíkur. Ef við notum sömu rök og hann notaði. Og þá skulu menn bara fara og skoða þær skýrslur sem eru til um vinnumarkaðinn, um launahlutföll, og hvar störfun eru og hvar atvinnuleysið er. Og hvar ómegðin er mest. Og hvar mesta vesenið er í samfélaginu. Og það er sannarlega ekki úti á landsbyggðinni. Við þurfum ekki að fara nema hérna bara svona 5-6 kílómetra til þess að finna þá staði, hér uppi

í holti hér fyrir ofan okkur. Þannig að ég held að menn ættu í raun og veru, landsbyggðarmenn ef þeir eru að leita að rökum til þess að styðja sitt mál, þá ættu þeir að líta á eitthvað annað heldur en þessi meðaltöl sem þeir eru að beita fyrir sér. Því að þau í raun og veru vinna gegn þeim ef þau eru skoðuð. Þau eru til, þessi meðaltöl, og það er til alveg vitneskja um það allt saman.

En ég held að við ættum að frekar að líta þá til þess raunveruleika sem að við búum við í, á Íslandi. Og hver er hann? Hann er jú sú, að fólkið leitar þangað sem að því er boðið upp á besta umhverfið í sambandi við fjölskylduna. Hverjir eru að flytja frá Íslandi í dag. Það er ekki atvinnulausa fólkið. Það fólk sem er að flytja frá Íslandi í dag er velmenntað fólk í góðum störfum og með góð laun. Og hvers vegna er það að flytja? Jú, vegna þess að því býðst betra fjölskylduumhverfi í norræna samhverfinu. Það er að flytja til Bergen, það er að flytja til Kaupmannahafnar, það er að flytja til Stavanger. Það er að flytja til borga sem eru allar að minnsta kosti jafn stórar og Ísland er í heild sinni, þ.e.a.s. 300.000+. Og hvers vegna? Vegna þess að það er boðið upp á það umhverfi sem fólkið vill búa í, þ.e.a.s. unga fólkið. Til dæmis skaffaði álverið á Reyðarfirði einhvern fólksflutning þangað? Þvert á móti. Það fólk sem að flutti, til dæmis, út af álverinu, til dæmis ef við lítum til tæknifólksins. Það býr hér, þeirra fjölskyldur búa hérna, á höfuðborgarsvæðinu. Þetta eru farandverkamenn, þetta er bara svona eins og menn sem eru að vinna á togurum. Það er, og hvers vegna? Jú, vegna þess að makinn fær í fyrsta lagi ekki þá vinnu sem hann er menntaður til, hann sættir sig ekki við það umhverfi sem honum er boðið upp á hvað varðar möguleika til vinnu. Og líka, börnin fá ekki, sem sagt, aðgang að þeim skólum sem að fjölskyldan vill fá, og svo fleira og fleira. Þannig að, við skulum tala um einhverja aðra hluti, ef við förum að tala um þetta frá þessu sjónarmiði. Hvers vegna vill fólk, og hvers vegna vilja þjóðfundir fá breytingar á því kosningakerfi sem við erum með í dag. Við skulum tala um það mikið frekar. Af því málið snýst í raun og veru um það. Og hvað er að kerfinu. Meira en helmingur þingmanna veit það að hann þarf ekkert að óttast það, honum er nákvæmlega sama um kosningar. Vegna þess að hann er sjálfkjörinn inn á þing. Hann fær enga refsingu, það er sama hvernig hann hagar sér á þingi. Hann er bara í öruggu sæti. Og hverjir eru það sem eru mestu skussarnir á Alþingi, sem að í raun og veru leiddu þjóðina í þær ógöngur sem hún er í. Ef þið skoðið það fólk sem að var við stjórnvölinn þá, þá sjáið þið hvers vegna við förum í þetta kerfi. Það var ríkið sem að brást. Og það var eftirlitskerfið sem brást. Þessir menn sem að við kusum og eru sjálfvaldir inn á þing. Það voru þeir sem sátu í öllum þessum stöðum, til þess að hafa eftirlit með því, og áttu að passa upp á það að við færum ekki í þessa stöðu. Það var ekki einhver léleg launakjör í Þingeyjarsýslum sem urðu þess valdandi. Það hefur ekkert með það mál að gera. Og það er það sem að þarf að gerast í sambandi við það, þegar menn fara að velta fyrir sér, hvað ætlum við að gera til þess að lagfæra þetta kerfi sem að við notum til þess að velja fólk til þess að stjórna landinu. Það skiptir í raun og veru engu máli hvort að Örafajökull sé þar inni í myndinni eða ekki, sko. Það kemur málum bara ekkert við. Það er kerfið sjálft sem við þurfum að laga. Og við

þurfum að gera kerfið þannig, að kerfið vakti yfir þeim mönnum sem eru valdir þarna inn á þing. Og sjái til þess að ef að þeim verður á, jafnmikil mistök og þeir ... hefur ... við höfum bara, við getum séð, og þú getur rakað þig í gegnum tíðina. Að þá mundum við kannski fá, þá mundu menn vanda sig betur. Hvaða fyrirtæki ganga verst á íslenskum markaði? Nú það eru fyrirtæki, yfirleitt svona í, frekar í þessum opinbera geira, þar sem að fólk þarf í sjálfu sér ekkert að vanda sig. Það þarf ekkert að leggja sig fram vegna þess að það bara veit það, það bara stimplar sig inn morguninn eftir. Hvaða fyrirtækjum gengur best? Það er þar sem að starfsfólkið þarf að standa sig og það gengur ekkert að sínu starfi öðruvísi daginn eftir, en að það hafi sjálft staðið sig, og gert fyrirtækið betra í dag, heldur en það var í gær. Og þetta þekkjum við sem erum í störfum í tæknigeiranum, mjög vel. Og það er akkúrat svona sem að kerfið sem við þurfum að búa til. Við þurfum að losna við þessi prófkjör. Við þurfum að gera atkvæðagreiðslurnar þannig að það fari fram persónukjör. Og það líka, að það gangi upp þannig, að ef menn verða á alvarleg mistök, að þá sitji þeir ekki áfram í huggulegheitum. Og geta síðan skrifað einhverja fánalega pistla á bloggin og í dagblöðin sem eru sko, sko pistla sem eru sko svo gjörsamlega úr öllu korti, sko. Það er ekki heil brú í þeim. Samt sitja þarna, þetta eru þetta, menn sem sitja í öruggum sætum á Alþingi, ár eftir og áratug eftir áratug. Og er það nema von að sé komið fyrir okkur eins og er komið fyrir okkur. Þegar við búum við svona kerfi. Og eins og ég ætla bara að ítreka það, það hefur ekkert með þessi meðaltöl, sem voru þulin upp hérna áðan. Nákvæmlega ekkert með þau að gera. Og ef menn vilja fara út í það, að þá skal ég koma með bunka af alls konar meðaltölum hérna, sem sýna ákkúrat hið gagnstæða. Þau eru til í stöflum niðri á ASÍ og skrifstofum allra stéttarfélaganna, hringinn í kringum landið.

SN

Takk. Dögg Harðardóttir. Gjörðu svo vel.

DH

Formaður, ágætu ráðsmenn og aðrir sem enn sitja hér. Ég held að lausnin sé fólgin í því að við skiptum um íslenska þjóð. Ég man eftir því þegar ónefndur bankastjóri var látinn fara frá bankanum sínum. Hann bauð sig fram á þing, og var kosinn! Það, ég held að þessi vandi sé miklu djúpstæðari heldur en svo að hann sé bara eitthvað sem tengist Alþingi. Og ég hef líka áhyggjur af því, þegar fólki finnst í lagi að vinna svart og kallar það bara skattfrjálsa vinnu. Þannig að ef við erum farin út í þessa sálma, þá myndi, já, annað hvort þurfum við meira kristið siðgæði inn í þjóðina okkar, og meiri heiðarleika, eða bara hreinlega skipta um íslenska þjóð. En ég er hrædd um að seinni kosturinn sé ekki í boði.

GG

var farandverkamanna ...

DH

Ég tel að þessi umræða sé ekki að leiða okkur eitt eða neitt. Og ég held að ef við gerum ekki eitthvað stórkostlegt, þá annaðhvort, verður þetta, þessi ákvæði þau verða annað hvort óbreytt í stjórnarskránni eins

og þau eru, vegna þess að við rennum út á tíma, með þessu stappi. Eða kannski leysir það ákveðinn vanda, að kveða ekki á um þetta í stjórnarskrá. En auðvitað er ákveðin hættu þá, að það verði farið að þjarka um það á þingi hvaða leið eigi að fara. En ég hef áhyggjur af þessari umræðu. Og það er eitt í viðbót, sem mig langaði til þess að segja, það var verið að tala um hérna áðan, yfirlýsingar okkar fyrir kosningar. Ég var ein þeirra sem aðhylltist persónukjör og landið eitt kjördæmi, fyrir kosningar. En um leið og kosningarnar til Stjórnlagabings voru afstaðnar, þá skipti ég um skoðun. Vegna þess að ég hugsaði með mér, það er nánast ómögulegt fyrir óþekkt fólk að koma sér á framfæri í svona kosningum, nema eiga til þess mikla peninga, eða hafa hagsmunasamtök á bakvið sig. Þannig að ég held að við ættum að hætta að vísa til yfirlýsinga okkar, hvort sem þær voru í DV, sem við gátum ekki útskýrt á nokkurn hátt. Eða einhvers staðar annars staðar.

SN

Arnfríður Guðmundsdóttir, er næst á mælendaskrá.

AG

Já, formaður og kæra ráðsfólk og aðrir áheyrendur. Ég skil mjög vel það sjónarmið að allir þegnar landsins eigi að hafa sem jafnastan rétt til þess að ákveða um stjórn landsins. En ég hef mjög miklar efasemdir um að landið sé eitt kjördæmi. Ég hef áhyggjur af því að, að þá sé ekki verið að taka tillit til allra þegna landsins sem búa við ólíkar aðstæður. Mér finnst mjög mikilvægt að finna þann vilja hjá nefndinni, að leysa þetta flókna mál. Ég geri mér grein fyrir því að þetta er flókið. Og ég býð spennt, eins og fleiri, eftir að sjá nánari útfærslur á einhvers konar blönduðu kerfi, sem að leyfir hvort tveggja, bæði skiptingu í kjördæmi og síðan aukið vægi, sem sagt, landskjörinna fulltrúa. Takk.

SN

Já, takk fyrir. Þá er komið að Pawel Bartoszek, formanni nefndar C, til að svona taka saman í lokinn. Gjörðu svo vel.

PB

Já, takk. Og takk fyrir góðar umræður. Nokkuð sem ég punktaði hjá mér. Það voru nokkrir sem minntust á það hve ítarleg ákvæði um þessi mál eigi að vera í stjórnarskrá. Og ég hef nú sjálfur oftast nær talað fyrir mjög almennum ákvæðum. En ég hins vegar skynjaði það í nefndinni á sínum tíma, að ég væri einn um þá skoðun. En það er auðvitað eitthvað sem kemur til greina, að gera það með þeim hætti að tilgreina einungis algjöran grunn, um að þingmennirnir séu kosnir frjálsum og leynilegum kosningum. Það er til dæmis það sem nokkur lönd gera. Það er sá möguleiki, er vissulega fyrir hendi, en þau sjónarmið hafa orðið ofan á í nefndinni, að það sé betra að tilgreina þetta aðeins nákvæmara til þess að þingið hverju sinni geti ekki breytt þessu auðveldlega. En löndin fara mjög ólíkt að með í þessum efnum. Báðir möguleikarnir eru til staðar, eins og staðan er, þá sýnir mér fleiri vera á því að hafa þessi ákvæði ítarlegri heldur en ekki. Það komu fram tvö sjónarmið sem að kallast dálítið á, þótt mótsögnum (mótsagnarkennt??) sé. Annars vegar, sem sagt, í rauninni áhyggjur af

flokksræði og áhyggjur af kynjasjónarmiðum. Sem sagt áhyggjur af hlutstöðu kynjanna í ólíkum kosningakerfum. Ég hef persónulega hallast að því að menn og flokkar, gætu ákveðið að bjóða fram bundna lista, sem kjósendur gætu breytt með einhverjum hætti, en engu að síður að listarnir væru fyrirfram ákveðnir. Það auðvitað kallar á meira flokksræði. Aftur á móti þá gefur það möguleika á því að flokkur geti ákveðið, eða samtök geti ákveðið eins og margir hafa viljað gera, að tryggja ákveðið hlutfall ákveðinna landsvæða, eða kynja, á framboðslistum hjá sér. Og þess vegna hef ég svona, viljað hallast að því að gefa mönnum færi á að gera þetta áfram, ef þeir svo kysu. Ef aðrir flokkar vilja frekar gefa, láta kjósendum fullt vald um það hvernig er raðað á lista, þá sé það gert með þeim hætti. Þetta er hins vegar bara mínar persónulegu skoðanir, ekki afstaða nefndarinnar.

Nú, að umræðu um stöðu landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðis, þá vil ég segja þetta. Og þá, enn og aftur, þetta er bara mín persónulega skoðun. Að þetta snýst fyrir mér ekki um stöðu, sko á atvinnumálum eða neinu öðru. Ég hef viljað að atkvæðavægi væri jafnt. Ég held að það sé hlutur sem ekki væri að fara aftur til baka, þegar það skref er stigið einu sinni. Mér finnst það bara ákveðið prinsipp. Á sama hátt, þá hef, finnst mér það skiljanlegt prinsipp, að menn vilji það, að ákveðin landsvæði hafi sína fulltrúa á þingi. Það eru bara prinsippin sem ég legg til grundvallar, persónulega, og þau tengjast ekki, sko, það hvaða svona, neinum efnahagslegum hlutum. Ég ætla ekki að lofa því að við munum laga stöðu landsbyggðarinnar með einhverju öðru hætti annars staðar. Ég held að það sé ekki einu sinni heildarlegt, að sestjast ætla að gera það. Þetta er bara eitt ákveðið mál.

Nú, almennt um áhyggjur vegna persónukjörs. Þá er ég sjálfur ekki endilega mesti stuðningsmaður eða andstæður þess fyrirkomulags. Það er vilji hér meðal ráðsins að gera þetta með þeim hætti, og ég held að þetta kerfi hafi töluverða kosti. Ég held að það bjóði upp á þann möguleika að menn geti refsað þingmönnum frekar. Og ég hef reyndar ekki sko, jafnmikla gagnrýni á það, að þetta fyrirkomulag hyggli frekar þeim sem eru frægir, eða ekki. Það er náttúrlega, þetta kom, sú gagnrýni kom fram að kosningu lokinni en ég sá nú kannski ekki fyrirfram Ef ég hefði séð mjög marga giska á þessi 20 nöfn fyrirfram, og hafa það skjalfest, þá hefði ég kannski trúað því. Það er, þetta er svona eins og alltaf sko, eftir á þá er mjög augljóst að við höfum ákkúrat verið hópurrinn sem hafi verið kjörinn. Það er mjög auðvelt að spá þessu fyrir eftir á. En það var ekki jafn auðvelt að spá þessu fyrirfram. Þannig að, ég held að sko, í grunninn talið þá eru öll kosningakerfi þannig, að það er betra að vera aðeins þekktur, heldur en ekki. Þannig að ég hef kannski ekkert persónulega rosalega mikið áhyggjur af því en þetta er auðvitað, þessi kosning okkar er ákveðinn lærdómur sem þarf að draga, það þarf að draga ákveðinn lærdóm af henni, engu að síður. Takk fyrir.

SN

Já, þá er umfjöllum um skýrslu verkefnanefndar C lokið, og ég þakka formanni nefndarinnar og nefndarmönnum fyrir. Nú það er enn eftir af dagskránni liður 4, sem er skýrsla og tillögur A-nefndar og við munum fresta fundi hér til hálf 10 á morgun, í fyrramálið. Byrja

aftur hálf 10 í fyrramálið og þá er sem sagt fundi okkar hér frestað þangað til. Takk fyrir.

SN

Góðan dag. 10. fundi Stjórnlagaráðs er framhaldið og forföll hafa eftirtaldir boðað: Ari Teitsson, Freyja Haraldsdóttir og Pétur Gunnlaugsson.

4. Skýrsla og tillögur A-nefndar

SN

Dagskrá er fram haldið og nú er komið að skýrslu verk-efnaneftand A og ég gef formanni hennar Silju Báru Ómarsdóttur, orðið. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Formaður, kærur félagar og ja, það eru nú engir gestir, aldrei þessu vant. Við í A-nefnd höfum verið síðustu tvær vikurnar að vinna að mannréttindakaflanum áfram, meðal annars og kannski einkum, efnahags-, félags- og menningarlegum réttindum. Ákvæðum um eignarétt, umhverfis- og auðlindamál og ýmislegt annað. Og í dag erum við að leggja fram til kynningar 11 greinar sem að tengjast þessum sviðum og við byrjum á því að fara yfir þessi efnahagslegu og félagslegu réttindi. Þetta eru ákvæði sem hafa eingöngu að litlu leyti verið í núverandi stjórnarskrá og eftir að breytingar voru gerðar á stjórnarskránni 1995 sagði Ragnar Aðalsteinsson að í raun væri ekki hægt að tala um mannréttindi án efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra og réttinda. Og við svona horfum á það og þótt að í þessari endurskoðun 1995, hafi verið kannski verið færð inn þau ákvæði sem auðveldast var að hrinda í framkvæmd og mest sátt ríkti um, að þá teljum við að nú sé komið tækifæri til þess að ganga að einhverju leyti lengra en gert var við síðustu endurskoðun. Og ég ætla að kynna þessi ákvæði eins og þau standa núna. Við kynntum hugmyndir okkar fyrir ráðsfulltrúum á miðvikudag og fengum frekari ábendingar sem við reyndum að bregðast við, að einhverju leyti á þeim skamma tíma sem gafst í gærmorgun, fyrir ráðsfund. Okkur hefur ekki tekist að koma til móts við allar tillögurnar en þær eru lagðar fram hér til kynningar og við eigum eftir að fara aðra umferð yfir þær. Þannig að, bara rétt að leggja áherslu að það að þetta er ekki, við lítum ekki á það sem svo að þetta séu endanlegar tillögur af okkar hálfu. Og bara ítreka það, að það var í fundarboði til ráðsfolks, var sagt að þetta væri til afgreiðslu en þetta er eingöngu til kynningar.

Við erum að leggja fram ákvæði númer 15 til 25. Þau eru sett fram í beinu framhaldi af ákvæðum sem við kynntum upphaflega í byrjun maí og voru afgreidd inn í áfangaskjalíð á ráðsfundi 12. maí. Uppfærðar tillögur eiga að vera komnar á netið núna og vera á borðum hjá ykkur. Þær, þessar tillögur bærust fulltrúum frekar seint, við biðjumst afsökunar á því. En eins og ég sagði þá vorum við að reyna að taka tillit til athugasemda sem að komu fram á sameiginlegum nefndarfundum á miðvikudag og reyndum frekar að koma eins miklu inn fyrir fundinn, frekar heldur en að koma skjalinu út, þá á miðvikudag.

Og það er þá ákvæði nr. 15 sem við byrjum á, það snýr um réttinn til heilsu. Tillaga okkar hljóðar svo: Öllum skal tryggður með lögum réttur til heilbrigðis-

þjónustu, sem miðar að líkamlegri og andlegri heilsu að hæsta marki sem unnt er.

Í 1. málsgrein 76. greinar nágildandi stjórnarskrár er talin vera trygging fyrir réttinn til heilbrigðisþjónustu, en greinin vísar aðeins til réttar til aðstoðar vegna sjúkleika. Og við vildum með þessari breytingu gera inntak ákvæðisins algveg skýrt, setja þetta í sérákvæði líka, og orða þannig að almenningi sé fyllilega ljóst að hér sé um skýlausan rétt að ræða. Þá erum við að bregðast við kröfu Þjóðfundar þar sem að fram komu viðhorf um verndun velferðarkerfisins og jafnan rétt til heilbrigðisþjónustu óháð tekjum og búsetu. Og þessi breyting er líka gerð til þess að færa stjórnarskrána til samræmis við 12. grein alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem Ísland er þegar aðili að. En sú grein hljóðar svo: Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum viðurkenna rétt sérhvers manns til þess að njóta líkamlegrar og andlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er. Þannig að það er þarna ákveðin endurspeglun á orðalagi.

Nú 16. grein fjallar um réttinn til menntunar. Hún er svohljóðandi: Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar. Öllum skal standa til boða grunnskólamenntun án endurgjalds. Menntun skal miða að fullum þroska hvers og eins, gagnrýnni hugsun og vitund um réttindi og skyldur. Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, lista og æðri menntunar.

Þessi grein er framan af í samræmi við 2. málsgrein 76. greinar nágildandi stjórnarskrár en bætir síðan aðeins við hana. Þar erum við að færa stjórnarskrána til samræmis við 13. grein alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. En þar segir að barnafræðsla skuli vera skyldubundin og öllum tiltæk án endurgjalds. Í nágildandi stjórnarskrá er ekki kveðið á um skólaskyldu og við höfum ekki gengið svo langt að bæta því ákvæði inn en það að grunnskólamenntun sé aðgengileg án endurgjalds töldum við vera nauðsynlegt að hafa inni. Það var nokkuð rætt um hvort að það væri munur á grunnmenntun eða grunnskólamenntun. Á einhverjum tímupunkti vorum við með texta sem að sagði: Öllum börnum skal standa til boða. En með því að setja þarna inn grunnskólamenntun, töldum við ljóst að, svona skýrast um hvað væri að ræða, en við viljum endilega fá meiri umræðu um þetta.

Þá skyldu sem að sett er á ríki til þess að veita eða, hið opinbera, til að veita menntun án endurgjalds á ekki að skilja sem svo að bannað sé að reka einkaskóla. Og að lokum höfum við bætt inn þarna ákvæði, nýju ákvæði um frelsi vísinda, lista og æðri menntunar. Að það skuli vera tryggt með lögum. Fyrirmynd að þessu sækjum við meðal annars til Finnlands og Þýskalands, en þetta er ákvæði sem að er að finna í ýmsum stjórnarskrám.

Þá er það 17. grein. Hún er svohljóðandi í okkar tillögu: Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum ef almannahagsmunir krefjast. Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, sanngjarna launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu. Þessi grein byggir á 75. grein núverandi stjórnarskrár en með breytingartillögunni erum við að færa hana til samræmis við 6. grein alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Hún er svohljóðandi: Ríki þau sem aðilar eru að samningi

þessum viðurkenna rétt manna til vinnu, sem felur í sér rétt sérhvers manns til að hafa tækifæri til þess að afla sér lífsviðurværis með vinnu sem hann velur sér eða tekur að sér af frjálsum vilja, og munu ríkin gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja þennan rétt.

Þá er stjórnarskráin færð með þessu til samræmis við 7. grein alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og sú grein er svohljóðandi: Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum viðurkenna rétt sérhvers manns til þess að njóta sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða sem tryggja sérstaklega sanngjarnt kaup og jafnt endurgjald fyrir jafnverðmæta vinnu án nokkurrar aðgreiningar. Og sambærilegt ákvæði er einnig í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland er aðili að.

Og þá er einnig tengt hérna við 23. grein mannréttindayfirlýsingarinnar en sú grein tekur reyndar einnig til verndar gegn atvinnuleysi, sem við höfum ekki sett inn a.m.k.enn sem komið er.

Þá er það tillaga að 18. grein. Hún byggir einnig eins og rétturinn til heilsu að nokkru á 1. málsgrein 76. greinar núverandi stjórnarskrár en við höfum aðskilið hér að einhverju leyti allaveganna. Hún er svohljóðandi: Öllum skal tryggður réttur til lífsviðurværis og félagslegs öryggis. Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til félagslegrar aðstoðar og almannatrygginga, svo sem vegna atvinnuleysis, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna. Hér erum við að reyna að færa stjórnarskrána til samræmis við 25. grein mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, sem við erum aðilar að, og hún er svohljóðandi: Allir eiga rétt á lífskjörum sem nauðsynleg eru til verndar heilsu og vellíðan þeirra sjálfra og fjölskyldu þeirra. Og einnig til samræmis við 9. grein alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagslegra og menningarlegra réttindi, sem er svohljóðandi: Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum viðurkenna rétt sérhvers manns til félagslegs öryggis, þar á meðal til almannatrygginga. Og tengir einnig við félagsmálasáttmála Evrópu sem að við erum einnig aðilar að.

Og í 19. grein er fjallað um eignarétt og byggir á núverandi 72. grein. Greinin er svohljóðandi í okkar tillögu: Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir. Eignarétti fylgja lögbundnar takmarkanir og skyldur. Nýting eignaréttar skal ekki ganga gegn almannahag. Þetta ákvæði hefur tekið nokkrum breytingum í meðförum nefndarinnar. Við höfum meðal annars litið til þýsku stjórnarskrárinnar, þar sem eignaréttur er tengdur við skyldur sem honum fylgja. Og mörg dæmi þess að eignarétti fylgi skyldur er að finna í nágildandi lögum og má þar nefna byggingar- og skipulagslög, vatnalög og nábýlisrétt. Og það er ekki verið að breyta inntaki eignaréttar frá því sem nú er, heldur endurspeglar núverandi réttarástand.

Við gerum að tillögu okkar að felld verði brott síðasta málsgrein nágildandi ákvæðis sem vísar til þess að takmarka megi eignarhald erlendra aðila með lögum og viljum þannig draga úr mismunum á grundvelli þjóðernis. Breytingin á 2. málsgrein tryggir hins vegar að stjórnvöld hafi áfram möguleika á því að takmarka eignarhald með lögum, en þá ekki einvörðungu á grundvelli þjóðernis.

Tillaga okkar að 20. grein er nýlunda og hún felur í sér vernd og varðveislu menningarverðmæta. Hún er svohljóðandi: Þjóðareignir sem heyra til íslensku menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja. Greinin byggir meðal annars á 1. grein þjóðminjalaga nr. 107/2001 og veitir menningarverðmætum vernd sambærilega þeirri sem veitt er náttúruauðlindum í tillögum nefndarinnar. Hér þarf að skoða nánar hvernig greinin snertir meðal annars handritagjöf Dana.

Þá er nokkur efnisleg breyting á tillögunum. Þær sem að koma hér á eftir snúa meira að náttúru og umhverfi, en við reynum að stilla þessu svona upp til þess að tengja annars vegar eignarrétt og þjóðareignir, bæði menningarlegar og náttúrulegar, og hins vegar að tengja saman auðlindir og umhverfismál.

Og ég ætla að kynna hérna saman tillögur okkar að 21. og 22. grein, en þær nátengdar og fjalla um auðlindir og umhverfismál. Og tillögurnar eru svohljóðandi, að 21. grein: Náttúruauðlindir Íslands eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Þær ber að nýta á sjálfbærnan hátt til hagsbóta öllum landsmönnum. Enginn getur fengið þær til varanlegrar eignar eða afnota og því má aldrei selja þær eða veðsetja. Handhafar löggjafar- og framkvæmdavalds vernda auðlindirnar og geta veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar þeirra gegn fullu gjaldi og til hóflegs tíma í senn. Slík leyfi leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum. Auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu eru þjóðareign. Til auðlinda í þjóðareign teljast jafnframt náttúrugæði, sem ekki eru í einkaeigu, svo sem nytjastofnar, landsvæði, vatns- og virkjunarréttindi og jarðhita- og námaréttindi.

Og þá 22. grein: Náttúra Íslands er friðhelg. Hverjum og einum ber að virða hana og vernda. Nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar skal haga svo að þær skerðist ekki til langframa og réttur komandi kynslóða sé virtur. Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni og óspilltri náttúru til lands, lofts og sjávar þar sem líffræðilegri fjölbreytni er viðhaldið og fyrri spjöll bætt eftir föngum. Almenningsi er frjálst að fara um landið eins og lög leyfa.

Með þessum tillögum erum við að bregðast við kröfum Þjóðfundar, þar það viðhorf var áberandi á Þjóðfundi, að mæla bæri fyrir um auðlindir þjóðarinnar í stjórnarskrá. Náttúruauðlindir, og þetta er tilvitnun, náttúruauðlindir hvort heldur í lofti, láði eða legi, skuli skilgreina sem eign þjóðarinnar. Reglur um nýtingu auðlinda verði skýrar og horfi til komandi kynslóða og arður af nýtingu auðlinda renni að meginhluta til þjóðarinnar. Þetta er sem sagt úr skýrslu Stjórnlaganefndar. Og markmiðið með tillögunum er að koma til móts við þessi sjónarhorn.

Þá erum við með þessu að færa stjórnarskrá til samræmis við 2. grein alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi sem Ísland er aðili að. Þar segir: Allar þjóðir mega, í sínu eigin markmiði, ráðstafa óhindrað náttúruauðæfum og auðlindum sínum brjóti það ekki í bága við neinar skuldbindingar sem leiðir af alþjóðlegri efnahagssamvinnu, byggðri á grundvallarreglunni um gagnkvæman ábata, og þjóðarrétti. Aldrei má svipta þjóð ráðum sínum til lífsviðurvaris.

Í 22. grein ræddum við hvort segja ætti að öllum eða hverjum og einum bæri að virða og vernda náttúru

Íslands en með þessu orðalagi viljum við draga fram að skyldur séu lagðar á borgarana en þeim ekki eingöngu veitt réttindi. Og nokkur umræða var um það hvort það væri misræmi í notkun á auðlindum í þjóðareign, sameiginlegar auðlindir og þar fram eftir götunum, en við ákváðum að halda, að minnsta kosti í bili, orðalaginu eins og það stendur, þar sem að annars hefðu orðið aðrar breytingar, sem hefði kannski þurft að taka til, og ekki vannst tími til að vinna.

En þá er það 23. grein tillagna, hún fjallar um upplýsingaskyldu stjórnvalda og að hafa samráð við borgarana í málum er varða umhverfið. Og er svohljóðandi: Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það. Með lögum skal tryggja almenningi rétt til þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfið. Réttur almennings til aðildar að dómsmálum varðandi mikilvægar ákvarðanir um sameiginlegar auðlindir og umhverfi Íslands skal tryggður með lögum.

Ekkert ákvæði í þessa veru er í núverandi stjórnarskrá, en því er bætt inn í mannréttindakaflann í samræmi við tillögu Stjórnlaganefndar. Nefndin gengur þó ívið lengra en stjórnlaganefnd leggur til, að því leyti að lögð er frumkvæðisskylda á hið opinbera og þar með tekið tillit til innsendra erinda, sem nefndinni hafa borist um umhverfismál. Þetta ákvæði þarf síðan að skoða í samhengi við útfærslu nefndar B á almennri samráðsskyldu stjórnvalda að sænskri fyrirmynd sem að mér skilst að þar sé til umræðu. Hún verður svona, verður eitthvað sem við verðum að gera í lokin að bera saman hvernig, hvort að við séum að skarast á milli nefnda og endurtaka hluti.

En þá er næstsíðasta greinin, tillaga nr. 24, hún fjallar um dýravernd: Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda gegn útrýmingu. Við nýtingu dýrastofna og annars lífríkis skal gæta virðingar fyrir öllum lifandi verum. Þetta er nýmæli í stjórnarskrá og byggir á viðbrögðum okkar við innsendum erindum og athugasemdum á heimasíðu Stjórnlagaráðs. Okkur í A-nefnd þótti eðlilegt að ef þetta ætti að vera inni, að þá myndi það koma í framhaldi af ákvæðum um vernd og nýtingu auðlinda og náttúru.

Og að lokum er það svo tillaga okkar nr. 25, hún fjallar um skyldur samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum og hljóðar svo: Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarrétti og tryggja með lögum að eftir þeim sé farið. Reglur um mannréttindi njóta stjórnarskrárverndar þegar þær skuldbinda ríkið samkvæmt staðfestum milliríkjasamningi.

Þetta er nýtt ákvæði og er í samræmi við tillögur Stjórnlaganefndar þótt orðalagið sé örlítið breytt, þar sem nefndinni þótti það svona frekar lögfræðilegt og kannski ekki mjög skiljanlegt fyrir ólöglerðan almennings. Það er mér persónulega mikið ánægjuefni að bera fram þetta ákvæði, eitt þeirra mála sem ég vildi leggja áherslu á í þessari vinnu. Þegar ég bauð mig fram til starfa á hinu sáluga Stjórnlagabingi, var að kanna hvort að við gætum farið svipaða leið og Norðmenn, sem innleiða mannréttindareglur, eða veita mannréttindareglum stjórnarskrárvernd þegar þær eru innleiddar í mannréttindabálk norsku löggjafarinnar. Og með þessu er tryggt að mannréttindareglur í fullgiltum alþjóðasáttmálum hafi sömu stöðu og stjórnarskráin,

án þess að breyta þurfi stjórnarskránni hverju sinni. Þetta ákvæði kann þó að vera ónauðsynlegt ef C-nefnd tekur, mótar sem sagt, sínar tillögur um fullgildingar-ákvæði utanríkismálakaflann á ákveðinn hátt. En að minnsta kosti í bili þá leggjum við þetta fram hér.

Og þetta eru þá tillögur nefndarinnar, og við leggjum þær fram til kynningar og umræðna, ekki til afgreiðslu eins og kynnt var í fundarboði. Ég vil þakka nefnd A gott og gefandi samstarf að vanda og þakka fyrir góðar og málefnalegar umræður á sameiginlegum fundi allra nefnda á miðvikudag. Og kannski að öðrum ólöstuðum vil ég sérstaklega þakka Írisi Lind varaformanni nefndar C sem að fór mjög ítarlega yfir drög frá okkur um helgina og gaf okkur mjög vandaðar ábendingar. Nefndin á ennþá eftir að hafa ráðrúm til þess að bregðast við ýmsum þeim ábendingum sem að komu til okkar á opnum fundi, en við munum vinna úr þeim samhlíða þeim athugasemdum sem að komu fram í dag og auðvitað með tilliti til athugasemda sem að vonandi eru bara byrjaðar að tínast inn á heimasíðu ráðsins. Og ég vonast til að fá góðar umræður um þessar tillögur. Takk fyrir.

SN

Já, þakka formanni nefndar A fyrir góða kynningu og þá er orðið laust um tillögur nefndarinnar. Ómar Ragnarsson, gjörðu svo vel.

ÓR

Formaður, gott ráðsfolk og aðrir sem að hugsanlega kunna að horfa á eða hlýða á þessar umræður. Ég hef verið að hlusta á tónlist. Þakka þér Silja Bára Ómarsdóttir, fyrir mjög greinargóða framsögu og þakka A-nefndinni fyrir að mínum dómi frááábært verk. Ég er að tala um tónlist, þetta er eins og tónlist í mínum eyrum. Og það er vegna þess að þetta er tímamótaplagg. Ég tel að það sem að við erum að horfa á hér, ef það verður samþykkt og kemst í framkvæmd, að þá muni það halda verki Stjórnlagaráðs meira uppi en nokkuð annað, sem við höfum gert hérna. Aðeins að minnast á örfá meginatriði, verð ekki langorði. Hér er til dæmis náttúra Íslands er friðhelg. Að mínu mati er náttúra Íslands það einstæðasta sem þjóðin á, eða hefur umráð yfir. Og það er fullkomlega eðlilegt að náttúra Íslands sé friðhelg á sama hátt og hér á hinum staðnum er eignarrétturinn friðhelgur. Og þarna rekst þetta á, og það er svo kynslóðanna sem á eftir okkur koma að láta þetta jafnvægi standa. Hér kemur: Náttúruauðlindir Íslands eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Þær ber að nýta á sjálfbæran hátt. Ég tel að í greinargerð þurfi að standa, að sjálfbæran hátt, það er nú reyndar tilgreint hérna betur í 22. grein: Nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar skal haga svo að þær skerðist ekki til langframa og réttur komandi kynslóða sé virtur. Þetta er um jafnrétti kynslóðanna að ræða. Þegar að við leggjum þetta saman, þá er um að ræða að fara eftir Brundtland-yfirlýsingu og Ríó-sáttmálanum frá 1992 um sjálfbæra þróun og í greinargerð þarf að standa, að þetta sé hugsunin, á bak við þetta sé skilgreining á sjálfbærri þróun sem er alþjóðleg og fjallar um það að hver kynslóð eigi að fullnægja þörfum sínum án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til þess að fullnægja sínum þörfum. Og þetta er eitthvað sem að við eigum helst að hrófla sem minnst við. Það má minnast líka hér á annað, sem

hefur verið þjóðinni til skammar í mörg, mörg ár. Það er í 23. grein, réttur almennings til aðildar að dómsmálum varðandi mikilvægar ákvarðanir um sameiginlegar auðlindir og umhverfi Íslands, skal tryggður með lögnum. Þetta er með öðrum orðum að við verðum á undan Alþingi ef að þetta kemst í framkvæmd. Að þá er ekki ennþá komið á reksþöl á Alþingi að fullgilda Árósar-sáttmálann. Og hvað er Árósar-sáttmálinn? Það er nokkurn veginn þetta sem er í 23. grein. Þetta er frábært, að við skulum vera hér í forystu í máli sem hefur verið þjóðinni til skammar. Vegna þess, að allar þjóðirnar í kringum okkur hafa fyrir löngu fullgilt Árósar-sáttmálann, og meira að segja í Austur-Evrópu sem bjuggu við ok einræðis, þar sem að almenningur fékk ekkert að gera og ástand lands var hræðilegt, hvernig farið með landið. Að þeir eru búnir að taka þetta upp á undan okkur. En við erum á góðri siglingu hér, og ég fagna því sem A-nefndin hefur gert og gæti ekki hugsað mér að þetta gæti verið betra. Takk.

SN

Pawel. Gjörðu svo vel.

PB

Já, kærur vinir. Það er nú ýmislegt við þennan kafla, sem ég hef að athuga. En ég ætla að gera að umtalsefni í þessari ræðu stórt atriði, sem mér og örugglega mörgum öðrum hér er hjartans mál, og það eru þjóðareignirnar. Og þjóð er auðvitað ákveðið hugtak og ég skil það sem samansafn af einstaklingum, og um þá flesta og jafnvel þessa samantekt þykir mér tiltölulega vænt um. Hugtakið þjóðareign hefur auðvitað margar merkingar og ef maður flettir þeim merkingum í íslenskum gagnasöfnum tímarita. Þá er til dæmis ein merking svipuð merking og merkingin þjóðarframleiðsla. Þjóðarframleiðsla þýðir ekki opinber framleiðsla, eða framleiðsla á vegum hins opinbera, heldur sú framleiðsla sem þjóðin, íslenskir aðilar og fyrirtæki í eigu Íslendinga og hið opinbera stendur fyrir. Þetta var ein af merkingum orðsins þjóðareign lengi, en auðvitað framan af 20. öldinni og síðan lengra af, þá þótti mörgum ástæða til að koma og byrja, og upphéfa aðra merkingu þess orðs. Og aðrar merkingar öllu heldur, þ.e.a.s. opinbera eign. Það voru svona vinstri menn og oftast nær kommúnistar, sem notuðu það hugtak með þeim hætti. Og síðan þjóðernissinnar sem notuðu þetta sem, í merkingu, ekki Íslendingar. Og báðar þessar merkingar hafa nýst mönnum í gegnum tíðina. Þjóðareignarhugtakið er ekkert eitthvað sem til dæmis útgerðarmönnum er ekki framandi, að eitthvað sem þeir nota ekki. Ef maður skoðar til dæmis afstöðu þeirra til Evrópusambandsins, þá er oft kveðið á um að þjóðin megi ekki missa yfirráð sín yfir auðlindunum. Þannig að þegar það hentar, þá nota allir þetta hugtak. Og vandinn minn við hugtakið er auðvitað sá, að með því að segja þjóð er svoldið svona eins og verið að segja ... guð. Það er erfitt að vera á móti einhverju sem þjóðin vill. Það er erfitt að vera á móti því að þjóðin eigi eitthvað. Þannig að við erum að leggja meira undir. Við erum að gefa, við erum að setja meira í pottinn. Og það sem ég vil meina, við erum að gera hlut sem kannski er ekki jafn fallægur. Aðeins fallegrí, með því að gæða hann þessu hugtaki. Áður en menn úthrópa mig sem einhvern öfgamann í þessum efnum, þá vil ég auðvitað benda á það að það eru fjölmörg ríki sem

hafa skrifað stjórnarskrár. Ég fór í gegnum stjórnarskrár allra OECD ríkja. Þær stjórnarskrár eru auðvitað á fjórða tug.

Það eru 4 ríki af þeim sem kveða á um skýlausan rétt, eignarrétt almennings á náttúruauðlindum. Þau ríki eru Írland, Tyrkland, Mexíkó og Slóvakía. Af þessum ríkjum er einungis eitt ríki, sem er Mexíkó, sem notar hugtakið þjóð í þessu samhengi. Öll hin nota hugtakið ríki. Þ.e.a.s. eitt ríki, Mexíkó, sem notar hugtakið þjóð. Það ákvæði er langt og ítarlegt. Miklu ítarlegra en þau ákvæði sem við höfum valið okkur að setja í okkar stjórnarskrár. Hins vegar er það þannig að það ákvæði sem er á aðra blaðsíðu er miklu balanseraðra en það ákvæði sem við erum að leggja til hér. Það til dæmis, kveður á um það að eignarréttur á öllum auðlindum, sé upprunnið í þjóðinni, en að hann megi framselja til einkaaðila. Og að þegar það hefur verið gert til takmarkaðs tíma, þá sé sá nýtingarréttur varinn eignarréttarákvæðum. Þannig að það hefur verið farið í því eina tilfelli sem hugtakið þjóð hefur verið notað, þá hefur það verið skýrt miklu betur og gert á miklu balanseraðri hátt. Auðvitað getur það vel verið að meirihluti fólks hér inni vilji stíga það róttæka skref að binda allar auðlindir í eigu ríkisins um aldur og ævi. Og gera nýtingu þeirra hjá einkaaðilum erfiðara um vik. En þá er bara um að gera að við áttum okkur á því, það er ekki fara neina millileið hér. Það er verið að gera eitthvað, sem ekkert OECD ríki hefur orðað með neinum hætti í sínum stjórnarskrám.

Nú, en lítum þá aðeins á inntaki þessarar greinar. Og þær áhyggjur sem ég hef. Ég hef verið stuðningsmaður þess lengi, að við mundum endurskoða fiskveiðistjórnarkerfið. Og gera það með þeim hætti að auðlindir verði boðnar upp, og fyrnist síðan og sá hluti verður boðinn upp aftur. Ég sé, minn vandi við þetta ákvæði er það, að í fyrsta lagi þá finnst mér það loka fyrir þennan möguleika. Vegna þess að það er verið að segja að auðlindirnar megi einungis leigja til takmarkaðs tíma í senn, þ.e.a.s. fyrning um ákveðinn prósentu-hlutfall á hverju ári er ekki möguleg. Því ákveðið hlutfall af nýtingarréttinum er þá í því kerfi eign, nýtingarrétturinn það er að segja, hann er þá í höndum viðkomandi aðila um aldur og ævi. En alltaf minni og minni hluti. Annað, ákvæðið eins og það stendur hér, finnst mér ekki koma í veg fyrir það að ríkisstjórn ákveði upp á sitt einsdæmi að breyta kerfinu og taka til sín þær heimildir sem boðnar hafa verið upp með löglegum hætti. Og það veldur mér vandræðum. Ég er ekki vissu um það að það sé því þannig best fyrir komið að auðlindir séu betur geymdar í höndum ríkisvalds, sem mótar stefnu sína til fjögurra ára heldur en í höndum einkaaðila, nýtingarréttur það er að segja, sem hugsar hugsanlega um, lengri hagsmuni en það. Það er fleira auðvitað í þessu sem ég geri miklar athugasemdir við. Til dæmis, hvort að skilja megi seinustu málsgrein grein um náttúruauðlindir með þeim hætti að öll landsvæði og allir nytjastofnar og öll vatns- og virkjunarréttindi séu komnar í ríkiseigu hér með. Það er hægt að skilja það með þessum hætti. Ég vil ekki meina að það sé okkar hlutverk að taka öll landsvæði, þau sem eru í einkaeigu í hendur hins opinbera. Ég vil ekki taka þátt í því.

Og að lokum, þá veit ég að hérna inni er fullt af skynsömu fólki sem vill að stjórnarskráin kveði á um bæði rétt og skyldur ríkisins til að haga þeim málum,

auðlindamálum, með þeim hætti, að það sé áréttáður sá réttur hins opinbera að setja lög um þessi atriði og nýta auðlindir sem best í þágu þjóðarinnar með hagkvæmum og skynsömum hætti. Ég biðla til þessa fólks að huga að því hvort þetta ákvæði sem lagt er til, sé besta leiðin að því markmiði.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég byrja á að taka undir með Ómari og þakka nefnd A sérstaklega fyrir þetta starf hennar. Mér finnst þetta alveg til fyrirmyndar og líklegt til að verða, eins og Ómar reyndar sagði líka, kafli í stjórnarskránni sem við verðum hvað stoltust af, þegar fram líða stundir. Og ég vil líka þakka nefndinni fyrir það að hafa unnið með þeim hætti að taka gott tillit til athugasemda sem hafa borist í ferlinu. Og góður texti hefur bara orðið stöðugt betri með því. En ég ætlaði að fara yfir nokkrar greinar. Þetta er nú ekki mikið, þetta er svona sparðatíningur, en þó kannski stærri athugasemdir efnislega inn á milli.

Í fyrsta lagi þá, í lið 15. um heilbrigðisþjónustu. Þá er notað þarna, þetta orðalag að hæsta marki sem unnt er, sem að kemur úr alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. En það gerir það nú samt ekkert mjög fallett, þó það sé beint úr þeim samningi. Þannig að auðvitað væri gaman ef það væri hægt að finna fallelgra orðalag á þetta. Þetta er ekkert sérstaklega flott íslenska. En ég geri mér grein fyrir að verkefnið er kannski erfitt, að finna þá sömu merkingu og er í samningnum, en með fallelgri orðum. En ég held við eigum samt reyna það.

Nú, ég fagna sérstaklega í lið 16, að þar er komin inn 4. málsgrein: Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, lista og æðri menntunar. Þetta er sem sagt akademískt frelsi, og frelsi vísinda og lista, þetta á sér fyrirmynd í ýmsum öðrum stjórnarskrám og er mjög gott að þetta komi inn í þá íslensku og á köflum hefur manni sýnst að það væri ekki vanþörf á því. Þannig að ég vek sérstaklega athygli á þessu sem að er tiltölulega nýkomandi inn veit ég í textann, hérna, frá nefndinni. Síðan langar mig að staldra við í númer 19, greinina um eignarrétt. Þar fagna ég því að sú grein er orðin skýr og góð og ég fagna því að núverandi 2. mgr. núgildandi stjórnarskrár um að lögum megi takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignarréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi, að sú grein falli brott og í staðinn komi almenn grein sem að segir að eignarrétti fylgja lögbundnar takmarkanir og skyldur sem er vitaskuld bara framkvæmdin eins og hún er í dag. Við þekkjum það öll að það eru ýmis konar takmarkanir á eignarrétti. Og þarf ekki að nefna annað en skipulagslög og samkeppnislög og fleiri slík. En ég tel þetta almenna orðalag miklu betra heldur en það sem þarna var fyrir í gömlu stjórnarskránni.

Nú, þá komum við að náttúruauðlindum, það er auðvitað kannski stærsta efnislega málið sem við erum að ræða hér í dag. Já, og þó, að öðrum ólöstuðum, og þarna kemur inn ákvæði um að auðlindir Íslands, náttúruauðlindir Íslands, skuli vera ævarandi eign þjóðarinnar. Þær ber að nýta á sjálfbærann hátt til hagsbóta öllum landsmönnum. Reyndar má þarna velta fyrir sér að það sé ákveðin tvítekning milli greinar 21 og 22,

Það er í raun og veru sagt í þeim báðum að, það er sagt í 22 að nýtingunni skuli haga svo að það skerðist ekki til langframa, þ.e.a.s. auðlindirnar og réttur komandi kynslóða sé virtur. Það er í raun og veru, felur kannski, felst í sjálfbærninni þannig að það má velta því fyrir sér hvort það sé óþarfi að segja þetta tvisvar. En svo menn átti sig á þessu orði sjálfbærninni, þá er það að mörgu leyti gott orð. Sumum finnst þetta vera einhver svona akademískt gæluorð en það er nú öðru nær. Þetta er einmitt það sem að vantaði ansi mikið í íslenskt þjóðfélag lengi og við þurfum að vinna í því að koma okkur á stig betri og meiri sjálfbærni. Og það sem átt er við þarna er þá þessar þrjár stoðir sjálfbærninnar, það er hagræn sjálfbærni, að hlutirnir gangi upp efnahagslega til lengdar. Og það er samfélagsleg sjálfbærni, að það sé sátt og fólk hafi á tilfinningu að það sé verið að umgangast hlutina með réttlátum hætti og sanngjörnum. Og svo er það þessi umhverfislega sjálfbærni, að vernda náttúruna þannig að réttur komandi kynslóða sé virtur. Og það eru þá allir þessir þrír þættir sem að við erum að tala um að taka mið af. Og þeir eru allir mikilvægir og þurfa að vera í ákveðnu jafnvægi. En ég sæi það gjarnan fyrir mér að þessi ákvæði, sérstaklega í tillögu 21, yrðu útfærð í einhvers konar auðlinda-sjóði, sem að héldi utan um náttúruauðlindir Íslands fyrir hönd þjóðarinnar og sæi um að stjórna þeim og leigja þær út og innheimta gjöld. Og sá sjóður gæti eftir hendinni orðið mjög öflugur og verið íslenskri þjóð til mikils, til mikilla hagsbóta. Og svo í tilefni af því sem að Pawel sagði um hvort að þessi ákvæði um að nýtingarleyfi skuli vera til hóflegs tíma í senn, að það útiloki svona margfeldisafskrift, eða já, afskriftaleið í kvóta sem að ég er reyndar persónulega líka fylgjandi eins og Pawel og ef ég veit rétt Þorkell Helgason líka. Að þá tel ég ekki að svo sé. Ég held að sú leið, hún þýðir í reynd að það er ákveðinn meðaltalsafskriftartími á kvótanum og sá tími er ekkert sérstaklega, þarf ekki að vera sérstaklega langur og myndi alltaf teljast vera hóflegur. Að ég held að menn hljóti að líta á efnisinnihaldið, ekki svona þessa stærðfræðilegu gátu um kapphlaup Akkilesar og skjaldbökkunnar eða hver sem það var nú aftur sem að keppti nú við skjaldbökkuna í gömlu sögunni þar sem að, að þegar að, já, eða ég ætla ekki að fara að útskýra hana. En allavega, hérna síðan bara örstutt já, það var, það kom fram hjá Ómari í lið 23, þessi réttur almennings til aðildar að dómsmálum varðandi mikilvægar ákvarðanir um sameiginlegar auðlindir og umhverfi Íslands. Þetta er í raun og veru Árósar-hugmyndafræðin, þar skal tryggja að minnsta kosti samþökum almennings ef ekki almennungi öllum, aðild að slíkum málum og ég fagna því mög að þetta komi þar inn. Og svo er bara í lokin hérna smá athugasemd með orðalagið í 2. málsgrein í 25. Reglur um mannréttindi njóta stjórnarskrárverndar þegar þær skuldbinda ríkið samkvæmt staðfestum milliríkjasamningi. Mér finnst þetta orðalag aðeins vera orðið verra en það var þegar ég sá það síðast því það liggur við að það sé orðið hægt að gagnálykta. Að reglur um mannréttindi njóti þá ekki stjórnarskrárverndar þegar að þær skuldbinda ríkið ekki samkvæmt staðfestum milliríkjasamningi. Og mér finnst þetta hljóta að vera aðeins hægt að laga þarna, orðalag. En sem sagt, ég endurtek þakkir fyrir þetta plagg, þetta er afar góð vinna og ég hlakka til að sjá þetta í endanlegri mynd. Takk.

SN
Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR
Formaður, gott ráðsfolk. Bara smá andsvar við ræðu Pawels sem var þörf hugvekja, við þurfum að gæta vel að öllu og fara ekki offari. En þjóðareign er ekki eitthvert hjól sem við erum að finna upp hérna núna. Þjóðareign kemur nefnilega fyrst fyrir í tengslum við Alþingishátíðina 1930 og í lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum segir að Þingvellir séu ævarandi eign þjóðarinnar, ævarandi þjóðareign. Og sé það svo að við höfum þarna fyrir 80 árum verið á undan öllum þjóðum með þetta þá held ég að þetta sé bara ágætt. Ég hins vegar hef nú yfirleitt hugsað þetta lengra heldur en sem eign og vil að því leyti til koma með smá, Pawel ...

SN
Pawel?

ÓR
Smá Pawel hugsun. Sko við eigum nefnilega ekki landið. Við erum með það að láni frá kynslóðum framtíðarinnar og við erum í raun og veru vörslufolk fyrir verðmæti sem mannkynið allt á í sameiningu. Hins vegar er allt í lagi að segja hér að þetta sé þjóðareign, við erum einfaldlega að gera stjórnarskrá bara fyrir Íslendinga, ekki fyrir heiminn og þegar að við segjum að þetta sé ævarandi eign þjóðarinnar og að það beri að nýta það á sjálfbæran hátt þá erum við í raun og veru að segja að við ætlum á þennan hátt að tryggja að þessi verðmæti sem tilheyra öllu mannkyninu og öllu því folki sem á eftir að lifa á þessari jörð að þeim sé best ráðstafað svona. Þess vegna fellst ég á orðið eign þó í raun og veru sé þetta ekki eign þegar við hugsum málið aðeins lengra. Takk.

SN
Eiríkur Bergmann er næstur á mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

EBE
Já, kærur félagar. Ég vil líka þakka fyrir þennan góða textabálk sem að þetta, mannréttindakaflinn er farinn að verða og ég vil lýsa yfir ánægju minni með hann í heild sinni. Það er margt þarna sem að er virkilega fínt en ég vil þó taka undir með Pawel um að þetta hugtak þjóðareign er frekar óskýrt. Það eru, það standa ennþá yfir deilur um það og hafa gert í árhundrað hvað hugtakið þjóð yfirhöfuð merkir og sú deila er einfaldlega óleyst ennþá. Sú skilgreining sem að við höfum komist næst er sú að þjóð er sá hópur fólks sem að telur sig vera þjóð, sem er nú ansi óljóst hugtak. Og það má alveg halda því fram að allskonar fólk sem ekki hafi íslenskt ríkisfang og búi í öðrum löndum, sé partur af íslensku þjóðinni. Það er vel hægt að halda því fram að margt fólk til að mynda í Kanada sé hluti af íslenskri þjóð og það er líka hægt að halda því fram að ansi margir sem hafi íslenskt ríkisfang séu alls ekkert hluti af íslenskri þjóð og líti ekki á sig sem hluti af íslenskri þjóð. Og satt að segja að þá finnst mér nú bara svona almennit í umræðunni, ekkert sérstaklega í þessu ráði heldur í þjóðfélaginu öllu, að þetta hugtak sé notað sem leppur yfir hugtak sem að menn vilji ekki nota en

sé samt sem áður það rétta, og það er ríkiseign. Fólk finnst orðið ríki ljótt en orðið þjóð falllegt, og þetta er þar af leiðandi einhvers konar populismi, lýðskrum, að vera alltaf að slá um sig með þessu hugtaki þjóðareign sem að hefur í sjálfu sér enga afmarkaða merkingu sem að neinn getur dregið, aðra heldur en, að það sé ríkiseign. Og þá finnst mér í ljósi þess að við höfum hér ætlað að skrifa texta sem er auðskiljanlegur, að þá eigum við að segja það. Að í það minnsta að það sé þá ríkið sem að fari með þessa eign. Það kemur reyndar í framhaldinu að handhafar löggjafar- og framkvæmdavalds vernda auðlindirnar og geta veitt leyfi til afnota og það svona hjálpar til. En mér finnst að við eigum bara að fara alla leið með þetta og kalla þetta ríkiseign. Þó að okkur finnst það ljótara, því að það er það sem það er og við eigum ekki að falla í þessa gryfju, að hafa bara það sem að fegurra hljómar, þegar enginn veit hvað það merkir. Og sjálfur, sko, það getur vel verið að margir hér inni hafi einhverjar hugmyndir um hvað þjóðareign er, en ég get alveg verið, við getum hins vegar verið alveg viss um það að það er ekki eitthvað sem allir eru sammála um, heldur getur sá skilningur bara verið mjög mismunandi. Í hugum ólíks fólks er ríkiseign er hins vegar kristalskýrt hugtak. Takk fyrir. En þetta er nú svona, ég ætla ekki að gera mál úr þessu svo bara það sé alveg á hreinu, mér finnst að við eigum vera mjög meðvitað um hvað við erum að gera í þessu sambandi.

SN

Þá tekur til máls Þorvaldur Gylfason. Gjörðu svo vel.

ÞG

Formaður, virðulegu ráðsfulltrúar. Mig langar að lýsa djúpri ánægju minni með viðbrögð Ómars Ragnarsonar og Vilhjálms Þorsteinssonar við þeim viðbótarákvæðum sem við höfum lagt fram til mannréttindakaflans í dag. Og mig langar einnig að bregðast við því sem kom fram í máli Pawels Bartoszek og Eiríks Bergmann Einarssonar. Sko við í A-nefndinni teljum að menningararfur íslensku þjóðarinnar verðskuldi sérstakt ákvæði og vernd í nýrri stjórnarskrá. Og við skilgreinum menningararfinn sem þjóðareign. Ekki til að undirstrika eignarréttinn sem slíkan heldur þá ábyrgð sem fylgir varðveislu menningararfins. Við höfum þjóðareignarákvæðið um menningararfinn næst á undan alveg sams konar þjóðareignarákvæði um náttúruauðlindirnar einmitt til að undirstrika hliðstæðuna. Og orðalag beggja greina eins og Ómar Ragnarsson rakti tekur mið af lögunum um þjóðgarðinn á Þingvöllum frá 1928. Og þar stendur hið friðlýsta land skal vera ævinleg eign íslensku þjóðarinnar, það má aldrei selja eða veðsetja. Með öðrum orðum Þingvallalögin skilgreina þjóðareignarhugtakið. Þjóðareign er eign sem aldrei má selja eða veðsetja. Þjóðareign er með öðrum orðum þess eðlis, sem sagt, að hana má aldrei selja eða veðsetja. Hún er þess vegna annarrar náttúru en ríkiseign. Dæmi um ríkiseign er skrifstofuhúsnæði í eigu ríkisins t.d. Arnarhvoll. Ríkiseignir má að sjálfsögðu selja eða veðsetja, það er ekkert vandamál. En þjóðareign er eign okkar sem lifum nú og ófæddra eftirkomenda okkar. Hana má þess vegna aldrei selja eða veðsetja því að þá brytum við hugsanlega á rétti afkomenda okkar og einnig hvert á rétti annars. Og það er þess vegna rétt

og hyggilegt í verndarskyni að skilgreina dýrmætar sameignir okkar sem þjóðareignir, til aðgreiningar frá hinum miklu hversdagslegri ríkiseignum. Og þetta er gamall skilningur á, úr Þingvallalögunum og sem hefur verið ítrekaður í stjórnslunni oft. Ég nefni 2 dæmi. Stjórnarskrárnefnd undir stjórn dr. Gunnars Thoroddsen forsætisráðherra fyrir um 30 árum lagði einmitt þennan skilning í þjóðareignarhugtakið. Orðið þjóðareign kom oft fyrir í stjórnarskrártextatillögum Gunnars Thoroddsen og féлага hans. Og sama skilning lagði auðlindanefnd undir stjórn dr. Jóhannesar Nordal Seðlabankastjóra fyrir um röksum áratug, í hugtakið. Þar voru nýttastofnar á Íslandsmiðum lýstir þjóðareign í formlegri tillögu nefndarinnar að texta í stjórnarskrá. Þjóðfundurinn 1910 tók undir þetta sjónarmið og það er þung krafa í þjóðfélaginu að þessi hugsun rati inn í nýja stjórnarskrá. Og okkur finnst rétt að leggja sama skilning í menningararfinn, sem þjóðareign. Ég geri mér grein fyrir því að sumir kunna að telja sig finna í textanum tvítekingu, en tvítekingin er nauðsynleg af því hún er partur af skilgreiningunni. Vilhjálmur tiltók sjálfbærni og síðan segjum við að auðlindirnar megi ekki skerðast til langs tíma. Það má líta á þetta sem tvítekingu en þetta er tvíteking sem þjónar þeim skýra tilgangi að það fari ekkert á milli mála, að með sjálfbærni eigum við við að til þess sé séð, að tryggt sé, að auðlindirnar skerðist ekki til langframa. Náttúra Íslands er friðhelg, segjum við. Hana ber hverjum og einum að vernda og virða. Þetta er tvíþætt nýmæli frá mínum bæjardyrum séð. Með því að lýsa náttúruna friðhelga til jafns við friðhelgi einkalífs og friðhelgi eignarréttar annar staðar í mannréttindakaflanum erum við að undirstrika mikilvægi náttúrunnar og gagnkvæman rétt hennar gagnvart okkur mönnum. Og mér er ekki kunnugt um að svo aðráttarlaus náttúruverndarákvæði í stjórnarskrám nálægra landa þótt til séu dæmi um fjarlægari lönd sem hafa stigið skref í þessa átt. Sko, málið er þetta, við höfum ekki leyfi til að níða náttúruna, hvorki hennar vegna, né okkar sjálfrá. Og í annan stað er réttur þjóðarinnar til heilnæms umhverfis og óspilltrar náttúru skilgreindur í okkar texta sem mannréttindi. Og þetta gerum við til að hnykkja á mikilvægi þess að við virðum og verndum umhverfið. Og með því að skilgreina umhverfisréttinn og þá einnig þjóðareign náttúruauðlindanna sem mannréttindi, í samræmi við alþjóðlega mannréttindasáttmála sem Íslendingar hafa staðfest, miðum við að því að hefja umhverfið og auðlindirnar á hæsta stig sem hugsast getur. Sem er nokkuð góð íslenska, séra Matthíasar hefði getað tala um hæsta stig sem hugsast getur, úr því að Vilhjálmur kvartaði undan því. Við setjum markið reyndar jafn hátt í þeim greinum sem fjalla um menntun og heilbrigðisþjónustu og almannatryggingar, sem að njóta nú verndar í stjórnarskrá samkvæmt okkar tillögum, í fyrsta skipti. En friðhelgi náttúrunnar þýðir þó auðvitað ekki að við megum ekki nýta hana, það segir sig sjálft. Friðhelgin þýðir að við þurfum að sýna náttúrunni tilhlýðilega virðingu við nýtingu hennar í okkar þágu. Og sama á auðvitað við um friðhelgi eignarréttarins. Stjórnarskrártillögur okkar leyfa, líkt og gildandi stjórnarskrá, að eignarréttinum séu settar tilteknar skorður. Og þess vegna leggjum við eins og formaður nefndarinnar Silja Bára Ómarsdóttir lýsti, til svofellt ákvæði samkvæmt fyrirmynd í þýsku stjórnarskránni, nýting eignarréttar skal ekki ganga gegn al-

mannahag. Að lokum þetta, ákvæðinu um rétt almennings til aðildar að dómsmálum varðandi mikilvægar ákvarðanir um sameiginlegar auðlindir og umhverfi, er ætlað að hjálpa fólki. Því er ætlað að hjálpa fólki við að leita réttar síns gagnvart þeim sem spilla náttúru landsins. Eins og nú háttar geta dómstólar vísað frá slíkum málum með þeim rökum að Jón og Gunna eigi ekki lögvarða hagsmuni. En náí nýja ákvæðið fram að ganga, sem ég vona, verða dómstólar að taka slík mál til umfjöllunar, og við það mun vænkast réttur þeirra sem vilja standa vörð um náttúruna. Ég þakka hljóðið.

SN
Íris Lind Sæmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÍLS
Kærar þakkir, formaður og ráðsfulltrúar og áheyrendur heima. Mig langaði að þakka Silju Báru fyrir mjög góða kynningu og yfirferð á þessum tillögum sem við höfum hér fyrir framan okkur til kynningar og sérstaklega þakka ég bónusstigin sem ég fékk þarna, frá þér, eins og hann Erlingur nefndi hér við hliðina á mér. Ég ætlaði bara svona rétt aðeins að tæpa á, bara órstutt á mínum athugasemdum. Ég mundi kannski bara frekar vilja þá koma þeim svo frekar til ykkar, eftir fundinn ef að, þegar ég kannski get útfært þær betur skriflega. En ég ætla svona aðeins að fara yfir. Ég ætla nú að fagna þessum umhverfisákvæðum, bara byrja á því, og mig langaði í tengslum við þá 22. grein, bara að byrja þar um náttúru Íslands. Í 2. mgr. þar sem nú segir nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar skal haga svo að þeir skerðist ekki til langframa og réttur komandi kynslóða sé virtur. Ég velti því fyrir mér og mig langar að gera það að tillögu að þarna verði bætt inn nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar. Hún skal vera í samræmi við meginreglur umhverfisréttar, svo þær skerðist ekki til langframa og réttur komandi kynslóða sé virtur. Og þarna erum við þá að koma inn tilvísun í að nýting auðlinda skuli taka mið af öllum meginreglum sem að almennt eru viðurkenndar á sviði umhverfisréttar og þá erum við að tala um reglu eins og var varúðarreglu og greiðsluregluna og að lausn umhverfisvandamála skuli eiga sér stað við upptök sín. Þannig að ég svona velti þessu fyrir mér hvort að við ættum að vísa í ákvæðinu í þessar reglur. Og svo kannski tek ég undir það sem Silja Bára nefndi í ræðu sinni um það að við þurfum kannski að tryggja samræmi í hugtakanotkun milli greina. Þannig að það sé tryggt að við séum alltaf að tala um sama hlutinn þegar við erum að tala um annars vegar þjóðareign og hins vegar sameiginleg eign þjóðarinnar.

Svo ég víki að öðrum athugasemdum, þá ætla ég að byrja á 16. grein um menntun. Mér finnst kannski við þurfa að skoða aðeins 1. og 2. mgr. þannig að hún svona sé meira kannski í samræmi við núverandi ákvæði stjórnarskrárinnar. Mér finnst annars vegar þurfi að, mundi ég vilja sjá þarna inni, öllum börnum skuli tryggður ákveðinn réttur til menntunar eða þá að öllum skuli tryggður þessi réttur til menntunar við sitt hæfi. Þannig að við séum kannski með þetta aðeins skilgreindara og skilyrtara, þannig að það geti tekið mið af aðstæðum hópa hverju sinni. Í 18. grein, fyrsta málsgreinin, mér finnst hún kannski svoldið ótakmörkuð og óskilyrt og í rauninni, sko þegar maður les hana saman við aðra málsgreinina, þá er þetta

í rauninni nákvæmlega sama nema bara algjörlega óskilyrt, og þá engin krafa gerð um það að þú hafir þörf fyrir þessa tilteknu aðstoð, sem felist í því að þú eigir rétt á lífsviðurværi og félagslegu öryggi. Ég myndi vilja sjá þetta kannski betur samræmt á milli ákvæðanna eða þá bara fella út 1. málsgreinina.

Í 19. grein, þá myndi ég, varðandi 1. málslíðinn í 2. mgr., þar er talað um eignarétti fylgja lögbundnar takmarkanir. Það er náttúrulega, auðvitað er rétt að vissum réttindum fylgja lögbundnar takmarkanir en það kannski á ekki við um allar eignir. Þannig að ég mundi kannski vilja sjá þetta frekar að eignarétti geta fylgt lögbundnar takmarkanir og skyldur. Svo í öðrum málslíðnum, ég átta mig ekki alveg á því hvað við erum að tala um, hvort við getum fengið eitthvað dæmi um það í greinargerð um það hvað við erum að tala um, að nýting eignaréttar geti ekki gengið gegn almannahag.

Í 20. gr hef ég nokkrar athugasemdir. Ég ætla kannski bara að geyma þær þar til síðast og fara kannski fyrst í 24. grein. Fyrstu málsgreinina, þetta er dýraverndarákvæði, ég er nú, tek nú undir þetta og hef fengið sjálf bara persónulega miklar ábendingar um að skoða það að setja inn svona ákvæði í stjórnarskrá. Mér finnst vanta bara eitt orð inn í setninguna, þar segir með lögum skal kveða á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda gegn útrýmingu. Ég myndi vilja sjá bara og vernd dýrategunda gegn útrýmingu. Þetta er bara svona orðalagsbreyting, sem ég myndi leggja til.

Í 25. grein, þá er búið að einfalda fyrstu málsgreinina, þannig að hún sé núna, hún er bara ein setning. Mér þykir kannski ekki alveg standa það sem þar segir, þarna segir öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarrétti og tryggja með lögum að eftir þeim sé farið. Sko, nú erum við með þrenns konar handhafa ríkisvalds, við erum með löggjafarvald, framkvæmda- vald og dómsvald. Sko, ég sé ekki annað en að bara einn af þessum þremur geti tryggt með lögum, að eftir þessum reglum sé farið. Hinir tveir tryggja ekki með lögum eitthvað, þeir fara að lögnum, annars vegar framkvæmdavaldið framkvæmir samkvæmt lögnum og hinir dæma samkvæmt lögnum. Mér finnst svona, kannski þyrfti aðeins að skoða þetta orðalag aðeins betur þannig að það sé enginn misskilningur að við séum að leggja hérna einhverja lagasetningaskyldu á hina tvo. Og svo í annarri málsgreininni, þá geri ég ráð fyrir að staðfestum milliríkjasamningi, þar sé átt við fullgiltan milliríkjasamning.

Og, svo 20. greinin um menningarleg verðmæti. Ég er efnislega í hjarta mínu mjög sammála markmiði ákvæðisins og þeirri hugsun sem þarna kemur fram. Ég er hins vegar út frá lagalegu sjónarmiði þá finnst mér kannski ákvæðið svolítið óskilyrt og að það skorti efnislegt inntak eins og staðan er og orðalagið er núna framsett. Þarna segir þjóðareignir sem heyra til í íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja. Sko ég sé þetta þannig að það eru tveir möguleikar við túlkun þessa ákvæðis, annars vegar að þarna sé sem sagt meðal annars að finna skilgreiningu á því hvað teljist þjóðareign, sem heyri til íslenskum menningararfi og að sú skilgreining feli í sér að það séu þjóðminjar og fornhandrit í öllum tilvikum. Hin mögulega túlk-

unin gæti verið sú að þarna sé að finna, í fyrsta lagi þjóðareignir sem tilheyri íslenskum menningararfi og að það geti stundum í ákveðnum tilvikum verið handrit og stundum þjóðminjar. Þannig að ég sé þarna tvær mögulegar leiðir við túlkun ákvæðisins og af því að handritagjöf Dana, því að Silja Bára nefndi hana. Að lagaleg staða handritanna sem að okkur voru færð hér 1971 til dæmis, hún er að vissu leyti óljós og sem sagt eftir því sem ég hef skoðað málið að þá er hérna, já þá finnst mér það alveg vera ljóst að það er ekki ljóst hvort að við höfum fengið þessi handrit til eignar eða varðveislu. Og ég hef kynnt mér aðeins orðalag samningsins sem að menntamálaráðherra Dana skrifaði undir á sínum tíma og ræðu forsætisráðherra Dana á sínum tíma og þær svona, hvað á maður að segja, það ósamræmi sem þar kemur fram um hvort þetta sé gjöf eða afhent til varðveislu. Og á meðan að svo er og á meðan að lagaleg túlkun ákvæðisins eins og það er fram sett er sem sagt óljós, þá er ég ekki tilbúin að fallast á að við séum hugsanlega að skilgreina í öllum tilvikum, að í öllum tilvikum séu fornhandrit þjóðareign sem heyrir til íslensku menningararfi og ég því ekki tilbúin að fallast á að ákvæði fari inn í þeirri mynd sem að það er þarna fram sett og ég hérna, ætlaði að búa til breytingartillögu sem ég mun skrifa og senda hér inn á eftir og hún er studd af meðal annars Salvöru Nordal og Pawel Bartoszek og ég býð hér með fleirum ef þeir hafa áhuga á að taka þátt í henni að bara láta mig vita af því. En sem sagt í fyrsta lagi, hún er þrjúþætt þá. Í fyrsta lagi mundi ég leggja til að allt ákvæðið falli út að svo stöddu og verði tekið til efnislegrar skoðunar á ný og, þannig að það verði tryggt að einmitt markmiðið og sú hugsun sem þarna kemur fram, nái fram að ganga en þó þannig að við séum með tryggt að lagalegt eintak sé alveg hreint og skýrt. Þannig að það er fyrsta tillagan. Önnur tillagan er sú að sá hluti sem fellur innan kommusetningarinnar, svo sem fornhandrit, að það falli út og að málsgreinin standi að öðru leyti óbreytt að svo stöddu en þó að það þurfi samt að skoða það að útfæra þetta aðeins betur. Ef nefndin mun ekki fallast á þetta, þá ætla ég að fá að leggja til að nefndin á næsta fundi sínum, þegar að allur þessi þáttur mannréttindakaflans sem hér liggur frammi fyrir okkur, að þegar að hann verður lagður fram að þá verði 20. greinin tekin út og afgreidd sér af því að eins og kaflinn, eða þessar, þessi ákvæði 15 til 24, ég get ekki staðið með öllum þessum greinum ef að þessi grein verður þar inni, þannig að, að sem sagt, ef að ég ætla, ég er almennt sammála öllu sem fram kemur þarna í kaflanum og mun styðja það, en ég get ekki staðið með þessu ákvæði eins og það stendur núna. Þannig að ég mun þá leggja til að það verði þá afgreitt sérstaklega með atkvæðagreiðslu, sem sagt aðskilið frá öllu hinu. Og þá bara þakka ég fyrir og ég svo sem kannski fæ að skila ef ég, hérna, fer betur yfir önnur ákvæði, þá fæ ég kannski að skila nefndinni frekari athugasemdum en annars þakka ég kærlega fyrir.

SN
Katrín Fjeldsted. Gjörðu svo vel.

KF
Ég varð svoldið uppnumin yfir orðum sessunautar míns Ómars, þegar hann sagði að hann hefði verið að hlusta á tónlist. Og, í mínum eyrum hljómaði

umhverfiskaflinn sérstaklega, sem tónlist og mikið fagnaðarefni að fá ákvæði sem þessi inn í stjórnarskrá og ég vil hrósa A-nefndinni fyrir viðsýni og dirfsku og góða vinnu. Mig langar að bara hlaupa örstutt á nokkrum greinum. Kannski byrja á þessari sem Íris Lind var að tala um, sem var 20. greinin. Á opnum fundi nefndarinnar, A-nefndar um daginn, þá hnaut ég aðeins um þetta með íslenska menningararf, hvað félli undir hann og ég velti fyrir mér hvort að ekki sé ástæða til að hann sé nánar skilgreindur í lögum, hvort að nauðsynlegt sé að telja þarna upp tvennt svo sem þjóðminjar og fornhandrit sem að sjálfsögðu eru mjög verðmæt, verðmætur hluti af íslenskum menningararfi hvort sem að handritin eru mörg eða fá. En ég velti fyrir mér sem sagt hvort að þetta sé ekki frekar hlutur sem á að skilgreina í lögum. Ég minntist á það og vil endurtaka það hér að hluti af íslenskum menningararfi í mínum skilningi eru til dæmis íslensk þjóðlög sem ekki lúta neinum höfundarrétti. Fimmundarsöngur á Íslandi er hluti af íslenskum menningararfi og með greininni eins og hún stendur núna, mætti tónskáld, nútímatónskáld ekki taka til varanlegrar notkunar fjmmundarstef frá fornu inn í nútíma tónverk, vegna þess að það væri þá varanleg, væru varanleg afnot. Þannig að ég ætlaði bara að minna á það að tónlistin getur líka verið hluti af okkar menningararfi. Mig langar svo að segja aðeins um náttúruauðlindir í 21. grein. Sérstaklega um orðnotkunina hvort eitthvað sé þjóðareign eða ríkiseign. Ég legg ekki sömu merkingu í þessi tvö orð og eins og ég skil umfjöllum Þjóðfundar að þá gerir Þjóðfundur það ekki heldur. Hann er ekki með þessa lögfræðilegu túlkun á orðunum. Mér fannst ágætt sem Þorvaldur Gylfason sagði hér áðan um til dæmis byggingar sem að megi kallast ríkiseign og þær má að sjálfsögðu selja undir vissum kringumstæðum. En þjóðareign held ég í skilningi Þjóðfundar og í skilningi almennings á Íslandi er bara allt annað. Það er það sem við eigum öll saman. En ég fagna þessari grein að sjálfsögðu, mér finnst hún falleg. Hún segir að við eigum ekki landið en við höfum það til varðveislu. Það er merking hennar.

Nú, 22. grein, um náttúru Íslands. Ég var að velta fyrir mér þegar Pawel Bartoszek var að tala hér áðan og hann hafði farið yfir stjórnarskrár þessara, allra þessara OECD landa og ég dáist að honum fyrir eljuna og nákvæmnina. En þótt það séu ekki nema 4 lönd af þessum OECD ríkjum sem minnst á náttúruna á þennan hátt, þar af nefnir eitt þeirra þjóð og þrjú nefna ríki. Þá finnst mér sem Íslendingi, þó ég hafi nú víða farið og margt séð eins og stundum er sagt. Við erum smáþjóð í svoldið óvenjulegu landi og við byggjum tilveru okkar á þessu landi og það sem landið hefur að gefa okkur. Við erum í sjálfa sér, og ég vil ekki sjá okkur sem iðnaðarþjóð eins og margar þjóðir mega kallast. Við byggjum að stórum hluti á því að eiga hreina náttúru, þar er ferðamennska, þar eru fiskveiðar og nýting landsins gæða. Þannig að mér finnst svold., mér finnst það vera sérstaða Íslands og þess vegna ástæða til að kveða nánar um náttúru Íslands í íslenskri stjórnarskrá heldur en er víða, þar sem varla er að finna ósnortið land. Það er þannig í mörgum ríkjum eins og þið vitið að ósnortið land er vart finnanlegt. Þó það geti verið fallegt. Það er kannski vantar að við segjum eitthvað um náttúrufegurð í stjórnarskránni en fegurðina á náttúrlega enginn, eða kannski

allir. Og loks langar mig að minnst á 23. greinina og taka undir með Ómari því að réttur almennings til aðildar að dómsmálum, sem tryggja átti með Árósar-samningnum og Ísland skrifaði, Íslendingar, fyrir hönd Íslendinga var skrifað undir þennan samning og síðan var hann aldrei fullgiltur og það er alveg með ólíkindum að stjórnvöld á Íslandi komist upp með það að skrifa undir einhverja svona samninga og svo gerist bara ekki neitt. Þannig að ég fagna því að þessu ákvæði sé komið inn í stjórnarskrá Íslands og mér finnst það mjög til sóma fyrir okkur. Ég reyndar gleymdi einu og það er um blessað vatnið. Það hefur lengi verið mér kappsmál að tryggja neysluvatn og ferskvatn sem auðlind. Að það verði skilgreint sem auðlind og ég lagði fram þingsályktun um það á Alþingi, ég var nú að fletta því upp, það var sko 2002-2003 á Alþingi. Og það náði náttúrulega ekki fram að ganga og varð, hlaut ekki hljómgrunn fyrir þessum 8 eða, 7 eða 8 árum. En allavega að það skili sér hér inn og þá undir heitinu fersku vatni. Það er ekki nóg að segja hreinu vatni, því að hreint vatn getur verið hreinsað vatn og það er ekki það sem að við teljum til okkar auðæfa á Íslandi, það er ferskt vatn, lindarvatn sem eru okkar náttúrugæði. Og ég fagna því að ferskt vatn sé komið inn í textann okkar að stjórnarskrá. Takk fyrir.

SN
Næstur á mælendaskrá er Þorkell Helgason. Gjörðu svo vel.

ÞH
Formaður, góðir meðfulltrúar og þeir sem á kunna að hlýða. Ég vil nú byrja á því að misnota aðeins aðstöðu mína og þakka fyrir hlýjar kveðjur sem ég fékk í útilegu minni í Þýskalandi á góstimani og bið um leið afsökunar á því að þegar maður er svona fjarri góðu gamni eins og þessir fundir eru, þá kannski saknar maður ykkur og hleypur kapp í kinn. Þannig að ég sendi skeyti sem fór fyrir brjóstið á einhverjum og ég bið menn bara afsökunar á því hafi það gert svo. En svo ætla ég að snúa mér að efninu og fara svona eins og margir aðrir, stuttlega yfir nokkur atriði en þó aðallega varðandi náttúruauðlindirnar. Ég staldra fyrst við 15. greinina eða númerið, um heilbrigðisþjónustu. Ég tek undir með Vilhjálmi og eflaust fleirum að þetta heilsu, að hæsta marki finnst mér ansi enskuskotin hugsun og orðalag og kann engan veginn við það. Ég er hérna að gæla við orðalag, bara eins og best verður á kosið eða eitthvað þvíumlíkt. Bið menn að íhuga það. Þá er ég með næst, já ja það eru víst náttúruauðlindirnar blessaðar sem eru næstar á númeri hjá mér og þar er það nú held ég svo, að við öfgamennirnir hér í þessum sal, á þessum fundi, að minnsta kosti þeir sem eru lengst til vinstri og hægri hérna eins og mönnum er plantað í salinn. Við eigum nú kannski meira, margt meira sameiginlegt en margir skyldu halda. Ég vil taka undir þakkir til Pawels fyrir hans þörfu ábendingar til okkar hinna sem erum kannski ekki alveg sama sinnis og hann. En ég verð nú að segja, ég er ekki mjög kátur með þetta, þessa grein þarna um náttúruauðlindirnar. Bæði af því að þær ganga of langt en líka eiginlega kannski af því þær ganga of stutt. Ég hefði kosið að orða þetta dálítið örðuvísi og þá vil ég hafa þann formála, að það er búið að ræða hérna mikið um hugtökin þjóðareign og ríkiseign. Og það er búið að velta sér upp úr þessu í

umræðunni um þetta mál árum og áratugum saman, að mér finnst að gagnslausu. Og ég leyfi mér að kalla þetta lögfræðilegan orðhengilshátt. Allur almenningur veit hvað er átt við með þessum orðum. En mér er það að meinalausu ef að talað er um ríkiseign ef að einhverjum mönnum sem að, eða einhverjum sem að telja hitt eitthvað særa einhverja lögfræðileg hugtök, þá er það mér það alveg að meinalausu. Mér finnst þjóðareign fallegra orð og eiga betur við en get sætt mig við hitt. En, ég er með orðalag sem sneiðir hjá þessu, og ég hef sent þetta og birt þetta fyrir margt löngu og ég hef sent þetta nefndinni en einhvern veginn hefur það nú ekkert komið til umræðu. Ég er með orðalag sem ég held að gæti komið alfarið í stað 21. greinarinnar og hún er svona: Takmörkuðum gæðum í eigu eða undir forsjá almannavaldsins má ekki ráðstafa varanlega. Heimilt er að framselja tímabundið nýtingarétt á þeim enda komi fullt verð fyrir. Þó er skylt að taka eðlilegt tillit til hagsmuna þeirra sem að hafa fært sér gæðin í nyt áður en slík gjaldtaka er tekin upp.

Þarna kann mönnum að finnst að það sé bæði slegið úr og í. Í fyrsta lagi þetta að tala ekkert sérstaklega um fiskiaúðlindina eða náttúruauðlindir. Sko, í mínum huga er vandinn þessi og leið og almannavaldið þarf að takmarka gæði, hvort sem að það er úthlutun á lóðum, loftslagskvótum, símarásam, fiskveiðikvótum eða því sem kann að koma í framtíðinni sem við vitum ekki hvað er, þá fá þessi verðmæti á sig verð og hjá því verður ekkert komist og það þýðir ekkert að reyna að setja undir þann leka eins og margir vilja með því að banna hitt og þetta, framsal, þá bara finna menn leiðir fram hjá því. Það verður bara að segja hlutina eins og þeir eru, þetta er bara einföld hagfræði, öll takmörkuð gæði fá á sig verðmæti. Og þá bara ber að taka tillit til þess og ég segi þarna að það skuli koma fullt verð fyrir afhendingu slíkra verðmæta. Og þetta fullt verð fyrir er auðvitað sótt beint í ákvæðið um eignaréttinn. Það gildir bara nákvæmlega það sama þegar sé, verið er að framselja eða framleigja gæði, takmörkuð gæði, sem almannavaldið með réttu, vonandi, hefur ráðstöfun á. Ég bið menn endilega að íhuga það hvort að eitthvað svona almennara og einfaldara orðalag á ekki betur við.

Þá er það seinni hluti þess sem ég var að lesa, að það sé skylt að taka tillit til hagsmuna þeirra sem hafa fært sér gæðin í nyt áður en slík gjaldtaka er tekin upp. Ég er eins og Vilhjálmur og Pawel og eflaust fleiri, Þorvaldur hygg ég, mjög fylgjandi því að það sé þannig farið með þessar auðlindir að þær séu boðnar upp með fyrningarákvæðum. Og það hlutfallslegum fyrningarákvæðum. Þess vegna nokkrar áhyggjur eins og Pawel af því að orðalagið eins og er núna í 21. liðnum kynni, og jafnvel kannski orðalagið hjá mér sjálfum, kynni að koma í veg fyrir það að það væri hægt að nota hlutfallslegar fyrningar. Af því að stærðfræðilega séð, eins og með skjaldbökuna frægu, sem ég hafði reyndar við hliðina á mér þarna í dvöl minni í Þýskalandi, fallega skjaldböku og ég, mér tókst nú að hlaupa framúr henni svo ég skjóti inn smá gamansögu, að ég hef áhyggjur ef þetta rúmist ekki innan þessara ákvæða. Vilhjálmur róaði mig kannski svoldið en ég kysi að það væri hægt að taka af skarið af því, að minnsta kosti í greinargerð [óskýrt].

En þá er það þessi fyrirvari. Sko helsta gagnrýnin sem að borin er fram og réttmætasta gagnrýnin á það

að gera núna eitthvað í kvótamálunum sé einfaldlega það að það sé búið að selja varanlega drjúgan hluta þessa kvóta til einhverra manna sem hafa þurft að greiða hátt verð fyrir, ekki til ríkisins eða almanna- valdsins heldur til annarra sem að fengu þær upp- haflega reyndar fyrir ekki neitt. Og þá sé verið að bæta gráu oná svart, bæta eitt ranglæti með öðru ranglæti. Þetta eru vissulega sjónarmið og í því fyrirkomulagi fyrningar sem að ég ásamt Jóni Steinssyni samdi fyrir stjórnvöld í sumar, og fékk nú ekki mikinn hljómgrunn hvorki þar né annars staðar, að þá tókum við fullt til- lit til þessa, eftir föngum. En það er einfaldlega samt þannig að hjá einhvers konar slíkum vandræðagangi verður aldrei sneitt. Þetta er nákvæmlega sama eins og skuldavandi heimilanna. Það er ekki hægt að leysa hann án þess að bæ., það er ekki hægt að leysa úr því ranglæti innan gæsalappa, nema með öðru ranglæti innan gæsalappa. Í þessum fiskveiðikvótamálum finnst mér prinsippið grundvallaratriðið, fyrningin, og að þetta endi að lokum í almannaumsjá með fullu verði fyrir. Það sé miklu meira mál heldur en hin tíma- bundnu ákvæði, þannig að til dæmis gæti ég sætt mig við mjög lágt fyrningarhlutfall í þessum kvótamálum, allt niður í 3% á ári eða eitthvað svoliðis, bara til þess að fá prinsippið viðurkennt. Ég held ég staldri við með þetta atriði en bið menn vinsamlegast að í., sérstak- lega nefndina að íhuga þetta gaumgæfilega. Í fyrsta lagi er þetta ekki allt of þröngt að tala um náttúruauðindir og hvað með það að það megi ekki ráðstafa því gegn fullu gjaldi með þeim hætti sem að felst í fyrningu.

Nú, þá langar mig að koma næst að 24. lið. Það hafa margir fagnað því að með, nei ég er víst með gamla númeringu en það er Árósarákvæðið, sem er einhvers staðar hérna, sem ég er að vísa til, 23. held ég. Að það hafa margir fagnað því að þarna sé það fært til bókar og væntanlega og vonandi segja menn, inn í stjórnar- skrá. Ég verð nú bara að viðurkenna það að ég hef aldrei verið mjög hrifinn af þessu ákvæði, einfaldlega vegna þess, hvers vegna á draga þetta eitthvað sérstak- lega útúr? Á ekki almenningur rétt á upplýsingum um sem flest? Og er þá ekki hægt að gagnálita, er það sem að megi nú bara flegja einhverjum molum í almenn- ing í einhverjum öðrum atriðum þar sem upplýsinga er þörf? Þannig að ég kysi nú að þetta ákvæði þrátt fyrir þennan Árórsarsamning verði þá orðað þannig að það eigi við mikið fleira heldur en það eitt sér.

Þá staldra ég við 25. lið, 1. málsgreinina eða máls- liðinn. Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða reglur um mannréttindi sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarrétti. Er þetta ekki sjálfgefið? Þarf að taka svona fram, ég spyr. Og ef að þarf að taka þetta fram, þyrfti þá ekki að taka það fram á mörgum öðrum svidum, að menn eigi að, menn, þ.e.a.s. embættismenn eða ráðamenn, að virða stjórnarskrá, lög og samninga, bara almennt. Ég hélt einhvern veginn að það væri sjálfgefið.

Og þá er það með dýraverndina. Ég kann að vera, hljóma eins og einhver leiðindapúki og kverúlant. Það bara truflar mig eitthvað að hafa svona ákvæði í stjórn- arskrá. Stjórnarskrá eru mannréttindi um skipulag mannlægs umhverfis. Er ekki þetta eitthvað sem felst í ákvæðum sem er komið þarna inn um náttúru Íslands? Hvers eiga blessaðar plönturnar að gjalda til dæmis? Af hverju á ekki að nefna þær þarna líka? Svo ég snúi nú svolítið út úr þessu. Ég veit ekki betur en þær séu

lifandi verur, eða stendur þarna almennar lifandi verur? Jæja, það kann að vera. En þó ég skilji þetta og sé að sjálfsögðu fylgjandi dýravernd, þá bara verð ég að játa að þetta truflar mig eitthvað. Ég dreg þetta saman, mitt aðalmál í þessum efnum er auðlindamálið og hvernig það er orðað. Ég er kannski í sjálfu sér í meginatriðum sammála því sem þarna stendur, en bið menn að íhuga, bæði það sem Pawel sagði, Vilhjálmur og ég og eflaust fleiri. Þakka ykkur fyrir.

SN

Já, það eru allmargir á mælendaskrá, þannig að við tókum fundarhlé núna, í 15 mínútur.

SN

Við byrjum þá aftur og Gísli Tryggvason fær orðið. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar, áheyrendur. Ég vil þakka nefnd A fyrir frábæra vinnu og taka undir hrós annarra fyrir þessa miklu og góðu vinnu. Þetta er orðið mjög gott og það sem mér leist ekki nógu vel á á fyrri stigum er að mestu leyti farið út, þannig að ég styð þetta nú meira og minna. Mig langar að koma inn á nokkur atriði til skýringar en hérna er sem sagt margt, margar umbætur í væntanlegan mannréttindakafla sem á heima í stjórnarskrá og lítið af svona löggjafarmálum sem að á ekki heima í stjórnarskrá. Fyrst langar mig að nefna í 15. lið, taka undir með Vilhjálmi og Þorkatli að orðalagið, að hæsta marki, er ekki nógu falleg íslenska fyrir minn smekk og Þorkell kom með ágætis hugmynd um, held ég, eins og best verður á kosid.

Þá langar mig að vekja athygli á nýmæli í 4. mgr., 16. liðar um menntun. Þar segir, tryggja skal með lögum frelsi vísinda, lista og æðri menntunar. Ég er mjög ánægður með þetta og fagna því að einhver hefur látið sér detta þetta í hug. Og ég lit svo á að þarna megi með lögum og eigi jafnvel með lögum að sporna við því að aðilar úti í bæ, til dæmis einkaaðilar, kosti kennslu og rannsóknir án þess að tryggj sé að frelsið sé tryggt. Ég held það sé ekki heppilegt að einkaaðilar séu að kosta kannski tiltekna kennslu- eða rannsóknarstöðu, nema tryggt sé að frelsi, akademískt frelsi, sé ekki skert. Og ef að þetta er réttur skilningur hjá mér þá held ég að það væri gott að hann kæmi fram í greinar- gerð. Þá langar mig að fagna þeirri lendingu sem er í 2. mgr., 17. liðar um sanngjörn laun. Þetta er gott stefnu- mið en skerðir ekki vonandi um of eða skerðir vonandi ekki sem sagt frelsi þeirra sem að véla um þessi mál á vinnumarkaði, aðila vinnumarkaðarins, eins og Guð- mundur Gunnarsson hefur verið duglegur að benda á, að það er auðvitað ekki stjórnarskrárgjafinn eða löggjafinn sem á að vera of nákvæmur í vinnumarkaðs- málum þegar þessir aðilar eru nær málunum og betur til þess fallnir. Mig langar að taka undir áhyggjur Írisar Lindar varðandi fyrri málsgrein 18. liðar, hvort að hann er nægilega markviss og hvort hann er þarfur í ljósi þess að síðari málsgreinin, sem er umorðun á gildandi 76. grein stjórnarskrárinnar, um aðstoð við þá sem að þurfa. Hvort að fyrri málsgreinin er ekki kannski óþarfi og vekur óvissu um réttarstöðu.

Nú, ég vil fagna sérstaklega viðbót í 19. grein að þýskri fyrirmynd og að tillögu Hagsmunasamtaka heimilanna held ég, um að eignarétti fylgi einnig skyld-

ur. Eignarétturinn hefur verið eitt sterkasta ákvæði stjórnarskrárinnar, kannski fullskert miðað við önnur og það er gott að vekja athygli á því að rétti fylgja skyldur. Og í því sambandi mætti kannski minna á að í 30 ár rúmlega, hefur gilt hér fyrirkomulag um verðtryggingu sem að felur í sér undanfarin misseri að einu eignir sem að ekki hafa skerst undanfarin misseri eru verðtryggt skuldabréf. Þau hafa stórhækkað í verði, ef svo má segja. Þannig að þarna er ákveðið misræmi sem að ég held að gott sé að taka á.

Nú, þá langar mig að minna aðeins á samhengi 20. og 21. liðar. Það kom inn viðbót að ágætri ábendingu í nefnd A um að í 20. lið ætti að bæta við orðinu að eyðileggja. Það mætti ekki eyðileggja menningarlegar þjóðareignir, og kannski ætti að hafa eitthvað svipað ákvæði í náttúruauðlindaákvæðinu, í 21. lið um að ekki mætti eyðileggja náttúruauðlindir eða ofnýta, er kannski viðeigandi orðalag. Sem að rímar ágætlega við það sem Íris Lind sagði um meginreglur umhverfisréttar.

Nú varðandi 20. lið vil ég kannski líka nefna út af athugasemd Katrínar, að rétt eins og hún benti á að fegurðina á enginn eða allir, að þá á það sama við um tónlist held ég, eins og fimmundarlögin sem hún nefndi. Þau eru ekki bara til í einu eintaki þannig að ég held að það sé engin hætt á að þetta ákvæði takmarki frelsi listamanna til þess að nýta sér íslenskan tónlistararf. Nú, þá að þessu stórmerka ákvæði í 21. lið. Ég tek undir með Pawel og Þorkatli og Vilhjálmi um að það verði að tryggja helst í texta en annars vegar skýrt í greinargerð, að sú leið til þess að tryggja þjóðinni arð af þjóðar náttúruauðlindum, sem er kennd við fyrningu, að það megi ekki takmarka hana í stjórnarskrá. Ég er svolítið hallur undir þá leið líka, en mér finnst allavega að verði að vera frelsi til þess að velja ólíkar leiðir, ef að löggjafinn telur, eftir viðtækt samráð, að sú leið sé einhvern tímann sú besta eða skásta, að þá verði að tryggja út frá þessum stærðfræðilegu ábendingum og dæmisögunni um skjaldbökuna að fyrningarleið sé ekki útilokuð.

Nú, þá vil ég nefna í sambandi við 2. mgr. 21. liðar að kannski ætti að annað hvort rýmka þetta eða þrengja. Það er auðvitað, eins og bent var á, að þá er það fyrst og fremst löggjafinn sem að leyfir, veitir leyfi eða markar leyfi til afnota eða hagnýtingar gegn fullu gjaldi. Í 25. grein er reyndar talað um handhafa ríkisvalds, Íris Lind vék nú að því að það væri kannski of viðtækt miðað við að það eigi að tryggja þetta með lögum. En í 21. lið er bara talað um handhafa framkvæmdar- og dóm., löggjafar- og framkvæmdavalds. En ég velti fyrir mér hvort að eigi ekki líka að vitna þarna til handhafa dómvalds, þ.e.a.s. allra handhafa ríkisvalds, vegna þess að það gæti auðvitað komið til þess að dómvaldið yrði að vernda auðlindirnar. Sérstaklega ef að tillaga sem að er komin í gegnum C-nefnd um Hæstarétt sem stjórnalagadómstól. Ef að einhver vill bera fyrir sig stjórnarskrárákvæði eins og þetta, að þá gæti komið til þess að dómstólar yrðu að veita þessum auðlindum vernd, ef að löggjafinn til dæmis brygðist í því sambandi. Og þá langar mig aðeins að nefna varðandi 3. málsgrein, 21. liðar. Það er búið að laga sýnist mér orðalagð sem að var haf, það er auðlindir hafs og hafsbots. Og ég er að velta fyrir mér hvort að nytjastofnar sem eru aðeins neðar eigi ekki að fara upp í þennan málslið, vegna þess að rétt eins og auðlindir hafs og

hafsbotsn utan netlaga reyndar, og, geta aldrei verið í einkaeign, að þá er það sama, gildir það sama um nytjastofna, held ég, í hafi. Þannig að þeir ættu kannski að fara upp í 1. málslið, þannig að 2. málsliðurinn lúti aðeins að náttúrugæðum, sem ýmist teljast í einkaeigu eða ekki. Pawel benti á þetta í nefnd og þetta hefur eitthvað verið lagað en kannski mætti ganga lengra, upp á samræmið. Og kannski mætti nefna að auðlindir hafs og hafsbotsn utan netlaga, séu þjóðareign. Vegna þess að ég held að einmitt, innan netlaga, þá eigi, hvað á ég að segja, landeigendur einkaeignarétt, þó að þetta sé nú ekki mitt sérsvið.

Nú, síðan langar mig að taka undir með Þorvaldi sem að skilgreindi hugtakið þjóðareign mjög vel hérna í pontu áðan. Þjóðareign, og það mætti kannski koma skýrar fram í greinargerð að þarna er komin skýring á þessu umdeilda hugtaki. Þjóðareign er sem sagt sú tegund af almannaþingum sem má aldrei selja. Hvort sem það eru menningarverðmætinn eða náttúruauðlindirnar. Og það er einmitt frábrugðið þeim ríkiseignum sem að Pawel og Eiríkur véku að og Þorvaldur benti á að mætti einmitt selja. Það segir núna í 2. málslið, 40. greinar stjórnarskránnar að fasteignir í eigu ríkisins megi aðeins selja með lagaheimild eða með lögum. Og ég geri ekki ráð fyrir að við í valdþáttanefnd B breytum þessu mikið. Þannig að þarna er komin ágætis lagaleg skilgreining sem ætti að róa lögfræðinga sem að hafa árum saman haldið því fram að þjóðareign sé ekki tækt hugtak bara af því að það er ekki kennt í fræðigreini í Háskóla Íslands, sem að heitir eignaréttur. En að sjálfsgöðu getur stjórnarskrárgjafinn og við sem frumkvæðishafar í því, búið til hugtök, sérstaklega ef þau ganga svona vel upp eins og Þorvaldur benti á. Þannig að þá verða lögfræðingar að laga sig að því. Og eins og Þorvaldur benti á þá er fyrirmyndin fengin frá sjálfum Gunnari Thoroddsen sem var ekki bara doktor í lögum og prófessor í stjórnskipunarrétti heldur í hálföld bæði á þingi og í háskóla einn helsti hvatamaður þess að stjórnarskráin yrði bætt eins og lofað var við lýðveldisstofnun. Og að því sögðu held ég að við þurfum ekki að hræðast þetta hugtak þjóðareign þó að Pawel hafi gert góða vinnu í því að benda á aðeins fjögur af á fjórða tug OECD ríkja held ég að hann hafi nefnt, væru með einhver svona ákvæði og aðeins eitt þeirra Mexíkó væri með þjóðareign, að þá giska ég nú á, án þess að ég hafi lagst í rannsóknir eins og hann, að það sé kannski vegna sögunnar. Það gæti, mætti segja mér, að í Mexíkó væri einhver saga rányrkju eða arðsráns og þess vegna er kannski meiri ástæða til þess að setja hugtakið þjóðareign inn í stjórnarskrá. Og við höfum að vísu ekki kannski orðið rányrkju erlendra aðila undanfarið en það hefur auðvitað átt sér stað arðrán á auðlindinni með því að henni hefur ekki verið skipt réttlátlega þannig að öll þjóðin njóti á sanngjarnan hátt. En það segir svo sem ekki, ég er ekki eins hræddur við hugtakið ríkiseign eins og kannski sumir en það þurfa kannski frekar ríki sem með sósíalíska eða nasíska fortíð að vera, en ég held að þrátt fyrir það þá séum við það, svona, meðvitað um evrópska sögu, að, svona, þjóðareign er bara fallegra orð heldur en ríkiseign.

Nú, í 22. lið er margt gott eins og víðar og í 3. málsgrein er þar sagt að almenningi sé frjálst að fara um landið eins og lög leyfa. Þetta held ég sé svokallaður almennaréttur sem er þarna tryggður og mjög til bóta.

Og ég vil benda á að þetta á ekki bara við um dreifbýli eða hálendið heldur líka þéttbýli og ég vil vekja athygli á mjög góðri grein eftir arkitekta eða fulltrúa í skipulagsnefnd Garðabæjar núna á miðvikudaginn í Fréttablaðinu, á bls. 18, þar sem var talað um áratuga eiginlega, brot, gegn þessum almannarétti á Arnarnesi. Þar hefur almenningi ekki í raun verið frjálst að ganga. Það eru allavega ekki stígar til þess, vegna þess að einhverjir aðilar hafa náð að hindra slíkt í skipulagi Garðabæjar.

Nú loks vil ég taka undir með Þorkatli. Ég er ekki alveg viss um að ákvæði 24 eigi heima í stjórnarskrá, en ef það fer inn þá vil ég nú spurja hvort að önnur málsgreinin takmarkar mig þegar ég rækta minn garð eða mitt land í að útrýma spánarsnigli eða skógarkerfli eða felst í því einhver virðing fyrir þeim lifandi verum ef ég bara vísa þeim á braut, með dauðadómi.* En svona já, þetta er mannréttindakafli og hérna, spurning er hvort að við getum treyst löggjafanum fyrir að útfæra bara dýravernd í lögum. Og þá vil ég bara ítreka þakki fyrir góða vinnu og frábæran kafla sem að hér stefnir í. Takk.

SN
Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ
Já, takk. Kæra ráðsfolk. Ég fagna þessum tillögum A-nefndar. Mér finnst hryggjarstykkið mjög gott. Maður getur svo sem sett út á eitt og annað en í heildina er þetta mjög gott og ég vil sérstaklega fagna dýraverndunarákvæði. Ég er viss um að dýr víðs vegar um land hoppa núna hæð sína af ánægju. Varðandi þetta auðlindaákvæði, sem er nú kannski stóra málið hér, að við höfum náttúrlega lent í því að á sínum tíma, þegar þessum réttindum var úthlutað að þá breyttist atvinnufrelsi í atvinnuréttindi og fljótlega var þetta fært til verðmæta og eignar. Og það má segja það í upphafi, þá hafi þeir sem hafa verið svona í kringum auðlindina og nýtt hana, þeir voru eiginlega í banka sem var bara lokaður með öllu gullinu inni. Og fengu þetta gefins, þess vegna er alltaf verið að tala um þennan gjafakvóta. Og þarna í upphafi var ekki gætt jafnræðis þegnanna. Og út á það gengur þetta álit mannréttinda-nefndar Sameinuðu þjóðanna. Og vandamálið er það núna, að nú eru þessir sömu kvótahafar, eða hérna, þeir sem að eiga þessar aflaheimildir innan gæslalappa, nú eru þeir lokaðir í þessum banka og komast þeir ekki út. Og við eiginlega stöndum núna, í þessum vandræðum, að við þurfum að gera eitthvað auðlindaákvæði sem tryggir það að þetta ferli endurtaki sig ekki, en jafnframt þurfum við að ganga frá þessum fortíðarvanda. Og það hefur náttúrlega sýnt sig að margir hafa náttúrlega hlaupið út úr greininni og auðgast verulega á þessu persónulega og það sem kannski er alvarlegast er það að hagsmunaaðilar þeir hafa í raun og veru stjórnað þessari auðlind. Ef að löggjafinn hefur ætlað að gera eitthvað þá hafa þeir bara stoppað allt af. Við sjáum það ef það koma nýjar fisktegundir inn á, inn í landhelgina, þá eigna þeir sér hana. Ef það á að breyta kvótum eða færa til eða opna eitthvað þá skipta þeir sér af því og segja bara nei og ætla bara að leggja flotanum og fara í fýlu. Og þetta er náttúrlega ástand sem við viljum ekki að endurtaki sig. Þess vegna verðum við að ganga mjög vel frá þessu auðlindaákvæði þannig

að við tryggjum, svona almennt forræði ríkisins yfir auðlindunum og ég er sammála Pawel að því leyti að þjóðareign er svoldið, svoldið hérna vafasamt hugtak lögfræðilega og hefur sýnt sig í dómum. Hins vegar er ég líka sammála Þorvaldi að við þurfum að skilgreina einhvern sérstakan eignarrétt eða forræði þjóðar og þjóðareign er voða fallett orð en við þurfum þá að skilgreina þá bara sérstaklega, helst bara í stjórnarskránni, við hvað nákvæmlega er átt. Vegna þess að við getum ekki skilgreint þetta eins og venjulega ríkiseign því að við eigum ekki við það. Við viljum ekki að það sé hægt að selja þetta eins og hverjar aðrar ríkiseignir. Og svo kemur annað vandamál inn í þetta, það er þessi atvinnuréttindi sem að menn hafa fært sér til eignar og lúta þá eignarrétti eða óbeinum eignarrétti. Það er túlkun lögfræðinga, og þetta hefur skapað mikið vandamál. Og ég held að við verðum að vanda okkur gríðarlega í þessu og ég held einnig að, eins og Eiríkur Bergmann var að tala um, að nota bara ríkiseign, að það sé því miður ófær leið um þetta. Ég held að við verðum að hafa þjóðareign en skilgreina það bara sérstaklega í stjórnarskrá, við hvað við eigum. En annars finnst mér þessi, já þessi kafli A-nefndar bara í flestu mjög góður. Takk.

SN
Andrés Magnússon. Þú ert næstur, gjörðu svo vel.

AM
Formaður, félagar og áheyrendur. Ég ítreka mínar fyrri yfirlýsingar um að þakka í eitt skipti fyrir öll fyrir vel unnin störf í nefndum og mig langar að gera að umtalsefni grein 19 og 21. Varðandi eignarétt, sko er ríkiseign líka einka..., er það líka bundið eignarétti, og það er svoldið sko, það er bannað að taka eignir manns nema maður taki jafnframt um leið frá öllum öðrum í landinu, þá er það í lagi. Og, þannig að þetta er spurning um hjálkann eða flísina. Það er vissulega sjálfsagt verið að níðast á eignarétti einhverra, einhvers staðar á landinu. Kannski tekinn upp húseign þar sem á að fara að byggja veg og það er kannski ekki nægar batur fyrir. En stóra vandamálið er að það er búið að taka upp hundruðir ef ekki þúsundir milljarða frá almenningi, frá ríkinu. Og það er hið stóra vandamál. Og spurningin er þá, hvernig við getum komið í veg fyrir það og hvernig eigur ríkisins eru líka verndaðar, það er að segja þegar það er verið að stela frá mér, ekki bara í gegnum það sem ég á persónulega, heldur líka það sem ég á í sameigninni. Og, reyndar finnst mér mjög gott þetta ákvæði, nýting eignaréttar skal ekki ganga gegn almannahag. Þetta er jú ekkert annað en gamli samfélagssáttmálinn, það er að segja, athafnafrelsi þitt skal ekki skert enda reiknum við með að dugnaður þinn og drift leiði velmegð yfir samfélagið. Það er nefnilega þetta sem að stærstu stjórnmalaflokkur á Íslandi hafa haldið fram. En hvaðþá ef einmitt dugnaður þinn og drift og atorkusemi leiðir hörmungar yfir samfélagið? Í dag ertu tryggður með hlutabréfalögum og svo framvegis. Það er sem sé ekki hægt að ganga að þér þó þú beitir eignum þínum gegn almannahag. Og Íris Lind var einmitt að spurja um það hvort við, menn gætu gefið eitthvað dæmi þess að það væri hægt að dæma eftir þessu ákvæði. Ég, mér fyndist skýrara ef maður mundi segja til dæmis: Eigendur bera ábyrgð á afleiðingum þess hvernig þeir beita eignum sínum.

Þetta er þá, gengur þá í báðar áttir og það er verið að vernda það að þó að, það er ekki nóg að það megi ekki stela frá einum, það má heldur ekki stela frá öllum, í einu. Og ég hef, það hafa margir menn komið að máli við mig og talað um hvernig til dæmis ríkisfyrirtæki eru einkavædd á Íslandi. Að í nágrannalöndunum þá, þá er passað upp á að það eru gefin út feikilega mörg hlutabréf og þau eru bara sett á hlutabréfamarkað og allur almenningur í landinu geta keypt þessi hlutabréf. Á Íslandi var fundið upp eitthvað orð sem heitir kjölfjáfrestir, og þannig að það er búið að semja fyrirfram um hver á að fá ríkisfyrirtækið. Og þeir hafa óskað eftir því að væri sett í stjórnarskrána að ef ríkisfyrirtæki eru seld að þá skal það gert á almennum markaði og öllum gert kleyft að kaupa, ekki sem sé, ekki fyrirfram samið við ákveðinn hóp. En, sem sé, þetta er þá gott ákvæði, nýting eignaréttar skal ekki ganga gegn almannahag, enda er það hinn gamli samfélagssáttmáli sem við höfum alltaf haft í huga. Og hvað, Íris þá, gæti það verið dæmi, segjum til dæmis að maður nýti eignarétt sinn á banka til þess að gera einhverja, eitthvað glæfralegt sem augljóslega mun leiða af sér kostnað fyrir ríkissjóð. Er það, væri hægt að dæma eftir þessu ákvæði? Er það nógu skýrt? Og það þarf sem sé að vera nógu skýrt, að ef menn hafa beitt eignum sínum gegn almannahag að þá sé hægt að dæma fólk til ábyrgðar og ekki, og það muni þá upphefja til dæmis hlutabréfalög. Nóg um eignaréttinn og þá er það náttúruauðlindir. Og ég er pínulítið sammála því, ef þetta eign þjóðarinnar er svona ofsalega erfitt hugtak að þá gætum við ekki haft eitthvað á þessa leið: Náttúruauðlindir Íslands eru sameign og ævarandi, eru sem sé ævarandi sameign almennings á Íslandi, til dæmis, í staðinn fyrir þjóðareign og fólk finnst greinilega ríkiseign ekki nógu gott. Síðan er hérna dálítið vandamál í næstu málsgrein 21. greinarinnar: Til afnota eða hagnýtingar þeirra gegn fullu gjaldi og til hóflegs tíma í senn. Þetta er mjög gott ákvæði, hóflegs tíma í senn, en ég bara minni á að það er hægt að komast fram hjá þessu með því að leigja til mjög langs tíma í senn eða til þess að hafa mjög hægan fyrningartíma, mjög langan fyrningartíma eða mjög langan leigusamning. Og það var til dæmis í umræðunni hér að leigja til 130 ára og það er sama og að gefa. En síðan langar mig að tala aðeins um síðustu setninguna, sem er, mér finnst hún ekki alveg, það hafa nú komið fram ábendingar áður um það að hún renni ekki alveg ljúflega ... Til auðlinda í þjóðareign teljast jafnframt náttúrugæði, komma, sem má nú fara þarna, teljast jafnframt náttúrugæði sem ekki eru í einkaeigu svo sem nytjastofnar, landsvæði, vatns- og virkjunarréttindi og jarðhita- og námaréttindi. Það er sem sé, er eiginlega verið að segja þarna að jarðhita- og námaréttindi á einkajörð sé þá í eign þess sem á jörðina. Svona er þetta ekki í mörgum öðrum löndum. Þetta er til dæmis í Texas, og þá áttu menn þá olíu sem fannst á jörðinni og það leiddi til alveg rosalegs misskiptings auðs í því ríki. Við sjáum þetta best í Noregi þar sem að arður af auðlindinni gengur til allrar þjóðarinnar. Og það er rosaleg velmegun alls staðar í landinu. Í Danmörku þá var strax gas ... réttindum einka..., þau voru strax einkavinavædd og það seitlar ekki inn til allrar þjóðarinnar, arðurinn af þeirri eign. Þannig að, það sem mig langar að tala um, það er að ég talaði við fólk sem er mjög framarlega í jarðhitaorkumálum og þeir segja mér að í þeim löndum þar

sem er mest um beislun jarðvarma, að þar á eigandi jarðarinnar rétt á allri orku sem er niðri, til dæmis í 10 metra dýpt. Og ef, að sem sé, það sem er talað um iður jarðar, séu sameign jarðarbúa. Þetta er, við sjáum þetta til dæmis þegar verið er að vinna vatn, að það koma stórfyrirtæki og fara að tappa vatni á flöskur og þá hverfur vatnið af landareignunum í kring. Og það er pínulítið sama hugsun hér varðandi jarðvarma. Þú ert að kæla möttulinn, sameign jarðarbúanna. Og allavega virðast menn víðast hafa farið þá leið að takmarka eignaréttinn í ákveðna dýpt. Og mér skilst að það sé umræða um það. Ég held það verði að koma inn í stjórnarskrána. Hvað viljum við að jarðvarminn nái djúpt niður. Og hef ekki fleiri orð um það. Takk fyrir.

SN

Þá tekur næst til máls Pawel Bartoszek og ég ætla að loka mælendaskrá þegar hann hefur lokið máli sínu.

PB

Já, takk kærur vinir.

Ekki hélt ég nú að ég mundi þurfa að fara í umræðu um örsmaðareikning og skjaldböku, hér. En til þess að útskýra aðeins rökvillu Xenons sem felst í kappleiks skjaldböku við Akkiles, þá er þetta rökvilla. Akkiles nær skjaldböku á endanum. Það er hins vegar ekki til að finna í fyrningarleið. Eign sem er fyrnd smám saman, hún mun aldrei á endanum hverfa inn til þess sem hana fyrir. Þannig að það er ákveðinn munur þarna á milli. Við skulum hérna, átta okkur á því. En ég ætla nú ekkert að gera það að aðalumtalsefni mínu hér.

Ég ætla örsnöggt að renna yfir heildarathugasemdir mínar við kaflann. Ég get nú tekið undir flest það sem Íris Lind sagði áðan þannig að ég ætla ekki að endurtaka það. Hérna fyrst þá hef ég sömu athugasemdir og margir aðrir varðandi heilbrigðisþjónustukaflann, eða greinina. Í menntunarhlutanum þá styð ég það að það standi öllum börnum. 3. málsgreinin, það er tvennt þarna inni, annars vegar það að tryggja það að menntun skuli miða að fullum þroska hvers og eins. Ég styð að það komi inn en ég er ekki jafnhrifinn af því að tilgreina tiltekin atriði sem menntakerfið eigi að taka til athugunar. Mér list hins vegar ágætlega á viðbótina um frelsi vísinda og æðri menntunar.

Nú, síðan er það um félagslegt öryggi. Þá eins og Íris Lind benti á, 1. málsgreinin í því ákvæði, hún tilgreinir það að menn hafa rétt til lífsviðurværis án nokkurra skilyrða. Þannig að hugsanlega og ég er nokkuð viss um það að muni reyna á þetta í dómi, ef þetta fer inn svona. Þá mun einhver aðili ákveða að hann eða hún hafi ekki áhuga á því að stunda launaða vinnu og eigi þar með rétt á, sem sagt lífsviðurværi frá ríkinu. Það gæti verið að væri ekki fallist á það, og það gæti verið að væri fallist á það. Við getum ekki fullyrt um það fremur en í rauninni mjög mikið af öðrum breytingum sem verið er að leggja til.

Sama í rauninni þá um heilbrigðisþjónustuna Að hæsta marki sem völ er á, getur þýtt að einhver þarf á meðferðum að halda sem kosta kannski 10, 20 milljónir, sem mundi þá þýða að aðrir, að sú heilbrigðisstofnun gæti ekki lengur þjónað öðrum. Hann getur farið með það mál fyrir dóm og segja að það sé unnt að verða við þessum kröfum hans. Við getum ekki fullyrt um það hvernig það dómsmál mundi fara.

Eignarréttarákvæðið er eitthvað sem mér er hugleikið. Ég mundi styðja þá viðbót að þarna stæði eignaréttí geta lögbundnar takmarkanir og skyldur. Ég vil meina að ekki öllum eignaréttí fylgi endilega skyldur. Ég get ímyndað mér marga hluti sem ég get keypt mér, án þess að því fylgi einhverjar skyldur af minni hálfu. Og síðan er það þessi viðbót þarna, nýting eignarréttar skal ekki ganga gegn almannahag. Nú, ég verð auðvitað dálítið smeykur þegar ég sé svona ákvæði, ekki vegna þess að ég telji að þetta sé eitthvað sem löggjafinn hefur ekki þegar túlkað dálítið með þessum hætti, heldur þetta gefur mönnum dálítið vopn í allri opinberri umræðu og það getur auðvitað farið á báðan veg. Þetta getur farið með þeim hætti að einhver, til dæmis svo ég taki náttúruverndardæmi. Einhver á eitthvað landsvæði og er að nýta það með þeim hætti sem honum sýnist og síðan kemur stjórnmalamaður sem segir, heyrðu, við ætlum að virkja hér, við ætlum að gera þetta eitthvað, við ætlum að taka þetta land eignarnámi undir virkjun, undir jarðhitavirkjun, undir eitthvað stöðuvatn. Og þín nýting á þessum eignaréttí er þá að ganga gegn almannahag, ganga gegn, í þeim skilning sem ég legg í það orð. Þannig að ég mundi ekki vilja sjá þetta ákvæði inni og legg til að það fari út. Þ.e.a.s. að greinin um nýtingu eignarréttar og almannahag. En ef að kemur að maður geti fylgt lögbundnum takmörkunum og skyldur, þá get ég stutt greinina eins og hún stendur. Ég tek undir flest það sem Íris sagði varðandi 20. greinina um náttúruauðæfin, nei menningarlegu auðæfin.

Nú, þá er það 21. greinin og ég þakka fyrir þær umræður sem hafa átt sér stað bæði um mitt innlegg og síðan umræðu nefndarinnar. Og það er auðvitað ákveðinn menningar-, kannski ekki menningarmunur en hugsjónalegur munur sem verður ekkert auðveldlega brúaður og ég kannski sykurhúða ekki þá afstöðu mína að mér finnst ekki að öllum eignum sé best fyrir komið í eigu hins opinbera. Og ég þakka Þorvaldi Gylfasyni kærlega fyrir þá skýringu hans á að þjóðar-eign sé almenn opinber eign sem ekki meggi selja. En í því ljósi þá verðum við að lesa

ákvæðið allt í heild sinni, og leggja í það ákveðinn skilning. Þarna neðst stendur nefnilega: Auðlindir hafs og hafsbots innan íslenskrar lögsögu eru þjóðareign. Til auðlinda í þjóðareign teljast jafnframt náttúrugæði, sem ekki eru í einkaeigu, svo sem nytjastofnar, landsvæði, vatns- og virkjunarréttindi og jarðhita- og námaréttindi. Þarna stendur til dæmis landsvæði. Þetta þýðir í ljósi þess skilnings sem lagður hefur verið í orðið, að það land sem í dag er í ríkiseigu, má aldrei selja í hendur einkaaðila. Og ég get ekki fallist á það að það sé endilega góð hugmynd. Að allar jarðir sem í dag eru á hendi ríkisins, verði að vera þar um aldur og æfi. Ég mun ekki styðja þá tilhögun til framtíðar.

Nú, að öðru leyti þá hef ég kannski ákveðnar athugasemdir við hugtakið fullt verð. Það hefur auðvitað, fyrir mér er aðeins einn verð sem er fullt verð og það er verðið sem að einn vill selja á og annar vill kaupa á. Þetta hefur auðvitað ákveðna skírskotun í grein um eignarréttinn í dag, þar sem þeir ákváðu nefnd á vegum hins opinbera sem metur það hvað fullt verð sé, ef til ágreinings kemur milli þess sem vill selja. Allavega þess sem vill ekki selja, og hins opinbera, og það hefur auðvitað verið nýtt með ákveðnum hætti. Það hefur verið nýtt það, að ef menn ætla að virkja eða

leggja veg og það næst ekki samkomulag við aðillan sem á umrætt svæði, þá fer ríkið með það mál einfaldlega ákveðna dómstólaleið og tekur viðkomandi eign eignarnámi. Þannig að ég er ekki endilega viss um að þetta sé sú fyrirmynd sem við eigum að veita, ef að við förum með náttúruauðlindaákvæðið með þessum hætti. En ég ítreka það að ef að það er áhugi fyrir því að skrifa náttúruauðlindaákvæðið með þeim hætti að það mundi með ótvíræðum hætti, heimila það að það væri hægt að koma fyrir einhvers konar fyrningaraðferð, og að það mundi ekki ganga um of á þann rétt einkaaðila til þess að eignast landsvæði, sér í lagi. Og til þess að geta nýtt auðlindir með skynsamlegum hætti, þannig að þjóðin fái skynsamlega og góða rentu fyrir, þá er ég tilbúinn til þeirrar vinnu. Takk.

SN

Arnfríður Guðmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

AG

Já, takk, formaður og ráðsfélagar og aðrir áheyrendur. Hér er að sjálfsögðu gífurlega stór og mikilvæg mál til meðferðar og við í A-nefnd höfum að sjálfsögðu gert okkur grein fyrir því hversu mikilvæg þessi mál eru og hversu vandmeðfarin líka þau eru, þannig að það er búið að vera mjög mikilvægt að fá þessa góðu umræðu og þessar góðu athugasemdir sem að við höfum fengið inn í okkar vinnu og við munum að sjálfsögðu halda áfram að reyna að þússa þetta og sníða af þessu hugsanlega vankanta og hluti af því er að reyna að bæta orðalagið, þannig að í þetta orðalag þarna í 15. greininni er dæmi um það orðalag sem við höfum eytt talsverðum tíma í - hæsta marki sem unnt er. Þetta er, ja mér allaveganna finnst þetta ekki alveg nógu gott og ég heyrir að það eru margir sammála mér í því. Og inni nefndinni höfum við verið að leita að einhverju öðru orðalagi sem mundi dekka þessa hugsun. Að það, við erum að setja mjög háleitt markmið en um leið að setja, sem sagt, ákveðinn varnagla þarna sem unnt er, og það væri gott ef að við fengjum fleiri hugmyndir af mögulegu orðalagi, inn í okkar vinnu.

Varðandi menntunina, ég ætla aðeins, að sjálfsögðu erum við í allri þessari vinnu, ekki bara í A-nefnd, heldur alls staðar með í huga það sögulega samhengi sem við erum hluti af. Og þetta með, þessi ákvæði sem þarna koma inn í menntunargreinina eins og gagnrýnin hugsun, sem sumum finnst kannski frekar eiga heima í lögum eða reglugerðum, að þetta sé það stórt mál og þetta sé það mikilvægt mál, sem að reynslan hefur sýnt okkur á svo áþreifanlegan hátt að við þurfum að hlúa meira að, að þess vegna er þetta atriði þarna inni. Þessi síðasta málsgrein sem fór bara inn í gær eftir umræðurnar á fundinum í fyrradag, um akademískt frelsi og listrænt frelsi, að þetta er að sjálf-sögðu líka tengt þessu ákvæði um gagnrýna hugsun. Ég fagna þessu ákvæði mjög og því hversu jákvætt hefur verið tekið undir það hér. Ég held hins vegar að við ættum aðeins að velta fyrir okkur staðsetningunni á þessu ákvæði, hvort að það eigi heima inni í þessari menntunargrein eða hvort að það sé kannski ástæða til þess að búa til sérgrein í kringum þetta ákvæði. Af því að þó að vísindi og aðrir menntun geti mjög vel fallið undir menntun, sem sagt menntunargreinina, að þá er þetta listræna frelsi það sem að ég hef verið að velta fyrir mér. Og hefur, er helsta ástæðan fyrir því að ég

hef velt fyrir mér hvort að þetta ætti heldur heima inni í sérákvæði. En ég held að þetta sé eitt af þeim atriðum sem verður aldrei ofmetið.

Þetta með þjóðareignina, þetta er að sjálfsgöðu stórt mál. Ég fagna því sem að Þorvaldur kom fram með hérna áðan og Katrín Fjeldsted tók meðal annars undir, að þetta er að sjálfsgöðu annað ákvæði, eða þetta merkir eitthvað annað heldur en ríkiseign. Og það er skýrt í hugum flestra að ég tel, að þetta er annað og, það er að sjálfsgöðu þörf á því að það fari ekkert á milli mála hvað þetta merki. En hvort að við gerum það í greinargerð, sem að ég myndi vilja gera frekar heldur en að breyta þessu hér, annars vegar þjóðareign í 20. greininni og eign þjóðarinnar í 21. grein. Það er svo sem atriði sem að er, má velja fyrir sér hvort að við gætum hugsanlega haft ákvæðið sem sagt skýrara og sett inn einhverja skilgreiningu, óyggjandi skilgreiningu en ég er ekkert sannfærð um að við eigum ekki bara að gera það í greinargerð. Það komu fram spurningar varðandi 21. greinina, meðal annars hvort það væri ástæða til þess að setja inn ákvæði um ofnýtingu. Ég tel að ákvæði um að nýtingin eigi að vera á sjálfbæran hátt, taki á því og þess vegna þurfum við ekki að setja inn, sem sagt ofnýtingu eða eyðileggingu, sérstaklega. Þetta með nytjastofnana, er að það sé kannski tvítekning og af því að við erum búin að segja auðlindirnar í hafi og á hafsbotni, en það er gert af ásettu ráði, af því við töldum ákveðna ástæðu fyrir því, og ákveðna þörf fyrir að gera það. Ég skildi Pawel þannig áðan í ræðu hans, fyrri ræðu hans, að það væri hægt að skilja þessa 3. málsgrein þannig, að landsvæði og vatns- og virkjunarréttindi mætti sem sagt, mætti líta á sem, eða öll virkjunarréttindi og öll landsvæði og jarðhita- og námaréttindi, mætti líta á sem þjóðareign. Þarna er þessi setning: sem ekki eru í einkaeigu, finnst mér eiga að taka af öll tvímæli um það. Hins vegar finnst mér mjög mikilvæg þessi ábending sem að Andrés kom fram með hérna áðan, hvort að það sé ekki ástæða til þess að koma fram með einhverjar skilgreiningar þannig, að þessar auðlindir sem að eru bundnar ákveðnum, ja, landsvæðum, hvort að þær, það sé ekki ástæða til þess að tryggja það að arður af þeim sé, fari til fleiri heldur en þeirra sem að bara eiga landsvæðið.

Varðandi náttúru Íslands, ákvæðið í 22. greininni. Íris Lind spyr hvort að þurfi að setja inn umhverfisréttinn. Að þá spyr ég bara á móti hvort að það sé ekki ástæða til þess að bara hafa það, skýrt í greinargerð og hvort að það sé yfirhöfuð ekki bara svona innifalið í þessu, að það sé hluti af þessu. Og bara, í lokin varðandi dýraverndina. Verndunarákvæðið, 24. ákvæðið. Vernd dýra er að sjálfsgöðu, verndin á að sjálfsgöðu líka við dýrategundir gegn útrýmingu, bara svo það sé alveg á hreinu. Takk.

SN

Já takk. Ég ítreka að búið er að loka mælendaskrá. Næstur talar Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VP

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Lengi getur gott batnað og þessi texti var góður en hér hefur farið fram mjög fin umræða og margar góðar ábendingar komið fram sem að geta gert hann ennþá betri. Ég minntist áðan aðeins á lið nr. 19 um eignaréttinn. Menn hafa

bent hér á að orðalagið gæti verið, eignarétti geta fylgt lögbundnar takmarkanir og skyldur. Ég mundi nú styðja það fyrir mína parta, mér finnst það vera nær því sem við erum að segja. Nýting eignaréttar skal ekki ganga gegn almannahag. Ég veit að þetta er að þýskri fyrirmynd, en ég myndi fagna því eins og aðrir hafa nefnt, að í greinargerð kæmi betur fram hvað menn eru að hugsa sér þarna. Þetta er afskaplega opið orðalag. Og gæti kallað á einhvers konar, ja, hvað á að segja, skapandi túlkun. En annars ætlaði ég nú aðallega að ræða um lið 21, um náttúruauðlindirnar. Þetta er, eins og ég sagði áðan, stórt og mikið mál. Og það er nú alltaf gaman að ræða um stærðfræði og vantar ennþá meiri stærðfræði í þjóðfélagsumræðuna, ef ég mætti ráða, en kannski ekki margir sammála því. En í þversögn Xenons um skjaldböðkuna og Akkiles, að þá einmitt nær Akkiles skjaldböðkunnar og það er hægt að reikna það út, hvenær hann gerir það. Og punkturinn er sá að það er sem sagt hægt að reikna það út að svona hlutfallsleg fyrning hefur langan tíma. Hún er jafngild, sem sagt, því að eiga réttinn í tiltekinn tíma og svo klárast hann. Þannig að það er hægt að reikna út tiltekinn, ja, að svona leyfisveiting sé jafngild leyfisveitingu til tiltekins árafjölda sem að svo lýkur. Og svo lengi sem að sá útreikningur myndi leiða í ljós hóflegan tíma, að þá tel ég að svona fyrningarregla myndi alveg fullkomlega rúmast innan þessa ákvæðis okkar, og skil það þannig. Og vona að það sé skýrt og það mætti auðvitað alveg koma fram í greinargerð og náttúrlega skemmtilegt ef að öll sagan um skjaldböðkuna og Akkiles kæmi fram í greinargerð, það væri nú ekki verra. En svo langaði mig aðeins að ræða um þetta með þjóðareign og ríkiseign. Ég, eins og fleiri, ég fagna skilgreiningu Þorvaldar Gylfasonar á þjóðareigninni, hún er skýr og góð að mínu mati. Og það sem að þarna er held ég um að ræða er að við viljum að auðlindirnar séu þá með þessum hætti í þjóðareign, það er ekki hægt að selja þær eða afhenda með neinum varanlegum hætti. En ég sæi síðan fyrir mér að þetta yrði raungert, eins og ég minntist á áðan, í einhvers konar auðlindasjóði, sem héldu utan um þessar sameiginlegu auðlindir og ráðstafaði þeim fyrir hönd þjóðarinnar og í almannahag. Og ég myndi gjarnan vilja jafnvel velja því fyrir mér hvort að við ættum að opna með einhverjum hætti á það fyrirkomulag í þessu ákvæði. Hér stendur sko, handhafar löggjafar- og framkvæmdavalds, vernda auðlindirnar og geta veitt leyfi til afnota. Kannski mætti einhvern veginn hnika þessu orðalagi til, þannig að með lögum skuli komið á skipan sem með einhverjum hætti, sko, svona býr til einhvers konar stofnun, eða ég veit ekki hvað á að kalla það. Ekki kannski stofnun, en eitthvert fyrirkomulag utan um þetta, þessa hugsun. Allavega að orðalagið leyfi það. Og það er hvort sem er þannig að þetta orðalag handhafar löggjafarvalds og framkvæmdavalds er ekkert sérstaklega gott. Þannig að kannski væri hægt að aðeins að velja þessu fyrir sér.

Nú, það er síðan þarna á eftir, í síðustu málsgreininni, þá er talað um eins og nefnt hefur verið, sko til auðlinda í þjóðareign teljast jafnframt náttúrugæði sem ekki eru í einkaeigu, svo sem ... Þetta var í tillögu Stjórnlaganefndar, samsvarandi var, sem ekki eru háðar einkaeignarétti. Og mig grunar að nefndin kunni að hafa viljað einfalda þetta orðalag, fundist það eitthvað lögræðilegt og þungt, og þess vegna breytt því í bara í

einkaeigu. En það er held ég merkingarmunur. Nú er ég ekki lögræðingur sjálfur. En ég held það sé merkingarmunur á því að vera með eignir sem eru háðar einkaeignarétti, annars vegar, sem geta þá verið í ríkiseigu, en háðar einkaeignarétti. Og svo aftur bara einfaldlega, gæðum sem eru í einkaeigu. Og eru þá ekki í ríkiseigu. Skiljið þið, þannig að ég held að það gæti verið að þarna hafi tapast merkingarmunur þegar menn vildu einfalda

Og síðan aftur áfram í þessari málsgrein, þá er talað um, já þessi náttúrugæði sem ekki eru í einkaeigu, svo sem ... og svo er talið upp, nytjastofnar, landsvæði, vatns- og virkjunarréttindi og jarðhita- og námaréttindi. Ég tek undir með öðrum sem hafa vakið athygli á því að orðið nytjastofnar er þarna, sem sagt, odd man out, það er öðruvísi í þessum lista heldur en öll hin. Þ.e.a.s. nytjastofnar eru ekki og verða aldrei undirorpnrir einkaeignarrétti, það bara er þannig. En aftur á móti landsvæði, vatns- og virkjunarréttindi og jarðhita- og námaréttindi eru það þegar í dag, og verða væntanlega áfram. Þannig að það er ástæða til þess að orðið nytjastofnar hugsanlega flytjist út úr þessum, þessari upptalningu, vegna þess að það er nánast verið að gefa það í skyn að þeir geti verið undirorpnrir þessum einkaeignarétti, sem er ekki tilfellið. Þannig að ég legg til að orðið nytjastofnar verði annað hvort tekið út úr listanum eða flutt ofar, en ég tel reyndar að það sé innifalið í auðlindum hafs og hafsbots. Þannig að hugsanlega megi það bara missa sín.

Þetta held ég að sé það sem að ég vildi sagt hafa, nema að ég, mér fannst góð ábending hjá Írisi Lind, að nefna meginreglur umhverfisréttar. Við nefnum annars staðar í stjórnarskránni fyrirbæri sem að samrýmast lýðræðishefðum, að það megi aldrei gera tiltekna hluti nema þeir samræmist lýðræðishefðum. Og með sama hætti held ég að það væri alveg unnt að vísa til meginreglna umhverfisréttar, og nota þessa viðmiðun vegna þess að það gefur mönnum svona, sterkari viðspyrnu, í því að gefa því sem við viljum segja ákveðið efnisinnihald. En þakka fyrir.

SN

Þorvaldur Gylfason, gjörðu svo vel.

ÞG

Já, formaður, góðir ráðsfulltrúar. Mig langar að þakka þeim sem tekið hafa til máls, vel fyrir margar góðar ábendingar sem við í A-nefnd munum að sjálf sögðu skoða mjög vandlega. En það eru 2 efnisatriði sem mig langar til þess að taka upp. Mig langar í fyrsta lagi að bregðast við ræðu Írisar Lindar Sæmundsdóttur áðan, um greinina um íslenskan menningararf. Eins og ég lýsti í máli mínu áðan, að þá teljum við í nefnd A að menningararfur íslensku þjóðarinnar verðskuldi sérstakt ákvæði og vernd í nýrri stjórnarskrá. Bæði arfsins vegna, sjálfs, og vegna þessarar hliðstæðu við náttúruauðlindir í þjóðareign sem fjallað er um í greininni strax á eftir. Og, ég tel að túlkun greinarinnar sé ekki neinum sérstökum vafa undirorpin. Ég ætla að fá að lesa greinina fyrir ykkur fyrst, hún er bara 2 línur, og túlka hana svo: Þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja. Og þið heyrir rímið við orðalagið úr Þingvallalögunum frá 1928 sem ég lýsti áðan. Takið eftir því hvað greinin segir ekki. Hún segir

ekki, þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfi, svo sem allar þjóðminjar og öll fornrit má hvorki eyðileggja né afhenda, o.s.frv. Tökum dæmi, Katrín kenndi okkur sögnina “að snappa”, í gær. Setjum nú svo að Þjóðminjasafnið “snappaði” og við sæum Valþjófsstaðahurðina auglýsta á eBay. Það væri atburður sem þessari grein er ætlað að standa í vegi fyrir.

Setjum nú svo að einhverjar ómerkari þjóðminjar úr safninu rötudu á uppboð eða inn á einkaheimili, í leyfisleysi, að þá gæti það komið til kasta dómstóla að ákveða, hvort þessi grein ætti við um þær eða ekki. Í þessu er verndin fólgin. Tökum annað dæmi, setjum svo að Skarðsbók dúkkaði upp á eBay. Það vill svo til að Skarðsbók er komin í eigu íslensku þjóðarinnar vegna þess að bankarnir keypti hana fyrir 36.000 pund á uppboði í London, árið 1965, ef ég man árið rétt. Og gjafabréfið var stílað á íslensku þjóðina. Ekki á íslenska ríkið. Þannig að Skarðsbók er skýrt dæmi um fornhandrit sem þjóðin á, og sem þessi grein segir að megi hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja. Setjum svo að Listasafnið “snappaði” og við sæjum allt í einu bunka af Kjarvals-málverkum auglýstan á eBay eða hjá Gallerí Borg. Þá myndi þessi grein aftur koma réttum eiganda til varnar. Setjum sem svo að Listasafnið vildi selja einhverjar ómerkari myndir úr safni sínu, að þá væri það dómstólanna að ákveða, hvort safnið hefði leyfi til þess. Ég sé það fyrir mér að Listasafnið skyldi geta haft áhuga á því að endurnýja verk í safni sínu og þá skilst mér að samkvæmt gildandi lögum, eða a.m.k. reglum, sé sá háttur hafður á að þá verði að kaupa annað verk eftir sama listamann. Um þetta get ég þó ekki fjölyrt án nánari upplýsinga. En þið sjáið hvað ég er að fara. Ef einhver telur að það sé verið að brjóta á rétti þjóðarinnar með því að selja verk úr Listasafninu, þá hefur hann rétt til þess, ef þessi grein verður samþykkt, að láta reyna á það fyrir dómstólum. Og þeir myndu síðan ákveða hvaða þjóðareignir heyra til íslenskum menningararfi í skilningi greinarinnar. En sumar eignir, eru hluti af okkar sameiginlega menningararfi með svo skýrum og ótvíræðum hætti að þar getur enginn efi komist að. Og þess vegna nefndi ég Valþjófsstaðahurðina og Skarðsbók, og finustu málverk Kjarvals.

Hitt atriðið varðar hlut sem að Þorkell Helgason sagði í ræðu sinni. Hann var að fjalla um greinina sem hljóðar svo: Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur, sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti og tryggja með lögum að farið sé eftir þeim. Þorkell spurði, þarf að taka þetta fram? Er þetta ekki augljóst? Ástæðan til þess að það þarf að taka þetta fram, að minni hyggju, er sú að þó að þetta sé augljóst, að þá hefur ekki verið eftir því farið. Ég bara minni á það, árið 2007 felldi Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna úrskurð um fiskveiðistjórnarkerfið, samkvæmt Mannréttindasáttmála sem Ísland hefur bæði undirritað og fullgilt, og sem Íslandi bar að taka mið af, vegna þess að samningurinn er bindandi. Síðan eru liðin á fjórða ár og ríkisstjórn Íslands hefur ekki enn brugðist við þessu. Og, þess vegna, meðal annars, þykir mér rétt að hafa þetta ákvæði þarna inni til áréttingar og fleiri dæmi máli mínu til stuðnings, mætti nefna. Takk fyrir.

SN

Örn Bárður Jónsson, gjörðu svo vel.

ÖBJ

Formaður og góð systkin nær og fjær. Mér finnst þetta vera merkilegur dagur og tímamót hjá okkur, að sjá þennan texta verða að veruleika. Auðvitað er hann ekki fullkominn og þarf að slípa hann til og fægja hann en ég vil þakka hér bæði hástemmdar hamingjuóskir og líka hófstílltar athugasemdir. Allt skiptir það miklu máli. Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði í því sambandi, en þó að fá að nefna tvennt, þrennt. Það er heilsan í 15. greininni og orðalagið þar. Auðvitað má hugsa sér að þetta verði orðað öðruvísi, að hæsta marki sem unnt er. Og við munum vinna í því, en við viljum hafa gjarnan inni markmiðsgrein, eða þrýsting inni í greininni sem að ýtir henni til ystu marka. Þannig að það sé gert hið ítrasta. Heilsa, máttur, fegurð, fjör flýgur burt sem elding snör, orti séra Björn í Laufási á 19. öld og heilsan er mikilvæg og hún er brothætt, það þarf að vernda hana vel.

En svo er það hugtakið þjóðareign, og ég vil þakka Þorvaldi Gylfasyni sérstaklega fyrir mjög skýra túlkun á því með tilvísun í Þingvallalögin. Maður hefur auðvitað lesið greinar og heyrð lögfróða menn fara með hugsanir sínar um þjóðareign og beita þar mikilli fimi og fettum og brettum til þess að tala um að það sé ekki hægt að skilgreina vissa hluti sem þjóðareign. En ég held að almenningur og brjóstvit almennings hafi þetta alveg á hreinu. Ég held að ef við færum hér út í Kringluna eða niðri bæ og spyrðum fólk, að þá held ég að almenningur sé með það alveg á hreinu hvað er þjóðareign. Það er eitthvað sem að tilheyrir okkur öllum og tilheyrir þjóðinni og þar með komandi kynslóðum. Við erum með það í náttúrugreininni að komandi kynslóðir eigi að njóta, og það er gríðarlega mikilvægt, að við umgöngumst náttúruna á ábyrgan hátt. Við erum ekki þau einu sem að höfum lifað hér eða munum lifa hér, vonandi. En við verðum að umgangast þetta af virðingu. Þakka fyrir það að vera til. Og ég ætla að leyfa mér að vitna hér í skáldið Tómas Guðmundsson, sem orti upphafinn yfir því að hann sá konu stíga úr hafi eins og Venus og svo segir hann: „Og það er á slíkum stundum, að maður getur gert sér eins grein fyrir því og vert er, að kynslóð vor, hin eina kynslóð er, sem nýtur þeirrar hamingju að hafa ekki dáíð. Svo hjartanlega náíð er lífið okkur enn, sem betur fer. Og svo heldur hann áfram. Og þó að sólin ljómi og lyftir á þúsund baram, að liðnum þúsund árum, og önnur kynslóð komi hér um síð. Þá skiptir það mig engu og ánægður þá sef ég, fyrst einu sinni hef ég, að minnsta kosti, fæðst í tæka tíð.“

Þetta er glæsilegt. En ég er kannski svolítið hátíðlegur núna og kannski hættir mér yfirleitt til þess, en ég er uppnúminn yfir þessum texta og þessum tímamótum, því að þetta eru tímamót. Að náttúran fái slíkan sess í mannréttindakafla eins og Þorvaldur minnti á í útvarpsviðtali í gær. En það sem ég vil líka benda á, það er þetta einstaka orðalag náttúra Íslands er friðhelg. Þar er náttúrunni gefinn status sem að er alveg einstakur. Og þarna nálgumst við hugsun margra frumbyggja, þetta heitir á fræðimáli animismi, þegar að náttúrunni er gefið það inntak að hún sé lifandi, að hún sé sjálfstæð. Og við erum að fara þarna mjög langt út frá okkar vestræna hugsunarhætti, eða út fyrir hann má ég segja. Og það sýnir það að við erum víðsýn í hugsun og viljum gera náttúrunni mjög hátt undir höfði. Þetta er tímamótasetning, og ég vil biðja

ykkur að taka sérstaklega eftir því. Og þess vegna vil ég óska okkur til hamingju með þennan hástemmda texta. Það er nefnilega þannig að umgengni okkar við landið og lífið skiptir máli, því að það, ef við rjúfum þessa einingu sem á að vera milli lífríkisins og hegðunar okkar mannanna, þá fer illa. Og það er eitthvað sem að býr djúpt í vitund kynslóðanna sem horfnar eru eða bjó. Og við megum ekki ganga um hlutina eins og við ein höfum lifað, eða munum lifa. Ég ætla að fá að ljúka þessu með tilvitnun í Spádómsbók Hósea, sem að áminnti Ísraelsbörn, og við skulum skipta því orði út fyrir Íslendinga. Og ég ætla að lesa úr Guðbrandsbiblíu, þannig að við sjáum hvað tungan er máttug enn í dag. Þar er varað við umgengni, og því að rjúfa samhengi og svíkja gildi. Heyrið Drottins orð þér Ísraelsbörn, því að Drottinn hefur yrkisefni, til að ávíta landsins innbyggjara. Því að þar er engin trú, enginn kærleiki, ekkert guðsorð í landinu, heldur guðlastan, lygar, morð, þjófnaður og hórdómur, hafa yfirmakt fengið og ein blóðskuld kemur eftir aðra. Því skal, og takið þið nú eftir, því skal landið standa aumlega og þess innbyggjurum skal öllum illa vegna, því dýrin á mörkinni og fuglarnir í loftinu og fiskarnir í hafinu, skulu burt teknir verða. Ábyrgð okkar er mikil. Þessi texti er stórkostlegur, hann verndar landið og náttúruna, og tryggir réttmætt eignarhald þeirra sem það ber. Takk fyrir.

SN

Lýður Árnason, gjörðu svo vel.

LÁ

Þakka þér fyrir einstaklega fallega ræðuorð, Örn Bárður. Ég ætla aðeins að víkja að þessari auðlindagrein aftur. Og ég er að spekulera í 2. málsgrein, svona orðalagsbreyting sem gæti hugsanlega verið til bóta. Og þá er ég aftur að vísa til þess, hvernig þessi afnotaréttur af auðlindunum er veittur, og nefni þá mannréttindar..., eða álit Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna í leiðinni. Að hér stendur: Handhafar löggjafar- og framkvæmdavalds vernda auðlindirnar og geta veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar þeirra fullu gjaldi og til hóflegs tíma í senn. Við veitingu slíkra leyfa skal gæta jafnræðis. Og þau mega aldrei leiða til eignaréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum. Það gæti verið skynsamlegt að hafa þetta með, að gæta jafnræðis, þarna. Svona gauka því að ykkur.

Varðandi þetta hugtak, þjóðareign, þá er ég sammála Séra Erni Bárði, að ef við færum héra út í Kringlu að þá væru allir alveg með þetta á hreinu, hvað þetta væri, sko. En það er þarna gjá á milli þjóðar og lögfræðinga og það væri æðislega gott ef við gætum brúað hana. Þannig að það væri engum vafa undirorpið, ég held við höfum tækifæri til þess núna, í þessari stjórnarskrá. Og eigum bara að fara í þá vinnu. Ég held að það sé ekki, vantar ekkert mikið uppá. Hvort sem við gerum það með sýnilegu ákvæði eða einhverri greinargerð. En við ættum að gera það.

Síðan held ég að Vilhjálmur eigi kollgátuna með því taka þarna í síðasta, síðustu fléttunni í þessari grein. Sem ekki eru háðar einkaeignarétti. Ég held að það sé það eiginlega, já, það myndi held ég negla þetta endanlega lögfræðilega, allavega af því sem ég hef lesið. Og, er það ekki lítið um þetta. Ég veit ekki hvað þið segið um það, þið lögspekingar, þið pælið aðeins í

Þessu. Svo held ég líka að Vilhjálmur hafi haft nokkuð til síns máls, og þetta hefði líka komið til umræðu í skýrslu Auðlindanefndar, sem Jóhannes Nordal hafði forgang um. Það er þessi Auðlindasjóður. Við ættum kannski að tiltaka hann í stjórnarskrá, Auðlindasjóð. Það auðveldar okkur líka ansi mikið, að svona, hafa yfirsýn yfir það hvað kemur inn. Þannig að ég held að það sé ekki galið.

Svo ætla ég aðeins að gera smá, varðandi eignarréttarákvæðið. Ég held að það gæti verið til bóta sem Pawel var að segja, geta fylgt lögbundnar takmarkanir og skyldur. Kannski má á móti segja, eignarrétti fylgja lögbundnar takmarkanir og skyldur. Það væri kannski ekkert að færa, verið að færa sérstaklega í lög nema ástæða væri til þess. Þetta er svona smá pæling. Varðandi síðasta ákvæðið, að nýting eignarréttar skal ekki ganga gegn almannahag. Ég held að þetta þurfi aðeins meiri yfirlegu. Því að bæði Pawel og Andrés hafa rétt fyrir sér. Svo held ég að þetta sé nú að klárast.

Já, það er eitt varðandi ákvæði 18, með félagslegt öryggi. Mér finnst fyrsta setningin, 1. málgrein vond, ég myndi vilja sjá hana fara út. Öllum skal tryggður réttur til lífsviðurværi og félagslegs öryggis. Ég held að ákvæðið væri betur án þessa, nr. 18. Og svo ætla ég að árétta að lokum nr. 15, varðandi heilbrigðisþjónustuna, og ekki síst í ljósi nýlegra atburða. Ég mundi vilja hafa atkvæðið svona: Öllum skal tryggður með lögum réttur til heilbrigðisþjónustu, sem miðar að líkamlegri og andlegri heilsu, og ekkert umfram það. Takk.

ÞH
Og ekkert umfram það.

LÁ
Nei.

SN
Erlingur Sigurðarson, gjörðu svo vel.

ES
Já, formaður og góðir ráðsmenn og ráðskonur. Ég er hátt uppi, eftir að hafa lesið þennan texta og þetta efni sem hér er og ég vil ítreka bara þakki, það sem Ómar hóf hér, í upphafi. Og ég er búinn að vera að velta fyrir mér, eiginlega, hvernig þessi texti hefur áhrif á bókmenntirnar. Eða bókmenntirnar hafa áhrif á textann. Og ég er búinn að rekja bókmenntasöguna í gegnum þennan texta. Og ég ætla bara að koma við á einum tveimur stöðum. Það er til dæmis um menntunina. Að það er, ég held að íslenski grunnskólinn verði nú ekki svo ..., vildi nú fá orðið út úr þessari grein, vegna þess að ég held að, að grunnskólinn verður ekki eilífur sem slíkur, undir því heiti. Menntunin er hafin yfir grunnskólann, í raun og veru. Það er fræðsluskyldan sem á að tryggja. En það er þessi skilgreining Stephans G. á menntun sem ég held að við ættum alltaf að hafa í huga:

*Þitt er menntað afl og önd
eigirðu fram að þjóða
Hvassan skilning, haga hönd,
hjartað sanna og góða.*

Ég kann ekki betri skilgreiningu á menntun en þessa. Nú, um náttúruna og dýrin. Hér er komin fyrir

þau vernd. Dýraverndin er fyrir menn. Við skulum gá að því líka. Og það er orð ekkjunnar gömlu Hallberu í Urðarseli, þau eru falleg sólarlög in Urðarseli, sagði hún. Hún bað Nonna litla að vera góður við smælingja og hrekkja aldrei nokkurt dýr. Það voru boðorðin. En ég ætla að leyfa mér að enda þetta stutta sem er efni mitt á einni setningu eftir Jóhannes úr Kötlum, sem ég held að segi þetta, við erum komin heim.

*Loks er ég kominn heim í hof minna jökla,
hljóðþípuleikari Jónsmessunotta,
rautt við ísfrerans rönd hefur lítið blóm,
rót sína fest í bergi, eitt.*

*Svalar lindir frá sólbráð hríslast um ökkla
sviðin eykst með hverju skrefi
lokið er flóttu.*

*Heiðrikja fyllir tímans og rúmsins tóm,
tál og efi leynist nú hvergi,
ég finn ekki frammar til ótta,
fel mig guði landsins og spyr ekki um neitt.*

Og hann segir annars staðar.

*Maðurinn í landinu, landið í mannum, það er friður
guðs.*

SN
Þetta var fallegur endir á umræðu okkar um kafla A-nefndar. En ég gef núna Silju Báru formanni nefndarinnar orðið. Gjörðu svo vel.

SBÓ
Já, formaður og kærur félagar, og góðir gestir. Ég vil nú bara byrja á því að þakka fyrir mjög góðar og gagnrýnar umræður, að það eru auðvitað hér eins og alltaf þegar að ólíkur hópur fólks talar saman um grundvallarmál og ólíkar, eða skiptar skoðanir, og gott að fá svona ólíkar hugmyndir fram. Við viljum auðvitað tryggja að þessi texti verði eitthvað sem að við getum sameinast um að sem mestu leyti, en auðvitað hljótum við í einhverjum atriðum þurfa að fara í atkvæðagreiðslur og jafnvel að setja fram vakkosti. En ég held að við munum fara með þetta veganesti inn í aðra yfirferð og reyna að koma tilbaka með texta sem að nær að sætta þau ólíku sjónarmið sem hafa komið fram, eins mikið og við mögulega getum.

Kannski að ég renni yfir, þetta er nú ekki í neinni sérstakri röð, en svona reyna að súmmera kannski það sem að við erum að taka með okkur tilbaka, og erum eins og venjulega, með ítarlegar glósur um það hvað hver og einn sagði, þannig að við náum að taka það líka inn. Kannski að byrja á þessum gegnumgangandi athugasemdum við hugtakið um þjóðareign, sem að voru hjá allmörgum fulltrúum. Og ég skil þær athugasemdir mæta vel, það er eitt það fyrsta sem að ég geri í tímum og Eiríkur þekkir þetta örugglega vel eins og hann fæst við að berja það inn í háskólanema að ríki og þjóð séu ekki eitt og hið sama. En við erum einmitt að nota hugtakið þjóð hérna, til þess að vísa til þess hóps sem byggir landið, til hóps fólks sem að telur sig tilheyra þjóð. Þjóðin er ekki ríkið, þannig að tal um ríkiseign finnst mér ekki rétt hérna. Og, þó að þetta sé óljóst hugtak og þjóðarhugtakið umdeilt og vandasamt, að þá finnst mér, svona betra að nota það en ríkiseign, eins

og stendur. Katrín nefndi að þetta væri ekki túlkað á svona þennan lögfræðilega hátt sem að margir vilja festa sig í. Og Gísli, hann var með skemmtilegt innskot um að kannski væri það eignarrétturinn sem þurfti að breytast en ekki, eða kennsla í eignarrétti sem þyrfti að breytast en ekki textinn okkar, og talaði um að hugtakið væri merkingarbært lögfræðilega. Þannig að við erum kannski með þessari skilgreiningu á leiðinni í átt að einhvers konar sameiginlegum skilningi sem við getum sett fram í greinargerð.

Við töluðum um nýtingu náttúrugæða og auðlinda til hóflegs tíma. Við byrjuðum með hæfilegan og við ræddum um takmarkaðan og okkur bærust ábendingar um það að ætti kannski að setja inn tímamörk. Annað hvort í árum talið eða útfrá afskriftartíma. Hvorugur valkosturinn hefur átt upp á pallborðið hjá nefndinni, þar sem að hóflegt getur verið mismunandi fyrir ólíkar auðlindir og svona nákvæmni um afskriftartíma og svona, er kannski eitthvað sem að maður reynir, eða ég myndi vilja reyna að forðast í stjórnarskrá. Þannig að þetta er svona, þetta er texti sem er ennþá, náttúrlega þarf að slípa og kannski þarf að skilgreina mismunandi hugmyndir um mismunandi tíma í greinargerð. Lýður benti okkur á að þarna mætti setja inn að gæta skuli jafnræðis og mér list ágætlega á það svona við fyrstu sýn. Villi nefndi að nytjastofnarnir væru öðruvísi en önnur, aðrir liðir sem að taldir eru upp. Og við vorum einmitt að reyna að gera það skýrt, að þeir væru ekki háðir eignarrétti eins og aðrir liðir sem að eru taldir upp. Og kannski þurfum við að leggja aðeins betur yfir það. Og einhver benti á að það mætti, komman mætti missa sín þarna á þessari upptalning. En við höldum einmitt að hún væri nauðsynleg til að tryggja að það væru hlutir sem að væru í einkaeign, sem að, sem sagt til að gera þessa setningu skýra, nákvæmlega hvað væri verið að vísa til. Þetta er innskotssetning. En þarna er áfram hlutir sem að við þurfum að skoða og sýnir bara hvað það er hjálplegt að fá fleiri augu í yfir verkið, þannig að gott að fá þessar athugasemdir.

Ýmsir nefndu sjálfbærni og hvernig hún þyrfti að vera skilgreind og Ómar sagði að hana þyrfti að skilgreina vel. Og við erum auðvitað þarna að byggja á alþjóðlegum skilgreiningum. Og fyrir mitt leyti, þá horfi ég nú gjarnan á hugmyndir um sjálfbærni sem jafnrétti kynslóðanna og eins og Vilhjálmur nefndi líka, þá er ekki bara verið að horfa á umhverfismál, heldur hagrænar og samfélagslegar hliðar í sjálfbærni. Tengt þessari umræðu, þá fannst mér ábending Írisar Lindar um það að vísa megi til meginreglna umhverfisréttar, mjög góð og mér hugnast sú leið, enda er þá tryggt að stjórnarskráin sé vel tengd við þróun á alþjóðavettvangi og ekki þurfi að breyta henni jafnoft og ella væri líklegt.

Katrín nefndi líka að við mættum kannski víðar vera að nefna ósnortna náttúru. Og ég vil þá kannski skjóta því inn að það, sem ekki gafst tími til núna, ég mundi mjög gjarnan vilja reyna að koma inn vísun til verndar ósnortinna víðerna, sem ekki eru inni í texta enn sem komið er. Og taka undir með Katrínu að þetta er auðvitað, við búum vel, við búum í mjög strjálbýlu landi með víðáttumikla náttúru miðað við mannfjölda, þannig að við þurfum kannski að horfa aðeins öðruvísi á það, heldur en margar aðrar þjóðir, svo ég noti það umdeilda hugtak.

Hvað menntunarákvæðið varðar, þá er þetta svona ákvæði sem var búið að hoppa svolítið fram og tilbaka,

hvort að ætti að vera börn eða grunnskólamenntun, eða ... börn auðvitað eru allir einstaklingar undir 18 ára aldri og við erum ekki með skólaskyldu í dag fyrir þau, sem sagt frá 16 til 18 ára. Og grunnskólamenntunin náttúrlega, í dag, henni lýkur við 16 ára aldur. Þannig að það gæti verið að grunnskólaaldurinn yrði lengdur, en þetta er eitthvað sem að við þurfum, held ég, að skoða betur og jafnvel fá ábendingar frá sérfræðingum um.

Þarna var bent á að væri mögulega tvítekning líka í fyrstu tveimur málsgreinunum og við höfum verið meðvitað um það, að þær enduðu svona saman, alveg undir lok vinnunnar hjá okkur í dag. Höfðu áður verið aðskildar með 2. málsgreininni, sem nú er 3. Þannig að það eru svona árekstrar sem að þarf að slípa og þetta þarf bara meiri yfirlegu.

Ég vil taka undir með Arnfríði sem að nefndi hve mikilvægt væri að hafa þarna inni efnisgrein um inn-tak menntunar, þó við viljum auðvitað ekki vera að setja námskrá í stjórnarskrána. En kannski ættum við bara að hafa ljóðið hans Stephans G., sem Erlingur fór með, sem skilgreiningu á því í hverju menntun skuli miða. Ég veit það fyrir mig að ég tuðaði mikið yfir handavinnukennslu þegar ég var krakki en ég nýt afraksturs hennar vel í dag.

Eignarrétturinn, hann, þetta voru finar ábendingar sem hafa komið og þetta er auðvitað svolítill, svona, áherslubreyting en okkar sýn í nefndinni, held ég að ég tali fyrir okkur öll, er sú að þetta sé ekki efnislega jafn viðtæk breyting eins og sumir vilja meina. Framsetningin er, við höfum ráðfært okkur við lögfræðinga og þessi framsetning var sem sagt sett svona fram, að eignarrétti fylgja skyldur, vegna þess að það er svo, að eignarrétti fylgja skyldur. En við höfum líka rætt hvort að það eigi að segja eignarrétti geta fylgt skyldur og erum þá eiginlega bara að velta fyrir okkur, sko, eru dæmi um eignarrétt sem skapar þér engar skyldur, neins staðar? Þannig að, bara í ljósi skattalaga, hvort að gagnstæða, sem sagt, orðalagið sé þá, eða þetta orðalag sem hefur verið lagt til, hvort að það sé réttara. En svona í ljósi þess að við höfum einsett okkur að leita sátta um orðalag og framsetningu án þess þó að lenda alltaf í lægsta mögulega samnefnara, þá munum við auðvitað fara bara aftur og betur yfir þetta.

Margir hafa gert athugasemd við 1. málsgreinina um félagslegt öryggi. Það hafa komið hérna fram ábendingar um að hún sé, þessi fyrir málsgrein sé óljós. Við höfum nú kannski verið, svona haft hvað, ég veit ekki hvað á að kalla það, róttækari sýn í nefndinni og okkur fannst þetta göfugt og eftirsóknarvert markmið, að setja fram. En við tókum þetta aftur inn í nefndina.

Menningararfurinn og það ákvæði vissum við að væri umdeilt og jafnvel umdeildara en mörg önnur og ég þakka bara fyrir ábendingar um breytingar sem að stuðla að því að skapa sátt um greinina. Þetta bann við eyðileggingu kom fram frá, held ég, Þórhildi á fundi á miðvikudag, sem að var ekki inni í okkar fyrstu drögum, að það væri bannað að eyðileggja menningararf, minjar sem að honum tilheyrðu. Og það er góð ábending að setja sambærilegt ákvæði inn í, sambærilega reglu inn í ákvæði um náttúruauðlindir og við athugum það.

Um dýraverndina, þá ætla ég að taka undir með Erlingi sem sagði að dýraverndin væri fyrir mannfólkið. Íris Lind nefndi að það ætti að, væri gott að skjóta þarna

inn að segja vernd dýrategunda. Ég held að við höfum verið að forðast nástöðuna, sem að Kata er orðin svo flink í, að segja vernd dýra og vernd dýrategunda svona alveg svona hlið við hlið. En það kannski þarf að passa upp á það, að merkingin sé skýr þó að málfræðin kannski verði, eða setningin verði ekki alveg jafn falleg. Það eru greinilega skiptar skoðanir um það hvort að þetta eigi heima hér inni yfir höfuð, en ég segi eins og Íris Lind. Ég hef fengið fjölda ábendinga og beiðna frá fólki um að taka þetta fyrir, og dýr eru auðvitað stór hluti hins mannlega umhverfis. Og rétt eins og við kveðum á um rétt náttúrunnar og rétt mannfólksins gagnvart náttúrunni. Að þótt við séum til dæmis ekki að ganga jafn langt og land eins og Ekvador, ja, hefur gert, og Bólvía er að skoða, og er til umræðu hjá Sam-einuðu þjóðunum, að gera náttúruna að í raun og veru sjálfstæðum aðila og jafnvel lögaðila, þá tel ég nauðsynlegt að við í þessu grunnskjali tölum fyrir þá og veitum þeim rödd sem ekki hafa sjálfir rödd. Og þarna erum við í raun og veru að segja hvaða rétt fólk hefur til þess að umgangast náttúru og dýr og við erum að setja skyldur á herðar okkur varðandi þá umgengni.

Nú, þetta eru svona kannski helstu punkturnir sem ég hef tekið niður. Eins og ég segi, við erum með ítarlegri glósur um svona, ábendingar um orðalag og margar finar ábendingar, sem að við munum taka fyrir á fundi. Ég hef lagt til við nefndina, nefnd A, að við tökum þessi mál fyrir í annarri viku héðan í frá, frekar en að fara í þetta í næstu viku sem er bara fjögurra daga vinnuviku. Tökum önnur mál þá. Þannig að við myndum stefna að að skila þessu til afgreiðslu í annarri viku, sem sagt þá á ráðsfundi 9. júní, ef mér telst rétt til, ef að nefndin er sammála því. Og það gefur þá einnig bæði almenningi og hagsmunaaðilum rýmri tíma til að senda okkur athugasemdir, sem að ég held að muni verða til hins góða. Þá höfum við tíma til þess að fara yfir allar þær tillögur sem við höfum gert og setja inn en tíminn er auðvitað að verða skammur ef við stefnum að því að ljúka störfum viku eftir það.

Ég þakka síðan bara falleg orð í garð okkar í nefnd A, ég tek undir með rómantíkerunum hérna inni, að mér finnst þetta mjög merkilegt skjal og er stolt af því og þakka bæði ráðslidum fyrir góðar tillögur og gagnrýna umræðu og nefndarfulltrúum og kollegum mínum í nefnd A sérstaklega fyrir góða samvinnu. Takk.

SN

Já, kærar þakkir formaður nefndar A og öll nefndin fyrir mjög góðar tillögur og ykkur öllum fyrir þryðilegar umræður um tillögurnar. Þá er umfjöllun um skýrslu verkefnanefndar A og tillögur að síðari hluta mannréttindakaflans lokið. Og það er komið þar með að lokum þessa fundar, það hafa komið fram eftirtaldir breytingartillögur á fundinum. Það er í fyrsta lagi breytingartillaga Ómars Ragnarssonar og Þorvalds Gylfasonar við 28. grein B-nefndar um stjórnarmyndun. Og síðan breytingartillaga Pawel Bartoszek við 15., 16., 18. og 19. grein í tillögu A-nefndar. Tillögum þessum er vísað til þeirra nefnda sem tilgreindar hafa verið. Þá er 10. ráðsfundi slitið. Vegna uppstigingsdags í næstu viku verður næsti ráðsfundur föstudaginn 3. júní kl. 10. Kærar þakkir yfir góðan fund og þar með hættum við hér í dag. Takk.

11. ráðsfundur 03.06. 2011.

03.06.2011 10:00

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar
2. Tillaga stjórnar að starfsáætlun fram til júliloka lögð fram til afgreiðslu
3. Skýrsla og tillögur A-nefndar
- Tillögur um nýjan texta í áfangaskjal (Fræðafrelsi, trúfrelsi og þjóðkirkja) lagðar fram til kynningar
4. Skýrsla og tillögur B-nefndar
- Tillögur frá 10. ráðsfundi um texta í áfangaskjal lagðar fram til afgreiðslu (Alþingi og alþingismenn, stjórnarmyndun og vantraust)
- Tillögur um nýjan texta í áfangaskjal (Forseti Íslands) lagðar fram til kynningar
- Breytingartillaga um röðun ákvæða í áfangaskjali lögð fram til afgreiðslu
5. Skýrsla og tillögur C-nefndar
- Tillaga um nýjan texta í áfangaskjali lögð fram til kynningar (Utanríkismál)

11. ráðsfundur - haldinn 3. júní 2011, kl. 10.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík. Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Forföll hafði boðað Gísli Tryggvason.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvuþósti miðvikudaginn 1. júní 2011 og dagskrá í samræmi við fundarboð.

Umræður á 11. ráðsfundi

SN

Góðan dag, kærur ráðsmenn. 11. fundir í Stjórnlagaráði er settur. Dagskráinn er eins og boðað hefur verið til og liggur frammi. Forföll hefur boðað Gísli Tryggvason.

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

SN

Fundargerð síðasta fundar hefur legið frammi án athugasemda og hún skoðast samþykkt nema að hér

komi fram athugasemdir. Og ef ekki koma athugasemdir er hún samþykkt.

2. Tillaga stjórnar að starfsáætlun fram til júliloka lögð fram til afgreiðslu

SN

Þá er það liður 2 á dagskránni sem er tillaga stjórnar að starfsáætlun fram til júliloka, og hún er lögð fram til afgreiðslu. Stjórnin fór fram á það við Alþingi að við fengjum frest, eða sem sagt, að starfstíminn yrði framlengdur um mánuð, sbr. heimild í ályktun Alþingis um skipun Stjórnlagaráðs frá 24. mars. Bréf um framlengingu kom frá Alþingi 26. maí þar sem umbeðinn frestur eða framlenging er heimiluð. Þannig að starfsáætlunin miðast við júlilok. Orðið er laust um starfsáætlunina ef einhver vill taka til máls um hana. Ef ekki ... Já bíddu, Andrés gjörðu svo vel. Ómar, já, fyrst Andrés.

AM

Já, kæri formaður og félagar. Þetta er alveg ljómandi góð áætlun en ég er að velta fyrir mér hvar eigum við að setja inn allt það sem við þurfum að tala og ræða sem Stjórnlaganefnd gerði ekki. Því að, við getum ekki algjörlega farið eftir þeirra keyrsluáætlun. Ég er að velta fyrir mér, Gísli Tryggvason vildi gjarnan ræða um fjármál stjórnarmálflokkanna, fjölmiðla, bein ákvæði í hrúnið, bráðabirðgarákvæði o.s.frv., o.s.frv., og það er mjög mikið af greinargerðum sem að, sem sé aðsendum erindum sem að vilja ræða alls konar mál. Allavega að við höfum einhvern tíma til þess að tala um eitthvað sem er fyrir utan akkurat, þetta kort sem er lagt upp frá Stjórnlaganefnd. Takk.

SN

Ómar, gjörðu svo vel.

ÓR

Já, gott ráðsfolk, formaður og aðrir sem heyra þetta og hlýða á.

Ef þetta verður raunin þá ætla ég að benda nýja dagsetningu, legg til að fundið verði út hvenær Kristján 9. afhenti stjórnarskrána 1874, sem er fyrsta stjórnarskráin sem Ísland hefur fengið. Það er í vikunni eftir verslunarmannahelgina. Þjóðhátíðin hófst þá, í þeirri viku, fyrstu viku ágústmánaðar. Það þarf bara að finna út hvenær hann afhenti stjórnarskrána. Legg til að Salvör Nordal standi við hliðina á þessari stytta við Stjórnarráðshúsið með nýju stjórnarskrána í samskonar göndli. Takk.

SN

Einhverjir fleiri sem vilja taka til máls? Katrín ...

KO

Já, ég ætlaði bara að segja að ég er ekki alveg búin að kynna mér dagskrána nógu vel. En erum við ekki örugglega að gera ráð fyrir að það komi einhvers konar teymi sérfræðinga og yfirfari starfið alveg bara í botn. Þannig að við séum ekki að gera, það sé ekki innbyrðis misræmi eða eitthvað. Af því að stundum þarf svona utanaðkomandi. Og í öðru lagi langar mig til að spyrja, hvernig eigum við að pressa það um þessa þjóðar-atkvæðagreiðslu, að við getum sett vinnuna okkar fyrir

þjóðina beint, frekar en að hún fari beint inn í Alþingi. Hvernig eigum við að taka þann slag. Takk.

SN

Fleiri sem vilja taka til máls?

Ef ekki, að ef ég aðeins fer yfir þetta. Við sem sagt miðum við það núna í miðjan júní að þá ljúki umræduferlinu sem við höfum verið í og textum inn í áfangaskjal. Og, á þeim tíma er ekkert því til fyrirstöðu að fleiri mál líka verði tekin upp inni í nefndum sem fólk vill taka, sem er ekki að finna í skýrslu Stjórnlaganefndar. En þetta er náttúrliga eitt af því sem við þurfum kannski líka að ræða núna á síðustu metrunum áður en við ljúkum þessari vinnu við áfangaskjalið. Síðan gerum við ráð fyrir hér tveimur vikum í framhaldinu þar sem er unnið úr athugasemdum, og þar á meðal úr erindum sem hafa komið, og nefndirnar vinni sem sagt sínar tillögur. Og einnig fáum við þá aðkomu sérfræðinga á því tímabili. Og síðan fari fram fyrri umræða um frumvarpsdrögin og í þessu ferli öllu er náttúrliga möguleiki að sérfræðingar komi að. Það er, aftur fara breytingartillögur til verkefnanefnda, eftir fyrri umræðu. Og við erum þá í þessu ferli, að fá aðkomu annarra, og síðan fari seinni umræðan fram eftir miðjan júlí og þá verði lokafrágangur á greinargerð og slíku. Þannig að þetta er náttúrliga, við erum að setja hérna fram svona grófa dagskrá. En við finnum það líka, að við þurfum að halda vel á spöðunum til að ná þessu fram en í þessu ferli er einmitt hægt að fá aðkomu sérfræðinga og upplýsingar frá ... og taka inn erindi og athugasemdir utan að frá. Þannig að síðan er náttúrliga, er talað um það í þingsályktunartillögunni að við komum með einhvers konar tillögu um þjóðar-atkvæðagreiðslu og ég held að við munum taka þá umræðu þegar við svona sjáum hvernig okkar starfi miðar og lýkur. Því að það er náttúrliga líka háð því hvort það eru til dæmis margar ólíkar útgáfur að tillögum, eða hversu einhuga við erum í lokin, hvers konar tillögu við komum fram með um þjóðar-atkvæðagreiðslu. Þetta erum við meðvituð um að halda til haga og taka þá umræðu þegar að því kemur. Erlingur gjörðu svo vel.

ES

Jú, formaður og gott ráðsfolk.

Ég er að hugsa um hvort það sé ekki gott að brjóta upp nefndirnar í 2. lið, frá 20. júní til 1. júlí, að verði gengið þvert á nefndirnar einhvern veginn, þannig að þær verði brotnar upp og komi ekki sama fólk að sömu málunum alveg.

SN

Já, þetta er mjög góð tillaga, og það hefur einmitt líka verið rætt í stjórninni að við jafnvel gerðum það fyrir 16. á einhverjum tímamarki, eða á eftir, að reyna að brjóta upp þessar nefndir eins og þær hafa verið. Og við getum líka unnið í minni hópum og við höfum ýmsa sveigjanleika þar. Fleiri athugasemdir eða spurningar? Þorkell Helgason, gjörðu svo vel.

ÞH

Já þakka þér fyrir formaður og góðir félagar. Ég vil bara vekja athygli á því að við þurfum einhvern veginn að reyna að tala til þjóðarinnar. Hvort við getum það einhvern veginn um eða í kringum 16. júní til dæmis,

að formaðurinn reyni að koma sér á framfæri við fjölmiðla. Við verðum einhvern veginn að ná betur til þjóðarinnar. Og tímamótin í kringum 17. júní er gott tækifæri til þess. Takk fyrir.

SN

Já, takk fyrir. Ég held að þetta sé rétt og þetta hefur verið svona líka í deiglu einmitt hvort við getum haldið blaðamannafund við lok þessa áfanga, þegar við erum búin að loka áfangaskjalinu. Ef ekki fleiri vilja taka til máls, að þá þurfum við að greiða atkvæði um þessa starfsáætlun, þannig að ég bið þá sem samþykkja að rétta upp hönd. ... Og þeir eru að koma, þannig að ég vil biðja ykkur að halda upp hendinni.

SN

Einhver á móti? Einhver sem situr hjá. Ókei. Þá skoðast starfsáætlunin samþykkt og þá göngum við til 3. liðar á dagskránni og það er skýrsla og tillögur frá A-nefnd.

3. Skýrsla og tillögur A-nefndar

SN

Ég bið formann nefndarinnar Silju Báru Ómarsdóttur að kynna tillögurnar og flytja skýrslu nefndarinnar. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Formaður, gott ráðsfólk og gestir, hér og heima. Við í A-nefndinni höfum í þessari viku verið að ræða mál tengd trúfrelsi og þjóðkirkjunni, tjáningarfrelsi og svo ýmis önnur mál sem að kannski má kalla umfangsminni. Og við þurfum að fara að huga að því að tengja saman og setja á rétta staði í skjalinu sem er óðum að taka á sig mynd. Við leggjum fram til kynningar í dag ákvæði um trúfrelsi og stöðu þjóðkirkjunnar, tjáningarfrelsi og akademískt frelsi, eða það sem við köllum fræðafrelsi í tillögunni, nei afsakið tjáningafrelsið látum við biðja aðeins. Akademískt frelsi eða fræðafrelsi. Að auki erum við að gera tillögur um breytingu þá á uppröðun ákvæða þar sem að sem leiðir af því hvernig við skjótum þessum tillögum inn í áfangaskjalið eins og það stendur nú. Þessar tillögur eru til kynningar, þ.e.a.s. settar fram til umræðu og við reiknum með að fá áfram athugasemdir á þær og að skjalið geti tekið einhverjum breytingum í næstu viku áður en að kaflarnir verða síðan formlega afgreiddir inn í skjalið. Þetta viðfangsefni, kannski einkum trúmálin og kirkjumálin, hafa verið rædd af miklum krafti á vef ráðsins, og ég held að það sé óhætt að segja að þetta sé það efni sem að mest umræða hefur farið um. Og ég held að við höfum fengið 12 erindi, bein erindi til nefndarinnar um stöðu kirkjunnar og fjöldi athugasemda hefur borist við hvert og eitt þeirra.

Áður en við vikjum hins vegar að þessu efnislegu innihaldi tillagnanna, þá ætla ég að bera upp að auki tillögu um að það sem að er kallað auðlindakafli í áfangaskjalinu verði fellt brott. En við höfum gert að tillögu okkar að auðlindaákvæði, það muni tengjast umhverfisákvæðinu og standi þess vegna með mannréttindakafnanum. Þannig að það er svona, aukatillaga, þannig að þessi kafli standi ekki inni í áfangaskjalinu áfram.

Þá eru þessar tilfærslubreytingar. Það er að hin svokallaða barnagrein sem að er nr. 6 í áfangaskjalinu,

hún færir fram um eitt sæti, verði nr. 5, og standi þannig á milli friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og skoðanafrelsis. Greinin er annars óbreytt að öðru leyti. Okkur fannst þetta eðlilegri tengingar á milli, að réttindi barna fylgi í kjölfar greinarinnar sem að snertir á friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.

Þá er ákvæði um skoðanafrelsi nr. 6, og við gerum tillögu um að á eftir því komi ný grein sem verður nr. 7, og tekur til akademísku frelsis. Eða við köllum það fræðafrelsi. Það er ákvæði sem hefur efnislega staðið inni í almennri grein um menntun og verður þá grein nr. 7 og svohljóðandi: Tryggja skal með lögum, frelsi vísinda fræða, lista og menntunar. Þetta ákvæði er nokkurn veginn óbreytt, við höfum fellt út orðið æðri sem vísaði til menntunar og bætt inn orðinu fræða. Fyrirmynd að þessu er sótt til ýmissa erlendra stjórnarskráa og ég vísa bara að öðru leyti til umræðna sem að fóru fram um tillöguna eins og hún birtist í menntunargreinni á sínum tíma.

Og þá er það nýmæli dagsins, sem eru ákvæði um trúfrelsi og jafnræði trú- og lífsskoðunarfélaga. En greinin er svohljóðandi og yrði nr. 8 í skjalinu: Sérhver maður á rétt á að vera frjáls hugsana sinna, sannfæringar og lífsskoðunar. Felur sá réttur í sér frelsi hvers og eins til að iðka trú sína, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi. Öllum er frjálst að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga. Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.

Með þessari tillögu erum við að fara að tillögu Stjórnlaganefndar sem að lagði til að í stað þess að hafa sérstakan trúmálakafli í stjórnarskrá, væri ákvæði um trúfrelsi fært inn í mannréttindakafli skrárinnar. Fyrirmynd að ákvæðinu er sótt til 18. greinar Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og 9. greinar mannréttindasáttmála Evrópu. Markmiðið með því að vernda bæði trú- og lífsskoðunarfélög er að stuðla að umburðarlyndi fyrir ólíkum sjónarmiðum og skoðunum í samfélaginu og gefa yfirlýsingu um það að virða beri bæði trúarleg og veraldleg lífsskoðunarfélög. Með lífsskoðunarfélagi er átt við félag sem löggjafinn hefur viðurkennt á einhvern hátt, byggir á frjálsri áðild félaga og hefur að markmiðum sínum og starfsvettvangi annars vegar siðferði og siðfræðilega umræðu, það stuðli að umræðu um siðferðisgildi og hvernig best er að leysa siðferðisleg álitamál og hins vegar þjónustu á tímamótum í lífi fólks, snýr þá að fjölskyldu og félagslegum athöfnum með því að framkvæma athafnir eins og fermingu, nafngift, giftingar og útfarir, samkvæmt lífssýn félaga.

Og í kjölfar þessa ákvæðis viljum við bera upp fyrir þjóðina valkost um það hvort hin evangelíska lútherska kirkja eigi áfram að vera þjóðkirkja. Annars vegar er þá settur fram valkostur um að ákvæði um þjóðkirkju verði ekki í stjórnarskrá og hins vegar að svohljóðandi grein verði í stjórnarskrá, og yrði þá nr. 9. Það er valkostur 1 er að hin evangelíska lútherska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi, valkostur 2 er að ákvæðið falli brott. Og er þá vísað til þess, í fyrri valkosturinn, það að hafa greinina inni byggir á því sem er 62. grein stjórnarskrárinnar í dag. Stjórnlaganefnd gerði tillögu um að inni í þessu ákvæði væri kveðið á um að ríkið skyldi styðja og vernda öll lögleg trúfélög. Við höfum skilið þann hluta ákvæðisins frá greininni um þjóðkirkjuna, enda teljum við rétt að hafa það inni, sama

hver valkosturinn hér verður fyrir valinu. Þá fórum við í, völdum við að segja skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög. Þannig að þetta er smá breyting frá tillögu Stjórnlaganefndar. Eins og ég segi þá leggjum við til að hérna verði valkostur um það hvort að þetta ákvæði verði inni eða ekki. Og við sjáum fyrir okkur að með því að setja þessa valkosti fram, að þá kunni að virkjustar 2. málsgrein 79. greinar núverandi stjórnarskrár. Og spurningin um það hvort kveða skuli á um þjóðkirkju í stjórnarskrá yrði þá borin undir þjóðina. Og þá finnst okkur mikilvægt að atkvæðagreiðslan í raun og veru færi eingöngu fram um það hvort að þjóðkirkja ætti að vera inni í Stjórnarskrá, ekki um þessa vernd á trúar- og lífsskoðunarfélögum. Við höfum fengið fjölda erinda eins og ég sagði, um þetta mál, og þau skiptast í tvennt. Annars vegar er því sjónarmiði haldið á lofti að tryggja og lýsa því yfir að hér búi kristin þjóð og hins vegar að ekki megi hampa einni kirkjustefnu eða söfnuði umfram aðra, eða vernda trúfélög framfar veraldlegum lífsskoðunarfélögum. Þessi tvískipting var mjög áberandi í innsendum erindum og var undirliggjandi í umræðum á nefndinni og nokkur okkar töldu rétt að fjarlægja ákvæðið og láta lög um stöðu þjóðkirkjunnar ráða meðferð málsins. Það er að fjarlægja stjórnarskrárvernd hennar án þess að taka efnislega afstöðu til stöðu kirkjunnar. En aðrir töldu mikilvægt að hafa þarna inni þetta ákvæði um þjóðkirkju.

Við fengum nokkur álit og þau eru svona, ekki alveg samhljóða en nokkur fjöldi þeirra, já ég held að einhver þeirra, tvö af þremur, sennilega, segja að í því að fjarlægja ákvæði um þjóðkirkjuna fælist bein aðgerð um breytingu á kirkjuskipan, sem að myndi virkja 2. málsgrein stjórnarskrárinnar og krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. En þetta er ekki alveg samhljóða niðurstaða allra þeirra sem við fengum álit frá. Þannig að einhver þeirra sögðu að kirkjuskipanin myndi ekki breytast nema um leið væri breytt 1. grein laga um stöðu þjóðkirkjunnar, sem eru frá 1997. En Stjórnlaganefnd sagði og við erum í nefndinni, að minnsta kosti, sammála því að þau hefðu ekki talið rétt að svipta þjóðina þeim möguleika á að greiða atkvæði um þetta þar sem þetta er eitt af örfáum tilvikum þar sem að kveðið er á um þjóðaratkvæðagreiðslu í stjórnarskránni. Þannig að við eiginlega leggjum til að þetta fari í þjóðaratkvæði.

Annar valkostur sem var þó ræddur aðeins, er að hafa inni ákvæði samhljóða því sem núna er um stjórnarskránni því en bæta við ákvæði til bráðabirgða, eins og gert er í valkosti B hjá Stjórnlaganefnd, um að endurskoða skuli samband ríkis og kirkju innan tiltekins tíma. Og þar er stungið upp á 10 árum í því samhengi. Það er sennilega óþarfi að ítreka það, að um þetta ákvæði voru miklar umræður í nefndinni og á opnum fundi með öðrum ráðslíðum. Sjónarmiðin eru ólík líka um afleiðingar þess að breyta þessu ákvæði en ég held að ég fari rétt með afstöðu nefndarmanna að okkar skilningur er að okkur hafi í sjálfu sér ekki verið falið að afgreiða stöðu kirkjunnar eða skilja ríki og kirkju að á einhvern hátt, heldur einfaldlega skoða það hvort kveða skuli á um þá stöðu í stjórnarskránni. Og við erum að reyna að fá það fram með þessum tillögum. Nú verði þessar breytingar á áfangaskjalinu þarf að breyta númerum á eftirfarandi greinum til sámræmis. Það er að hækka þau um 2, og mögulega 3. En röðin á þeim breytist ekki að svo stöddu. Og í þessu fellst einnig tillaga okkar um að trúmálakaflinn í

áfangaskjalinu falli brott, enda yrði þá kveðið á um trúmál í mannréttindakaflanum með þessari breytingu, og það er í samræmi við tillögur Stjórnlaganefndar. Og þar lýkur yfirferð minni. Ég þakka nefndarmönnum í nefnd A eins og venjulega fyrir góðar og ánægjulegar umræður og gott samstarf í vikunni og hlakka til að heyra frá ykkur hinum, hvernig þið viljið að við klárum þetta. Takk fyrir.

SN

Ég þakka Silju Báru fyrir skýrslu og yfirferð um tillögur nefndar A, um fræðafrelsi, trúfrelsi og þjóðkirkjuna trúfrelsi og við munum ræða tillögurnar í heild sinni, og orðið er laust. Pawel, varst þú? Nei, fyrirgefðu Ómar. Gjörðu svo vel.

ÓR

Formaður, gott ráðsfolk. Ég þakka Silju Báru fyrir mjög greinargott yfirlit yfir býsna flókið viðfangsefni þar sem mörg sjónarmið eru á lofti. Ég vil sérstaklega þakka fyrir þetta litla hér, það er sleppt æðri menntun- ar. Hver á að dæma um það hvað er æðri menntun og hvað er ekki æðri menntun. Ég tel mjög gott að þetta fari út. Minni á að háskóli, í því nafni fellst alhliða menntun, university, univers, allt milli himins og jarðar. Ég get sem dæmi nefnt að á morgun verður heiðraður Hálfván Björnsson bóndi á Kvískerjum í Örafum, sjálfmenntaður bóndi, með lítinn barnaskólalærdom. Hann hefur ritað lærðar greinar í erlend vísindablöð. Húsfluga sem hann fann uppi í Esjufjöllum í smalaferð er sérstaklega nefnd nafni hans í alþjóðlegri, í hans alþjóðlegu fræðum, sem þessi ómenntaði, svokallaði, maður hefur skilað. Ég heimsótti hann þar sem að hann er með safn. Og það var fyrir 30 árum, átti hann 50 mismunandi mismunandi tegundir jötunuxa í glerbúri. Þetta er æðri menntun ef að við viljum skilja það svo en hefur alltaf verið kölluð svokölluð lægri menntun eða einhver fræði. Ég tel að fræðin íslensku, sjálfmenntaðs fólks, sé eitt af aðalsmerkjum menningar þessarar þjóðar og fagna því að hér er sagt bara fræða, vísinda, fræða, lista og menntunar. Það má kannski deila um það hvað sé lífsskoðunarfélag, en við erum með önnur lög, því verður skipað með sérstökum lögum, að úrskurða hvort að Skátahreyingin sé lífsskoðunarfélag eða ekki. Lögrétta gæti hér gegnt góðu hlutverki. Þetta er kannski ekki gott orð, lífsskoðunarfélag en ef að menn finna ekki neitt annað, þá ætti að vera auðvelt að sneiða hjá því að það verði nokkrar deilur um þetta.

Að lokum. Evangelíska-lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi. Enginn velkist í vafa um það að þjóðmenning okkar er í grunninn kristin menning sem var tekin upp á Alþingi árið 1000 og hefur ríkt hér síðan. Og því munum við ekki víkja burtu. Hitt er á að líta að evangelíska-lúterska kirkjan er býsna ónákvæm skilgreining, þar eð að það er bara annar armur hennar, þjóðkirkja svokallaða, sem er talin vera með vernd í núverandi stjórnarskrá, en ekki Fríkirkjusöfnuður. Sem að líka eru evangelísk-lútersk kirkja og ég minni á að Kaþólska kirkjan kom hér fyrst, og mótaði lífsskoðanir þjóðarinnar í 550 ár. Síðan hefur lúterska kirkjan mótað áfram, haldið því starfi áfram í 551 ár, þannig að þetta evangelíska-lúterska kirkjan er býsna loðið. En við erum hér að stíga risaskref framávið í aukid vald þjóðarinnar sjálfrar og ég tel því eðlilegt og gott að

Þjóðin fái sjálf að ákveða hvort þjóðkirkjan verði þjóðkirkja á Íslandi eins og verið hefur, eða ekki. Og ef að einhver á að ákveða hvort að þjóðkirkja sé þjóðkirkja, þá getur það aldrei orðið aldrei annað en þjóðin sjálf, sem kirkjan er kennd við. Takk.

SN

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, kærur vinir. Ég ætla að þakka formanni nefndar A fyrir góða yfirferð. Nú, það er ákvæði um þjóðkirkju sem er mér mest hugleikið þarna inni, og ég skil kannski þessa þrautarlendingu sem nefndin leggur upp með að bera upp það undir þjóðaratkvæði hvort það skuli vera þjóðkirkja hér á Íslandi eða ekki. Hins vegar þá er mér það nú til efs hvort að það sé heppilegt fyrirkomulag. Ég er almennt, ég held að beint lýðræði og þjóðaratkvæðagreiðsla þjóni, eða geti þjónað ákveðnu hlutverki. Ég er meira efins um að hve miklu leyti það henti í stjórnarskrárbreytingum. Ég er ennþá meira efins um það að hve miklu leyti það hentar í mannréttindamálum og mér er eiginlega þetta mál, svona efst í huga um mál sem henta illa til slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslna. Hugsum aðeins fordæmið, hugsum þetta lengra. Menn verða á báðum, í rauninni, sama hvaða pól þeir eru á, að átta sig á því að slík þjóðaratkvæðagreiðsla endar með einhverjum hætti. Séu menn til dæmis fylgjandi því að aðskilja milli ríkis og kirkju með fullum hætti, þá hefur þjóðaratkvæðagreiðsla í þá átt að gera það ekki, hún hefur náttúrulega bindandi áhrif svona allavega í töluvert langan tíma, geta menn ímyndað sér. Og er það endilega heppilegt, og er það endilega líklegasta leiðin, til þess að ná fram því markmiði sem menn vilja. Síðan er auðvitað að hugsa um fordæmið líka. Ef að við ákveðum núna árið 2011 að það sé í lagi að láta meirihluta þjóðarinnar ráða því hvort að sé einhver, segjum opinber eða stofnanabundin trúarbrögð á Íslandi, þá getur verið að einhvern tímann síðar meir sé fordæmi fyrir því að gera það aftur. Og ákveða að einhver önnur trúarbrögð séu það. Og ég mundi ekki telja að það væri sérstaklega heppilegt. Þannig að ég skil sko, þessa tilraun til þrautalendingar sem menn hafa náð og ég skil að sumir hallist jafnvel að því að þetta þurfi, skv. núverandi 79. grein stjórnarskrár að fara fyrir þjóðaratkvæði. Því er ég reyndar alls ekki sammála og tel að það eigi einungis við ef þeim málum sé breytt með lögum en ekki ef að stjórnarskrárgreininni sjálfri er breytt. En um þetta má deila.

Ég mundi frekar leggja til að við mundum reyna að ná ákveðinni lendingu í þessu máli, eins og mjög margar þjóðir hafa gert. Sem þó tilgreina einhver trúarbrögð í sínum stjórnarskrám, án þess þó að veita þeim slíka stofnanabundna og opinbera viðurkenningu.

Ég er því með breytingartillögu sem ég hef borið upp, sem einhvern umræðugrundvöll undir þessi mál. Og ég ætla aðeins að skýra hana. Það er nefnilega tveir hlutir hér á ferðinni. Annars vegar er það hinn opinberri þáttur sem felst í viðurkenningu á hinni lútersku-évangélísku þjóðkirkju sem trúarbragða menn hafa einhverja ákveðna stofnendastöðu umfram önnur, sem er það sem kannski þeim sem vilja aðskilja þar á milli er efst í huga. Á hinn bóginn þá er það þetta

þjónustuhlutverk sem þetta trúfélag hefur, oft umfram önnur, í ljósi þess hve margir landsmenn tilheyra því. Og þeir sem eru á móti því að aðskilja þar á milli, benda oft á ákveðnar áhyggjur af þessum seinni parti. Það er að segja að það mundi kannski vera erfðara að reka kirkjugarða, það væri, laun presta þyrftu að vera greidd með öðrum hætti. Mér finnst þetta seinna atriði ekkert stórt mál í mínum huga. Það er bara eitthvað sem má ráða hverju sinni. Ríkið getur ákveðið að gera samninga við hvaða félag sem er, um hvað sem er. Þess vegna byggir mín breytingartillaga á uppleggi sem er að finna í finnsku stjórnarskránni, og með orðalagi úr kirkjulögum og mundi hljóða svo: Í lögum má kveða um stöðu, stjórn og starfshætti hinnar lútersk-évangélísku þjóðkirkju. Í þessu, breytingin á því sem nú er, felst þá í því að það er ekki verið að gefa til kynna að til séu ein trúarbrögð sem hafi sérstaka stöðu umfram önnur. En orðalagið sem vísar í kirkjulögin, kveður þá skýrt á um það á ekki að þurfa að breyta núverandi lögum til þess að þjóðkirkja eins og er, gæti samt haldið áfram störfum sínum, óbreytt. Nú orðið þjóðkirkja kemur áfram fyrir í stjórnarskránni. En það er auðvitað sá kannski munur á að nú er verið að vísa til nafns ákveðins trúfélags en ekki endilega verið að segja að þetta sé sú kirkja sem þjóðin hafi. Og það er auðvitað ákveðinn munur þar á, en ég er sko alveg tilbúinn að gefa öllum heimild til þess að kalla sig nákvæmlega það sem að þeir vilja. Kaþólska kirkjan til dæmis, ég held að það nafn þýði hin almenna kirkja. Þannig að menn geta auðvitað valið hvaða nafn sem þeir vilja, og þjóðkirkjan er bara fínt og gott nafn yfir þetta trúfélag. En það er ekki endilega, þarf að leggja þann skilning í það, að þetta sé einhvers konar kirkja sem njóti meiri réttinda af hálfu þjóðarinnar heldur en einhver önnur. Þannig að þetta mundi vera mitt upplegg, og ég mundi leggja mikla áherslu á okkur, að við reyndum að ná saman um eina tillögu sem færi héðan út, til þess að við þyrftum ekki að grípa til þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál, sem ég tel satt að segja að henti illa til þess. Takk.

SN

Dögg Harðardóttir. Gjörðu svo vel.

DH

Formaður, ágætu ráðsfulltrúar og þeir sem á mig hlýða. Ég vil þakka honum Pawel fyrir þessa frábæru tilraun. Mér bárust þessar tillögur í tölvupósti, hérna rétt fyrir ráðsfundinn, eins og sjálfsagt ykkur hinum þ. Og það sem ég fór nú að hugsa í gærkvöldi varðandi tillögur okkar í A-nefnd, það var að öll þessi erindi sem okkur hafa borist eins og kom fram í máli hennar Silju Báru, þau eru algjörlega á sitt hvorum vængnum. Menn eru með og menn eru á móti. Í gærkvöldi, renndi ég yfir þessi erindi, og það rann upp fyrir mér að eins og tillögurnar liggja fyrir í dag, þá erum við að koma 100% til móts við Siðmennt og samtök aðskilnaðar ríkis og kirkju. En við erum ekki að mæta þeim sem óskuðu eftir því að við stæðum vörð um kirkjuna eða kristna trú eða kristna menningu, menningararfinn okkar, í stjórnarskrá. Og þess vegna fagna ég þessum tillögum Pawels, ég held nefnilega að við þurfum að finna lendingu þar sem kristnum mönnum finnst ekki eins og það sé verið að setja þá út í horn.

Nú, ástæðan fyrir því að ég hef viljað standa vörð um

Þetta ákvæði um þjóðkirkjuna er sú að ég tel trúleysi ekki vera hlutlaus stefnu. Það hefur komið fram í umræðum okkar á milli, að það eigi kannski ekkert að kveða á um trú eða kirkju í stjórnarskrá. Og þau rök eru bara mjög fín, og virka ef við erum að skrifa stjórnarskrá í landi, þar sem ekki hefur verið stjórnarskrá, eða þar sem ekki hefur verið rætt um kirkjuna. En það er býsna stórt skref að breyta þessu og trúleysi er að hafna öllum yfirnáttúrlegum fyrirbærum. Það væri kannski hlutleysi að aðhyllast það, ef ekki væru fyrir í landinu okkar samtök sem aðhyllast þessa lífsskoðun. Ég held að kristnir menn líti svo á að ef þjóðkirkjan verður sett út, þá séum við í rauninni að skipta á þeirri trú eða þeirri lífsskoðun, fyrir lífsskoðun Siðmenntar og þeirra sem aðhyllast trúleysi og það er ekki hlutlaus stefna. Þess vegna fagna ég tillögum Pawels og ég held nefnilega að við séum séum hægt og rólega að nálgast niðurstöðuna. En ég tek undir það með honum að ég er ekki sannfærð um að besta leiðin í þessu máli, sé að setja þetta í þjóðaratkvæðagreiðslu um leið og stjórnarskrána, vegna þess að ég held hreinlega að þetta mál geti kæft alla aðra okkar vinnu. Takk.

SN

Það er rétt að taka það fram að tillaga Pawels er að finna á heimasíðu Stjórnlagaráðs, fyrir þá sem eru að hlýða á fundinn. En Vilhjálmur Þorsteinsson er næstur á mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

VP

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég þakka nefnd A fyrir þessar tillögur. Ég ætlaði fyrst örstutt að tala um fræðafrelsið og svo tala um trúna. Í tillögu þarna nr. 7 hjá nefnd A, þá er talað um þá frelsi menntunar, auk síðan vísinda, fræða og lista, og ég myndi kannski vilja velja því upp hvort að það sé einhver hætta á því að þetta sé misskilið þannig að það sé verið að opna á það, að það sé algjört frelsi um menntun barna til dæmis. Það sé engin skylda til að fara eftir einhvers konar staðlaðri námskrá eða að menn gætu túlkað þetta þannig að það sé unnt að velja sjálfur að mennta börnin sín í, ja, þá hvaða hugmyndakerfi sem vera skyldi. Sem að mínu mati væri allavega ekki gott skref, þar sem að börn njóta þeirra mannréttinda að þurfa ekki að vera undirsett endilega, að öllu leyti hugmyndafræði foreldra sinna. Þannig að, ég vildi bara svona velja þessu upp, hvort að menn teldu að aðrar greinar í stjórnarskrá vörnuðu því að þessi skilningur gæti komið upp, en að minnsta kosti að benda þá á að það væri gert skýrt í greinargerð. Nú, þá um trúna. Í tillögu nefndar A sem að er nr. 8, trúfrelsi. Þá eru fyrstu tvær málsgreinarnar afar finar að mínu mati og sú þriðja einnig. En þó vil ég benda á að þetta er mjög stefnumarkandi málsgrein, þessi málsgrein: Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög. Og það sem þarna er þá á ferðinni er ákveðin stöðutaka í þessum málum. Einn möguleiki í þessu öllu saman er að gera eins og við höfum haft það hér og eins og er víða á Norðurlöndum og víðar, að vera með tiltekna þjóðkirkju, en svo svona trúfrelsi við hliðina á henni. Síðan er hægt að fara þá leið sem að Frakkar til dæmis, hafa farið, sem að er að byggja beinlínis upp, eða hafa það sem markmið, að byggja upp ja má segja veraldlegt ríkiskerfi. Að hið opinbera sé veraldlegt eða secular og þar komi engin trúarbrögð að málum heldur

séu trúarbrögðin algjörlega á einkavettvangi, og ekki á vegum hins opinbera. Þannig að hið opinbera kemur ekki að rekstri kirkna, eða skóla sem að hafa einhvers konar trúarlegt innihald, og svo framvegis. Og auðvitað geta menn svo tekið þetta svolítið langt, því það þýðir þá að það eru engin trúartákn í opinberum byggingum og allt það. Og má reyndar segja að þetta sé líka í Bandaríkjunum en menn hafa líka, þar hefur geisað mikil umræða um hversu langt þetta ætti að ganga.

En það sem að hér er verið að tala um, það er sem sagt, ekki, eða hvorugt af þessu sem ég nefndi áðan, held ég, heldur þá það þriðja, þ.e.a.s. þetta er þá fjölhyggja. Að stjórnvöld út af fyrir sig styðja og vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög. Þetta er svona pluralistic, fjölhyggjukerfi þar sem að, þá eiga bara einfaldlega allir jafnt tilkall til hvers konar stuðnings sem trúfélag eða lífsskoðunarfélags, og þá á ég við til dæmis að ríkið taki að sér að innheimta sóknargjöld eða félagsgjöld til allra slíkra félaga. Ef að einhvers konar evangelísk-lútersk kirkja hefur rétt til að fá úthlutað húsnæði til að reisa kirkjubyggingar í sveitarfélögum, þá hafa önnur trúfélög það líka og lífsskoðunarfélög með sama hætti, o.s.frv. Og aðgang að skólum til trúabragðafræðslu eða lífsskoðunarfræðslu og svo framvegis. Og þetta er alveg hugmyndafræði sem að er góðra gjalda verð og getur hugsanlega gengið upp en menn þurfa bara svona að velja fyrir sér og vita hvað þeir eru að tala um í þessari 3. málsgrein. Þetta er þá svona hreint fjölhyggjusamfélag. Og, þannig að menn bara átti sig á því.

Nú síðan varðandi það sem að menn hafa rætt hér um að fara í einhvers konar þjóðaratkvæðagreiðslu um stöðu kirkjunnar, eða lútersku kirkjunnar sem þjóðkirkju, að þá get ég nú svo sem tekið undir áhyggjur Pawels af því, að gera það. Því er ekki að leynd að það er fremur skrítið að tilgreina eitt trúfélag umfram annað í stjórnarskrá. Tillaga Pawels getur auðvitað verið ákveðin millilending í þessu efni og er kannski bara raunsæ miðað við stöðuna. Og, ég var nú bara að sjá hana áðan en gæti nú alveg hugsað mér að styðja hana sem svona, málamiðlun. Þó að ég haldi nú kannski að til framtíðar og frambúðar sé eðlilegt að stefna að því, að það sé ekki verið að geta trúfélaga sérstaklega í stjórnarskrá. En þá kannski frekar að halda sig þá við einhvers konar fjölhyggju, frekar en það. Eða þá að fara alla leið yfir í veraldlega samfélagið. En ég held að, sérstaklega þá ef að þetta fjölhyggjuákvæði er inni, að þá er nú ekki hætta á því sem að Dögg var að tala um áðan, að það sé, þó að það yrði ákveðið að taka sérstaka vernd þjóðkirkjunnar út úr stjórnarskrá, að það væri þar með verið að skipta út kristninni fyrir Siðmennt. Ég held að það væri ekki reyndin heldur væri þá einfaldlega öllum gert jafnt undir höfði. Þannig að hefði nú ekki áhyggjur af því. En þetta er það sem ég vildi sagt hafa. Takk.

SN

Já, þá er það Eiríkur Bergmann. Gjörðu svo vel.

EBE

Já, kæru félagar. Ég vildi nú fyrst nefna, mér finnst ennþá örula á þeim misskilningi sem svolítið hefur gætt hér um þessi sérstöku ákvæði um þjóðkirkjuna þar sem annars vegar er sagt í stjórnarskrá að það megi breyta því ákvæði með lögum en hins vegar að sé það

gert að þá skuli setja þá breytingu í þjóðaratkvæðagreiðslu. En það á auðvitað einvörðungu við um ef að kirkjuskipaninni er breytt með lögum. Eftir sem áður er stjórnaskrá breytt bara með þeim hætti sem að hún sjálf kveður á um, og það má breyta öllum ákvæðum hennar samkvæmt venjulegum breytingum á stjórnarskrá. Þannig að þó svo að við leggjum til eitthvað annað fyrirkomulag í kirkjumálunum að þá er það auðvitað ekki eitthvað sem að þarf endilega að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu, ekki frekar heldur en bara önnur ákvæði sem að við erum hér að fjalla um. Og við skulum passa okkur á að halda þessu aðgreindu. Það er sem sagt hægt að breyta þjóðkirkjuákvæðinu í stjórnarskrá með tvenns konar hætti. Annars vegar með lögum og þjóðaratkvæðagreiðslu, og hins vegar auðvitað bara með venjulegri stjórnarskrárbreytingu. Þannig að, í rauninni á að vera einfaldara að breyta þessu ákvæði heldur en öðrum. En mér hefur stundum fundist eins og misskilningurinn hér sé þveröfugur, að það sé meira að segja hreinlega erfiðara sem það er auðvitað ekki. Nú, ég tek eiginlega undir með svona, þessu prinsippi í tillögu Pawels. Ég held að við hljótum í það minnsta að reyna til þrautar að ná heildstæðri niðurstöðu í öllum málum, og reyna að útbúa eina tillögu að breytingu á stjórnarskrá og mér finnst það í það minnsta tilraunarinna virði að reyna að ná því einnig í kirkjumálunum. Ég veit hins vegar að þetta er auðvitað ákvæði sem að mjög er deilt um og fólk hefur alveg gagnstæða afstöðu til og oft af djúpri sannfæringu. Þannig að það er auðvitað flóknara. Nú ég hallast að því að það gæti verið hægt að vinna með þessa tillögu Pawels, þó að mér finnst reyndar sérkennilegt í því orðalagi sem þar er boðið upp á, að tala um starfshætti hinnar lútersk-evangelísku þjóðkirkju. Mér finnst það bara einhvern veginn allt of þröngt, og jafnvel mætti hugsa sér að í staðinn myndi einfaldlega standa: Í lögum má kveða á um aðkomu ríkisins að kirkjuskipan. Eða eitthvað þvíumlíkt. Og það í það minnsta felur þá í sér að ríkinu er fullkomlega heimilt að halda hér úti þjóðkirkju ef það svo kys. Þannig að það sé þá algjörlega kristaltært að þó svo að sérstakt ákvæði um lútersk-evangelíska þjóðkirkju sé tekið út, að þá sé ekki verið að leggja það til að ríkið breyti sinni tilhöggun. En sem sé, mér finnst að við eigum að reyna til þrautar með þetta ákvæði áður en að við samþykkjum að afgreiða með valkostum. Takk

SN

Já, takk. Þórhildur Þorleifsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Fyrirgefði. Ágætu ráðskonur og karlar. Ég ætla fyrst aðeins að minnast á fyrirsögnina í grein 7, sem að er fræðafrelsi. Mér finnst þetta ekki gott orð og í rauninni ekki lýsa nema einu atriði þess sem þessi grein fjallar um, þannig að ég svona. Ég hef nú ekki á hraðbergi betri í bili, en það er spurning hvort það gæti verið menning, ef þið viljið endilega hafa svona eitt orð - trúfrelsi, skoðanafrelsi, og eitthvað svona, þá, menningarfrelsi, ég veit það ekki. En fræðafrelsi finnst mér ekki gott þarna og tek svo undir með Vilhjálmi, hvað á ... fyrir hvað stendur menntun þarna, og hver er meiningin með þessu orði þarna. Nú ég ætla bara að ítreka aftur eins og ég og margir aðrir gerðum á fundi í gær að lífsskoðunarfélag er bæði ljótt orð og mjög óljóst,

hvað flokkast undir lífsskoðunarfélag. Þ.e.a.s. þó að sé hægt að finna einhverjar lagaskýringar á því, þá breytir það ekkert máltilfinningu fólks. Lög og lagaskýringar breyta ekki máltilfinningu. Varðandi þjóðkirkjuna, þá ætla ég nú að reyna að endurtaka ekki mikið af því sem hér hefur verið sagt. Mér finnst, með hvaða hætti sem það er, verður gert, að við eigum með öllum ráðum að reyna að sjá til þess að þetta mál verði ekki það mál sem fær alla athygli og kannski klýfur í herðar niður, ef að ske kynni að það plagg sem við semjum færi í þjóðaratkvæðagreiðslu, þetta er greinilega mál sem þarf sérstaka umræðu og er allt of, ristir of djúpt í íslensku samfélagi til þess að það verði afgreitt sem svona, ein af tillögum. Silja Bára lýsti því hér hvernig hefði ekki komið viðlíka viðbrögð við nokkru öðru ákvæði. Og ég held að þetta sé bara svona menningarlega og tilfinningalega standi það, ja bara hafi skotið svo djúpum rötum, standi svo djúpum rötum í íslensku samfélagi að það sé ekki hægt að afgreiða það út úr málinu með þessum hætti og verðskuldaði sjálfsagt þjóðfund eins og ýmislegt annað hér í þessu samfélagi. Allavega verður held ég að taka þá umræðu sér, því að annars mun plaggið í heild ekki fá þá umræðu og meðfjöllun sem að ég held að við mundum flest vilja að það fengi. Þannig, að leita allra ráða til þess að þetta fari út fyrir og verði ekki hluti af þessu máli. Hvernig það yrði gert er mér ekki svo fast í hendi, það er bara einhver tæknileg útfærsla að finna út úr því. Takk fyrir.

SN

Illugi Jökulsson. Gjörðu svo vel.

IJ

Já, ágætu félagar. Mig langar bara að taka undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram um að það sé mikilvægt að finna þessu máli einhvers konar sáttarfarveg. Þetta er mál sem að skiptir mjög marga mjög miklu máli, en er svona dálítið sér á báti, í stjórnarskránni. Og þess vegna skulum við fyrir alla muni reyna að finna þessu einhvern þann farveg að fólk fari ekki að skipa sér í herfylkingar vegna þessa. Sú leið okkar að leggja fram 2 valkosti þar sem annars vegar er kveðið á um þjóðkirkjuna og hins vegar ekki. Hún er náttúrlega, eins og hér hefur komið fram, tilraun til að vísa þessu til þjóðarinnar þar sem mér finnst að þetta mál eigi heima. Það er að vísu rétt sem að Pawel sagði hér áðan að, að sumu leyti er þjóðaratkvæðagreiðsla um trúmál og kirkjuskipan kannski flókið mál en við verðum að gera okkur grein fyrir því, að sérstaklega ef hér verða rýmkaðar reglur um þjóðaratkvæðagreiðslur þannig að auðveldara verður fyrir fólk út í bæ að fara fram á þjóðaratkvæðagreiðslur um tiltekin mál, þá verður kirkjuskipanin eitt af fyrstu málunum sem þar verður tekið til skoðunar. Hvort sem við kveðum á um þjóðkirkju eða ekki, þá munu annað hvort þjóðkirkjumenn eða andstæðingar, munu senda þetta mál í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þannig að við ætludum eiginlega bara að, vorum svona að velta fyrir okkur hvort að það væri ekki eins gott að vísa því þangað strax. En tillaga eins og Pawel lagði fram, kom vissulega til umræðu hjá okkur. Við ákváðum að leggja hana til hliðar vegna þess að okkur fannst skrytið að kveða á í stjórnarskrá um einhvað tiltekna nafngreinda stofnun. Svona, alveg eins og ef að í heilbrigðisákvæði væri talað um Landspítalann, eða eitthvað svoleiðis. Okkur fannst þetta frekar

einkennilegt, en ef að þessi tillaga eða einhver viðlíka getur orðið til að, sem flestir verði sáttir við þetta, þá er ég bara meir en tilbúinn til að skoða það. Takk.

SN
Arnfríður Guðmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

AG
Formaður og fulltrúar og aðrir sem á hlýða. Í fyrsta lagi langar mig bara að nefna að þetta, þessa 7. grein, fræðafrelsi. Að það er alveg hárrétt hjá Þórhildi að það er ekkert lýsandi fyrir allt það sem í greininni er. Við vorum einfaldlega að reyna að finna orð fyrir akademískt frelsi sem að er vissulega aðeins opnara heldur en fræðafrelsi en samt ekki nógu lýsandi fyrir allt þetta. En ég held að það sé bara verkefni sem við þurfum að fara í. Aðalmálið er inntakið, og að mínu viti er það svo að ef að hrúnið hefur kennt okkur eitthvað, að þá er það sem sagt, mikilvægi þess að þetta frelsi sé í hávegum haft. Og þar kemur þetta akademíska frelsi, fræðafrelsið. Það hefur verið mjög, átt undir högg að sækja, svo að ég segi ekki meira. Og þetta er eitthvað sem að við þurfum að standa vörð um, í samfélagi okkar, og að sjálfsgöðu þarf líka að standa vörð um frelsi lista og vísinda.

Varðandi trúfrelsið þá er það hárrétt sem kemur fram í máli Vilhjálms, að það eru ólíkar túlkningar til á trúfrelsinu. Það er til svokallað jákvætt trúfrelsi og neikvætt trúfrelsi. Og neikvætt trúfrelsi væri þá þessi franska leið þar sem að áherslan er á sekulariseringuna og að trúin fari alfarið inn á privatsviðið, og víki af hinu opinbera sviði. Jákvætt trúfrelsi er það sem að er, reynt að standa vörð um í þessari grein og ég held að hún sé mjög mikilvæg bót frá því sem að var í okkar, eða er í okkar nágildandi stjórnarskrá. Ég held að það sé gífurlega mikilvægt og sé jafnvel ennþá mikilvægara í dag, þegar við erum að fara inni þessa nýju öld sem að talað hefur verið um að trúarbrögðin séu að koma mjög tilbaka, og að gildi þeirra sé að aukast í samfélaginu, að þá sé það gífurlega mikilvægt að réttur allra til þess að iðka trú sína, sé virtur til fulls. Og við höfum séð afleiðingarnar af því, til dæmis í Frakklandi þegar að allt sem að fellur undir trú, er svona rekið bara inn í skuggann, inn í myrkríð. Og þar sem að virðingin fyrir trú einstaklinganna og virðing fyrir því að trúin skipti máli, ekki bara í einkalífinu, heldur líka í samfélaginu öllu, að þá held ég að þetta sé gífurlega mikilvægt. Og þessi 3. málsgrein þarna, að stjórnvöldum beri að vernda öll skráð trúfélög og öll lífsskoðunarfélög, sé mjög mikilvægt atriði til þess einmitt að við stöndum vörð um rétt einstaklinganna til trúar, og beinlínis til þess að það ríki sátt og samlyndi í okkar samfélagi. Þetta með þjóðkirkjunna, þó að það hafi verið skiptar skoðanir inni í A-nefnd, að þá vorum við sammála um það, eins og kom fram í máli Silju Báru og ég vil bara þakka henni fyrir mjög góða greinargerð fyrir okkar tillögum. Að það er sameiginlegur skilningur okkar að það sé ekki okkar að skilja að ríki og kirkju. Það sé ekki okkar, og þess vegna förum við þessa leið. Ég sé alveg þessa hættu á að stjórnarskráin hreinlega drukkni og nýtt frumvarp um nýja stjórnarskrá, sem sagt, í heild falli í skuggann fyrir deilunni um ríki og kirkju. Það er vissulega hættu á því, og þess vegna bara þakka ég Pawel fyrir hans tillögu sem við væntanlega förum með inn í okkar vinnu í næstu viku og skoðum þetta.

Það væri kostur ef að við hefðum meira afgerandi, sem sagt, lagalega afstöðu í þessu máli. Við höfum fengið misvísandi, að einhverju leyti misvísandi lagalegar túlkningar á nágildandi ákvæðum í þessum atriðum, og þá bæði 62. greininni og 79. greinarinnar. En ef að hægt er að lenda þessu máli svo að við séum öll sátt, þá er það að sjálfsgöðu kostur. Takk.

SN
Þá er næstur Andrés Magnússon. Gjörðu svo vel.

AM
Kæri formaður og þið öll og þið sem sem heima sitjið. Mig langar að ræða um þrennt. Og fyrst bara örstutt viðbrögð við því sem Vilhjálmur sagði, varðandi fræðsluna, um að börn þurfa líka að fá vernd gegn hugmyndafræði foreldra sinna. En þá væntanlega er sú, þá þýðir það bara að þá færðu hugmyndafræði ríkisins. Og það er ekki hægt að alast upp í einhverju sem er ekki hugmyndafræði. En það sem þú getur hins vegar, það er að vera meðvitaður um í hvaða hugmyndafræði þú elst upp. Og þess vegna vildi gjarnan fá það inn í barnaákvæðið, um að í skólum skuli börnum, skuli þau vera meðvituð eftir hvaða hugmyndafræði verið er að ala þau upp, til dæmis að samkeppni sé góð, og sé ágætt að raða þeim eftir einkunum, og svo framvegis, og vinnubrælkun í skóla. En það var svona innskot, en mig langar að ræða um tvennt. Í fyrsta lagi, hef ég líka verið mikið að brjóta heilann um það, hvernig við getum náð sátt varðandi trú. Það er ekki vel gott að skjóta þessu í þjóðaratkvæðagreiðslu. Í fyrsta lagi höfum við ekkert umboð til þess, og við getum ekkert farið fram á það. Og eins og hefur marg verið bent á hér, þá getur umræðan drukknað í þessari umræðu, umræðan um stjórnarskrána getur drukknað í þessu, þ.e.a.s. að þetta hijakki eða steli allir umræðunni um stjórnarskrána. Og ég var að hugsa mjög líkt og Pawel, hvort það væri sem sé hægt að skrifa eitthvað þessu líkt. En það er að vissu leyti ákveðin hypókrasía í þessu. Vegna þess að þetta þýðir raunverulega, þú ert að taka stjórnarskrárvernd frá þjóðkirkjunni. En hvernig getum við lent þessu þannig að báðir aðilar megi vera sáttir við. Og ég er með tillögu sem er mjög lík Pawels og, kannski ekkert betri, en mig langar að nefna hana samt. Vegna þess að, ... Eiríkur benti réttilega á að þetta er ákaflega skritin stjórnarskrárgrein. Ef við lítum á sem sé 62. grein stjórnarskránnar, sem við köllum gömlu, sem sé þeirrar sem er í dag: Breyta má þessu með lögum. Þetta er náttúrlega mótsetning. Að það er ekki hægt að setja eitthvað stjórnarskrárákvæði sem breyta má með lögum. Það hangir ekki rökrænt saman. En það sem ég var að hugsa um, það var að við gætum haldið þessari setningu. Eina sem við gerum, það er að flytja síðustu setninguna upp, þ.e.a.s. með lögum. Setja má í lög að hin evangelíska-lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og að ríkisvaldið skuli styðja hana og vernda. Að þarna kannski náum við lendingu milli beggja aðila. Þarna varðandi kirkjunnar menn, þá segjum við, við höfum engu breytt. Við höfum bara fært til röö orðanna, en hinum getum við sagt: Ja, það er búið að, þið getið farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu um þessi mál. Þannig, að það er kannski ein leið til þess að sigla bil beggja. En þá verður reyndar tillagan mjög lík Pawels tillögunni. En, já, ég get alveg skrifað þetta niður sem formlega breytingartillögu. En, svo er það þriðja

sem mig langaði að tala um. Það er að við erum alltaf að tala um tjáningarfrelsi og trúfrelsi og svo framvegis. En í reynd að þá nær þetta ekki til hugmyndafræða þar sem er kallað “prophecy of hate” eða, svo ég fari nú að sletta eins og Kata. Að sem sé, þetta nær ekki til þeirra sem boða ofbeldi gegn öðrum. Og það er spurning hvort við ættum að taka það fram. Og ég er hérna með breytingartillögu þá líka, varðandi þetta. Að síðasta setningin: Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög. Þá sting ég upp á að við klárum þessa setningu svona: Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög sem miða að umburðarlyndi og jafnri virðingu allra. Og þar með erum við búin að girða fyrir það að menn geta krafist ríkisverndar ef þeir eru fara að níðast á ákveðnum samfélagshópum, eða krefjast ákveðinna forréttinda umfram aðra. Takk fyrir.

SN

Já, þá er næst á mælendaskrá Katrín Fjeldsted. Gjörðu svo vel.

KF

Takk formaður. Varðandi fræðafrelsi, þá tek undir orð Þórhildar Þorleifsdóttir, að þetta sé orð sem að þyrfti að endurskoða. Mér finnst það ekki nægilega lýsandi og það er ekki hefð fyrir þessu orði. En greinin sjálf, að tryggja skuli með lögum frelsi vísinda, fræða, lista og menntunar, hugnast mér mjög vel.

Varðandi 8. greinina, þá hnýt ég einnig um orðið lífsskoðunarfélög. Mér finnst það ekki fallett orð, og ég er ekki með orð í staðinn, en legg til að þetta verði rétt nánar og lýst eftir, þess vegna, lýst eftir nýju orði yfir þetta.

Í grein um þjóðkirkju þá er ég þeirrar skoðunar að ekki eigi að kveða á um þjóðkirkju í stjórnarskrá, frekar en að þar sé tiltekinn Landspítalinn eða heilsugæslan. Trúfrelsi og frelsi fólks til að hafa ekki trú, þarf að mínu mati að leggja að jöfnu. Og fullt af fólki er utan allra trúfélaga en getur trúað samt. Það er þeirra einkamá. Og þeir eiga að standa til jafns við aðra og hafa sama rétt. Ég skil hins vegar áhyggjur fólks af því að þetta, að þessi hugmyndafræði að fjarlægja þjóðkirkjuna úr bókstaf stjórnarskrárinnar, geti haft áhrif en ég fullyrði að það að hrófla ekki við þessu, mun sömuleiðis hafa áhrif. Það er vaxandi fjöldi í þjóðfélaginu utan þjóðkirkjunnar. Og, ég tel tímasekkju að vera með þjóðkirkju inni í stjórnarskrá. Með því að taka það út, væri ég ekki að taka persónulega eða efnislega afstöðu til stöðu kirkjunnar. Þeirri skipan má áfram viðhalda með lögum. Þannig að ég spái því að hvað sem við gerum, þá verði þetta ákvæði hitamál í þjóðfélaginu. Við erum ekki með sérstaklega á okkar verkefnaskrá. En af því þetta ristir mjög djúpt í þjóðarsálinni og af því að ég vil gera öllum jafnt undir höfði, þá þykir mér eðlilegt að þetta ákvæði falli brott. Svo að ég styð valkost 2 í grein 9. Takk.

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Já, gott ráðsfólk og aðrir.

Þetta er eittrað peð. Það er engin auðveld leið út úr þessu. Þeir sem að óska sér þess að það verði ekkert

rifist um kirkjumálin, þegar að við skilum þessu af okkur, ég veit ekki hvar þeir eru. Við munum engan veginn komast hjá því að þetta verður mjög heitt mál og það er alveg sama hvaða leið við veljum. Ég fagna nú reyndar tillögu Pawels að því leyti til að þarna er kominn upp valkostur, í lögum má kveða um stöðu. En athugið, stöðu, strax það. Stöðu, stjórn og starfs-hætti innan hinnar evangelísku-lútersku þjóðkirkju. Og þá spyr maður, af hverju ekki líka hinnar evangelísku-lútersku Fríkirkju. Nú, eða væri það eðlilegt að það stæði í stjórnarskrá, af því að Pawel upplýsti okkur, sem að ég vissi ekki, að kaþólska kirkjan hún heitir hin almenna kirkja. Sem er þá svipuð hugsun, Pawel, eins og þjóðkirkjan. Í lögum má kveða um að kaþólska kirkjan sé hin almenna kirkja á Íslandi. Þegar að við lítum á það, að þá sjáum við að þetta er dálítið sérkennilegt, þó að yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar sé í þjóðkirkjunni. Og ég biðst afsökunar á smá villu áðan, lúterskan, hin evangelíska-lúterska kirkja hefur verið við lýði á Íslandi í 461 ár en kaþólska kirkjan var fyrst ein í 550 ár og síðan er hún búin að vera reyndar í 1011 ár. Þannig að við sjáum að ef að við eigum að fara út í það, hvaða kirkjudeild hefur í gegnum þjóðarsöguna orkað mest á Íslandi, þá er það nú bara sennilega kaþólska kirkjan þrátt fyrir allt. Ég hef verið þeirrar skoðunar að við eigum að reyna að losa okkur við það að í stjórnarskrá sé verið að binda eitt trúfélag einhvern veginn sérstaklega við ríkið, við ríkisvaldið. Þ.e.a.s. ég hef verið fylgjandi því að aðskilja ríki og kirkju. Ég skil hins vegar mjög vel rök Daggar Harðardóttur, sem hefur komið hérna fram, um það að það er þjónustan sem að kirkjan veitir útá landi. Þarna verðum við að huga að tilfinningum og hagsmunum fólks sem er fjær okkur hér á suð-vestur horninu. En hygg reyndar að það eigi að vera auðvelt með þjónustusamningi ríkis og þjóðkirkju í þessu tilfelli. Eða búa til lög um það að ríkið geti gert sérstaka þjónustusamninga við einstök trúfélög eftir því sem við á. Það mætti til dæmis koma með breytingartillögu við breytingartillögu Pawels um að vera ekki að kveða neitt á um stöðu kirkjudeilda. Mér finnst það vera úrelt. En það má kveða á um þjónustusamninga við einstakar kirkjudeildir og þá náttúrliga gefur auga leið að kirkjudeildin sem er með allar sóknarkirkjurnar úti á landi í dreifbýlinu, mun sjálfkrafa fá þá þjónustusamninga sem þar þarf að gera. Ég held nefnilega að það sé hægt að komast í gegnum þetta, en hvort að við höfum það í þessari atrennu er ég ekki viss um. Og við verðum bara að reyna að velja þá leið sem veldur minnstum látum. En að ætla það að við getum komist eitthvað billega út úr þessu, það er mikil bjartsýni. Við verðum bara að taka þennan slag og ég hallast ennþá að því að við eigum að láta það vera valkostinn. Og ég minni á það að ef að það er í stjórnarskrárákvæði að það megi breyta einhverju með þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá gildir það stjórnarskrárákvæði, en ekki endilega að það sé farið að taka lög fram fyrir stjórnarskránni. Svo að ég verð nú eiginlega að andmæla þessum skilningi Andrésar vinar míns. Takk.

SN

Þórhildur Þorvaldsdóttir, nei Þórhildur Þorleifsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já, takk fyrir. Ég er nú ekki óvön því að það sé misfarið með nafnið mitt. Ágætt ráðsfolk. Ég ætla aðeins að koma að þessari tillögu hans Pawels, en ég ætla fyrst að staldra aðeins við þessa grein sem nú heitir fræðafrelsi. Og mér heyrir fleiri en ég sem sagt vera óánægðir með nafnið. Og, spurningin er, við getum hugsað hluti eins og hugmyndafrelsi. Ég sé hér afskaplega fallett nafn á blaði við hliðina á mér, en ég ætla ekki að fara með það ...

ES

Þú mátt það.

ÞÞ

Ja, það er þá í nafni Erlings. Hann hefur skrifað hér „frelsi andans“. Mér finnst það nú voðalega fallett og skemmtilegt. En ég býst við að það standist ekki ströngustu kröfur lögfræði og stjórnmálafræði. En, sko þetta með menntunina. Það hefur enginn svarað því í sjálfu sér úr A-nefndinni, hvað beinlínis er átt við. Hér hafa menn talað um, annars væru börn á valdi for-eldra. Það er nú meiri ógæfan og hins vegar samfélagsins. En sko, við höfum náttúrlega ekki tekið þá umræðu hérna en það má náttúrlega bæta við þá í einum grænum. Að ég held nú að einn stærsti uppeldisaðili lítilla barna á Íslandi sé einhvers konar sambland af teiknimynda-, auglýsinga- og affreyngarmeningu. Og ég ætla bara að benda á að auglýsingar eru stysta leikna form sem til er og höfða þess vegna alveg sérstaklega til barna. Og á Íslandi eru börn algjörlega óvarin fyrir öllum þessum lágmenningariðnaði sem hellt er yfir Íslendinga í afar illa reknu og fjársveltu til dæmis sjónvarpi. En það er nú önnur umræða en hún hefði alveg verið þörf hérna í sambandi við fjölmiðlafrelsi og ýmislegt annað, og á kannski eftir að koma upp.

Mér finnst bara athyglisvert líka, þó það sé algjörlega utan við þetta, en af því að það er nú farið að tala hér um menntun og uppeldi barna, þá finnst mér athyglisvert í nýliðinni umræðu um mikla rítalín notkun á Íslandi, bæði barna og fullorðna, held ég. Að þá hef ég ekki séð neinn spyrja spurningarinnar: Hafa íslensk börn kannski meiri þörf fyrir rítalín heldur en önnur börn? Er hluti af skýringunni þar. Við höfum ekki tekið þessa umræðu, um aðbúnað við börn í íslensku samfélagi. Mér finnst íslensk börn búa að mörgu leyti við andlegt ofbeldi. Látum því lokið. Ég ætla aðeins að koma hérna inn á þessa tillögu hans Pawels, sem að ég var því miður ekki með útprentaða en hef nú fengið. Sko, þetta er allt gott og blessað um þessa tillögu að segja, og ég býst við að hún eigi einmitt að miða að því að koma þessu út úr málinu, svo að það fari ekki að trufla allsherjarumræðu um þjóðaratkvæði. Og, sko ég held að hún væri algjörlega í lagi og fín, ef að umræðan yrði algjörlega á skynsemisplani. En það verður hún ekki. Hún verður líklega miklu meira á tilfinningaplaninu. Nú ætla ég ekki að fara að tala fyrir því að skynsemisrök eigi að gilda ein og tilfinningarök eigi ekki að koma nálægt. Ég held að hvorugtveggja sé hættulegt, óbundið hinu, tilfinningar og rökvísi eiga að ganga hönd í hönd. Það er hægt að ganga of langt í báðar áttir með því að aðskilja þetta eins og tvo óskylda hluti, og hefur reyndar oft verið gert og ekki til gæfu. Ég held að það mundu margir líta á þetta sem bara

dulbúning þess ásetnings að ætla að koma kirkjunni út úr stjórnarskránni. Þannig að sko, góð meining, æ, ég ætla nú ekki að fara að sítera, ég er viss um að ég fer að gera það vitlaust, ég allt í einu man ekki hvernig þetta er. Þetta er sko, mjög góð tillaga og sett fram með góðum ásetningi. En, ég held að hún nái ekki til-ætludum árangri, vegna þess að við munum ekki geta komið í veg fyrir að umræðan um þetta muni rísa hátt og þar muni hugsanlega tilfinningarnar vera sterkari og ríkari heldur en skynsemin. Þannig að ég bara ítreka aftur, að við komumst að einhverri niðurstöðu sem að bjargar þessu plaggi okkar, tilvonandi, frá því að vera undirlagt af þessu máli. Án þess að gera lítið úr málefnum þjóðkirkjunnar og hvort við getum einhvern veginn, sko, komið fram mjög skýrum skilaboðum um það að við viljum að þetta mál sé hjá þjóðinni og komi ekki inn í væntanlega og vonandi atkvæðagreiðslu um það plagg sem við leggjum fram. Takkt fyrir.

SN

Illugi Jökulsson er næstur á mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

IJ

Já, ágætu félagar. Mig langar að gera eina örlitla at-
hugasemd. Það er í sambandi við lífsskoðunarfélög. Það hafa nokkrir minnst á það hér að það hugtak sé óljóst og beinlínis ljótt orð. Ég get alveg tekið undir það, að þetta er ekkert mjög fallett orð en þetta er nú samt sem áður ákv., það á ekki að vera, við þurfum ekki að eyða mjög löngum tíma í þá umræðu hvort undir þetta geti fallið Skátarnir eða Hells Angels eða hverjir sem vera skal. Við förum svolítið í gegnum þá umræðu í A-nefndinni. Og, lífsskoðunarfélag er, þótt orðið sé kannski framandlegt, þá er það ákveðið fyrirbæri. Við eiginlega svona óskum eftir því að það verði þá sett lög um slík félög. Þau eru ekki til nú þegar, en við byggjum, ég vek athygli á því að í tillögum okkar og skýringum nefndarinnar sem að Silja Bára las hér áðan, þar er ágæt skilgreining á lífsskoðunarfélagi. Og það er tekið úr þingsályktunartillögu sem lögð var fram fyrir nokkru síðan en var nú reyndar ekki afgreidd en það hlýtur að koma að því, fyrir en síðar að þessi félög, hvort sem þau eru fleiri eða færri, öðlist einhvers konar lagalega skilgreiningu. Og ég ætlaði bara að benda á þetta, að þetta er eitt ákveðið félag, sem gegnir svona, nei, eitt ákveðið fyrirbæri, lífsskoðunarfélög, sem gegna svona að mörgu leyti svipaðri þjónustu og kirkjur og trúfélög gera, þó þau byggist ekki á trú á neina yfirnáttúrlega veru. Og ég ætla bara að vonast til þess, og óska eftir því, að menn fari ekki að eyða mjög löngum tíma í að ræða hvað getur fallið þarna undir. Kíkiði bara á skilgreininguna sem við notumst við þarna, Og sú skilgreining eða einhver mjög svipuð henni mun væntanlega enda í lögum. En ef einhverjum dettur í hug betra orð, þá væri það í sjálfu sér bara til bóta. Takkt.

SN

Íris Lind Sæmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Já, takk kærlega og takk Silja Bára fyrir kynninguna á þessum tillögum. Ég ætlaði nú einmitt að nefna þetta með lífsskoðunarfélög, og taka svolítið undir

þær ábendingar sem hafa komið fram, um hugtakið lífsskoðunarfélag, og velti því svona aðeins fyrir með hvað felist í því. Þessi þingsályktunartillaga sem að Illugi nefnir, það er tillaga sem var lögð fram á þingi, þetta var þingmannatillaga, sem að var ekki rædd einu sinni á þinginu. Þannig að ég held að við þurfum aðeins að skoða betur hvað í þessu felist. Og ég nefni í orðabók til dæmis, þá er hugtakið lífsskoðun mjög opið hugtak. Þar er talað um rötgróið viðhorf til lífsins, hugsjónastefnu eða ákveðna sannfæringu í meiriháttar málum, í sviga, í meiriháttar málum. En við þurfum allaveganna að huga að því að hvernig svo sem við búum svona ákvæði úr garði, að þá þarf að vera tryggt að í stjórnarskrárákvæði sé ákveðinn rammi utan um það það, hvað geti verið lífsskoðunarfélag. Og hvaða mörk eigi að setja löggjafanum í þeim efnum. Svo ætlaði ég aðeins að nefna bara með fyrirsagnir í 7. grein af því að nokkrir hafa nú nefnt það. Auðvitað er hún ekki lýsandi í sjálfu sér, fyrir inntak ákvæðisins, en ég held kannski að við þurfum ekkert endilega að fara að setjast mikið yfir fyrirsagnir einstakra greina, enda geri ég kannski ekki ráð fyrir að við höfum fyrirsagnir í endanlegri stjórnarskrá við einstök ákvæði í tillögum okkar. Það svona kannski þarf að skoðast aðeins með hliðsjón af því að væntanlega muni kaflar bera fyrirsagnir en ekki endilega einstakar greinar. Takk fyrir.

SN
Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ
Já, kærur ráðsfulltrúar og þeir aðrir sem hér eru og horfa á okkur. Fólki hefur svolítið verið að tala um Landspítala og aðrar stofnanir sem samgildi kirkjunnar. Ég held við getum nú öll verið sammála um það að Landspítalinn, þetta sé þjónustumiðstöð fyrir okkur borgarana. Kirkjan hinsvegar á rosalega langa sögu í þjóðinni og djúpa röt í þjóðinni, og skipar stóran þátt í okkar menningararfleifi. Að því leyti er kirkjan frábrugðin Landspítalanum. Hins vegar er það svona, kannski, þróunin sú, að kirkjan sé að nálgast Landspítalann í þróun að því að verða ekki síður þjónustustofnun. Og því er kannski eðlilegt að þessi umræða sé í gangi. En ég held að það sé varhugavert að breyta þessari skipun, að við hérna í Stjórnlagaráðinu ættum að fara að gera það með því að knýja fram einhverja þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég held að það sé varhugavert. Þetta er bara alltof langur aðdragandi að þessu til þess að við ættum að fara að gera það hér og nú. Ég ætla aðeins að víkja að því sem Pawel sagði, hans breytingartillögu, sem mér finnst nokkuð góð, sérstaklega ef við blöndum Eiríki Bergmann inn í hana. Og þá væri hægt að hafa þetta þannig, að í lögum má kveða á um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjuskipunar. Þá mundum við í raun og veru geta haft það inni sem að ég held að allir séu að deila hér um. Að haft það inni, að við séum ekki að breyta kirkjuskipan hér og við séum ekki að kveða á um aðskilnað ríkis og kirkju. En um leið erum við ekki að gera kirkjunni hærra undir höfði í stjórnarskrá. Þannig að það gæti hugsanlega verið lending að hræra saman tillögu Pawels og Eiríks. Svo að lokum ætla ég aðeins að benda á varðandi greinina nr. 8, trúfrelsi, þarna í lokin. Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög. Ég tek aðeins undir þær efasemdir, sem hingað, eða sem hafa

borist hérna í ráðinu, að lífsskoðunarfélag, við þurfum kannski aðeins að vanda okkur betur með það orð. En að öðru leyti þá er ég nokkuð sáttur við þessa greinargerð A-nefndar. Takk.

SN
Arnfríður Guðmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

AG
Já, kærar ráðsfolk og aðrir áheyrendur. Nú kemur kennarinn upp í mér og ég má til með vekja athygli á því að evangelísk-lútersk kirkja, hvort sem að hún er þjóðkirkja eða Fríkirkja, er kaþólsk kirkja. Þannig að kaþólsk þjóðir almenn kirkja en kirkjan uppi í Landakoti heitir rómverks-kaþólsk kirkja. Þannig að, mér finnst þetta bara mikilvægt að þessu sé haldið til haga. Þetta með þjóðkirkjuna, hvort hún á að vera eða ekki. Er þetta ekki líka spurning um það, sem sagt, hvaða ákvæði fer inn í stjórnarskrána varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu og rétt til þjóðaratkvæðagreiðslu. Er það ekki eitthvað sem við þurfum að skoða í þessu samhengi? Takk.

SN
Dögg Harðardóttir. Gjörðu svo vel.

DH
Formaður, ágætu ráðsfulltrúar og aðrir sem á mig hlusta. Ég vil fagna þessum umræðum hér. Mér finnst við öll vera að vanda okkur. Við erum að gæta þess að fara ekki að rífast, miðað við sko, hversu miklar skoðanir við höfum á þessu. Og mig langar aðeins að bregðast við þessu, sem kom fram hér áðan, að þetta verði hitamál í samfélaginu. Ég held að við höfum bara heilmikið um það að segja, hvort samfélagið fer að rífast um þetta eða ekki. Og ég vil minna á að löngu áður en trúmálin komu til umræðu í A-nefnd, að þá kom frétt á ónefndum netmiðli, um að nefndin væri klofin í herðar niður í afstöðu til kirkjunnar. Og við vorum ekki byrjuð einu sinni að ræða þetta mál. Þannig að, ég segi nú bara, ég vil ekki gera nokkrum manni það til geðs að það spyrjist út að það sé ekki eining hérna á meðal okkar. Ég held að við stefnum öll í sömu átt, hvort sem er í þessu máli, kjördæmamálunum eða hvaða málum sem við tökum fyrir. Þá stefnum við að því að komast að niðurstöðu, sameiginlegri niðurstöðu. Það getur tekið mislangan tíma. En ég held að við ættum bara að hafa, eða að beina sjónum okkar að því markmiði að finna lendingu, við erum alltaf að lenda. Og finna lendingu í þessu máli sem öðrum og ég ber það traust til okkar allra að við náum því. Og þess vegna vil ég ítreka þakkir mínar til hans Pawels. Mér finnst þetta frábær tilraun til þess að setta ólík sjónarmið. Og ég held að það sé það sem við eigum að beina sjónum að.

SN
Pawel Bartozsek er næstur. Gjörðu svo vel.

PB
Já, takk. Fyrst að nokkrum atriðum, svona, tek undir það sem hefur verið sagt, það sem Vilhjálmur sagði um æðri menntun. Það getur auðvitað verið að, það er ekki alveg sama sko hvort maður sé háskólakennari eða grunnskólakennari. Við höfum jú sett ákveðnar reglur um það hvað grunnskólakennarar eiga og mega kenna.

Og þeim er kannski ekki eins frjálssar hendur settar og háskólakennurum, eðli málsins samkvæmt. Þannig að ég kannski hef spurningarmerki við að blanda þessu saman, með þessum hætti. Nú, hér hafa menn nefnt lífsskoðunarfélög, og að orðið sé óskýrt og óheppilegt og ljótt. Nú er það samt engu að síður þannig að þetta er það orð sem þeir sem barist hafa fyrir ákveðinni viðurkenningu hafa verið að nota, þannig að það er auðvitað ákveðinn þungi í því, að við ákveðum síðan ekki, þegar við viðurkennum ákveðinn hlut, að viðurkenna það með einhverju allt öðru orðalagi. Og ég ímynda mér mörg orð, á þeim tíma sem þau koma upp, þykja kannski ekkert falleg eða skýr. Þannig að ég hefði svona hallast að því að þrátt fyrir að það sé hægt að toga þetta til og frá og segja að ýmis önnur félög geti fallið þarna undir. Þá held ég að í ljósi allrar umræðu, alls aðdraganda, þá sé tiltölulega ljóst hvaða félög það er sem er átt við. Það er átt við félög sem reyna að fylla það skarð sem trúfélög hafa fyllt í hjörtum fólks hingað til, en án þess að vísa til yfirnáttúrlegra afla. Nú varðandi mína tillögu, þá er kannski ágætt að halda því til haga vegna þess að stundum reynir maður svo mikið að koma til móts við aðra og vera málamíðlunarmaður, að maður heldur ekki einu sinni fram sko, hvað það er sem manni sjálfum finnst. Og ef ég fengi að hafa þetta ákvæði með einhverju móti, þá mundi ég sjálfur, í fyrsta lagi, sleppa því eða jafnvel ganga lengra og ég vitna þá í orð sem ég held að séu komin frá Thomas Jefferson og hafa ratað í bandarísku stjórnarskrána, sem hljóða svo: Ríkið skal ekki setja nein lög sem koma á fót trúarbrögðum eða banna iðkun þeirra. Þetta er það sem ég mundi vilja að standa. Þarna er minn staður. En ég velti því fyrir mér hve langt er hægt að teygja sig frá þeirri átt til þess að viðhalda þessari grunnhugsun um trúfrelsi en koma samt til móts við sjónarmið sem eru mjög mikið uppi í þjóðfélaginu. Og við megum kannski stundum ekki, þrátt fyrir fjölda innsendra erinda og það að að þetta er mjög heitt mál á jöðrum þessarar umræðu, ímynda okkar að þjóðfélagið sé í rauninni samsett af tveimur jaðarhópum, hér búi klofin þjóð. Ég upplifi það nefnilega ekki. Ég upplifi það að Íslendingar séu miklir hófsemdarmenn, þegar kemur að trúmálum og ég upplifi það að langflestir séu hvorki að reyna að pranga sinni trú upp á aðra eða hvetja aðra til þess að láta af henni. Þetta er mín, svona upplifun, hafandi búið í öðrum löndum, að hér sé málum upp til hópa frekar vel fyrir komið og ég ímynda mér hvort það sé ekki hægt að ná tiltölulega breiðri miðju, um þau sjónarmið. Þannig að við skulum ekki hræðast það að reyna að setja fram tillögu sem ég held að mjög margir gætu fallist á, og þetta er mín tilraun til þess, en auðvitað finnst mér rétt að áréttta það, að ef ég fengi að ráða þessu alveg sjálfur, þá mundi ég fara í þá átt að aðskilja þarna á milli og ekki hafa neitt, en ég vona að þetta verði einhver tilraun til þess að reyna að lenda þessu máli.

SN

Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Takk. Kæru vinir, ég er í nefnd A sem er búin að vera að fjalla um þessi mál. Og þetta er búið að vera ótrúlega gagnlegt finnst mér, þessi fundur hérna saman öll, er rosalega gagnlegur, vegna þess að þetta er flókið

mál. Og það sem ég er alltaf, ég hef svona hálfgerða möntru sem er bara þessi: Við erum ekki að fara að aðskilja ríki og kirkju, við erum ekki að fara að aðskilja ríki og kirkju. Þetta er ekki okkar verkahringur. Við erum í rauninni að búa til tillögu að nýrri stjórnarskrá, en ég sé það að strax bara hér í dag fer umræðan efnislega að snúast um aðskilnað ríkis og kirkju, og það er vandamál sem einhvern veginn við verðum að geta horfst í augu við eins og Ómar segir og bara sæst á að það muni gerast. Þessi umræða mun einhvern veginn koma upp en, hvernig getum við komið þessu verkefni frá okkur þannig að við séum ekki að gera það að aðalatriði. Það er stóra verkefnið. Og þess vegna myndi ég útnefna Pawel sem mann dagsins í dag, vegna þess að hann er að koma með tillögu, sem að reynir að finna einhverja leið. Ég er efnislega alveg sammála honum, mér finnst ekki að það eigi að kveða á um eitt trúfélag öðru fremur. En fyrst að staðreyndin er sú að á Íslandi er þessi gífurlega óþroskaða umræða. Þar sem þessi umræða hefur bara ekki verið tekin á neinu plani sem hægt er að kalla rökrétt. Það hefur bara verið svona, hróp í sitthvora áttina og erindin okkar sýna það vissulega. Að þetta er bara, og þessi breiða miðja sem Pawel er að tala um, held ég sé alveg sönn. Ég held að mjög margir vilji ekki að eitt trúfélag sé tekið fram yfir önnur en það er líka út af því að það hefur ákveðið óréttlæti verið hvað varðar til dæmis fjárútlát og annað, og það held ég sé hluti af því að umræðan hefur orðið hatrammari en hún hefði nokkru sinni þurft að verða. Og við byggjum auðvitað á þessum arfi og svo framvegis. En það sem mig langaði til þess að gera var að benda á það að ef við færum einhverja leið, bara svona, bókstaflega eins og Pawel hefur komið með að tillögu að og Andrés líka. Þá erum við að bjóða upp á það að það verði dauður bókstafur í okkar stjórnarskrá til framtíðar. Og mig langar það ekki. Af því að ef að það væri síðan breytt í lögum, eins og þið eruð að stinga upp á, þá mundi ennþá standa stjórnarskrá í lögum má kveða á um starfshætti hinnar lútersk-evangelísku kirkju, þrátt fyrir að kannski væri löngu búið að ákveða um aðskilnað eða eitthvað slíkt, og það væri bara önnur mynd uppá teningnum. Og þegar við erum að búa til stjórnarskrá, þá verðum við að hugsa, þessi stjórnarskrá endist í 50 ár án þess að hún þurfi að vera uppfærð. Það þarf að vera hugsunin, þó að kannski takist ekki alltaf að ganga alla leið. Þannig að við þurfum að vera meðvituð um það að nefnd C á eftir að koma með einhvers konar tillögur að hvernig þjóðin geti fengið atkvæðisrétt um ákveðin mál en ég einhvern veginn hef á tilfinningunni að það verði ekki um stjórnarskrárvarin málefni. En það er kannski bara mín grunntilfinning og kannski er hún röng. Þess vegna er ég á sömu, sko niðurstaða mín er á sömu línunum og kannski Andrés og Lýður og það er að blanda saman tillögu Eiríks og Pawels. Og segja eitthvað eins og: Í lögum má kveða á um kirkjuskipan ríkisins. Punktur. Þetta er algilt og þetta endist. Og þetta gefur löggjafanum vald yfir að ákveða þessi mál. Þetta kallar á þann möguleika að það verði raunhæf almenn þroskuð umræða um það hvort skilja á ríki og kirkju ef að það er vilji Alþingis og þjóðarinnar, og tekur okkur svoltið út fyrir sviga. Þannig að þetta væri mín tillaga og ég þakka enn og aftur þessar flottu hugmyndir og þessa falletgu umræðu sem hér er. Takk.

SN

Takk, ég heyrði einu sinni í fyrirlestri því haldið fram að Íslendingar hefðu ekki farið að deila um trúmál fyrr en þeir fluttu vestur um haf, til Kanada. En næstur á mælendaskrá er Pétur Gunnlaugsson. Gjörðu svo vel.

PG

Formaður og ágætu félagar. Við verðum auðvitað að hafa það í huga hvers vegna er trúfrelsisákvæði í stjórnarskrá ríkja. Það er til þess að verja ákveðin trúfélög gegn ofríki ríkisvaldsins. Það er að verja fólk sem trúir á guð, stendur straum af kostnaði við sína trú og vill ekki að ríkisvaldið sé að hafa afskipti af þeirra lífi. Það er grundvöllur fyrir trúfrelsi. Nú erum við með tillögu hér um að stjórnvöldum ber að vernda öll lífsskoðunarfélög. Sko, orðið lífsskoðunarfélag, mér er alveg sama þó þetta sé kannski slæm íslenska, það skiptir ekki máli. Það eru til allskonar pervertar í heiminum. Það eru allskonar rugludallar til! Og svo á ríkið að vernda öll, ég meina, skráð eða óskráð lífsskoðunarfélög! Ég meina, ef einhver ungur maður les Arthur Schopenhauer, og les hans bölsýni. Og segir: Ja það er best að vera dauður og svona framvegis. Hann býr til eitthvað félag um það. Hann hefur fullan rétt á því! Hann getur lesið Arthur Schopenhauer og hann er gáfaðasti manni í heimi o.s.frv. En það dettur engum í hug að láta ríkið vernda þessa lífsskoðun! Og svo fer hann út í Nietzsche og segir: Drottunarviljinn er lífsviljinn, lífsviljinn er drottunarviljinn. Við þurfum að útrýma helminginn af mannkyninu því þeir eru aumingjar. Allt í lagi. Hann hefur bara þá lífsskoðun. En stjórnvöldum ber að vernda öll lífsskoðunarfélög og þá er eitthvað félag sem heitir Vantrú, sem er einhver 20 manns á einhverjum bar sem segir: „Ja, þetta er ægilegt með kirkjuna á Íslandi og kristindóminn, þeir eru alltaf að kúga okkur.“ Hver kúgar þessa gæja?! Ekki nokkur maður! Þeir geta verið guðleysingar út í rauðan dauðan og öll familían! Nei, stjórnvöldum ber að vernda öll lífsskoðunarfélög. Veistu, þessi umræða er fáránleg. Við erum auðvitað kristið samfélag og það er út af fyrir sig ágætt. En, ef við ákveðum ákvæði í stjórnarskrá um trúfrelsi. Hvað snýst það um? Að vernda alla. Nú er ég skráður kaþólikki, kannski Hagstofukaþólikki, ég fer svo sjaldan í kirkju, allt í lagi með það. Ég hef ekkert á móti kirkjunni, evangelísku kirkjunni, gott og vel. En menn bara fara í sín kirkjufélög. Og ef að við verndum alla, hvort það séu Bahá'í, eða ég veit ekki hvað þeir heita. Íslam líka. Þeir eru nú kannski ekkert mjög umburðarlyndir, allir að tala um umburðarlyndi hér, ég veit ekki hvað það nú er. En af hverju ekki bara að hafa ákvæði í stjórnarskránni sem leyfir öllum trúarfélögum að stunda sína, að rækta sína trú. Það er alltaf verið að tala um að vernda allt. Ég heyri þetta í B-nefndinni sem ég er. Alltaf verið að tala um að forsetinn verndi menninguna! Menning sem þarf að vernda er einskis virði, það vitum við öll. Og er ekki kominn bara tími til að ríkið á ekkert að vernda einhverja trú! Því að hún er einskis virði ef það þarf að vernda hana. Hvað, eiga stjórnvöld og embættismenn að ganga hér um: Ja, það þarf að vernda þetta, þessa lífsskoðun. Ég er bara algjörlega á móti þessari setningu: „Stjórnvöldum ber að vernda öll lífsskoðunarfélög.“ Þakka þér fyrir.

SN

Þá er komið að Erlingi Sigurðarsyni. Gjörðu svo vel.

ES

Mér vefst nú tunga um tönn. Formaður, gott ráðsfolk. Það eru atriði sem að ég þarf að benda á, að í stjórnarskránni er þarna grein sem að er eiginlega ekki stjórnarskrárgrein. Það er 62. greinin. Hún segir: Breyta má þessu með lögum. Þar með er hún ógild sem stjórnarskrárgrein. Þannig að þetta er í sjálfu sér, að fella þetta niður, er ekki að breyta stjórnarskránni. En það er þetta atriði að það þurfi að koma í staðinn eitthvað. Það held ég sé ennþá verra. Með allri virðingu fyrir tillögu Pawels, þá þrengir hún málið. Það er getið sérstaklega um þetta, að það skuli með lögum gera þetta, eða að maður megi, er það ekki? Og það gerir málið ennþá flóknara. Ég held það væri einfaldast að bara sleppa þessari grein, að taka hana upp. Og láta svo um það að það er auðvitað heimilt að gera þetta í lögum ef þarf að gera það. Það þarf ekki að taka það fram í stjórnarskrá. Og þetta er atriði sem að ríkið og kirkjan eiga að sjá um sjálf, án þess að stjórnarskrárákvæði komi til. Það var áður sagt, við skulum allir hafa einn sið. Það var tveggja manna dómur, eins manns dómur fyrir 1000 árum rúmum. Og hvað það væri gott ef við gæti haft það ennþá, en held að það verði nú ekki. Það er með lífsskoðunarfélagið, það er sagt að, við getum farið í orðabókarskilgreiningar. En það er samt sem áður lífsskoðunarfélögin eru af pólitísku gerðinni, ekki síður. Og það gengur ekki að hafa þetta þarna, í þessu efnunum. Ef að lífsskoðun er, þá er tækifærimennska kölluð á annað borð lífsskoðun. ... Það má segja það. En það er sem sagt, í fyrsta lagi, þetta sem ég var að segja um 62. greinina fyrrverandi, sem verður. Það gengur ekki fyrir okkur að ætla að setja hana í þjóðaratkvæðagreiðslu, vegna þess að við höfum ekkert bréf upp á það, að þessi stjórnarskrá fari í þjóðaratkvæðagreiðslu. Við höfum það ekki. Og í öðru lagi ef hún færir í þetta, þessa þjóðaratkvæðagreiðslu þá yrði hún ofan á í umræðunni og það gengur ekki alveg að láta það einoka það. Ég vara við því. Sem sagt fellum þessa grein niður, bara án ... málið og látum það ganga til Alþingis og ríkisstjórnar og kirkjuyfirvalda. Takk fyrir.

SN

Nú, við stefnum að því að taka hlé um 12-leytið. Næstur á mælendaskrá er Vilhjálmur Þorsteinsson og ég mun loka mælendaskrá þegar hann hefur lokið máli sínu. Gjörðu svo vel, Vilhjálmur.

VÞ

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Pawel flutti nú eiginlega áðan ræðu sem að ég hefði getað gert að minni. Ég er sammála honum um hvernig ég myndi vilja sjá þessi mál, svona í fullkomnum heimi. En ég er líka sammála honum um það að menn þurfa að vera raunsæir og taka mið af stöðunni eins og hún er. Þess vegna styð ég hans tillögu sem góða málamiðlun. Og hans tillaga er þá sú, að í lögum má kveða á um stöðu, stjórn og starfshætti hinnar lútersk-evangelísku þjóðkirkju. Og þetta er eins og hann sagði úr, þetta er tilvísun í gildandi lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Þannig að það er þá einfaldlega verið að segja að þau lög mega standa áfram, þessarar stjórnarskrár vegna. Og það er þá gerð í raun og veru

undantekning frá þessu almenna trúfrelsi með því. Hins vegar eru þetta almenn lög og ég geri ráð fyrir að það komi frá nefnd C tillögur um þjóðaratkvæðagreiðslur og möguleika landsmanna á að hafa áhrif á löggjöf, með því að safna tiltekið mörgum undirskriftum eða eitthvað slíkt. Og það myndi þá geta orðið farvegur í framtíðinni fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um þessi lög um stöðu þjóðkirkjunnar eins og önnur. Og ég held að það sé í raun og veru bara ágætt að það verði sá farvegur, í framtíðinni. Nú, Kata hafði áhyggjur af því að þetta stæði þá bara eftir svona eins og draugur, þetta ákvæði í stjórnarskránni ef það kæmi til þess að þetta yrði fellt út, sem lög í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég hef nú ekki sömu áhyggjur af því. Þetta er bara þá söguleg arfleifð. Og annað sem að við vonandi gerum er að við skilgreinum það hvernig stjórnarskrá verður breytt í framtíðinni. Og að það verði einhvers konar stjórnlagabætur sem að muni breyta stjórnarskrá í framtíðinni. Og það verði þá annað hvort eitt-hvert hlutfall kjósenda eða jafnvel á reglulegum fresti, segjum 20 ára fresti eða eitthvað slíkt, sem að haldið yrði stjórnlagabætur. Og það yrði þá bara verkefni næsta stjórnlagabætur á eftir okkur, að ákveða hvort að það væri ástæða til þess að halda þessari grein inni. Þannig að ég styð þetta sem ágæta lausn á því verkefni sem að við stöndum frammi fyrir. Svo vildi ég bara segja að lífsskoðun, lífsskoðunarfélög. Jú jú, menn geta haft skoðun á þessu orði en þetta er samt orðið sem að menn nota sem að hafa verið að berjast fyrir því að lífsskoðanir aðrar en trúarbrögð fái að njóta jafnréttis. Og meðan við erum ekki með betri tillögu þá held ég að við ættum nú bara að halda okkur við það orð sem að menn hafa notað í þessu samhengi. Annað held ég að ég hafi ekki viljað segja. Takk fyrir.

SN

Andrés Magnússon, gjörðu svo vel. Og hér með loka ég mælendaskránni.

AM

Takk fyrir, kæri formaður og þið félagar. Mig langaði aðeins að ítreka hér eitt. Ég hef ákveðna skoðun á þessu, það er fullt af fólki sem hefur rosalega ákveðnar skoðanir á þessu. En held að kjarni málsins sé sá sem að vinur minn Ómar Ragnarsson benti á, að þetta er eittrað það. Við þurfum einhvern veginn að komast hjá því að það verði rifist um þetta mál eða að þetta fari í þjóðaratkvæðagreiðslu. Og mig langar að benda á að þeir sem vilja alveg taka þetta út, það er rosalegt statement. Það er ofsaleg áréttning að taka þetta út. Það mun ekki vera óumdeilt. Og Pawels ákvæði, það er mjög gott en það er samt verið að taka stjórnarskrárverndun frá einhverju sem að fólk upplifir að hafi verið. Þannig að það er líka rosalegt statement. Og þessi tillaga mín sem hljómar kannski einkennilega, hún er samt tilraun til þess að snerta ekki eittrað það. Það er bara að umórða núverandi stjórnarskrárákvæði. Það er raunverulega bara verið að flytja til þarna neðstu setninguna efst og þá getum við sagt, við höfum ekki breytt neinu. En við höfum bara raunverulega áréttað að þessi grein var alltaf í B-klasse. Hún var aldrei til, eða hún var alltaf ... sem sé, að þetta hafði aldrei stjórnarskrárákvæði þó þetta stæði í stjórnarskránni. Og þar með höfum við, að mínu mati, eins og ég sé það núna svona, það getur breyst. En þar með erum við að

mínu mati að forðast að taka í hið eittraða það, að við erum ekki að breyta neinu. En við erum samt að gera það mögulegt að þetta fari fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu með því sem við ætlum að skrifa um þjóðaratkvæðagreiðslu, bara til þess að útskýra þetta. Takk.

SN

Porkell Helgason. Gjörðu svo vel.

PH

Formaður og góðir fundarmenn og aðrir áheyrendur. Ég vil fyrst fagna því að þetta mál er til umræðu og nefndin hefur hugað vel að því, A-nefndin, hygg ég. Og ég vil líka fagna því að þessi umræða hérna í dag hefur verið yfirveguð og án gífuryrða, heyrist mér. Mér sýnist tillaga Pawels afar góð í þessu máli og í meginatriðum, það hafa komið fram, svona, hugmyndir um að hnika henni eitthvað til, tala um kirkjuskipan. Kosturinn við hana eins og hún er, er að hún vísar í lagaákvæði sem að eru nú þegar þekkt. En ég vil svona kasta því inn í umræðuna og til ihugunar fyrir nefndina, þegar hún um þetta aftur, hvort það megi jafnvel stytta engu að síður verulega, eða að talsverðu leyti það sem Pawel setur fram. Og segja einfaldlega: Í lögum má kveða á um þjóðkirkju þess vegna, eða þjóðkirkjuna með greini, mér er nokkuð sama. Þetta er svona bara til ihugunar. En síðan var það til umræðu hérna á fundi A-nefndar í gær minnir mig, eða í fyrradag réttara sagt, að ef að þessu ákvæði sé að einhverju leyti breytt, þá þurfi hvort sem er að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu vegna ákvæða í 79. grein núverandi stjórnarskrá. Að sé þessari kirkjuskipan breytt, þá beri að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég er að vísu sem leikmaður í lögfræði ekki sammála þessari lögfræðitúlkun, en ég held það sé alveg nauðsynlegt að fá þetta alveg skýrt. Erum við, með því að gera þessa breytingu á stjórnarskrá, sem mér finnst reyndar mjög ólíklegt. En erum við þá átómatískt, sjálfkrafa að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslu. Að lokum, um 3. málsgrein 8. greinar um trúfrelsið. Um hvað stjórnvöldum beri að gera. Ég spyr nú, ef að tillaga Pawels í einhverri útgáfu er inni, má þessi málsgrein þá ekki falla út? Takk fyrir.

SN

Næstur talar Eiríkur Bergmann Einarsson. Gjörðu svo vel.

EBE

Já kærur félagar. Ég þakka líka fyrir þessa umræðu sem að mér hefur fundist vera virkilega, virkilega góð, og ég held að við séum að nálgast með henni einhvers konar ja í það minnsta möguleika á sameiginlegri lausn. Og ég sendi ykkur hér núna áðan í tölvupósti, þið eruð náttúrlega ekki búin að fá það ennþá nema þið sem hafið kannski tölvurnar opnar, þar sem ég setti niður þessa breytingartillögu sem ég gerði við tillögu Pawels. Og ég setti fram eiginlega tvo valkosti sem að nefndin getur þá rætt. Og valkostur 1 væri þá einfaldari, einfalda útgáfan af þessu, sem að væri þá einfaldlega þannig: Í lögum má kveða um kirkjuskipan. Punktur. Nú ef að mönnum finnst það of snubbótt og að þjóðkirkjunn sé ekki sýndur næginlegur sómi með því, að þá setti ég fram valkost 2, sem að myndi þá, sem að ég þrjúna eiginlega orðalag Pawels svolítið vel inn í þetta. Og hann hljómar þá svona: „Í lögum má kveða

á um kirkjuskipan, þar á meðal um stöðu, stjórn og starfshætti kristinnar þjóðkirkju.“ Eitthvað í þeim dúr. Þannig að ég legg þetta bara svona fram líka þá til frekari umræðu en mér sýnist að stefni nú jafnvel í þá ótrúlegu niðurstöðu að við getum náð saman um þetta.

SN

Næstur á mælendaskrá er Örn Bárður Jónsson.

ÖBJ

Ég ætla að leyfa mér að fara í pontu.

SN

Gjörðu svo vel.

ÖBJ

Formaður, góð systkin nær og fjær. Ég er þakklátur fyrir þessa umræðu. Það hefur verið mjög fróðlegt að starfa í A-nefdinni og ræða þessi mál. Og það hefur verið gert af sanngirni og yfirvegum, eins og við höfum gert hér, allt ráðið í morgun. Þetta er stórt og mikið mál og þarf að taka á því af myndugleika og réttisni og visku. Ég er sjálfur algjörlega ósammála því að getum gert breytingar á þessar grein, nema það fari í þjóðar- atkvæði. Ég held það sé útilokað ef að við breytum þessari kirkjuskipan, nú er ég ... nota bene sko, ég get alveg fallist á það að þetta fari út úr stjórnarskránni, þannig séð. En, ég held að við getum ekki breytt þessu án þess að þjóðin komi að því. Við komumst ekki framhjá núverandi stjórnarskrá. Það sem að við ákveðum, ef að við setjum inn breytingu á kirkjuskipan í þessa grein, hér. Og það fer síðan frá okkur fyrir þingið, þá er þingið, fjallar þingið um það eða sendir það í þjóðar atkvæði og þar með er þingið búið að segja: Þetta er okkar tillaga. Þannig að, eins og segir í núverandi lögum, ef Alþingi breytir þessum lögum, eða hvernig sem það er orðað, þá verður það að fara í þjóðar atkvæði. Ég held við komumst ekki framhjá þessu. Þetta bar ég undir Pétur Kr. Hafstein fyrrverandi Hæstaréttardómara og forseta Kirkjubings og hann var alveg með þetta á hreinu, að svona yrði þetta að vera. Við getum ekki tekið þjóðar atkvæðaréttinn frá þjóðinni í þessu sambandi. Þið heyrðuð að ég sagði að ég get alveg hugsað mér að þetta færi út. Að sjálfsgöðu. Vegna þess að þessi umræða hér, hún snýst ekki um það hvort það verði þjóðkirkja í landinu eða ekki. Hún snýst um það hvort að þetta ákvæði er í stjórnarskrá eða ekki. Eftir sem áður stendur þjóðkirkja, svo fremi að hún sé trú köllun sinni og hlutverki. Þjóni meirihluta landsmanna og í raun og veru öllum landsmönnum, og sé meirihlutakirkja. Jafnvel þó hún yrði minnihlutakirkja, sem auðvitað getur orðið, þá getur hún eftir sem áður kallað sig þjóðkirkju, svo fremi að hún sé trú köllun sinni og þjóni öllum landsmönnum. Það er höfuðatriði. Kirkjan, og ég ætla að leyfa mér að vitna hér í texta eftir dr. Sigurjón Árna Egilsson úr bókinni Ríki og kirkja, sem að hið Íslenska bókmenntafélag gaf út, og þar er hann að tala um þýsku kirkjuna, kirkjuna í Austur-Þýskalandi. Ég vil lesa þennan texta því ég vil gjarnan að áheyrendur bæði nær og fjær, heyrri þennan texta. Nú hefst lesturinn:

“Kirkjan sem ríkiskirkja er byggð á þjóðkirkjunni, ekki öfugt. Hversu hæpið er að snúa þessu við sést vel á því hver staða evangelísk-lútersku kirkjunnar var í Austur-Þýsklandi. Ríkisvaldið sá ekki einungis

til þess að skýr aðgreining ríkis og kirkju væri fyrir hendi, heldur vann markvisst að því að hindra starf kirkjunnar með öllum hugsanlegum ráðum. Gekk þetta svo langt að börn kristinna foreldra fengu ekki að þreyta stúdentspróf og gátu því ekki sótt sér framhaldsmenntun. Guðfræðideildir voru ekki hýstar í háskólasamfélaginu og kirkjan var markvisst útilokuð frá öllu skólastarfi og uppeldismálum, o.s.frv. Þrátt fyrir það skilgreindi evangelísk-lúterska kirkjan í landinu sig sem þjóðkirkju og þróaðist hún að flestu leyti eins og í Vestur-Þýskalandi. Þjóðkirkjan er til þó að ríkisvaldið sé, innan gæsalappa, andkristið. Þessu veldur eðli hennar og fagnaðarerindið sem hún flytur. Hið sama á við um, innan gæsalappa afhelgað samfélag samtímans. Kirkjan sem þjóðkirkja tapar engu af þjóðkirkjueðli sínu þó að samfélagið breytist. Kirkjan er þjóðkirkja þegar hún játast því sögulega hlutverki sínu að þjóna ekki aðeins meðlimum sínum heldur öllum þegnum þess þjóðfélags, sem hún er hluti af. Þessi guðfræðiskilningur er eins og rauður þráður í umræðu flestra þýskra guðfræðinga sem fjallað hafa um þjóðkirkjuhugtakið”. Tilvitnun lýkur.

Ég er með þessu að sýna fram á það að þetta snýst auðvitað ekki um þjóðkirkju eða ekki þjóðkirkju. Það ákveður þjóðin. Og það raunverulega ákveður kirkjan sjálf með starfi sínu, hvernig henni tekst að lifa af í þessu landi. Hún hefur nú gert það í 1000 ár. Og af því að Ómar nefndi að hér hefði verið kaþólsk kirkja á undan, í 551 ár. En þá má nú geta þess að þegar kristni var lögtekin árið 999 eða 1000, þá var ein kirkja í heiminum, svona ef maður einfaldar hlutina. Ein kaþólsk kirkja. En tveimur árum áður en að Ísleifur var vígður í Brimum, af Aðalbharti biskupi, þá hafði kirkjan klofnað í Austur og Vestur kirkju, árið 1054. Og Ísleifur vígður 1056. Þannig að það voru allt í einu tvær kirkjur þegar að Ísleifur hóf að starfa. Það var orþódóska kirkjan og það var kirkjan í Róm, hin almenna kirkja. Og þegar við segjum í okkar, ég ætla að taka undir orð Arnfríðar um hina almennu kirkju. Þegar að við segjum í minni kirkjudeild: „Ég trú á heilaga almenna kirkju.“ Þá segja lúteranar til dæmis í Bandaríkjunum: „I believe in one catholic church.“ Og þá eiga þeir ekki við kirkjuna í Róm, heldur það að kirkjan sé almenn. Og það er grundvallarhugtak. Vegna þess að almenn kirkja, hún fer ekki í manngreinarálit. Hún er ekki með inntökuskilyrði, heldur þjónar öllum. Og mætir öllum. Og spyr ekki um trú eða stöðu, þegar hún þjónar. Og það geri ég ekki þar sem ég fer og þjóna fólki. Ég get auðvitað flutt hér langt mál um þjóðkirkjuna og mikilvægi hennar og hinn lúterska arf. Vil þó segja herna, það sem Pawel kom inná þegar hann vitnaði í Jefferson, að í Bandaríkjunum er aðskilnaður ríkis og kirkju, en það þjóðfélag hefur þó ekki komist af nema með því að búa til ný trúarbrögð, civil religion, sem snýst í kringum fánann og stjórnarskrána og tiltekna þætti. Og maður spyr sig líka, hver er trúargrundvöllur frönsku þjóðarinnar, sem hefur ýtt kaþólsku kirkjunni til hliðar. Sú gjörð á sínum tíma varð til þess að kaþólska kirkjan fór út í stóröflugt skólastarf og opnaði skóla fyrir börn á grunnskólaaldri og rekur nú um helming allra skóla í Frakklandi og marga bestu skóla landsins. Frakkarnir halda að þeir séu komnir að heiman. Halda að þeir geti losað sig við hinn gamla arf, en þeir eru þó ekki betur staddir á þessum vegi, en að þeir ráða ekki við trúmálaumræðu.

Og það birtist í umræðunni um blæjurnar hjá íslömskum konum. Sú umræða, hún á að fara undir frakkafaldinn hjá Frökkunum. Vegna þess að þeir geta ekki haft hana opinbera. Þeir vilja bara banna trúartáknin. Og það sýnir að þeir ráða ekki við það að hafa opna og umburðarlynda umræðu um þessa hluti. Og það finnst mér skrítið með þá merku þjóð sem alltaf er verið að vitna í sem þjóð frelsis, jafnréttis og bræðralags.

En svo vil ég koma að öðru. Ég vil spyrja ykkur um Norðurlöndin. Hafið þið tekið eftir því hvað Norðurlöndin skora oft hátt á öllum gildakönnunum sem tekið er mark á heiminum? Sem varða mannréttindi og lýðréttindi og jafnrétti og launamismun, eða launajafnrétti og hvaðeina. Hvaða lönd í heiminum skora alltaf hæst, eru alltaf á verðlaunapalli. Það eru Norðurlöndin. Og skyldi það vera tilviljun, skyldi það vera tilviljun, að í þessum löndum öllum hefur starfað um aldir öflug lútersk þjóðkirkja. Ég held að þetta sé ekki tilviljun. Þetta er grunnþáttur í mannlífinu sem hefur mótað afstöðu einstaklinga til náungans, til þjóðfélagsins, samhjalpar og annað. Og ég minnti á að í nefndinni, að heilbrigðisþjónustan spratt upp úr íslenskrir kirkju, allt menntakerfið spratt upp úr íslenskrir kirkju. Og það er auðvitað stórt skref að ýta því í burtu. Þess vegna kem ég núna að tilögu Pawels, sem ég þakka fyrir því að hún skýrir og skerpur okkar hugsun. Og það kemur ekkert á óvart, enda Pawel skarpur og greindur maður. En hins vegar finnst mér það sem kemur fram í hans breytingartillögu, það er ekkert annað en það sem er í núverandi lögum. Og ég held að þó að þetta færi inn í staðinn fyrir grein sem að A-nefnd leggur áherslu á. Þá verður eftir sem áður að fara fram þessi þjóðaratkvæðagreiðsla. Að mínum skilningi, þó að ég sé ekki lögfræðimenntaður, en ég hef þó borið þetta undir lögfræðimenntaða menn, sem að telja að við komumst ekki framhjá þessu. Þó að við skrifum allt út úr stjórnarskránni og þetta ákvæði um leið um þjóðkirkjuna, þá komumst við ekki framhjá þeim rétti þjóðarinnar í dag, að segja um þetta og fjalla um þetta í þjóðaratkvæði. Það er þjóðin sem tekur ákvörðun og síðan ef þetta fer út, nú þá stendur kirkjan eftir og gerir sína samninga við þjóðfélagið eins og aðrir geta gert. Varðandi greinina hér í 8. grein um trúfrelsið. Síðustu málsgreinina: „Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.“ Ég veit að þetta er umdeilt og það var það í nefndinni okkar. Ég féllst á þetta, en ég skal segja það og játa það eftir þessa umræðu, að ég er farinn að hallast að því að þetta eigi að vera innan hornklofa, og jafnvel fara út. Og ég spyr, ef að ég vildi breyta þessu, verð ég þá að gera breytingartillögu hér á þessum fundi eða get ég gert það til dæmis á ráðsfundi eftir viku?

SN

Ja þetta er lagt fram hér til kynningar. Þannig að þetta fer svo, tillögur fara bara inn í nefndina aftur.

ÖBJ

En ég mundi þá fagna viðbót Andrésar, sem að vill bæta við þessu ákvæði um lífsskoðunarfélög sem miða að umburðarlyndi og jafnri virðingu allra, það finnst mér gott atríði. En Andrés kom líka inn á það, þetta með grundvöll, ég man ekki hvaða orð hann notaði, hugmyndafræði. Það er nefnilega ekki til neitt hugmyndafræðilegt tómarúm. Það hafa allir einhverja

skoðun, og standa allir einhvers staðar. Og það er raunverulega rökvilla að halda að það, með því að henda út kristni eða einhverju slíku úr þjóðfélaginu. Sem reyndar er ekki til umræðu hér, að þá kemur auðvitað eitthvað annað í staðinn. Hvort sem það er hún-anismi eða eitthvað annað. Það er í mínum skilningi og trúarbragðafræðanna önnur trú. Þó að þar sé ekki trúað á handanverandi guð. Heldur er það lífsskoðun, og það sem að maður stendur á og vill lifa og deyta fyrir eða hengir hatt sinn á. Það er lífsgrundvöllur minn, það er mín trú. Hvort sem að sú trú telst til skráðra trúfélaga eða ekki. Íslenska kirkjan var nánast aðskilin ríkinu 1997 með sérstökum samningi milli ríkis og kirkju, milli tveggja aðila, lögaðila. En áður hafði kirkjan ekki þessa stöðu, að vera persóna að lögum. En samskonar aðskilnaður átti sér stað í Svíþjóð árið 2000, eða samskonar samningur var gerður, eða mjög, mjög líkur samningur. Og þar í landi heitir það aðskilnaður ríkis og kirkju. Við erum aðskilin að eiginlega öllu leyti nema því að prestar eru enn á launaskrá ríkisins. En ég hef heimildir fyrir því að Kirkjuþing, millipinganevnd, undirbúi það, að prestar verði ekki framvegis starfsmenn á launaskrá hjá ríkjunni, heldur hjá kirkjunni. Þannig að kirkjan er nú að breyta ýmsu hjá sér, og það kemur í ljós hvaða samhljóm hún á með þjóðinni. Enn þetta mál, verður þjóðin að ákveða, breytingar á 62. grein stjórnarskrárinna út frá 79., þá verður þjóðin að ákveða það sjálf. Það er ekki okkar hlutverk. En þessi umræða er þörf, og frábær og ég þakka hana af heilum hug.

SN

Pawel Bartoszek. Þú ert næstur.

PB

Já, takk. Það er nú bara eitt sem mig langar að bregðast við í ljósi þess sem hér hefur komið fram hjá Erni Bárði og öðrum, og það er það að í hvert skipti sem, því er oft haldið fram að lífsskoðun, til dæmis eins og trúleysi eða einhvers konar hún-anismi, menn eru fljótir að segja: Já, þetta er í rauninni eins og hver önnur trúarbrögð. Þegar að það hentar. Hins vegar þegar kemur að því að viðurkenna þessi eins og hver önnur trúarbrögð gagnvart lögum. Þá skyndilega, samkvæmt til dæmis álitu Biskupsstofu er þetta ekki eins og hver önnur trúarbrögð. Þá er þetta orðið eitthvað allt, allt annað. Þannig að þarna gætir auðvitað ákveðins tvískinnungs. Að menn líki þessu við hver önnur trúarbrögð, til þess að segja að þetta sé í rauninni svipað, en þegar kemur að því að veita þessum trúarhópum sömu rétt og önnur trúfélög hafa, þá er það alls ekki. Þannig að þessu langaði mig að koma að og í ljósi þess þá, ég mundi vilja persónulega að það væri hægt að sleppa því að hafa lífsskoðunarfélög inni og að trúfélög væru þá túlkuð sem, bara í viðum skilningi þess orðs. Að lífsskoðunarfélög eru auðvitað trúfélög í þeim skilningi að ef að það er ein trú að trú á það að það sé til einhver guð sem skapaði himininn og veit svona ýmislegt hvernig við eigum að haga hvort við annað. Þá sé það jafngild skoðun að telja að svo sé ekki. En í ljósi þess sem hefur, umræðunnar og lagalega stöðu, þá er því miður nauðsynlegt að áréttá þetta.

Nú, það hefur verið rætt um aðskilnað á þessari grein og hvernig hana eigi að útfæra og hvað eigi að gera þegar það hefur verið gert. Staðan á Íslandi er

sú að það er eitt trúfélag sem hefur þá sérstöku stöðu umfram önnur að um það trúfélag gilda tiltekin lög. Og, ég fagna öllum breytingartillögum sem hafa komið fram, svona, byggðum á mínum breytingartillögum. Ég vil sjálfur samt passa mig á því að greinin, það að við orðum greinina með almennum hætti, búi ekki til þann möguleika að menn geti ákveðið að fara að búa til fullt af öðrum svona, opinberum trúfélögum. Ég sætti mig við þá stöðu sem er í dag, að það séu til ein trúfélög sem starfa samkvæmt lögum um þau trúfélög, en mér fyndist ekkert endilega betra að hafa einhverja þjóð-, einhver önnur þjóðtrúarbrögð sem byggja á öðrum grundvelli. Þess vegna byggir ákvæðið sem ég lagði til á því að það er heimilt að hafa lög um þessi tilteknu trúarbrögð, en það sé ekki endilega opnað á það að við getum sett lög og komið á fót öðrum trúarhópum, sem starfa með sama hætti. Auðvitað væri hins vegar rétt til þess að gæta ákvæðins jafnræðis að kveða til dæmis á um að það megi gera samninga við trúfélög um hitt og þetta. Ef menn vilja fara þá leið þá mundi það opna það að menn gætu gert í framtíðinni samninga við trúfélög ef að þess, væri, tilefni til. En ég held að í þessu tilfelli út af, það er auðvitað ákveðið frávik, þá sé kannski réttara að orða þetta skýrar, frekar en almennar.

Nú, ég hef svosem ekkert við þetta að bæta að sinni að öðru leyti en því að ég áréttu þá skoðun mína ef að tekst ekki að landa þessu máli þá hef ég þá djúpu sannfæringu um að það væri best að hafa ekkert slíkt ákvæði um þetta í stjórnarskránni, en ef við náum að landa þessu með þessum hætti þannig að þetta þyrfti ekki að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu, þá væri það mjög gott. Og ég hlýt að spyrja mig, að ef að allar breytingar á þessari grein kalli fram á þjóðaratkvæðagreiðslu, þá hlýtur að vera, ef að í greininni stæði einungis hin evangelíska-lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, punktur. Þá hlýtur það auðvitað líka að kalla á þjóðaratkvæðagreiðslu. Því að ef að það er skilningur manna að allar breytingar á umræddri grein kalli á hana. Ég hef skilið þá menn og konur sem hafa lýst því yfir að hugsanlega þyrfti að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu ef að inntak greinarinnar breyttist með þeim hætti að ekki lengur væri lagalegur grundvöllur fyrir því að hafa hér þjóðkirkju sem væri byggð á lögum. Ég tel að í þeirri útgáfu sem ég legg upp með, þá sé sá grundvöllur tryggður, og í þeim skilningi væri þá ekki lengur nauðsynlegt að bera upp slíka þjóðaratkvæðagreiðslu, ef að það er kjarni málsins. Ef að kjarni málsins er sá að breytingar á þessu lagalega hlutverki kalli á þjóðaratkvæðagreiðslu. Takk.

SN

Lýður Árnason er næstur. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, takk. Örstutt. Það er stundum með svona fólk sem að hefur verið að ræða saman, jafnvel í lokuðum herbergjum, að svo fer það að bera sitt á torg og þá fær það kjaftshögg. Og ég held að það hafi verið hlutverk Péturs hérna með sinni ræðu hérna áðan, varðandi þessa klausu í nr. 8 um trúfrelsi, að stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög. Og, ég svona skora á A-nefndina að athuga þetta ákvæði betur. Spurning hvort það eigi að vera yfirhöfuð eða jafnvel að breyta þá vernda í virða. Það er þá ekki eins

skyldukrefjandi fyrir ríkið. Svo að lokum varðandi þjóðkirkjuna, að mér finnst eiginlega aðallega nauðsynlegt að ef við ætlum að aftengja þessa hefð, þ.e.a.s. skilja að ríki og kirkju, að það verði gert þannig að það verði umræða á undan, góð umræða í þjóðfélaginu. Og ég tel best að gera það með því að C-nefndin vinni sitt verk vel og komi inn í stjórnarskrána frumkvæðisrétti. Og þá kemur í ljós hvort að Pawel hefur rétt fyrir sér, hvort að Íslendingar séu upp til hópa hófsemdarmenn eða ekki. Og þá höfum við það í stjórnarskrá, ákveðinn hópur fólks geti ákveðið að einhver málefni fari í þjóðaratkvæði. Og það er nefnilega fátíðlegt ef við ætlum okkur hér að ákveða eitthvað sem þjóðin vill svo ekki. Þannig að ég skora á það að við í C-nefndinni vinnum okkar mál vel, og það er alveg klárlega það tengist þessu. Takk fyrir.

SN

Þá er komið að Ómari Ragnarssyni. Gjörði svo vel.

ÓR

Formaður, gott ráðsfolk. Í öllum breytingartillögnum er alltaf sagt: Í lögum má kveða á um þetta eða hitt. Hvað þýðir það? Jú, allt í einu kemur fyrir fjórflokkinn á Alþingi, að hann þarf að fara að ákveða hvort hann ætlar að setja lög um þjóðkirkjuna. Þetta hefur verið alveg hreint þeim um megn að taka þetta inn í sínar stefnuskrár, af því að þeir vita að þeir kljúfast í herðar niður, ef þeir snerta á þessu máli. Þannig að við erum í raun og veru þá með þessu, að reyna að koma þessum kaleik yfir á Alþingi sem við vitum að mun fá grænar bólar við að fara að fást við þetta. Og það verður líka að huga að því að þó að ég fagni þessu frumkvæði Pawels og annarra hérna, við að reyna að koma þessu í annan farveg, að það verður ekki sátt þegar að sagt er, setja má lög, um eitthvað. Þá kemur þessi röksemd: Já, já, þið ætlið sem sagt að verða til þess að Alþingi þorir ekki að taka á þessu, sem sagt burt með þjóðkirkjuna frá ríkisfaldinum. Eða hinir sem segja: Já, já, já, þið viljið láta setja sérstök lög um það að þjóðkirkjan eigi að vera áfram, já já. Þannig að það verður engan veginn hægt að komast hjá því að við verðum sökuð um eitt eða hitt. Það þýðir ekki að við eigum ekki að takast á við þetta, heldur þvert á móti. Við eigum, þó við þurfum ekki að leggjast öll, heila nefndin eða öll 25 undir einhvern risafeld svo við förum að leika eftir Þorgeiri Ljósveitingagoða, því hann þyrfti nú sinn umhugsunarfrest, þá skulum við vanda okkur við þetta verk og sjá hvernig við komumst best út úr því. Ég er Frikirkjumaður en ég tel mig hafa unnið meira samanlagt fyrir þjóðkirkjusöfnuði á þessu landi í gegnum mína starfsævi heldur en Frikirkjuna. Og ég tel reyndar og fagna því sem Örn Bárður sagði, að hans vegna mætti vel fella þetta út. Ég tel nefnilega að þjóðkirkjunni sé fyrir bestu að hún sé losuð frá þeirri hugsun að hún sé eitthvað sérstaklega undir pilsfaldi ríkisins. Og ég held að það sé mjög íhugunarvert fyrir þjóðkirkjuna sjálfa og tel reyndar að hún myndi gera mikið gagn ef hún að eigin frumkvæði færi í þá átt sem að Örn Bárður hefur ýjað að hér, að kannski eru fleiri þjóðkirkjuprestar sem að vilja færa þetta í það horf, með því þó að semja við ríkið um það sem að eðlilegt er, að gerðir séu þjónustusamningar, eins og gerðir eru við stórar stofnanir. Ég tala nú ekki um svona stóra stofnun eins og þjóðkirkjuna. Að lokum, af því að hér

hefur verið talað um lífsskoðanir. Þá langar mig til að fara með svona smá æðruleysisbæn fyrir okkur sem er fölginn í minni lífsskoðun og hljómar svona:

*Ljúfur Drottinn lífið gefur,
líka misjöfn kjör
og í sinni hendi hefur
happ á tæpri skör.*

*Feigðin grimm um fjörið krefur,
fátt er oft um svör.
Enginn veit hver annan grefur
örlog ráða för.*

*En ég veit að orðstír lifir, -
ást og kærleikspæl.
Sá sem vakir öllu yfir
æ mun stjórna vel.*

*Vitt um geim um lífsins lendur
lofuð séu' hans verk
felum okkur í hans hendur
æðrulaus og sterk.*

Takk.

SN

Þar með lýkur umræðunni um Þjóðkirkjuna, um tillögur A-nefndar og ég bið formann nefndarinnar að taka við og súmmera upp umræðuna. Gjörðu svo vel, Silja Bára Ómarsdóttir.

SBÓ

Já, takk fyrir. Ég þakka finar umræður og uppbyggilegar tillögur. Ég ætla rétt aðeins að tæpa á fræðafrelsinu eða þessu frelsi andans, eins og Þórhildur sagði okkur frá Erlingi, að þá ætla ég nú eiginlega bara að segja að þessi heiti á greinum í tillögum, eða það er allaveganna minn skilningur eins og kom frá Írisi Lind að þessi heiti séu aðeins þarna til glöggvunnar fyrir okkar, og séu einhvers konar svona, styttri leið inn í áfangaskjalid þegar að fólk er að renna yfir það. En aðalmarkmiðið er að bara, að þetta skiljist og sé nothæft fyrir þau sem eru að leita að tilteknum greinum. Þannig að það er ekkert, okkur er ekkert sárt um þetta hugtak, þó að okkur hafi þótt það svona ágætlega lýsandi í nefndinni.

Síðan var rætt hérna aðeins um menntun og það er rétt að þetta er eitthvað sem þarf að skoða. Okkur fannst þetta æðri hafa svolítið hrokafullan keim en það var ekki okkar skilningur að við værum að búa til rétt til að reka einhverja sjálfstæða menntastefnu á grunnskóla- eða jafnvel framhaldsskólastigi, þannig að kannski þurfum við að finna einhverja leið til þess að vísa til þess sem er kallað tertiary menntun, eða tertiary education á ensku, menntun á þriðja skólastigi, miðað við að það séu grunn-, framhalds- og háskólastig. En þá er auðvitað það að á Íslandi allaveganna held ég að við lítum á leikskólastigið sem fyrsta, þannig að það væri þá 4. stigs menntun. ... finna einhverja leið út úr Bologna-ferlinu til þess að skýra þetta. En við reynum að leita eftir álitum frá sérfræðingum og kannski líka frá Árnastofnun í orða-, hvað heita þau, orðsmíðadeildinni, þarna.

Síðan var mikið rætt um þessa hugmynd um, eða þetta orð lífsskoðunarfélag. Það er vissulega nýlegt orð

en ég prófaði að slá þessu inn á hinn almáttuga Google og þar kemur þetta orð upp rúmlega 3500 sinnum. Þannig að það er notað, þó að orðið lífsskoðunarfélag þekkest ekki kannski í orðabók. Og hefur verið skilgreint af þeim sem starfa kannski sérstaklega innan veraldlegra lífsskoðunarfélaga. Það kann að vera að þetta sé ekki nógu gott orð en það er samt lýsandi og það er notað í daglegu tali. Ég allaveganna nota þetta orð og mér finnst það falla vel að því markmiði okkar að við erum að reyna að skrifa stjórnarskrána með málfari sem er aðgengilegt og auðskiljanlegt. Og passar ágætlega við það að lífsskoðun sé, sem sagt, hugmynd sem að, já rótgróið viðhorf til lífsins, hugsjónastefna eða sannfæring í meiriháttar málum. Þannig að mér finnst þetta lýsa ágætlega þessum félögum. Síðan var nú gagnrýnt hvort að skátar eða stjórnmalaflokkar eða jafnvel Hells Angels eða Schopenhauer aðdáendur gætu skilgreint sig sem lífsskoðunarfélag ... ja, ég veit ekki, ef skátar og stjórnmalaflokkar tækju upp á því að veita þjónustu á tímamótum í lífinu, eins og við nafngift, fermingu, giftingu og útför, þá gætu þau svo sem alveg eins skilgreint sig sem trúfélög. Þannig að þetta er svona smá, já, við þurfum bara, held ég, að æfa okkur í að hugsa um þetta, sem svona valkost við þetta. Og síðan eru auðvitað sumir sem að eru trúaðir og vilja meina það að það sé trú að aðhyllast veraldlegar lífsskoðanir og þá eru margir í þeim hópi sem að tala um trúarleg lífsskoðunarfélög. Þannig að þetta er eitthvað samspil og togstreita á milli ólíkra sjónarmiða og vona bara að við höfum færi á því að finna lendingu sem sýnir báðum þessum sjónarmiðum virðingu og skilning.

Það kom nokkrum sinnum fyrir hugmynd um það að það mætti fella þessu 3. málsgrein 8. greinar út, um að ríkinu bæri að vernda trú- og lífsskoðunarfélög. Við höfum haft það að markmiði að í greininni sem við leggjum frá okkur komi skýrt fram hvaða skylda leiði af þeim og á hvaða herðar sú skylda sé lögð. Þannig að ef það á að kveða á um hlutverk ríkisins í ákvæðinu, vildum við kveða á um vernd bæði trúarlega og veraldlegra félaga. En hin leiðin er kannski að sleppa því þá bara algjörlega, að kveða á um vernd nokkurs félags, og þetta er eitthvað sem að við tókum upp í nefndinni og ég heyrði að varaformaður nefndarinnar Örn Bárður nefndi þetta sem möguleika af sinni hálfu. Síðan er þetta með kirkjuna, hvort að breyting á stjórnarskránni myndi leiða af sér þjóðaratkvæði, breyting á ákvæðinu yfir höfuð. Svona harðasta skýringin er að ef ákvæðinu er breytt eitthvað, að þá sé um breytingu á kirkjuskipan að ræða og myndi krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég hef rætt við fólk í innanríkisráðuneytinu og fengið í gegnum nefndarmenn og innsend erindi, fjölda álitu meðal annars frá lögfræðingum og stjórnskipunarfræðingum. Og þeir eru ekkert sáttir um þetta, þannig að við þurfum að fá einhverja lendingu í þessu, hvort að hvaða breyting sem er á stjórnarskránni sé breyting á kirkjuskipan. Tíllaga Pawels fannst mér prýðileg svona upp að vissu marki, að sem sagt, en hann nefnir þjóðkirkju og skilgreinir þá á ákvæðinn hátt sem ég er ekki viss um að sé kannski skilgreiningin sem að kirkjan hefur á sjálfri sér. En það er mín persónulega skoðun og ég er ekki að tala hérna fyrir nefndina, þetta hefur ekki verið rétt í nefndinni ennþá, þannig að við erum ekki með sameiginlega niðurstöðu hérna. Ég er svona kannski ekki alveg

sammála því að það sé ekki verið að koma til móts við kristið fólk í landinu, með að setja fram tillögu um að kveða ekki á um þjóðkirkju í stjórnarskrá. Það er mála- miðlum, það er verið að víkja vissulega frá því að kveða á um, sko þjóðkirkju í stjórnarskránni með því að fella ákvæðið brott, en við erum ekki að gera tillögu um að breyta kirkjulögunum frá 1997, sem að skilgreina í raun og veru stöðu og hlutverk þjóðkirkjunnar. Eiríkur nefndi að það væri misskilningur, já aðeins hérna til- baka með að þetta væri misskilningur, að það þyfti að fara í þjóðaratkvæða ef við breyttum stjórnarskránni vegna þess að 2. málsgrein 79. greinar kveður á um þjóðaratkvæði ef Alþingi breytir kirkjuskipaninni. En þetta er einmitt umdeilt og Örn Bárður vísaði hérna í samtal við Pétur Hafstein, sem að við höfum líka tölvu- póst frá, og þar segir hann mjög skýrt að það að breyta stjórnarskrárákvæðinu, að fella brott sem sagt stjórn- arskrárverndina sé breyting á kirkjuskipan. Þannig að það er eitt sjónarmið og síðan höfum við önnur sjónarmið fengið, sem að ekki deila þessu. Þannig að það er að minnsta kosti umdeilt hvort að þessi skil- ningur sem ég verð að víðurkenna að ég hafði, eins og þú Eiríkur, að þetta væri ekki breyting á kirkjuskipan, að breyta stjórnarskránni. Það er allaveganna umdeilt hvort að það eigi við.

Einhverjir nefndu að atkvæðagreiðsla um þetta mál gæti valdið vanda við afgreiðslu tillögunnar um stjórnarskrána í heild sinni. En ég held, að Dógg og Þórhildur meðal annars hafi nefnt það sjónarmið, en Katrín Fjeldsted, ég held, persónulega líka að ef við skiljum ákvæðið eftir inni þá erum við alveg eins að vekja upp þessar deilur. Og við verðum að taka á þessu, við verðum að afgreiða þetta mál. Hvað sem við gerum að þá verður ágreiningur um. Og, svona, eftir þessa umræðu þá er ég aðeins farin að velta fyrir mér hvort að tillagan um bráðabirgðaákvæðið, sé kannski rétta leiðin, þ.e.a.s. að gefa þingi og kirkju einhvern frest til þess að afgreiða sína stöðu, og gera upp sín mál. Og taka þá nokkur ár til að reyna að þroska um- ræðuna um stöðu kirkjunnar í samfélaginu. Þannig að það séu betri forsendur fyrir þjóðaratkvæði heldur en kannski eru í dag.

Villi nefndi síðan að við værum að taka ákvæðna afstöðu með trúarbrögðum með því að setja inn þarna, þessa hugmynd um að það skuli vernda trú og vernda rétt til að iðka trúna. Það er sennilega rétt að við erum svona að reyna að feta einhvern gullinn meðalveg. En, ég held að það kannski sem að mætti gagnrýna þessa tillögu fyrir er að við erum aðallega að leggja áherslu á frelsi til trúar, ekki frelsi frá trú, eða frá trúariðkun og sem að sumir myndu kalla jafnvel áreiti vegna trúar- bragða. Þekkt dæmi í Sviss um moskurnar, moskut- urna sem ekki mátti reisa vegna þess að þeir trufluðu og ég vakna nú gjarnan við kirkjuklukkur á sunnu- dagsmorgnum, en mér finnst það bara þægilegt, þó ég fari ekki oft í kirkjuna. En Arnfríður nefndi þetta svona sem jákvætt og neikvætt trúfrelsi og þetta er kannski eitthvað sem að við þurfum að skoða, að tryggja betur réttinn til þess að vera vera frjáls frá trúnni, ekki réttin till þess að iðka hana.

Og Arnfríður nefndi líka að þessi hugmynd um þjóðaratkvæði, það var eitthvað sem að við þurfum að skoða betur í ljósi almennra reglna sem að C-nefndin er væntanlega að skoða og mun leggja fram í sínum til- lögum. En ég sagði hérna áðan í inngangserindinu að

þessum tillögum, að sko frá Stjórnlaganefnd skynjuð- um við ákvæðinn vilja til þess að taka ekki af þjóðinni réttinn til þess að taka afstöðu til þessa máls. Þannig að það er svona kannski eitthvað sem að við ættum að reyna að hafa í huga, að þetta er eitt af fáum ákvæðum þar sem að kveðið er á um beina aðkomu þjóðarinnar í núverandi stjórnarskrá og við ættum kannski að virða það. En mér er líka til efs, þó ég geti ekki fullyrt um það en svona mín tilfinning er að sko, þó að við settum inn sterkan frumkvæðisrétt um þjóðaratkvæði, bæði þjóðarinnar eða minnihluta þings, eða hvað. Þá er mér svolítið til efs að slíkur frumkvæðisréttur gæti átt við um stjórnarskrárgreinar. En það er auðvitað eitthvað sem að við þyrftum að heyra kannski frá sér- fræðingum.

Mér heyrir svona að út úr þessum umræða hafi komið fram tillaga byggt á tillögu Pawels og Kata og Eiríkur hafa tekið undir og lagt til orðalag og Þorkell líka svona held ég, tekið undir, að svona tillaga sem að nær kannski svolítið langt í að miðla málum, að kveða megi á um stöðu kristinnar þjóðkirkju í almennum lögum, en þar er ennþá þessi vafi, um það hvort að það sé breyting á kirkjuskipan og leiði til þjóðaratkvæðis. Þannig að alltaf lendum við í þessari sjálfheldu með hvort að, að hvaða breyting sem er, það að fella setn- inguna út sko, hin evangelíska-lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi. Er það breyting á kirkjuskipan í núverandi stjórnarskrá. Það er ekki mín sannfæring en bæði nefndarfulltrúar og ég heyrði hérna í ráðs- fulltrúum líka, hefðu spurningar um þetta. Já, það er eins og ég segi, það er svolítill ágreiningur greinilega um það hvort að þessi 3. málsgrein í 8. greininni ætti að vera inni, um að, styðja skuli trúfélög yfir höfuð, eða vernda, en eigi hún að vera inni þá finnst mér falleg og góð viðbót frá Andrésí sem að kom, um að styðja skuli þau félög sem að stuðla að virðingu og umburðarlyndi. Og svona að lokum, þá benti Pawel á það að ákvæði um þjóðkirkju ætti kannski ekki heima í kafla um mann- réttindi, og ég allaveganna persónulega tek undir það. Við ræddum stuttlega í nefndinni hvort að við ættum að kynna þetta sem ákvæði inn í annan kafla, sem sagt kafla um undirstöður en ákvæðum að setja þetta hérna fram með trúfrelsinu, till að byrja með, og ég er ekki alveg sannfærð um að það ætti heima í undirstöðum stjórnskipunar heldur en það er kannski betri stað- setning, ef þetta ákvæði á að vera inni yfirhöfuð. Þann- ig að það er náttúrlega eitthvað sem að þarf að halda áfram að skoða. En við höfum fengið hérna fjölda mjög góðra ábendinga og alveg eins og við höfum fengið bæði á vefnum og í innsendum erindum, og ég held að í næstu umferð, að þá munum við komast lengra áfram með þessa umræðu og vonandi ná að leggja hérna fram tillögur sem við getum öll staðið saman að. Og ég þakka aftur fyrir.

SN

Já, og ég þakka A-nefndinni fyrir góðar tillögur og formanni hennar fyrir kynningu og samantekt. Og ykkur öllum fyrir þryðilegar umræður. Við gerum núna fundarhlé til korter yfir eitt og hefjum þá næsta lið dagskrárinnar. Takk fyrir.

SN

Þá hefst fundur aftur og það er komið að B-nefnd að kynna tillögur sínar og skýrslu og ég gef formanni

nefndarinnar Katrínu Fjeldsted orðið. Gjörðu svo vel, Katrín.

KF

Formaður og góðir félagar, þið sem á hlýða. Hér er lagður fram að nýju kafli í áfangaskjal. Hann kom fram 26. maí, til kynningar og er nú hér til afgreiðslu inn í áfangaskjal og það er kafli um alþingismenn og störf Alþingis. Síðan 26. maí hefur kafliinn verið til umfjöllunar í B-nefnd og mun ég nú kynna hvernig greinarnar líta út eftir þá umfjöllun. Þá er fyrst að nefna grein sem er undir heitinu drengskaparheit. Eins og fram kom í umræðum á síðasta fundi, þá höfðu vissar at- hugasemdir verið gerðar við þetta kaflaheiti, þótti heldur karllægt orð, orðið drengskapur þó að það sé að sjálfsgöðu gamalt orð og sagt var um Bergþóru að hún væri drengur góður í Njálu en þið munið nú kannski hvernig orðin karl og kerling eru notuð og hvað tákna þau ef karlmaður er sagður kerling, þannig að B-nefnd leggur til breytingu á þessu ákvæði og segir nú: Sér- hver nýr þingmaður vinnur eið að stjórnarskránni er kosning hans hefur verið tekin gild. Við töldum, við ræddum heilmikið um hvaða orð ætti að koma þarna í staðinn fyrir drengskapinn. Það var rætt um heit og það var rætt um eið, en við töldum ekki hægt að ætla það að þessi orð vitnuðu í sérstök trúarbrögð en end- uðum á að nýta okkur orðið eið Og eiður samkvæmt Íslenskrí orðabók er skilgreindur þannig: Hátíðleg yfirlýsing sem maður gefur og vísar um leið til ein- hvers sem honum er dýrmætt, til dæmis guðs síns eða drengskapar síns, og svardagi. Við vekjum athygli á því að samkvæmt dómi Mannréttindadómstóls Evrópu er óheimilt að ætlast til þess að maður velji hvort hann sverji eið með tengingu við trú eða án þess, og einn eiðstafur verður að gilda um alla.

Næsta grein heitir Sjálfstæði í starfi, og hljóðar svo: Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína en ekki við nein fyrirmæli frá öðrum. Í nágildandi stjórnarskrá heitir þetta “og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum”. Við töldum í nefndinni að ljóst væri að þingmenn skyldu bundnir við stjórnarskrána en reglur frá kjósendum sínum væri heldur þröngt þar sem alþingismenn ættu ekki að vera bundnir af neinum fyrirmælum og ekki þá þörf á að tiltaka sér- staklega um kjósendur nema sem hóp í því sambandi. Þá komum við að friðhelgi þingmanna og þar segir: Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamála á hendur honum án samþykkis þingsins, nema hann sé staðinn að glæp eða játi skýlaust sekt sína. Alþingismaður verður ekki krafinn reiknings- skapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi. Þetta er að vísu, þarna er ekki um að ræða miklar breytingar á núverandi ákvæði stjórnarskrár um friðhelgi þingmanna en umræðan lýtur auðvitað fyrst og fremst að því hvort málfrelsi þingmanna í ræðustól sé tryggt og við teljum í B-nefnd að það sé þyngra á metunum heldur en möguleiki á því að þingmenn viðhafi meiðandi orð um einhvern utan þings sem ekki getur borið hönd fyrir höfuð sér, þannig að við lentum þessu svona til þess að tryggja tjáningarfrelsi þingmanna innan þings. Þá kemur svokölluð 20. grein: Missir kjörgengis. Glati alþingismaður kjörgengi missir hann þann rétt sem þingkosningin veitti honum, varamaður tekur þá sæti hans á þingi. Þessi tillaga er efnislega samhljóða tillögu Stjórnлага-

nefndar en við tökum af öll tvímæli um varamann sem kæmi þá inn á þing í hans stað, eða hennar stað. Þá komum við að friðhelgi Alþingis. Tillaga nefndar B er samhljóða núverandi stjórnarskrá og tillögu Stjórn- laganeftndar og segir: Alþingi er friðheilagt, enginn má raska frið þess né frelsi. Þá erum við komin að starfs- tíma Alþingis. Þar er nokkuð ítarlega kveðið á um nýja grein í skýrslu Stjórnlaganeftndar, í dæmi A og í dæmi B heldur styttra. Við vildum reyna að hafa þetta frekar einfalt og segjum: Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar Alþingiskosningar. Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis og skiptingu starfstíma þess í löggjafarþing. Nefnd B þótti eðlilegt að mælt væri nánar fyrir um starfstíma þingsins í lögum og þingið hafi því sjálf dæmi í því efni. Þá er komið að samkomustað Alþingis. Við töldum að orðið samkomustaður hefði öðlast nýja merkingu með tímanum og viljum því ekki nota það orðalag en við segjum: Alþingi kemur að jafnaði saman í Reykjavík en getur þó ákveðið að það komi saman á öðrum stað. Þarna er lýst þeirri skoðun að Alþingi sjálft eigi að geta ákveðið annan fundarstað við sérstakar kringum- stæður.

24. grein er um opna fundi Alþingis. Í núverandi stjórnarskrá eins og kom fram um daginn segir að Alþingi starfi í einni málstofu og það er fjallað um það hvernig, að fundir Alþingis skuli haldnir í heyranda hljóði. Við teljum að þetta sé sjálfsgagt mál í dag og í samræmi við kröfu um gegnsæi í vinnubrögðum, eigi fundir Alþingis að haldast í heyranda hljóði. Þingfund- um Alþingis hefur ekki verið lokað í áratugi og ekki talin fyrir hendi knýjandi þörf á að gripið sé inn í opna og lýðræðislega stjórnarhætti með þeim hætti að loka fundum. Þannig að við segjum: Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði. Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar séu opnar almenningi. Grein um þing- sköp Alþingis kemur næst, er óbreytt frá núverandi stjórnarskrá og skýrslu Stjórnlaganeftndar og segir: Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.

26. grein er um ályktunarbærni. Það eru smávegis orðalagsbreytingar, en okkar tillaga segir: Alþingi getur því aðeins gert samþykkt um mál að meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í at- kvæðagreiðslu.

27. grein er um setutíma ráðherra. Þar hefur nefndin ekki enn komið sér saman um eitt orðalag og gefur því þrjá valkosti. Frá því að það var lagt fram til kynningar hér 26. maí, heilmikil umræða átti sér stað um þetta ákvæði þá, og menn skiptust á skoðunum. Sumir vilja ekki hafa neitt ákvæði um setutíma ráðherra og einn sagði að lýðræðið takmarkaði setutímann. Þess vegna er valkostur 1: Ekkert ákvæði um hámarkssetutíma ráðherra, frekar en nú er í stjórnarskrá eða í skýrslu Stjórnlaganeftndar. En það, þess gætir í mörgum stjórnarskrám nágrannaríkja okkar og landa sem við miðum okkur við, að hámarkstími sé eðlilegt fyrirbæri og misjafnt hversu langan tíma menn eigi að sitja í embættum sem þessum. Við komum fram með valkost nefndan 2 [tvö,A.V.] svohljóðandi: Enginn getur gegnt embætti forsætisráðherra lengur en 12 ár samtals. Og valkostur 3: Enginn getur gegnt ráðherraembætti lengur en 8 ár samtals. Sé um að ræða forsætisráð- herra má lengja setutíma í 12 ár. Auðvitað byggir þessi ágreiningur annars vegar á þessu hvort að lýðræðið takmarki setutímann eða hvort endurnýjun sé of hæg í

pólítísku lífi en hún getur náttúrlega líka orðið of hröð, svo það eru margar hliðar á málinu, en við bjóðum upp á þessa þrjá valkosti.

28. grein er Stjórnarmyndun. Þar hefur orðið nokkur breyting á tillögum okkar í framhaldi af umræðum í nefndinni eftir kynningu á ráðsfundi síðast. Í núverandi stjórnarskrá segir: Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim. Það var all ítarleg grein um þetta í skýrslu Stjórnlaganefndar en tveir valkostir jafnframt, dæmi A og dæmi B, sem ég ætla ekki að fara ofan í aftur. En eldri tillagan okkar, ég ætla aðeins að rifja hana upp, sagði: Þegar skipa skal forsætisráðherra leggur forseti Alþingis fram tillögu eftir samráð við þingflokk og alþingismenn. Þingið greiðir atkvæði um tillöguna innan fjögurra virkra daga. Verði tillagan ekki samþykkt leggur þingforseti fram tillögu að nýju og atkvæðagreiðsla er endurtekin samkvæmt fyrstu málgrein. Hafi tillögum þingforseta verið hafnað fjórum sinnum, rýfur hann þing og boðar til Alþingiskosninga. Þegar Alþingi hefur samþykkt tillögu um forsætisráðherra, ákveður hann eða hún skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim. Þá tilnefnir hann eða hún ríkisstjórn sína og tilkynnir hana forseta Alþingis svo fljótt sem verða má. Þingforseti skipar forsætisráðherra fyrir hönd Alþingis og veitir honum eða henni lausn. Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn. Nú, umræður voru miklar í nefndinni um þetta, og við erum áfram á því að Alþingi skuli kjósa forsætisráðherra og það er þá fyrsti málsliður, eða fyrsta setning, í okkar tillögu. Síðan erum við einnig á því að það sé forsætisráðherrans að ákveða skipan ráðherra og tölu ráðherra og skipta störfum með þeim, en að hann eða hún eigi að tilnefna sína ríkisstjórn, ríkisstjórn sína og leggja listann fyrir Alþingi til samþykkis. Forsætisráðherra skipi hins vegar aðra ráðherra og veiti þeim lausn. En tala þeirra og listi yfir þá hefur þá verið borinn upp til samþykkis á Alþingi. Nú, það er ennþá nokkuð, það eru enn nokkuð skiptar skoðanir hjá okkur hvort að það eigi að vera forseti Íslands sem hafi þá aðkomu að þessu, þessari athöfn eða hvort að við eigum að halda okkur við þingforseta sem skipi forsætisráðherra eftir að Alþingi hefur afgreitt tillöguna, og sömuleiðis þá hvort það er forseti Íslands en þingforseti sem veiti forsætisráðherranum lausn. Þannig að við erum með innan hornklofa þetta val á milli forseta Íslands og þingforseta. Þá erum við komin, var þetta ekki síðasta greinin? Bíddu við ... jú, hmm, vantraustið, nú er ég búin að týna vantraustinu, nei það er hér.

Og þá er það að lokum grein um vantraust, sem ekki er kveðið á um í núverandi stjórnarskrá en tillaga kom frá Stjórnlaganefnd í tvennu lagi, aðallega dæmi A, sem var nokkuð ítarlegt, en við segjum í okkar tillögu, að lokinni yfirferð: Leggja má fram á Alþingi tillögu um vantraust á forsætisráðherra eða aðra ráðherra. Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um eftirmann hans eða hennar. Ráðherra er veitt lausn úr embætti ef tillaga um vantraust á hann eða hana er samþykkt. Ríkisstjórn er veitt lausn ef tillaga um vantraust á forsætisráðherra er samþykkt. Með þessu fyrirkomulagi þarf reyndar ekki ákvæði um starfsstjórn vegna vantrausts en slíkt ákvæði þarf áfram vegna þingprofs. Það er að stjórn sitji áfram uns ný tekur við eftir kosningar. Við höfum bara breytt

orðalaginu þarna, það verði jákvætt að erlendri fyrirmynd en ekki neikvætt eins og er í dæmi Stjórnlaganefndar. Takk.

SN

Já, ég þakka formanni B-nefndar fyrir kynningu á tillögum B-nefndar á texta í áfangaskjal sem erum alþingismenn og störf Alþingis, og það er rétt að taka það fram að tillögur nefndarinnar í dag koma í þremur liðum. Og þetta er sem sagt fyrsti liðurinn og síðan eru aðrar tillögur um forseta Íslands, og þriðju um röðun ákvæða í áfangaskjal, en við tökum það bara fyrir, hvert fyrir sig. En þá er orðið laust um þessar tillögur og fyrstur á mælendaskrá er Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Já takk fyrir, ágæti formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég þakka formanninum Katrínu fyrir góða framsögu um þessar tillögur sem eru þá lagðar fram til afgreiðslu, inn í áfangaskjal, frá nefnd B. Nú, flestar þær breytingar sem við höfum gert frá því þetta var lagt fram til kynningar, eru minniháttar eða smávægilegar en taka samt tillit til þeirrar umræðu sem að varð hér á ráðsfundi. Og umræðu í nefndinni í millitíðinni. Ég held að það sé nú engin ástæða til að orðlengja um annað þarna kannski heldur en stjórnarmyndunargreinina. Þar er lang stærsta breytingin sem við höfum gert í millitíðinni. Og eins og menn kannski muna, þá var í stjórnarmyndunartillögunni okkar eins og hún var áður tiltölulega nákvæmlega mælt fyrir um það hvernig stjórnarmyndun ætti að fara fram. Það átti að fara í gang ákveðið ferli sem að þingforseti stýrði og þar sem yrði farið í fjórar umferðir í atkvæðagreiðslu, eða allt að fjórar umferðir í atkvæðagreiðslu í þinginu uns meirihluti fyndist fyrir tillögu um tiltekinn forsætisráðherra. Og ef að það tækist ekki í fjórum umferðum, þá átti að kjósa að nýju.

Nú, þetta ferli átti að fara fram undir verkstjórn þingforseta en eins og kunnugt er að þá leggjum við það til að þingforseti verði kjörinn með $\frac{2}{3}$ atkvæða eða auknum meirihluta atkvæða. Nú það kom fram ákveðin svona, kannski vantrú á það að þetta væri raunsaett, að gera ráð fyrir því að eftir að þing kemur saman að þá færu menn í það að kjósa þingforseta með $\frac{2}{3}$ sem gæti tekið einhvern tíma og hann tæki svo við sem verkstjóri í þessu stjórnarmyndunarferli og það gæti þá líka litað aðkomu hans að stjórnarmyndunarferlinu. Engu að síður var þessi tillaga okkar að sænskri fyrirmynd sérstaklega en einnig þýskri og finnskri og menn hafa nú, þetta hefur nú virkað þar. En reyndar er þar ekki gert ráð fyrir að þingforsetar séu kosnir með $\frac{2}{3}$ heldur bara með einföldum meirihluta. En svona, þegar málið er skoðað ofan í kjölinn, að þá má auðvitað segja að það sé kannski engin ástæða til þess að vera að tilgreina þetta svona nákvæmlega, hvernig þetta gerist, og þá er tillaga nefndarinnar orðin einfaldlega svona: Alþingi kys forsætisráðherra. Og síðan þá: Forseti Íslands eða þingforseti skipar hann eða hana í embætti fyrir hönd Alþingis og veitir honum eða henni lausn. Það þýðir í reynd að það er opnað fyrir að annað hvort þetta sé þá bara meira og minna óformlegt. Auðvitað byrja menn að tala sig saman strax þegar kosningaúrslit liggja fyrir og þegar Alþingi svo kemur saman innan tveggja vikna þá eru nú kannski einhverjar línur farnar að skýrast. En

auðvitað eru menn bara að tala saman, áfram. Og þegar að menn eru tilbúnir að þá kemur fram tillaga á Alþingi og forsætisráðherra er kosinn.

En einnig er sá möguleiki alveg opin að það yrði sett einhvers konar ferli eða prósess skilgreindur utan um þetta í þingskaparlögum. Og slíkt ferli gæti þá auðvitað verið, til dæmis að sænskri, þýskri eða finnskri fyrirmynd. Þannig að það er út af fyrir sig opið og gæti svona, þróast með reynslu, hvernig menn færu nákvæmlega að þessu. En megin efnisatriðið er þetta, að Alþingi kys forsætisráðherrann.

Svo geta menn auðvitað haft líka skoðun á því, hvað ja, svona viðlagaákvæði, eins og ég nefndi áðan að þá er í sænsku stjórnarskránni, ef þetta tekst ekki í fjórum umferðum að þá er kosið að nýju. Sem að setur auðvitað ákveðinn þrýsting á þingið að ná saman um forsætisráðherra, því annars er það einfaldlega rofið og alþingismenn missa sitt umboð. Það auðvitað kæmi þá til greina að athuga þarna að bæta við einhvers konar viðlagagrein að ef að stjórnarmyndun hefði ekki tekist innan ákveðins tíma að þá gæti til dæmis verið unnt að mynda utanþingsstjórn eða boða til nýrra kosninga. Og maetti ímynda sér að það gæti annað hvort verið þá þingforseti eða forseti Íslands sem að tæki slíka ákvörðun. En ef að menn skipuðu utanþingsstjórn og þetta er þá svona, við erum komin inn á lendur sem eru svipaðar og voru í tillögu Þorvaldar Gylfasonar og Ómars Ragnarssonar, sem var lögð hér fram á ráðsfundi þegar að okkar tillögur voru til kynningar. Að þá yrði það engu að síður þannig að slík utanþingsstjórn, ef við höldum í þingræðið, að þá yrði hún að þola vantraust, þ.e.a.s. ef að forseti skipaði utanþingsstjórn að þá gæti þingið eftir sem áður auðvitað samþykkt vantraust á hana. En þá yrði það reyndar með okkar vantraustsfyrirkomulagi, yrði sú vantrauststillaga að innifela tillögu um nýjan forsætisráðherra. Þannig að þá gæti þingið, ja innan gæsalappa, bjargað sér frá utanþingsstjórninni sem forsetinn setur því, með því að koma sér þá saman sjálft um forsætisráðherra, samþykkja vantraust og þá fá nýjan forsætisráðherra inn í staðinn. Og að mínu mati gæti það verið ágætis lending. Þannig að vildi svona bara koma því að að það gæti þá verið svona framhaldshugsun, viðbótar við þessa grein að bæta við einhvers konar viðlagaákvæðum um stjórnarmyndun, og ég held að það hljóti að vera áfram til skoðunar í nefndinni. Þó að við leggjum þessar tillögur fram núna í þessari mynd, að þá vildi ég bara svona áréttu það að þarna er ekkert verið að loka neinum dyrum á að eitthvað slíkt gæti bæst við.

Svo vildi ég bara rétt í lokin segja að varðandi setutíma ráðherra, að þetta var heilmikið rétt í nefndinni. Þess vegna koma nú fram þessir þrjár valkostir, að við vorum nú ekki svona, það var enginn einn kostur sem að var þannig að allir gætu sætt sig við hann. Okkur fannst nú bara í góðu lagi að þetta kæmi fram, þessi umræða í ráðinu öllu, hvort að ætti að vera með hámarkssetutíma ráðherra og hugsanlega þá bara forsætisráðherra eða líka annarra ráðherra. Og ég bara segi það, fyrir mig persónulega, að ég er fylgjandi valkosti 2, enginn getur gegnt embætti forsætisráðherra lengur en 12 ár samtals. Ég tel vera ákveðin rök til þess að það sé endurnýjun og endurnýjunarkrafa í stjórnárum. Hún þarf hins vegar að vera hófleg, og ég held að þarna sé komið til móts við það. Ef við förum að blanda öðrum ráðherrum inn í þetta og öðrum ráðherraemb-

ættum, þá förum við að loka á það, að fólk geti, ja hvað á að segja, safnað upp reynslu. Reyndar er ég síðan auðvitað þeirrar skoðunar almennt að ráðherra eigi að skipa faglega og utan þings og að fagleg sjónarmið hverju sinni eigi að fá að ráða. En segi, takk í bili.

SN

Pétur Gunnlaugsson. Gjörðu svo vel. Þú ert næstur.

PG

Formaður og ágætu félagar. Ég sit í B-nefndinni og ég vil nú þakka formanni okkar fyrir mjög gott starf. Hún hefur haldið þessu saman og við erum svona sammála um flest atriðin. Auðvitað er ágreiningur um svona, minniháttar mál. En ég verð auðvitað að benda á það að það er grundvallarágreiningur í mikilvægasta málefni Stjórnlagaráðsins, finnst mér. Og, það er sú spurning, hvort að við eigum að halda í gamla þingræðið, sem að reyndist okkur nú ekki vel, og leyfa þinginu að kjósa forsætisráðherra eða hvort að þjóðin, á að kjósa forsætisráðherra. Þetta snýst um aðhald og þetta snýst um ábyrgð. Nú, menn tala gjarnan um það, við vorum að búa til reglur um eftirlitsnefndir og annað. Og þá erum við fyrst og fremst að tala um lagalega ábyrgð. Hún skiptir harla litlu máli í íslenskum stjórnárum. Það er að vísu er fyrrverandi forsætisráðherra núna lögsóttur fyrir Landsdómi. En þetta er lítilvægt mál í stóra samhenginu. Þegar við tölum um ábyrgð stjórnárumálanna, þá erum við að tala um pólitíska ábyrgð. Og hvað er pólitísk ábyrgð? Pólitísk ábyrgð er ábyrgð sem felst í því að kjósendur segja nei við þann stjórnárumálmann sem stendur sig illa. Það er hin pólitíska ábyrgð. Þegar verið er að tala um það að láta þingið kjósa forsætisráðherra, þá er meirihlutinn í þessum eftirlitsnefndum sem á að fylgjast með framkvæmdavaldinu, sem kys þennan forsætisráðherra. Það er meirihlutinn í öllum nefndunum og allt eftirlitskerfið er í raun og veru sama sinnis og þessi forsætisráðherra, sem á að hafa eftirlit með og fylgjast með. Það kalla ég ekki aðhald. Ég kalla það enga ábyrgð. Það er að vísu nokkur, það hafa verið sett fram þau mótrök hér. Í fyrsta lagi er ég hissa á þessu áhugaleysi sem ríkir hjá ráðsmönnum um þetta mikilvæga mál. Og það kom fram hjá mjög mörgum og ég fullyrði það að á Þjóðfundinum þá hafa menn rétt þetta. Ég er hissa á þessu áhugaleysi. Og mótrökín eru fyrst og fremst þau að verið sé að búa til 2 kerfi. Það er það sem við höfum þegar gert, með okkar tillögum í B-nefndinni. Eina sem vantar er það hvort við kjósum, þingið kys forsætisráðherra, eða þjóðin. Allt þetta eftirlitskerfi dugar, hvaða kerfi sem við notum í þessu sambandi. Það bara liggur í augum uppi. Önnur mótrök hafa verið þau að það tæki svo langan tíma að koma fram þessari kerfisbreytingu. Það tekur engan tíma. Þetta er bara spurning um hver á að kjósa. Þriðju rökin eru þau, að það verði kosinn einhver sterkur maður. Það eru allir hræddir, þetta er einhver svona Benító Músólíní komplex í gangi. Sem ég botna nú ekkert í. Þá eru menn hræddir við einhvern sterkan mann. Hvaða menn höfum við valið? Við erum með oddvitaræði, menn eru jafnvel forsætisráðherrar í 13 ár, ráða öllu sem þeir vilja. Enginn veit nokkurn skapaðan hlut, það er enginn ko., hann er aldrei kosinn. Og við búum við þetta kerfi, og svo eru menn hræddir. En ef að það er sterkur maður eða veikur, sem er kosinn til fjögurra

ára, þá fer hann eftir 4 ár. Það er ekki flóknara en það. Það kalla ég nú ekki mikinn fórnarkostnað, miðað við það sem þjóðin hefur mátt þola. Og hvernig ætluð við að bregðast við Rannsóknarskýrslu Alþingis. Rannsóknarskýrsla Alþingis er einn allsherjar áfellingisdómur um framkvæmdavaldið á Íslandi. Og ætla Stjórnlagaráð að segja, þrátt fyrir það að Rannsóknarskýrslan sé einn allsherjar áfellingisdómur um framkvæmdavaldið á Íslandi, og þetta ömurlega eftirlitskerfi. Lítum á eftirlitskerfið á Íslandi! Það er alveg sama. Landlæknir, ég meina, það er alveg sama hvar við komum niður. Það er ekkert eftirlitskerfi! Þetta er alveg handónýtt! Og haldið þið virkilega að þingræðið muni gera eitthvað í því? Nehei! Ég hef enga trú á því. Og ég vil segja líka, við ykkur hér, félagi mína. Og ég vil að þið verðið hreinskilin að þessu leyti. Ef að þið hafið haldgóð rök fyrir því að halda í þessa gömlu reglu, komið þið þá með rök fyrir því. Komið með haldbær rök. Ekki þetta Benító Mússólíni komplex um að hér sé einhver sterkur maður hættulegur, sem ætla að taka hér allt yfir. Það hafa þeir gert þegar, í krafti þingræðis. Ég vil fá haldgóð rök fyrir því, þá skal ég skipta um skoðun. Ég hef ekki heyrt þau rök. Ég skal skipta um skoðun ef ég get það. Og mér finnst eðlilegt að við tökum þessa umræðu og ræðum um hana. Síðan eru önnur rök líka gegn þessu. Einhvers konar íhaldssemi. Já, við 930, var það ekki eitthvað ártal, sem menn voru uppteknir af. Ég veit það ekki.

Sko, málið er það, að ég hef ekkert á móti klassískri íhaldsstefnu, svona classical conservatism. Þetta er ekki þannig íhaldssemi. Þetta er stofnanaíhaldssemi. Þetta er einhvers konar íhaldssemi sem skiptir engu máli og hefur enga heimspökilega eða hugmyndafræðilega undirstöðu. Enga! Við erum svo bundin í þessu stofnaveldi á Íslandi, þar sem að engu má breyta nema einhverjar orðalagsbreytingar frá Stjórnlaganefnd! Þetta er grundvallaratriði! Þetta mál er það mikilvægasta, ásamt beinu lýðræði, sem að C-nefndin er með. Þessi tvö mál skipta höfuðmáli. Og hvað snúast þau um? Þau snúast um aðhald, virðing fyrir þjóðinni! Hvernig væri það að við sýndum þjóðinni virðingu? Og treystum henni? Hvernig væri það? Við erum búin að treysta þinginu, ekki treysti þjóðin þinginu. Hvað er það 7% fylgi, 8? Af hverju eigum við ekki bara að treysta bara fólkinu? Er nokkur hér inni sem heldur að við fáum verri forsætisráðherra, ef þjóðin kys forsætisráðherra, heldur en þá forsætisráðherra sem við höfum fengið?! Ég held að það trúu því ekki að nokkur einasti maður. Það hlýtur að vera eitthvað að.

Ég segi það bara, það er mikilvægt að menn taki þessa umræðu og ég segi aftur og ítreka það. Ég vil fá haldbær, góð, ekki náttúrlega fullkomin Og ég er svolítið óhress með þessa umræðu þegar að sagt er við mig, þegar ég er að benda á þetta, að þá verði allt fullkomið. Ég er ekkert að segja það! Stjórnsmál ganga út frá því, að við verðum að taka á valdinu, setja það í þann farveg sem það er líklegast að skila árangri, og verði ekki misnotað. Og þess vegna kalla ég ábyrgð, aðhald, þjóðin ráði þessu. Þakka þér fyrir, formaður.

SN

Já, við tókum náttúrlega aðeins þessa umræðu síðast en því miður þá varst þú fjarverandi. En það var um þingræði og forsetaræði, en það er sjálfsagt að ...

PG

Fyrirgefðu. Ég var veikur.

SN

Já, ég veit það, einmitt, og því miður. En hún fór aðeins fram þá. En ég gef næstri Freyju Haraldsdóttur orðið. Gjörðu svo vel.

FH

Takk. Já, kærur vinir. Já, mig langar að þakka B-nefnd fyrir góða vinnu og bara, mikla vinnu. Mig langar svolítið til að fjalla um greinina er varðar friðhelgi þingmanna. Mig langaði að gera það síðast líka en hætti við vegna þess að ég upplifði einhvern veginn að allir hefðu einhverja aðra skoðun en ég. Þannig að það myndi ekki skipta neinu máli, hvort ég kæmi inn á það. En hún stuðar mig ennþá svo mikið að ég verð bara, að tjá mig um það.

Í fyrsta lagi, þetta kom reyndar fram síðast, að þá langar mig að fjalla aðeins um þetta með, að ekki megi setja Alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamáli á hendur honum, án samþykkis þingsins. Mér finnst það náttúrlega bara hilarious, nema hann sé staðinn að glæp. Sko, við erum náttúrlega búin að fara í gegnum þessar umræður. Aftur, langaði mig bara að spurja af hverju í ósköpunum gildi önnur lög og aðrar reglur um Alþingismann. Og hvort að það sé dálítið gegn bara, lýðræðishugmyndum, að þá ber að vernda eitt-hvað sérstaklega fremur en bara, almenna borgara. Ég á mjög erfitt með að skilja það. Og ég held við vitum líka öll að kannski flestir glæpir eru ekki eitthvað sem, þeir sem eiga sér stað, fyrir framan augun á okkur. Þeir eiga sér stað einhvers staðar þar sem við sjáum ekki til. Og þá bara velti ég fyrir mér. Hvað þýðir þetta? Þýðir þetta það að við verðum að vera vitni að glæpum sem er framinn, eða þýðir þetta eitthvað annað? Ég bara spyr.

En svo langar mig líka að ræða hérna seinni málsgreinina, sem er Alþingismaður verður ekki krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt á þinginu, nema Alþingi leyfi. En það hafa farið fram hérna umræður um það að það sé mikilvægt að vernda tjáningarfrelsi þingmanna og þeir eiga að hafa meira rými til þess að geta, sem sagt, unnið sín störf og til þess að tjá sig. En ég bara spyr, hvers vegna tjáningarfrelsi ákveðins hóps sem vinnur við ákveðið, sé mikilvægara en tjáningarfrelsi annarra. Mér finnst Alþingismenn hingað til ekki hafa sýnt það að þeir geti borið þá ábyrgð sem felst í því, að hafa meira tjáningarfrelsi. Og við þurfum nú ekki annað en að horfa á Alþingi, bara af og til, til að átta sig því að þar er alltaf allt á hliðinni. Og það er ekki hægt að eiga mikið af vitibornum samræðum án þess að það sé, inniberi eitt-hvað skítkast og leiðindi. Og ég bara á rosalega erfitt með að skilja afhverju við erum að skapa eitthvað sérstakt rými til að leyfa það. Og fannst mjög áhugavert til dæmis þegar að kosning til Stjórnlagabings var ógild, að horfa á umræðuna á Alþingi. Ég gafst upp á endanum af því að, mér fannst sko umræðurnar í sandkassanum á leikskólanum sem ég starfaði á, sko helmingi, helmingi, helmingi betri og málefnalegri en þarna átti sér stað. En það hefur komið fram að, sem sagt, að sko, að þó að Alþingismenn fái meira svigrúm og síðan allt í lagi þó þeir skandaliseri eitthvað í sinni orðræðu og sínu máli, af því að þá getur fólk svarað

fyrir sig. Það bara ekki alltaf þannig. Það eru ekki allir sem geta svarað fyrir það að þegar Alþingismenn eru að tjá sig um ákveðin mál eða málaflökka eða ákveðna þjóðfélagsþópa. Og að mínu viti að þá einkennist oft orðræða Alþingismanna af ofboðslega miklum for-dómum, þekkingarleysi og fyrirlitningu.

Sem dæmi, að þá, það er mjög algengt að þegar er verið að tala um til dæmis hrundið, að þá séu notaðar ákveðnar, svona líffræðilegar greiningar til að lýsa ástandinu. Eins og þegar að, eins og allir glæpamenn-irrir sem settu okkur á hausinn, þeir eru blindir, og þeir eru heyrnarlausir. Og þeir eru þroskaheftir, og þeir eru eitthvað fatlaðir líka. Þeir eru með einhverjar geðraskanir og svo framvegis, og svo framvegis. Hrundið hefur ekkert að gera með fatlað fólk. En samt leyfist þingmönnum, stöðugt, að nota hugtök sem niðurlægja ákveðinn hóp sem ekki þarf á því að halda, í sinni orðræðu og í sínu máli. Og okkur finnst það bara allt í lagi. Og það er mjög sjaldan sem að hópar sem að er talað svona um rísa upp og biðja .., og krefjast þess að það sé beðið afsökunar.

Þannig að sko, þetta snýst ekki bara um það að einhverjir tveir Alþingismenn séu í einhverju skítasti, gagnvart hvor öðrum. Þetta getur líka snúist bara um alvarleg meiðyrði á hendur minnihlutahópa í landinu. Og ég get ekki skilið af hverju þurfi að hlífa Alþingis-mönnum sérstaklega fyrir slíku. Ég bara, mér finnst ofboðslega erfitt að skilja það og ég vil koma því á framfæri. Já, ekki síst í ljós þess að það geta ekki allir svarað fyrir það, og vegna þess að hér ríkir almennt í þjóðfélaginu brjálæðislega mikil þöggun. Og svona, varðandi glæpi og meiðyrði sem að fara fram á stöðum þar sem ekki sést til, þá langar mig bara að deila því með ykkur að ekki fyrir svo löngu síðan fór ég á fund tiltekins ráðherra, af því að ég var að ræða alvarlega stöðu í málefnum fatlaðs fólks. Og hann horfði á mig og sagði: Já, þið skuluð nú bara vera þakklát fyrir það að búa ekki ennþá í útihúsum. ... Er þetta það sem við ætlum að vernda? Að svona orð geta verið sögð án þess að fólk skuli þurfa að svara fyrir það? Takk.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir er næst. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, takk fyrir. Ég ætla að taka bara undir með Freyju um það sem að hún var að nefna hérna, um mikilvægi þess að hafa þessi sjónarmið í huga. Annars bara örlítill innskot. Mér finnst þetta hafa tekið miklum framför-um frá því í síðustu umferð. En ég ætlaði sérstaklega að fagna því að þarna hefði verið fellt brott ákvæðið um heimild til þess að loka þingfundum. Og að fundir séu haldnir í heyranda hljóði. Og síðan var ein önnur athugasemd sem ég var með ... hélt ég, og ég er búin að týna henni, þannig að ég verð bara að komast aftur að seinna ... Nei, það er hérna, það var hugmyndin um þessa ..., nú kann ég ekki, hið uppbyggilega van-traust og starfsstjórn. Hvar hugmyndin væri þá að koma ákvæði um starfsstjórn inn. Ef það á ekki að vera þarna, verður það þá sett í aðra grein? Vegna þess að ég held að það sé mikilvægt að hafa ákvæði inni. Það svona, þetta kannski kemur ekki oft fyrir en það getur verið nauðsynlegt að hafa reglur um það hvað stjórn má gera eftir að hún hefur, í raun, verið leyst frá störfum. Það sem er kallað svona, lame duck, í Banda-

ríkjunum. Forseti sem að veit að hann verður ekki kjörinn aftur en hefur þar af leiðandi svolítið frjálssar hendur um hvað hann gerir. Þannig að ég vil gjarnan fá að heyra meira um þetta. Takk.

SN

Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Katrín Ostsóttir!?! Ég ætla að taka það upp, og krefst þess að vera kölluð Ostsóttir einungis héðan í frá! En ég þakka bara fyrir þessar tillögur sem eru finar. Ég get nú ekki annað en dáðst að Pétri sessunaut mínum fyrir að segja það sem hann sagði hérna núna, vegna þess að þetta er auðvitað gífurlega mikilvægt. Og það er svona, alltaf þessi undirliggjandi kláði hjá okkur, að við séum ekki almennilega búin að einhvern veginn, svona bara, horfast stíft í augu við þessa spurningu, og svara henni í eitt skipti fyrir öll. Jafnvel þó að, eins og hann benti á, rökin verði ekki fullkomin fyrir hvorri leiðinni fyrir sig. Þá samt, sko, þá er þetta kannski eitthvað sem við þurfum bara, að minnsta kosti, að ná aðeins betur utan um áður en við getum kannski sátt haldið áfram.

Ég ætla síðan aðeins að fá að renna í gegnum ákveðnar athugasemdir sem ég hef um þetta, sem er komið. Sem er eins og ég segi, sammála Silju, þetta hefur bætst mikið frá því síðast. Í sambandi við þetta sem hún var að tala um hún Freyja. Þá er ég í grunninn mjög sam-mála þessu og ég ætla bara að velta einni spurningu til nefndar B og það er eiginlega í framhaldi af þessu sem að Pétur var að segja um að við stundum dettum í einhvern svona stofnana-skýrslu konservatisma. Hefðu þið samið þessa grein, frá scratch, ef hún hefði ekki verið einhvers staðar? Hefðu þið sett þessa grein inn, ef það hefði ekki verið nein grein um friðhelgi þing-manna? Ef að svarið við þessu er já, þá skuluð þið skoða hana betur og taka út þetta furðulega, krafinn reikningsskapar, hugtak en laga hana. En ef svarið er nei, þá skuluð þið bara ekki hafa hana þarna inni. Af því að við skulum ekki í blindni, og þá meina ég ekki í neikvæðri merkingu vonandi, bara halda áfram og áfram án þess að hugsa málið frá grunni.

Nú, svo ætla ég næst að fá að nefna hér í sambandi við 22. grein. Ég held nefnilega að það væri ráð að skella saman 22. og 25. Vegna þess að þarna erum við að tala um þingsköp og það eigi að vera lög um þau og þá ætt 2. málsgrein 25. að eiga bara þar undir. Þ.e.a.s. þá mundi bara vera sagt í lögum: Um þingsköp skal kveðið á um samkomudag og regluleg ... Þetta er bara partur af því. Þingsköp er bara ein grein. Og þar verður þá fjallað um hvenær Alþingi skuli koma saman og aðrar slíkar reglur en ekki vera að dreifa þessu út um allt.

Og 24. grein, ég var með athugasemd við hana. Og það er svo að ég er ennþá ekki alveg nógu ánægð með þetta síðasta, síðasta málsgreinin þar segir: Þing-nefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opin almenningi. Þetta er rosalega svona: En höfum þá nú samt lokaða, og hleypum engum að, í raun. Og mér finnst við eigum að stýra framhjá þessa, við eigum að reyna að opna okkar lýðræði upp á gátt. Hvað er það sem þolir ekki ljós? Þingnefnd ákveður hverju sinni hvort fundur hennar skuli haldinn í heyranda hljóði. Punktur. Ekki gefa okkur það að þeir eigi að vera

lokaðir, en svo megi með einhverri undantekningu kannski opna, ef þið eruð þæg. Heldur, höfum þetta opið, og þá höfum við það undantekninguna, ef að á að loka.

Nú, svo ætla ég að segja í sambandi við 27. grein. Þar finnst mér að hámarkstími eigi endilega að vera þarna, inni ekki spurning. Og ég hef áður sagt og segi enn, að þetta ætti líka að eiga við um Alþingismenn, og í allra minnsta lagi, nefndarformenn, fyrst að þar er komið mikið vald. Fólkl verður bara steikt á að hafa völd of lengi. Og það er bara staðreynd. Og við erum að reyna að vinna gegn þessum eðlilegu breiskleikum mannsins í stjórnsýslunni. Og þetta er bara partur af því sem við verðum að gera. Og það á þá að ná yfir sem flesta.

Svo vil ég tala aðeins um 28. grein. Ég skil vel hvað eruð að gera, þið erum bara að einfalda svoltið útfærsluna, í raun. En það eru samt ennþá ákveðnir meinbugir á þessu. Að hluta til er þetta sem að Villi kom inn á, um að það þurfi þá að segja hvað gerist ef að allt fer í klúður. Það getur nú alltaf gerst að fólk bara einfaldlega nái ekki að koma sér saman. Og þá þarf að vera bara skýrt blueprint um það hvert við viljum fara. Það hvernig, mér finnst ágæt þessi útfærsla sem þú talaðir um áðan Villi, að það væri þá einhver utanþingsstjórn sem mundi vera svona yfirbyggjandi í loftinu og ef að Alþingi mundi ekki taka sig saman í andlitinu, þá mundi hún bresta á. Og Alþingi þyrfti út af þessu uppbyggilega vantrausti að koma með betri tillögu og þannig neyðast til þess að koma sér saman. Mér finnst það vera mjög flott lausn. Og ég mundi þá vilja sjá hana skrifaða þarna inn. Svo fæ ég svona þínu áhyggjur af, hvað myndi gerast ef að forsætisráðherra mundi bara allt í einu ákveða að skipa 25 manna ríkisstjórn. Hvernig bregst okkar texti við einhverju þannig? Hann er með meirihluta á bak við sig í þinginu. Mér finnst þetta svoldið svona, sjálfsvald sett hvernig þetta orðað hérna, þó að ég skilji að þið séuð að reyna að stýra frá þessu afmarkaða orðalagi sem við vorum með. Og ég held að þetta sé til bóta, en ég bara, mundi vilja sjá aðeins meiri þælingu í sambandi við svona öryggisventla einhverja.

Og ég vil segja eitt. Og þetta er svoltið í framhaldi líka af því sem Pétur var að tala um hérna. Að ég held að eitt af þessu, þessu stóra áhyggjuefni um samkurl valdsins, sem við erum kannski ekki alveg búin að ná að tækla alveg nógu vel. Ég held að strax yrði mjög til bóta, ef það væri bara sagt að það mætti ekki velja ráðherra sem sætu á þingi. Af hverju er það ekki nóg? Þá erum við bara komin með það, að það er ekki þessi stóladans sem að við erum núna að horfa á. Þannig að, og þannig fjölgi mjög röddum eins flokks sem að er, þeirra flokka sem eru í stjórnarmeirihluta. Heldur, væri bara sagt: Þið verðið bara að velja einhvern utan af þinginu, og þá er miklu líklegra að verði valið eitt-hvað fagfólk eins og Vilhjálmur vill sjá. Þannig að ég held að þetta væri svona tillaga sem gæti kannski svona, siglt á milli skers og báru hvað þetta varðar. Svo langar mig til að spyrja, hvað er að fréttu af þessu hann/hana, skástriksdótinu? Er þetta eitthvað sem að verður, eða eruð þið bara eftir að ákveða hvernig þið ætlið að orða þetta. Það væri gaman að vita þælinguna þar, því að þetta er allt inni í hornklofum líka. Já, það absolút þarf einhvern tímafaktor þarna inn í 28. greinina. Og annars bara, gott hjá ykkur. Takk.

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel. Þú ert næstur.

ÓR

Já, formaður, gott ráðsfolk og aðrir sem að heyra og sjá. Mér finnst þetta áhugaverð umræða sem Pétur er að koma hér af stað. Ég varaði nú reyndar við henni hér fyrir. Hvort við myndum falla á tíma, en við erum komin það langt í þessu, að mér finnst einhvern veginn að nú sé að skapast tími til þess að við að tökum þennan slag. Hverjir eru kostir og hverjir eru gallar þess að forsætisráðherra sé kosinn beint. Við sjáum kostina, þjóðin velur þennan valdamesta mann landsins beint. Það finnst mér framförin. Og þetta skapar ákveðinn möguleika á því að hér verði meiri samstarfsvilji á milli þessa forsætisráðherra og þingsins. Og við tökum að vísu hann út fyrir þingræðið. En mér finnst alveg vera hægt að taka þessa umræðu. Gallinn við þetta er sá að stundum er hér sveifla í stjórn málum. Og getur verið að það sé kominn allt annar grundvöllur í þjóðarsálinu og jafnvel á þingi heldur en var fyrir kannski skömmu síðan. Og þá er spurningin hvort það muni vera nokkur leið fyrir svona forsætisráðherra að starfa með þingmeirihluta sem er jafnvel á algjörlega öndverðum meiði við hann.

Við skulum bara skoða hvernig þetta hefur reynst í öðrum löndum, og hvert þetta leiðir okkur. Ég held að hugsanlega höfum við tíma til þess, úr því að það er búið að framlengja starf okkar, að liggja þínulítið í þessu.

Í sambandi við utanþingsstjórnir, að þá ætla ég enn einu sinni að minna á það sem ég rakti á síðasta fundi, að ég tel að við verðum að hafa einhvern neyðarheimil þar. Sjáum hvernig ástandið var 1942. Menn segja að það komi ekki fyrir aftur. Það getur vel komið fyrir aftur. Núna, til dæmis, er allt upp í loft í Finnlandi, og þingið getur ekki komið sér saman um eitt eða neitt. 1942 sat þing sem að hafði veitt sjálfu sér ólöglega heimild til að sitja einu ári lengur heldur en sætt var, og afsakaði sig með stríðinu. Látum það liggja milli hluta. En vegna óróa sem þá var í stjórn málum, og kjördæmabreytingar, þá voru tvennar kosningar 1942. Þennan tíma sem tók að koma stjórnarskrár-breytingunni í gegn sat minnihlutastjórn. Síðan var ósætti á milli tveggja helstu oddvita í íslenskum stjórn-málafylkingum, Ólafs Thors og Hermanns Jónassonar. Eiðrofsmálið, svokallaða, algjört vantraust á milli bæði fylkinganna og þessara tveggja. Ljóst var að minnihlutastjórn Ólafs gat ekki setið áfram sem starfsstjórn. Það var útilokað. Sömmuleiðis að þeir sem höfðu staðið með Ólafi og Sjálfstæðisflokknum að stjórnarskrárbreytingunni, gátu engan veginn hugsað sér að mynda stjórn eða koma með annað forsætisráðherraefni með Hermann Jónasson sem oddvita. Þessir tveir menn voru sem sagt sem tvö eitruð peð í stöðunni. Eina ráðið sem þá fannst, var að skipa utanþingsstjórn. Og ég tel að við verðum að ganga vel frá því í þessari stjórnarskrá hvernig slík utanþingsstjórn skuli verða skipuð, sem algjör neyð. Því að við vitum að ef að við felum þinginu og forseta þingsins það vald sem við ætlum að gera hérna núna, að þá muni þetta lagast. En við getum aldrei siglt frá því að það komi upp eitthvað skrítið ástand eins og var 1942. Og getið þið ímyndað ykkur hvað Hermann Jónassyni og Ólafi Thors langaði mikið til þess að vera forsætisráðherra

á Alþingi á Þingvöllum 1944. En hvorugur þeirra gat það. Utanþingsstjórninni, þótt hún væri utanþingsstjórn, vegna þess að það var búið að halda tvennar kosningar, átti að fara að halda þriðju kosningarnar? Það var heldur ekki hægt. Þjóðin var búin að fá nóg af kosningum með skömmu millibili. Utanþingsstjórninni tókst að koma í gegn tvennum fjárlögum og heilli lýðveldisstofnun, meðan að þinginu tókst þetta engan veginn. Þrátt fyrir að gulrótin hengi fyrir framan þá, hvað það væri nú gaman að þingið gæti gert þetta. Þannig að ég verð að ítreka það sem ég sagði. Ég fagna því að nefndin ætli að hafa það í huga, að spinna áfram með þetta. Hvað snertir það að menn eigi að sitja ákveðinn tíma í valdastólum, þá er það ekki bara endurnýjunin sem þar er. Vald spillir og mikið og langt vald gerspillir. Ég spyr bara hins vegar, af hverju á að hafa styttri tíma fyrir venjulegan ráðherra, heldur en forsætisráðherra. Í fyrsta lagi, það eru rök fyrir því, með og á móti. Ég tel að þetta eigi bara að vera sami tíminn. Ég tel enga hættu á að forsætisráðherra myndi allt í einu skipa 25 ráðherra, ef að ljóst er að þeir fara allir af þingi á einu bretti. Ég held að það setji undir þann leka. Sem sýnir reyndar að þessar tillögur sem við erum að móta hérna. Það þarf að máta þær allar við hver aðra og reyna að sjá hvernig verður lausnin. Eins og þegar að verið er að tefla skák. Takk.

SN

Já. Takk. Ég ætla aðeins að koma inn í þetta af því það er að koma upp umræða aftur um muninn á þessum tveimur kerfum, þingræði og forsetaræði, sem svo er nefnt í þessum fræðum. Tillögur B-nefndar hafa náttúrlega gengið út frá þingræði. Og við förum þess á leit við B-nefndina að það væri tekin umræða um þetta síðast og það yrðu þá lagðar fram tillögur um aðra leið, ef það væri áhugi á því meðal þeirra sem sitja í ráðinu. Þannig að ég held það mundi ..., að sjálfsögðu er þessi umræða hér, að einhverju leyti, en ef þeir sem ... og ég bara eiginlega ítreka það, að þeir sem hafa áhuga á þessari leið að þeir útfæri þá tillögu. Um það, eins og við vorum svona, að biðja um að væri gert sem að lægi þá umræðunni til grundvallar. En ég held að, já, eins og stóð reyndar til í síðustu viku, en því miður þá varst þú lasinn, Pétur. En það er, sem sagt ég held að við ættum að reyna að finna einhverja leið til að gera þetta þannig að það snúist þá um einhverjar tiltekna tillögur. En Lýður Árnason er næstur. Gjörðu svo vel.

LÁ

Þú hittir alveg naglann á höfuðið, Salvör. Við erum hérna með tillögur nokkrir, um einmitt þetta, sem mun örugglega berast á ykkar borð á eftir. Og ég ætla að rökstyðja þetta aðeins. Sko, það sem að mér finnst vera að gerast hér, er það að við erum að kalla eitthvað þingræði sem er í raun og veru flokksræði. Og það er jafnvel enn verra heldur en að gera ekki neitt. Og það er vegna þess að við erum að tala um það að ef að við kjósum ráðherra og þeir hlaupa af þingi, þá verðum við náttúrlega að koma með varamenn inn á þing, annars raskast valdahlutföll. En með því að hleypa varamönnum inn á þing, þá raskast þau líka í hina áttina. Við erum í raun og veru bara að bæta heilli rödd við kórinn. Þannig að ég held að við ættum að hafa þetta í huga. Svo er það líka annað að mér finnst það barnaskapur að gera ráð fyrir því að forystumaður í

flokki sem gerist ráðherra, hann bara hætti þar með að hafa ítök í sínum flokki. Ég get ekki séð að það standist nokkra skoðun. Hann hættir ekkert að hafa ítök, þó hann verði forsætisráðherra. Það held ég örugglega ekki. Og svo vorum við aðeins að nefna hérna áðan, einhver okkar, held það hafi verið Pétur, með Landlækni. Að Landlækni er náttúrlega gert að hafa eftirlit með sinni stétt. Og við sjáum bara hvernig það er. Það er alveg í molum. Og við erum hérna að gera ráð fyrir því að þingmenn hafi eftirlit með ráðherrum, en velji þá líka. Þannig að ég get ekki séð annað en að þetta samkrull sé í raun og veru bara nákvæmlega það sama og leiddi okkur hérna fram af brúninni. Þetta er bara samþjöppun valds, bara öðruvísi orðað, öðruvísi formað. Þannig að mér finnst svona, frekar leitt að heyra að nefnd B hafi farið þessa leið og mundi gjarnan vilja fá umræðu um breytingar á þessu. Og þess vegna erum við með hérna tillögur sem að við höfum verið að smíða saman nokkur og ætlum að skila hérna inn á eftir.

Ómar var að segja áðan, sem er alveg rétt, að við getum fengið forsætisráðherra sem væri kosinn af þjóðinni, sem væri kannski ekki alveg í takt við Alþingi og öfugt. Og það er náttúrlega endurspeglar umræðuna. Það er engin leið gallalaus. En það er þó eitt finnst mér alveg klárlega betra við það, ef að forsætisráðherra sem þjóðin kys, sé ósáttur við þing og öfugt, það er það að þá hvetur það til breytinga, nýrra kosninga. Hins vegar ef við höfum forsætisráðherra og þing sem er sami rass og ákvæði í öllu, þá við-gengst spilling og ekkert hægt að gera. Hitt er miklu gegnsæjara og fólk verður miklu fyrr var við það, og getur þá brugðist við. En það er miklu erfiðara að fara að taka eitthvað þing sem er alveg aflokað og gera eitthvað í þessu fyrir fólkið. Þannig mér finnst það, eins og ég segi, ég reyni að svara þessum rökum Ómars. En þetta er alveg rétt hjá honum samt. Mér finnst við hafa hérna í Stjórnlagaráði, alveg frábært tækifæri til þess að takast á við þennan lýðræðishalla eða spillingu eða samþjöppun valds eða hvað við getum kallað það. En við erum hugsanlega að glata því, við erum ekki að nýta það vel. Þess vegna vil ég endilega að þessi umræða haldist aðeins á lofti áfram. Og ég get þó, ljósið í myrkrinu, er eins og alltaf C-nefndin. Við eigum eftir að fjalla um beina lýðræðið, og ég segi bara sko, að ef að þetta verður sú leið sem að við förum, að Alþingi kjósi sína ráðherra, þá er alveg klárt mál í mínum huga, að við C-nefndarfulltrúar, við þurfum svo sannarlega að vera alveg galopnir í því sem við gerum. Takk.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já, ágætu ráðsfulltrúar og áheyrendur. Ég ætla nú að verða við tilmælum formanns um það að fjölyrða ekki um þingræði og forsetaræði, en ég held að sé ljóst að við verðum að fara að taka þá umræðu og ljúka henni.

En ég vil mótmæla því sem að Pétur sagði hér áðan, að það ríki um þetta áhugaleysi. Ég held að ríki miklu frekar, svona viss meirihluti. En það breytir því ekki að minnihlutinn á svo sannarlega að hafa sinn rétt og þess vegna skulum við fara til þessarar umræðu. En ég held að alveg sama hvað þið segið, þið munuð aldrei

að minnsta kosti sannfæra mig um það að hrunið á Íslandi hafi verið vegna þingræðisins. Ég held að það sé mjög mikil þröngsýni og skammsýni að ætla svo. Þar með læt ég máli mínu lokið um þessi tvö kerfi. En ég ætla að taka undir það sem hún Freyja sagði varðandi friðhelgi þingmanna. Mér finnst ekki ástæða til þess að vernda rétt þeirra til þess að svívirða hvorki hver annan eða aðra. Og get ekki séð hvaða erindi þetta á þarna inn. Aftur á móti er áleitinn spurningin hennar Katrínar hvort við hefðum samið þetta sjálf ef þetta hefði ekki staðið þarna. Ég held samt sem áður að það sé einhver nauðsyn á friðhelgi þingmanna vegna þess að þeir geta og um það eru ótalmörg dæmi í sögunni að þeir geta, það er hægt að nýta þetta í pólitískum tilgangi. Það er hægt að setja fram kæru, sanna eða ósanna. Það er hægt að höggva í þingmenn með margvíslegum hætti, án þess að mikil rök séu fyrir því annað en það að vera pólitískt á öndverðum meiddi. Og þess vegna held ég að einhvers konar svona ákvæði sé nauðsynlegt til þess að þeir séu frjálsir orða sinna og gerða, inni á þingi. Orða sinna og gerða, ég vona að þið misskiljið ekki þannig að þeir megi gera hvað sem er. En, mér finnst stundum eins og þið talið, eins og þessi grein, þarna.

SN
Vinsamlega slökkvið á símunum!

ÞÞ:
... eins og þessi grein tryggi það að þingmenn verði aldrei sóttir til saka fyrir eitt eða neitt. Það er ekki rétt. Þetta er bara til að koma í veg fyrir að það sé hægt að veitast að þeim í rauninni, í pólitískum tilgangi undir glæpsamlegum, þarna, svona, hvað segir maður ... já takk fyrir, já. Þannig að ég legg nú til að við tökum þessa grein í tvennt og skoðum hana sitt í hvoru lagi. 22 að 25, komi þar með, eða í kjölfarið. Mér finnst það alveg íhugunar virði til þess að, það er svo sem alveg góð dyggð að stytta mál og fækka greinum. Varðandi opnu fundina í nefndunum, þá er ég aftur alveg ósam- mála. Ég held að nefndarfundir muni aldrei verða vera heidarlegir og í rauninni fari þar fram full umræða ef að þeir eru alltaf opnir. Við vitum sjálf, við finnum sjálf muninn á þessum fundum og nefndarfundunum okkar. Og vitum að hann er nokkur. Hvort að þetta nægir, að þingnefnd getur ákveðið, það getur vel verið að eigi að setja einhver ákvæði um það að lokafundur afgreiðslu þingnefndarmála eigi að vera opin eða eitt- hvað slíkt. En ég held að það sé ekki hægt að leggja það á nokkurn mann, að geta aldrei rætt án þess að augu almennings séu á viðkomandi. Og ég held að ef að það yrði, að það verði stjórnarskrárbundið að allir þingnefndarfundir væru opnir, þá mundi bara vera fundnar leiðir til þess að halda fundi utan almennings, sem sagt, hvað segir maður, utan þessa forms opinna funda.

Þá komum við að setutíma ráðherra, og þá komum við nú að máli sem mér er afskaplega hugleikið. Ég er ekki sátt við neinn af þessum valkostum sem lagðir eru hér fram. Það er einfaldlega vegna þess að enginn þeirra endurspeglar það sem að mér finnst í raun og veru. En ég mun auðvitað, eins og aðrir, beygja mig undir að ná ekki alveg fram mínum vilja. En ég reyndi nú um daginn að sjóða saman einhverja grein sem að gaf kannski ráðherra sem var búinn að vera 4 ár, þess

vegna menntamálaráðherra eða heilbrigðisráðherra, kost á að sitja í 8 ár sem forsætisráðherra. En mér finnst þessi sko, valkostur 3 hérna, hann er náttúrulega, hann gefur færi á því að forsætisráðherra sitji í 12 ár. Það finnst mér algjörlega fráleitt. Mér finnst að 8 ára eigi að vera hámark, en reyndi sjálf að finna að finna einhverja málamiðlun, þannig að 8 ár í embætti forsætisráðherra, plús önnur 4, gæti verið niðurstaða. En, þar af leiðandi sætti ég mig ekki við neinn af þessum þrem valkostum, þ.e.a.s. þangað til að annað kemur í ljós. Og þá mun ég auðvitað velja. Mér finnst mjög áriðandi að, mér finnst þetta nefnilega, mér finnst þetta algjört grundvallaratriði, að svona setutími sé takmarkaður. Mér þætti gaman að vita hversu mikið við erum að skerða réttindi einhverra sterkra manna eða kvenna til þess að sitja ævilangt, eða allt að því. Allavega stóran hluta starfsævi. Ég hef það ekki á hraðbergi hversu margir hafa setið í ráðherrastóli í raun og veru lengur en 8 ár. Við skulum, sko sleppa Davíð Oddssyni, ég veit um hann. ... Ha? Er ég að verða of löng ... Já, ókei.

En ég hef ekki yfirlit um það hversu margir, svona í gegnum söguna, hafa setið þetta lengi. En, það er alltaf talað um sko, hvað með ef að þessi hefði nú ekki mátt sitja, þá hefðum við ekki fengið hann í þetta og þetta embætti. En við ræðum aldrei, af hverju misstum við, við það að einhver sat svo og svo lengi í embætti, af því að bekkurinn var setinn. Og þetta á líka við um þingmenn. Við höldum fólki gríðarlega frá þátttöku vegna þess hve þaulsætnir þeir eru sem sitja fyrir. Og þá kemur maður líka að þessu sem að ég vil leggja áherslu á og er hérna í skýringunum, að endurnýjunin, hún leiðir líka til þess að dreifa valdi. Hún dreifir ábyrgð, hún dreifir kunnáttu og dreifir reynslu. Það er nefnilega mjög gott að halda í völd með því að geta skírskotað til þess að maður viti mest um málið, maður hafi mestu reynsluna, maður hafi mestu kunnáttuna og svo framvegis. Það er mjög einföld leið. Og það er nú ekki eins og svona flestir sæmilega viti bornir menn geti ekki tileinkað sér kunnáttu og reynslu og færni á tiltölulega skömmum tíma. Þannig að mér finnst þetta, mér finnst þetta vera, og ég mundi vilja að þessi regla ríkti um þingmenn, um alla embættismenn. Ég mundi gefa þó þingmönnum lengri tíma vegna þess að þeir eru kjörnir af almenningi. Og þá er sá kostur að kjósa þá hreinlega ekki. En 8 tímar fyrir ráðherra mundi vera minn kostur, með þessu sem ég segi þarna, færi á að gefa einhverjum að sitja í 8 ár í ráðherrastóli forsætisráðherra, sem mér finnst samt of mikið. Ég mundi bara vilja hafa það 8. Og menn þyrftu eiginlega bara aðeins að velja líka, hvar þeir væru staddir í lífinu, ekki alltaf að treysta á að þeir geti bara haft alls konar undanþágur til að vera eins lengi eins og þeir endilega vilja. En ég ætla ekki að ræða þetta meira en ég vona að allir íhugi þetta setutímamál vel, út frá fleiri sjónarmiðum heldur en þessu, sko sem við höfum alltaf þekkt. Ja, það er nú svo gott þegar fólk fær að safna upp reynslu og fær að vera áfram og áfram og áfram. Og þessi veit allt svo best hvernig á að haga þessu eða hinu. Og þar með ætla ég ekki að ..., en bara svona til gamans, af því að hún Silja Bára nefndi hér áðan lame duck. Að þá bara er það nú með þetta orðtak: Veldur hver á heldur. Lame duck er nefnilega mjög þekkt dansspor. Takk fyrir.

SN

Erlingur Sigurðarson, gjörðu svo vel. Þú ert næstur á mælendaskrá.

ES

Formaður, góðir ráðsfélagar. Ég ætla fyrst að snúa mér að því sem að varðar það sem að Freyja sagði áðan. Þakka henni fyrir þau orð. Og biðja ykkur að íhuga þau. Það er ekkert vit í því að alþingismenn geti staðið í ræðustól og ausið sig út yfir allt og alla, í skjóli þinghelgi. Það er minni hætta á að það gangi hinseginn, leiðin. Og ég verð að lýsa því yfir að ég var ósáttur við um daginn, var ég ósáttur dálítið við álit nefndarinnar í ýmsum greinum, þetta hefur batnað mikið, verið fellt út, ýmislegt af því sem að ég vildi sjá fellt út. Og ég vildi sjá þessa grein fellda út líka, alla saman, að minnsta kosti seinni hluta hennar. Nú, Þórhildur var að segja hérna áðan og fleiri hafa tekið upp, í sambandi við setutíma ráðherra, og þingmanna reyndar líka. Þetta er endurtekið oft, ekki bara í klisjunum um það að, við vitum svo mikið og þurfum að vera. Hitt er líka klisja að sitja of lengi, ráðherrar og þingmenn. Halda menn að þessi ríkisstjórn, hvaða álit sem menn hafa á henni, væri betur sett ef að Steingrímur og Jóhanna hefðu ekki þingreynslu og ráðherrareynslu að baki? Hitt er allt nýlegri [ógreinilegt]. Er þetta sterk ríkisstjórn eða veik? Vegna þess að það er nýtt fólk í henni, eða á sinn þátt í því. Ég held að reynsluleysi sé þessari ríkisstjórn ákveðinn fjötur um fót. Sama má segja um þingið, nær 40% þingmanna í síðustu kosningu voru nýir. Ég sé ekki að Alþingi sé betur sett með það. Æfingarnar, málfundaæfingar eru þar ýmsar og orðfærið í þinginu ekki þannig að verðskuldi fyrirmynd. Og ég bið menn um að íhuga þetta, hvort að það er ekki nógu hröð endurnýjun, og jafnvel of hröð. Hvort ekki eigi að binda ráðherra við það að þeir þurfa að hafa reynslu. Það getur verið að það yrði valið þannig þegar forsætisráðherra fær að velja sjálfur.

Þetta er nú það sem er, en svo er það spurningin um beina lýðræðið og beina kosningu framkvæmdavalds eða þingskipana. Þessi grein 25, nei 27, 28 er hún, hefur tekið miklum breytingum og til hins betra. Þannig að ég get farið að teygja mig inná það, til samkomulags um þingræðið ef það væri, að ef það væri forseti Íslands sem að skipaði þarna og til stjórnarmyndunarferli, þá væri það í lagi.

En það er eitt að við eigum þessa samræðu eftir og við megum ekki kinoka okkur við henni. Og það er rétt sem Ómar benti á, við höfum tíma til þess. Hann var áður búinn að benda á að við hefðum ekki tíma til þess og ég var sama sinnis. Að við værum ekki takmörkuð með það og var tilbúinn að teygja mig til þess að sátta-tillögu um það að við yrðum að hafa þingræðið áfram líklega, þó að það skilaði litlu. Og var þó uppi með það að eftirlitsvaldið væri, kæmi undir stofnanir sem að heyrðu undir forseti Íslands, ekki undir þingið sjálft. Ég get ekki sætt mig við það sem að kom hér út um daginn, með þingforseti sem ætti að vera kjörinn meirihluta, að það yrði, að hann ætti í stjórnarmyndunarviðræðum. Og ég get ekki sætt mig við það að hann yrði sem sagt í grautargerðinni sem stjórnarmyndunin er. Ég sé ekki annað heldur en að það sé satt sem ég hef bent á, að þetta, forsætisráðherra kosinn af þinginu, hann verður að vera skipaður af forseta Íslands. Hann væri forsætisráðherra, yrði sem sagt,

háður meirihluta Alþingis, mjög mikið. Forseti þings ætti svo að tvinnast inn í þetta og þeir varamennirnir yrðu svo háðir setu sinna ráðherra, á þinginu með sitt starf, þá er þetta allt saman komið í sama kraðak og verra heldur en núna. Og ég get ekki séð að Alþingi Íslendinga eins og það hefur hegðað sér, eins og megi ekki tala um fortíðina. Ég get ekki sagt að það hafi unnið sér það traust að það verðskuldi slíkt sem er í þessum tillögum. Þó við viljum þingræðið, um leið þá hefur það gengið sér til húðar, eins og það er búið ... og það er Alþingi sjálft. Enginn má ..., Alþingi er friðhelgt, enginn má raska friði þess. Þingmenn raska friði þess, sjálfir, daglega, nær daglega. Og það ber að athuga það. Þess vegna verð ég að segja það, að forsætisráðherra verður að vera háður eftirlitsvaldi annarra en þingsins. Ég kem inn á þetta í næstu grein, þegar talað verður um embætti forseta Íslands og greinarinnar og vísa til þess bara í framhaldi af máli mínu.

SN

Þá tekur til máls Andrés Magnússon og á meðan hann talar þá loka ég mælendaskrá um þennan lið. Andrés, gjörðu svo vel.

AM

Kæri formaður og þið öll og þið sem heima sitjið. Ég ætla að koma inn á þrjá liði hér. Það vill nú reyndar þannig til að Katrín Oddsdóttir er búin að nefna tvo þeirra áður og fyrst það að liður 23, þetta er algjört smáatriði. Það á ekki að splæsa heilli stjórnarskrár-grein á svona smotteri og þetta á bara heima þá sem greinargerð með 25.grein, þar sem að þingsköp Alþingis skulu sett með lögum, þar á meðal samkomu-staður Alþingis.

Og síðan 24. Mér finnst þetta ekki alveg nógu ljóst, síðasta greinin þar: Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opin almenningi. Ég skil þetta þannig að það sé opið þannig að maður geti komið og hlustað. En ef maður getur búið þannig um hnútana að það sé sem sé hægt að koma fyrir míkrófóni, þannig að fólk geti heyrt, loggað sig inn á netinu, þessar umræður. Þá finnst mér að það ætti að vera það sem væri reglan, að það væri þannig. Og ég held að það verði að gera þær kröfur til þingmanna, Þórhildur, að þeir þoli það að það sé hlustað á það sem þeir eru að segja. Og mér finnst það allt í lagi. En mér finnst þetta einhvern veginn þurfa að breyta þessu sko, opin almenningi, í eitthvað sem að dekkar að það sé hægt að logga sig inn á netið og heyra.

Og svo kannski aðalatriðið. Það er þessi 28. grein, stjórnarmyndun. Og, bara einhvers staðar verður maður að segja, ég veit að það á ekki við, en mér finnst að maður gæti bara kastað þessari stjórnarskrá og tekið upp þá svissnesku. Vegna þess að það er eina fyrirkomulagið þar sem að menn, frjálsbornir menn eru. Við erum ennþá að breyta gamla fyrirkomulaginu þannig að konungstignin skal ekki lengur ganga að erfðum, heldur hún skal kjósast. Þarna erum við til dæmis að, við erum alltaf að, já, það er einhver sem á að ráða yfir mér. Það er alveg grunnstef. Eins og þetta er sett upp núna, þá hef ég líka áhyggjur af því hversu beint er lýðræðið. Tökum dæmi fjármálaráðherra, ég kys þingmann, þingið kys forsætisráðherra og forsætisráðherra kys fjármálaráðherra. Það eru komnir þarna 3 liðir. Þetta er að verða eins og í Rússlandi, það er

svæðisstjórnin kýs í fylkisstjórnina og fylkisstjórnin kýs ... o.s.frv., o.s.frv. og loksins efst á píramídanum er sá sem á að ráða. Og þetta er orðið dálítið langt í burtu, 3 líðir. Líka, gallinn við það að þingið kýs ráðherra, það er að það kýs þá einhverja mjög reynda þingmenn. Og þeir eru orðnir háðir svo ofsalega mörgum, þeir ganga erinda ofboðslega margra hagsmunaaðila. Og þeir geta ekki hugsað um alla þjóðina þegar þeir eru komnir í ráðherrastól. Þeir þurfa að hugsa um alla þá sem komu þeim þangað sem þeir eru í dag. Og þetta er dálítið gildishlaðið orð, þingræði, þetta er líka þingeinræði. Þetta er ekki bara að þingið á að sjá um löggjöf, þetta er líka þingið á að sjá um framkvæmdavaldið. Þannig að þetta er, þó þetta hljómi fallega, þingræði, þá er þetta samt að vera að skera á, að það sé skorið á milli þingsins og framkvæmdavaldsins. Og Þórhildur bað um dæmi þess að hrúnið hafði verið vegna þess að það var þingeinræði. Og það er til dæmis gott dæmi, Þjóðhagsstofnun. Framkvæmdaaðili, eða sem sé ráðherra, vildi losna við mann sem sagði að það væri ekki allt í lukkunar velstandi. Og hann bara lét breyta lögunum, hann sem sé, og leggja þessa stofnun niður. Hann hafði sem sé bæði framkvæmdavaldið og löggjafarvaldið í hendi sér og gat þess vegna komið í veg fyrir að nauðsynlegar tölur bærust þegnum þessa lands. Og þetta er dæmið um galla þess að samþætta lögræði og framkvæmdavald. Og ég er hræddur um að þessi bragarbót sem Kata nefndi, að nefndin velur menn að þá sé það gjarnan þannig að það sé valinn einhver góður flokksmaður, en það sé ekki skipað pólitískt. Og þó kannski endum við á því, sem að Pétur var að stinga upp á, að við kjósum þá bara beint til ráðherraembættanna. Ég er ekki hræddur við það að það komi upp svona sterkur maður. Í fyrsta lagi verður búið að girða fyrir það að ráðherra geti komið með frumvörp. Það er er búið að taka mjög mikið af völdunum frá ráðherrum. Og, ennþá betra væri ef hver ráðherra væri kosinn fyrir sig. Og þá kæmi ekki upp þessi ... það er verið að virkilega að búa til ofsalega sterkan mann með því að kjósa forsætisráðherra og hann kýs ráðherrana sína. En það hafa komið sem erindi hingað alls konar tillögur um það, að við kjósum hvaða ráðherra, hvern fyrir sig og það hafa komið útfærslur á hvornig það er hægt að gera. Og, þá getur maður sagt að, nú, starfar þá ríkisstjórnin vel saman o.s.frv. Það skiptir minna máli í dag, eins og við höfum búið um hnútana. Aðalatriðið er að ráðherrann harmóneri vel við sína nefnd. Og hann þarf ekkert að harmónisera svo óskaplega vel við hina ráðherrana. Og, já, og læt ég þessu þá lokið. Takk fyrir.

SN

Já, þá hefur mælendaskrá verið lokað um þennan lið. Þú ert á mælendaskrá, Pétur. Og næstur talar Þorvaldur Gylfason. Gjörðu svo vel.

ÞG

Já formaður, góðir ráðsfulltrúar. Mig langar að gera stjórnarmyndunargreinina að umtalsefni mínu, í framhaldi af ræðu minni um sama mál á síðasta ráðsfundi. Fyrst þetta, við skulum varast falskar andstæður. Andstæður milli þingræðis og forsetaræðis, þar sem mönnum kann að virðast að menn þurfi að velja annað hvort. Það er hægt að fara bil beggja, eins og breytingartillaga okkar Ómars Ragnarssonar reyndi að útfæra

fyrir síðasta fund. Og ég er auðvitað þakklátur nefnd B fyrir hennar góða starf, og fyrir að hafa að hluta til tekið tillit til tillagna okkar Ómars. Mig langar til þess að ræða málið betur.

Við þurfum að hlusta vandlega á öflugan málflutning Péturs Gunnlaugssonar, hér áðan. Og einnig á sjónarmið Lýós Árnasonar og Andrésar Magnússonar og annarra, nú síðasta Ómars Ragnarsson, sem hvetja okkur til þess að athuga vandlega hvort við getum ekki, eftir minni túlkun, farið bil beggja. Með öðrum orðum, þingræðið hefur ekki reynst okkur vel, eins og Lýður Árnason lýsir vel. Okkar þingræði er flokksræði og það er ekki ný kenning. Ég meina, Ólafur Jóhannesson lýsti stjórnmalaflokkunum og hagsmunasamtökum þeim tengdum, sem ríki í ríkinu, strax árið 1945. Þannig að þetta er gamall vandi sem við erum að glíma við. Sko, ég lít svo á að við getum farið bil beggja. Við getum bæði sleppt og haldið, með því að nýta okkur þá einföldu staðreynd að forseti Íslands er þjóðkjörinn á fjögurra ára fresti í persónukjöri, þar sem landið er eitt kjördæmi. Þ.e.a.s. með þeirri aðferð sem Þjóðfundurinn biður okkur um að sjá til að verði viðhöfð einnig við Alþingiskosningar en það er að svo stöddu annað mál. Og þess vegna lögðum við Ómar til, að stjórnarmyndunarhlutverk forsetans yrði ekki aðeins varðveitt, heldur beinlínis eft. Og varaformaður nefndarinnar Vilhjálmur Þorsteinsson hefur einmitt boðað að nánari útfærsla greinarinnar muni taka tillit til þess. Sko vandinn er þessi, ef Alþingi kýs forsætisráðherra sem er fyrsta setningin í tillögu B-nefndar um stjórnarmyndun, þ.e.a.s. ef menn hafa þann skilning á þingræði að forsætisráðherrann sé skipaður af Alþingi, þótt forseti Íslands eigi formlega aðkomu að því, að þá erum við eiginleg að festa óbreytt þingræði í sessi, nema ljóst sé hvaða neyðarhemlar eru til taks. Og þess vegna finnst mér enn, eins og ég lýsti í síðustu viku, heppilegra og skýrara að forseti Íslands hafi frumkvæði að stjórnarmyndun og hann geri síðan tillögu um forsætisráðherra í samráði við alþingismenn og þá flokka sem eiga fulltrúa á Alþingi. Og síðan mælir greinin fyrir um það hvað gerist, ef Alþingi samþykkir ekki tillögu forseta Íslands. Og þar er tvennt sem getur gerst. Annars vegar getur forsetinn fengið rétt samkvæmt stjórnarskrá til þess að rjúfa Alþingi og láta kjósa aftur. Nú, eða þá, til þess, og þetta er gamla tillaga Ólafs Jóhannessonar frá 1945, til þess að skipa utanþingsstjórn. Sjáið þið. Það sem gerist hér er það að við höfum blöndu af þingræði og því sem sum okkar kalla forsetaræði. Þ.e.a.s. við höfum búið til kerfi þá, þar sem að við höfum valdmörk og mótvægi. Þar sem við höfum gagnkvæmt aðhald og eftirlit. Þingræðis skipanin héldist en þingið þyrfti að lúta strangari aga og eftirliti og aðhaldi af hálfu forsetans. Þetta hygg ég að myndi gefast mun betur en sú tillaga, eins og ég skil hana hér, hún er að vísu vanreifuð, sem B-nefndin leggur fram. Og þess vegna dettur mér í hug að úr því að varaformaður nefndarinnar hefur lýst því að tillagan sé vanreifuð, það eigi eftir að koma þarna inn ákvæði um utanþingsstjórn og þess háttar. Að það gæti verið hyggilegt og heppilegt að kippa henni út úr knippinu núna og leggja hana heldur fram til afgreiðslu á næsta fundi.

Eitt annað langar mig að nefna, og það er greinin um vantraust. Hún er prýðileg og hef tekið framförum. Mig langar bara að vekja athygli á því að vantraust geta

menn einungis fengið samþykkt á Alþingi, að þeir geri tillögu um það hvað taki við. Og þetta er ákvæði sem að stuðlar mjög að meiri ábyrgð í slíkum tillöguflutningi á Alþingi og er til þess fallið að draga úr upplausn þar. Takk fyrir.

SN
Porkell Helgason. Gjörðu svo vel.

ÞH
Já, formaður og góðir meðfulltrúar. Mig langar fyrst að grípa á nokkrum smáatriðum sem að raunar ýmsir hafa tekið á líka, en kannski aðalhluti máls míns verður að svara félaga okkar Pétri einhverju. En mig langar að fara svona, svoltið á hundavaði í gegnum þetta. Ætla ekki að eyða miklum tíma í það að er þetta með hann og hún, sem að einhver annar nefndi nú líka. Mér er þetta alltaf mikill þyrnir í augum að sjá svona orðalag. Ég held að við verðum að hefja okkur upp fyrir þessa kynjaskiptingu. Starfstími, ég vil að hann sé takmarkaður. Mér fannst góð tillaga frá Þórhildi þess efnis að forsætisráðherra verði heimilað að æfa sig sem venjulegur ráðherra í 4 ár, þ.e.a.s. megi vera í 12 ár alls, þar af 8 sem forsætisráðherra. Síðan langar mig að biðja ykkur að íhuga, og það hefur held ég enginn nefnt. Þessa tillögu sem að flestir virðast sammála um, að það verði að halda fundi Alþingis ætíð og ævinlega í heyranda hljóði. Ég bara hvet nefndina til að kanna þetta mál betur, hjá sagnfræðingum, starfsmönnum þingsins eða einhverjum. Sko, geti ekki komið upp þær kringumstæður í einhverju neyðar-ástandi, að það þurfi að þinga fyrir lokuðum dyrum. Þó þannig, það mætti búa þannig um hnútana að auðvitað verði allt opinberað eftir á. En það gæti verið bæði viðkvæm mál, þjóðaröryggismál, eða eitthvað sem þyrfti að geta vera hægt að taka á svona. Ef að þetta er alfarið bannað, þá verður bara þukrast úti í horni, og það er nú kannski ekki betra. Ég ætla ekki að eyða meiri tíma í tittlingaskít, heldur snúa mér að stóra málinu, þingræði eða ekki.

Ég er eins og kannski margir búinn að skipta um skoðun á þessu máli í gegnum ævina. Var sem ungur maður eða yngri maður, hrifinn af tvískiptingu valdsins þarna, þ.e.a.s. að framkvæmdavaldið væri kosið beinum hætti. En er eiginlega orðinn því mjög afhuga. Og mín meginrök eru kannski bara þau að við verðum alltaf að aðgæta það hvað við erum lítil þjóð. Sko, við erum ekki stærri en eitt sveitarfélag í löndum mörgum í kringum okkur. Og þar er nú sjaldnast það að borgarstjóri eða apparat borgarinnar sé kosið beinni kosningu, það eru til dæmi um það. En þetta eru framkvæmdastjórar í flestum skilningi, í flestum löndum. Þetta eru þeir sem framkvæma það sem borgarstjórnir eða borgarráð vilja. Ég held að við eigum að reyna að hafa það þannig líka hjá okkur. Að þingið, það ræður sér framkvæmdastjórn til að framkvæma það sem að þingið felur þeim að gera. Og þessi framkvæmdastjórn hefur verið kölluð hjá okkur ríkisstjórn. Mér fyndist betra ef að væri hægt að finna eitthvað hlutlausara nafn á því, en látum það nú liggja á milli hluta.

Ég óttast meðal annars tveggja turna kerfi, ef að farið er út í það að kjósa ríkisstjórn sérstaklega beinni kosningu. Það verður þá kerfi sem að hefur allt Stjórnarráðið undir sér, og þingið mun koma sér upp hliðstæðu kerfi til að eiga í fullu tré við ríkisvaldið,

ríkisstjórnina. Þetta er okkur bara einfaldlega of mi... of flókið fyrir okkur og of dýrt. Og ég óttast og það þarf ekkert að nefna Mússólíni eða einhver slík nöfn. Ég óttast það að það geti komið upp foringjaræði, foringjaveldi með þessum hætti. Þyrfti þá að sjá mjög gaumgæfilega útfært hvernig ætti að stemma stigu við því. En ég sæi fyrir mér þingræðið eiginlega eins og ég er þegar búinn að reifa að nokkru leyti, eiginlega enn frekar í hina áttina. Að æðstu metorð þeirra sem vilja fara í stjórnsmál snúist ekki um það að komast í ríkisstjórn, heldur að verða þingflokksformenn, formenn þingnefnda o.s.frv. Þá kunna að segja, ja er það samstæð ríkisstjórn? Kannski ekki, en hún verður þó alltaf að standa þinginu skil á hverjum tíma. Og ef að til dæmis þessi ríkisstjórn innan gæsalappa, sem samanstendur af formönnum þingflokka, nei ég ætlaði að segja þingnefnda, hún verður þá alltaf að standa meiri- og minnihluta skil á hverjum einasta degi nánast, sinna mála.

Til þess að koma þessu á koppinn, væri æskilegt að það væri gengið enn lengra heldur en er í tillögu nefndarinnar um að ráðherrar megi ekki sitja á þingi, þ.e.a.s. hreinlega að þeir sem hafi verið kosnir á þing, þeir geta ekki gegnt ráðherrastöðu, fyrr en að loknu kjörtímabili, eða þegar þing hefur verið rofið. Á hinn bóginn er það svo að tími okkar til allra þessara starfa er mjög takmarkaður. Og við verðum að keppa að því að ná því fram sem að okkur finnst skipta meginmáli í stöðunni eins og hún er núna. Þannig að fara út í mjög dramatískar breytingar, kannski bæði eins og það sem ég hef verið að reifa hérna sem mína sýn, en líka það að aðskilja algjörlega framkvæmdavaldið og löggjafarvaldið. Ég held við bara náum þessu ekki. Og það verður kannski einfaldlega til þess að við verðum kveðin í kútinum ef reynum að gera of mikið í því. Sjálf-sagt að reyna að ræða þetta ... og komast þá að niður-stöðu, eins og mér sýnist nefndin vera að gera, að fara þarna svoltið bil beggja. Þoka þessu kannski í þá átt sem við viljum, en taka þau skref sem við ráðum við. Þökk fyrir.

SN
Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VP
Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég get nú tekið undir margt af því sem að Þorkell sagði og er nú sjálfur í þeim hópi sem að var einu sinni hlynntur því að kjósa framkvæmdavaldið beinni kosningu, en hef nú heldur linast í þeirri afstöðu og tillögur nefndar B ganga svoltið út á það að taka þingræðisfyrirkomulag, en reyna að ýta því í, ja þá átt sem að kannski nær þeim markmiðum sem menn myndu vilja ná með beinu kjöri framkvæmdavalds. Efla eftirlit löggjafarvaldsins með framkvæmdavaldinu, efla ráðherraábyrgð, menn munu sjá okkur tillögur um ríkisstjórn, hvernig hún starfar sem að er líka í þessar áttir. Þannig að við erum svona að reyna að finna þarna ákveðinn raunsæjan milliveg.

En ég ætlaði kannski að byrja bara á smáatriðunum og fara svo í stóra málið. Menn hafa spurt um þetta með hann/hún, og skástrikið þar á milli, og eigum við ekki að segja að þetta svona er áminning um að við erum að velta því fyrir okkur hvort að það sé til eitthvað orð sem væri kannski skemmtilegra en orðið

ráðherra. Sem að væri svona, gæti náð betur til, hvað á að segja, beggja kynja. Og ef að það orð, eitthvað gott orð myndist, sem að er nú bara óhætt að lýsa eftir hér, að þá myndi okkur líða strax miklu betur þarna, í þessum texta.

Nú varðandi setutíma. Að þá hefur vissulega verið, það var rætt í nefndinni, hvort að það væri ástæða til þess að hámarka setutíma alþingismanna. En með þeim tillögum sem að ég hef ávæning af að nefnd C ætli að koma með og vonast til að komi þaðan, um aukið persónukjör, þá held ég að það sé orðið óhætt að leggja það í dóm kjósenda, hvað þeir vilja að alþingismenn sitji lengi. Og það eigi ekki að stöðva það, ef að kjósendur vilja það, eru ánægðir með sína þingmenn, að þeir fái að sitja lengur en kannski 8 ár eða 12 ár.

En hérna, þá já. Einhver nefndi fjöldi í ríkisstjórn. Hvort það væri einhver hættu á því að forsætisráðherra færi að velja 25 ráðherra eða eitthvað slíkt. Það eru ákveðnar takmarkanir á þessu í dag, sem að eru þær að það er einn ráðherra per ráðuneyti max, þ.e.a.s. einn ráðherra getur reyndar sinnt fleiri en einu ráðuneyti en ráðherrar geta ekki orðið fleiri en einu ráðuneyti. En það er reyndar alveg athugandi að opna hugsanlega fyrir það, því það getur alveg verið sniðugt að það séu ráðherrar sem að sinna ákveðnum, svona, hvað á að segja, láréttum verkefnum, þvert á ráðuneyti. Þannig að ég myndi segja að það ætti ekki að loka á það.

Nú, að þingsköp séu í sérstakri grein. Ég styð það að þingsköp séu í sérstakri grein í stjórnarskránni. Svíar eru nú með heilan bálk. Einn bálkur af fjórum í þeirra stjórnarskrá eru þingskaparlögin. Og þetta er náttúrulega mjög mikilvægur þáttur í lýðræðisríki, að njóta þessarar sérstöðu.

Varðandi friðhelgi þingmanna, og við fórum aðeins yfir þetta á síðasta fundi. Sko, þetta er ákveðið jafnvægi milli þess að þingmenn þurfa ekki að sæta því að einhverjir öflugir aðilar úti í þjóðfélaginu sem hafa nóg peninga geti verið að fara í mál við þá, stöðugt. Meidryðamál og slíkt. Og stöðva þannig þeirra málfrelsi. En á móti kemur þetta með að alþingismenn eigi ekki að geta talað illa um fjarstatt fólk. En ég hygg að við verðum að verja lýðræðið þarna og vernda alþingismenn á vissan hátt frá slíkum málshöfðunum, vegna þess sem þeir segja í ræðustól. Og sama gildir um þetta frelsi gagnvart saksókn. Þetta er líka ákveðið lýðræðisatriði, þannig að alþingismenn þurfi ekki að sæta því að einhver sem sagt meirihluti sem að geti haft áhrif á til dæmis skipan ríkissaksóknara, eða eitthvað slíkt, að hann geti farið út í það að ofsækja þingmenn, með saksóknum. Og þar af leiðandi verði að vera tiltekin vernd gagnvart því. Það held ég að sé upphaflega hugmyndin á bakvið stjórnarskrárákvæði eins og þessi og af því að Kata spurði hvort að menn mundu skrifa svona ákvæði upp að nýju, í nýrri stjórnarskrá, þá held ég að það séu nú alveg lýðræðisleg og efnisleg rök fyrir því.

En þá kannski að þessu aðalatriði um stjórnarmyndunina. Og ég fagna þessari umræðu um þetta, þetta eru stórmál, sem er um að gera að taka góða umræðu um. Sko, mér finnst vera grundvallaratriði í þessu, hvort að við treystum Alþingi sem vettvangi lýðræðisins í landinu. Ef við treystum Alþingi sem vettvangi lýðræðisins í landinu, þá eru þetta fulltrúar þjóðarinnar, réttkjörnir, og eiga að endurspegla vilja þjóðarinnar. Og þá er ekkert óeðlilegt við það að Alþingi síðan tilnefni ríkisstjórn til að koma í framkvæmd stefnu meir-

hlutans. Og láta þetta tvennt ríma saman, þ.e.a.s. löggjafarvald og framkvæmdavald. Vilja löggjafarvaldsins og vilja framkvæmdavaldsins, að mínu mati. Ég held að það sé bara fínt lýðræði fólgandi í því. Vandinn sem hefur verið hér er náttúrulega ekki síst sá að Alþingi hefur ekki alveg verið að virka sem lýðræðislegur vettvangur, sem endurspeglar skoðanir fólks. Og það er vegna þessa hluta, að margir þingmenn, eins og ég hef áður sagt hérna, sitja í raun og veru á Alþingi í skjóli flokka, miklu frekar heldur en í skjóli kjósenda. Og þurfa mjög lítið að óttast að vera dregnir til ábyrgðar af kjósendum sínum. Og ég held að lausnin á þessu liggji í tillögum nefndar C, sem að ég vonast til að sjá, um stóraukna möguleika á persónukjöri til þings og að það verði hægt að kjósa til þings með miklu opnari hætti þar sem að kjörseðill getur í raun og veru verið eins á öllu landinu, þó að það sé áfram einhvers konar kjördæmaskipting að hluta. En, sem sagt, því virkara sem við getum gert lýðræðið þarna, og virkjað alþingiskosningarnar, því betur erum við sett þá með alla restina af keðjunni - stjórnarmyndun, eftirlit með framkvæmdavaldi o.s.fr.v. Þannig að ég held að þarna sé lyklatríði og ákveðin uppspretta í þessu. Ef að við klúðrum þessari uppsetningu á Alþingi, þá mun hitt áfram verða klúður, held ég. Þannig að mín greining á vandanum liggur þarna.

Sko, ef við förum yfir í hitt, að kjósa forsætisráðherra beinni kosningu, þá er náttúrulega mjög líklegt að það sem að gerist er að það verða þá til einhverjar breiðfylkingar í samfélaginu, á bak við kandidata. Það er ekkert ólíklegt að það verði þá fyrst og fremst tveir sterkir kandidatar sem að verði er að klást um. Einhvers konar hægri maður og einhvers konar vinstri maður, svo að það sé nú einfaldað. Og auðvitað getur þetta orðið eitthvað flóknara en það, en fyrir rest, að þá leiðir svona kerfi oft til þess að það eru átök þá um einhverja 2 til kannski 3 sterkustu aðilana. Og menn þurfa ekkert að fara í grafgötur með það, að þetta eru þá svona stóru pólitísku breiðfylkingarnar í landinu, sem munu stilla upp sínum forsætisráðherraefnum. Nú viðkomandi, ja sá sem sigrar í slíkri kosningu, hann síðan stillir upp sinni ríkisstjórn. Reyndar heyrir ég að þeir sem eru að tala hér um beina kosningu framkvæmdavaldsins eru ekkert endilega sammála um það hvort að það sé þá betra, að þetta sé svona bandarískt og franskt kerfi, þar sem að sá sem að sigrar kosninguna, stillir líka upp öllum hinum ráðherrunum. Eða hvort að eigi að kjósa hvern ráðherra fyrir sig. En jafnvel þó að hver ráðherra yrði kosinn fyrir sig, þá væri það auðvitað með sama hætti. Fylkingarnar mundu stilla þeim upp, öllum saman. Og þá erum við með það þannig, að einn kjörinn forsætisráðherra, hann væri að stilla upp allri ríkisstjórninni, það væri ekki sem sagt einhverskonar samsteypufyrirkomulag, þar sem að 2, 3 flokkar ættu aðild að ríkisstjórn. Heldur væri þá sá sem sigrar í kosningunum, stillir upp allri ríkisstjórninni. Og þá lendum við líka í því að, hvað gerist síðan ef að það, ef þetta virkar ekki. Ef að þjóðin, ja, velur einhvern sem “snappar”, eins og Kata hefur orðað það, eða einhvern sem að henni líkar bara ekki við. Þá þarftu að hafa einhvern möguleika til að losna við þennan forsætisráðherra og hver er þá sú leið? Nú, í kerfinu sem að stillt er upp í þingræði, þá er það bara einfaldlega meirihluti þingsins, sem að setur af forsætisráðherra, sem að þinginu líkar ekki lengur við. En í þessu kerfi,

þar sem að forsætisráðherra er kjörinn beint, þá er hann náttúrlega í miklu sterkari stöðu, og situr út sitt kjörtímabil, nema gripið sé þá til einhverra róttækra aðferða, samanber þetta svokallaða impeachment í Bandaríkjunum, sem er mikið ferli, til að koma forseta frá. Og, það sem menn lenda þá í líka, er að menn geta þá verið með pattstöðu milli þings og framkvæmdavaldsins. Og þá til dæmis, það er í raun og veru á báða bóga, að framkvæmdavaldið vill koma í gegn einhverjum tilteknum frumvörpum og þingið er ekki til í það, og stöðvar þau. Og svo öfugt, að þingið vill koma fram einhvers konar stefnu en framkvæmdavaldið er ekki til í að framkvæma hana. Og þá myndast ákveðin pattdastaða og þá þurfa menn að reyna að vinna sig upp úr því. Þannig að, ég aftur, held svona, í ljósi okkar markmiða um lýðræði og valddreifingu, að þá eigum við frekar að fara í skýrara þingræði með skýrari ábyrgð þar sem að er auðveldara að draga framkvæmdavaldið hverju sinni til ábyrgðar, þar sem að ábyrgðarkeðjan er skýr frá þingi til forsætisráðherra, til einstakra ráðherra. Og ég held að tillögur nefndar B um að skoða þær í heild og síðan í tengslum við það sem við ætlum að gera í sambandi við ríkisstjórn, þar sem að verður möguleiki á því, væntanlega, að ríkisstjórn geti unnið sem fjölskipað stjórnvald, þar sem allir ráðherrar taka ákvörðun í sameiningu, að þá fá menn út úr þessu ákveðna heild sem að ég held að svari þessum áhyggju-efnum, nái þessum markmiðum án þess að fara í þessa róttæku leið að kjósa framkvæmdavaldið beinni kosningu, sem er líka áhættusöm. Þetta hefur hvort tveggja kosti og galla og menn þurfa bara að meta hvort fyrir sig. En það að fara alla leið í þennan sterka mann, er áhættusamt, að mínu mati líka. Takk fyrir.

SN

Guðmundur Gunnarsson er næstur á mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

GG

Já takk. Það er nú svona stundum erfitt þegar að maður skráir sig á mælendaskrána og það líða 2 klst. þangað til maður kemst að. Ég verð að taka undir það sem að síðustu tveir ræðumenn hafa sagt. Ég er dálítið undrandi á ummælum nokkurra hérna inni, fyrr. Sem eru meira að segja í C-nefnd, hvernig þeir hafa tekið til orða. Um þessar tillögur B-nefndar vegna þess að í C-nefnd þar er verið að fjalla einmitt um Alþingiskosningar, kjördæmaskipan og þar er verið að tala um það að efla sem sagt þingræðið. Efla Alþingi, þannig að það geti staðið uppi í hárinu á framkvæmdavaldinu. Og efla þingnefndir og hvernig þetta eigi að ganga fyrir sig. Umræður í C-nefndinni hafa snúist um þetta að verulega miklu leyti, og tekið mikinn tíma. Þess vegna finnst manni dálítið einkennilegt að heyra svo aftur tillögur sem ganga í raun og veru þvert á það sem er verið að tala um, þ.e.a.s. þá C-nefndarmanna hérna inni. Og, það sem við erum að tala um inni í nefndinni. Þar er til dæmis það kerfi sem að við höfum verið að ræða um og mér einhvern veginn skilst að minnsta kosti að sé verið að skapast nokkur sátt um, að kosninga-fyrirkomulagið verði með þeim hætti að það liggja fyrir strax á kosninganótt hver verði væntanlegur forsætisráðherra. Það hefur ítarlega komið fram í umræðum í nefndinni. Og, þannig að, og efla þingræðið og þessi sem sagt umræða hefur snúist um það. Þingnefndar-

formenn verði öflugir og geti í sjálfu sér spornað við fótum, sett niður fæturla, þegar að ráðherrar taka einhver strik sem að ekki eru í samræmi við það sem búið er að samþykka, eða hafa kannski aldrei borið undir Alþingi. Það sé í raun og veru Alþingi sem ráði. Og, þannig að, þessi umræða sem að er að fara fram hérna ákkúrat núna, hún hefur farið fram í C-nefndinni að verulegu leyti. Og þá í kringum þetta fyrirkomulag sem við höfum verið að ræða.

Hvað varðar önnur atriði, svo, af því að ég þarf svo sem ekki að endurtaka það sem hefur verið sagt hérna í síðustu tveimur ræðum, að eyða tímanum í það. En hvað varðar önnur ummæli sem hafa komið hérna fram, að þá bara vil ég svona tala af fenginni reynslu, hafandi starfað í félagslegu starfi í alllangan tíma, að þá get ég sagt það, að sko að bara, ef menn ætlast til þess að allir fundir verði sendir þráðbeint út, hvort sem það er í sjónvarpi eða á neti eða annars staðar. Að þá er aftur á móti klárt mál að þeir fundir verða ekkert formlega haldnir. Sko ekki allir fundir. Við getum bara rétt ímyndað okkur, til dæmis þetta starf, sem að um er að ræða, það líkist í mörgu, til dæmis bara þegar menn vinna að gerð kjarasamnings. Þar setja menn jú fram kröfur á báða bóga, síðan hittast menn og fjalla um sem sagt kröfur beggja aðila. Og þar er fleygt fram, svona, af því að menn eru ekki í beinni útsendingu, hugmyndum hvernig og hvort sé hægt að leysa mál á einn veg frekar en annan. Það myndu menn ekki gera í beinni útsendingu, aldrei. Og það er alveg klárt mál að það sama gildir um störf þingmanna, þegar þeir eru á Alþingi. Þar mætast, jafnvel bara segjum, notum þetta orðalag sem menn hafa notað gjarnan, hægri og vinstri menn. Eða sem sagt sérhyggjumenn og svo aftur félagshyggjufólk. Að þar mætast menn með ítrustu kröfur. Og svo henda þeir sín á milli ákveðnum hugmyndum áður en þeir síðan geta jú sameinast um það, hvað þeir ætla að tala um. Þannig að, það að ætlast til þess að þetta starf geti farið fram í beinni útsendingu, allt saman frá upphafi til enda, það er bara útópía. Það gengur ekkert upp. Það mun aldrei gerast. Menn munu finna, eins og hefur komið fram hérna hjá fyrri ræðumönnum, þá munu menn bara einfaldlega finna leið til þess að gera það, einhvers staðar annars staðar, hittast á kaffistofu einhvers staðar, að kvöldi til, til þess að fara yfir það hvað menn treysta sér til þess að ganga langt til þess að ná saman.

Nú, ég líka get alveg hiklaust tekið undir hvert einasta orð sem að Freyja sagði, að það er náttúrlega ákaflega leiðinlegt fyrir fatlað fólk að hlusta á þingmenn og já fleiri, nota sem sagt, ef þeir eru að leggja áherslu á sín orð um það hvað sem sagt einhver tillaga sé vitlaus eða geggjúð eða hvað það er kallað, að þá styðja þeir alltaf sitt mál með því að nota, sem sagt, um andstæðinginn einhver orð sem að, þar sem eru í raun og veru bara viðtekin orð í okkar orðræðu um fólk sem að verður fyrir því óláni að vera örkuðlað eða fatlað með einhverjum hætti. Það er það enginn að eigin vilja. Það er eitthvað sem veldur því og það er alveg klárt mál að viðkomandi einstaklingur, hann kaus það ekki, sko. Og það er náttúrlega nóturlegt að hlusta á orðræðu með þeim hætti að, ja þetta sé einhver helvítis hommatittur, eða eitthvað svoléiðis. Að hann hljóti að vera hommi af því hann er þessarar skoðunar, eða þá fatlaður eða eitthvað þess háttar. Og það er fleira í þeim dúr. Og ég get alveg tekið undir það líka, sem hefur komið fram

hérna, að það fer í taugarnar á mér svolítið þetta orðalag þarna í grein 19. Það má segja þetta með öðrum orðum það sem er þarna, er verið að reyna að segja, sem var lýst hérna ágætlega síðast, í síðustu ræðu. Og má setja þetta upp með þeim hætti að þetta sé svona frekar í jákvæðum tón heldur en neikvæðum, að það sé sem sagt, og má orða það betur. Ég held að, eins og ég segi, ef ég fer að fara ítarlega út í þessa löngu ræðu sem ég er búinn að skrifa hérna, þá væri ég að endurtaka það sem að margir eru búnir að segja og ég ætla að sleppa því. Takk fyrir mig.

SN

Pétur Gunnlaugsson. Þú ert næstur á mælendaskrá.

PG

Formaður og ágætu félagar. Salvör hélt því fram áðan að B-nefndin hefði tekið þá afstöðu að vinna á grundvelli þingræðisreglunnar. Og það mátti skilja það á orðum hennar að sú vinna sem unnin er í B-nefnd og sú lagasmíð sem hefur átt sér stað, sérstaklega varðandi eftirlitskerfið, myndi ekki nýtast ef að valin væri önnur aðferð við að velja forsætisráðherra heldur en að leyfa þingmönnum að velja. Ég er ekki sammála þessu, ég hef kannski misskilið hennar sjónarmið, en ég held að allt sem við höfum gert, eða mest, svona 90% af vinnunni í B-nefndinni, muni nýtast jafnvel þótt að framkvæmdavaldið sé kosið í beinum kosningum. Og ég held líka, og ég get fært rök fyrir því, að sú vinna hún mun nýtast mun betur, ef að kosið verður í beinum kosningum. Því að meirihlutinn í öllum eftirlitsnefndum er auðvitað sá meirihluti sem styður forsætisráðherra. Svo hvers vegna ..., það eru miklu meiri líkur á því að nefnd þingmanna sem væri ekki háð forsætisráðherra, hafi eftirlit með honum, með raunhæfum hætti. Nú, Þorkell minntist á þrennt; það er foringjavelðið, tveggja turna kerfið og takmarkaður tími. Ég hef heyrt þetta áður. Nú ég ætla ekkert að vera að endurtaka það í sambandi við foringjavelðið, við þekkjum það, við höfum reynt af hvernig þessi, mál-in eru hér. Það hefur enginn fært rök fyrir því að þó að kjósendur kjósi forsætisráðherra í beinum kosningum, að það muni leiða til þess að hér verði meiri foringjavelði en verið hefur. En varðandi tveggja turna kerfið, og það er kannski mál sem að menn svona, eru að hugsa um. Ég sé ekki að það kerfi sem við höfum þegar smíðað, í B-nefndinni, sé ekki þess eðlis að það skiptir engu máli í raun og veru hvort að þingið kys þennan forsætisráðherra eða almenningur. Það er alveg sama tveggja turna kerfið. Og ég heyrði engin rök fyrir því.

Varðandi takmarkaðan tíma, við erum að tala um aðferð til að velja forsætisráðherra. Nú Vilhjálmur benti á það, að jú við eigum að treysta þinginu, því þingið er kosið af þjóðinni. Jú, það er rétt. Að vísu treystir almenningur kannski ekki þinginu mjög mikið núna. En, við treystum þinginu til að vinna ákveðið starf, löggjafarstarf. Af hverju eigum við að treysta því að þeir séu að velja framkvæmdavaldið líka? Af hverju getur ekki einhver annar gert það? Af hverju þurfa þeir að fá þetta mikla vald? Og, hann minnst á markmiðin, valddreifingu og lýðræði ... Er ekki meiri valddreifing og lýðræði ef að þingið sér um löggjafarstarfið og svo sjái einhver annar um að velja framkvæmdavaldið? Ég hefði nú haldið það! Það er valddreifing, það er lýðræði. Svo mér finnst nú ekki þetta ganga. En ég held

að við verðum, þegar við erum að skoða þessi mál, að huga að veruleikanum, stjórn mála legum veruleika á Íslandi. Við megum ekki lifa í einhverjum filabeinsturni í þessum efnum. Tökum dæmi: Samsteypustjórn er mynduð, 32-3 þingmenn mynda samsteypustjórn á Íslandi. Af þessum 32-3 þingmönnum þá verða kannski 12 ráðherrar, það er þriðjungurinn. Þriðjungurinn af þinginu! Sem að leggja ... Heyrðu! Hvar hafa þeir haldið sig? Hvað hugsa þessir menn? Þessir 32-3, hvernig get ég orðið ráðherra? Hvaða dyggðir og eðliskosti þarf ég að hafa til að vera ráðherra? Hvað haldið þið? Hugið þið það. Er það ekki undirlægjuháttur gagnvart flokksræðinu? Gagnvart þeim sem er foringinn í flokknum. Menn eru að tala um Davíð Oddsson, ha. Hva, heldur þú að menn hefðu komist langt með því að rífa kjaft við hann. Fyrirgefðu Davíð, ókei, ég vona að þú sért ekkert að hlusta. Menn verða bara að viðurkenna það sem er! Og ég held að ... sko, ég vil heyra sterkari rök en ég heyrði, bæði frá þeim sem eru þessarar skoðunar.

Og svo er annað í sambandi við myndun ríkisstjórnar. Nú er verið að tala um það í raun, að þingið ákveðið þetta. Ég meina ... Við höfum þessa reglu, og hún er ekki lögfest í stjórnarskránni, hvernig á að mynda ríkisstjórn. Það eru svona venjur ... forsetinn veitir umboð. Og þetta hefur svona gengið sémilega ... Nú, á svona aldursforsetinn sennilega, þingsins að koma að þessu, gamall flokksjaf, sennilega ... Hann á að sitja þarna og mynda næstu ríkisstjórn! Ég meina, þið sjáið vel að þetta gengur ekkert upp. Horfum á veruleikann. Markmið, valddreifing og lýðræði og hættum að blekkja okkur í þessu máli. Takk fyrir.

SN

Já ... Ég sagði þetta áðan og með þingræðið, vegna þess að það hefur skýrt komið fram í tillögum B-nefndar þegar að þær hafa verið kynntar, að þær séu þingræðismegin þó að það sé vissulega hafi líka komið fram að það sé skilningur sumra, eins og þú varst að segja Pétur, að það mætti nota tillögurnar líka hinum megin. Og þá hefur hún skilgreint samt vinnuna innan þingræðisreglunnar.

En næstur talar Ástrós Gunnlaugsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÁG

Já. Takk ágætu félagar. Mig langar að byrja á því að þakka Freyju fyrir hennar innlegg varðandi 19. greinina, um friðhelgi þingmanna. Ég er mjög sammála mörgu sem að kom fram, en ég tek þó undir þær áhyggjur sem að Vilhjálmur kom fram með, varðandi að það sé hægt þá að nota ákæru gagnvart þingmönnum sem ákveðið kúgunartæki, til að koma þeim út af þingi. En ég er þó sammála því sem Freyja kom inn á, að þetta er óþarfa verndun á einhverjum ákveðnum þjóðfélagshópi sem að ætti bara að búa við sömu lög og reglur og aðrir.

Svo ætla ég nú kannski ekki að endurtaka allt sem Þórhildur sagði varðandi setutíma ráðherra en ég er henni hjartanlega sammála í öllu sem að hún kom þar inn á. Og myndi helst líka vilja sjálf takmarka setutíma við nánast öll opinber embætti, þar á meðal líka alþingismenn og nefndarmenn. Og svo ég svari samnefndarmanni mínum Erlingi, varðandi hvort að núverandi ríkisstjórn væri betri ef að Jóhanna og Stein-

grímur hefðu ekki hátt í 30 ára reynslu á bakinu sem þingmenn og ráðherrar. Að þá tel ég, já. Að ástandið væri betra. Ég held að það væri betra ef að þarna sætu í þessum forystusætum einstaklingar með hreinan skjöld sem að væru ekki fastir í fortíðinni og persónulegum deilum við íhaldið og kommúnisma, sem að var til hér á árum áður, að mínu mati. Og ástandið væri betra ef þarna sætu einstaklingar sem að væru ferskir í tengslum við þjóðina og væru tilbúnir til að horfa fram á veginn, en væru ekki fastir í áratugalöngum persónulegum deilum. Þannig að svar mitt er já. Og styður það minn stuðning við að takmarka setutíma. Og svo aðeins að koma inn á varðandi beina kosningu framkvæmdavalds. Ég er ekkert lokuð fyrir þeirri hugmynd. Mér finnst að, þótt að ég sé hlynntari þingræðinu, þá hlakka ég til að sjá þessar tillögur sem munu koma fram frá Lýð og félögum varðandi hana. Ég hef þó smá áhyggjur af því ef á að kjósa alla ráðherra, og sérstaklega ef þetta er persónukosning, að sællar minningar Stjórnlagabingskosningarnar kæmu upp aftur og það væru 522 einstaklingar til dæmis, að bjóða sig fram í hvert ráðherraembætti, þá væri þetta dálítið flókið. En, takk fyrir mig.

SN

Eiríkur Bergmann Einarsson er næstur á mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

EBE

Kæru félagar. Mér finnst þetta nú satt að segja svolítið hátíðleg stund hérna. Að vera að ræða þennan heildar-kafla um þingið, hann virðist vera langt kominn, og lengra en ég átti í sjálfu sér von á að við myndum vera á þessum tíma. Ég vil fyrst segja það, að eins og þið vitið, eftir fyrri yfirlýsingar mínar að þá hef ég eindregið verið fylgjandi því að kjósa ríkisstjórn beinni kosningu, en hef þó fallist á þá aðferð sem að unnið hefur verið eftir í B-nefnd að reyna að ná fram meginmarkmiðunum sem að felast í því kerfi, innan ramma þingræðisins. Og enn sem komið er að þá get ég áfram fallist á þá málamiðlun. Ég vil einkum gera hér að umræðuefni 28. greinina um stjórnarmyndun, því að mínu viti er hún punkturinn yfir i-ið, eins og einhver nefndi, í akkúrat þeirri viðleitni, þeirri vinnu, og er eiginlega lykillinn að því að ég get fyrir mitt leyti fallist á þingræðisleiðina. Mér finnst mjög brýnt að ef við ætlum á annað borð að vinna með þingræðisskipulag og kjósa ríkisstjórn ekki beinni kosningu, að þá sé það sjálft Alþingi sem að hafi veg og vanda af því að mynda ríkisstjórnina. Eins og það auðvitað gerir núna, þó að þessi útúrdúr sé hafður með, þarna á Bessastöðum, eins og nú er sem er nú ekki, sem flækir eiginlega bara ferlið eins og það er núna. En að taka það fram með skýrum hætti í fyrstu setningu, eins og gert er í Finnlandi, að Alþingi kjósi forsætisráðherra er lykilatriði í mínum huga.

Íðan höfum við rætt í kjölfarið á því, og þess vegna eru nú þessir hornklofar, hvort að það sé, að einhver annar þurfi að koma að skipuninni, heldur en þingforsetinn sem að mér finnst nú eðlilegast að það sé bara einfaldlega í höndum þingforseta að skipa forsætisráðherrann. Að þá hafa komið fram þau sjónarmið að forseti Íslands geti hugsanlega tekið það að sér að skipa forsætisráðherra fyrir hönd Alþingis, sem að mér finnst nú eiginlega svolítið sérkennilegt, að forseti hafi

það með höndum. Mér finnst að það eigi að vera inni í þinginu, en væri þó kannski ekki frágangssök af minni hálfu, að það fengi að vera áfram þarna inni. Og ég vil líka segja það að þetta ákvæði hefur auðvitað ..., það hefur farið mjög mikill tími í þetta ákvæði. Við fengum hér athugasemdir fyrir viku, rúmri, um ákkúrat þetta ákvæði. Og ég held að við höfum náð að taka tillit til flestra sjónarmiða sem þar koma fram. En ákvæðið er auðvitað málamiðlun. Og það er enginn þar sem fær fram sínar ítrustu óskir, í þessu ákvæði, fremur en kanski öðrum. En það er orðið mjög gott og að mínu leyti forsenda fyrir þessu kerfi sem að við leggjum hér upp með og við erum loksins að sjá heildstætt héra fyrir framan okkur. Og það er ákkúrat þess vegna sem mér þykir þetta mjög merkilegt tilefni.

Nú, ég ætla ekki að orðlengja þetta mikið lengur. Ég ætla bara aðeins að nefna það sem að menn hafa talað um varðandi friðhelgi þingmanna. Og ég skil auðvitað mæta vel þau sjónarmið sem hér hafa verið uppi, að þingmenn eigi ekkert að hafa neina sérstaka vernd umfram aðra. Staðreyndin er einfaldlega samt sem áður sú, að er mjög brýnt að standa vörð um rétt þingmanna sem kosnir eru af fólkinu í landinu og hafa það hlutverk með höndum að beita stjórnvöld aðhaldi. Og það er nú ekki óþekkt í sögunni að ríkisvald hafi í gegnum lögreglu eða sem sé aðra valdþætti, reynt að klekkja á pólitískum andstæðingum sínum. Og það er þess vegna sem að í flestum lýðræðisríkjum er að finna ákvæði um aukna vernd þingmönnum til handa, því þeir eru jú í sérstakri stöðu. Það er þeirra hlutverk og þeirra skylda að hafa eftirlit með framkvæmdavaldinu. Og það er akkúrat það sem að þessi klásúla fjallar um og gengur út á. Ég get svo sem alveg tekið undir það að það mætti alveg taka annan snúning á orðalaginu. En inntakið í þessari klásúlu finnst mér að verði að vera, og þetta er allt partur af þessari samhangandi hugsun, um að styrkja þingið gagnvart framkvæmdavaldinu. Og þetta er eitt af þeim ákvæðum sem að lúta að því. En ég læt hér staðar numið, þó ég gæti nú haldið áfram. Takk.

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel. Þú ert næstur.

ÓR

Já, formaður og gott ráðsfolk og aðrir. Ég vil minna á það að allir sem ég tala við og hitti alls staðar úti á landi og hér í bænum, eru ánægðir með það að við höfum tekið stökk fram á við í okkar vinnubrögðum. Samt erum við að sjálfsögðu með nefndarfundi sem eru ekki opnir. Og þetta er mikill munur samt, að fólk úti á landi og um allt land, getur núna fylgst með því sem er að koma frá nefndunum og er að breytast jafn-óðum. Það er stórt stökk frá því sem að Alþingi hefur gert, og við þurfum ekkert að opna alla fundi því þá verður alltaf farið fram hjá því.

Ráðuneyti, ráðherra, að ráða. Þetta er mjög slæmt nafn en við skulum halda okkur við það vegna þess að við sjáum, sko minister á erlendu máli þýðir þjónn. Og svo erum við með ráðherra, sem ræður. En við verðum bara að athuga það að orð breyta um merkingu, embætti er sama orð og ambátt. En nú er það svoléiðis að allir tala um feitt embætti og gott embætti, og embættismenn að þeir stjórna fólkinu og fólkið á að þjóna embættismönnum, en ætti auðvitað að vera

öfugt. Svo bara smá fróðleikur hérna. Hermann Jónason var forsætisráðherra í 10 ½ ár, svo hann fór ekki yfir 12 árin. Ólafur Thors var forsætisráðherra í 8 ½ ár, fór ekki yfir 10 árin og Steingrímur Hermannsson í 7 ár. En ráðherrarnir sem sátu lengst, það voru Gylfi Þ. Gíslason sem sat í 15 ár, hann hefði orðið að hætta þá 1964 og átti þá eftir lang glæsilegasta hlutann af ferli sínum sem besti menntamálaráðherra sem að við höfum átt. En Eysteinn Jónsson toppar allt, hann sat í 20 ár. Og spurningin var hvort að það spillti Eysteini. Ég get varla ímyndað mér það, því hann sat í svo mörgum ríkisstjórnnum að það var eins og svakalega ólíkar að það var með ólíkindum hvað sá maður gat verið fjármálaráðherra fyrir bæði vinstri og hægri, miðju og hvað sem var. En í lokin bara svona til þess að kveðskapur sé nú í hávegum hafður, þá datt mér þetta í hug áður en við fórum síðast út fyrir matarhléð, að Örn Bárður Jónsson og Ari voru búnir að tala um það að þeir væru hirðarnir í okkar samfélagi hérna. Annar væri hirðir sauðanna, hinna venjulegu sauða sem við þekkjum, sauðkindarinnar og hinn reyndar með biblíulega tilvitnun um það að góði hirðirinn fyrir safnaðar meðlimi. Og svo vorum við með umræður, þar sem að við fórum hérna fram og tilbaka í þjóðkirkjunni:

*Örn Bárður og Ari minn
eru hirðar kindanna,
en þjóðkirkjan fer út og inn
eftir blæstri vindanna.*

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir fær síðasta orðið fyrir hlé. Gjörðu svo vel, Þórhildur.

ÞÞ

Já, þau verða hvorki mörg né merkileg. Ég ætlaði aðeins bara, af því að ég hef eiginlega gleymt að taka það fram, hvað eftir annað, að varðandi setutíma ráðherra að þá finnst mér, mundi ég sjálf leggja til, ef ég réði ein, að það væru ákvæði um það að ráðherrar ættu að segja af sér þingmennsku um leið og þeir settust í ráðherrastól, og ættu því aðeins afturkvæmt inn á þing að þeir færu aftur í framboð. Og ég held að þetta mundi tryggja mjög mikið þennan aðskilnað. Og það mundi líka gera það að verkum að menn þyrftu að hugsa sig verulega um, og það væri raunverulegt, kannski dálítið erfitt val, hvort þeir vildu setjast í ráðherrastóll. Þannig að þetta hékk nú einhvern tímann aftan við hjá mér, en hefur svona horfið út vegna þess að ég hef svo sem ekki fengið neinn hljómgrunn fyrir þetta en vildi nú koma þessu á framfæri. Varðandi fagraráðherra, þá finnst mér sjálfsgagt, eins og við höfum öll talað um, að það sé hægt að sækja ráðherra út fyrir þingið. En við skulum varast að gleyma því alveg að fólk er kosið á þing á grundvelli hugmynda en ekki á grundvelli fagþekkingar. Og ráðherrar geta sótt sér fagþekkingu hvenær sem þeir vilja. Mér finnst þetta svona draga, þetta orðalag draga oft úr því að menn vilji framkvæma hugmyndir og hugsjónir, heldur sé þetta bara faglegt. Það er ekkert alltaf bara faglegt, skoðanir ráða miklu um það hvað telst faglegt og hvaða hluta fagsins maður vill nota. Ef þetta er svona einfalt þá getum við bara látið háskólapróf gilda, sem þú hafir einungis kjörgengi ef þú hefur svo og svo mörg háskólapróf

í svo og svo mörgum fögum, og kjósum þannig. Að lokum, þá féllu hér dálítið sérkennileg orð áðan sem mér finnst ihugunar virði, af því að menn eru nú fljótir að fara svona, það má ekki tala um hann og hún, og ýmislegt sem að menn vilja ekki ræða, og þetta er nú bara tungumálið. Gott dæmi um það hvað menn tala óvarlega og sjá ekki í gegnum orð, var að hér var talað áðan um fyrirmyndaríkið Sviss. Og það var notað orðið frjálsbornir menn. Ég ætla bara að minna á það að þessir frjálsbornu menn, þeir stóðu gegn sjálfsögðum mannréttindum kvenna áratugum saman og sviptu þær sjálfsögðum réttindum eins og kosningarétti. Svo frjálsbornir voru þeir nú. Takk.

SN

Þá gerum við hlé í 15 mínútur. Takk fyrir.

SN

Þá byrjum við aftur eftir hlé og ég ætla að gefa Katrínu Fjeldsted orðið til að taka saman og bregðast við þeirri umræðu sem hér hefur verið, formanni nefndar B. Gjörðu svo vel, Katrín.

KF

Takk fyrir það formaður. Ég ætla nú ekki að fara í smáatriðum ofan í allar þessar athugasemdir, þær eru margar gagnlegar og sumar ýttu verulega við manni, og hressileg ræða Péturs Gunnlaugssonar hérna, tvívegis, ræður hans, vöktu auðvitað upp ýmsar spurningar. Ég ætlaði samt að draga fram að athugasemdum Péturs um þessi haldbæru rök sem hann þyrfti til að geta skipt um skoðun. Mér finnst nú Þorkell hafa svarað því nokkuð vel, og sömuleiðis Vilhjálmur og Guðmundur Gunnarsson. En við höldum áfram að ræða um þetta mál í B-nefndinni. Þannig að þó þetta fari inn í áfangaskjal nú, þá er umræðunni ekki lokið. Það minnst nokkrir hér á opna fundi þingnefnda. Ég er á því sem margir hafa nefnt, að þingnefndarfundir séu vinnufundir og illa framkvæmanlegt að hafa þá opna í sjálfu sér þó að útkoma, próduktið, frumvarpið í endanlegri mynd, auðvitað, sé þar með, það er kynnt bæði minnihluta og meirihluta, og þar með er verið að reyna að tryggja aðkomu að endanlegri gerð frumvarps.

Hvað ... ég var nú búin að punkta hjá mér svona, ýmis atriði. En eitt af því var með hvort að það ætti að vera friðhelgi á alþingismönnum. Og Freyja dró fram mjög skýra mynd af því af hverju það ætti e.t.v. ekki að vera. Það er auðvitað í mörgum stjórnarskrám getið um slíka friðhelgi, en þýska stjórnarskráin til dæmis hefur enga friðhelgi gagnvart meiryrðum. Þannig að sú aðferðafræði er líka þekkt. Varðandi valkostina okkar um setutíma ráðherra. Þá sýnist greinilega sitt hverjum. Við vissum það svo sem innan nefndarinnar, en hins sama gætir greinilega í ráðinu öllu. Þannig að það er annað atriði sem greinilega er ekki útrætt. Og loks greinin stóra um stjórnarmyndun, sem að varð að aðalræðuefni hér. Það var svona eitt af aðal umræðuefnunum. Við teljum, ja, við erum ekki lent. Við viljum auðvitað ræða þetta áfram, þó þessar greinar fari inn í áfangaskjalið núna, þá mun nefndin að sjálfsögðu taka þetta, vinna áfram að þessu. Og það er alveg rétt sem kom fram hér, að það þarf einhvers konar viðlagaákvæði hvað varðar utanþingsstjórn til dæmis, og hvernig taka skuli á því. Og þar er ljóst að

slík grein er ekki komin fram, en hún er í vinnslu og hún mun skila sér hingað inn, væntanlega þá í næstu viku. Þannig að ég fullvissa menn um það að þó við komum þessum greinum núna inn í áfangaskjalið, þá mun nefnd B áfram vinna að þessu. Takk fyrir.

SN

Já, ég þakka formanni B-nefndar fyrir bæði kynninguna hér áðan og síðan samantektina hér í lokin, og nefndinni allri. En þá er komið að því að bera upp tillögu B-nefndar til atkvæðagreiðslu. Og ég bið þá sem samþykkja að hún fari inn í áfangaskjalið að rétta upp hönd, gjörið svo vel. Þeir sem eru á móti, rétta upp hönd. ... Og sitji einhverjir hjá, þá

4. skýrsla og tillögur B-nefndar

SN

Þá er komið að tillögum B-nefndar um nýjan texta í áfangaskjalið um forseta Íslands, sem lagður hefur verið fram til kynningar. Og formaður B-nefndar, Katrín Fjeldsted, tekur aftur til máls. Gjörðu svo vel, Katrín.

KF

Formaður, góðir áheyrendur. Hér eru lagðar fram til kynningar tillögur B-nefndar að texta í áfangaskjal. Lagðar fram til kynningar. Þær hafa verið til umræðu all lengi inni í B-nefnd. Embætti forseta Íslands er jú merkilegt embætti og við höfum að sjálfsgöðu fjallað um það frá ýmsum hliðum, samspil stjórn mála, menningarhlutverks og allt þar á milli. Við teljum að skýra þurfi hlutverk, störf og ábyrgð forseta, og það er í samræmi við vilja Þjóðfundar. Núverandi stjórnarskrá er að ýmsu leyti óljós um þessi atriði, sérstaklega vegna þess að það hafa jú orðið nokkrar breytingar á hlutverki embættisins, en sömuleiðis þegar farið er yfir greinarnar sem lúta að embætti forseta Íslands í samhengi og í heild sinni, þá kemur víða fram að forsetinn gegnir hlutverkum sem hann ber ekki ábyrgð á og það er jú tekið sérstaklega fram í upphafi stjórnarskrárinnar um forseta, að hann sé ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Samt er honum falið að undirrita hitt og þetta og taka þátt í hlutverkum, eins og ég segi, sem hann ekki ber ábyrgð á.

En sjálfstæð pólitísk hlutverk forseta í stjórnarskrá eru einkum tvö. Annars vegar kemur hann að myndun ríkisstjórna og hins vegar hefur hann það val að synja lagafrumvörpum staðfestingar, frumvörpum sem taka engu að síður gildi, en eru send í þjóðaratkvæði. Við höfum farið yfir þau ákvæði sem lúta að forseta Íslands, með þetta ábyrgðarhlutverk í huga, út af því megin sjónarmiði að ábyrgð og vald eigi að fara saman í mestu. Og þannig höfum við fjallað um löggjafarvaldið og framkvæmdavaldið. Og reynt að skýra þessar línur. Verkefni forsetans eru sem sagt fyrst og fremst tvö sem að teljast mega vera pólitísk, en svo eru fjöldamörg önnur atriði talin upp, gefa út bráðabirgðalög. Það er að á tillögu forsætisráðherra að gera samninga við önnur ríki, það er ætíð að tillögu ríkisstjórnar, að veita embætti sömuleiðis að tillögu ríkisstjórnar, og veita náðanir og almenna uppgjöf saka og fleira mætti telja. En út frá þessum sjónarhóli höfum við samið eða endursamið eða ákveðið að flytja eftirtaldir 15 greinar sem lúta að forsetaembættinu og mun ég nú fara yfir þær. Það er jú ljóst að við höfum nokkuð stuttan tíma

til umræðna í dag, því að klukkan er að halla í fjögur. Og C-nefndin á eftir að koma sínum tillögum að. Svo að ég ætla að reyna að vera stuttur. Og auðvitað verður opnað fyrir umræður, en okkur gefst færi á að halda þeim áfram þegar við hittumst næst, geri ég ráð fyrir.

1. greinin er, samhljóða tillögu Stjórnlaganefndar. Í núverandi stjórnarskrá segir: Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn. Við leggjum til að segja: Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann er þjóðkjörinn.

Í 2. lagi um kjörgengi forseta. Þar viljum við orða greinina svo: Kjörgengur til forseta er sérhver [35 ára gamall] ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum um kjörgengi til Alþingis. Og órstutt um þetta, þarna eru tekin af tvímæli um að forseti skuli vera íslenskur ríkisborgari. Það er ekki í núverandi stjórnarskrá. Og það sé talið eðlilegt að sömu kjörgengisskilyrði gildi um forseta og um alþingismenn, þ.e.a.s. óflekkað mannorð og geta ekki verið hæstaréttardómarar. Forseti verður að eiga lögheimili á Íslandi með þessu. En við setjum hornklofa utan um aldurinn 35 ára, þar sem þau sjónarmið komu fram við umræður í nefndinni, að það ætti ekki að hafa neinn aldur tiltekinn. Það væri bara miðað við 18 ára aldur, svo ekki væri gert upp á milli fólks, aldurslega séð.

Nú 3. tillagan er um forsetakjör. Þar er ekki mikil breyting hjá okkur, frá því sem Stjórnlaganefnd lagði til. Í núverandi stjórnarskrá segir að forseti skuli kjörinn beinum leynilegum kosningum af þeim sem kosningarétt hafa til Alþingis. Og síðan talið upp að minnst 1500 kosningabærir menn og mest 3000, geti mælt með forsetaefninu. Og sá sem flest fái atkvæði sé réttkjörinn forseti, ef fleiri en einn er í kjöri. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann réttkjörinn án atkvæðagreiðslu. Ekki nánar um það.

En í okkar tillögu segir: „Forseti er kosinn í leynilegri atkvæðagreiðslu þeirra er kosningarétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst eins af hundraði kosningabærra manna og mest tveggja af hundraði.“ Þessar tölur eru enn ekki fastnegldar, en allavega var uppi sú skoðun að setja frekar hlutfalls-tölu heldur en fjölda. „Kjósendur skulu raða fram-þjóðendum, einum eða fleirum að eigin vali, í forgangs- röð. Sá er best uppfyllir forgangs- röðun kjósenda, eftir nánari ákvæðum í lögum, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kosningu forseta.“

Eins og þið heyrið þá er þetta tilraun til að koma SVT kosningaaðferðinni inn í tillöguna. Þó maður sjái kannski fyrir sér að einhvern tíma í framtíðinni, eftir 10 eða 20 ár verði komnar allt aðrar aðferðir til að kjósa hvað sem er. En, allavega kynnum við þetta svona. 1% kosningabærra manna nú, er um 2400 manns. Þannig að það er svo sem ekki mikill munur á þessu og því sem að Stjórnlaganefnd lagði til að, sem að var, að það væru minnst 3000 en mest 6000 manns. Læknirinn í hópnum sagði eitthvað sem svo að ef að kæmi nú drepsótt á Íslandi sem færi með einhverjar tugþúsundir manna, að þá væri erfitt að vera með svona tölur inni. Það er eðlilegra að hafa þrósentu. Þetta er ekki svartsíni.

Þá er það kjörtímabil forseta. Þar er í stjórnarskrá sagt að kjörtímabilin hefjist 1. ágúst og endi 31. júlí að fjórum árum liðnum og forsetakjör fari fram í júní eða júlí mánuði það ár er kjörtímabil endar. Og við erum

með þetta ósköp svipað. Við höfum þó ákveðið að bæta við inn í umræðuna því, að forseti skuli ekki sitja lengur en 3 kjörtímabil. Þetta er í samræmi við annað sem við höfum verið að ræða, við vorum að ræða hér fyrr á fundinum um setutíma forsætisráðherra, setutíma annarra ráðherra. Og það er eðlilegt að umræða fari fram um það, hvort á sama hátt eigi ekki að takmarka setutíma forseta. En þetta er sett í enn einn frægan hornklofa.

Þá er það 5. greinin um fráfall forseta. Það er ósköp svipað og verið hefur: „Falli forseti frá eða láti af störfum áður en kjörtímabili er lokið skal kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu.“ Þetta er ör-lítill orðalagsbreyting en eiginlega efnislega alveg eins og í núverandi stjórnarskrá.

Í 6. grein eru nokkur nýmæli. Í núverandi stjórnarskrá lýsir því að verði sæti forseta laust eða hann geti ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, þá komi þessir handhafar forsetavalds sem menn þekkja, forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar inn sem handhafar og fari með forsetavald. Og það sé forseti Alþingis sem stýri fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra á milli, ræður meiri hluti. Tillaga okkar gengur út frá að einfalda þetta. Við segjum: „Geti forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum, fer forseti Alþingis með forsetavald“.

Þetta tengist auðvitað því að í fyrri tillögu frá okkur höfum við gengið út frá því að forseti Alþingis sé kjörinn af 2/3 hlutum þingmanna. Að hann sé þannig verðugur handhafi forsetavalds, og það sé óþarfi að hafa þrjá í því hlutverki. Sömuleiðis viljum við einfalda orsakirnar fyrir því að handhafar forsetavalds komi saman, til dæmis það að dveljast tímabundið erlendis er svolítið öðruvísi núna heldur en fyrir áratugum þegar þetta ákvæði var sett inn. Það er þungt í vöfum og ónauðsynlegra í nútímanum en fyrr á tímum. Svo við einföldum þetta ákvæði verulega. En nýnæmið er sem sagt það að það sé forseti Alþingis einn sem sinni þessu hlutverki.

Í 7. grein er fjallað um starfskjör forseta, þar segir í núverandi stjórnarskrá: „Forseti lýðveldisins má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaafvinnufyrirtækja. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.“

Það er að okkar álit ekki ástæða til að tiltaka sérstaklega í stjórnarskrá að handhafi forsetavalds fái sömu greiðslur og forseti, heldur megi telja eðlilegt að greiðsla til handhafa forsetavalds, sé innifalið í starfskjörum hans. Enda eru skyldur sem því verkefni tengjast óaðskiljanlegur og fyrrsjáanlegur hluti af embættisskyldum forseta Alþingis. Og slíkar breytingar mætti þá gera með lögum. Þannig að okkar tillaga er svohljóðandi: „Forseta Íslands er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þó ólaunuð séu. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.“

8. greinin er eður forseta. Í stjórnarskránni segir að forsetinn vinni eiu eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann taki við störfum. Og af eiðstað þessum eða heiti skal gera tvö samhliða frumrit. Geymir

Alþingi annað en þjóðskjalasafn hitt. Við einföldum þetta. Í ljósi hefðarinnar teljum við ekki líklegt að menn hætti að geyma undirritaðan eiðstaf forsetans. Og það þurfi ekki að tiltaka það í stjórnarskrá, að hefðin sé orðin rík af því. Og tillaga okkar er því sem hér segir: „Forseti Íslands undirritar eiðstaf að stjórnarskránni er hann tekur við störfum.“ Þarna kemur aftur eins og fyrr á þessum fundi, spurningin um orðið heit eða eiu eða drengskap. En við töldum að eður og eiðstafur myndi geta, mætt mannréttindasjónarmiðum og trúfrelsisákvæðum, þannig að við gerum orðið eiu að tillögu okkar.

9. greinin er um ábyrgð forseta. Í núverandi stjórnarskrá segir að forseti lýðveldisins sé ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna, þ.e.a.s. handhafa forsetavalds. Forseti verður ekki sóttur til refsingar, nema með samþykki Alþingis. Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eiu störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til er úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn. Nú hlýtur krafa Alþingis eiu samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga.

Í skýrslu Stjórnlaganefndar er talsvert ítarlegra ákvæði sem ég ætla ekki að lesa hér, en tillaga B-nefndar er að sleppa þessu með að forseti lýðveldisins sé ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum, í ljósi þess sem að ég var að segja hér áðan, að við teljum að allir eigi að bera ábyrgð á þeim athöfnum sem þeir taka þátt í. Og þar með að sjálfsögðu forseti Íslands. En með því að skýra hlutverk hans, að þá, það eru rökin fyrir því að taka þessa setningu út. Þá myndi greinin hefjast á þessum orðum: „Forseti verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis.“ Og síðan koma tveir valkostir um framhaldið. Valkostur I segir: „Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef tillaga um það er samþykkt með 2/3 hlutum atkvæða á Alþingi.“ Þarna er verulega aukinn meiri hluti Alþingis skilyrði fyrir því að forseti sé leystur frá embætti.

Valkostur II segir: „Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti ekki störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.“ Nú auðvitað eru margar tillögur, mörg ákvæði undantekningartilviksákvæði, þetta er svolítið langt nafnorð. En, og undir venjulegum kringumstæðum nýta menn ekkert svona grein. En hún verður auðvitað að vera til staðar, alveg eins og hverjar aðrar varúðarráðstafanir og reglur sem eru settar sem leikreglur í þjóðfélagi. Nú munurinn á þessu er sá, hvort um þjóðaratkvæðagreiðslu er að ræða um það að forseti sé leystur frá embætti eða ekki. Og maður gæti séð fyrir sér einhvers konar veikindi forseta, sem væru þess eðlis að það væri mjög óeðlilegt að um þau væru greidd atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þannig að, ég er svo sem ekk-

ert að taka afstöðu til þessara valkosta í sjálfu sér. En umræðan auðvitað átt sér stað í nefndinni og þetta er að sjálfsögðu aðeins ætlað ítrustu undantekningartilvikum.

10. grein. Í stjórnarskránni segir: „Forseti lýðveldisins hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni.“ Og Stjórnlaganefnd vildi hafa bara eins. Við stingum upp á því að þessi grein, eða þetta ákvæði falli bara brott. Með hliðsjón í öðrum stjórnarskrám og hvernig menn haga sér í öðrum ríkjum, þá er yfirleitt ekki tekið fram hvar þjóðhöfðingi hefur aðsetur sitt.

11. grein er um vald forseta. Þar segir í stjórnarskrá, 18. grein: „Sá ráðherra, sem mál hefur undirritað, ber það að jafnaði upp fyrir forseta.“

Og í 19. grein: Undirskrift forseta lýðveldisins undir löggjafarmál eða stjórnarerið veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum. Við lítum svo á að þetta lýsi ekki raunverulegum völdum forseta. Völdin eru þarna í höndum ráðherra og við leggjum til að þessi grein falli brott. Þar sem þetta sé óþarft formsatriði.

Nú, 12. greinin, 12. tillagan, er um ríkisráð. Í 16. grein stjórnarskrár segir: „Forseti lýðveldisins og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti. Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði.“ Og Stjórnlaganefnd útfærir hlutverk ríkisráðs með tveimur valkostum en okkar niðurstaða er sú að þetta ákvæði ætti helst að falla brott, þar sem ríkisráð hafi í nútímanum ekkert efnislegt hlutverk. Það kemur saman tvisvar á ári, og það er löngu búið að afgreiða og staðfesta og birta upplýsingar um lög og aðrar stjórnarráðstafanir, þegar slíkur ríkisráðsfundur á sér stað. Þannig að meiningin með ríkisráðsfundum eins og ákvæðin lýsa í stjórnarskrá, er ekki raunveruleiki lengur. Og má jafnvel segja að lýsingin á því hvað ríkisráð átti að gera, sé undanfari verkefna sem ríkisstjórn hefur með höndum.

Nú 13. grein er um framlagningu stjórnarfrumvarpa, og þetta er undir forsetakaflanum vegna þess að í 19. grein stjórnarskrárinnar segir: „Forseti Íslands getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkt. Við höfum teiknað upp allt öðruvísi módel í umfjöllun okkar í B-nefnd og kynnt í ráðinu, hvernig staðið skuli að framlagningu frumvarpa og við leggjum því til að þessi grein um framlagningu stjórnarfrumvarpa falli brott.“

14. grein er um setningu Alþingis. Í stjórnarskrá, í 22. grein segir að forseti lýðveldisins stefni Alþingi saman. Og í 23. grein að hann geti frestað fundum Alþingis. Heilmikil umræða átti sér stað um þetta. Og í fyrstu vorum við eiginlega á því mörg okkar að forseti ætti ekki í sjálfu sér neitt erindi eða ætti ekki endilega að eiga aðkomu að setningu þingsins. En eftir því sem umræðan hefur þroskast og þróast, að þá höfum við sett inn orðalag sem að við kynnum fyrir ykkur hér, sem segir í rauninni og byggir á því að aðkoma forseta Íslands að setningu þingsins, samrýmist vel því hlutverki sem að við mörg sjáum fyrir okkur, sem er menningarhlutverk, hlutverk forseta að vera sá sem gætir að menningu og gildum og vera okkar lýðræði í þjóðfélaginu. Að það fari bara vel á því, að hann stefni saman og setji Alþingi. Þannig að greinin sem ég kynni fyrir ykkur hér, er svohljóðandi: Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert. Forseti stefnir einnig saman

og setur Alþingi að tillögu forseta þess eða meirihluta þingmanna. Þetta gerir forsetaembættið sýnilegt við setningu þingsins. Það gefur forseta lýðveldisins sem sameiningartákni þjóðarinnar, tækifæri við setningu hvers þings, að láta í sér heyra, tjá sig og vera þá rödd þess almennings sem að kys hann, hana.

15. greinin er um náðun og sakaruppgjöf. Þar er nokkuð ítarlega kveðið á í núverandi stjórnarskrá, í 29. grein og 30. grein, um það hlutverk forsetans. Hann getur samkvæmt þeim ákveðið að saksókn fyrir afbrot skuli falla niður, ef ríkar ástæður séu til. Hann náði menn og veiti almenna uppgjöf saka. Reyndar ekki ráðherra. Og svo að hann geti veitt, annaðhvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum, undanþágur frá lögum, með reglum sem farið hefur verið eftir hingað til, segir stjórnarskráin. Við teljum að 30. greinin, þessi sem að ég las síðar, þarna með að fela öðrum undanþágur frá lögum, sú grein eigi að falla niður. Það sé ekki, og að það sé ekki ástæða til þess að forseti Íslands hafi heimild til að fella niður saksókn. Það byggjum við á því að ríkissaksóknari eigi að vera sjálfstæður í störfum sínum og það grípi þá ekki einhver annar inn í verk hans. Auk þess er það samdóma álit sérfræðinga í stjórnskipunarrétti að þessi 30. grein núverandi stjórnarskrár sé úrelt, og benda á að hana megi rekja til dönsku stjórnarskrárinnar frá 1849. Þannig að okkar tillaga er sem hér segir, um náðun og sakaruppgjöf, breytt 29. grein og 30. grein felld niður: „Forseti Íslands getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem Hæstiréttur hefur dæmt vegna ráðherra-ábyrgðar, nema með samþykki Alþingis.“ Og loks er það grein sem að er að vísu herna á vitlausum stað, en er um birtingu laga. Hún slæddist hér óvart með. En ég les hana bara svo að við þurfum þá ekki að kynna hana tvisvar. En það er um stjórnarskrána, í rauninni að birta skuli lög um birtingarháttu og framkvæmd laga fari að landslögum, segir í núverandi stjórnarskrá. Og við hnykkjum á þessu að einkum út frá því að lög og stjórnvaldsfyrirmæli séu ekki afturvirk, hafi ekki áhrif fyrir en eftir að þau eru birt. Og þess vegna er greinin svohljóðandi: Birta skal lög, stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Lögum og fyrirmælum má aldrei beita fyrir en eftir birtingu þeirra. Um birtingarháttu og gildistöku fer að landslögum. Takk fyrir.

SN

Já ég þakka formanni nefndar B fyrir kynningu á kafla um forseta Íslands og nú er mælendaskrá opnuð. Ég vil líka bara ítreka strax að við eigum talsvert eftir dagskránni, þannig að við komum til með að fara dálítið yfir fimm, ég held að það sé nokkuð ljóst. Hversu mikið veit ég nú ekki, get ég ekki spáð um hér. En við megum búast við að sitja hér eitthvað áfram. Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Formaður, gott ráðsfolk. Ég ætlaði nú bara að vera fyrstur til vegna þess að ég er með herna smá eftirhreyntur frá því áðan. En ég vil þakka formanni B-nefndar fyrir greinargóða lýsingu á mjög fallegum texta um æðsta embætti þjóðarinnar. Og það er tekið fram að þetta sé þjóðhöfðingi okkar. Og mér list bara mjög vel á þetta allt saman.

En af því að við vorum áðan tala um það að hér væru erfiðir kostir sem við ætluðum kannski að reyna að skjóta fram í sambandi við ráðherraráði, án þess þó að draga neitt úr því góða verki sem að B-nefndin er að vinna núna í að klára algjörlega þennan kost, sem er að þingræði sé fullkomið. Ég legg áherslu á það að það verði klárað. Og nú er forsetinn kominn líka. En hérna þegar við hittumst í kaffinu áðan, þá kom Örn Bárður til mín með mjög gott nýyrði sem að á að gilda um ráðherraflíkn. Þannig að hann á eina hendingu í þessari vísu, við stöndum frammi fyrir erfiðum kostum í sambandi við þetta:

*Afstöðu að taka til erfiðra kosta
alfarið hræða mig
efrismiklir menn með ráðherralosta
ríða hér öllu á slig*

SN
Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel. Þú ert næst.

KO
Já, takk. Takk kæra nefnd B. Örfáar athugasemdir um þetta annars fina starf ykkar. Mér líst miklu betur á forsetann, í hvert sinn sem ég sé þetta. Ég var að velta fyrir mér, ég held ég sé búin að finna einn svona þínu veikleika á heildardótinu, og það er það, að í sambandi við 2. grein hjá ykkur. Þá er talað um skilyrði um kjörgengi til Alþingis. En þau hafa þó ekki verið skilgreind í stjórnarskrá, sem ég held að þau ættu klárlega að vera. Í hinum kaflanum ykkar, þá talið þið um missi kjörgengis en aldrei um hvað felist í kjörgengi. Og nú er kjörgengi ekki mjög gegnsætt orð. Og ætti alltaf að vera sömu skilyrði fyrir því, þannig að ég legg til að við slengjum því inn í kaflann um Alþingismálin, hvað felist í kjörgengi. Þannig að sá sem les þetta, geti skilið hvað þarf til þess að verða forseti, líka. Og svo, var ég að hugsa hérna, í sambandi við 4. og 5. grein. Og þetta er svona fagurfræðilegt dæmi. Mér finnst bara rosalega ljótt að sjá allar þessar dagsetningar. Ég veit ekki hvort það má einhvern veginn skauta framhjá þeim með því að biðja um að þetta sé útfært í almennum lögum einhvern veginn. En þetta er svona, subbulegt svoldið. Eitthvað, 31. júlí, 1. ágúst, 4 ár, júní, bandstrik, eitthvað. Ef að það væri hægt að gera þetta betur með einhvers konar almennum hætti, þá mundi ég fagna því. En er ekki með lausnina hérna á reiðum höndum. Í sambandi við 6. grein sem fjallar um handhafa forsetavaldsins, þá er ég gríðarlega ánægð með það að þið hafið losað okkar við þetta þríhöfða þurs þarna, sem að var einhvern veginn handhafinn. Það var ekki gott, og það var mjög einkennilegt. Og það er líka fallegt og rímar vel við ykkar tillögur að nota forseta Alþingis þarna, finnst mér. Vegna þess að hann er með þessa breiðu sátt á bak við sig, 2/3 þingsins. Og þar af leiðandi, vonandi, einhvers konar svona, virðingarfyll vitsmunavera, sem að gæti tekið starfið að sér á meðan hinn getur ekki sinnt því.

Svo spyr ég í sambandi við 7. grein, sem fjallar um starfskjör forseta. Hvort að til dæmis störf í þágu góðgerðasamtaka eða eitthvað slíkt ... gæti forsetinn gert það, á meðan hann situr? Eða er það alveg, eruð þið að reyna að útiloka allt svoleiðis líka. Sko, einhvers konar störf í þágu góðgerðasamtaka, eða eitthvað svona sko ... þannig að ég veit ekki alveg, sko, hvort að þetta sé

aðeins of fortakslaust þarna, með að hann megi alls ekki starfa í þágu opinberra stofnana, eða neitt svona. Ég veit ekki alveg með það, ég bara spyr. Og svo spyr ég nú líka. Er þessi setning í lagi þarna, alveg í lokin í 7. grein? Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans. Á þetta ekki að vera á kjörtímabili hans? Eða á, hvað, hvernig, ég skil þetta bara ekki. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans. Það er eins og eitthvað hafi dottið þarna út, er það ekki, eða er ég eitthvað ...

KF
Þetta var svona, þetta er svona í núverandi ...

KO
Já, en þetta er bara óskiljanlegt.

ÞG
Nei, nei, þetta er tímapolfall.

KO
Er þetta, tímapolfall? Ókei, það er til nástaða og það er tímapolfall, allt að verða vitlaust. Heyrðu, ókei, þá bara dreg ég það til baka, en mér finnst þetta samt, einhvern veginn mætti nú alveg laga þetta. Af því að þetta er eins og svona, bara einhver verið fullur þegar hann skrifaði þetta. Nú, 8. grein. Það fjallar um eiðstaf, í svona, í ljós samræmis þá spyr ég, af hverju ekki bara eiður, eins og hjá ráðherrum? Hvað er þessi eiðstafur? Maður sér fyrir sér eitthvað svona Gandalf eða eitthvað, einhvern staf. Ég held að það væri bara fínt að hafa eið á báðum stöðum.

Nú 9. grein. Þar er ein spurning sem ég er með og það er þessi. Sko, það þarf einfaldan meirihluta til að sækja til saka. En svo 1/5 eða eitthvað slíkt til að víkja honum frá. Er ekki ástæða til að hafa bara meira en einfaldan meirihluta til að sækja hann til saka ef þið á annað borð viljið hafa einhvern varnagla gagnvart því. Að lokum þá segi ég að það sé mjög gott, í sambandi við 11. grein að þið séuð búin að leggja niður þetta leppsyrirkomulag, þar sem að einhver ráðherra var að framkvæma vald einhvers annars. Ég segi bara húrta fyrir því. Það er til bóta.

Og að lokum, þá segi ég í sambandi við 15. greinina, sem fjallar um náðun og sakaruppgjöf. Ég er ekki svo sannfærð um að það sé góð hugmynd að fella niður þessa rétt til að fella niður saksókn. Ég skil að minnsta kosti ekki rökin fyrir því að taka bara það eitt út. Því það getur gerst að það sé einhver mjög óréttmæt saksókn sem þarf að fella niður. Og það er ekkert alveg einfalt fyrir ákærvaldið að gera það á eigin spýtur. Það væri ágætt að geta haft einhvers konar ventil. Þó að ákærvaldið eigi að sjálfsögðu að vera eins sjálfstætt og hægt er, þá ætti alltaf að vera einhvers konar neyðarventill á öllu valdi, líka ákærvaldi. Og ég skil ekki, til dæmis í ljósi þess að það kæmi upp ákæra þar sem að ástæðurnar væru hreinlega pólitískar ofsóknir. Af hverju ætti ekki að vera hægt einhvern veginn, að stoppa þá ákæru. Og ég fatta ekki út af hverju þetta eitt er tekið út fyrir sviga en ekki náðun og sakaruppgjöf. Þannig að ég kalla þá bara eftir einhverjum rökum fyrir því. Og svo 16. greinin. Væri hægt að segja bara lög skulu ekki afturvirk. Og ef að það er ætlun ykkar, þá spyr ég ykkur nú samt svona, neyðarlögin ..., lög núna um allskonar gjaldþrotariftunarfrest og svona,

Þetta er allt afturvirk. Þannig að stundum þá verður líka þá að tiltaka stjórnskipulegan neyðarrétt ef að það á að taka með svo fortaklausum hætti fyrir það að lög séu afturvirk, af því við höfum vissulega verið að sjá það undanfarið, að lög hafa beinlínis verið afturvirk, og það með vilja. Þannig að ef þið ætlið að taka þetta inn, þá myndi ég kalla eftir því að einhvers konar svona, hugmyndir um það hvenær og hvort eða hvernig, eins og Íris minntist á á einhverjum fundi, þá er stundum samið um það að lög gildi hreinlega aftur á bak, en verður þá búið að útiloka þann möguleika. Þannig að bara að það sé alveg skýrt að þetta sé í samræmi við það sem þarf að vera hægt að gera og á ótrúlegum tímum. Takk.

SN

Já næst er á mælendaskrá Íris Lind Sæmundsdóttir og ég ætla að loka mælendaskrá um þennan lið á meðan hún talar. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Kærar þakkir. Ég ætla að vera mjög, eða reyna að vera mjög stuttur. Þetta er búið að vera ótrúlega fróðlegt hérna þennan tíma sem við höfum starfað saman. Ég er búið að læra um tímaþolfall, notkun hornklofa og nástöðu, í íslenskri málfræði. Og áfram held ég að ég muni læra ennþá meira. Ég ætla að þakka Katrínu Fjeldsted fyrir frábæra kynningu og góðar tillögur frá nefnd B. Ég ætla að nefna hérna nokkur atriði sem að mig langar að gera sérstakar athugasemdir við. Í rauninni kannski ekkert rosalega stórar samt. En í 7. grein, þar er talað um þessa lækku á starfskjörum til forseta. Ég velti því fyrir mér hvort að við þurfum ekki þá líka að skoða samskonar ákvæði til verndar fyrir dómara. Að það skuli þá vera sérstaklega tilgreint að ekki megi lækka launakjör þeirra, þar sem að það er nú ekki síður mikilvægt að þeir njóti verndar gagnvart framkvæmdavaldinu, þegar að kemur að ákvörðun launakjöra þeirra, til að tryggja sjálfstæði. Varðandi 8. grein um eið forseta. Þá held ég kannski að væri rétt að huga að því að samræma þarna orðalag, til samræmis við það sem er í 17. grein, um alþingismenn. Að þar segir: Vinna eið að stjórnarskránni. Af hverju á forseti að undirrita? Er þetta ekki bara eitthvað sem að örugglega á að ..., það er örugglega átt við það nákvæmlega sama í þessu tilviki. Í 9. grein, þá velti ég fyrir mér varðandi valkost II. Væri ekki rétt að þjóðin gæti líka átt frumkvæði að þjóðaratkvæðagreiðslu? Þ.e.a.s. kallað eftir henni. Ég velti því svona fyrir mér hver aðkoma þeirra ætti að vera varðandi það að krefjast þess að forseti verði leystur frá embætti. Og svo samræmisábinging, að gæta þarna samræmis við orðalagið í 19. grein um friðhelgi þingmanna. Þar segir að ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamála á hendur honum. Kannski bara svona hafa þarna, innra samræmi.

Og nú ætla ég að vera rosalega róttæk, fyrir nokkra vini mína hér og, í 13. grein þar er verið að leggja til að frumkvæðisréttur forseta til framlagningar þingmála verði aflagður. Þá langar mig að benda á að nefndin skoði sérstaklega frumkvæðisrétt ríkisborgara ESB sem að heitir á ensku Citizens Initiative. En það er nýtt úrræði sem kom inn með Lissabon-sáttmálanum og heimilar tilteknum fjölda ríkisborgara ESB ríkjanna að kalla eftir því að Evrópuþingið taki málefni til skoð-

unar eða að sem sagt eiga frumkvæði að lagasetningu, eða krefjast þess að það verði skoðað allaveganna. Og ég svona held kannski að við ættum að kannski að huga að því að skoða það aðeins betur. Og ég veit að menn mér á hægri, nei vinstri hönd eru örugglega mjög sammála mér um þetta.

Svo ætlaði ég einmitt að taka undir með Katrínu varðandi 16. grein. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við tryggjum það að varðandi lagabirtingu, eða þarna sem við segjum að lögum og fyrirætlum má aldrei beita fyrr en eftir birtingu þeirra. Ég held að verði mjög mikilvægt að við tryggjum það í ákveðnum tilvikum sé heimilt að beita lögum án þess að þau hafi endilega verið birt. En bæði á grundvelli samþykki einstaklinga í lögskiptum sín á milli og eins líka ef um er að ræða lög sem eru ívilnandi fyrir borgarana. Að þá er mjög slæmt að það sé ekki hægt að beita þeim fyrr en að þau hafa verið birt með formlegum hætti. Við þurfum að skoða það aðeins, en annars hjartans þakkir.

SN

Nú þá hefur mælendaskrá verið lokað um þetta efni. En Þorvaldur Gylfason er næstur á mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

ÞG

Já, formaður, góðir ráðsfulltrúar. Mig langar að þakka B-nefndinni vel fyrir þessar greinar, þær eru alveg skínandi góðar frá mínum bæjardyrum séð. Þær eru góðar vegna þess meðal annars að forsetinn er inni. Hafi einhver lagt upp með það að við skrifuðum forsetaembættið út úr stjórnarskránni að þá fara líkurnar á því hraðminnkandi. Og það er vel, frá mínum bæjardyrum séð, vegna þeirra tillagna sem að við höfum rætt í okkar hópi, um það hvernig hægt sé að nýta forsetaembættið til þess að tryggja valdmörk og mótvægi. Til þess að reisa eldveggi milli löggjafarvaldsins, framkvæmdavaldsins og dómsvaldsins. Og þetta stefnir allt í rétta átt.

Þegar komu fram frá nefnd C fyrir nokkru, tillögur um að forseti Íslands skipi dómara að fengnum tillögum frá sérstakri valnefnd. Og þar með er frá frá dómsmála- eða innanríkisráðherranum tekið valdið sem að hann hefur haft allan lýðveldistímamann, til að skipa dómara upp á sitt eindæmi. Og þetta væri þá bara liður í því hlutverki forsetans að tryggja og treysta valdmörk og mótvægi. Og það er heppilegt. Þess vegna er það í anda þessara dómsmálatillagna nefndar C frá fyrir tveim eða þrem vikum, að nú er stungið upp á því að forsetinn sé inni og hann eigi aðkomu að stjórnarmyndunum, eins og við töluðum um fyrir kaffihlé. Og ég fagna því mjög, að í lokaorðum sínum skyldi formaður nefndar B, fyrir hlé, að boða það að stjórnarmyndunargreinin er ekki fullkláruð. Það á eftir að setja inn í hana ný ákvæði, til dæmis um skipan utanþingsstjórnar í átt við að einhverju leyti, vona ég, breytingartillögu okkar Ómars Ragnarssonar frá því í síðustu viku. Það eru ýmis smáatriði í þessu sem ég fagna. Ég fagna því til dæmis eins og Katrín Oddsdóttir að þríeykið er úti. Nú dugir forseti Alþingis einn sem staðgengill forseta Íslands. Í því er fólgið hagræði og talsverður sparnaður, ef maður skoðar söguna aftur í tímann. Einnig fagna ég því að það skuli gert ráð fyrir því að fari svo ólíklega að leysa þurfi forseta Íslands frá störfum, að þá á þjóðin aðkomu að þeirri ákvörðun.

Það er valkostur II í 9. greininni. Ég tel það einsýnt að þjóðkjörnum fulltrúa geti enginn vikið til hliðar, nema þjóðin sem kaus hann. Ég skil hugsunina á bak við hinn kostinn, sem er sá, að tröllaukinn meirihluti Alþingis gæti upp á sitt eindæmi vikið forsetanum frá og ég vil bara hvetja til þess að verði valið á milli þessara tveggja kosta, að þá verði síðari kosturinn, með aðkomu þjóðarinnar fyrir valinu. Að öðrum kosti þurfa báðir kostirnir að vera til staðar, hlið við hlið. Hitt má aldrei verða að Alþingi eitt geti vikið forsetanum til hliðar, án aðkomu þjóðarinnar. Takk fyrir.

SN

Þá er það Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VP

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég ætla að hlaupa svona, hratt í gegnum nokkra punkta sem að hafa verið nefndir, og skýra ákveðin atriði. Í tillögu nr. 2 um kjörgengi forseti þá spurði Kata um þetta með skilyrðin um kjörgengi til Alþingis. Þau eru skilgreind í kafla um Alþingi og alþingiskosninga og heyra að því er ég best veit undir nefnd C, en eru nokkuð skýr, að kjörgengur til Alþingis er hver 18 ára gamall maður sem að er með lögheimili á Íslandi þegar að alþingiskosningar fara fram. Og er með óflekkað mannorð og getur ekki verið hæstaréttardómari. Þannig að það er skilgreint annars staðar. Nú síðan vildi ég nefna hérna í lið 7 um starfskjör forseta, þá hafa menn verið að spyrja um orðalagið okkar þar sem er til samræmis við það sem við leggjum til um ráðherra, að forseta sé óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnanna þó ólaunuð séu, en ég vek athygli á því að félagasamtök eru ekki þarna undir. Þannig að forseti gæti haft með höndum ólaunuð störf fyrir félagasamtök, samkvæmt þessari grein. Það er okkar skilningur. Og það er ágætis ábending sem ég held að Íris hafi komið með um að það mætti alveg skoða þetta í kringum dómara líka, með að lækka greiðslur til forseta, sem er óheimilt. Og ástæðan, þetta á nú held ég rætur sínar að rekja til bandaríska stjórnarskrárinnar á sínum tíma, þar sem að það er verið að hafa áhyggjur af því að framkvæmdavald geti kúgað forseta til hlýðni með því að taka af honum launin hans. Og það er það sem er verið að reyna að verja með þessu. Nú, eiður forseta, samræmi þar við alþingismenn, þ.e.a.s. að alþingismenn eigi þá með sama hætti að undirrita eiðstaf að stjórnarskránni. Ég held að við séum nú þegar byrjuð að undirbúa þessa breytingu í nefndinni til samræmis, að báðir aðilar, alþingismenn og forseti muni undirrita eiðstaf.

Nú, ég vildi líka bara nefna þarna í 11. grein, vald forseta, þar sem við erum að leggja til að það falli burtu þarna 2 greinar um að undirskrift forseta þurfi á ýmis mál, sem að forsetinn á samt enga aðild að, hann tekur ekki ákvarðanirnar og ber ekki ábyrgð á þeim. Og við leggjum sem sagt til að þetta falli brott, en ég vek samt athygli á því að við erum ekki búin að afgreiða frá okkur einhvers konar uppfærða útgáfu af hinni frægu 26. grein, sem kveður á að um að forsetinn þurfi að undirrita lög til að þau taki gildi, og einhvers konar varnagla- eða öryggishlutverk forsetans í kringum það. Þetta er kannski að hluta til á sviði nefndar B og að hluta til á sviði nefndar C. Og þar koma auðvitað ýmis

konar, eins og ég segi, öryggisvarnaglar til álitu, en það er ekki það sem við erum að ræða hér. Og, þannig að það sé bara skýrt að þó að þessi ákvæði hér, gamla 18. og 19. grein falli brott, þá verður áfram einhvers konar svona, varnagla ákvæði varðandi lagasetningu. Það bara verður ekki þarna.

Og, síðan í nr. 12 um ríkisráð. Það sætir nú kannski tíðindum, að við erum að leggja til að einfaldlega leggja af þá ágætu fornu stofnun. Hún þjónar ekki lengur neinum, beinlínis neinum tilgangi. En það er gaman að segja frá því að það gildir um þessa stofnun ríkisráð, reglugerð um ríkisráð sem er frá 1943. Og þar er forsetinn reyndar nefndur ríkisstjóri en ekki forseti. Og þar er í raun og veru gert ráð fyrir því sem er lýst í reglugerð um ríkisráð, er í raun og veru nokkurs konar ríkisstjórnarfundir. Þetta er frá þeim gamla tíma, þegar að mál voru raunverulega borin upp fyrir forseta og þetta fúnkeraði í raun og veru sem ríkisstjórn. En þetta er náttúrulega alls ekki svona lengur, heldur eru þetta núna svokallaðir ráðherrafundir sem eru ríkisstjórnarfundir. Og við munum að sjálfsögðu í nefnd B kynna, og höfum undirbúið greinar um störf ríkisstjórnarinnar, sem koma algjörlega í staðinn fyrir þetta, sem að þarna er talað um ríkisráð og reyndar líka í stjórnarskránni um ráðherrafundi. Þannig að menn þurfa ekkert að hafa áhyggjur af því, að þetta Það er engin sérstök eftirsjá að ríkisráði nema sem svona sögulegri arfleifð og svona fornleifð, hálfgerðri. Framlagning stjórnarfrumvarpa. Það var minnst þarna á þjóðarfrumkvæði, sem að Íris Lind talaði um og það, við erum með það í nefnd B svona á okkar tossalista, þetta stikkorð. Þjóðarfrumkvæði að frumvörpum. En þetta er að mínu mati hugsanlega einmitt undirliggjandi í, eða ætti að vera í nefnd C sem að Íris er í. Þannig að ég vona að hún haldi því til streitu þar, því það getur verið mjög gott mál að fólk geti komið með sitt eigið frumkvæði að frumvörpum.

Og þá held ég að við séum nú eiginlega komin með þetta ... ja, það var þarna 15. grein. Þar var spurt, eða Kata var með áhyggjur af því að það væri ekki lengur gert ráð fyrir því að forseti geti fellt niður saksókn. Ég held að það sé ákvæði sem er viss hættu á að verði misnotað. Við erum að, það sem að, þá á ég við að forseti myndi fella niður saksókn á hendur einhvers konar góðkunningjum sínum eða stuðningsmönnum, eða eitthvað slíkt. Og við erum að gera ráð fyrir því að ríkissaksóknaraembættið komi inn í stjórnarskrána, verði stjórnarskrárverndað, og það verði sjálfstætt. Þannig að ég held að við verðum bara einfaldlega að treysta því. Og, svo skulum við skoða þetta með birtingu laga. Og þá mætti kannski bæta þarna við orðalagi eins og lögum og fyrirmælum má aldrei beita svo íþyngjandi sé, fyrr en eftir birtingu þeirra, eða eitthvað slíkt. Þannig að það sé skýrara. Þetta orðalag: Lögum og fyrirmælum má aldrei beita fyrr en eftir birtingu þeirra, er úr núgildandi lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingarblað. En kannski einhverjir núansar þá þar sem þyrftu að koma með. Takk fyrir.

SN

Ástrós Gunnlaugsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÁG

Já, ágætu félagar. Ég þakka fyrir þessar flottu athugasemdir sem hafa komið fram. Ég ætla að vera stuttur.

Ég ætlaði bara aðeins að tala um 6. grein, handhafa forsetavalds. Eiginlega bara, því sem ég horfi oftár á greinina, þá grunar mig að það sé hægt sé að stytta hana. Ég held að það sem við séum með innan kommanna, ef maður getur orðað það þannig, vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum. Þetta sé svolítið svona eins og ef, geti forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn vegna ástæðu. Hvort við getum ekki bara sagt: Geti forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn, fer forseti Alþingis með forsetavald. Bara einfalda þetta. Þetta er dálítið svona ... Af hverju ætti hann ekki að geta sinnt störfum ..., það er væntanlega ekki að ástæðulausu. Það var ekki meira. Takk.

SN

Andrés Magnússon. Gjörðu svo vel.

AM

Takk. Ég ætla líka að vera stuttur, kæru félagar og forseti. Það er búið að fella út 10. lið, þar sem skilgreint er aðsetur forseta, og það kom líka fram áðan að það voru nokkrir sem stungu upp á því að 23. liðurinn áðan, yrði felldur inn í greinargerð um 25. lið, þ.e.a.s. aðsetur þingsins. En ef við erum bæði búin að strika út aðsetur þingsins og aðsetur forseta þá erum við kannski búin að, þá vantar skilgreininguna á því hvað er höfuðborg lýðveldisins. Og það verða nú skólabörn í Evrópu að vita, að Reykjavík er höfuðborgin á Íslandi. Þannig að ég dreg kannski tilbaka, það var nú ég sem meðal annars sem stakk upp á þessu. Dreg það þá tilbaka, að 23. greinin sé felld niður, um aðsetur þingsins. Ef það á þá að vera skilgreiningin okkar á því hver sé höfuðborg landsins.

Og önnur stutt athugasemd. Það er þetta nýja sem er komið inn þarna: Lögum og fyrirmælum má aldrei beita fyrr en eftir birtingu þeirra. Ég skil það þannig og ég vona að það sé rétt skilið, og það þarf allavega að tryggja að það sé ekki hægt að misskilja það. Að ef það á að setja afturvirk lög, eins og til dæmis rætt um sérstök hrunákvæði o.s.fr.v. Að ég skil það þannig að þau geta alveg verið afturvirk, en það er ekki hægt að beita þeirri afturvirkni, fyrr en það er búið að birta þessi afturvirku lög. Ég skil það þannig. Og varpa þeirri spurningu til nefndarinnar. Annars finnst mér þetta frábært og búið að skera úr alla þessa botnlanga sem höfðu enga þýðingu. Takk fyrir.

SN

Erlingur Sigurðarson. Gjörðu svo vel.

ES

Formaður, góðir fundarmenn. Það er svo að það hefur verið sagt að það væri búið að setja punktinn yfir i-ið, í forsetamálu. En...i-ið er bara, er ekki búið að skrifa ennþá. Við eigum eftir að skilgreina hlutverkið, sem að þarf grein til. En Þorvaldur lýsti hér ánægju sinni með að forseti inni. Ég lýsi ánægju minni með það líka, á meðan hann er inni. Það eru nokkur atriði hérna sem að ég þarf að taka upp. Það er, fyrsta, sem hún Kata sagði um saksóknina, og var svo svarað. Ég held að þetta sé þörf ábending, það má e.t.v. tengja þetta ríkissaksóknara, en ég vil þá hafa ríkissaksóknara forsetaskipaðan, eins og dómara, þegar þar að kemur. Nú, það eru atriði hérna eins og eiðurinn. Þetta var nú bara hugsað sem fjölbreytni í stíl, með sömu merkingu.

Það væri leiðinlegt að stagla alltaf sama orðið. Ég vona að það geti fengið að halda sér þess vegna. Nú, það er um kjörtímabil forseta. Mér finnst það enginn heilagleiki að það séu alltaf fjögurra ára kjörtímabil. Forseta mætti kjósa á 5 eða 6 ára fresti. Ég bið menn að athuga það hvort að það sé ekki bara ágætt að gera það. Og það mætti þá takmarka það við 2 eða 3 kjörtímabil eftir því. Til dæmis 6 ára kjörtímabil við 2 kjörtímabil en 3 við 5 ára. Við megum nefnilega ekki kjósa allt of ungan mann forseta, því hann verður svo gamall, hann verður svo lengi á tvöföldum launum, það er vandamálið. Og það er best að taka það fram með forseta Alþingis þegar hann verður einn orðinn staðgengill, ekki yrði verra ef hann væri bindindismaður. En það er atriði um hlutverk forseta aftur, sem ég vildi koma að. Ég setti snemma hér í vetur, eða vor, það var nú farið að líða að því, setti fram tillögu um það, sem ég fylgdi nú aldrei frekar úr hlaði í sjálfu sér en reifaði, að það yrði fengið eftirlitshlutverk í hendur. Og var þá með í huga að framkvæmdavaldið og löggjafarvaldið yrðu aðskilin en ekki krulluð saman. Og þau eiga ekki að hafa eftirlit með sjálfu sér. Og það hefur verið raun, eftirlit með framkvæmdavaldinu er í raun og veru í höndum sjálfs þessara, blanda þessu við hérna löggjafarvaldið. Þetta var meðal annars að setja undir hann formlega, hlutverk umboðsmanns Alþingis, umboðsmanns almennings, ríkissaksóknara og ríkisendurskoðunar. Og fleiri sem að kemur til þarna. Ég stend enn við þetta og vona að þetta verði niðurstaðan, þegar ég sá verið að skrifa undan forsetanum flest embætti þá óttaðist ég svolítið um þetta og er farinn að vera vongóður um aftur að það komi inn. Þakka ykkur fyrir.

SN

Porkell Helgason. Gjörðu svo vel.

ÞH

Já, formaður og góðir fulltrúar. Ég get verið stuttur af því að Erlingur er eiginlega búinn að segja það sem ég ætlaði að segja. Ég sakna hlutverks forsetans í þessu plaggi. Ég vil þó taka fram að þetta er allt gott og gilt sem búið er að gera og mér líst vel á þær hreinsanir og lagfæringar sem hafa verið gerðar. En, mér finnst eiginlega hlutverkið orðið það rýrt að ég spyr hvort að það er ekki hægt að leggja forsetann niður og fela þetta diplómatiska hlutverk hans einhverjum öðrum. Sviss róterar þetta á milli ráðherra, eins og allir vita. Þannig að ég auglýsi eftir þessu hlutverki. Ég sjálfur hafði mótað mjög ámóta tillögur eins og Erlingur í minni kosningabaráttu innan gæsalappa. Ég bara bið nefndina að íhuga þetta og bið spenntur eftir því hvað gerist. Takk fyrir.

SN

Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, kæru vinir. Ég held að við höfum fundið svona ákveðinn sáttahljóð varðandi margt hérna í þessari umræðu og ég veit að meðal annars ég hef verið að tala svolítið fyrir sem sagt beinni kosningu framkvæmdavalds. Ég hef rætt þetta aðeins, búinn að því í kaffihléinu. Og, annar möguleiki er sá náttúrulega að nýta það að forseti sé þjóðkjörinn og ég, svona, boða það til B-nefndar að við munum örugglega setja þá

einhverjar þá nýjar tillögur varðandi þetta og skila þeim til þeirra strax í upphafi næstu viku. En varðandi þetta hér allt saman, þá er ég svolítið sammála Katrínu Oddsdóttur með náðunarákvæðið, varðandi saksóknina. Vegna þess að ég held það sé, sko minni hætta á því að forsetinn fari að hyggja vinum sínum heldur en það að þegar ríkisins gætu orðið fyrir einhverju aðkasti af ríkisins hálfu. Þannig að ég mundi mælast til þess að þetta yrði inni. Svo er það eitt með þessi eiðskaparheit, drengskaparheit, þetta minnir mann nú svolítið á fjaðurpenna, mér finnst þetta svolítið gamaldags. Og ég veit ekki hvort að ..., það er nú bara spurning að taka þetta bara út, bæði hér og varðandi þingmenn. Svo er annað sem Íris Lind var að tala um, og það er varðandi greiðslur, inni í starfskjörinum númer 7: Ákvæða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans. Þetta er þetta ótímabæra þolfall þarna. Og ég segi fyrir mitt leyti, ég er alveg sammála Írisi að þessu leyti, að þetta þarf að samræma, og það er best að gera með því að fella þetta út, bæði fyrir forseta og dómara. Takk.

SN

Nú, þá er umræðu lokið um nýjan texta í áfangaskjalið um forseta Íslands og ég ætla að biðja formann nefndar B að taka saman umræðuna hér í lokin. Katrín Fjeldsted. Gjörðu svo vel.

KF

Takk fyrir, formaður. Þetta voru góðar og þarfar ábendingar og umræður. Ég ætla að grípa niður í örfá atriði. Katrín Oddsdóttir nefndi þarna skilgreiningu á kjörgengi, en Vilhjálmur Þorsteinsson svaraði því nú reyndar. Og ábending um saksókn og afturvirk lög. Þetta eru allt saman gagnlegar ábendingar sem við munum fjalla um í nefndinni. Um lækkun á starfskjörum forseta, því hefur reyndar verið svarað líka. Og til samræmis við dómara, ég held að það sé viturlagt, og hvet C-nefndina til að taka það þá, við myndum ræða það þá, einhvern veginn taka sam-eiginlega ákvörðun í því efni. Valkostur að þjóðin geti líka, í 9. grein haft, átt aðkomu að því að leysa forseta frá embætti. Þessi valkostur eins og ég nefndi, með þann fyrri, var til þess að reyna að komast hjá því að þjóðin þyrfti að fjalla um til dæmis veikindi forseta, ef svo bærir undir. Þar sem að blasti við hverju mannsbarni að það yrði að losa forsetann undan embætti sínu. Þorvaldur talaði um skipun dómara, aðkomu að stjórnarmyndun og að þjóðin sem kaus forseta geti ein vikið honum frá. Það kemur aftur inn á þetta sem ég nefndi þarna, að undir vissum kringumstæðum getur það verið mjög, eiginlega pinlegt og ómögulegt, að gera nokkrum manni það. Vilhjálmur svaraði þarna vissum spurningum. Andrés var að spyrja um skilgreiningu á höfuðborg. Það segir reyndar í okkar tillögum að aðsetur Alþingis sé í Reykjavík, það komi saman í Reykjavík. Þannig að ég held að það svari nú áhyggjum Andrésar, hvað þetta varðar. Og ég minni á að aðsetur forseta Íslands er á Bessastöðum sem er nú í öðru sveitarfélagi, en ekki Reykjavík. Erlingur minnst á kjörtímabil, það getur verið 5 ár eða 6 ár. Þetta er að sjálfsgöðu eitthvað sem rétt er að ræða inni í nefndinni, áfram. Þorkell spyr hvort ekki eigi bara að leggja niður hlutverk forsetans. Það sé orðið svo rýrt. Ég verð

að lýsa mig algjörlega ósammála því. Sameiningartákn þjóðarinnar er mikið og verðugt hlutverk. Íslendingar hafa að jafnaði litið upp til forseta síns og með því að vera sameiningartákn þjóðarinnar og standa vörð um gildi hennar og um menningararfinn, og sem ópólitískt sameiningartákn. Þá held ég að það sé, eins og ég sagði áðan, mikið og verðugt hlutverk. Og svo þakka ég fyrir þessa umfjöllun.

SN

Já ég þakka formanni nefndar B fyrir ágæta yfirferð hér og þá er komið að þriðju tillögu nefndarinnar, og það er Erlingur Sigurðarson sem ætlar að fylgja henni úr hlaði en það er tillaga um breytingar á uppröðun í áfangaskjali. Uppröðun ákvæða í áfangaskjalinu. Erlingur Sigurðarson. Gjörðu svo vel.

ES

Formaður, góðir ráðsmenn og ráðskonur. Það er búið að sjást á tillögum sem hafa farið frá okkur, að við höfum verið að afgreiða, svona eftir því sem að við höfum getið unnið þetta. En það hefur ekki verið samfelld röð á greinum. Nú er ég búinn að gera hér, á vegum nefndarinnar, er ég búinn að gera hér tillögur um samræmda röð, sem ég ætla aðeins að gera grein fyrir. Það er þessi fyrsti hluti sem er hérna á síðunni. Þetta er í raun og veru A1, að þetta væri Alþingi 1. Og svo áfram. Þessar tillögur eru held ég rökréttar, ég ætla ekki að fylgja þeim eftir hverri og einni. Þetta er svona reynt að hafa þetta svo rökrétt sem hægt er eftir þessum samningi. Sama síðan sem saman á, og það mætti við endurskoðun, ef til vill sameina greinar í þessu, að einhverju leyti. Ég held að það væri æskilegt. Það eru of stuttar, of stuttar greinar eru góðar en þær mega ekki vera of stuttar og og margar. Það er í 1. lagi hlutverk og friðhelgi. Þessu er lýst í eitt skipti fyrir öll. Síðan sé starfstíminn, samkomustaður og þetta svo um eið alþingismanna, eða að þeir undirriti eiðstaf. Sjálfstæði alþingismanna, greinarnar eru þarna með. Síðan sé vikið að störfum þingsins, þingforseta, og þingsköpin ættu að vera þarna einhvers staðar með. Það er svo spurningin í sjálfu sér hvar þau kæmu. Þingnefndir, starfshættir séu bundnir við þingnefndir. Og fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði, það sé nauðsynlegt að það komi á undan öðru en starf Alþingis. Svo er spurningin um það sem er í, ég kem að því með, í ríkisstjórnarkaflann, að þá er tengsl á milli, sem að þarf að athuga. Meðferð þingmála og afgreiðsla þeirra. Hér geti staðfesting laga komið inn í og birting laga. Sem sagt þessi 16. grein sem var í síðasta skjali um birtingu laga, hún ætti hugsanlega að koma hér inn í. Sem 15 hér, og það væri áður staðfesting laga. Og það er þá spurningin hvort að forseti undirrita það, þetta er ósamin grein. Hvort að forseti undirritar það eða forseti Alþingis eða báðir.

Um skattlagningarvaldið hefur ekki verið birtar tillögur en þær eru til, í flestum þessum greinum, á vinnslustigi. Og frumvarp til fjárlaga er einnig eftir. Fjárfjórðingarmálin eru eftir.

Svo eru það nefndirnar, þær koma þarna hver af annarri. Og hagsmunaskráning og friðhelgi þingmanna, og missir kjörgengis og þingrof sem er þá allra síðast, þegar allt er búðið, þá er þingrofið síðast. Og þá er það spurningin um hvort að forseti Íslands rýfur Alþingi að ósk þess, eða, sem er eðlilegt ef hann setur

það. Svo koma forseti Íslands og ráðherrar og embætti, og það er gert ráð fyrir að það verði skipt í 2 flokka. Annars vegar því sem fjalla um forsetann og hins vegar um ríkisstjórnina. Ekki að þetta sé gert með ráðherrum undir forseta í einum kafla. Þessir textar sem eru þarna, voru lagðir inn í þessari númeraröð, í síðasta skjali. Það þarf ekki að gera grein fyrir því frekar, held ég. Aðrar greinar um forseta F12. Það séu, og þær séu ósamdar er þá um skilgreiningar á hlutverki hans og e.t.v. vill eitthvað meira, störf hans. Síðan kemur ríkisstjórn og ráðherrar. Og þá stöndum við frammi fyrir þessu, að gömlu ákvæðin um ríkisráð, eru í raun og veru ríkisstjórnarákvæði, samkvæmt tilskipuninni frá 1943. Sem er í gildi. Og þetta er til marks um það að ráðherrar hafa í raun og veru sölsað undir sig valdi að fara framhjá forseta í gegnum tíðina. Með því sem hefur verið gert. Það er spurningin um skilgreiningu á ríkisstjórn, og hlutverki hennar og aðkomu. Og setutími ráðherra og stjórnarmyndun blandast þar inn í.

Svo er spurningin um þetta með R5, ráðherrar og Alþingi. Það er hugsanlega eðlilegt að taka þennan kafla upp í Alþingiskaflanum, líka. Eða a.m.k. 3. málsgreinina: „Sé alþingismaður skipaður ráðherra vikur hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embætti og tekur varamaður þá sæti hans.“ Það er sennilegt að þetta þurfi að vera báðum megin, eða vísa á milli. Og svo um upplýsingaskyldu og skýrslu ríkisstjórnar. R9 er kafli um bráðabirgðalög, svoltið erfitt að koma honum fyrir einhvers staðar innan kerfisins. Það dugir ekki að segja í þessu efni að, eins og ég sagði, að ég vildi engin bráðabirgðalög hafa. Ef að meirihlutinn er á öðru sinni, þá ræður hann auðvitað. En þegar Alþingi situr allt árið, þá er að minni hyggju, ekki þörf á bráðabirgðalögum, þó að oft heyrast í pressunni talað um það að heimta bráðabirgðalög þegar Alþingi situr. En það er spurningin um þetta, hvort að bráðabirgðalög eiga heima hér, hvort það passar, í þessu skipulagi sem við eigum að segja þegar ráðherrar hafa ekki löggjafarvald. Og ef að ráðherrar undirrita ekki lög, að jafnaði, hvort þeir geti þá gefið út bráðabirgðalög. Þetta þarf að athuga, setja annars staðar í kafla einhvers staðar. Svo er það um starfstjórn, gert er ráð fyrir því hér að vantraust og starfsstjórn komi hér inn sem greinar og við bættum inn hérna nokkrum tölum fyrir ósamda eða ófrágengna kafla. Þannig að það er svona nokkurn veginn séð út yfir hvað við eigum eftir, fyrir utan það sem við þá fundið upp á til viðbótar. Þetta síðasta sem heitir hérna stjórnslueftirlit. Það er þessi embætti sem að falla ekki, hafa ekki fallið undir neinn einhvern veginn, og hvort að ekki megi nota þau til eftirlits með forseta sem æðsta mann. En þetta er sett hér fram sem óraðað, óvíst hvar það á heima. Og það væri fróðlegt að fá að vita tillögum manna um það. Þetta er um embættismenn, skipan embættismanna, skipan umboðsmanns almennings, ríkissaksóknara og Ríkisendurskoðunar, og e.t.v. fleira. En þetta væri þá hugsað sem að fylla inn í aðra kafla. Þakka ykkur fyrir.

SN

Ég þakka Erlingi Sigurðarsyni fyrir kynningu á tillögu B-nefndar, en Erlingur er einn af nefndarmönnum nefndarinnar. Og það er vert að taka það skýrt fram að hér er náttúrulega bara verið að, er þetta tillaga um uppröðunina í skjalinu en ekki neitt um efnislegar, eða sem sagt greinar, þó þær séu skifaðar út hér sumar í

textanum. Þá er orðið laust um þessa tillögu B-nefndar. Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VP

Já formaður og gott ráðsfolk. Við skulum nú endilega ekki reyna svo sem að efna til langra umræðna um þetta en mér fannst, mér er skylt að nefna að það hefur fyrir mistök, þá er þarna ein grein, aftasta greinin E4, ríkissaksóknari, sem hefur ekki komið fyrir augu ráðsins áður. En hún bara slæddist með óvart af því hún er til í tillögu hjá okkur. En ég vildi bara vekja athygli á því að hún hefur ekki verið lögð fram áður. En þetta skiptir auðvitað ekki máli, við erum ekki að horfa á þetta efnislega, við erum bara að horfa á uppröðunina. Takk.

SN

Er einhver annar sem vill taka til máls um þessa tillögu B-nefndar? Ef ekki, að þá er hún, hún er lögð fram til afgreiðslu þannig að þá bið ég ykkur um að rétta upp hönd, þau sem eruð samþykkt því að þessi tillaga sé tekin inn í áfangaskjalið.

SN

Einhver á móti? Einhver sem situr hjá? Þá er lokið umræðu um tillögur B-nefndar og ég þakka formanni nefndarinnar og nefndarmönnum öllum fyrir tillögurnar og að fylgja þeim úr hlaði og ráðsmönnum öllum fyrir umræðurnar. Og þá erum við komin að síðasta dagskrárliðnum, sem er skýrsla nefndar C. Og það er varaformaður nefndarinnar, Íris Lind Sæmundsdóttir, sem ætlar að fylgja tillögum nefndarinnar úr hlaði og ég gef henni orðið. Gjörðu svo vel.

5. Skýrsla og tillögur C-nefndar

ÍLS

Takk fyrir. Er ekki alltaf það besta geymt þar til síðast? Ég ætla að koma með trompi, í dag. Kæri formaður, ráðsfulltrúar og aðrir sem á mig heyra, vonandi. Ég er komin fyrir hönd nefndar C að kynna tillögur okkar um kafla um utanríkismál, sem að liggja hérna frammi. Eins og stjórnarskráin er sett fram í dag, þá er hún ákaflega rýr um utanríkismál og meðferð þeirra. Og aðeins ein grein hennar lýtur að þessum málaflokki og á ég þar við 21. grein hennar sem fjallar um gerð samninga við önnur ríki. En þar er mælt fyrir um að forseti Íslands geri samninga við önnur ríki. Og einnig kemur þar fram að hann geti enga slíka samninga gert ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða horfi til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til. Og eins og með annað sem viðkemur forseta í stjórnarskránni er hér aðeins um formlega aðkomu hans að ræða, enda framkvæma ráðherrar vald hans eins og við vitum og höfum nú verið að ræða um. Af þessu má ráða að ákvæði stjórnarskrárinnar um utanríkismál, þennan mikilvæga málaflokk, eru afar rýr og að því leyti sker hún sig úr stjórnarskrám Norðurlandanna og annarra ríkja. Og ber þar þá helst að nefna að hún er þöglur um það hvort og hvernig tryggja skuli stöðu og áhrif þingsins á mótun utanríkisstefnunnar, og aðkomu þess að ákvarðanatöku um meiriháttar utanríkismál. Einnig er hún frábrugðin öðrum stjórnarskrám þar sem hún tekur ekki á því hvernig farið skuli með alþjóðasamn-

inga sem feli í sér framsal ríkisvalds, þó hér á landi sé byggt á óskráðri meginreglu þar að lútandi.

Þjóðfundur var í rauninni fáorður um meðferð utanríkismála. Þó kom þar fram skýr vilji fundarþátttakenda um að þjóðin yrði höfð með í ráðum vegna töku ákvarðana um meiriháttar utanríkismál, þannig að komið yrði í veg fyrir að ráðherrar gætu einhliða tekið ákvarðanir um mál sem rétt væri að þjóð eða þing hefðu aðkomu að. Þá var þar einnig tekið fram að Ísland skyldi vera sjálfstætt í alþjóðasamskiptum en á sama tíma virkara á alþjóðavettvangi. Áhersla var líka lögð á alþjóðasamvinnu á mörgum sviðum og að Ísland yrði virkur þátttakandi í alþjóðaviðskiptum, í alþjóðlegu friðar- og hjálparstarfi, útflutningi á sérhæfðri þekkingu og tæki virkan þátt í mótun regluverks í viðskiptum. Á þjóðfundi átti sér einnig stað nokkur umræða um ESB og mátti þar finna nokkur sjónarmið í báðar áttir. Það er að stjórnarskráin ætti annars vegar að gera þjóðinni kleift að ganga í Evrópusambandið, og hins vegar að stjórnarskráin ætti að sporna við inn-göngu.

Nú við í nefnd C fórum yfir stöðu utanríkismála eins og hún er í dag. Og við vorum sammála um, eða fyrsta spurningin sem við spurðum okkur, við vorum sammála um að eðli málaflokksins kallar á það að í stjórnarskrá sé sérstakur kafli um utanríkismál og meðferð þeirra. Þar þótti okkur mikilvægt að kafliinn tilgreindi ákvæði sem tæki á meðferð utanríkismála og samspilinu milli löggjafans og framkvæmdavaldsins í þeim efnunum. Þá þótti okkur ekki síður mikilvægt að festar yrðu í sessi þær óskrifuðu meginreglur sem gilda um þennan málaflokk. Og hvað Evrópusambandsaðild varðar, þá vakti það nú helst fyrir nefndinni að hún væri hvorki að opna sérstaklega á aðild né sérstaklega að girða fyrir aðild. Og við lítum því sem svo á að tillögur okkar séu hlutlausar í þeim efnunum og með þeim erum við eingöngu að leitast við að tryggja réttaröryggi og vissu í þeim efnunum, með tilliti til þeirra óskrifuðu reglna sem nú eru taldar gilda. Og ég ætla nú að fara yfir tillögurnar og niðurstöður okkar hvað þær varðar, með hliðsjón af þessu sem ég hef nú nefnt.

Í 1. grein þá leggur nefndin til að verði fjallað um meðferð utanríkismála. Og þar verði að finna almenna reglu um handhöfn og meðferð utanríkismála. Einnig á þar að fjalla um samspilið milli löggjafarvaldsins og framkvæmdavaldsins, en sá fyrri er auðvitað eftirlitsaðili með hinu síðara. Greinin er svohljóðandi: „Utanríkisstefna og almennt fyrirvar ríkisins er á ráðherra í ríkisstjórn í umboði og undir eftirliti Alþingis. Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál.“

Nú, hér er um að ræða nýja grein í stjórnarskrá, og tillaga okkar er í raun að uppleggi sínu valkostur II í tillögum frá Stjórnlaganefnd. Og í svona nokkrum meginatriðum, þá lýsir greinin mótun utanríkisstefnu Íslands og í hvers höndum hún er. Samkvæmt lögum um stjórnarráð Íslands, þá er það utanríkisráðherra sem fer með meðferð utanríkismála í hefðbundnum skilningi. Við erum hér ekki að leggja til efnislega breytingu á því, þó 1. málsgrein opni á það að fagraðherrar fari með tiltekna þætti utanríkismála, þegar það snertir ákveðna þætti fagsviðs þeirra. Og þetta er í samræmi við íslenska venju á þessu sviði. En ég vil þó

taka það fram að auðvitað er ætlunin sú að frávik frá meginreglunni um að utanríkisráðherra fari með þessi mál, að þau yrði að túlka þröngt.

Nú, þá er það sérstaklega tekið fram í greininni að fyrirvar og mótun stefnu á þessu sviði sé í umboði og undir eftirliti Alþingis. Og með þessu eru tekin af tvímæli um að endanlegt forræði á utanríkisstefnu ríkisins er hjá Alþingi sjálfu en ekki hjá ríkisstjórninni eða einstökum ráðherrum.

Í 2. málsgrein er leitast við að viðurkenna stjórnskipulega stöðu utanríkismálanefndar og þær skyldur sem ráðherra ber gagnvart henni. Í dag er fjallað um nefndina í þingskaparlögum og skyldur ríkisstjórnarinnar til að hafa nefndina sér til ráðuneytis um öll meiriháttar utanríkismál. Í tillögum okkar um 2. málsgrein er lagt til afdráttalausara orðalag en nú er að finna í þingskaparlögum, og gerð er sú krafa til ráðherra að hann hafi ávallt samráð við nefndina áður en ákvarðanir eru teknar um mikilvæg utanríkismál.

Í 2. málsgrein er einnig fjallað um skyldu ráðherra til upplýsingagjafar til nefndarinnar, og í orðalaginu að ráðherra sé skylt að veita nefndinni upplýsingar felst, eða hún er tvíþætt, það felst að ráðherra ber annars vegar að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf til nefndarinnar og hins vegar að honum beri að upplýsa nefndina að hennar frumkvæði, og samkvæmt hennar beiðnum. Nú, við þurfum að skoða auðvitað þetta ákvæði til hliðsjónar við tillögu nefndar B þar sem að fjallað er um upplýsingaskyldu ráðherra almennt og þær skyldur sem að þeir beri gagnvart fastanefndum þingsins. Það kann að vera að það sé óþarft að tvítaka þetta sérstaklega í stjórnarskránni og fara þá sérstaklega í þetta í kafla um utanríkismál þegar að um þann málaflokk er fjallað. En við, allaveganna ákváðum að hafa þetta inni að svo stöddu til að áréttu þá sérstaklega mikilvægi þess að ráðherra hafi ávallt, að upplýsi ávallt utanríkis-málanefnd um þennan mikilvæga málaflokk.

Nú nefndin fór yfir tillögu stjórnlaganefndar og svo ábendingar ýmissa ráðsfulltrúa um að bæta inn í greinina 3. málsgrein um að ákvörðun um stuðning við stríði gegn öðru ríki skuli háð samþykki Alþingis. Við vorum búin fara yfir þetta áður og ræða þetta mikið og vegna þeirra tillagna þá vísuð við til þess að við höfum nú í Stjórnlagaráði samþykkt ýmis grunnildi sem nefnd A hefur lagt til að íslensk stjórnskipan byggji á. Og þar höfum við samþykkt m.a. orðið friður. Og að friður skuli vera eitt af þeim grunnildum sem íslenskt samfélag byggji á.

Við veltum því fyrir okkur hvort að heimild til þess að það, sem sagt, að með því að setja inn ákvæði um að það yrði ávallt óheimilt að lýsa, að það sé bannað að lýsa yfir stuðningi við stríð nema fyrir liggja samþykki Alþingis, hvort það gæti hugsanlega leitt til þess að sem sagt, að það verði gagnályktað frá þessu, að stundum sé heimilt að lýsa fyrir stuðningi við stríð. Og hvort slíkt kunni hugsanlega að, ég veit það ekki, brjóta í bága við þetta grunnildi okkar um frið. Og við þurfum kannski aðeins að velja þessu aðeins fyrir okkur, hvernig við ætlum að taka á þessu, og þurfum þar auðvitað að skoða þetta með hliðsjón af auðvitað þeim skuldbindingum sem á Íslandi hvíla með hliðsjón af aðild þeirra að NATO. Og, já, ég velti þessu herna upp fyrir hönd nefndarinnar og við kannski tökum aðeins á þessu. En þetta varð því niðurstaða okkar að svo stöddu að fella þetta ekki inn í greinina.

Nú, að ýmsu er að huga að öðru leyti vegna greinarinnar og það þarf að skoða sérstaklega stöðu forseta Íslands og hvernig fara muni um hlutverk hans og þá einkum á alþjóðavettvangi í þessu tilliti. Og þá hvort festa eigi í sessi sérstaklega hver staða hans er þar, og þær heimildir sem hann hefur á þeim vettvangi, með tilliti til utanríkisstefnunar. Þá er það einnig athugunarefni hvort að stjórnarskrárbinda eigi núgildandi reglu þingskaparlaga um að utanríkismálanefnd starfi allan ársins hring. Það er bæði á þingtíma og í þinghléum. Og þá væri hægt að athuga hvort orðalag ætti að taka á því að samráð skuli ávallt haft við nefndina, jafnt á þingtíma sem og í þinghléum. Og þá er það einmitt athugunarefni líka hvort tilgreina eigi sérstaklega í stjórnarskrá eina þingnefnd umfram aðra, eins og við erum hér að gera í greininni, með utanríkismálanefnd. Og það hafa ýmis sjónarmið komið fram hér á fundum okkar í ráðinu, bæði í nefndarfundum og hér innan salarins. Og, við verðum auðvitað svo að skoða þetta með hliðsjón af því hvernig við ákveðum að fara almennt með nefndirnar, og hvort að, sem sagt, utanríkismálanefnd skuli þá sérstaklega nefnd berum orðum í kaflanum.

En ég hef þá lokið umfjöllun um 1. greinina og ætla að víkja að 2. grein, en þar er fjallað um gerð þjóðréttarsamninga, það er samninga Íslands við önnur ríki, alþjóðastofnanir eða aðra þjóðréttaraðila. Og hún er svohljóðandi: „Ráðherra gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, landhelgi eða breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum nema samþykki Alþingis komi til.“

Í grundvallaratriðum er þetta sú efnisregla sem nú felst í 21. grein. Og þá er lögð til sú breyting að í 1. málsgrein, að það sé ráðherra sem geri samninga án aðkomu forseta. Og þetta er í samræmi við aðrar þær tillögur sem að hér hafa verið samþykktar um hlutverk ráðherra. Einnig leggjum við til í 2. málsgrein breytingu á orðalagi til nánari skýringar á því hvenær eigi að leita samþykkis Alþingis, áður en samningur er fullgildur.

Nú, aðkomu forseta í dag að þessum málum er þannig hátað að ráðherra framkvæmir vald hans, og þegar samningur liggur fyrir er samþykki Alþingis veitt með þingsályktun. Þannig leggur utanríkisráðherra fram tillögu um að þingið veiti heimild til fullgildingar tiltekins samnings. Og þegar lagabreytingar þarf vegna aðildar að viðkomandi samningi, þá er það fagráðherra sem leggur samhliða eða á svipuðum tíma, fram frumvarp sem mælir fyrir um það hvernig breyta skuli lögum með hliðsjón af þeim skuldbindingum sem í samningi felast.

Með tillögum okkar, eins og ég sagði áðan, þá er fallið frá formkröfunni um aðkomu forseta. Og það er tilgreint sérstaklega að ráðherra fari með þetta. Orðalagsbreytingin í 2. málsgrein, lýtur að því að í stað orðalagsins horfa til breytinga á stjórnarhögum, að þá leggjum við til að þar komi í staðinn orðalagið breytingar á landslögum. Enda er það túlkun sem viðgengist hefur á fyrrgreindu orðalagi stjórnarhögum, og þá erum við að færa bara ákvæðið til samræmis við það sem að í raun gildir.

Þá er ég búin með 2. greinina og ætla að víkja næst að 3. grein. En þar er að finna nýmæli um gerð samninga sem fela í sér framsal ríkisvalds og hún er svo-

hljóðandi: „Heimilt er að gera samninga við önnur ríki sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahagssamvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft. Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt samningi felst. Þegar tillaga um fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds hefur verið samþykkt af Alþingi skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar.“

Ákvæðið er nýmæli í skrifadri stjórnarskrá Íslands en í íslenskri stjórnskipan, eins og ég nefndi örlítið áðan, þá hefur stjórnarskráin verið túlkuð sem svo að hún heimili framsal ríkisvalds, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Og þetta er óskrifuð meginregla sem að hefur mótast í framkvæmd síðastliðinna ára og var m.a. notuð til þess að heimila aðild að EES á sínum tíma. Og hún hefur verið túlkuð enn frekar í framkvæmd með aðild okkar að Schengen, og ýmiss samstarfs innan EES, svo sem á sviði samkeppnismála. Nú til að tryggja réttarvissu þá leggur nefndin til að stjórnarskrá taki sérstaklega á því með hvaða hætti skuli fara með þjóðréttarsamninga af þessu tagi. Og erum við þá einkum að líta til þessarar óskrifðu meginreglu og mikilvægi þess að hún verði útfærð þannig að vafi leiki ekki á því hver mörk hennar eru og hvaða málsmeðferðareglur gildi, þegar að um slíka samninga er að ræða. Og með því móti verður einnig hægt að tryggja aðkomu þings og þjóðar að gerð slíkra samninga, og þá legg ég sérstaka áherslu á aðkomu þjóðarinnar.

Nú hér er lögð til grein sem veitt getur heimild að íslenska ríkið verði aðili að þjóðréttarsamningi sem felur í sér skuldbindingu til að framselja hluta ríkisvalds. Og þá til alþjóðastofnunar. Framsetning ákvæðisins tekur mið af norrænum fyrirmyndum, einkum ákvæðum í stjórnarskrám Noregs og Danmerkur en slík ákvæði er jafnframt að finna í flestum stjórnarskrám í Evrópu, að því er ég best veit.

Nú, í ákvæðinu eða greininni eru sett ákveðin skilyrði um slíka samninga, efni þeirra og markmið, og þeirra stofnana sem fara muni með valdheimildir sem framseldar eru. Þar er gerð sú krafa að aðild að stofnun hafi það að markmiði að stuðla að friði og efnahagssamvinnu, en slík skilyrði eru í anda þeirra viðhorfa sem m.a. komu fram á þjóðfundi í tengslum við það að hvaða leyti Ísland skuli vera virkt á alþjóðavettvangi. Nú jafnframt er í greininni gerð krafa um að afmarka eigi nánar með lögum í hverju framsal felst og að það skuli ávallt vera afturkræft, og háð þá ákvörðun íslenskra stjórnvalda hverju sinni.

Nú, í 2. málsgrein er að finna sérstaka málsmeðferðarreglu, þar sem lagt er til hvaða málsmeðferð skuli gilda um samninga af þessu tagi. Í henni felst að eftir að Alþingi hefur samþykkt tillögu um heimild ríkisstjórnar til að fullgilda samning, en hins vegar áður en fullgilding fer fram, að þá skuli leggja málið í þjóðaratkvæðagreiðslu sem sé bindandi fyrir stjórnvöld. Við í nefnd C og ég held að allir ráðsfulltrúar séu okkur sammála, þá teljum við það sérstaklega mikilvægt að tryggt sé að afstaða þjóðarinnar til mála sem þessara, ráði niðurstöðu. Nú, verði tillaga um fullgildingu felld í þjóðaratkvæðagreiðslu, þá nær fullgilding samnings því ekki fram að ganga og samþykkt Alþingis fellur niður. Rétt er að benda á í þessu samhengi, að 2. tillaga stjórnlaganefndar laut að því að ákvörðun um samninga af þessu tagi, að hún skyldi lúta sömu máls-

meðferð og við ætti um stjórnarskrárbreytingar. Og í því samhengi er verið að vísa til þess að í þeirri tillögu var lagt til að um stjórnarskrárbreytingar gildi sú meðferð að þær skuli samþykktar með auknum meirihluta á þingi og í kjölfarið settar fram í þjóðar- atkvæðagreiðslu. Nú, verði það niðurstaða okkar hér í ráðinu að slík málsmeðferð skuli gilda um stjórnarskrárbreytingar, þá þurfum við e.t.v. að hverfa aftur til 3. greinar og hugsa hvort að sama málsmeðferð eigi hér að gilda líka.

Nú, kærur vinur, ég hef þá lokið yfirferð yfir tillögur okkar og þakka fyrir gott hljóð og vænti eins og áður góðra umræðna. Og ég þakka náttúrlega samnefndarmönnum mínum í nefnd C sérstaklega fyrir starfið við mótn þessara tillagna. Og þakka líka öðrum ráðsfulltrúum sem komu að mótnuninni á sameiginlegum fundi, og þeim ábendingum sem við fengum í tengslum við þá vinnu. Takk fyrir.

SN

Já, ég þakka varaformanni nefndar C þessa kynningu á tillögu C-nefndar um sérstakan kafla um utanríkismál, og það er vert að taka það fram að það er lagt hér fram til kynningar. En orðið er laust, og Silja Bára Ómarsdóttir, gjörðu svo vel.

SBÓ

Já ég þakka Írisi Lind fyrir góða kynningu á þessum tillögum, og ætla rétt að renna yfir, ég hef sent á ykkur og það hefur verið dreift hérna á borðin formlegum breytingartillögum. Ég er líka með nokkra aðra punkta sem að ég var nú búin að nefna hérna á svona sameiginlegum fundi inni í ráðinu en rétt að þeir komi fram líka opinberlega. Það er þetta orðalag í 1. málsgreininni með fyrirvarið sem ég velti fyrir mér orðalagi og bið nefndina um að skoða aðeins hvort að það mætti orða á einhvern þann hátt að ráðherra færi með utanríkisstefnu og rekstur hennar í umboði og eftirliti Alþingis, eða eitthvað í þá áttina. Mér finnst þetta orð fyrirvar svölítið undarlegt og ankannalegt þarna. Og einnig sem Íris Lind nefndi í framsögu sinni, að það væri bæði að ráðherra bæri að veita upplýsingar fyrirfram og svara, eða sem sagt, að nefndin hefði rétt til þess að kalla eftir upplýsingum. Ég svona hallast að því að það væri betra að segja það berum orðum, frekar en að hafa það í greinargerð. En breytingartillaga sem ég hef lagt fram um 1. grein, að ég er með í raun og veru aðaltillögu, varatillögu og þrautavaratillögu, að í fyrsta lagi að 3. málsgrein bætist við 1. greinina, og hljóði svo: „Ísland skal aldrei fara með ófriði á hendur öðrum ríkjum.“ Tillaga til vara er að 3. málsgrein verði: „Ákvörðun um stuðning við hernaðaraðgerðir skal háð samþykki Alþingis.“ Og tillaga til þrautavara er þá valkostur 3: „Ákvörðun um stuðning við stríð skal háð samþykki Alþingis.“ Þessi viðbót byggir á innsendum erindum, m.a. frá Menn- ingar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna og Sam- tökum hernaðarandstæðinga, auk sterkra skilaboða frá þjóðfundi um að Ísland skuli vera herlaust land og friðsamt. Þá tengir þetta við tillögu stjórnlaganefndar um að í þessari grein sé tekið fram að ákvörðun um aðild að stríði gegn öðrum ríkjum megi ekki taka án samþykkis þingsins.

1. valkosturinn er í raun og veru orðalag frá MFÍK, sem lagði að auki til að landið skyldi lýsa kjarnorku-

laust svæði og að landið skyldi standa utan hernaðar- bandalaga. Ég geng ekki alveg svo langt í þessari tillögu, en tillaga um að binda friðarstefnu í stjórnar- skrá gæti vissulega verið túlkuð þannig að hún krefðist þess að Ísland myndi segja sig úr Atlantshafs- bandalaginu. Ég er svona, er ekki alveg sannfærð að það þyrfti að gera það, en ég þarf að skoða það aðeins betur. En þessi tillaga í raun og veru dekkar einnig íturstu tillögu sem að kom inn í erindi Samtaka hernaðarandstæðinga, sem að við í ráðinu fengum hérna.

Þá er það valkostur 2 sem að gengur ívið lengra heldur en tillaga stjórnlaganefndar og segir hernað- araðgerðir frekar en stríð og fellir út eins og 3. tillaga til þrautavara orðalagið, gegn öðrum ríkjum, það að tala um hernaðaraðgerðir tel ég réttara í raun og veru heldur en að tala um stríð, vegna þess að hernaðarað- gerðir eins og þær tíðkast í alþjóðakerfinu í dag í raun og veru eru sjaldnast tæknilega séð stríð, uppfylla ekki skilgreiningar á því um yfirlýsingu og svona, þessa lög- formlegu, alþjóða lögformlegu kröfur. Og hins vegar er alls ekki algilt að hernaðaraðgerðir séu reknar gegn ríkjum, heldur gjarnan gegn stjórnvöldum sem að eru talin ólögmet innan ríkja, eða gegn alþjóðlegum hryðjuverkasamtökum. Þannig að með þessu orðalagi er ég að reyna að draga fram að ákvarðanir um að taka þátt í hernaðaraðgerðum þurfa að fara fyrir þingið, hljóta einhvers konar þinglega meðferð og samþykki þess.

Persónulega er ég ekki, ekki kannski harðasti friðar- sinninn sem hægt er að finna hérna, vegna þess að ég tel rétt að taka afstöðu gegn einræðisherrum til dæmis og ólýðræðislegum stjórnvöldum. Stjórnvöldum sem að brjóta mannréttindi á borgurum sínum, og þar með gæti verið nauðsynlegt að styðja við aðgerðir þar sem að hervaldi er beitt, en ég vil að slíkar ákvarðanir séu teknar á lýðræðislegum grundvelli.

Þessi valkostur 2, held ég að uppfylli varatillögu Samtaka hernaðarandstæðinga, um að reglur séu settar um stuðning við hernað. Og síðan til þrautavara þá í raun og veru tek ég tillögu stjórnlaganefndar í valkosti 3, þar sem er viðurkennt að Alþingi getur veitt stuðning við stríð, þó ég sé ekki sannfærð um að það sé gott orðalag, en fellir brott orðalagið gegn öðrum ríkjum. Þannig að það væri þá, ef það ætti að skil- greina beitingu hervalds sem stríð, að þá væri það ekki eingöngu gegn öðrum ríkjum, sem að til kæmi. Þannig að það væri aðeins opnara um hvaða aðgerðir væri um að ræða. Og þar með í raun og veru væri krafan að það þyrfti að styðja, þyrfti samþykki að við værum að taka þátt í aðgerðum sem eru skilgreindar sem stríð, ekki bara gegn öðrum ríkjum. Þannig að ég held að þarna væri meiri krafa á það að Alþingi kæmi að svona ákvörðun. Já, þannig að þetta er svona þær breytingar- tillögur sem ég er með við 1. grein.

Og þá í 2. og 3. grein legg ég til að í staðinn fyrir að það standi samningar við önnur ríki, að þar standi al- þjóðasamningar. Það eru í tillögum stjórnlaganefndar stundum talað um þjóðréttarsamninga, en ég held að fólk skilji kannski frekar alþjóðasamninga. Og ef sagt er, eins og í 2. grein, fyrir hönd ríkisins, að þá er ljóst að þetta er ekki alþjóðasamningar, ekki bara hvaða samningar sem er á milli aðila innan ólíkra ríkja heldur samningar sem eru fyrir hönd ríkisins. Með þessu orðalagi þá er ég að reyna að gera það ljóst að ekki er eingöngu verið að, hægt að gera alþjóðasamninga

við ríki heldur við ríkjasambönd og alþjóðastofnanir. Þannig að þetta ætti að dekkja fleiri tilvik en fyrsta, sem sagt sú tillaga sem að lögd er fram hérna.

Svona rétt í lokin, Íris Lind nefndi að við hefðum samþykkt ákveðin grunngildi, það er ekki alveg minn skilningur. Það var þess vegna sem hún talaði m.a. um að ákvæði um stríð hefði ekki tekið inn. Minn skilningur er ekki alveg sá að við höfum samþykkt þessi gildi heldur kynntum við í A-nefndinni hugmyndir um þau gildi sem að við teljum rétt að eigi að vera í 1. grein, og ætlunin var að við myndum síðan í ráðinu öllu, taka saman og skrifa þessa 1. grein og ákveða hvaða gildi ættu að vera. En við tókum vissulega dæmi um það að friður ætti heima sem eitt af grunngildunum í 1. greininni. Þannig að ég bara svona, við höfum sameiginlegan skilning á því, ég vona að ég hafi réttan skilning á þessu.

Annars bara þakka ég fyrir. Mér finnst þessar tillögur að mestu leyti bara mjög góðar og held að þær ná að ganga svona hóflega langt, til dæmis með framsali ríkisvalds, og ættu ekki að fæla frá þá sem ekkert vilja nálgast Evrópusambandið og heldur ekki þá sem að vilja ganga mjög langt í að nálgast það. Takk.

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Formaður, gott ráðsfolk. Við förum fljótt yfir sögu, hver er raunveruleikinn? Við erum með 2 ákvæði þegar í stjórnarskránni stuðla að friði og alþjóðasamvinnu og fyrr í henni. 1941 fengum við hér á eigin vilja frá hlutlausri þjóð sem þá var, Bandaríkin. Þeir stunduðu þá hernað á Atlantshafi til verndar flota sínum og með þessu var í raun og veru Ísland í raun ekki lengur hlutlaust land. Þó að við vildum þetta frekar en að hafa breskt herlið. 1944-46 var undirbúningur Sameinuðu þjóðanna, við tókum ekki þátt í því, á þeim forsendum að við værum herlaust land, og vildum ekki segja neinni þjóð stríð á hendur. Það var yfirleitt veruleiki þá, það var alltaf verið að segja þjóðum stríð á hendur. Við drógum í 2 ár að ganga í Sameinuðu þjóðirnar af því að vitrir menn þóttust sjá, að í sáttmála þeirra fælist að þeim væri heimilt ef Öryggisráðið samþykkti, að fara með stríð, eða fara í hernaðaraðgerðir á hendur þjóðum. Og þeir urðu sem sagt forspár því að 1950 að þá fór her Sameinuðu þjóðanna, reyndar undir forystu Bandaríkjanna, með stríði á hendur Norður-Kóreumönnum, reyndar á þeim forsendum að þeir hefðu ráðist á Suður-Kóreu. Þar með vorum við í raun orðnir aðilar að hernaðaraðgerðum í fjarlægum landi, þótt við ítrekuðum það að hér væri herlaust land og á þá tíma að þá mætti aldrei vera hér herlið á friðartímum. Og síðan kom varnarlið hérna 1951 og enn var sagt að þetta væri varnarlið. Og það var af brýnni nauðsyn var sagt. Talað var um þjóðaratkvæði 1949 þegar við gengum í NATÓ, en þegar við lítum á hvernig ástandið var í heiminum þá, þá var ekkert ráðrúm fyrir slíkt, enda var engin þjóð sem var með þjóðaratkvæði um það. Menn sáu fyrir sér að þriðja heimsstyrjöldin gæti skolið á á morgun vegna Berlínardeilunnar. Og þess að kommúnistar höfðu náð Tékkóslóvakíu undir sig. Hvað gerist svo næst? Við erum að heyja þrjú þorskastríð. Þau eru kölluð Cod Wars. Það var engin stríðsfírlýsing en við beittum fallbyssum, skutum á Everton

og fleiri togara. Þannig að þarna erum við strax farin að nálgast þessa línu, hvað er þetta gráa svæði stórt? Stríð, friður. Við förum síðan, NATÓ fer síðan inn í Kosovo, sömuleiðis ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Við vorum þar aðilar að, þó að, og gerðum ekkert í því máli. 2003 ákveða tveir menn að við skulum skipa okkur með yfirlýsingu í hóp viljugra þjóða til að fara í herleiðangur inn í Írak sem margir telja, með rökum, að hafi verið ólöglegur þótt það væri sagt að það væri undir yfirskrift ályktunar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Það var alveg nýtt stig, að alþjóðleg yfirlýsing lægi fyrir um það að við værum viljug þjóð til að fara í hernaðaraðgerðir í öðru landi. Nú höfum við Líbíu, og það er það sem Silja Bára er að tala um, Öryggisráðið enn. Og það verið að fara með hernað inn í það land, og á móti þeim stjórnvöldum sem þar hafa verið viðurkennd fram að þessu. Það sem ég er að segja er þetta: Þetta er mjög grátt svæði. Við skulum vanda orðalag okkar mjög vel. Það er mikill munur á því að segja: Ísland skal aldrei fara með, að ákvörðun um stuðning við stríð, skuli háð samþykki Alþingis, eða segja: Ákvörðun um stuðning við hernaðaraðgerðir, skuli háð samþykki Alþingis. Ég legg til að við vöndum þetta vel og horfum með raunsæi á hlutina eins og þeir eru, ekki eins og að við vildum að þeir væru. Auðvitað viljum við öll frið. Og svo skulum við sjá hvort að við getum ekki lent þessu máli farsælega, eins og við ætlum okkur að gera í öllum öðrum viðkvæmum málum. Takk.

SN

Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, kærur vinir. Þessi 3. grein, varðandi framsal. Ég held að hún sé býsna góð að því leyti að, eins og staðan er í dag, að þá eru það tvö þing sem þurfa að samþykkja meiriháttar mál, eins og til dæmis ESB. Þetta ákvæði gerir það að verkum að nú er það eitt þing og ein þjóð. Og ég held að það sé mjög ásættanlegt fyrir öll sjónarmið.

Svo varðandi breytingartillögu Silju Báru, ég verð nú að segja það að ég er held ég ekkert svo sem meira eða minni friðarsinni heldur en Silja Bára en við lendum svolítið alltaf í því horni í kringlóttu herbergi, að við erum í hernaðarbandalagi. Og það gerir það að verkum að það er náttúrlega ekki rétt af okkur að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi, og vilja ekki leggja neitt af mörkum. En þegar á okkur er ráðist þá eigum við að þiggja allt. Og þetta er vandamálið. Og þess vegna finnst mér miklu betri kostur, og enn kem ég þarna að C-nefndinni, að það væri ákveðinn frumkvæðisréttur meðal þjóðarinnar til þess að færa mál í þjóðaratkvæði, meðal annars þátttöku okkar í NATÓ. Nú ef að þjóðin hafnar því að vera í NATÓ, þá erum við náttúrlega komin með alveg upplagðan akur fyrir frábært friðarákvæði og hlutleysisákvæði í stjórnarskrá. En meðan við erum í NATÓ finnst mér þetta mjög, allavega erfiður skafli að fara í gegnum. Og hins vegar er eitt sem mér finnst við gætum gert, og það er að lýsa Ísland kjarnorkulaust svæði. Takk.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Já formaður og kærur ráðsfulltrúar. Ég ætla nú ekki að þreyta ykkur lengi, svona í lok dags, þetta er orðin löng seta. Ég ætla samt að fá að hafa smá pedantik hérna. Það er, 1. greininni um meðferð utanríkismála, þá stendur hérna: Utanríkisstefna og almennt fyrirsvar ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn umboði og undir eftirliti Alþingis. Ég tek nú undir að það mætti kannski laga orðalag, en ég ætlaði að fara að gera athugasemd upphaflega um þetta með ráðherra í ríkisstjórn. En staðreyndin er sú að B-nefnd er með á sinni könnu breytt ákvæði um ríkisstjórnina þar sem að við munum væntanlega leggja til að hún geti tekið ákvarðanir sem fjölskipað stjórnvald og í mikilsháttar, eða stefnumarkandi málum, og utanríkismál munu mörg hver örugglega heyra þar undir, þannig að ég er ekki hissa þó við enduðum með þetta orðalag þannig að það væri, sko utanríkisstefna og almennt fyrirsvar ríkisins, hvernig sem það verður orðað, er á hendi ráðherra og ríkisstjórnar, í umboði og eftirliti Alþingis. Bara svona til að við séum aðeins undirbúin undir það. Ég reikna fastlega með því að meiriháttar utanríkispólítískar ákvarðanir verði þá teknar af ríkisstjórn sameiginlega, ekki bara utanríkisráðherra einum.

Og síðan er í 2. grein, þar er ég sammála Silju Báru, það væri betra segja ráðherra gerir alþjóðasamninga fyrir hönd ríkisins. Sammála henni með orðalag. Og svo er þarna í lokin á því stendur, er mikilvægara af öðrum ástæðum, nema samþykki Alþingis komi til. Ég mæli með því að við breytum því orðalagi í bara, nema með samþykki Alþingis. Það er þá í samræmi við orðalag eins og það er annars staðar, um samþykki Alþingis. Þetta með, komi til, er ekki fallett. Síðan er þarna, af því að þetta er nú tillaga frá C-nefnd, að þá 3. grein, 2. mgr. þegar að það er þarna um: Þegar tillaga um fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds hefur verið samþykkt á Alþingi skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Og það innifelur þá að það eru þá allir slíkir samningar, hvort sem þeir eru stórir eða litlir eða hvort sem um þá er samkomulag í raun og veru, að mestu leyti eða ekki. Og ég svona velti fyrir mér, hvort að þetta skal sé kannski óþarfi. Hvort að það, eða hvort að menn skilji það þannig að framsal ríkisvalds sé alltaf það mikið, að það yrði átómatískt, en af því þetta er C-nefnd að þá er væntanlega undir í nefndinni einhvers konar möguleiki á almennum þjóðaratkvæðagreiðslum, að jafnvel að beiðni minnihluta þings eða tilteknum fjölda kjósenda. Og auðvitað gæti þá slíkt skilyrði náð utan um fullgildingu samnings líka. Ég vil svona bara skjóta því að hvort að það sé ástæða til þess að það sé þá alveg 100% ákvæði þarna í þessari grein, ef að það stendur til á annað borð, að það sé ákveðinn möguleiki á að þjóðin taki þátt. Takk.

SN

Já, þá er Silja Bára Ómarsdóttir næst á mælendaskrá og ég ætla að fela varaformanni ráðsins að taka við fundarstjórn í stutta stund.

SBÓ

Já, takk fyrir. Bara örstutt. Þetta með að við getum ekki verið með friðarákvæði vegna þess að við erum aðilar að Atlantshafsbandalaginu, að ég, eins og ég segi, ég er ekki alveg sammála því en ég held ekki að

fyrsta tillagan myndi fela endilega í sér það að við þyrftum að ganga úr bandalaginu, þó að ég viti að sumir myndu túlka það, og myndu vilja túlka það þannig. Það er mismunandi hvernig svona ákvæði eru túlkuð og hvernig þau eru útfærð. Nefni til dæmis 9. grein japönsku stjórnarskrárinnar sem í 44 ár var túlkuð þannig að, eða í 44 ár eftir lok síðari heimsstyrjaldar var túlkuð þannig að Japan til dæmis myndi ekki taka þátt í friðargæsluverkefnum, vegna þess að það fæli í sér aðkomu að hernaðartengdum verkefnum. Það breyttist 1989 og Japan tekið þátt í friðargæsluverkefnum eftir það. Þannig að svona ákvæði auðvitað má túlka á vissan hátt. Ég skil vel þennan varnagla um að auðvitað eigum við að leggja af mörkum jafn mikið og við þiggjum í þeim samtökum og samböndum sem við erum aðilar að, og er hlynnt því sjálf. En bendi á t.d. að annar valkosturinn sem að ég vissulega set ekki fram fyrstan, en það er vegna þess að hann gengur aðeins skemur en sá valkostur sem ég set fram fyrst, ekki endilega að það sé valkosturinn sem ég tel réttastur. Að hann talar um samþykki við hernaðaraðgerðir og það er einmitt vegna þess að það hafa verið ýmsar hernaðaraðgerðir sem við höfum verið, hefur verið talið að við værum aðilar að, sem hafa ekkert með Atlantshafsbandalagið að gera, þó að t.d. það sem er að gerast í Líbíu núna sé vissulega á hendi þeirra samtaka. Þannig að ég myndi ekki vilja að umræða um þessa valkosti væri afskrifuð á þeim forsendum að við værum aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Takk.

AT

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, ég ætla að þakka varaformanni C-nefndar og öllum öðrum í C-nefnd kærlega fyrir gott samstarf um þessar tillögur. Þetta hefur verið góð vinna. Nú, ég sé hérna breytingar frá Silju Báru Ómarsdóttur, sem er gott að hafa fyrir framan sig í þessari umræðu. Nú, það er auðvitað svo að ef að líkt og til dæmis hér stendur í skýringunum við t.d. valkost 1, ef að þessi tillaga nái fram gæti hún skapað kröfu um að Ísland segði sig úr Atlantshafsbandalaginu. Það er auðvitað hægt að skilja þetta á nokkuð marga vegu. Það er hægt að leggja inn þann skilning að það til dæmis að taka þátt í varnaraðgerðum sé ekki endilega, falist í því að fara með stríð á hendur öðrum ríkjum og þegar ég hef lesið í gegnum rökstuðning Silju þá kannski er nú ekkert endilega svo langt á milli okkar, þó svo að ég reyndar telji að vera okkar í Atlantshafsbandalaginu hafi verið alla tíð góð ákvörðun, og ég vil ekki opna á ákvæði sem geti einhvern veginn dregið í efa réttmæti þess að við séum þar inni. En það er sjálfsagt að ræða þessi mál og sjá hvort við getum komist að einhverri niðurstöðu.

Varðandi þennan stuðning við hernaðaraðgerðir og stríð þá verðum við auðvitað að lesa, svona hugsa aðeins hvað það hefur í för með sér. Það hefur náttúrlega aðallega í för með sér, það eru auðvitað ýmsir hlutir sem geta gerst en ég til dæmis hugsa auðvitað um notkun á okkar flugvelli þegar að slíkar aðgerðir eru í gangi. Og persónulega þá finnst mér það ekki vera röng ákvörðun að hjálpa til og leyfa öðrum þjóðum að nota þann flugvöll t.d. þegar á að reyna að koma í veg fyrir þjóðernishreinsanir á Balkanskaga eða annars staðar. Það er bara mín skoðun og ég lít ekki endilega

á sem 100% pacifisma, sem alltaf rétta siðferðislega ákvörðun í því tilefni. En við skulum endilega ræða þetta bara vel, nefndin tekur þetta til umfjöllunar og skoðar málið með hliðsjón af veru okkar í öllum þeim bandalögum sem við erum í.

Nú varðandi 2. eða 3. grein sem kemur að framsali ríkisvalds og því sem Vilhjálmur nefndi, þá er gott að þetta komi fram. Það kannski væri hollt að setja EES samninginn í gegnum þetta ferli sem við erum hér með, því að menn hafa haft af því einhverjar áhyggjur af því hvort allir samningar sem feli í sér einhvers konar framsal þurfi að fara í gegnum 3. grein og þjóðaratkvæðagreiðslu. Nú, ef að þessar greinar hefðu verið í gildi þegar að sú umræða fór fram, þá hefði þáverandi ríkisstjórn væntanlega ályktað svo, eins og hún gerði á sínum tíma, að EES samningur fæli ekki í sér beinlínis framsal á ríkisvaldi. Nú, ef að minnihluti þings hefði verið á annarri skoðun, þá hefði hann getað borið það mál undir annað hvort Lögréttu, sem ráðgefandi nefnd, eða ef þetta næði fram að ganga, þá undir sérskipaðan Hæstarétt samkvæmt þeim tillögum sem við erum með. Þaðan hefði komið niðurstaða um hvort þetta teldist vera framsal á ríkisvaldi eða ekki. Nú ef að þetta teldist framsal á ríkisvaldi, þá hefði þetta þurft að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu, ellegar ekki. Að auki eru auðvitað ekki fullkláraðar tillögur um það hvernig standa beri að þjóðaratkvæðagreiðslum. Ef að nefndin og ráðið kemst að þeirri niðurstöðu að lagafrumvörp megi, eða sem sé minnihluti þings eða eitthvað hlutfall þjóðarinnar, megi kalla á það að lagafrumvörp fari í gegnum þjóðaratkvæðagreiðslu, þá auðvitað er þarna kominn farvegur fyrir öll mál sem eru þess eðlis að þau krefjast þingssamþykktar á annað borð, að setja þau í þjóðaratkvæðagreiðslu ef að fyrir því er ákveðið hlutfall þingmanna eða kjósenda.

En ég ætla aðeins samt að áréttu það og útskýra það, í rauninni þá hefur það ekki verið skilningur íslenskra stjórnvalda að neinn sá samningur sem við höfum gert ennþá, hafi krafist væntanlega framsals eins og felst í grein 3 hingað til, hún á allar að geta fallið undir grein 2 eins og við leggjum hana upp. Það er allavega minn skilningur. En takk fyrir.

AT

Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Já, þakka þér fyrir Ari Teitsson. Ég ætlaði nú bara að taka undir með þessum breytingartillögum hjá Silju Báru. Mér finnst bæði þessar orðalagstillögur góðar, og svo líka finnst mér mikilvægt að við tökum einfaldlega af skarið með þessi friðarmál. Ég veit við erum í NATÓ, en við verðum það kannski ekki alltaf. En nú erum við að setja okkur nýja stjórnarskrá, og þetta er nýjasta stjórnarskráin í heiminum, verður þá, þegar hún kemur loksins. Að minnsta kosti í einhverjar 5 mínútur, þangað til einhver annar býr til stjórnarskrá. Og það skiptir máli að við séum að setja okkur takmörk bæði, og líka lýsa stjórnskipuninni okkar. Og auðvitað á það að vera takmark okkar að við förum ekki með ófrið á hendur öðrum þjóðum. Svo getum við rifist um það hvort við höfum gert það í tilfalli A, eða B eða C. En að sjálfsgöðu á það að vera yfirlýst takmark í okkar utanríkisstefnu, annað finnst mér bara fásinna. Þannig að ég bara styð þetta og er glöð að þetta sé

komið þarna inn, að einhvers konar yfirlýsing um það að við ætlum að reyna að vera friðsöm og góð þjóð. Ég er bara mjög glöð með það. Takk.

AT

Nú, þá er umræðum um þennan lið lokið og dagskráin tæmd en Íris Lind Sæmundsdóttir fær að hafa síðasta orðið. Gjörðu svo vel, Íris.

ÍLS

Kærar þakkar Ari Teitsson. Nú, ég þakka fram komnar ábendingar og athugasemdir og tillögur og þá sérstaklega hér fyrir ítarlega tillögu frá Silju Báru. Og ég geri mér einmitt alveg grein fyrir mikilvægi þess að Ísland sé land friðar og að þau grunnildi sem að lögð var áhersla á, m.a. á þjóðfund og þær innkomnu ábendingar sem við höfum fengið í erindum. Ég held auðvitað verðum við að skoða þetta bara mjög ítarlega og reyna að koma fram þá með orðalag sem að sé þá til samræmis við alþjóðaskuldbindingar okkar núna.

Ég ætla svo sem ekkert að fara neitt ítarlega yfir eina eða aðra athugasemd að svo stöddu. En mig langar samt í samræmi við það sem að Pawel var að tala um varðandi skilning hans á EES samningnum. Þá langar mig að benda á það að ég er ekki alveg sammála Pawel með þetta, ég hugsa að á þeim tíma náttúrlega, þegar að EES samningurinn var gerður, þá var útbúið álit frá þremur lögfróðum mönnum, sérfræðingum í stjórnskipunarrétti og Evrópurétti, sem mátu sem svo að samningurinn fæli í sér framsal ríkisvalds. Þá var m.a. litið til þess að hann fæli í sér framsal á sektarákveðunarvaldi á sviði samkeppnismála til eftirlitsstofnunar EFTA og eins ýmsar aðrar ákvarðanir sem að fælu í sér framsal á einhverjum hlutum íslensks ríkisvalds. Það var hins vegar niðurstaða þessara manna að íslensk stjórnskipan hefði þróast með ákveðnum hætti og að hana yrði að túlka sem svo að hún heimilaði framsal ríkisvalds að ákveðnu leyti. Þannig að það, sem sagt að slíkt framsal mætti vera, mætti ná fram að ganga á grundvelli stjórnarskrárinnar, ef það væri vel afmarkað og takmarkað og ekki íþyngjandi fyrir borgarana. Nú, ég er þeirrar skoðunar að þetta hefði átt undir 3. grein eins og við erum að setja hana fram. Og þá lít ég nú einna helst til þess að í Noregi á sínum tíma þegar að við vorum að gera EES samninginn, þá var í gildi svona ákvæði í norsku stjórnarskránni og aðild Norðmanna að EES var samþykkt á grundvelli hennar. Og eftirfarandi aðild og skuldbindingar sem að leitt hafa af EES samningnum í Noregi hafa ekki kallað á samsvarandi deilur og ágreining um mörk stjórnarskrárinnar okkar síðan þá. Af því að aðildin fór í gegnum ákveðið ferli, og það sem kom á eftir var að vissu leyti fyrirþjáanlegt fyrir Norðmenn og eftirfarandi breytingar sem að hafa valdið vandkvæðum fyrir Ísland, í Noregi hafa verið samþykktar á grundvelli hefðbundins ákvæðis sem er samsvarandi þessu sem er nú í 2. grein. Þannig að þeir líta sem svo á að sumar breytingar á áður framseldu valdi, þó það kunni að vera örliðu meira framsal en áður var samþykkt. Að það kunni að, það geti farið í gegnum 2. grein, sem sagt, eins og við leggjum 2. grein upp. Og þetta er í samræmi við ákveðna túlkun sem að líka er viðhöfð í Danmörku á áþekku ákvæði þar. Að þá fer alltaf fram mat á því hvort um verulega breytingu sé að ræða á áður framseldu valdi. Og þá læt ég þessu

hér lokið og óska ykkur öllum góðrar helgar. Ég þakka fyrir þennan frábæran föstudag.

AT

Þakka þér fyrir Íris Lind. Og sérlega fyrir góða aðkomu að þessu máli. Ég þakka líka nefndinni fyrir hennar hlut, svo og ykkur öðrum sem að hafið stutt okkur í þessari tillögugerð. En þá er komið að lokum fundar og að venju þá förum við yfir breytingartillögur sem að fram hafa komið formlega og ég bið ykkur að láta vita ef þið saknið einhvers. Hér liggur fram listi sem að er svohljóðandi:

Það er í fyrsta lagi breytingartillaga Pawels Bartoszek við ákvæði 9. greinar. Það er um þjóðkirkju. Þær tillögur eru í A-nefnd. Í öðru lagi breytingartillaga Andrésar Magnússonar við 8. og 9. grein, þ.e.a.s. um trúfrelsi og þjóðkirkju. Líka í A-nefnd. Í þriðja lagi breytingartillaga Eiríks Bergmanns Einarssonar og hún er einnig um 9 greinina í A-nefnd, þ.e.a.s. um þjóðkirkju og í fjórða lagi er breytingartillaga Silju Báru Ómarsdóttur við 1.-3. grein sem að við vorum hér að fjalla um, þ.e.a.s. um utanríkismál, samninga við önnur ríki og framsal ríkisvalds.

Nú, tillögum þessum er vísað til þeirra nefnda sem að tilgreindar hafa verið í samræmi við efni til-lagnanna. ... Nú þá vil ég ítreka óskir um góða helgi og þakka ykkur fyrir góðan fund. 11. ráðsfundi er slitið og næsti ráðsfundur verður, ef að ekkert kemur upp á, 9. júní og hefst kl. 13.00.

12. ráðsfundur 09.06. 2011.

09.06.2011 13:00

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar
2. Skýrsla og tillögur C-nefndar, fyrri hluti
- Kosningar til Alþingis og alþingismenn, tillögur um nýjan texta í áfangaskjal lagðar fram til kynningar
3. Skýrsla og tillögur A-nefndar
- Upplýsingafrelsi og frelsi fjölmiðla, tillögur um nýjan texta í áfangaskjal lagðar fram til kynningar
- Breytt málfræðilegt kyn, tillögur um breyttan texta í áfangaskjali lagðar fram til kynningar
4. Skýrsla og tillögur B-nefndar
- Undirstöður stjórnskipunar, ráðherrar, ríkisstjórn og ráðherraábyrgð, ríkissaksóknari, lögrétta, fjárfjórvald Alþingis o.fl., tillögur um nýjan texta í áfangaskjal lagðar fram til kynningar
- Forseti Íslands, tillögur sem kynntar voru á 11. ráðsfundi lagðar fram til afgreiðslu
5. Skýrsla og tillögur C-nefndar, síðari hluti
- Lýðræðisleg þátttaka almennings, tillögur um nýjan texta í áfangaskjal lagðar fram til kynningar

12. ráðsfundur - haldinn 9. júní 2011, kl. 13.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Báru Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu-pósti miðvikudaginn 8. júní 2011 en fyrir fundinum lá tillaga að breytingu á þeirri dagskrá sem þar var boðuð.

Umræður á 12. ráðsfundi

SN

12. fundur Stjórnlagaráðs er settur. Það hafa verið kynntar breytingar á dagskrá. Þær eru tvær, önnur er sú að C-nefndin kynnir tillögur sínar undir lið 2 og síðan aftur í lokin. Þá verði tekin til lýðræðisleg þátttaka almennings í nýjan texta í áfangaskjal. Og hin breytingin er sú að nefnd B undir lið 4, óskar eftir að

kynna tillögur, eða taka fyrir tillögur sem kynntar voru á 11. ráðsfundi um forseta Íslands og taka þær til afgreiðslu. Erú einhverjir á, sem sagt, eða samþykkja allir þessar breytingar á dagskrá? Einhver á móti. Þá verður dagskráin með þessum breytingum og hún á að vera komin á borðið til ykkar.

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

SN

Fundargerð síðasta fundar hefur legið frammi án athugasemda og ekki eru gerðar athugasemdir hér, þá skoðast hún samþykkt.

2. Skýrsla og tillögur C-nefndar

SN

Skýrsla og tillögur nefndar C eru þá næst á dagskrá og fyrst er það, eða sem sagt, þá er það liðurinn kosningar til Alþingis og alþingismenn. Tillögur um nýjan texta í áfangaskjal, lagðar fram til kynningar. Og ég ætla að biðja formann nefndarinnar Pawel Bartoszek að gera grein fyrir tillögum nefndarinnar. Gjörðu svo vel, Pawel.

PB

Takk, formaður, kærú vinir og þeir sem á hlusta. Ég legg hér fram fyrir hönd nefndarinnar tillögur að nýjum texta í Áfangaskjal í kafla um kosningar til Alþingis og alþingismenn og það hefur farið í þetta töluverð vinna og ég vil þakka öllum sem eru í nefndinni og öllum ráðsmönnum einnig fyrir aðkomu þeirra að þessu máli sem og þeim sem sent inn hafa erindi á vef ráðsins. Þetta er auðvitað mál sem mörgum er hugleikið og margir hafa myndað sér skoðun á fyrirfram og það var mikið af góðum athugasemdum sem að okkur bárumst og við reyndum að smíða út úr þeim tillögum sem við gætum öll reynt að sættast á og sem væri líka góð tillaga að kosningakafli sem væri ekki einungis ásætlanlegur heldur einfaldlega gott kosningakerfi sem mundi vera land og þjóð til bóta.

Nú í nefndinni og ráðinu öllu voru uppi fjölmörg sjónarmið um þessi mál. Það kom fram sterk krafa um landið eitt kjördæmi. Einnig sterk krafa um jafnvægi atkvæða, en svo voru aðrir nefndarmenn og ráðsfulltrúar sem höfðu á þessu aðrar skoðanir, þeir vildu hafa kjördæmi. Sumir vildu hafa kjördæmi mörg og smá og aðrir vildu hafa kjördæmin stór og fá. Og með þetta að leiðarljósi settumst við niður til þess að reyna að finna á þessu einhverja góða lausn. Það var upp sterk krafa um persónukjör. Sumir vildu ganga lengra í þessum efnum en aðrir sem töldu að flokkar ættu áfram að gegna sterku hlutverki í kosningakerfinu. Og margar höfðu líka efasemdir um persónukjör á þeim forsendum að það mundi hamla möguleika stjórnmalaflokka á því að tryggja til dæmis ákveðna fjölbreytni á framboðslistum sínum hvað kyn, landsvæði eða önnur sjónarmið varðar. Nú, í seinasta lagi þá voru menn ekki allir á einni skoðun um það að hve mörgu leyti ákvæði um kosningakerfi í stjórnarskrá eigi að vera ítarleg. Löndin fara mjög ólíkt að í þessum efnum. Sum eru þar einungis með 1 til 2 setningar sem lýsa almennum markmiðum og svona grunnundirstöðum lýðræðis, kosningakerfisins á meðan í öðrum

stjórnarskrám má lesa heilt kosningakerfi út úr þeim ákvæðum sem þar stendur. Nú, það verður kannski að skoða þessar tillögur soldið í heild við þau dæmi sem gefin eru í viðauka. Ég treysti mér á þessari stundu ekki að fullyrða um þau dæmi séu að einhverju leyti tillögur nefndarinnar. En það var samt engu að síður það sem svoldið gengið var út frá því þegar ákvæðin voru skrifuð, allavega hluti okkar gerði það. Og í því ljósi mundi ég biðja alla ráðsfulltrúa að hafa kannski ákveðnar, reyna að mynda sér skoðun á því að hve mörgu leyti við viljum setja svoleiðis hluti kannski eitt-hvað meira af þeim ákvæðum inn í stjórnarskrána eða viljum við hafa þau ákvæði minna ítarleg en þau eru. Það þýðir þá í för með sér að löggjafinn hefur meira svigrúm sem sumum þykir gott og öðrum þykir síðra. En ef ég renni þá fljótlega yfir þá grundvallarhugsun sem liggur að baki kerfisins þá er það svo að ákallið um jafnt atkvæðavægi og auknið persónuval kjósenda er sterkt í ráðinu. Þeir sem hafa talað, svona, gegn hugmyndum um landið eitt kjördæmi og ég hef persónulega sjálfur verið ákveðnar efasemdir um það hvað það varðar, hafa bent á það í því felst hætta að ákveðin stór landsvæði minnu ekki hafa á þinginu neinn fulltrúa, í ljósi þess að þungi þjóðmálaumræðunnar er kannski svoltið samankominn fyrir á tiltölulega litlu svæði á landinu. Nú, til þess að bregðast við þessu þá er meginhugmynd í kerfinu sú að þingmenn séu allir kosnir á landsvísi, þ.e.a.s. allir kjósendur alls staðar á landinu geti tekið afstöðu til allra frambjóðenda alls staðar á landinu og það sé þau atkvæði sem ráði því hver það er sem hlýtur kosningu sem þingmaður á Alþingi Íslendinga en að ákveðnum kjördæmum eða svæðum séu tryggð ákveðin grunnseti sem eru kölluð bundin sæti í þessari tillögu. Og tillagan gerir ráð fyrir að þau verði allt að 2/3 þingmanna sem eru þá 25, ef við miðum við óbreyttan þingmannafjölda. Og í öðru lagi þá gerum við ráð fyrir þeirri töluverðu nýbreytni að kjósendum standi til boða að kjósa frambjóðendur þvert á lista stjórnmalasamtaka, og þá bæði í sínu kjördæmi og öðrum kjördæmum eða á landsvísi.

Nú, ef ég renni þá yfir textann sem þarna liggur til grundvallar, þá mundi fyrsta málsgrein að þessari fyrstu greinar svo nokkurn til?? hljóma svo: Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu með persónukjöri til fjögurra ára. Þetta er lítið breytt ákvæði frá því sem nú er, í stjórnarskrá en þarna bætist við orðið persónukjör, sem ber að túlka rúmt en það, svona, áréttar þá meginreglu að það eigi að vera kjósendur sem tryggi það hvaða frambjóðendur af hverjum lista náí kjöri en ekki fyrirframröðun flokkanna. Nú, annað í þessari grein, það er hérna tilgreindur fjöldi sem er 63 en það eru uppi skoðanir í ráðinu um að fækka þingmönnum eða fjölga þeim. Í nefndinni þá var það sjónarmið ráðandi að hafa þennan fjölda óbreyttan í ljós þeirra miklu, aukna hlutverks sem Alþingi er ætlað miðað við tillögu B-nefndar. Nú, með þjóðkjöri er almennt bara meint það að þingmenn skuli vera kosnir beint í almennum kosningum. Ekki óbeint af einhverjum, einhverju öðrum, leynileg kosning er auðvitað bara almennt, það er náttúrulega átt við með því að það er ekki hægt að komast að því hver, hvað kjósendi kaus hvað. Hlutbundin kosning er orð sem sumum kannski þykir dálítið óljóst en, það er í rauninni aðgreining frá kerfum sem mundu byggja á svokallaðri meirihlutakosningu

eins og til dæmis einmenningskjördæmum, þar sem það er sá sem, kannski einn þingmaður og sá sem fær meirihluta, hann nær kjöri. Hlutbundin kosning á þá að tryggja einhvers konar jöfnuð milli stjórn mála., milli hópa frambjóðenda eða stjórn málaflokka, hvort sem er á landsvísu eða í kjördæmum. Og það er okkar skoðun og niðurstaða að það falli náttúrulega mörg kerfi undir þetta, til að mynda krossakerfi eins og eitt af þeim tillögum í viðauka gera ráð fyrir. Krossakerfi þar sem flokkum er fyrst reiknuð atkvæði og síðan fundin út hvaða frambjóðendur eiga að ná kjöri. Og, að kosningakerfið STV falli líka undir þá skilgreiningu enda er það þannig að ef að ákveðinn hluti kjósenda kys ákveðinn hóp frambjóðenda með einum hætti, þá ætti það hlutfall að vera hlutfall þeirra þingsmanns sem var kjörinn. Nú, og þarna í lokin er kveðið á um að kjörtímabil, að þeir séu kosnir til fjögurra ára í senn. Það auðvitað hindrar ekki að þeir verði kosnir, að kjörtímabili ljúki með einhverjum öðrum hætti sem tilgreindur er í stjórnarskrá eins og þingsliti eða þingprofi eða andláti, að sjálfsögðu.

Nú, næsta málsgrein, hún er nýmæli og tiltekur að atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vegi jafnt. Í þeim tillögum sem gert er ráð fyrir í viðauka þá vege atkvæðin svo sannarlega jafnt, atkvæði kjósenda alls staðar af landinu er nákvæmlega jafn, vegur nákvæmlega jafnpungt, þótt svo að hugsanlega frambjóðendur sums staðar af landinu geti átt meiri möguleika að ná kjöri en frambjóðendur annars staðar af landinu. Það má líkja þessu saman við þá kosningu sem fór fram þegar að þessi hópur hér var kosinn til Stjórnlagabings, í fyrsta skipti. Þá voru þar inni ákveðin ákveði um það að hlutfall kynja þyrfti að vera með einhverjum öðrum hætti. Það þýðir það ekki að atkvæðisréttur kvenna eða karla hafi verið meiri eða minni. Atkvæði allra vógu jafn mikið en hins vegar þá var ákveðinn, settar á nokkrar/ákveðnar?? skorður á hlutfall þeirra sem ná kjöri og hér er verið að setja ákveðnar skorður sem eru landsfræðilegar, eða gefa löggjafanum hugsanlega heimild til þess eins og ég segi í næstu grein, eins og nefndin leggur til í næstu grein. Og hún hljóðar svo: Í lögum má þó mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta, þó aldrei fleiri en 1/3 þeirra, sé bundinn ákveðnum kjördæmum. Skipting bundinna þingsæta skal vera þannig að ekki séu færri kjósendur á kjörskrá að baki hverjum kjörnum, bundnu þingsæti en nemur meðaltali að baki allra þingsæta. Nú hér er verið að tala um þessi bundnu þingsæti, þ.e.a.s. stærsti hluti allra þingmanna í þessum kerfum yrði kosinn af landsvísu. En það væri hægt að tryggja það í kosningalögum að ákveðinn hluti, allt að 1/3, væru bundnir ákveðnum landssvæðum til þess að tryggja öllum landssvæðum fulltrúa á þingi. 1/3 er rétt yfir 25 þannig að þetta veitir nú þá heimild til að binda allt að 25 þingmenn í tilteknum kjördæmum. Og næsti málsliður sem byrjar á orðunum skipting bundinna þingsæta, kannski svo ég skýri hann með dæmi. Hann segir það að ef að í einhverju kjördæmi búi 10% allra landsmanna, þá eigi það kjördæmi í mesta lagi rétt á að fá 10% allra þingmanna, bundinn. 10% þingmanna mundi í þessu tilfelli vera 6,3 þannig að það mætti binda allt að 6 þingmenn niður í þessu kjördæmi en það mætti ekki binda þar 7, eða fleiri. Kerfið sem við gerum ráð fyrir í viðauka gerir ráð fyrir að það séu allsstaðar 5 þingmenn, bundnir. Og í því kerfi þá er það sem miðar að mestu

leyti út frá óbreyttu kosningaf., kjördæmaskipan, þá er fámennasta kjördæmið ætti að fá skilið, ætti út frá útreikningum að fá u.þ.b. 5,8 þingmenn, þannig að þar eru bundnir 5 þingmenn. Nú, 4. Málsgrein segir: „Jafnframt má setja í lög ákvæði um lágmarkshlutfall karla og kvenna. Þetta er almennt ákvæði sem veitir löggjafanum ákveðna heimild til þess að tryggja að það sé ákveðið hlutfall karla og kvenna annað hvort inn á, innan eins framboðslista sem nær þá kjöri, eða þingmanna eins framboðslista, eða alls staðar á landinu.“ Það eru til nokkrar leiðir til að útfæra þetta og ástæðan fyrir að þetta er sett inn er að kerfi sem byggja á persónukjörum, geta verið gagnrýnd fyrir það að flokkur eða samtök jafnvel þótt þau séu öll af vilja gerð til þess að tryggja þetta hlutfall, geta ekki tryggt það, að svo verði, til dæmis bara fyrir einskæra tilviljum, þá séu fleiri karlar en konur í framboði og atkvæðin skiptast einhvern veginn þannig að 3 karlar ná kjöri og engin kona eða öfugt. Þótt svo að framboðið eða kjósendur hafi allir verið af vilja gerðir til þess að þetta færi með einhverjum öðrum hætti. Þannig að þarna er verið að gefa ákveðna heimild til þess, hún gæti til dæmis útfærst með mis- svona, inngripsmiklum hætti. Ein væri sú að einfaldlega væru ekki teknir inn þingmenn af öðru kyni ef að hlutfall þeirra væri komið framyfir. Það er náttúrulega mjög inngripsmikil aðferð. Hin sem var kynnt á opnum nefndarfundum og fékk ágætis hljómgrunn líka var sú að það væri, framboðum væri í sjálfsvald sett að setja inn ákveðin vikmörk á sínum listum. Þannig að þau gætu þá farið fram á það að þegar landskjörstjórn úthlutar þingsætum til þess framboðs, þá sé það gert innan einhvers tiltekins hlutfalls og þá er það lýðræðisleg?? ákvörðun hvers framboðs fyrir sig hvernig þeim málum væri háttáð.

Nú 8. málsgrein, nei fyrirgefið þið 15. málsgrein í þessari grein segir: „Kjördæmin skulu vera fæst eitt en flest átta.“ Þetta náttúrulega skýrir sig að mörgu leyti sjálf. Í þeim tillögum sem lagðar eru til í viðauka er gert ráð fyrir 5 kjördæmum en greinin eins og stendur gerir ráð fyrir þeim möguleika að það væri hægt að fækka þingmönnum (kjördæmi?!!) alveg niður í eitt og hafa þá landið eitt kjördæmi og þar með náttúrulega eru engir bundnir, að þá er allt tal um bundna þingmenn auðvitað orðið dálítill markleysa eða þau geti verið allt að átta, þannig að það sé hægt sé að fjölga þeim um tvö frá því sem nú er, en ég vísa þá aftur í viðaukann um svona okkar hugmyndir, allaveganna einhverra nefndarmanna um hvernig mætti útfæra þetta.

Nú 6. málsgreinin, hún er auðvitað dálítið lykilatriði hvað kemur að útfærsla á persónukjöri. Þar segir að: Í lögum skal tryggja að hver kjósendi geti valið frambjóðendur af einum eða fleirum listum, jafnt í sínu kjördæmi sem utan þess. Þetta þýðir þá sem sagt það, að kjósendi í kjörklefanum standi fyrir kjörseðli þar sem á standa listarnir hlið við hlið, hver á eftir öðrum. Og hann geti ákveðið að merkja við frambjóðendur af mörgum listum og hann geti líka ákveðið að merkja við frambjóðendur sem væru í öðrum kjördæmum en því kjördæmi sem kjósendinn er búsettur í. En ég skýri þetta kannski aðeins meira og betur rétt á eftir.

7. málsgreinin er óbreytt frá því sem stendur í núverandi stjórnarskrá. Hún fjallar um breytingar á kosningalögum og hljóðar svo: „Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun úthlutun þingsæta sem

fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki $\frac{2}{3}$ atkvæða á Alþingi.“ Og þetta er óbreytt frá núverandi stjórnarskrá.

En ef ég renni örsnöggt yfir eina af þeim tillögum sem hefur verið í umræðu í nefndinni um nánari útfærslu á þessum ákvæðum, þá gerir hún ráð fyrir að það séu 5 kjördæmi og þá sé öllum 25 þingsætum úthlutað jafnt til þeirra. Þetta eru þá núverandi kjördæmi að öðru leyti en því að Reykjavík er sameinað í eitt kjördæmi. Og þá mundi Norð-Vestur kjördæmi fá 5 þingsæti og sami fjöldi mundi, sem sagt bundin þingsæti, þetta eru ég ítreka, þetta eru bundin þingsæti. Það þýðir ekki að það geti ekki komið fleiri þingmenn af þessu svæði. En þetta eru þeir þingmenn sem kjördæminu eru tryggðir. Og Norð-Austur, Suður, Suð-Vestur og Reykjavík-kjördæmi mundu sömuleiðis fá 5 þingsæti hvert. Öðrum yrði hins vegar úthlutað á grundvelli úrslita á landsvísu. Á kjörseðli hvers kjósanda stæði þá efst, það væru þá allir framboðslistar sem væru í framboði á landinu, hver við hliðina á öðrum eins og er í kosningunum í dag. Efsti hlutur lista væru þeir frambjóðendur sem hefðu boðið sig fram í tilteknu kjördæmi. Þannig að kjósendur í því kjördæmi hefðu þá auðveldari aðgang að þeim frambjóðendum. Fyrir neðan mundu standa allir landslistar samtakanna og þar yrðu allir frambjóðendur landslistanna, allir frambjóðendur samtaka alls staðar af landinu. 19.23 í hljóðskrá Þannig að segjum að einn kjósandi sé búsettur í Suð-Vestur kjördæmi, hann hefur engu að síður aðgang að kjósendum (frambjóðendum??) í Norð-Vestur, Norð-Austur og öllum öðrum kjördæmum. Þeir eru einhvers staðar á landslista fyrir neðan.

Nú, þegar kjósandi mætir í kjörklefann, þá tekur hann kjörseðil og gerir krossa við hliðina á nafn tiltekinnna frambjóðanda. Hann getur gert eins marga krossa og honum eða henni sýnist en hann hefur hins vegar aðeins eitt atkvæði til umráða, þ.e.a.s. ef hann gerir kross við einn frambjóðanda þá er hann að gefa þeim frambjóðanda sitt fulla atkvæði, en ef gerir þrjá krossa þá er hann að skiptir þessum atkvæðum í þrennt. Og hver af þeim frambjóðendum sem hann merkir við fær □ allra atkvæða.

Nú, það eru til nokkrar, þessi krossaðferð gerir þá ráð fyrir að fyrst séu talið saman atkvæði hvers frambjóðanda og hvers lista og þeim er síðan fyrst úthlutað í kjördæmum á grundvelli hlutfallsaðferða á borð við d' Hondt eða annarra aðferða og síðan sé, að þegar því hefur verið lokið sé sama gert á landsvísu. Fjöldi þeirra þingsæta sem bundin eru, er nægilega lítill til þess að þetta tryggir það, að sem sagt, jöfnuður, pólitískur jöfnuður á milli flokka á landsvísu helst.

Nú, ég er hérna með svona, ítarlegri útskýringu á því hvernig í þessari tillögu atkvæðum væri úthlutað en ég kannski fer ekkert nánar í það hér. Ég vísa einfaldlega í þann viðauka sem þar er. Það mætti útfæra þessa grunnhugmynd með bundin þingsæti og annað, einnig með aðferðum á borð við STV eða einhvers konar stigatalningu þar sem númering er, þar sem hver kjósandi fær númer og hvert númer vegur ákveðið þungt. Nú, ef ég renni þá snöggt yfir þau ákvæði önnur sem við leggjum til, sem er 2. til 5. grein í þessum kafla. Þá er það fyrst nýtt ákvæði um styrki til stjórnmalasamtaka sem byggir að mörgu leyti á tillögum í dæmi B hjá Stjórnlaganefnd en það orðast svo í okkar útgáfu:

„Upplýsingar um framlög til stjórnmalasamtaka og frambjóðanda sem bjóða fram í almennum kosningum skulu vera aðgengileg almenningi svo fljótt sem auðið er.“ Hér er örlítill, eru nokkrar örlitlar breytingar á tillögum Stjórnlaganefndar. Í fyrsta lagi tölum við um framlög sem vísar í lög um fjármál stjórnmalaflokka. Með framlögum er þá átt við fleira heldur en beina fjárstyrki, ég held það geti einnig verið afsláttur eða vinnuframlag, eða fleira í þeim dúr. Með styrki til stjórnmalasamtaka og frambjóðenda þótti rétt að setja inn í ljósi þeirrar miklu áherslu á persónukjör sem lagt er til sem þetta á að þýða, að kosningabaráttu mundi hugsanlega fara meira fram á forsendum frambjóðenda heldur en stjórnmalasamtaka í heild. Sá möguleiki er allavega fyrir hendi. Síðan segjum við í almennum kosningum, ekki Alþingiskosningum. Með almennum kosningum eigum við Alþingiskosningar, sveitarstjórnarkosningar sem og þær atkvæðagreiðslur sem látnar eru fara fram. Þannig að með þessu er þá einnig átt við, eða það er allavega meining okkar í C-nefnd, að með þessu sé einnig tekið til þeirra hagsmunaaðila sem taka þátt í, sem sagt sem tala fyrir ákveðnum málum í þjóðaratkvæðagreiðslu þá með eða móti. Loks bætist við setningin svo fljótt sem auðið er, sem felur í sér ákveðna kvöð á það að þessar upplýsingar skuli vera aðgengilegar svo fljótt sem auðið er, en geti ekki komið fram í dagsljósið mörgum árum eftir að styrkirnir berast.

Nú, 3ja grein gerir ráð fyrir óbreyttu ákvæði um kosningarétt. Það er að segja að hann sé takmarkaður við þá sem hafa náð 18 ára aldri, hafi íslenskan ríkisborgararétt og lögheimili á Íslandi, nema annað sé tekið fram. Við gerum ekki tillögur að breytingum á þessu ákvæði. Ákvæði um kjörgengi er sömuleiðis óbreytt, þ.e.a.s. þeir íslenskir ríkisborgarar sem hafa óflekkað mannorð, sem geta boðið sig fram til Alþingis og að Hæstaréttardómarar eru ekki kjörgengir. Og í 5. greinin, hún tekur á, hún er lítið breytt frá núverandi stjórnarskrá en að tillögu Stjórnlaganefndar, sem sagt, er þá bætt við að kjörtímabil Alþingis sé 4 ár og þetta er áréttung sem skýrir sig sjálf.

Nú, ég vil þá að lokum í máli mínu ítreka þakkir til allra þeirra ráðsfulltrúa sem að hafa komið sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina og gefið okkur það veganesti sem nauðsynlegt var til þess að fullmóta þessar tillögur. Sömuleiðis þakka ég öllum í nefndinni fyrir frábært vinnuframlag og að sjálfsgöðu öllum sem sett inn erindi á netinu og fylgst með vinnu okkar. Takk fyrir.

SN:

Já, ég þakka formanni nefndar C um kynningu á tillögum nefndarinnar um kosningar til Alþingis og alþingismenn og þá er mælendaskrá opnuð um þessar tillögur og fyrstur á mælendaskrá er Þorkell Helgason. Gjörðu svo vel.

PH

Já, formaður og góðir félagar og aðrir sem á mál mitt heyra. Ég tek undir með formanni nefndar C að þetta var mikið og erfitt starf í nefndinni. Og ég held að það hafi allir lagt sig fram við að ná málamiðlun. Og ég vil taka það sérstaklega fram að ég er fullgildur aðili að þessari málamiðlun og styð hana heils hugar. Ég áskil mér rétt til þess að hafa smá efasemdir um hlutfall

bundinna sæta. Komi fram tillaga um að hafa það eitt-hvað lægra þá mun ég væntanlega styðja hana, ef hún er svona hófleg lækkun. En ástæða þess að ég kveð mér hljóðs, fyrir nú utan að ítreka þessar þakkir til féлага minna og ekki reyndar síst formannsins, sem lagði sig mjög í líma við að finna þessa málamiðlun, að þá langar mig seint og um síðir að leggja til smá breytingu á 1. málsgrein 1. greinar, sem þið hafið þarna á blaðinu, einmitt út af orðinu hlutbundin kosning. Þetta orð hefur vafist fyrir mörgum, þingmönnum og lögfræðingum og hvað þá almenningi, árum og áratugum saman. Ég hygg, ég hafði nú ekki tíma til að gera mikla rannsókn á málinu, ég hygg að það sé rúmlega 100 ára gamalt. Og merkingar hafi verið ýmsar lagðar í það, eins og að það sé fyrst og fremst orð sem að er notað til að aðgreina frá einstaklingskjöri, alveg eins og Pawel lýsti hérna réttilega áðan og upp í það að þetta merki gallharðar hlutfallskosningar og sumir hafa jafnvel gengið svo langt að það merki til dæmis DÓNTS??-reglu og ekkert annað. Og þannig var að, þegar, sumir muna kannski eftir því eða vita um það að Vilmundur Gylfason flutti tillögu á Alþingi fyrir einum 20-30 árum þess efnis að það yrði tekið upp persónukjör mjög svipað því og Pawel kynnti hérna áðan, sem krossaleiðina. Og til að gera langa sögu stutta, þá voru ekki allir lögmenn sammála um það, lögfræðingar sammála um það að þetta rúmaðist innan ákvæða stjórnarskrárinnar og báru þá fyrir sig orðið hlutbundin kosning. Þannig að það gæti ja aldrei/jafnvel?? farið svo ef að þetta orð er þarna óbreytt inni að nánast ekkert af þeim tillögum sem við erum að reifa, gæti rúmast innan þess. En vitaskuld hefur það þá vægi að þetta er mjög skýrt tekið fram í greinargerðinni sem fylgir þessari tillögu, að við ætlumst til þess að þetta sé skilið þannig að a.m.k. þessar þrjár aðferðir sem að Pawel reifaði; krossaleið, STV og stigagjafaleið, eiga allar að rúmast innan ákvæðisins. En síðan er nenn?? á það að líta að við höfum verið að reyna að hafa málfarið á þeim stjórnarskráartexta sem við erum að semja, þannig að allur almenningur skilji hann og það séu ekki notuð illskilgreind eða óvenjuleg hugtök. Og ég fullyrði að orðið hlutbundin kosning er ekki, er illskiljanleg venjulegu fólki fyrir utan að vera lögfræðilega loðin. - Af hverju er ég að koma með þessa ábendingu svona seint? Ég hafði þegar lýst yfir efasemdum um þetta orð í nefninni en sannast sagna ekki þá getað komið með neina tillögu í viðbót eða í staðinn. Eina sem að reifað var í nefndinni um hvort að mætti bara fella orðið hlutbundin í burtu, en þá óttuðust menn að það mætti gangalykta að þar með væru listakosningar úr sögunni. Í ljósi þessarar sögulegu staðreyndar að þetta var upphaflega notað til að koma á listakosningum í staðinn fyrir einstaklingskosningar. En ég legg til í plaggi sem að þið fáið væntanlega í hendurnar eða hafið jafnvel fengið á tölvu, að í staðinn fyrir orðalagið: Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu með persónukjöri til fjögurra ára, komi: Á Alþingi eigi sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri kosningu af framboðslistum, með persónukjöri til fjögurra ára. Ég hygg að það sé enginn, þetta sé nákvæmlega það sem við höfum í huga. Menn kunna þá að segja að fyrst að það er lögð áherslu þarna á framboðslista, en útilokar þetta þá að einstakir framboðendur geti boðið sig fram? Að sjálfsögu ekki, vegna þess að við ætlumst til þess að framboðslistar þurfi

ekki að innihalda fleiri en jafnvel eitt nafn. Þannig að það á ekki að útiloka eitt eða annað.

Ég vil að lokum benda stjórnaráðsmönnum (Stjórnlagaráðsmönnum) á að kynna sér þessar ýmsu útfærslur sem kunna að vera á, eða sem að eiga að rúmast innan þessara ákvæða um stjórnarskrá, hvað það sem við erum að leggja hérna til. Sem sagt útfærslur á persónukjörinu, krossaðferðin sem ég tel mjög vel færa, en STV aðferðina líka, sem ég tel reyndar af ýmsum aðferðum betri, og stigagjafaaðferðina. Þetta rúmast allt innan þessa kerfis, og bið menn að kynna sér þetta. Ég sendi ykkur í morgun glærusýningu til þess að skýra hvernig STV aðferðin gæti fallið að þessu.

En bara að lokum. Ég vona að það náist breið sátt og helst alger samstaða um þessa tillögu, ekki aðeins meðal okkar heldur meðal þjóðarinnar og þingsins. Þetta er málamiðlun. Ég hef ekkert farið leynt með það að ég hef stutt það að landið væri/verði?? eitt kjördæmi en við erum þarna að reyna að sjá við öllu með þessari tillögu. Takk fyrir.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Já formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég ætla nú eiginlega bara að óska okkur til hamingju með, öllum með þessa tillögu. Ég held að hún sé söguleg að mörgu leyti. Og vil þakka C-nefndinni sérstaklega fyrir þessa vinnu. Ég held að þetta sé afskaplega góð og vonduð vinna og menn hafa tekist þar á, veit ég, um mjög ólík sjónarmið og tekist á afar snjallan hátt að komast að niðurstöðu sem að, að mínu mati, sameinar að mörgu leyti kosti mismunandi kerfa. Og er þar af leiðandi, ja það er næstum því ekki nógu gott orð að kalla þetta málamiðlun, heldur er þetta bara einfaldlega snjöll lausn sem að sameinar að ná þeim markmiðum sem að menn vilja ná, í kosningakerfi. Það er að segja, það er í grundvallaratriðum eru allir framboðendur í framboði á öllu landinu, það geta allir kjósendur kosið alla framboðendur. Og í þeim skilningi er landið þá eitt kjördæmi og öll atkvæði vega jafnt. Hins vegar að þá eru engu að síður framboðendur eyrnamerkir tilteknum kjördæmum og koma þar sérstaklega fram á kjörseðlum og þeir kjósendur í þeim kjördæmum geta valið sér þá fulltrúa ef þeir svo kjósa og að sjálfsögðu geta svo Reykvíkingar kosið Vestfirðinga eða Vestfirðingar Reykvíkinga og svo framvegis, eftir eigin óskum. Það er hins vegar bundið að hvert kjördæmi fær að lágmarki tiltekinn fjölda þingsæta. Og, svo ég ítreki það, ég held að þetta sé afar snjöll málamiðlun og ég vona að við getum sameinast um hana, og tek undir orð Þorkels, þá bæði ráðið og þjóðin og svo Alþingi. Þannig að ég styð þessa tillögu eindregið. Ég tel líka að þetta sé eiginlega undirstaða undir mjög margt annað sem að við erum að gera hér í þessu ráði. Ég held að með þessu kerfi þá verður umboð Alþingis og umboð þingmanna miklu skýrara og traustara frá kjósendum heldur en það hefur verið. Ég held að með þessu þá muni þingmenn sitja í skjóli kjósenda en ekki í skjóli flokki, fyrst og fremst. Það styrkir hina lýðræðislega keðju alla leið, inn á Alþingi, síðan inn í ríkisstjórn og áfram til stjórnvalda almennt. Þannig að ég held að þetta sé til mikilla bóta og traustur grundvöllur til að byggja lýðræðið á.

Það eru þá bara minniháttar athugasemdir. Ég er sammála breytingartillögu Þorkels um orðalag, að taka burt orðið hlutbundin kosning. Ég er sammála honum um að það er ekki gott orð en leynileg kosning af framboðslistum með persónukjöri, það tel ég vera gott orðalag þarna. Að öðru leyti er hérna bara örlítið orðalagsbreyting sem að ég vildi gjarnan sjá. Það er þá í, ja málsgreininni sem að er sem sagt: Í lögum skal tryggja að hver kjósandi geti valið frambjóðendur af einum eða fleiri listum, komma, í sínu kjördæmi eða utan þess, mundi ég vilja sjá, ég held að það væri betra orðalag. Það er nú smáatriði. En síðan held ég eiginlega að það eina sem að mætti hugsanlega gagnrýna þá við þetta væri hvort að þessi skilgreining á kosningakerfi sé að einhverju leyti of laus í reipunum, það þyrfti eitthvað að herða á þessu til þess að það væri ekki of rúm skilyrði til túlkunar í lagasetningu. Við viljum auðvitað gjarnan að þessi heildarhugmynd sem að lýst er síðan í viðauka með þessum tillögum, að það sé hún sem er að koma fram. Og að það verði þá kosið eins og Pawel lýsti, til dæmis með krossum eða með STV-aðferðinni, sem að ég er nú persónulega fylgjandi. En það held ég að sé svona kannski lykilatriði í því sem að við mundum þá skoða milli ráðsfunda. Það er, hvort það væri einhver ástæða til að já, svona herða eitthvað á þessum ákvæðum til að minnka rými til túlkunar. En, sem sagt, lýsi aftur yfir ánægju minni með þetta og vona að við getum myndað um þetta breiða samstöðu. Takk.

SN
Katrín Oddsdóttir, gjörðu svo vel.

KO
Takk. Já, ég ætlaði að segja bara nokkur orð. Ég þakka líka kærlega fyrir niðurstöðurnar, eða þessar/sem sagt?? tillögunni. Ég held í sambandi við það sem Pawel spurði að áðan hvort það þyrfti að vera ítarlegri ákvæði til þess að, eða hvort að við ættum að leyfa lög-gjafanum meira svigrúm, þá held ég að sko, miðað við þessa útfærslu sem að við fengum lýsingu á, þá þurfi þau að vera aðeins ítarlegri, vegna þess að ég held að maður geti ekki lesið út sko, þessa hugmyndafræði úr því sem að hefur verið lagt fram hér. En ef að ætlunin er að hún skuli vera sú sem að notuð verður á Íslandi þá þarf held ég að tilgreina það aðeins betur. Svo velti ég fyrir mér tölunni 8, þarna, kjördæmi skulu fæst vera 1 en flest 8. Ég bara spyr að því hvaðan sú tala kemur, af því að ég veit að þau eru kannski held ég 7 í dag. Og svo hef ég alltaf svoldið, verið svona efins um þetta hérna með að í 4. grein, að þar segir sko að sem sagt í 2. málsgrein að Hæstaréttardómara eru þá ekki kjörgengir. Ég hef velt fyrir mér hvort að þetta eigi við kannski um fleiri embættismenn, nú erum við að skrifa inn Ríkissaksóknara og umboðsmann Alþingis. Hvort að það ætti að skoða þetta ætti við um einhver ákveðin embætti, eða hvort að það sé stemmning fyrir að hafa bara Hæstaréttardómara þarna undanskilda því mér finnst þetta svoldið stílbrot og svoldið skritið. Ég skil þælinguna, en ég held að þetta sé samt svona einhverjar leyfar sem að þarf eitthvað að skoða betur. Svo langar mig til að spurja almennrar spurningar í sambandi við þessa útfærslu í 1. greininni aftur. Og það er með kjördæmi, af því að ef ég les greinina samkvæmt orðanna hljóðan, þá get ég ekki fengið það út

að þessi kjördæmi þurfi endilega að vera landfræðileg. Það talað um kjörskrá og það er talað um kjösendur og það er talað um kjördæmi. En það er ekkert talað um það að þessi kjördæmi séu í raun og veru landfræðileg, er það rétt skilið hjá mér? Þannig að ég er að velta fyrir mér sko, erum við komin með Wagner-grúppuna hans Þorkels inn og þá er það með vilja, ef að svo er. Þannig að ég bara spyr, hvort að þetta sé málið. Og svo langar mig til að segja, þó að þetta sé einfalt þegar að Pawel lýsir þessu svo vel, hvernig þetta kerfi muni virka. Þá er þetta samt flókið, þetta er flókin breyting fyrir fólkmið miðað við það sem við höfum núna. Þannig að við þurfum, þegar við kynnum þetta, ef við ætlum að segja, þetta verður okkar endanlega niðurstaða, að útfæra þetta aðeins meira held ég í textanum. Og að gefa frá okkur einhvers konar svona stórkostlegt kennsluefni sem útskýrir þetta. Og þannig að við getum þá bara sett á okkur vefsíðu, og fólk geti farið inn og prófað svona kjörseðil og fundið út. Við þurfum að útskýra þetta almennilega. Þetta er mjög flókin breyting þó að okkur finnst hún einföld eftir að við séum búnin að hlusta á þessa sérfræðinga okkar, tala um þetta, og þeir eru búnir að marinera sig upp úr þessu og við erum öll orðin svona svoldið smituð af því. En ég held að þetta sé rétt sem að Þorkell bendir á að hlutbundin kosning er ekki mjög gegnsætt orðalag en það leiðir einmitt mál mitt að næstu spurningu sem er með þessa framboðslista. Ókei, hvað ef einhver vil bara bjóða sig fram einn og sér, er hann þá listi? Sko, ég, þetta orð listi kemur ítrekað fyrir og mér finnst eins og það sé einhver undirliggjandi takmörkun fólgin í því. Að það sé einhvern veginn þannig að ef að einhver manneskja vill bjóða sig fram að þá verður hún að finna með sér einhverja aðra á lista. Svo sýndist mér það virka þannig í kerfinu að flokkurinn væri talinn fyrst eða þá listinn, en mætti bara ein manneskja bjóða sig fram alein á lista. [Eitthvað mjög lágt hljóð utan úr sal, óskiljanlegt A.V.] Ókei, æðislegt, þá er ég mjög glöð og þakka ykkur fyrir, og ég held að það komi já, frekari athugasemdir frá einhverjum öðrum á eftir. En takk kærlega fyrir.

SN
Þá er Dögg Harðardóttir næst á mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

DH
Formaður, ágætu ráðsfulltrúar. Sumt af því sem ég ætlaði að nefna, hefur hún Katrín þegar spurt um, þannig að ég ætla ekki að endurtaka það. En síðast þegar að við ræddum þessi mál, á ráðsfundi, þá lýsti ég yfir áhyggjum mínum yfir því að við værum ekki að komast neitt með þetta lönd né strönd, og annað hvort yrði þetta óbreytt eða það yrði bara ekkert kveðið á um þetta í stjórnarskránni, þannig að ég vil óska nefndinni til hamingju með hafa fundið þessa lausn. Ég hafði líka áhyggjur af því þegar að ég sá þetta fyrst og hnaut hér um að það ætti að vera persónukjör og kjördæmi skyldu vera fæst 1 en flest 8. Þá hafði ég áhyggjur af því að nú yrði landið eitt kjördæmi og það yrði persónukjör, en eftir að vera búnin að skoða betur og sjá að það megi líka, já mæla fyrir um tiltekinn fjölda þingsæta sem er bundinn ákveðnum kjördæmum, að þá fagna ég þessari hugmynd. Mér finnst hún bara mjög góð. Það er ein athugasemd sem mig langar til þess að gera og

það er varðandi fjármál eða styrki til stjórnmalasamtaka. Það er þetta, svo fljótt sem auðið er. Mér finnst mjög gott að hafa inni einhvern tímaramma en ég velti fyrir mér, svo fljótt sem auðið er, getur náttúrlega verið teygjanlegt ef maður hefur fengið styrki og vill alls ekki geta þess hvaðan maður fékk þá. Þannig, að ég legg til að það verða annað hvort kveðið á um þetta í lögum eða að það komi bara inn ákveðinn tímarammi þar sem niðurstöðurnar verða að liggja fyrir, þannig að þeir sem hafa, eða þurfa að gera grein fyrir svona styrkjum, að þeir viti það bara fyrirfram hvað þeir hafa langan tíma til þess. Takk.

SN

Guðmundur Gunnarsson er næstur. Gjörðu svo vel.

GG

Ráðsfélagar og aðrir sem eru að hlýða á okkur. Það er verður að segjast eins og er, það væri merk stund ef að það náist um þetta þokkalega góð samstaða eins og það virðist stefna í. Ég veit að það voru uppi ákaflega misjöfn sjónarmið, en það lá þó samt fyrir að það var mikill vilji sem birtist í Þjóðfundum og hefur komið fram í þjóðmálaumræðunni undanfarin misseri að minnsta kosti, að fólk vildi fá breytingar á kjördæmskipan, vildi fá jafnt vægi atkvæða og fleira í þá veruna. En samt höfum við í okkar vinnu lagt mikið upp úr því að koma vel til móts við þá ósk landsbyggðarmanna að þeir geti valið og eigi tryggja, að minnsta kosti einhvern ákveðinn fjölda þingmanna. Það fer síðan eftir því hversu mörg kjördæmin eru, hvernig því yrði skipt. Það er hægt að útfæra þetta með ýmsum vegi. Það var spurt um það til dæmis hvers vegna væri verið að tala um 1 til 8 en ekki 1 til 7. Það er til dæmis eins og hefur verið bent mikið á að það er hvort að Vestfirðirnir eigi að vera sér kjördæmi eða ekki, að það er þá, með 8, þá var verið að nálgast það, að það væri fræðilegur möguleiki að fara þá leiðina. En það er líka dálítið mikil mótsögn oft á tíðum í þessari umræðu þegar að verið er að tala um landsbyggðarþingmenn og ekki landsbyggðarþingmenn. Og þá er yfirleitt horft á búsetu viðkomandi. Til dæmis er oft talað um það að hér í þessum sal sitji einungis 3 fulltrúar landsbyggðarinnar, vegna þess að það séu einungis 3 sem búi fyrir utan höfuðborgarsvæðið eða suðvesturhornið. En svo aftur á móti þegar að menn tala um fjölda landsbyggðarþingmanna nú á Alþingi, að þá er jú talið hversu margir voru kosnir í viðkomandi kjördæmum. Að þar er ekki minnst á það að líklega vel yfir helming þeirra manna eru búsettir hér á þessu svæði. Þannig að þar er verið að bera saman epli og appelsínur, ef menn ætla að fara út í þá aðferð. Það er klárt mál að til dæmis verulegur hluti af þeim sem að voru valdir til þess að sitja hér á Stjórnlagabíngi, kosnir til þess hér í haust, sem var síðan breytt í Stjórnlagaráð, að stór hluti af þeim er fólk sem að vinnur á landsvísu og hefur gert það um árabíl. Og það er í sjálfu sér mjög erfitt að ef maður ætlaði að fara til dæmis að bera þann hóp saman við landsbyggðarþingmenn á Alþingi, sem eru margir hverjir búsettir, eins og ég segi, á höfuðborgarsvæðinu og oft er það nú í reynd þannig líka að það er ekki það að þeir séu að flytja frá fábýlinu, eða, utan af landi og inn í þéttbýlið, því að þeir eru oft sóttir hingað og settir á lista, og kosnir sem slíkir alveg frá upphafi leiks.

Ég er bara einfaldlega að rifja þetta upp af því að ég á fastlega von á því að það er einmitt það, þessi atriði sem menn munu setja inn í umræðuna þegar þeir fara að fjalla um þessa tillögu. Það er sannarlega þannig að með þessu fyrirkomulagi, að þá er komið til móts við þá sem að vilja hafa jafnt vægi atkvæða, vilja hafa landið eitt kjördæmi. En það er líka mjög auðvelt innan þessa fyrirkomulags að ákvarða einhver tiltekin kjördæmi, þar sem að fólk sem býr á því svæði getur merkt við sitt fólk, ef við getum notað það orðalag, og eins líka að það getur valið sinn pólitíska lista, sinn stjórnmalaflokk en það er líka komið til móts við það sem að margir hafa farið fram á og það er það að geta valið þvert á lista. Þó að þeir séu, kannski vilji kjósa einhvern tiltekinn stjórnmalaflokk að þá sé ekki þar með sagt að þeir gætu ekki hugsað sér að deila sínu atkvæði yfir á einhvern annan einstakling, á einhverjum öðrum lista og jafnvel þó hann sé búsettur annars staðar á landinu.

Þetta fyrirkomulag, eftir því sem að við skoðuðum í nefndinni betur, þetta full..., sem sagt þetta kom til móts við allar þessar óskir sem að höfðu komið fram. Nú það vill nú svoleiðis til að í þessari nefnd eru tveir af þeim mönnum sem að best þekkja þá stærðfræði sem að nýtt er og þá statistik sem nýtt er í kringum kosningar. Þannig að það var hægur vandi að stilla upp í margskonar módelum og fá síðan niðurstöður um það inn í vinnu nefndarinnar og sjá hvað út úr því kæmi. En það er, það er nú alltaf þannig í svona vinnu, að við getum, ekkert okkar fær það sem að við endilega viljum hafa. En það er aftur á móti ljóst virðist vera að þessi tillaga, hún er með þeim hætti að hún gengur mjög langt til móts við óskir allra. Það er klárt mál að hún uppfyllir ekki alveg ítrustu óskir en hún gengur mjög langt til þess að komast til móts við það. Takk.

SN

Já, þá er næst á mælendaskrá Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, formaður og kærur félagar, góðir gestir. Ég þakka formanni C-nefndar fyrir þýðilega kynningu á, já góða kynningu á tillögum sem komu frá C-nefndinni. Ég er ekki jafn hrifin af þeim og margir hér. Og þær þurfa aðeins að breytast til þess að ég muni geta staðið með þeim. Ég kynni herna litla, breytingu í orðalagi en mikla, í inntaki og að þessari breytingartillögu standa, hún er í vinnslu og fer alveg að koma á borðin til ykkar. Að þessari tillögu standa enn sem komið er Andrés Magnússon, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, ég Silja Bára Ómarsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þetta er breytingartillaga við ákvæðið sem að frá C-nefnd er svohljóðandi: Jafnframt má setja í lög ákvæði um lágmarkshlutfall samkvæmt nánari ákvörðun karla og kvenna. Og breytingartillaga okkar er: Í kosningalögum skal mælt, nánar mælt fyrir um hvernig náð skuli sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla. Þannig að breytingin er sem sagt, að í tillögunni sem fyrir liggur er, má setja og við segja, skal mæla fyrir um, skal nánar mælt fyrir um. Og í fyrirbyggjandi tillögu er lágmarkshlutfall og við segjum

hvernig náð skuli sem jöfnustu hlutfalli, þannig að það er eðlismunur á þessu að mínu mati. Með þessari breytingartillögu viljum við undirstrika vingu kosningaákvæðisins við jafnræðisregluna og benda á að enn vanti töluvert upp á það að konur og karlar nái sama árangri í kosningum og hér sagði einhver að ef fyrir einskæra tilviljun eru fleiri karlar en konur í framboði, það er engin tilviljun, hvort það séu færri eða fleiri konur eða karlar í framboði. Við búum við kynjakerfi sem að gerir það að verkum að það eru færri konur sem að telja sig þessar bærar að bjóða sig fram. Þannig að það þarf að stuðla að einhverju, einhverjum aðgerðum til þess að gera þetta.

Árið 2003 samþykkti Ráðherraráð Evrópuráðsins tilmæli til aðildarríkja sinna um aðgerðir til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla við ákvarðanatöku á sviði stjórn mála og hjá hinu opinberu. Þetta eru tilmæli nr. 3 frá árinu 2003. Þessi tilmæli eiga meðal annars röt í yfirlýsingu æðstu valdhafa aðildarríkja Evrópuráðsins frá leiðtogafundi árið 1997 og yfirlýsingum frá þingi Evrópuráðsins. Áhersla bæði Evrópuráðsins og þings þess á jöfn áhrif kvenna og karla sem forsendu og órjúfanlegan þátt raunverulegs lýðræðis má finna í þessum texta, í þessum tilmælum. Þar er jafn hlutur kvenna og karla skilgreindur og segir að hlutfall hvors kyns um sig á þingi í opinberum nefndum og ráðum eða annars staðar þar sem opinberar ákvarðanir eru teknar, skuli aldrei vera/verða?? lægra en 40%. Sama skilning má finna í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, en í 1. málsgrein, 15. greinar þeirra laga segir: Við skipun í nefndir og ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga, skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40%. Ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Og það eru, sem sagt ein af tilmælum Evrópuráðsins eru að aðildarríkin skoði möguleika á breytingum á stjórnarskrám sínum og/eða löggjöf, til að tryggja jafnan hlut karla og kvenna.

Þetta hefur verið gert, það hafa verið gerðar tilraunir til þess að auka hlut kvenna. Þeim hefur miðað misvel og það hefur í raun og veru aldrei verið mælt sérstaklega hvernig árangur hefur náðst. En það er mat okkar sem að stöndum að þessari tillögu að nauðsynlegt sé að tryggja að jöfn áhrif kvenna og karla á Alþingi og í sveitarstjórnnum með því að hafa ákvæði eins og þetta inni í stjórnarskránni. Og, erum að reyna að tryggja það að jafnræðisreglan sé endurspegluð í almennum lögum og meðal annars þá í lögum um kosningar. Við erum ekki að leggja til ákveðið hlutfall verði lögfest í stjórnarskránni, heldur einungis að markmiðið sé þar tilgreint og sú jákvæða skylda lögd á löggjafarvaldið að útfæra þetta markmið nánar í almennum lögum. Þetta þekktist annars staðar, til dæmis í Slóveníu og Belgíu að einhverju marki. Eins og staðan er með kjördæmin að þá er ekki hægt að tryggja algjöran jöfnuð með kynjunum. Og með breytingum sem að hér er verið að leggja til, að þá í raun og veru er ekki hægt að vera með fléttulista eða aðrar útfærslur. Þannig að persónukjör held ég að leyfi bara það ekki. Þannig að við viljum tryggja að þetta komist inn. Persónukjör með STV kerfinu er sennilega sú aðferð sem að síst virkar, þannig að ég tek engan veginn undir, og nú tala ég fyrir sjálfa mig en ekki aðra sem að standa að þessari tillögu. Tek engan veginn undir tillögu um að það verði inni. En ég gæti mögulega sætt mig á þá tillögu

sem að hefur verið lög fram, ef þessi breyting nær fram að ganga. Ég þakka fyrir.

SN

Andrés Magnússon, gjörðu svo vel.

AM

Kæri formaður, félagar og þið sem heima sitjið og hér fyrir aftan okkur. Það hefði þurft að segja mér það þrisvar sinnum fyrir mánuði síðan að við ættum eftir að komast að lendingu sem allir geta verið sáttir við. Og þetta eru mjög gleðileg tíðindi, okkur virðist vera að takast að landa eitthvað sem að sátt er um. Við höfðum hins vegar ekkert voða mikinn tíma til þess að ræða um þetta og ég var með uppástungum um hvernig við gætum ráðað þessu aðeins öðru vísi, þó að þetta væri efnislega svipað. En það vannst aldrei tími til þess að ræða í nefndinni, en af því ég hafði einhvern tíma á orði á miðvikudags sameiginlegum fundi að ég myndi senda ykkur tillögurnar mínar, þá gerði ég það í morgun en síðan hafa komið fram ýmsar breytingartillögur. En ég mundi hafa, byrja þetta svona til dæmis: Vilji kjósenda skal á sem ítrasta hátt ráða vali fulltrúa. Kjósendur skulu hafa sem fjölbreyttasta valmöguleika, og svo framvegis. Þetta er aðallega bara önnur uppröðun. En þetta er líka þá hægt að nota til dæmis við sveitarstjórnarkosningar. Og inni þessu hjá okkur, eins og er, í C-nefnd þá er ekkert um lágmarksstærð framboða, það er að segja, það sé hægt að blása af ef bara 1 eða 2 þingmenn komast inn, vegna þess að, segja að það sé of lítið, og svo framvegis. En bara af því að ég var búinn að segja á miðvikudagsfundum að ég myndi láta ykkur fá þetta, þá ætla ég að setja þetta inn á dropbox-ið. En annars eru þetta gleðileg tíðindi, að það virðist vera hægt að lands þessu í dag. Takk.

SN

Ómar Ragnarsson er næstur. Gjörðu svo vel.

ÓR

Formaður. Gott ráðsfolk og aðrir sem horfa og hlusta. Ég held það hafi verið í fyrradag frekar en daginn þar áður sem mér fannst mjög merkilegur dagur í sögu okkar starfs, vegna þess að þegar að þegar við vorum hingað send til að vinna verk, þá voru okkur leyft það að fresta einu. Það var kosningar og kjördæmaskipan. Og hvers vegna vildi Stjórnlaganefnd leyfa okkur að fresta þessu og þetta yrði bara ákveðið innan tveggja ára. Vegna þess að þetta var talið nokkurn veginn ómögulegt, að gera þetta fyrir svona fátt fólk og jafnvel svona ólíkt fólk, á jafn á stuttum tíma.

Þess vegna fannst mér þessi dagur mjög merkilegur í okkar starfi. Því að hann getur orðið okkur ljós á þeirri vegferð sem stundum sýnist svo erfið, ekkert nema myrkur framundan og engin leið að sætta sjónarmið. Í starfi C-nefndarinnar hef ég kynnst fáðæma drengskap og heiðarleika allra sem þar eiga hlut að máli. Allir lögðu sig fram og þegar að málin voru kannski erfið, og það var kannski erfitt fyrir okkur öll, að vera saman í því, einu verkefni, þá skiptum við bara nefndinni í tvennt, og unnum þannig. Allt skipulag undir stjórn okkar góða formanns, Pawels Bartoszek, hefur verið með eindæmum gott og ég er mjög ánægður og stoltur og segi það alls staðar sem ég kem. Ég hef sjaldan tekið

jafn ánægður þátt í nokkru starfi þar sem að jafn ólíkar skoðanir hafa verið viðráðar.

Við höfum sem sagt nálgast þessa lausn um jafnt vægi milli flokka og landshluta. Landið eitt kjördæmi, persónukjör, aukíð lýðræði, aukin tengsl milli kjósenda og þingmanna og frambjóðanda. Allt þetta var sett fram af einum nefndarmanna, Ara Teitssyni. Og síðan var landið eitt kjördæmi. Það var náttúrulega það sem að okkur dreymdi marga um. En ég steig hér á stökk eins fljótt og auðið var, í starfi okkar til þess að flytja stefnuræðu mína um þetta mál sem annað aðalmál mitt, hér í þessu starfi. Vegna þess að ég sá fram á að þetta yrði mjög erfitt og okkur veitti ekki af öllum tímanum ef ættum nú að geta gefið bara Stjórnlaganefnd, innan gæsalappa pínulítið langa tungu sko, að við kláruðum þetta erfiða mál. Þess vegna er ég svona ánægður í dag. Og þetta gefur svo marga möguleika. Ég nefni sem dæmi, það eru fleiri Vestfirðingar í Reykjavík heldur en á Vestfjörðum. Það þýðir að Vestfirðingar sem eru nýfluttir til Reykjavíkur, eða menn, eins og Lýður Arnason, sem hefur unnið 12 ár á Vestfjörðum, og ég hverní engan tala betur máli landsbyggðarfólksins, heldur en hann. En samt er hann skráður sem búsettur á höfuðborgarsvæðinu. Og þannig voru umræða okkar, hún snerist um það sem að ég lagði svo mikla áherslu á í minni stefnuræðu. Að við hugum að rétti minnihlutans, sérstaklega vegna þess að ef að fjölmennur minnihluti leggst á móti einhverju grundvallaratriði því, þeirri stjórnarskrá, sem við erum að bera núna fram, að þá er hættu á að það eitt geti fellt hana í heild. Nú erum við búin að komast yfir þennan þröskuld í þessu máli og ég vona að við komumst yfir slíka aðra þröskulda á svipaðan hátt. Það var spurt hérna nokkrum spurningum. Hugmyndirnar hjá okkur voru þær að það verði engin sérstök tala sem þyrfti að bera fram á framboðslista. Þetta gæti jafnvel verið eins og í Bretlandi, einn maður á framboðslistanum. Og þá er spurningin, og hver er þá varamaður hans? Ja, hann ákveður af fúsum og frjálsum vilja að bjóða sig einn fram og tekur bara áhættuna á því að það verði enginn varmaður fyrir hann. Ef að honum er umhugað að það sé varamaður, þá á ekkert að skaffa honum hann. Hann verður bara að útvega hann sjálfur. Reyndin verður auðvitað sú að sterkir einstaklingar munu fá áhugafólk til að styðja sig á framboðslistum til þess að gera stöðu sína sterkari. Þannig að við þurfum ekki að hafa neinar áhyggjur af þessu. Við þurfum ekki alltaf að hafa svona svakalegar áhyggjur af frelsinu. Því að frelsið oft, að það bara jafnar sig sjálft út. Landfræðilega, þá var spurt um af hverju 8. Þetta var stórt mál í hugum tveggja nefndarmanna, frekar 8 en 7. Rök annars okkar voru þau að landshlutasamtökin væri 8. Landinu væri skipt í 8 slík samtök. Og þar af leiðandi væri eðlilegt að talan 8 gæti verið þarna inni. Nú, númer tvö voru mín rök þau, að ef, og þá kem ég aftur að rétti minnihlutans. Ef minnihlutinn úti á landi vill hafa kjördæmið eithvað örlítið smærri, af hverju lofum við honum það ekki, þegar að við fáum síðan okkar óskum framfylgt hér á höfuðborgarsvæðinu, að hafa eitt stórt kjördæmi sem er Reykjavík. Nú það er vegna þess að ef við höfum þetta 8, við erum núna með 5, eins og þið vitið. Reykjavík og síðan 4 úti á landi. Þetta gefur möguleika á að skipta kjördæmunum í tvennt. Allaveganna þremur úti á landi, og fjölga þeim upp í 8 þannig. Við fækkum þeim með þessum 5, með

því vera ekki með þessa hlægilegu skiptingu Reykjavíkur í tvennt. Reykjavík er eitt sveitarfélag og hvers vegna skyldi það vera tvö kjördæmi? Sem sagt að þetta er opið.

Síðan er þetta fræðslan, og er þetta svona flókið. Ég miða alltaf við gömlu konurna, eða gömlu konurnar sem konan mín vinnur með, hérna niðri á Sléttuveginum. Þær spyrja hana, nú get ég ekki kosið lengur, nú get ég ekki gert eins og ég hef alltaf gert. Og hún var einmitt að tala við gamla konu í fyrradag og hún sagði: Hvernig á ég nú að kjósa Sjálfstæðisflokkinn? Og þá sagði konan mín bara við hana. Þú getur gert, við munum sjá til þess að þegar þú ferð á kjörstað, þá geturðu bara merkt við X-D eins og þú ert alltaf von, og ekkert mál. En ef þú hefur áhuga á því að gera eitt-hvað fleira og þekkir einhverja góða menn eða konur úti á landi þá geturðu bara merkt við þær, annað hvort með krossi eða með röðun ef að sú verður niðurstaðan. Ég held að sé ekki rétt hjá Silju Báru að STV-aðferðin komi verr út. Rannsóknir á okkar kjöri sýndu að það var skásta aðferðin. Það kann að vera, það kann í einhverjum aukatilfellum að koma verr út, en sem sagt STV kom betur út í kjöri til Stjórnlagabings heldur en allar aðrar aðferðir. En sem sagt, ég vil þakka kærlega fyrir að hafa fengið að vera í þessari nefnd sem ég óskaði ekki eftir að vera í í upphafi. Og þá verð ég líka að lýsa yfir ánægju minni yfir starfi þeirrar nefndar sem ég óskaði eftir að vera í, A-nefndarinnar þar sem ég er fullkomlega sáttur við það sem þau eru að gera og líka stoltur af því. Og hefði ekkert gagn gert þar, út af fyrir sig. Þannig að ég lenti í vitlausri nefnd og er alveg óskaplega ánægður með það. Að lokum þetta. Ég sagði hér í stefnuræðu og, eða kannski fyrr að við ættum að herða upp hugann, gera okkar besta og láta ekkert buga okkur.

*Látum ei mótlæti buga okkur heldur brýna,
birtuna má aldrei vanta í sálu þína,
ef hart ertu leikinn svo þú átt í vök að verjast,
vertu ekki hnugginn, njóttu þess heldur að berjast.*

Látum ei mótlætið buga okkur, heldur brýna. Bros-
um og elskum og látum ljós okkar skína.
Takk.

SN

Eiríkur Bergmann Einarsson. Gjörðu svo.

EBE

Kæru félagar. Ég eins og aðrir fagna þessum tillögum sem hér eru fram komnar um nýtt fyrirkomulag til Alþingiskjörs. Ég átti satt að segja ekkert endilega trú á því að við myndum ná saman í þessu máli enda sjónarmið það andstæð þó svo að flestir hafi kannski aðhyllst landið eitt kjördæmi, að þá hafa sjónarmið um að halda sterku kjördæmaskipulagi einnig verið mjög sterk. Og hér er komið að máli, þar sem að menn hafa mjög sterka og brennandi sannfæringu fyrir ýmsum þáttum. Og, mér finnst lausnin sem að boðið er upp á sannarlega snilldarleg. Það sem er merkilegt finnst mér við þessa lausn er það að hún er ekki bara málamiðlun á milli þátta sem að eru kannski í eðli sínu óásættanlegir heldur er hún heildstæð og eiginlega bara býður upp á glæsilegt kosningakerfi. Sem að gengur upp með innra samhengi. Nú það er vitaskuld

ansi margt í þessu sem að ég myndi vilja sjá öðruvísi, eins og til að mynda það að það væru ekki svona margir þingmenn sem væru bundnir. Að efri mörk kjördæmanna yrðu færri og svo framvegis, en í ljósi sátta og þess mikilvæga verkefnis sem við höfum fengið að ná saman um tillögur, að þá get ég bara mjög vel felld mig við þá niðurstöðu sem að nefnd C hefur náð og ég virði þá málamiðlunarvinnu sem þar hefur farið fram. Ég þekki það vel úr minni eigin nefnd, B-nefndinni, að þetta málamiðlunarstarf getur verið flókið og þegar að eitt atriði er tekið upp að þá á nú, svona, öll málamiðlunin til að riðlast og í ljósi þess að þá sætti ég mig við þessa lausn og mun mæla fyrir henni við hvern sem er og hvar sem er. Takk fyrir og til hamingju með þessa frábæru lausn. Höfundar hennar eiga eiginlega heiður skilið fyrir að hafa útbúið þetta flotta kerfi. Takk.

SN
Gísli Tryggvason, gjörðu svo vel.

GT
Já, formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Mig langar líka að fagna þessari lausn sem ég átti ekki von á að fyndist svona hratt og vel. Og eins og Eiríkur Bergmann og Vilhjálmur hafa nefnt, þá er þetta eiginlega ekki málamiðlun í svona þeim hefðbundna skilningi, heldur góð lausn sem að nær mörgum markmiðum. Og meðal þeirra markmiða sem ég að hef lagt áherslu á og Ómar vitnaði í Ara þegar hann listaði upp markmiðin, að þá er það að það séu tengsl við kjósendur og tengsl við landsvæði. Og kjördæmi séu ekki of stór. Þess vegna vil ég nú nefna að ég vildi kannski, gjarnan stefna að því að kjördæmin yrðu 8 en það er sem sagt möguleiki fyrir því í þessari tillögu. Og Alþingi í rauninni falið að útfæra það hvað þau verði mörg. Ég mundi hins vegar gjarnan vilja að þessi bundni hlutur landssvæða eða kjördæma, verði heldur hærri eða $\frac{2}{3}$ eða 25 þingmenn miðað við óbreytta þingmannatölu og nefni það svona hér til umhugsunar. Þar sem að þarna stefnir væntanlega í nokkuð góða sátt um þessa lausn þá reynist það vera óþarft sem að ég lagði til hérna strax í upphafi með ákveðna minnihlutavernd í ráðinu, í starfsreglum, um að tiltekinn minnihluti, 8 manns gætu krafist þess að annar valkostur en meirihlutans yrði lagður fyrir þjóðina og það, það var nú einmitt kjördæmamálið sem ég taldi kannski hvað líklegast að þyrfti á því að halda, en ég er bara mjög feginn að ég hafði rangt fyrir mér í því.

Varðandi þörfina á að tengja einhverja þingmenn landshlutum eða kjördæmum sem að Ómar og Guðmundur hafa komið inná, að þá vil ég nefna það að þó að ég telji mig Akureyring þá er ég ekki viss um að afkomendur mínir telji sig vera Akureyringa eða landsbyggðarmenn. Þannig að ég held, þrátt fyrir ágæt rök frá Guðmundi og fleirum, um að margir haldi tryggð við landsbyggðina þó þeir séu fluttir á höfuðborgarsvæðið, að þá er það kannski svolítið fljótt að vatnast út með kynslóðunum. Ef ég skil það þá erum við líka að tala hér um fjármálaákvæðið og ég er nú ánægður með að nefndin tekið inn nokkuð af minni tillögu sem ég sendi í gær. En náðist ekki að ræða á sameiginlegum fundi, þannig að mig langar að gera grein fyrir því sem að út af stendur.

Í fyrsta lagi er ég nú ánægður með að frambjóðendur séu komnir þarna inn í, þetta er sem sagt 2. greinin, en

ég mundi gjarnan vilja að það væri líka prófkjör, sem að væri skylt að gefa upp. Stuðningur vegna prófkjara, ekki bara kosninganna sem að koma í kjölfarið. En þarna er sem sagt allar kosningar komnar inn, bæði forseta-, þing- og sveitarstjórnarkosningar. Ef ég skil þetta rétt, almennar kosningar þýða þetta allt saman. Hitt vantar að mínu mati að það sé skýrt að það sé ekki nóg að stuðningur sé gefinn upp samkvæmt þessari tillögu, sem sagt, upplýsingar um framlög til stjórnmalasamtaka og svo framvegis, skulu vera aðgengilegar almenningi svo fljótt sem auðið er. Ef að stuðningur er veittur tveimur dögum fyrir kjördag og gefinn upp tveimur dögum eftir kjördag, þá nær ákvæðið ekki markmiði sínu. Þess vegna lagði ég til þetta orðalag, að það væri hnykkt á þessu svo fljótt sem auðið er og aldrei síðar en viku fyrir kjördag. Það mætti vera einhver annar dagafjöldi en 7. En allavega fyrir kjördag þannig að kjósendur geti metið það hvort þeir eigi að verja atkvæði sínu á flokk sem að hefur kannski fengið háan fjárstuðning frá hagsmunaaðilum. Og þetta legg ég áherslu á vegna þess að í þessu felst ákveðin málamiðlun. Sumir vildu ganga lengra og banna hreinlega lögaðilum eða fyrirtækjum að styrkja stjórnmalaflokka. Ef að það á að leyfa það með þessum hætti gegn gagnsæi, þá þarf að tryggja að það komi ekki fyrst eftir kosningar fram upplýsingar.

Nú síðan vil ég áréttá þá skoðun mína að ég held að það sé alveg ljóst í lagamáli þá þýðir kosningar bara persónukosningar eða kosningar á fulltrúum. Kosningar þýðir ekki atkvæðagreiðslur, það þýðir ekki að setja það í greinargerð og segja að þið meinið kosningar og atkvæðagreiðslur. Þannig að ég held að það þurfi að standa þarna: Sama gildir um samtök er taka þátt í umræðu um málefni, sem fer í þjóðaratkvæðagreiðslu eða sambærilega svæðisbundna atkvæðagreiðslu. Ég hygg að það sé mikill stuðningur við það, ja, í ráðinu og hjá þjóðinni, að fjármál málefnahefingna, til dæmis um Icesave, eða eitthvað álíka ef það kæmi upp eitthvað svipað, eða ESB-aðild. Nú við erum að leggja til aukinn möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslum og þá er ekki síður mikilvægt að kjósendur eða atkvæðisbærir, verk kannski réttara að segja, gætu fylgst með því hvaða málefnahefingnar, með og á móti, fengu fjárstuðning. Nú hugtakið framlög er gott þarna, vegna þess að það tekur þá bæði til beinna fjárstyrkja eins og áður stóð, það stóð styrki. Og til annars stuðnings sem hefur fjárhagslegt gildi og þannig er þetta í lögum um styrki til stjórnmalaflokka, að það er hvort tveggja sem að er bundið lögnum. Nú, síðan aðeins aftur að kosningakaflanum. Ég vil áréttá þá skoðun mína að mér finnst ekki mikilvægt markmið að stefna að algjöru millimetra jafnfræði í kosningarétti. Mér finnst allt í lagi að það sé einhver smá skekkja, 1:1,2 kannski eða eitthvað sem stærðfræðingarnir finna, til þess að ná öðrum markmiðum, sem eru mikilvægari, til dæmis tengsl við landshluta. Það er ekki stórkostlegt óréttlæti þó að það sé einhver smávægilegur munur á atkvæðavægi. En þar er ég líklega í minnihluta. Síðan langar mig að taka undir með Kötum varðandi að það þyrfti kannski að íhuga að, svipta fleiri embættismenn kjörgengi til Alþingis, heldur en Hæstaréttardómara. Ég vil nú kannski ekki nefna dæmi um þá, en þetta þarf að íhuga í ljósi þess sem að Kata sagði. Hvort að það sé eðlilegt að aðrir, ja háttsettir hlutlausir embættismenn séu kjörgengir til Alþingis.

Já, þannig að ég vil nú bara ljúka þessu með því að áréttta þakkar mínar til C-nefndar um frábært starf. Takk.

SN

Já, þá tekur næstur til máls Ari Teitsson. Gjörðu svo vel.

AT

Formaður og aðrir sem mál mitt heyra. Ég vil byrja á því að þakka Pawel Bartoszek sérstaklega fyrir hans lýðræðislegu og sanngjörnu meðferð á þessu erfiða máli og ég held að að öðrum ólöstuðum þá eigi hann mestan heiðurinn af því, hvar við erum núna stödd. Við getum svo haft svolítið misjafnar skoðanir á því hvar við raunverulega erum stödd, og það verður nú bara að setta sig við það. En mig langar aðeins að gera að umræðuefni örfá atriði í sambandi við þessar tillögu. Kannski fyrst það að við gerðum tilraun til þess í upphafi og ræddum það við ráðið að reyna að setja okkur markmið og það svona tókst að einhverju marki þó að þau gleymdust svona af og til og stundum kannski jafnvel bæði óviljandi og viljandi.

En eitt af markmiðunum var að efla lýðræðið og kannski var það nú svona það markmið sem að flestir voru sammála um. Og í þessum raunverulega þrjúþættu breytingum sem við höfum gert á, ja gerum tillögur um í okkar tillögum, það er aukið persónukjör. Og ég held að það hafi í raun og veru verið það sem við töldum best ná þessu markmiði um að efla lýðræðið. Við verðum þó að horfast í augu við það að á því eru ákveðnir annmarkar, því að við aukið vægi persónukjörs þá erum við að gera kröfur um að kjóсандinn hafi meiri möguleika á að þekkja til þeirra sem það á að kjósa. Í núverandi kerfi hefur hann meira og minna látið flokksforystunni það eftir að vega og meta þá sem að til greina koma sem Alþingismenn. En þessu breytta kerfi fylgir þá annað hvort að við verðum að minnka fjarlægðina milli kjóсандans og þingmannsins, eða með öðrum orðum við þurfum í raun og veru að minnka kjördæmin. Eða sem við kannski fórum í að velja sem okkar leið í kjör til Stjórnlagabings að láta fjölmiðlum eftir að svona, ráða ótrúlega miklu um niðurstöður kosninga. Og ég held að við verðum að horfast í augu við það, við nefndum það reyndar í gær að persónukjör í mjög stórum kjördæmum er í raun og veru að afhenda fjölmiðlum meira en áður af því sem að við teljum að sé réttur kjóсандans. En það er eitt-hvað sem erfitt er við að gera.

Annað atriði sem við erum að gera mjög róttæka breytingu á er jöfnun á vægi atkvæða. Það var sagt hérna áðan, Guðmundur sagði hér áðan, fólk vill fá jafnt vægi atkvæða. Og ef að við skilfólkið sem meiri-hluta þjóðarinnar þá er hann alveg að fara hárrétt með. Við gætum nú kannski orðað þetta svo að meiri-hluti þjóðarinnar vill jafnt vægi atkvæða, en kannski gætum við farið enn nánar út í þetta. En rökin fyrir því að atkvæðavægi hefur ekki verið jafnt í áratugi eru þau að stjórnsýslan hefur verið á ákveðnum hluta landsins eingöngu, nánast eingöngu, og ef við erum samála um það að jafna vægi atkvæða þá ættum við þá líka væntanlega að vera sammála um að jafna aðgengi og vægi stjórnsýslunnar. Og það þýðir með öðrum orðum, að þá ættum við að vera sammála um það og þyrftum þá að hugsa það hvort að við ættum að setja

það í stjórnarskrá, að hluti stjórnsýslunnar skyldi fara út fyrir Stór-Reykjavíkursvæðið. Og það væri fróðlegt að heyra, kannski ekki endilega hér í dag, tíminn er naumur, álit einhverra ráðsmanna á því hvort að það sé eitthvað sem sé til umræðu að setja í stjórnarskrá. Það kemur bara í ljós. En ég held að við verðum að horfast í augu við þetta samhengi sem að þarna er á milli, og ég hef reyndar rætt það áður.

Þriðji þátturinn sem við erum að gera mjög róttækar breytingar á, það er fækkun kjördæmakjörinna þingmanna. Og, ég held að við verðum að horfast í augu við að það er líka mjög stór breyting. Og jafnvel þó að við minnkum kjördæmin og flytjum þannig hluta af þingmönnum nær kjósendunum, þá stendur þá helmingurinn eftir, ófluttur. Og þar óttast ég að það verði dálítið fjölmiðatog um hvernig taka skuli til. Þannig að við erum í raun og veru að gera mjög róttækar breytingar og þeir sem að leggja til róttækar breytingar þeir hljóta að reyna að horfa dálítið fram í tímanum, hvað þær raunverulega muni þýða og hverju þær raunverulega muni breyta. Og ég er svo sem enginn spámaður en ég sé fyrir mér að það muni margt breytast og ekki kannski allt á þann veg sem að ég hefði sjálfur persónulega kosið.

Aðeins að fjalla nánar um af hverju 8 kjördæmi. Sveitarfélögin eru grunneiningarnar í stjórnsýslu héraðanna. Þær eru margar mjög smáar, kannski sú minnsta er í Skorradal og er 51 íbúi ef ég man rétt. Sveitarfélögin hafa hins vegar verið að þróa með sér samstarf í gegnum landshlutasamtök sveitarfélaga, sem að eru landfræðilega skilgreind. Og eru svona sú stjórnsýslueining sem að menn hafa verið að ná sáttum að kæmi kannski í staðinn fyrir þá umræðu sem að hefur gosið upp alltaf öðru hvoru. Hefur meira að segja heyrst hér í ráðinu um að skipta landinu í fylki. Vegna fámennis þá held ég að sé flestir sammála um það að efling sveitarstjórnarstigsins og og landshlutasamtaka sveitarfélaga er betri kostur heldur en að fara að skipta landinu í fylki. Og þá tel ég að það sé líður í því að fara þá leið í sjálfstjórn héraða, það er betri kostur að fara þá leið og liður í því er að þá verði það líka kjördæma-mörk. Og það er í raun og veru í samræmi við það sem við sjáum mjög víða að fylki eru jafnframt kjördæma-mörk. Og það er skýringin á þessari tölu 8, hvort sem að mönnum líkar hún betur eða verr.

Ég ætla þá ekkert að fjölyrða meira um kjördæmi að sinni en vil aðeins nefna í tilefni af orðum Gísla núna hér síðast. Ég vil þakka Gísla fyrir ágætтар ábendingar til nefndarinnar um breytingar á tillögum okkar um fjármál stjórn málaafra, að segja honum af hverju við, eða reyna að gera grein fyrir því af hverju við tókum ekki inn hans tillögur um ýmis samtök sem koma að kosningum. Og mig langar til að nefna mjög einfalt dæmi. Við komum kannski bráðum til með að kjósa um aðild að Evrópusambandinu. Þar eru skiptar skoðanir og milli stjórn málaaflokka og það eru til að minnsta kosti tvenn samtök, já og nei samtök. En það eru líka til hagsmunasamtök önnur sem munu og hafa og munu koma mjög ákveðið að því að taka afstöðu í þessum væntanlegu kosningum. Og mig langar að nefna ein samtök sem ég reyndar stýrði í nokkur ár, það eru Bændasamtök Íslands. Þau munu alveg örugglega beita sér mjög hart og ákveðið í þessu máli og ég tel ekki að það sé hægt að setja í lög að slík samtök verði vegna þátttöku í einstökum kosningamálum eða

einstökum málum sem varða hagsmuni þeirra, að vera skyldug til upplýsingagjafar í kosningum. Þannig að þetta er í raun og veru, eins og Gísli setti það fram, þó að hugmyndin sé góð, þá er hún útilokuð í framkvæmd. Takk.

SN

Þorvaldur Gylfason, gjörðu svo vel.

ÞG

Já, formaður, góðir ráðsfulltrúar. Mig langar að þakka nefnd C fyrir mjög fína tillögu að lausn á viðkvæmu og erfiðu máli. Og bara lausnin vitnar um þann ríka samhug sem hefur einkennt störf okkar öll til þessa og megi svo verða áfram. Ég styð þessa lausn af heilum hug, og ég dáist að þeim aðalkosti hennar sem er þessi, hún rúmar ýmsar útfærslur. Hún rúmar til dæmis hugmyndina um að landið sé eitt kjördæmi, svo sem þung krafa er uppi um úti í samfélaginu. Það eina sem gerist er að við hér í Stjórnlagaráði tökum ekki á þeim vanda heldur vísam honum til löggjafans. Við veitum þannig löggjafanum talsvert svigrúm til þess að ganga frá kosningalöggjöf en ég vek einnig athygli á því að við bindum hendur löggjafans við þetta verk í veigamiklum atriðum. Við bindum hendur löggjafans á þann veg að persónukjör er nú verndað í stjórnarskrá. Persónukjör í andstöðu merkingu við listakosningar í boði stjórnmalaflokkanna með gamla laginu. Við bjóðum einnig upp á stjórnarskrárvernd jafns atkvæðisréttar. Við bendum hendur Alþingis með þessum tillögum, verði þær samþykktar, á þann veg að misvægi atkvæðisréttar eftir búsetu er úr sögunni. Þetta hvort tveggja tel ég vera grundvallaratriði, enda heimtar þjóðin það eins og Þjóðfundurinn gerði. Ég geri bara einn ágreining við tillögu C-nefndar en hann snýr ekki að kjarna málsins heldur að öðru atriði sem við eigum eftir að fjalla um. Því að 1. greinin í tillögum nefndarinnar, hún hljómar svona: Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn.

Ég segi það enn sem ég hef sagt áður í ýmsu samhengi á okkar fundum, talan 63 er of há. Okkur duga í allra mesta lagi 53 þingmenn enda gerar aðrar tillögur okkar sem hafa verið kynntar almenningi í áfangaskjalinu ráð fyrir því að ráðherrar sitji ekki lengur á þingi. Þannig að 63 þingmenn jafngildir í rauninni fjölgun þingmanna um 10. Með öðrum orðum, óbreytt tala þingmanna væri 53 úr því að 10 ráðherrar, ef það er talan áfram, sitji ekki á þingi samkvæmt okkar tillögum. Og þess vegna brýni ég ykkur félagar mínir í ráðinu til þess að hugsa vandlega um það hvort við eigum ekki að hafa þingmenn í allra mesta lagi 53, enda þótt við ætlum Alþingi sem aukin verkefni, sem er liður í þeirri viðleitni okkar að bæta jafnvægið milli framkvæmdavalds, löggjafarvalds og dómvalds. Við treystum valdmörk og mótvægi í stjórnskipaninni með því að færa verkefni frá framkvæmdavaldinu, eins og ég ætla að lýsa fyrir ykkur í ræðu síðar á þessum fundi, sennilega á morgun og einnig með því að færa verkefni til þeirra valdþátta sem hafa átt undir högg að sækja, í okkar stjórnskipan, sem eru löggjafarvaldið og dómvaldið. Ég tel að sú kosningalöggjöf sem hér er mælt með, muni bæta ástand Alþingis og ásýnd þess til muna. Ég tel að þjóðin muni við kosningalöggjöf sem hefur persónukjör á oddinum muni vanda betur val sitt á alþingismönnum. Þannig að færri fólk

getur unnið betra starf á nýju Alþingi, í krafti nýrrar stjórnarskrár, verði tillögur okkar samþykktar. Í þriðja lagi langar mig að lýsa stuðningi við breytingartillögu Þorkels Helgasonar sem hann lagði fram í upphafi fundar. Takk fyrir.

SN

Þorkell Helgason, gjörðu svo vel.

ÞH

Já, formaður og góðir félagar aftur. Mig langar rétt að drepa á nokkur atriði sem að fram hafa komið og þar sem ég kannski tel mig vita eitthvað meira en sumir aðrir, en vænti þess að formaðurinn muni svara þessum athugasemdum almennt. Ég vil fyrst fagna því hvað þessar tillögur okkar hafa fengið góðan hljómgrunn hérna í hópnum og vona að þetta verði sem sagt vísir að góðri sátt í lokin. Aðeins þetta fyrst sem Katrín Oddsdóttir nefndi um Hæstaréttardómara, að þeir væru einir undanþegnir því að vera með kjörgengi. Og það var svo að í kosningalögum 1987 minnr mig, frekar en 2000, þá var, nei í lögum um umbodsmann Alþingis var því líka laumað inn að hann hefði ekki kjörgengi. Svo benti ég nú einhvern tíma á það niðri á Alþingi, að þetta væri trúlega brot á stjórnarskránni og þess vegna var þessu kippt út við fyrsta tækifæri. Þannig að þarna, við höfum bara gleymt að ræða þetta. Ég held að þyrfti að athuga þetta, hvort að ættu að vera einhverjir fleiri embættismenn sem ættu ekki að hafa kjörgengi. Mér finnst einsýnt að Hæstaréttardómarar eigi ekki að hafa það. Þá er Katrín með skemmtilega athugasemd um það hvort að ákvæðið um kjördæmi væri það rúmt að þetta þyrfti ekki endilega að vera landfræðileg kjördæmi. Því miður held ég að það gangi nú ekki, þó ég hefði mikla ánægju af því að það væri ekki bundið við landafræði. En textinn í núverandi stjórnarskrárákvæði mundi þá líka bjóða upp á það sama sýnist mér. Það er mikið verið spurt um það hvort að orðalagið, ja listakjör sem kemur bæði í mínu, í minni breytingartillögu og í aðaltextanum á stöku stað, minnr mig, hindraði það að menn gætu boðið sig einir fram eða mjög fámennt. Það er okkar skilningur að svo sé ekki, en þetta gefur vissulega ábendingu um það að við ættum kannski, eins og auglýst hefur verið eftir að huga að því hvað við ættum að festa meira, kannski, í þessu plaggi. Og ég held að það ætti þá jafnvel að festa það, að það megi ekki, eins og núna er gert í kosningalögum, að krefjast þess að framboð sé með fulla tölu kjósenda viðkomandi kjördæmis og að auki fyrir varamönnum. Mér persónulega er reyndar til efs að þetta standist ákvæði stjórnarskrár, en það er nú önnur saga.

Þá sagði Silja Bára, og hún var kannski eina sem var með svoldið neikvæðan tón í þessu máli og reyndar eingöngu vegna, ef ég skildi hana rétt, vegna jafnréttissjónarmiðanna sem við hljótum öll að skoða gaumgæfilega. Og það er fullur helmingur eða nær helmingur fulltrúa í ráðinu sem flytur þessa tillögu. Þannig að við hljótum að skoða hana vel og vandlega. En ég verð bara eins og Ómar, að andmæla því að STV sé einhver sökudólgur í þessum efnum. Bara, ég bið hana um rök, tilvísun í gögn. Mín gögn, mínar rannsóknir, mínar leit í þessum efnum, sýnur hið andstæða. Og með öllum f mér hérna töflu ... Það verður að lesa þá töflu í samhengi, sem við skulum bera bara

í pásunni. En ég bara bið menn að íhuga þetta gaumgæfilega.

Þá nefndi hún að fyrirkomulagið sem við séum að leggja hérna til, bjóði ekki upp á fléttulista. Og nú langar mig að biðja Silju Báru að hlusta sérstaklega. Af því að ég nefndi þetta einu sinni á fundi, en hún var því miður farin af fundi, allt saman, þetta sem ég er að tala um núna. Sko, ef að notuð er STV-aðferðin þá er hægt að hafa forraða lista. Þannig að flokkar sem væru með samvisku vilja það, hafa fléttulista, þá er það tæknilega mögulegt. Það er reyndara erfiðara og eiginlega illmögulegt ef það er krossaðferð. Ef það er stigagjafaðferð, gengur það reyndar líka. Ég ætla nú ekki að tala mikið um þetta með jöfnun atkvæðaréttar. Menn hafa talað um að þurfi ekki að vera millimetranákvæmni, það kemur skýrt fram einhvers staðar í greinargerð hjá okkur, að vitaskuld vitum við það að reikningslega verður aldrei náð 100% nákvæmni, nema að landið sé eitt kjördæmi. Og, þannig að við erum að sjálfsgöðu ekki að fetta fingur út í það. En um leið og menn byrja að nefna einhver hlutföll, þá fara menn að segja, af hverju ekki 1,3, af hverju ekki 1,4. Þá erum við bara komin út á hálan ís. Og ég er margbúinn að lýsa því yfir að mér finnst jafn kosningaréttur vera mannréttindi og það er ekki hægt að deila í mannréttindi með einum, tveimur, þremur eða neinu. Jú, einum kannski en ekki neinni hærri tölu. Þá var Ari, þetta er nú svona kannski söguleg athugasemd eða sagnfræðileg athugasemd, sko að rökin fyrir því að það sé ójafn kosningaréttur í dag eftir búsetu séu þau að stjórnsýslan sé á höfuðborgarsvæði. Ég er ekki viss um að þetta sé sagnfræðilega rétt. Landinu er fyrst skipt upp í kjördæmi á miðri 19. öld og þá held ég að menn hafi ekkert verið að telja hvað margir bjuggu á hverjum stað. Þetta var bara einhvern veginn teiknað á landakorti. Síðan hefur það gerst að búsetan hefur þétt og færst hingað suð-vestur og breytingar á kosningalöggjöf hafa að vísu fylgt því eftir en verið alltaf 10, 20 árum á eftir, af kannski eðlilegri íhaldssemi. Þannig að þetta er bara söguleg staðreynd, og söguleg ástæður, hygg ég.

Þá ... biðum nú við, já ég er nú búinn að tyna því sem ég ætlaði að segja. Jú, þetta með aðlögunina. Þorvaldur nefndi að það rúmaðist innan þessara ákvæða að hafa landið eitt kjördæmi þó að við leggjum það ekki til. Og það er laukrétt, og það tel ég einmitt vera kostinn við þessa aðferð að það er þá hægt að fara aðlögun að því máli. Prófa þessa útfærslu sem er til dæmis hjá Pawel, með 5 kjördæmi. Prófa hana, sjá hvernig hún reynist. Þetta að menn geta kosið þvers og kruss um landið, eða frambjóðendur hvaðanæva að. Prófa þetta, smá fikra sig kannski að þessu. Og svo vil ég enn og einu sinni ítreka það sem ég hef oft sagt á þessum fundum, að landið hefur pólitískt verið eitt kjördæmi síðan 1987. Flokkarnir hafa fengið nákvæmlega það sem þeir fengu ef landið væri eitt kjördæmi. Og allra síst, það var Þorvaldi finnst að 63 þingmenn séu of margir, þá flaug mér nú í hug hérna, svoldið lúmskuleg hugmynd. Hún er sú að segja í stjórnarskránni, tala ráðherra og þingmanna skal vera 63.

Takk fyrir.

SN
Lýður Árnason, gjörðu svo vel. Þú ert næstur á mælendaskrá.

LÁ

Kæru ráðsfulltrúar, þeir sem eru í salnum og hinir heima. Ég tel þennan dag að mörgu leyti svolítið merkilegan. Þetta var eitt af þessum málum sem að spád var jafnvel ekki lendingu í ráðinu, en mér sýnist okkur vera að takast að lenda þessu með þokkalega breiðri sátt. Það er sérstaklega gott í þessum tillögum er það að við opnum á persónukjör ekki bara listum heldur líka milli lista og líka fyrir einstaklinga. Og þetta held ég að hafi verið mikil krafa frá Þjóðfundi einmitt að gera þetta. Varðandi þá, sem sagt skiptingu, ef við getum kosið á landsvísu sem og í kjördæmum, ég held að það sé góð sáttatillaga og ég veit að mönnum hefur greint á hversu margir þingmenn skuli vera bundir við kjördæmi. Og um það má vissulega deila. En ég veit að sumir vildu hafa þá færri og aðrir fleiri. En ég allavega tel það að það sé tækifæri fyrir landsbyggðina, einmitt í þessari tilvísun að við getum kosið, sem sagt í einu kjördæmi, sem sagt á landsvísu. Ég tel það ekki endilega vera verra fyrir landsbyggðina, þvert á móti. Og í þessum efnum greinir okkur Ara kannski svolítið á. En ég vísa bara til þeirra þingmanna sem nú eru landsbyggðaðingmenn. Þannig að ég tel að það séu tækifæri í þessu fyrir landsbyggðina. Svo vil ég þakka Ómari sérstaklega hlý orð í minn garð. Takk, Ómar. Ég ætla líka að þakka mínum samnefndarmönnum, ekki síst félagi Pawel fyrir þessa snilldarlegu lausn, en ég vil líka minna á það að [Hlátur úr sal, A.V.] félagi Þorkell, að þessi hugmynd um það að geta kosið, bæði í kjördæmum og á landsvísu er upprunalega frá honum komin, og ég þakka þér mjög vel fyrir það Þorkell.

ÞH

Þetta er allt frá okkur.

LÁ

Þessir tveir menn, þeirra samsaumur hefur verið alger snilld, en ég ætla þó að árétta það, að án okkar hinna í nefndinni. Ef við hefðum ekki séð það, og eftirlátið þeim þetta, þá hefði aldrei neitt úr þessu orðið. Takk.

SN

Katrín Fjeldsted, gjörðu svo vel.

KF

Takk fyrir formaður, góðir áheyrendur. Já, ég tek nú undir það að það er mjög ánægjulegt að skuli koma fram ein tillaga frá nefndinni og þetta sem að við héldum að myndi mögulega kljúfa ráðið okkar í herðar niður, virðist ekki ætla að gera það. Ég er aðili að breytingartillögunni sem Silja Bára kynnti. Og, mér finnst skipta máli að það sé kveðið nánar um jafnrétti kynjanna í stjórnarskrá, og þess vegna skrifaði ég undir tillöguna sem að hún bar hérna fram. Ef ég mætti aðeins hlaupa á nokkrum atriðum. Í 1. grein, 1 málsgrein er ég alveg sammála Þorkeli, að taka út orðið hlutbundin kosning. Ég held að mjög fáir hafi, ég hef aldrei skilið þetta orð og ég er mjög fegin að það eru fleiri sem að ekki skilja orðið og gott að losna við það.

Atkvæði kjósenda verði alls staðar með jöfnu vægi, styð ég að sjálfsgöðu og finnst það vera mannréttindi. Að fjöldi þingsæta sé bundinn og það séu 5 þingsæti sem komi í hlut hvers kjördæmis. Ég spyr mig, svona hvernig það tryggi stöðu íbúa Reykjavíkur. Ég er

náttúrlega jafn upptekin af stöðu íbúa Reykjavíkur eins og þeir sem að tala hér fyrir hönd landsbyggðarinnar. Rödd Reykvíkinga þarf að heyrast. Ef að ⅓ hlutar íbúa landsins búa hér í borg, þá skiptir þetta heilmiklu máli. Það er auðvitað þannig, og Þorkell kom inn á það, að breytingar á kosningalögum hafa jafnan verið 10, 20 árum á eftir breytingu á búsetu. Og það er kannski ekkert skrítið, því að lög breytast kannski ekki mjög hratt. En með 60, 70% íbúa landsins hér í Reykjavík og nágrenni þá má segja að landið sé að sporðreisast. Og ef við berum okkur til dæmis saman við Noreg þar sem að ég held að um 10% íbúanna búi í Osló, þá sjáum við hvernig samanburður það er. Það þarf líka samt að hugsa um áhersluna á fjölda þingsmanna, í því ljósi hver verkefni þingsins við sjáum fyrir okkur að verði. Við erum jú að skrifa greinar inn í stjórnarskrá sem kveða á um talsvert breytt hlutverk eða aukna áherslu allavega, á þingið sem löggjafarþing. Og að aðskilja eins og frekast er unnt framkvæmdarvald og löggjafarvald, þá höfum við einnig verið að ræða um að flytja í stærra mæli, í auknum mæli, verkefni yfir til sveitarstjórna. Og með því að styrkja sveitarstjórnir í sínum störfum þá eru ákvarðanir væntanlega teknar í heimabyggð í vaxandi mæli. Og ég held að það sé mjög jákvætt þegar maður hugsar um lýðræði og aðkomu almennings að ákvörðunum. Þannig að maður þarf að hugsa um þetta allt í samhengi. Og ég held að, ég var bara að velta fyrir mér sko, þegar maður horfir í viðaukanum á sko, Reykjavíkurdæmi eru tryggð 5 þingsæti. Ég svona staldraði aðeins við það, en auðvitað hafa menn fært rök fyrir því að sennilega verði flest af þessum 38 öðrum þingsætum sem úthlutað er á landsvísu beint yfir á þetta svæði. Það væri ekki óeðlilegt.

Einhvern veginn finnst mér samt vanta að það sé einhver öryggisventill eða það sé tryggt á einhvern hátt að Reykjavík og Reykvíkingar beri ekki skarðan hlut. Sveitarfélögin eru núna 76 og Ari minnst á landshlutasamtök þeirra, þau eru 8 núna og miðast við gömlu kjördæmin. Þau mynda þjónustusvæði, og verkefnaskipting milli ríkis og sveitarfélaga nú, er kannski um þriðjungur hjá sveitarfélögum eftir að málefni fatlaðra fluttust yfir. Ef til dæmis málefni aldraðra færðust yfir líka sem maður vonar að geti orðið, að þá færi hlutur sveitarfélaganna upp í 40%. Þannig að ég er bara að vekja athygli á því, þó ég sé að kvarta undan því að Reykjavík sé ekki mögulega tryggð nægilega mörg þingsæti, þá erum við jafnframt að skýra valdið og flytja það til og færa það nær almenningi.

Svo hnýt ég alltaf um þetta STV, sem að fólk, ég get aldrei munað hvað þetta stendur fyrir. Það stendur fyrir ensku orðin single transferrable vote og kalla eftir því að menn nota eitthvert, þó ég sé nú enskuslettari heilmikill, að þá kalla ég eftir því svona annarra vegna líka, sem heldur ekki geta munað hvað þetta STV þýðir, að menn komi með íslenskt orðalag sem sé gegnsætt og ekki alveg eins langt og þetta forgangsröðunaraðferð í kosningum. Eða forgangsröðunaraðferð kosninga sem væri ennþá verra. Þannig að ég kalla eftir því.

Í 2. greininni um styrki til stjórnmalasamtaka fagna ég sérstaklega að hún skuli koma fram. Þetta er löngu tímabært og mér finnst mikilvægt að það sé kveðið á um slíka styrki í stjórnarskrá. Almennar kosningar eiga jú að þýða þing-, sveitarstjórnarkosningar og for-

setakjör. Mér finnst mjög eðlilegt að prófkjör séu þar inni og mögulega verða menn, geta menn með því að skilgreina almennar kosningar, það er náttúrlega ekki hægt að segja kannski að prófkjör sé almennar kosningar af því að þær eru bundnar mögulega við vissa hópa eða stuðningsmenn stjórnmalaflokka. En mér finnst sjálfsagt að biðja nefndina að huga að því hvort orðalagðið megi ekki vera það rúmt túlkað að það nái yfir prófkjör. Svo finnst mér eðlilegt Bændasamtökin eins og vinnuveitendasamtök og launþegasamtök, öll slík samtök ættu að vera skyldug til að gefa upp slíkan stuðning. Mér finnst þau ekki eiga vera undanþegin, ég sé ekki ástæðu til þess.

Svo sagði Gísli Tryggvason hérna áðan um tímaþáttinn, að upplýsingar um framlög þyrftu að vera aðgengilegar svo fljótt sem auðið er. Og hann nefndi til dæmis viku fyrir kosningar. Menn yrðu nú fljótir að fara í kringum það og styrkirirnir kæmu þá inn, sko 6 dögum fyrir kosningar. Þannig að það dugar ekki að segja viku fyrir kosningar, held ég. Það verður að vera kannski, gefa 1, 2, 3 mánuði eða eitthvað svoleiðis. Þannig að það sé gefinn upp tími eftir að kosningarnar eru afstaðnar, þannig að það sé reynt að koma í veg fyrir misnotkun á því.

Og svo bara að lokum þetta með að hver kjósandi geti valið af lista. Og því var nú svarað ágætlega af Ómari og ég ætlaði að minna á að í breskum kúltur er það þannig að standi einn maður á strætóstöð, þá lítur hann á sig sem röð. Þannig að einn maður hlýtur að geta verið listi. Takk fyrir.

SN

Guðmundur Gunnarsson er næstur á mælendaskrá og á meðan hann talar, þá loka ég mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

GG

Takk. Ég veit nú ekki alveg hvar ég á að byrja en ég ætla að byrja á því sem að síðasti ræðumaður endaði. Og það er svo oft sem að er mjög auðvelt að setja fram texta sem tillögu og í sjálfu sér, meiningin er góð. Og, en síðan þegar menn fara að skoða textann að þá er sem sagt, hljótum við alltaf að byrja á því að tékka á því, hvar, sem sagt, hver er ramminn. Eins og tillagan var að þá eins og kom reyndar fram hjá Ara mjög glögglega, og þess vegna fatta ég ekki alveg orð Katrínar, að það eru fullt af hagsmunasamtökum hér í landinu sem að vinna við það að ná fram, ja til dæmis eins og til dæmis Lækna., samtök heimilislækna, eða annarra, sem að vinna að því að ná fram einhverjum hagsmunum í gegnum reglugerðir, reglugerðarbreytingar, lagabreytingar og þess háttar.

Er ég með orðið eða ... ?

Það er nefnilega stanslaus fundur í gangi hérna, á næsta borði, sko. Það er sko þannig að ef að þetta orðalag hefði verið sem sagt sett beint inn, án þess að breyta því eitthvað, að þá hefði það í raun og veru þýtt það, að öll hagsmunasamtök, hverju nafni sem þau nefnast. Að þá hefðu þau þurft að leggja fram sitt bókh., eða það var hægt að túlka það þannig, að þau verða að leggja fram sitt bókhald. Það er náttúrlega alveg klárt mál að ef að einhver samtök fara að leggja til dæmis inn í kosningasjóði, í prófkjörum eða almennum kosningum til sveitarstjórnarkosninga. Að þá náttúrlega verða þau að gefa það upp. En það er bara

allt annað mál. Það er enginn að tala um það.

Nú, svo ef við förum aftur í misvægi atkvæða. Að, sko ef það er einhvers staðar misvægi atkvæða og menn ætla að fara út í þá ... við höfum rætt það mjög mikið í sambandi við kjördæmin. Ef ætti að fjölga kjördæmum, þá ætti þá einhvers staðar, ef að ætti einhvers staðar að gera það, þá væri það hér á höfuðborgarsvæðinu. Það eru engir kjósendur jafn afskiptir og til dæmis kjósendur í Breiðholti. Og ef á að bæta við einu kjördæmi, kjördæmi 8 eða kjördæmi 9, að þá myndi ég leggja til að Breiðholt yrði, sem sagt, að byrja á því, að gera það að sérkjördæmi. Og svo númer 2, þá væri það til dæmis Kópavogur, og svo Garðabær, og svo Grafarvogur, og svo Árbær. Þetta eru allt kjördæmi og þarna búa stórir hópar og það vill svo til að í þessum hverfum, og þá sérstaklega síðast en ekki síst Breiðholtinu, að þar búa ákkúrat þeir hópar sem búa við lökust kjörin. Þar er atvinnuleysið mest, þar eru kjörin lökust. Og það eru sannarlega þeir sem þyrftu á sérþingmönnum að halda ef einhverjir þurfa á sérþingmönnum að halda. Þannig að, við verðum svona aðeins að gæta okkur að því hvað við erum að leggja til, og hvert við erum að fara og hvaða rök við erum að nota.

Nú, með kynjakvótann. Eins og hefur verið rætt um, það hefur verið, og það eru allar, að minnsta kosti þær rannsóknir sem að mér hefur sýndar, að þær sýna fram á það, að þeim mun stærri sem kjördæmin eru, að þeim mun minni líkur eru á því að það komi upp, sem sagt vandamál í sambandi við það. Fléttulistar eða ekki fléttulistar í sambandi við persónukjör, þar sem er krossað við, eða hægt að krossa við þvert á lista, að þá skiptir í sjálfu sér ekki miklu máli í hvaða röð kannski, endilega verið að raða fólki upp. Hvort það séu byrjað á því að það séu allir sem heita Guðmundur efst á listanum og síðan koma allir sem heita Siljur næst þar á eftir, sko. Það er, málið snýst ekki um það, sko, þegar er verið að kjósa samkvæmt þessu kerfi. Síðan langar mig líka til þess að benda á það að í nefndinni, C-nefndinni, er eins og í öllum hinum nefndunum, að þar eru sem sagt fólk með afskaplega mismunandi skoðanir. Og mér finnst í sjálfu sér ástæðulaust að vera að ætla einum manni að hafa gert þetta allt saman. Með fullri virðingu fyrir þeim duglega manni og snjalla. Að þá er það sko, þá komu þarna til dæmis tillögur fram í upphafi leiks sem að voru unnið útfra og það er ekki einhver einn sem að gerði það. Það voru, allir nefndarmenn tóku þátt í því starfi og lögðu á sig mikla vinnu í sambandi við það. Þó svo að formaðurinn hafi sannanlega lagt stóran hlut inn í það en, ef við ætlum að fara út í svona sko, þá fer maður að velta fyrir sér, sko. Eigum við að tilkynna sem sagt í hvert skipti sem að ætla menn taka til orðs, ja ég lagði nú þetta til og Silja lagði nú þetta til og Katrín lagði nú þetta til og svo framvegis. Sko, við græðum ekkert á svona hlutum. Við erum bara að vinna hér saman sem einn stór hópur og það er jú pródukið sem að ræður niðurstöðunni.

Hvað varðar svo aftur fjölda þingmanna, það hefur verið mikið rætt í nefndinni. Og það, ég er minnsti?? (að minnsta kosti?? 109.11, A.V.) einn þeirra sem hef rætt mikið um það að, hef sett svona spurningarmerki við fjölda þingmanna, en ég treysti mér ekki til þess að segja til um það fyrr en að ég sjái í raun og veru svona heildræna mynd á þessu sem við erum að vinna. Við erum jú að tala um það að auka þingræði,

minnka ráðherravægi og gera, setja ráðherrana út fyrir sviga hvað varðar þingmenn og svona ýmislegt hvað þetta varðar. Þetta er ekki frágengið og meðan það er ekki frágengið þá finnst mér að við getum ekki alveg endanlega gengið frá þessu, sem að, hvað varðar fjölda þingmanna nákvæmlega sem að sitja í þingsal. Það er hlutur sem að við þurfum að fjalla um og fara yfir á næsta stigi, þegar að við höfum lokið þessu sem að við stefnum að ljúka í næstu viku. Takk.

SN

Þá hefur mælendaskrá verið lokað, og Ómar Ragnars-son er næstur á dagskrá. Gjörðu svo vel.

ÓR

Já, formaður og aðrir sem að mál mitt heyra. Ég er sammála Þorvaldi Gylfasyni um það að þingmenn, og hef í öllum mínum tillögum, ég lagði fram strax í upphafi eftir mína stefnuræðu og í tengslum við hana, 5 möguleika á einhvers konar blönduðu kerfi sem að nú hefur orðið að veruleika. Og þá gerði ég alltaf ráð fyrir 53, af því að 10 ráðherrar væru farnir og hvort eð er, er það þannig eins og við vitum að þessir 10 ráðherrar sem núna eru á þingi, þeir náttúrlega taka ekki þátt í nefndarstarfi og mega lítið vera að því að sinna því. Þeir eru svona, ja ég veit ekki hvort þeir eru ¼ af þingmanni eða hvað. STV - meðfærilegt atkvæði, er það ekki ágætt? Jæja. En sem sagt. Við verðum að huga að því að B-nefndin og við erum að setja þingmönnum fyrir ný verkefni og gera á þá auknar kröfur. Og það var eitthvað sem að Þjóðfundurinn sá ekki fyrir, þegar hann krafðist fækkunar þingmanna. Þannig að við verðum að sjálfsögðu að meta þetta sjálf, og tek undir með Guðmundi, að gera það þá í lokin. Að komast að þeirri niðurstöðu sem við teljum að rími best við annað sem við höfum gert, sem að Þjóðfundurinn sá ekki fyrir. Ég var ekki viðstaddur þegar að fólk tók sig saman, hérna, um kynjakvóta tillöguna. Hefði verið á þeim lista og styð hana eindregið. Hvað snertir Reykjavík að þá liggur það náttúrlega í hlutarins eðli, að segjum að allir kjósi bara nokkurn veginn jafnt í sínu kjördæmi, atkvæðin dreifist þannig eftir magni. Þá munu þingmenn auðvitað fá, Katrín, nánast alla, eða Reykjavíkursvæðið og höfuðborgarsvæðið fær alla þessa þingmenn. Bara í krafti þess að það er vægi atkvæða, það er sem sagt, það eru flest atkvæðin eru þar og þá munu Reykvíkingar fá sína þingmenn. Hitt sem getur gerst, sem er mjög athyglisvert í þessu, og það er það, að það er alveg hugsanlegt að Reykvíkingar muni kjósa svo marga úti á landi að þingmennirnir verði fleiri þar, og færri hér í Reykjavík. Munurinn á því og mismunandi vægi atkvæða núna, er sá að vægi atkvæða núna er fyrirfram bundið inn í skipulagið. Það er 2 á móti 1. Í þessu tilfelli sem að við erum með, erum að opna á mjög mikið frelsi sem getur valdið því að vægi atkvæða geti orðið mjög mismunandi. Í einum landshluta fær bara einhver maður þvílíkt fylgi að hann dregur með sér inn á þing, menn sem að aðrir af landinu hafa kosið. Svona svipað eins og þegar Hannibal dró Karvel Pálmason barnakennarann óvart með sér á þing vegna þess að hann var með svo mikið fylgi á Vestjörðum. Þannig getur gerst í okkar kerfi, og það er bara vilji kjósendanna sem ræður því. Og ég segi Katrín, hefur þér fundist að Reykjavíkurbíingmenn hafi verið með rosalega mikla hagsmunagæslu fyrir

allskonar sér-reykvískum málum undanfarna áratugi. Þvert á móti hefur verið kvartað yfir þeim, að þeir séu alveg gagnslausir kjördæmaþingmenn. Ég held satt að segja að það sé aðalatriðið sé nú gæðin en ekki magnið af Reykjavíkurbíngmönnum. Takk.

SN
Erlingur Sigurðarson. Gjörðu svo vel.

ES
Já, formaður, góðir félagar. Ég tek undir þakkir til nefndarinnar fyrir þessa tillögu sem er ótrúlega góð lending. Ætla þá ekki að hafa fleiri orð um það. Ég var búinn að gera mér það ljóst að sú lending yrði að, það sem yrði að nást, væri það að, að það væri í raun og veru kosið í einu kjördæmi en úthlutað í fleirum. Og það er niðurstaðan sem kemur. Ég hefði að vísu viljað sjá þau kjördæmi fleiri. En það verður að virða niðurstöðu sem að kemur til þessa. Það er tvö atriði sem að ég vil að verði bundin í stjórnarskrá. Það er fjöldi þingmanna og fjöldi kjördæma. Mörk þeirra má eitthvað fara eftir búsetu en þetta á ekki að láta löggjafanum eftir í hendur, að hafa opið. Það er eitt atriði sem ég vil minnst á, er úthlutun þingsæta, bundnu sætanna. Ég vil að þau, mundi vilja að hún færi fram eftir kjördæminu, fyrst. Þannig að þeir 5 sem að ná bestum árangrinum í kjördæminu, fái þingsætin. Og síðan verði það notað jöfnunartölu á milli, þannig að þegar er komið að kvóta hvers flokks eða framboðsaðila, væri ekki vissara að segja. Og svo verði úthlutað þá þessum grunnviðmiði. Og ég hefði líka viljað sjá þessi sæti, hærri hlutfall af heildartölunni, og það er ágætt að þau séu 25. Og það séu þá 26 önnur, það sé nærri helmingur, sem að kemur bundinn en það verði 51 þingmaður, hámarki 53-54. Og mér líst ágætlega á þessa tillögu Þorkels, þarna, mætti binda þetta við 63 samtals. Það er svo með STV-ið. Kosningar eru líka val, STV er löggilt, ekki kannski löggilt, en hefðbundið merking er Stórvals, það fer vel á því að minnst hans.

SN
Ari Teitsson, er næstur á mælendaskrá.

AT
Já, formaður og ágætu félagar. Mig langar til þess að gera hér að umtalfni örfá atriði sem að komið hafa fram, hér hjá síðustu ræðumönnum. Og víkja að fyrst aðeins að Þorkatli Helgasyni sem að telur að hann viti meira en aðrir um ýmis atriði sem að snerta þessi mál sem við erum hér að fjalla um. Og ég ætla ekki að rengja það hjá honum. Ég held þó að það sé ekki endilega alveg rétt hjá honum að það sé eingöngu af því hvað við höfum verið seinir að breyta atkvæðavægi sem atkvæðavægi hefur ætíð verið misjafnt. Og þar vitna ég meðal annars í því sem kemur fram í okkar helgu bók, ef þú fyrirgefur Örn Bárður, þó ég orði þetta svona. En ég er þá að tala um 1. heftið af Stjórnlagar-nefndar-skýrslunni. [Hlátur í sal, A.V.] En þar kemur einmitt fram að í Noregi er mjög misskipt atkvæðavægi og það eru færð fyrir því mjög góð og gild gömul rök sem að í raun og veru eru enn í fullu gildi. Það er líka heldur engin tilviljun að á Bandaríkjaþingi eru jafn margir þingmenn frá Alaska og Kaliforníu, ef ég fer rétt með. Þannig að það er alveg þekkt að atkvæðavægi er misjafnt og þá eftir aðgengi að stjórnsýslu. Þannig

að ég held að við verðum að horfast í augu við það. En það var annað sem að ég hef meiri áhyggjur af í því sem að hann Þorkell sagði. Og það er af því að hann sagði fyrst að hann vissi meir en margir aðrir og sá sem mest veit, hann verður auðvitað til kallaður þegar á reynir. Það er mjög eðlilegt, við reynum að fá til okkar hæfustu sérfræðinga. Þorkell sagði nefnilega að það gæti verið að, ég man ekki hvernig hann orðað það, en hann sagði eitthvað á þá leið að við værum að fara inn í aðlögunartímabil, og mundum fyrst prófa 5 kjördæmi og svo fikrað okkur yfir í 1.

Ef að þetta er sú vegferð sem við erum að leggja upp í núna. Og það er skilningur okkar á vegferðinni, þá veit ég ekki hvort ég nenni að vera með í henni. Ég er ekki alveg viss um það. En gott og vel, það er ráðið sem að ákveður hver okkar vegferð verður. Katrín Fjeldsted hefur áhyggjur af því að það sé ekki gætt hagsmuna Reykjavíkur í sambandi við kjördæmavörða þingmenn. Og ég held að við getum mjög vel leyst það mál. Það er ekkert sem segir að þessir kjördæmavörðu þingmenn eigi að vera 25. Og ef að Katrín vill fá einhverja 10 kjördæmavörða í Reykjavík, eða jafnvel 20, þá er alveg hægt að ræða það að fjölga þessum kjördæmavörðu. Þannig að, sko kjördæmavörðu þingmennirnir voru til þess að tryggja að allir fengju eitthvað. En það er hægt að tryggja Reykvíkingum fleiri þingmenn, ef að við teljum að það sé nauðsynlegt, og ef að það er ósk fundarins, eða öllu heldur ráðsins. Katrín sagði líka að landið væri að sporðreisast. Og það er því miður allt of mikið til í því hjá henni. Ég sagði hér fyrir nokkrum dögum síðan að þegar að við breyttum stjórnarskrá, eða þegar við gerðum breytingar þá ætti það að vera til þess að tryggja rétt þess veika, gagnvart hinum sterka. Ég held þess vegna að það væri mjög snjallt þegar við erum búin að koma stjórnarskránni svona í heillegt form, sem verður núna í þessum mánuði. Að þá veltum við því aðeins fyrir okkur hverra rétt er hún að tryggja og hverra rétt er hún að veikja. Þannig að það sé bara mjög sanngjörn svona, vangavelta. Ég ætla ekkert neitt að dæma um hvað út úr því kemur, en ég held að við ættum aðeins svona, að huga að því.

Guðmundur Gunnarsson hefur svarað ágætlega því sem að Katrín nefndi um Bændasamtökin og ég ætla engu við það að bæta. En hann Guðmundur sagði annað, hann sagði að ef við ætlum að fjölga kjördæmum, þá ætti að fjölga þeim hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög eðlilegt að íbúar á ákveðnum svæði, hafi svolítið um það að segja, hversu mörg kjördæmin eru og hvernig þeir vilja haga sinni kjördæmaskipan. Og ef að það er mikill vilji fyrir því að vera með mörg kjördæmi í Reykjavík, þá finnst mér að við eigum að taka tillit til þess. Og það býðir þá bara það, að þá eigum við annað hvort ekkert að setja inn í stjórnarskrá um fjölda kjördæma, eða við eigum að setja mjög víð ákvæði þar inni. Með það fyrir augum að við séum í raun og veru reiðubúin til þess að hafa samráð við viðkomandi landsvæði, og íbúa um það í hversu stórum kjördæmum þeir vilji raunverulega vera. Það fyndist mér að væri bara partur af því lýðræði sem við erum að tala hér um. Síðan hefur verið hér dálítill umræða um það að þrátt fyrir allt séu nú býsna margir þingmenn sem eru kosnir af landsbyggðinni en búi í Reykjavík. En af hverju skyldi það vera? Er það ekki af því að stjórnsýslan er hér, Alþingi er hér. Og við þessi fáu sem að erum að reyna að fara heim um helgar. Við

þekkjum hvað það þýðir, í tíma og fyrirhöfn. Það skyldi nú ekki vera að það að stjórnsýslan sé hérna í Reykjavík, ráði býsna miklu um það hvar þingmennirnir eiga heima. Ég held að við ættum aðeins að íhuga það í því ljósi þegar við erum að velta þessu fyrir okkur. En eigi að síður þá bind ég enn vonir um það að við náum að skila frá okkur einni tillögu um kosningaskipan og kjör-dæmi, því það væri mikill styrkur fyrir okkar starf. Takk.

SN

Gísli Tryggvason, gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar. Mig langar aðeins að svara nokkrum athugasemdum sem hafa komið hérna fram. Fyrst langar mig að taka undir með Þorkatli, varðandi þessa frumlegu hugmynd, að tala þingmanna og ráðherra skuli vera 63 samtals. Það sættir þá ákveðin sjónarmið sem hefur ekki tekist hingað til. Og gæti þá kannski stuðlað að því, sem að margir vilja, eins og við sum í B-nefndinni, að ráðherrar verði í ríkari mæli utanþingsmenn. En síðan aðeins um það sem að Katrín nefndi með vikuna, sko í tillögu minni til C-nefndar um fjármál stjórnmalaflokka, eða breytingartillögu, fólst nokkuð sem var kannski ekki nógu skýrt, að eftir að þessi vikufrestur væri liðinn, viku fyrir kjördag. Þá mætti hreinlega ekki styrkja stjórnmalaflokk. Ef að menn vildu styrkja stjórnmalaflokk, þá væri það í síðasta lagi viku eða einhverjum X dögum fyrir kosningar. Og þá yrði það gefið upp, þannig að kjósendur vissu það fyrirfram. Eftir það mætti ekki styrkja hann fyrr en eftir einhvern tíma þegar að næstu kosningum líður, og þetta var orðað þannig í tillögunni, að þetta væri samkvæmt nánari fyrir-mælum í lögum.

Nú Ari og Guðmundur bentu á að í orðalagi frá mér fælist að hagsmunasamtök eins og þeim, sem þeir hafa staðið í forsvari fyrir og fleiri, féllu undir þetta og það var alveg meðvitað hjá mér. Mér finnst ekkert að því að stjórnskráin áskilji að aðilar sem að fá, hvað á ég að segja, ýmist mikið fé af almanna-fé eins og Bændasamtökin eða hafa mjög sterka stöðu eins og stéttarfélag og félög atvinnurekenda, að þau einmitt séu svoltið opin hvað þetta varðar, þegar þau eru að beita sér í umdeildum þjóðfélagsmálum, án þess að hafa allavega sama lýðræðislega umboð öll og þingmenn hafa. Þannig að þetta var nú alveg meðvitað hjá mér að gera þetta svona. En það segir jú samkvæmt nánari fyrir-mælum í lögum, þannig að það yrði að útfæra þetta einhvern veginn. Ef að menn hinsvegar eru ekki sam-mála mér að slík samtök eigi að vera gagnsæ hvað fjár-mál og stjórnmalabátttöku varðar, þá er auðvitað hægt að þrengja orðalagið og ég íhugaði það en féll frá því. Það er að segja, að segja sama gildir um samtök sem stofnuð eru í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá gætu já og nei samtök vegna ESB eða þessi samtök sem stofnuð voru í tengslum við Icesave og annað svipað, þá gætu þau verið með þessa gegnsæiskrófu en ekki varanlegri samtök eins og þau sem nefnd voru. Takk.

SN

Já, þá er umræðu um tillögu C um kosningamál lokið og formaður nefndarinnar Pawel Bartoszek fær nú orðið í lokin til að bregðast við þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað. Gjörðu svo vel, Pawel.

PB

Já, formaður, takk kærlega fyrir. Ég vil þakka góða umræðu um þessi mál og ætla kannski að bregðast við örfáum atriðum en ætla nú samt að reyna að vera ekki ýkja langorður. Svo ég bara taki upp þráðinn frá þar sem Gísli sleppti honum, þá erum við kannski bara ekkert endilega sammála um hve ítarleg svona ákvæði eigi að vera í stjórnskrá. Það er að mörgu leyti, þá vildi ég kannski líta á, svona – þá er ég bara að tala fyrir mína eigin hönd en ekki nefndarinar – það er alltaf hægt reyna að taka fyrir fleiri og fleiri leka með svona hætti viku fyrir eða eitthvað svoléiðis. Stundum þarf kannski að bregðast bara við með löggjöf og að því leyti mundi ég kannski vilja hafa ákvæðin almennari en ítarlegri. Og það eru mín viðhorf og nefndin, hún fór nú þá leið að hafa þetta tiltölulega ítarlegt engu að síður. En auðvitað, þá þakka ég kærlega fyrir þá tillögu sem þú hefur sýnt og við munum halda áfram að ræða um þetta og sérstaklega í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram.

Nú, ég þakka líka þær framkomnu tillögur tvær sem hafa bortist á fundinn: annars vegar um orðalag frá Þorkeli og hlutbundna kosningu og svo um kynja-jafnrétti og hér vil ég kannski bara áréttina mína eigin persónulegu skoðun í því tilefni. Sjálfum fundist mér í prinsippinu að þessir hlutir ættu ekki að ráða því hverjir eru kjörnir þingmenn og hverjir ekki. Og ég mundi allra helst skoða það að hafa ekki slík ákvæði. Nú, ástæðan fyrir því að þetta var sett inn í nefndina á sínum tíma er sú að það er ekki hægt að tryggja það, því meira sem persónukjörið er því minna er hægt að tryggja, þrátt fyrir góðan vilja viðkomandi framboða og kjósenda, að það séu tryggð ákveðin hlutföll innan framboða ákveðins flokks sem ná kjöri og þess vegna þá var talið rétt í nefndinni að setja inn ákvæði sem myndi heimila Alþingi að setja inn einhverja þröskulda þar að lútandi. Persónulega fundist mér það í góðu lagi að heimila einstaka stjórnmalasamtökum að setja inn slík hlutföll og slíka þröskulda en ég hef miklar efasemdir um það, að það ætti að gera það með jafn bindandi hætti á öllu landinu eða sem sagt hjá öllum þingmönnum. En ég fagna þeirri tillögu sem hér hefur verið borin upp og þá höfum við í nefndinni eitthvað til umræðu, því að kannski þá voru þessi mál ekkert endilega alltaf... svona það var ekki alltaf mjög mikill þungi í þeirri umræðu í nefndinni, hefur mér þótt. En nú sé ég að margir þeirra sem eru í nefndinni hafa lagt blessun sína yfir þessa tillögu, þannig að þá höfum við eitthvað til þess að ræða um.

Nú, það eru nokkur atriði sem koma fram varðandi hlutfall bundnu þingsætanna og hlutfall fjölda þingsæta. Sumir hafa nú þegar sent inn tillögur þ.a.l., varðandi fjöldann, og ég bið aðra um að gera slíkt hið sama, hvort sem er varðandi fjöldann eða hlutfallið. Þessi mál eru auðvitað þess eðlis að hníkun í eina átt kallar náttúrulega fram á andstöðu stórs hóps og hníkun í aðra átt kallar fram á andstöðu annars hóps. Fækkun þingmanna t.d. þýðir að fjöldi hinna bundnu þingsæta lækkar, vegna þess að fjöldi allra þingsæta lækkar. En ef við náum sátt um einhverjar leiðir í þá veru, þá væri það auðvitað sjálfsagt. En við skulum þá samt hafa í huga að auðvitað er þetta... að ákveðin hug-myndafræði var t.d. bak við þess tölu, 25, en það var sá fjöldi sem í dag fámennasta kjördæmi ætti skilið að fá miðað við íbúatölu og það er sama fjöldi dreift yfir

alla. Auðvitað er það þannig að það er ekki með neinu móti hægt að tryggja það sem Katrín Fjeldsted hefur áhyggjur af, að Reykvíkingar fái ekki einfaldlega fimm þingmenn. Það getur auðvitað verið. Það er ekkert í kosningareglunum sem tryggir það. En ef við gerum landið að einu kjördæmi, þá er auðvitað ekki hægt að tryggja að neinn þingmaður komi úr Reykjavík. Þannig er þetta bara. Því meira frelsi, því meira sem við göngum í átt til þess að gefa öllum kjósendum á landsvísu, því minna er hægt, eins og má að orði komast. En ég þakka enn aftur þessa umærðu og hlakka til að takast á við þessi kynjamál og þá ítreka ég það að það er auðvitað þannig ákveðið samspil þarna á milli: því meira sem persónukjörið er, því minna er svona svigrúm til að binda ákveðna hluti, til þess að binda ákveðna lista eða ákveðna hluti sem við viljum tryggja og öfugt. En að öðru leyti, þá þakka ég kærlega framkomna umræðu og hlakka til að takast á við þetta áfram. Takk.

SN

Já, ég þakka nefnd C fyrir góðar tillögur og ráðsmönnum öllum fyrir þryðilegar umræður og geri núna fundarhlé í 15 mínútur. Takk.

3. Skýrsla og tillögur A-nefndar

SN

Þá er ráðfundi fram haldið og næst á dagskrá er skýrsla og tillögur A-nefndar: upplýsingafrelsi og frelsi fjölmiðla. Og ég ætla að biðja formann A-nefndar, Silju Báru Ómarsdóttur, að gera grein fyrir tillögunni. Gjörðu svo vel, Silja Bára.

SBÓ

Já, formaður og góðir félagar, gestir hér og heima. Þetta er sennilega önnur af þremur ferðum mínum hérna upp í pontu í dag, þannig að þið fáid nóg af mér. Við í A-nefndinni erum að kynna tillögur að greinum sem að varða upplýsingafrelsi og frelsi fjölmiðla og kynnum síðan breytingartillögu fyrir eina grein að auki á eftir. Þessa viku höfum við verið að vinna í þessum tveimur greinum og síðan byrjað að fara yfir mannréttindakaflann í heild sinni. Það á eftir að afgreiða nokkra kafla, nokkrar greinar inn í áfangaskjalið og við reiknum með að gera það í næstu viku. En þar sem það er mikið efni fyrir þessum fundi frá hinum nefndunum, þá töldum við rétt að kynna bara þessar tvær greinar og fara í afgreiðslu kaflans í heild í næstu viku. Við erum að skjóta inn núna tveimur greinum inn í mannréttindakaflann og þær verða númer 7 og 8 og aðrar greinar munu þá endurnúmerast samkvæmt því. Fyrri greinin snýr að upplýsingafrelsi og rétti almennings til að nálgast opinberar upplýsingar. Grunnhugsunin er sú, að opinber gögn skuli vera opin gögn og það teljist til frávíks að leynd hvíli á þeim og greinin er þá svohljóðandi og er númer 7: „Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum. Stjórnýsla skal vera gegnsæ, halda til haga fundargerðum sínum og gögnum, auk þess að skrásetja og skjalfesta öll erindi sem henni berast, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða. Listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera, uppruna þeirra og innihald, skal vera öllum aðgengilegur. Upplýsingar og gögn í fórum stjórnvalda skulu vera öllum tiltæk án undandrátta, nema

brýnar og rökstuddar ástæður knýi á um leynd þeirra samkvæmt lögum, svo sem við á um sjúkraskýrslur. Afhendingu gagna og birtingu þeirra má aðeins setja skorður með lögum, svo sem vegna friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana. Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og takmörkun leyndartíma.“

Þetta er ansi ítarlegt ákvæði, eins og þið heyrið, en þetta er líka vandasamt viðfangsefni. Ákvæðið er nýtt, það á sér ekki fyrirmynd í núverandi stjórnarskrá og ætlunin er að tryggja borgurum möguleikann á því að fylgjast með hvernig mál þróast og hvernig þau hljóta úrvinnslu hjá hinu opinbera. Þetta á að tryggja virkt aðhald almennings og er eðlileg þróun í samfélaginu, að okkar mati, í kjölfar hruns, að draga úr leyndarhyggju svo sem hægt er með því að tryggja opna stjórnýslu eins mikið og mögulegt er. Og með því að leggja skyldur á herðar ríkinu, að búa til, setja fram og viðhalda lista yfir öll mál innan stjórnýslunnar, er hert á frumkvæðisskyldu ríkisins við söfnun, birtingu og miðlun upplýsinga. Og listi á borð við þann sem við leggjum til hér á sér fyrirmynd í Noregi. Þar er hægt að kynna sér framsetningu og hvernig það virkar á vefnum. Vefsíðan er oep.no, ef fólk vill kíkja á það. En með listanum er almenningi í raun og veru gert ljóst hvaða gögn eru til um ákveðin og hvar þau liggja. Þetta gerir þá líka starf fjölmiðla auðveldara og markvissara. Tillagan byggist á skýrslu stjórnlaganefndar, auk þess sem innsend erindi hafa lagt mikla áherslu á þetta mál. Að auki höfum við sótt fyrirmyndir til Svíþjóðar og Finnlands en þess má geta að inntak þessara tveggja sem við erum að kynna núna er stór hluti sænsku grunnlaganna.

Þá er það seinni greinin sem að fjallar um frelsi fjölmiðla. Með henni erum við að búa til ramma utan um starfsemi frjálsra og óháðra fjölmiðla, sem hlýtur að teljast ein af grundvallarforsendum lýðræðislegrar umræðu. Greinin er svohljóðandi: „Frelsi fjölmiðla, ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og gegnsætt eignarhald skal tryggja með lögum. Vernd blaðamanna, heimildarmanna og uppljóstrara skal tryggja í lögum. Óheimilt er að rjúfa nafnleynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingar nema við meðferð sakamáls og samkvæmt dómsúrskurði.“

Þetta er nýtt ákvæði, eins og fyrri ákvæðið, og á sér ekki fyrirmynd í stjórnarskránni. Eins og í gr. 7 erum við að sækja fyrirmyndir til Norðurlandanna og tökum tillögu um vernd nafnleyndar úr tillögu stjórnlaganefndar. Við höfum bætt við ákvæði um frelsi fjölmiðla, ritstjórnarlegt sjálfstæði og gagnsætt eignarhald og það má segja að þetta ákvæði sé að vissu leyti sprottið úr hruninu (eða kannski „hinu svokallaða hruni“). Það tengist auðvitað fyrri ákvæðinu um rétt fólks til upplýsinga. Það má ætla að almenningur sækir sínar upplýsingar að miklu leyti í gegnum fjölmiðla og því mikilvægt að þeim sé skapað öruggt starfsumhverfi og að blaðamenn þurfi ekki að óttast afskipti eigenda af ritstjórnarstefnu. Vörn nafnleyndar er sótt í skýrslu stjórnlaganefndar og við höfum bætt við ákvæði um að veita megi samþykki fyrir því að aflétta nafnleynd og þá bæði af hálfu heimildarmanns og blaðamanns. Og að auki viljum við nefna bæði heimildamenn og uppljóstrara, það sem er kallað á ensku „flautuþeytari“ (eða „whistle-blower“) sem getur verið mikilvægt í

nútímasamfélagi, eins og fólk þekkir af umræðu á svona liðnu ári. Það spratt nokkur umræða um það í nefndinni hvort að þessi vernd næði til bloggsíðna og við erum því búin að setja í skýringar skilgreiningu á því hvað telst til fjölmiðla og sækjum það inn í samþykkt lög um fjölmiðla, sem eru nr. 38/2011 en skilgreiningin er sem sagt: „Fjölmiðill er hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni er lýtur ritstjórn. Til fjölmiðla teljast m.a. dagblöð og tímarit ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar.“ Þetta færi í greinargerð.

Það er rétt að benda á að staðsetning þessa ákvæðis er kannski svolítið óviss ennþá. Við höfum velt því fyrir okkur hvort þetta ætti betur heima í einhvers konar inngangskafli, þar sem að tekið er á undirstöðum stjórnsýslunnar og samfélagsins. Og 1. mgr. gæti jafnvel átt betur heima í kafli ef að fjallað væri um gegnsætt eignarhald fyrirtækja. En þar sem þetta tengist tjáningarfrelsi mjög skýrt, þá höfum við, a.m.k. að sinni, ákveðið að láta það standa hér.

[til SN: Og við ætlum að skilja að þessi tvö atriði, er það ekki, og taka umræðu um þetta núna?]

SN
Jú.

SBÓ
Þá bara vonast ég til að fá góðar athugasemdir. Rétt að nefna það í lokin að við fengum athugasemdir frá ráðsfulltrúum í gær og reyndum aðeins að snyrta textann til eftir þá fundi en gafst ekki mikið ráðrúm, þannig að breytingar og tillögur sem við fengum í gær, þar eru nóteraðar hjá okkur og mun koma til í lokavinnslnni, að taka tillit til þeirra. Þannig að afstaðan til þeirra er ekki fullmótuð. Takk fyrir.

SN
Takk. Þá er orðið laust um tillögu A-nefndar um upplýsingafrelsi og frelsi fjölmiða, gjörði svo vel. Enginn sem vill tjá sig um... Þórhildur, gjörðu svo vel.

ÞÞ
Já, mig langar aðeins að gera að umræðuefni – já, ágætu ráðsmenn og -konur og tilheyrendur – gera að umtalsefni hér frelsi fjölmiðla, sem mér þykir nokkuð skilyrðislaust og mun íhuga hvort að sé ekki hægt með einhverjum hætti að leggja fjölmiðlum líka skyldur á herðar. Silja Bára nefndi hér í kynningu sinni lýðræðislega umræðu. Ég vil líka benda á, að í skýrslu stjórnlaganefndarinnar er talað um að það megi setja skorður ef eitthvað gangi gegn... megi setja skorður í lögum og nefna þar t.d. ef þeir gangi gegn ýmsum réttindum eða mannorði, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Það má nefnilega, held ég, með góðum rökum halda því fram að það sé langt frá því, að fjölmiðlar virði lýðræði í þeim skilningi að þeir endurspegli samfélagsumræðu með réttum hætti. Og það hallar verulega á ýmsa hópa. Og ég held að með einhverjum ákvæðum um að þeir virði lýðræði eða lýðræðislega umræðu, þá geti verið hægt að sækja meiri rétt eða leggja þeim þyngri skyldur á herðar og er ég þá fyrst og fremst að hugsa um umfjöllun um kynin. Það er mjög alvarlegt hveru hallar á konur í allri fjölmiðlun á Íslandi, ekki bara í stjórnnum þeirra og hverjir

eru þar í ritstjórnnum og ráða öllu efnisvali og hverjir eru tilkallaðir eða um fjallað. Það er gríðarleg aðför oft að konum og réttindum kvenna í fjölmiðlum sem samkvæmt öllum rannsóknum, ekki bara hér á landi heldur annars staðar staðfestsa mjög íhaldssamar og staðlaðar ímyndir af konum í hlutverk sem að konur eru að reyna að gera allt til þess að yfirgefa og mér finnst ganga gegn lýðræði og lýðræðislegri umræðu, að konur þurfi að bera sífellt skarðan hlut frá borði og vera sýndar í ljósi sem er ekki í nokkru samræmi við stöðu þeirra í samfélaginu, breytta stöðu þeirra í samfélaginu, sem fjölmiðlarnir virðast gera allt sem þeir geta til þess að koma í veg fyrir að ná fram að ganga. Ég bið menn að íhuga þetta aðeins enimitt með lýðræði í huga. Takk.

SN
Andrés Magnússon, gjörðu svo vel.

AM
Kæru félagar, það væri synd að taka ekki aðeins til máls fyrst það eru svona fáir á mælendaskrá. En ég er með örstutta athugasemd fyrir þessar annars ágætu tillögur. Það er varðandi 8. gr. Mér er stundum hugsað til þess þegar dóttir mín 15 ára gömul sest við morgunverðarborðið og byrjar að lesa, að hún hefur engin tók á því að vita hvort það sem hún er að lesa sé einhver sem er að reyna að miðla henni upplýsingum eða hvort það sé einhver sem er að reyna að hafa áhrif á hana, eða sem sé heilaþvo hana (eða hvernig sem maður lítur á það). Þetta finnst mér synd og mér finnst þetta skömm gagnvart börnum, að þau vita ekki hvað eru hlutlausar upplýsingar til þess að fræða þau og hvað er áróður. Og þess vegna datt mér í hug hvort það væri hægt að lauma hér inn einni setningu: „Frelsi fjölmiðla og ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og gagnsætt eignarhald og ritstjórnarstefna skal tryggð með lögum.“ Ég hef nú kynnt þessa hugmynd fyrir A-nefndinni áður, að t.d. þegar lækningar eru að tala á þingum, þá verða þeir að gjöra svo vel að lista upp allar eigur í hlutabréfum lyfjafyrirtækja, hvort þeir hafi fengið borgað fyrir að halda einn einasta fyrirlestur fyrir 10 árum síðan o.sfrv. Og mér finnst eiginlega að þetta ætti líka að vera í öllum fjölmiðlum, svona lítill klausa, þó að það væri ekki nema linkur á heimasíðu um það hver á þennan fjölmiðil og semsé hvaða skilaboðum hann er að reyna að koma til fólks, hvað hann vill breyta hjá fólki. Þannig að ég bara spyr hvort þið getið hugsað um það hvort það væri hægt að koma þarna inn „og gagnsætt eignarhald og ritarstjórnarstefna skal tryggð með lögum“. Takk fyrir.

SN
Katrín Oddsdóttir, gjörðu svo vel.

KO
Já, kæru vinir. Ég skil vel þessar áyggjur sem Þórhildur er að tala um og kannski, svona til að svara aðeins, þá er þessi síðasta málsgrein, sem við ákváðum að taka ekki úr skýrslu stjórnlaganefnar, hún fjallar í raun og veru um þá skorður sem má setja tjáningarfrelsi því sem við viljum að frjálsir fjömiðlar hafi. Og það má alveg spyrja sig hvort þessar skorður sem þarna eru samræmist lýðræðishefðum. Þær gætu verið notaðar til alveg fortakslausrar ritstýringar á erfiðum tímum í

okkar samfélagi, þannig að þetta er alltaf einhver dans. Það sem að kannski sést ekki alveg á þessum tillögum okkar er það, að við erum í raun að reyna að koma til móts við mikið af þessum sjónarmiðum sem bæði Andrés og Þórhildur töluðu um en það er með endurbóttum aðeins á tjáningarfrelsisákvæðinu. Það kemur ekki fyrir en í næstu útgáfu. Þar höfum við t.d. sett inn, að norski fyrirmynd, ákvæði um það, að stjórnvöldum beri að tryggja vettvang til opinnar umræðu.

Hvað varðar þetta sem Andrés segir með 15 ára stelpuna sína, þá ætti það að vera þannig einhvern veginn, að með gegnsæju eignarhaldi plús góðu uppeldi fái hún réttu upplýsingar. Þ.e.a.s. að þú getir vitað að eitthvað blað – ég nefni engin nöfn – og þú getur sagt við hana: „Heyrðu, elskan, þegar þú lest þetta, þá lestu þetta með þessum og þessum formerkjum.“ Af því að ég held nefnilega að þó við myndum setja inn ritstjórnarstefnu eða eitthvað þannig, þá myndi enginn fjölmiðill koma fram og segja: „Já, okkar ritstjórnarstefna er klámvæðing, froðusnakk og myndir af ógeðslegum dýrum með mörg höfuð.“ Þú veist, þeir myndu ekki segja það. Þeir myndu segja: „Afbreyting og upplýsingar“ eða eitthvað og það mundi ekki breyta neinu máli, skilurðu. Það mundi enginn gangast við því að vera að fylla public space af einhverjum drasli en samt eru flestir fjölmiðlar að því, því miður. Þannig að það sem við erum að reyna að gera er að kannski – fyrirgefðu, Illugi – við erum að reyna að búa til... vernda eitt í einu. Við ætlum með tjáningarfrelsinu að reyna líka að setja fram skilyrði um það, að það eigi að vera einhver vettvangur sem ríkið tryggi að sé opin, aðgengilegur og eins hlutlaus og hægt er í mannlegu samfélagi. Og þar vonandi kemur þetta mótvægi. En þarna erum við bara að hugsa um að það sé ekki hægt að skipa fjölmiðlum fyrir eða að það sé ekki hægt að eiga þá og nota þá sem áróðurstæki án þess að a.m.k. það sé þá algjörlega borðleggjandi. Og það er eins langt og við höfum þorað að ganga núna en þetta eru a.m.k. samt góðar athugasemdir og auðvitað viljum við gera allt sem við getum án þess að reyna að gera hið ómögulega, sem er að segja: „Flytjið hlutlausar og góðar fréttir og ekkert annað. Ekki vera ömurleg!“ Við náum því kannski ekki alveg í þessari umferð. En takk.

SN

Eiríkur Bergmann Einarsson, gjörðu svo vel.

EBE

Já, kærur félagar, takk kærlega fyrir þetta. Það er mjög mikilvægt að setja þessi ákvæði í stjórnarskrá. En ég er svolítið hugsi yfir hversu langt er gengið í 7. gr um upplýsingafrelsið og spyr mig hvort að það sé verið að búa til einhvers konar skrifræðisskrýmsli sem eigi að halda til haga öllu sem að fleygt er og sagt er í tengslum við stjórnsýsluna. Þannig að ég átta mig ekki mig alveg nákvæmlega á því. Það stendur hérna „skjalfest“, að „stjórnsýslu beri að skjalfesta öll erindi sem að henni berast, uppruna ferli og afdrif“ og það megi aldrei eyða slíkum gögnum. Mér finnst þetta svona eiginlega kannski fulllangt gengið geti eða það geti verið það, nema mér verður sýnt fram á annað og að „listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera, uppruna þeirra og innihald, skal vera öllum aðgengilegur“. „Öll mál“ þarna finnst mér líka kannski svolítið langt gengið. Það er náttúrulega alls konar erindi sem berast

sem að engin ástæða er til þess að halda til haga. Svo í 8. gr., um frelsi fjölmiðla, þá er ennþá þetta sem við ræddum fyrir viku, þessi setning, „óheimilt er að rjúfa nafnleynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingarnar nema um meðferð sakamáls og samkvæmt dómsúrskurði“. Þýðir þetta það að t.a.m. blaðamanni sé óheimilt að rjúfa nafnleynd eða hverjum er óheimilt að rjúfa nafnleynd? Er það bara stjórnvaldinu sem verður bannað að rjúfa nafnleynd sem að blaðamaður heldur í heiðri eða hvernig snýr þetta? Er hugsanlega hægt að sklija þetta með þessum fortakslausa hætti? Ég bara svona spyr um það. Ég er þínku hugsi yfir þessu.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir, gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já, ágæta ráðsfolk. Þarna í þessari grein, þessara orða sem ég vitnaði til í skýrslu stjórnlaganefndar, þá stendur þar auðvitað að megi setja skorður með lögum í þágu þess eða hins. Og ég er bara að varpa því fram hvort það er þá ekki með einhverjum hætti hægt að koma einhverjum af þessum orðum, sem þarna eru notuð, inn í skyldur sem að fjölmiðlar hafi, sérstaklega þetta að það samrýmist lýðræðishefðum. Og ég ætla að minna á tillöguna hans Andrésar, sem ég hef nú ekki hér á hraðbergi og man ekki orðrétt. En breytingartillagan sem hann flutti varðandi lífsskoðunarfélag, þar sem sett voru einhver... kom hann með breytingartillögu um einhver skilyrði sem þau yrðu að uppfylla, sem ég man bara því miður að tiltaka núna orðrétt. En það var nú eitthvað um virðingu og lýðræði og annað slíkt, ef ég man rétt. [úr sal: umburðarlyndi ...] Eitthvað svoleiðis, já. En þó það komi svo... Við náttúrulega höfum ekkert með tjáningarfrelsið en ég vil bara ítreka er mjög alvarlegt mál, því að þetta eru svo mótandi aðilar í okkar samfélagi. Það er ekki tilviljun að þetta er oft kallað fjórða valdlið og það skiptir gríðarlegu máli, að þeim séu lagðar skyldur á herðar, t.d. með það að virða lýðræði og standa ekki gegn eðilegri lýðræðis- og mannréttindaþróun.

SN

Dögg Harðardóttir, gjörðu svo vel

DH

Formaður og ágætu ráðsfulltrúar og aðrir sem á mig hlýða. Mig langar aðeins að byrja á því að svara Andrési. Þetta með frelsi fjölmiðla og ritstjórnarlegt sjálfstæði. Þetta með ritstjórnarlega sjálfstæðið kom inn hjá okkur á síðari stigum til þess að vernda í rauninni ritstjóra og þá sem stýra blöðunum fyrir eigendum þeirra. Ef eigendurnir ákveða allt í einu að nú megi ekki fjalla um eitthvað ákveðið mál, þá er ritstjórnarlegt sjálfstæði það sem fjölmiðlarnir hafa. Og ég held að það beri nú kannski ekkert svo mikið á milli þess sem Andrés er að tala um og okkar hugsunar á bak við þetta. Það sem Eiríkur nefndi með vernd blaðamanna, heimildarmann og uppljóstrara: Hugsun okkar er að vernda t.d. heimildarmenn. Ef þeir njóta ekki verndar, hvað þýðir það í rauninni ef það á að koma upp um eitthvað óheimillegt eða eitthvað sem ekki fær staðist og menn þora ekki að koma fram undir nafni? Hugsunin á bak við þetta er sem sagt sú, að mönnum sé hjálpað til þess að koma fram með upplýsingar sem

eiga ekki að vera leynilegar, sem þurfa og eiga koma fram í dagsljósið, að þeir geti ekki falið sig, þær upplýsingar þeir menn eða hverjir sem eiga í hlut, þeir geta ekki í rauninni starfað í skjóli þess, að það þori enginn að koma upp um þá. Þannig að það skiptir máli að vernda þá. Og svo var annað sem Eiríkur nefndi: listi yfir öll mál gögn í vörslu hins opinbera. Illugi veit nú sjálfsagt meira um þetta og aðrir sem hafa verið að afla gagna í vörslu hins opinbera. Mér skilst ef blaðamaður eða fjölmiðlamaður óskar eftir upplýsingum í vörslu hins opinbera og hann veit ekki nákvæmlega hversu mikið er til um þann málaflokk, þá tekur það alveg óratíma að afla þessara upplýsinga vegna þess að það liggur ekki fyrir bara einhver einn ákveðinn listi. Hann þarf að vita nákvæmlega upp á hárlit um hvað hann á að biðja. Hann getur ekki fengið yfirlit yfir hvað er til um þessa hluti og þ.a.l. er það ekki aðgengilegt. Ég held að ég segi ekki meira um þetta í bili.

SN

Pawel Bartoszek, gjörðu svo vel.

PB

Já, kærur vinir. Ég hef nú oft verið þeirrar skoðunar, að það væri heppilegra að kannski breyta lögum en ekki endilega að ná í gegn lagabreytingum í gegnum stjórnarskrárbreytingar. En ég hygg nú að ég sé kannski ekki í meirihluta hvað þá skoðun mína varðar hér í ráðinu. Míg langar engu að síður að beina því til þeirra sem hafa lagt fram þessa tillögu hvort þeir hafi í hugarlund hvaða séu lagabreytingar séu nauðsynlegar til þess að þau lög sem við höfum í dag standist þessi ákvæði og hvaða tilkostnað annan hið opinbera þarf að fara út í til þess að geta staðið straum af þessum kröfum sem lagt er upp með eða hvort við höfum kannski ekki... Það getur auðvitað verið að það sé erfitt að komast að því fyrirfram en þá er það bara svarið. Nú, það segir „upplýsingar og gögn í förum stjórnvalda“ og ég hef nú í mínum störfum stundum líka þurft að afla hjá hinu opinbera og oft er það einmitt þannig að sum gögn eru til í stórum gagnagrunnum, þar sem það tekur kannski einfaldlega tíma fyrir opinberan starfsmann að afla þeirra. Og það kemur ekkert án kostnaðar. Það þegar t.d. einhver leggur fram fyrirspurn til Fasteignaskrár hvað eru margar íbúðir sem uppfylla þetta og þetta skilyrði og voru keyptar á þessum og þessum tíma, þá þarf einhver starfsmaður að taka þær upplýsingar til sín, vinna úr þeim og skila. Þannig að það er ekkert eins og það geti alltaf verið ókeypis. Og þá velti ég fyrir mér hvort þið í nefndinni hafið þá hugmynd um að þetta feli í sér skyldu hins opinbera til að svara alltaf fyrirspurnum á borð við þessa og þá að slíkt svar geti ekki kallað á beiðni um að greitt sé fyrir slíka fyrirspurn, eins og þá sem ég lagði hér upp með. En þetta er svona meginspurningin sem ég ætla að bera upp.

SN

Illugi Jökulsson, gjörðu svo vel.

IJ

Já, kærur félagar. Svo ég svari nú þessari síðustu spurningu Pawels strax, þá lítum við ekki svo á, að það sé eitthvað í okkar tillögu sem beinlínis banni það, að það sé tekin greiðsla fyrir einhverjar upplýsingar sem menn óska eftir frá ríkinu. Við sjáum ekki betur en að

það standi alveg opið. En að öðru leyti, í tilefni af því sem bæði Pawel og Eiríkur sögðu og höfðu áhyggjur af því, að þetta yrði kannski umfangsmikið starf hjá ríkinu að sjá um að veita þessar upplýsingar, þá kann vel að vera svo. En það hefur hingað til verið mikið vandamál á Íslandi hversu erfitt hefur verið að sviða upplýsingar út úr íslenska ríkinu og það hefur gengið þeim mun verr eftir því sem þær eru viðkvæmari. Þannig að ég held og við í nefndinni teljum að það sé best að ganga dálítið langt í því að beinlínis skipa ríkinu að gæta þessara upplýsinga og að hafa þær aðgengilegar og það sé betra að ganga lengra heldur en skemmra. Nú, í sambandi við athugasemd Eiríks Bergmanns um fjölmiðlafrelsi, þá lítum við svo á, að þar sem segir að óheimilt sé að rjúfa nafnmynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingar nema við meðferð sakamáls, þá lítum við nú svo á, að sá sem veitir upplýsingar, það fæli í sér blaðamanninn sjálfan en við munum athuga þetta vandlega, þetta orðalag. Við höfum reyndar borið þetta undir alls konar stórkonanónur í blaðamennsku og þeir hafa ekki gert athugasemd við þetta orðalag, þannig að við setjum þetta svona fram til kynningar en munum svo næstu vikuna kanna þetta nákvæmlega. Varðandi ábyggjur Þórhildar af því að þarna sé ekki kveðið á um skyldur fjölmiðla eða að gæta jafnréttis, þá litum við nú svo á, að ýmis önnur ákvæði dekkjuðu það. Við munum svo, eftir sem áður, athuga það vandlega þessa næstu viku sem við höfum áður en þetta verður lagt fram til afgreiðslu. Takk fyrir.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson, gjörðu svo vel.

VP

Já, formaður og góðir fulltrúar. Ég ætlaði að tala annars vegar um um fjölmiðlana og hins vegar um þessi opnu gögn. Ég held að það sé að breytast, eðli fjölmiðilunar; það sem áður var, að það væru örfá dagsblöð og síðan kannski útvarpsstöðvar og sjónvarpsstöðvar, sem að svona almennt talað dreifðu upplýsingum til lýðsins, ég held að sá tími sé að líða og ég sé nú mín börn, sem eru nýkomin á fullorðinsaldur, ég efast um að þau eigi eftir að gerast áskrifendur að dagblaði á sinni ævi og þau eiga ekki sjónvarpstæki. Ég er ekki viss um að þau muni kaupa nokkurn tímann á ævinni sjónvarpstæki. Það sem er að koma í staðinn er miklu fjölbreytilegri flóra af upplýsingamiðlun sem að gerist að mestu leyti á internetinu með alls kyns hætti. Þannig að ég held að uppsprettur upplýsinga og ritstjórnarefnis og neysla upplýsinga og ritstjórnarefnis verði bara miklu fjölbreytari í framtíðinni heldur en hún hefur verið. Þetta hefur jákvæðar og neikvæðar afleiðingar en ein af þeim jákvæðu er að þetta mikla dagksrár- og ritstjórnarvald, sem stórir fjölmiðlar höfðu, ég held að það sé á undanhaldi og það sé nú að mörgu leyti sem betur fer. En það leggur líka hugsanlega meiri skyldur á fólk bera sig svolítið sjálft eftir björginni að afla sér upplýsinga og mynda sér upplýstar skoðanir. Og þá komum við að hinni hliðinni á peningnum, sem er að lýðræði framtíðarinnar getur verið í reynd miklu opnara en það sem hefur verið áður, í því formi að stjórnsýsla sé með sín gögn meira og minna opin, upplýsingar um fjármuni sem að ríkið ráðstafar, upplýsingar um starfsemi stofnana, alls kyns opinber opinber gögn – það er safnað nú þegar í dag gríðarlega mikið af þessum gögnum, þau

eru geymd og það er, held ég, mjög lýðræðisaukandi að þessi gögn séu aðgengileg almenningi í gegnum net og vef. Og ég held að það muni byggjast upp fjölmiðlar eða litlir aðilar, jafnvel ólaunaðir úti í bæ, sem að skemmta sér við að vinna úr þessum gögnum og eima upp úr þeim athyglisverðar staðreyndir fyrir aðra að melta og vinna með og byggja á. Þannig að ég held að þetta sé grundvallaratriði í lýðræði sem við erum að fjalla um þetta og styð þetta eindregið, sérstaklega þetta með opnu gögnin og upplýsingarnar. Og ég held að með þessu, þá minnki líka að vissu leyti þörfin fyrir beint lýðræði að því leyti að fólk mun hafa mun betri aðgang að upplýsingum og með þeim tillögum sem við vorum að ræða hérna fyrir í dag um kosningakerfi, þá mun fólk geta haft miklu beinni og hreinni aðkomu að fulltrúarlýðræðinu með betri upplýsingum, þannig að ég held að þetta sé sú átt sem við eigum að vera að þróast í. Og semsagt ég endurtek það að ég fagna þessum tillögum. Takk.

SN
Ómar Ragnarsson, gjörðu svo vel.

ÓR
Já, formaður og góðir hálsar. Ég held að þó að einhverjum finnist að þetta sé dálítið altækt, að öll gögn skuli vera opin og hægt að veita þau og þá á þeim forsendum að allt muni drukna í nýju skrifræði, þ.e.a.s. að fólk er á fullu í ráuneytum og stofnunum að vinna að því að afla gagna eða afhenda gögn og vinna alls konar upplýsingar sem tekur mikinn tíma og fyrirhöfn og maður hefur svosem séð á þingi einstaka þingmann misnota algjörlega fyrirspurnakröfuna, vera að spyrja um hluti sem hann gat ósköp vel aflað sér sjálfur og maður áttar sig þá á því, að það virðist vera sem svo, að viðkomandi þingmaður hafi bara gert þetta til að auglýsa sjálfan sig, að þrátt fyrir þessar mótbárur held ég reyndar að stjórnkerfi eigi að geta lagað sig að þessu á tölvuöld og tækniöld og nefni bara sem dæmi fyrirtæki eða stofnun sem ég vann hjá áður – það hét stofnun og heitir fyrirtæki núna – Ríkisútvarpið: Það þótti vodafone mikil frekja hjá fólk að fá upplýsingar um myndir og fá jafnvel aðgang að myndum sem kannski varðaði þeirra nánustu og mikilsverð atriði fyrir þau persónulega en síðan áttaði þessi stofnun sig á því og seinna fyrirtæki, að það var vel hægt að gera þetta og fá þá peninga fyrir. Þannig að nú er sértök deild upp í sjónvarpi sem sér um þessar þarfir borgaranna. Og þá komum við enn að þessu: embætti er ambátt. Þetta opinbera kerfi á að þjóna fólk, ekki öfugt. Alþingismenn eiga að þjóna fólkinu, ekki öfugt. Og mikið væri nú gaman ef þetta gæti orðið eins og í Sviss, þar sem þingmenn telja sig vera þjóna þjóðarinnar en ekki öfugt.

SN
Katrín Oddsdóttir er næst á mælendaskrá og ég loka mælendaskrá þegar hún hefur lokið máli sínu. Gjörðu svo vel.

KO
Freistandi að segja bara eitt orð og hætta til þess að enginn náí að komast á mælendaskrá!
Í sambandi við þessar kostnaðarpælingar, sem þið eruð að tala um, þá getur vel verið að það verði eitt-

hvað dýrara í byrjun þegar þarf að koma upp þessum lista. En framtíðardraumurinn er sá, að þar verði gögnin aðgengileg. Þannig að í staðinn fyrir að við séum einmitt að borga einhverri skrifstofumannneskju til að finna einhver gögn í Fasteignaskrá, þá getum við það sjálf og þannig verður þetta auðvitað miklu ódýrara. Ef gögn eru á annað borð til og við eigum þau á annað borð, af hverju eigum við þá ekki að geta náð í þau sjálf og borið sjálf þannig tíma og kostnað við það? Ég held að einmitt með tímanum, þá muni þetta verða ódýrara fyrir alla, ríkið og almenning, vegna þess að við munum líka spara á þeirri lýðræðisumbót, sem felst í opnu samfélagi. Það mun veita það mikið aðhald, að fólk mun ekki taka jafn slæmar ákvarðanir, held ég. Og einmitt vegna þessarar þróunar sem Villi rakti hérna áðan, að kannski er fjölmiðlun framtíðarinnar bara við sjálf, þá er þess mikilvægara að við komum þessu opna upplýsingasamfélagi í gang sem fyrst vegna þess að þá getum við búið til þetta; það verða ekki einhverjir örfáir sem hafa einhvern veginn burði til þess að ná í þessar almennu opinberu upplýsingar, sem ég ítreka að við eigum. Ef einhver opinber stofnun eins og Fasteignaskrá er búin að safna einhverjum upplýsingum, þá eigum við þær og við eigum að geta fengið þær. Punktur. Það verður kannski dýrt í byrjun en svo verður það ódýrt til lengdar, þannig að ég held að þetta sé bara frábært. Takk.

SN
Þar með er mælendaskrá lokað. En Gísli Tryggvason er næstur á mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

GT
Já, formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Það voru samtök úti í bæ um daginn sem að héldu því fram, að aðilar í ráðinu mættu ekki tjá sig eða taka þátt í umræðu sem að varðaði hagsmunum þeirra. Þannig að kannski ætti ég að þegja. Sem embættismaður ætti ég kannski að teljast vanhæfur. En ég svaraði þessu nú svoléiðis, að það þarf að varða verulega og sérstaka hagsmunum fólks, þannig að stjórnskipulegt vanhæfi á nú ekki við, að mínu mati, í svona máli. En ég held nú að þetta sé það sem koma skal og ég held að þetta sé alveg gerlegt að halda svona utan um fyrir flestar stofnanir og stjórnsýsla og stjórnvöld þýðir þá væntanlega líka sveitarstjórnir. En ef það á að skilja erindi rúmt sem kannski munnlegt erindi, þá held ég kannski að þetta geti orðið svolítið umfangsmikið. Þannig að það mætti kannski skýra í greinargerð hvort að símtal til opinberrar stofnunar teljist erindi í þessum skilningi, þannig að það beri að skrásetja öll símtöl, efni þeirra o.s.frv. Alla vegna í mínu starfi lít ég á erindi, hvort sem þau berast með bréfpósti, tölvupósti eða símleiðis eða á fundi, ég geri engan greinarmun á formi þar. Varðandi 2. mgr., að listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera skuli vera öllum aðgengilegur, þá kannski held ég að það væri þörf á fyrirvara, eins og í 3. mgr., þ.e.a.s. að það sé, væntanlega eins og allir skilja, heimilt að undanskilja nafn sendanda erindis ef að efnisástæður eru til, t.d. ef að Samkeppniseftirlitið fær erindi frá eiginlega flautuþeytara um samkeppnisbrot eða talsmaður neytenda fær erindi frá neytanda sem á ekki að hengja út fyrir að benda á einhverjar misfellur, að þá held ég að verði að vera tryggt, að listinn megi vera nafnlaus ef svo má segja, þar sem rök

standa, alla vegar þegar einstaklingar eiga í hlut, síður lögaðilar. Það var nú bara þessi smávægilega ábending en ég þekki þetta frá kollegium mínum í Noregi, að þetta gefst mjög vel, hafa svona journal yfir innsend erindi og mál í vinnslu, vegna þess að þá geta blaðamenn einmitt spurt um mál sem þeim finnst áhugaverð og upplýst almenning. Takk.

SN
Þorvaldur Gylfason, gjörðu svo vel.

ÞG
Já, formaður, virðulegu ráðsfulltrúar. Sænska stjórnarskráin er í fjórum hlutum. Einn hlutanna fjallar um upplýsingafrelsi, annar fjallar um frelsi fjölmiðla. Með öðrum orðum: Helmingurinn af stjórnarskrá Svíþjóðar fjallar um þau efni sem þessum tveim nýju greinum í okkar tillögum er falið að fjalla um. Við höfum leitað fyrirmynda víða en þó einkum hjá Svíum í ljósi þess sögulega forystuhlutverks sem þeir hafa gengt í upplýsingafrelismálum og fjölmiðlafrelismálum. Partur af ástæðunni til þess að Ísland hrundi var hræddir blaðamenn. Þess vegna teljum við rétt að kveða á í stjórnarskrá um vernd blaðamanna og einnig um vernd heimildarmanna þeirra og uppljóstrara, sem ég kysi heldur, eins og sumir félagar minna hér, að kalla flautuþeytara. Okkur er dauðans alvara með þessum greinum. Við teljum að breytingar á lögum sem af þeim leiðir myndu kalla á gagnger umskipti í upplýsingamálum og í fjölmiðlamálum. Mig langar að gefa ykkur dæmi: Hugsum okkur blaðamann sem óskar eftir upplýsingum um ferðakostnað ráðherra eða embættismanns. Slíkum upplýsingum hefur aldrei verið veitt til blaðamanna nema í harðbakka hafi slegið hér heima. Óskum um slíkar upplýsingar hefur yfirleitt verið vísað á bug. Ákvæðið sem við mælum með í stjórnarskrá myndi gera það nánast sjálfvirk að slíkar upplýsingar lægju frammi, líkt og þær hafa gert um langt árabil í Svíþjóð t.d. og annars staðar á Norðurlöndunum. Nærri má geta hvort slík breyting myndi ekki auka aðhald, aga á útlátum ríkisins til ferðalaga embættismanna og ráðherra. Það segir sig sjáft. Tökum annað dæmi: Hugsum okkur að embættismaður eða ráðherra hafi spurnir af því, að blaðamaður hafi í skjóli nafnleyndar óskað eftir upplýsingum um ferðakostnað ráðherrans eða embættismannsins. Ef ráðherrann eða embættismaðurinn spyrst fyrir um það, hver hann hafi verið, þessi blaðamaður, þá er hann skv. tillögum okkar að þessu nýja ákvæði orðinn brotlegur við stjórnarskrána, líkt og verið hefur í Svíþjóð um langt árabil. Þannig að þið sjáið að þetta eru gagngerar breytingar en gera þó ekki meira en að lyfta okkur upp á það stig þar sem frændum okkar á Norðurlöndum hefur þótt sjálfsgat að halda sig um langt árabil. Okkar greinum er líka ætlað að draga úr hættunni á þöggun. Og þöggun hefur verið landlæg meinsemd í okkar þjóðfélagi, átti m.a. sinn þátt í hruninu, að minni hyggu. Með því að stórbæta allan starfsaðbúnað blaðamanna og þeirra sem veita blaðamönnum upplýsingar erum við að reyna að stuðla að minni þöggun. Ég tel að þessar greinar báðar, þótt þær séu miklu styttri heldur en þessi helmingur af stjórnarskrá Svíþjóðar sem fjallar um sömu mál, geti orðið landinu til mikillar blessunar, ef tillögur okkar ná fram að ganga.

SN
Þórhildur Þorleifsdóttir, gjörðu svo vel.

ÞÞ
Já, takk. Ágætu ráðskonur og -karlar. Ég vil nú leiðrétta þann misskilning, sem ég hér hefur komið fram um að ég hafi verið að fara fram á að í stjórnarskránni yrðu í þessari 8. gr., sem hér er sett á blað, eitthvað um ákvæði um jafnrétti. Það hef ég ekki gert. Ég hef einungis reynt að reifa það hvort það væru skyldur orðaáðar við mannréttindi og lýðræði sem að fjölmiðlum væru lagðar á herðar. Þó það mætti ábyggilega tala langt mál um það. Ég væri alveg til í að tala langt mál um að það ætti að kveða miklu fastar að orði og ég beini því bara til t.d. Andrésar ekki spurningu, heldur til íhugunar, sem hefur áhyggjur af því hvort að 15 ára dóttir hans er að lesa áróður eða upplýsingar, hvort hann hafi ekki líka áhyggjur af því hvaða mynd dóttir hans fái af því hvaða framtíð bíði hennar hver muni verða hennar staða í framtíðinni. Að vísu mun hún eiginlega ekkert sjá um það í fjölmiðlum vegna þess að það er ekkert um það eða það heyrir til undanþekninga. Hún fær fyrst og fremst þau skilaboð, að hún sé meira og minna ósýnileg, nema ef hún er svo sýnileg í þeim skilningi að hún sé án fata, þá á hún líklega greiðan aðgang að fjölmiðlum. Ég minni á að við erum að hugsa um að byrja stjórnarskrána eitthvað með þeim orðum, að sérhver manneskja eigi rétt á að lifa [í] virðingu og reisu. Ég er nú eiginlega bara að fara fram á að fjölmiðlum verði lagðar einhverjar slíkar skyldur á herðar. Hér liggur fyrir breytingartillaga um jafnræðisreglu og nú ætla ég ekki að fara að gera það að umræðuefni hvort að það byrjar [á] „allir eru jafnir fyrir lögum“ eða „öll erum við jöfn“, heldur þar stendur „njóta mannréttinda án nokkurs manngreinarálits“. Síðan byrjar upptalningin: „svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar“ o.s.frv. o.s.frv. Og þetta endar á „konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna“. Það hlýtur að vera hægt að orða það með einhverjum hætti að þessa grein, sem við ætlum að fara að setja inn í stjórnarskrá, beri fjölmiðlum að virða. Takk.

SN
Nú, þá er lokið umræðu um tillögu A-nefndar um upplýsingafrelsi og frelsi fjölmiðla og ég gef formanni nefndarinnar, Silju Báru Ómarsdóttur, um umræðuna sem hér hefur átt sér stað. Gjörðu svo vel.

SBÓ
Já, takk fyrir og ég þakka þessa fínu umræðu. Bara svona í stuttu máli, ég held að þessar hugmyndir sem Þórhildur nefndi séu mjög góðar og bara þakka þá brýningu sem að kom þarna. Það er ekki bara hið opinbera sem þarf að hafa skyldur til að stuðla að lýðræðislegri umræðu, heldur einmitt fjölmiðlarnir líka og mikilvægt að hugsa þetta. Og það er alltaf... betur sjá augu en auga, þannig að ég þakka bara fyrir þetta. Og kannski einhverjar meginreglur sem við getum orðað í texta, sem að kæmu hérna inn. Athugasemd Andrésar fannst mér líka gagnleg en þetta er svona kannski, þegar við erum að horfa á eina og eina grein, þá sér maður ekki samhengið. En alla vega fyrir mína parta, þá var hugmyndin með því að nefna gagnrýna hugsun í menntagreininni að þar myndum við kenna fólki í skólunum að leggja mat á þær upplýsingar sem

Það fær í hendurnar og vonandi munum við sjá það, að næsta kynslóð fái þessa þjálfun geti metið upp- lýsingarnar. Og eins þá á eignarhaldið að vera sýnilegt. Þannig að maður vonar að fólk sjái, þegar það er að lesa í fjölmiðlum, hvort það er auglýsing eða ekki. En það er auðvitað farið að dulbúa þær ansi mikið, eins og er hægt að skoða á vefsíðum: Einhvern tímann sá ég mynd af Jóhönnu Sigurðardóttur og þá kom svona ör á jakkann. Svo sagði á ensku „get the look“ og þá var linkur á vefsíðu sem seldi svipaðan jakka. Þannig það er alltaf... Hvar eru þessi mörk? Og það er mikilvægt að við kennum hvert öðru að læra að finna þau og lesa. Eiríkur kom með efasemdir um umfang... hversu langt þessar tillögur gengju. Mér heyrðust aðrir í A-nefnd hafa svarað honum ágætlega en það er auðvitað eitthvað sem við þurfum að skoða bara hvort við erum að ganga lengra heldur en þröf krefur og reynum að gera það ekki.

Pawel spurði um mögulegan kostnað. Þetta er eitthvað sem ég held að kannski komi meira inn í vinnu við greinargerð þegar við förum að setja einhverjar nánari útfærslur á því. Auðvitað er kostnaður, eins og Kata sagði, en við svona vonumst til að hann verði minni þegar fram líður. En mín tilfinning [og] mín viðbrögð: Við erum sett héra til þess að horfa á kerfið að utan.

Íris Lind benti mér á greinargerð með frumvarpi til upplýsingalaga. Þar er talað um að ríkið sé ekki þannig stutt að það geti gert þetta núna. En með því að horfa á kerfið utan frá, þá erum að við að reyna að átta okkur á hvernig getum við bætt lýðræðið. Ekki hversu gott lýðræði getum við haft í núverandi kerfi? Þannig að ég held að það sé mikilvægt að hugsa þetta ekki bara út frá kostnaði, heldur út frá lýðræðinu og get ekki ímyndað annað en að það fylgi því töluverður kostnaður að breyta t.d. um kosningakerfi. En það er ekki eitthvað sem við erum að spá þegar við horfum á það, heldur hverjar eru lýðræðislegu afleiðinarnar af því. Villi og Ómar heyrðust mér nú taka almennt bara vel í þessar tillögur og aðrir sem tóku til máls voru í nefndinni og súmmeruðu aðeins okkar umræður og hugmynd. Þannig að ég bara þakka fyrir þetta. Þessar tillögur komu fram á netið núna í dag og það er strax byrjað að ræða þær á heimasíðunni okkar, sem er alveg frábært. Og þetta er áhugamál margra úti í samfélaginu hvernig er hægt að tryggja að gögn frá hinu opinbera séu opin, eins og Villi nefndi. Ef við fáum þetta inn, að þá séum við að efla bæði þessa tæknilegu hlið og sé fyrir mér að þessir hópar, sem að vilja stuðla að svona kerfi, að þeir myndu líka leggja sitt af mörku- um og aðstoða við það að búa til gott kerfi sem gerði okkur kleift að hafa eftirlit með hinu opinbera. Þannig að ég þakka bara fyrir finar umræður. Við tókum þetta allt með okkur inn í lokayfirferð á þessum tillögum í næstu viku. Takk fyrir.

SN

Þá er komið að tillögu A-nefndar um málfræðilegt kyn og aftur formaður A-nefndar, Silja Bára Ómarsdóttir, sem gerir grein fyrir þeirri tillögu. Gjörðu svo vel, Silja Bára.

SBÓ

Já, kærur félagar, enn og einu sinni. Við í A-nefnd- inni erum að leggja fram, bara til umræðu og kyn- ningar, nýja útfærslu á jafnræðisreglunni. Við erum

aðeins búin að pota í efnið en þetta er ekki sú efnis- lega breyting sem við höfum verið að skoða, heldur formbreyting. Og við erum að reyna að stýra framhjá málfræðilegu karlkyni í textanum. Þetta er engu að síður meira en málfræðileg tillaga því að með þessu verður ákveðin breyting og eiginlega eðlisbreyting á texta stjórnarskrárinnar, þessara grunnlaga sem að hefur fram til þessa komið að ofan eða utan til fólksins en við erum að reyna að snúa þessu við, þannig að textinn sé frá fólkinu til þess sjálfs. Og tillagan, eins og hún hljómar, þá – við erum búin að fara í gegnum þetta – er: „Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, litarháttar, skoðana, stjórnmalatengsla, trúarbragða, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.“ Þarna eru ýmsar tillögur í gangi um breytingu á upptalningunni og umfangi hennar sem að við eigum eftir að afgreiða, bara svo það sé alveg á hreinu. 2. mgr. er þá áfram óbreytt: „Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“ Þessi orðalagsbreyting skilar tvöföldum ávinningi: Annars vegar erum við að fara framhjá þessu kynjaða orðalagi en stjórnarskráin er, eins og mikill eða jafnvel allur opinber texti, skrifuð í karlkyni og virðist vera skrifuð með karla í huga frekar en konur og var það kannski svona upphaflega og enn eimir eftir af því í opinberum texta. En við erum ekki að ganga svo langt, að leggja til að skipta karlkynsorðum út fyrir kvenskynsorð, heldur hreinlega að færa hluta textans í 1. persónu: Við tölum um „okkur“ frekar en „þá“ eða „hina“. Og hinn ávinningurinn sem fylgir af þessu er eitthvað sem kom okkur skemmtilega á óvart, það er að með því að færa textann í 1. persónu, þá breytist sjónarhornið. Þannig að í stað þess að vera eins og valdboð að ofan, þá er stjórnarskrárgjafinn kominn í samræðu á jafnræðis- grundvelli og þjóðin er sjálf að setja þessa stjórnarskrá. Með 1. persónu fleirtölu og hvorugkyni staðsetjum við okkur sjálf, fólkið eða þjóðina, sem stjórnarskrárgjafa í skjalinu og bindumst sáttmála um það í hvernig samfélagi við ætlum að búa. Og það er í raun og veru svona meirihlutinn sem ég hef um þetta að segja um þetta ákvæði. Við erum búin að skrifa 10 greinar í þessum anda. Ef fólk vill kíkja á þær og gefa okkur endurgjöf þá er það vel þegið. En við höfum verið aðeins að velta því fyrir okkur hvort að mannréttindaákvæðin séu kannski öðru vísi orðuð heldur en afgangur textans og þetta orðalag ætti ekki heima þar á sama hátt. Þannig að kannski er þetta eitthvað sem við ættum að hugsa bara í þessum kafla. Kannski er þetta eitthvað sem við ættum að skoða í jafnræðisreglunni eða í inngangi, inngangsgrein, 1. gr. Og ég bara óska eftir umræðu um þetta, hvort fólk hafi sterkar skoðanir með eða á móti og hvort þessi annars vegar breyting á kyninu og hins vegar breyting á persónu ætti að verða að einhverri meginreglu. En mín persónulega von er að við getum gert á þennan hátt það sýnilegt í okkar frumvarpi að fólkið sé uppspretta valdsins og það innifeli bæði karla og konur. Takk fyrir.

SN

Takk, Silja Bára, fyrir kynningu á tillögu A-nefndar um breytt málfræðilegt kyn og orðið er laust um tillöguna. Gísli Tryggvason, gjörðu svo vel.

GT

Já, formaður, góðir félagar. Ég vil nú bara segja að mér finnst þetta frábær hugmynd og ég held að við ættum að gera þetta svona og ekki ganga lengra. Ég held að þetta henti ekki eins vel, eins og við fórum yfir á nefndarfundum, í öðrum ákvæðum og það má segja, að jafnræðisreglan sé svona þvert á hinar eða svona láréttari eða hvað á að segja og hafi almennara gildi heldur en einstök mannréttindaákvæði. Þannig að mér finnst fara mjög vel á þessu og sé passlega langt gengið. Og með þessum rökum sem Silja Bára nefnir, að þá erum við svona að áréttu hvaðan valdið kemur með skýrum hætti. Takk.

SN

Ástrós Gunnlaugsdóttir, gjörðu svo vel.

ÁG:

Já, mig langar bara að segja, að mér líst ljómandi vel á þessar tillögur og sérstaklega kannski þann hluta sem Silja Bára minntist á, þessa eðlislegu breytingu að því að þjóðin er að tala við sjálfa sig. Mér finnst það bara frábært og mér finnst það endurspegla mjög okkar starf hér, að við erum að setja stjórnarskrá fyrir okkur, fyrir þjóðina. Þannig að mér líst bara frábærlega á þetta og styð þessar tillögur heils hugar. Takk.

SN

Pawel Bartoszek, gjörðu svo vel.

PB

Mig langar kannski bara að spyrja: Hverjir erum „við“ í þessu samhengi? „Allir“ hefur verið skilið sem „allir þeir sem eru innan íslenskrar lögsögu“. Og erum við þá líka allir þeir sem eru innan íslenskrar lögsögu eða erum við einungis þjóðin? Takk.

SN

Erlingur Sigurðarson, gjörðu svo vel.

ES

[vantar upphaf] ... fólk. Þetta er nú ekki spurning um málfraðilegt kyn. Þetta er spurning um persónu og tölu, ef svo má segja. Fyrst að þetta er 3. persóna almennt, komi 1. persóna fleirtölu. Og þetta fer vel víða og þetta er persónulegra, nær manni. Og mér hefur kannski þótt við vera þátttakendur í þessu. En svo, ef lítið er að stöðu stjórnarskrárinnar í heild, þá held ég að þetta geti orðið stílbrot svolítið, því það henta ekki allar greinar undir. Við skulum bara taka dæmi um greinina var til umfjöllunar núna áðan, um upplýsingalög: „Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum...“. „Öllum er okkur frjálst“ – ég veit ekki hvað þið hafið um þetta að segja. „Stjórnsýsla skal vera gegnsæ, halda til haga fundargerðum sínum og gögnum, auk þess að skrásetja og skjalfesta öll erindi sem henni berast, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða.“ Þarna vandast málið með okkur í þessu máli. Og svo síðast: „Afhendingu gagna og birtingu þeirra má aðeins setja skorður með lögum, svo sem vegna friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana. Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og takmörkun leyndartíma.“ Ég er ekki búinn að sjá þetta fært í 1. persónu fleirtölu. Þann-

ig að við skulum athuga málið, hvernig þetta gengur, og líta á þetta sem hluta af heildarritstjórnarstefnu. Því ég teldi fara vel á því að 1. kafli stjórnarskrárinnar yrði skrifaður í þessum stíl og kannski mættu [vera] upphafsgreinar í hverjum flokki sem væru svona. En ég held að það sé það lengst sem við getum gengið, því að það eru almenn ákvæði sem að eru boð og fyrirskipanir sem ekki passa í 1. persónu inn í þetta. Við skulum endilega athuga málið. En semsagt þá lít ég á það sem sterkt ef þetta væri í 1. kaflanum.

SN

Freyja Haraldsdóttir, gjörðu svo vel.

FH

Já, mig langaði bara svona að fjalla aðeins um það, að mér finnst þetta mjög góð breyting og nátturulega fyrst og fremst þar sem hún tilgreinir bæði kynin og er þ.a.l. ekki eins karllæg og stjórnarskráin hefur verið. En líka vegna þess að mér finnst þetta í raun mikilvægt í því skyni að þetta sé eitthvað sem við erum að segja við okkur sjálf og þetta sé eitthvað sem við innbyrðum. [Þannig] að við séum ekki alltaf bara að skipa eða eiga að gera eitthvað, heldur að okkur þyki það eðlilegt að búa við mannréttindi og okkur þyki jafnræðisregla... að við séum öll jöfn, að við séum í rauninni að segja það sem heild. Mér finnst það akkurat það sem mannréttindi snúast um að geta sagt það. Og ég er ekki alveg sammála um það að við eigum bara að hafa þetta í jafnræðisreglunni. Mér finnst það svona hálf afkáralegt og ég er ekki mikið fyrir svoleiðis: annað hvort bara allt eða ekkert. Þá er ég að tala semsagt um mannréttindakaflann. Ég hef fulla trú á því að við getum gert textann með þessum hætti í a.m.k. þeim kafla. Og ég held að við ættum klárlega að láta reyna á það, þó það geti stundum orðið eitthvað flókið og svona. Við eigum alveg að geta fundið lausn á því. Ég held að þetta sé eitt af því sem að... Við gátum fundið lausn á því sem við höfum verið að ræða í dag með kjördæmaskipan og kosningar, þá getum við þetta. [hikorð] Mér fannst líka mikilvægt að taka fram, að við reynum að ganga alla leið. Svo fannst mér áhugavert, Pawel, þegar þú varst að spyrja: Hverjir erum „við“? Þér fannst ekkert mál að vita hverjir væru „allir“, þannig að ég er svona að velta fyrir mér af hverju það væri orðið vandamál að vita hverjir erum „við“. Takk.

SN

Íris Lind Sæmundsdóttir, gjörðu svo vel.

ÍLS

Takk fyrir og takk fyrir þessa tillögu, Silja. Ég er svosem... Í efni sínu er ég hjartanlega sammála því að reyna að breyta til það sem hægt er að breyta til en þó þannig að við séum að tryggja það, að efnisleg merking tapist ekki. Og af því að Freyja nefndi hér að hugtakið „allir“, það hefur ákveðna merkingu í núverandi stjórnarskrá og er skilgreint í öllum gögnum sem allir sem staddir eru á íslensku yfirráðasvæði. Og ég get tekið undir með öllum svona tillögum, svo fremi sem við erum ekki að þrengja efnislegt inntak greina. Takk.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir, gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já, ágætu félagar. Ég ætla nú ekki að fjölyrða mikið um þessa grein. Ég bara lýsi stuðningi við hana og vona að verði gengið eins langt eins og hægt og þurfa þykir í stjórnarskránni. Ég held að allir hafi einhver mörk þar sem þeir finna að nú verður ekki haldið lengra haldið í þessa átt í bili; þar muni almenn málkennd setja skorður. En ég ætla bara að nota þetta tækifæri, fyrst við erum að tala hérna um karllæga tungumál sem við viljum gjarnan reyna að takast eitthvað á við og breyta, þá erum við að vandræðast með orð sem ganga ljósum logum í gegnum meirihluta stjórnarskrárinnar og það eru orð „forseti“ og „ráðherra“, sem að eru til stórfelldra vandræða, einfaldlega vegna þess að fólk veit heldur ekki hvernig það á að fara með þessi orð. Ég verð nú að taka undir með fyrrverandi félaga mínum, Sverri Hermannsyni, sem gerði það að gamni sínu (eða ekki að gamni sínu): Það var hans bjargfasta skoðun, að það væri ekki hægt að segja „frú forseti“ – og ég er bara alveg sammála því að það sé bara ekki hægt að segja „frú forseti“. Þá gekk hann alla leið og sagði, fyrst að kona getur borið forsetanafn, þá kalla ég hana „herra forseta“. Ég gat nú ekki tekið undir þann skilning. En okkur hefur gengið afskaplega illa – það hefur nú verið auglýst eftir einhverjum tillögum – okkur hefur gengið mjög illa að finna einhver önnur orð og ég held að það sé vegna þess að við erum öll bundin á einhvern klafa valdsins. Við erum alltaf að leita, held ég, að einhverjum orðum sem lýsi nógu vel valdi en við erum nú að tala hér oft um að valdið komi frá þjóðinni. Ómar er alltaf að ítreka, að embætti þýði ambátt og þingmenn okkar, ráðherrar og forseti eiga að þjóna okkur en ekki við þeim. En ég held að við séum mjög bundin í að orðin séu valdhlaðin og leitum þess vegna.. við náum ekki að brjóta af okkur rammanna í leitinni. Ég held að það vanti kannski bara eitt gott hugarflugspartí, þar sem allir þora að lata vitleysurnar vaða vegna þess að það er mjög oft að bestu hugmyndirnar spretta upp úr vitleysunni, þegar að hugurinn er frjálss og fólk hlær og skemmtir sér og þorir að segja það sem fyrst kemur í hug, án þess að eiga von á því að það verði slegið niður með sleggju fyrir bjánagang.

Þannig að ég skora nú bara á okkur að nota t.d. þessa löngu helgi til þess að reyna bara – annað hvort sitt í hvoru lagi eða með fjölskyldum okkar, vinum eða ef einhverjir vilja hittast – að reyna að skemmta sér dálítið við það að finna ný orð og losna úr þessum viðjum sem við erum bundin í vegna þess að við séum flest sammála um að þetta séu orð sem er hálfgerð vandræðamál að burðast með. Takk.

SN

Þá er Arnfríður Guðmundsdóttir næst á mælendaskrá og ég loka henni þegar hún hefur lokið máli sínu. Gjörðu svo vel.

AG

Formaður og félagar. Ég held að starf okkar sé og eigi að vera stefnumótandi og ég held að þetta sé eitt af því sem við eigum að takast á við. Það er alveg klárt mál, að málfar mótar. Málfar – það hvernig við tölum – það hefur gífurlega mikil áhrif. Og eins og kom vel fram í kynningu formanns A-nefndar, þá erum við að fást við tvennt. Og stundum er ávinningurinn tvenns konar: bæði það að að fara úr 1. persónu karlkyni yfir í hvor-

ugkyn fleirtölu og losna þar með við þetta karllæga tungumál, sem að við sjáum svo víða í texta stjórnarskrárinnar, og hins vegar að fara úr karlkyni eintölu í 1. persónu fleirtölu. Stundum á þetta við hvort tveggja og stundum ekki. Og alveg rétt, eins og Erlingur benti á hér áðan, að stundum á það ekkert við að setja þetta úr 1. persónu eintölu og í 1. persónu fleirtölu eða karlkyn eintölu í 1. persónu fleirtölu. Og stundum sem sagt erum við einfaldlega að reyna að stemma stigu við þetta karllæga málfar. Og þó að við ætlum okkur það ekki að útrýma alfarið þessu karllæga tungumáli, þá held ég að við getum tekið þetta mjög langt. Ég er sammála því sem Freyja sagði: Ég held að við ættum að gera tilraun með allan mannréttindakaflanum. Ég held það sé alveg fyllilega tilraunarinnar virði að gera það og sjá hvað við komumst. Ég hef mikla trú á þessu og ég held að við munum gera textann betri og ég held að við munum gefa mjög mikilvæg skilaboð, ekki bara um það, að þetta sé okkar texti, þetta séum við sem erum að tala til okkar og tala um þetta á jafningjabisis, heldur erum við líka að gefa þau skilaboð, að þetta sé texti sem er jafnt til karla og kvenna. Takk.

SN

Þá er mælendaskrá lokað og Vilhjálmur Þorsteinsson tekur næstur til máls. Gjörðu svo vel.

VÞ

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég er fylgjandi þessari tillögu. Mér finnst þetta bæði fallett og, eins og Arnfríður og fleiri hafa nefnt, það er fordæmi sem við erum að gefa í þessu, sem mér finnst gott. Þetta á kannski best við í mannréttindakaflanum en mér finnst þetta geta átt við líka sem krydd á réttu stöðunum í öðrum köflum. Og bara svona til að nefna dæmi, af því það er nú næst dagskránni hjá okkur, þó ég viti nú ekki hvort við komumst í það í dag, en það eru t.d. kaflar um undirstöður íslenskrar stjórnskipunar, þar sem við segjum svona hluti eins og „Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar“. Mér finnst það megi alveg segja „Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði okkar“. Og svona á lykilstöðum, þá finnst mér þetta bara fara vel og stjórnarskráin einmitt verða svona samræða þjóðarinnar við sjálfa sig. Þannig að ég er bæði fylgjandi því að við förum inn á þessa braut og ég held að við ættum, eins og ég segi, að taka aðra kafla stjórnarskrárinnar og skoða hvort það geti ekki verið á lykilstöðum í þeim, sem að þetta ætti líka vel við. Takk.

SN

Pawel Bartoszek, gjörðu svo vel.

PB

Já, takk. Kæru vinir. Ég kannski bara... við það sem ég sagði áðan, þá náttúrulega hefur „allir“ verið túlkuð með þeim hætti, að það ætti við alla þá sem staddir væru á íslensku yfirráðasvæði. Ég ímynda mér að [í] 1. gr. muni „við“ vera notað, 1. pers. fleirtölu líka, og þá muni þjóðin tala fyrir kannski sína hönd, ekki hönd annarra en ég hef ekki séð þá útfærslu. Þannig að þá er kannski hugsanlega hægt að túlka það þannig, að í næstu grein, þá ættu þessari greinar einungis við um okkur þjóðina en ekki alla, allt mannkyn eða alla sem eru hér staddir. Þannig að það er spurning kannski hvort einhver lausn á þessu gæti falist í því að árétt

Þetta ákvæði sem Íris nefndi einhvers staðar um að öll réttindi, sem gefin eru í stjórnarskránni, eiga við um alla sem staddir eru innan íslensks yfirráðasvæðis nema þegar það er sérstaklega tekið fram. Takk fyrir.

SN

Þorvaldur Gylfason, gjörðu svo vel.

ÞG

Já. Formaður, góðir ráðsfulltrúar. Mig langar bara til þess að þakka af heilum hug fyrir þær góðu viðtökur sem þessi tilraun okkur hefur fengið hér í ráðinu. Eins og formaður okkar lýsti og aðrir hafa gert, vakir fyrir okkur ekki aðeins að endurskoðun málsins, heldur einnig inntaksins, sjálfrar bara grunnhugsunarinnar í stjórnarskránni. Eins og ég met okkar samtöl fram að þessu, þá sýnist mér allt stefna í það, að fyrstu tvö orðin í 1. gr. nýrrar stjórnarskrár eftir okkar tillögu verði „Við Íslendingar“, eins og í bandarísku stjórnarskránni og eins og í Suður-Afrísku stjórnarskránni og eins og í nokkrum öðrum stjórnarskrám. Og þá þykir mér liggja beint við – og það var andinn í okkar samtölum í nefnd A – að stíga skrefið lengra og gera þetta víðar en þó ekki endilega alls staðar. Mig langar bara að gefa ykkur bara tvö eða þrjú dæmi, til viðbótar dæminu sem var dreift til ykkar áður en við byrjuðum, dæmi sem þið hafið séð og við höfum heyrt er að „öll erum við jöfn fyrir lögum“ sem er svo miklu miklu fallegra en núgildandi texti „allir eru jafnir fyrir lögum“. Og mér finnst að aðrar greinar geti einnig notið sams konar endurskoðunar. Hlustiði: „Öll skulum við njóta mannhelgi og verndar gegn hvers kyns ofbeldi“ í staðinn fyrir „Allir skulu njóta verndar.“ Þetta er allt annað líf. Eða „Öll skulum við njóta friðhelgi, heimilis og fjölskyldu“. „Öll erum við frjáls skoðana okkar og sannfæringar.“ „Öll eigum við rétt á að tjá hugsanir okkar.“

Svo geta aðrar greinar, sem við þurfum ekki að gera neitt við, eins og greinin sem segir „Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, fræða og lista“... Auðvitað þarfnast þessi einfalda setning engrar viðgerðar. Svona getum við farið í gegnum allan mannréttindakaflann. Ég giska á að þriðjungur greinanna þar gæti notið góðs af þessari nýju hugsun og ég giska einnig á það, að ýmsar greinar í öðrum stjórnarskrárinnar geti, með smekkvísri útfærslu, einnig notið góðs af þessari tillögu. Takk fyrir.

SN

Örn Bárður Jónsson, gjörðu svo vel.

ÖBJ

Formaður og gó systkin nær og fjær. Ég vil taka undir þessi orð Þorvaldar og annarra sem hafa tjáð sig um þetta. Þetta hljómar vel. Þetta er hljómfagurt. Og það er einhver keimur af þessu orðalagi sem mér hugnast. Og mér verður hugsað til upphafs bandarísku stjórnarskrárinnar „We the people“ o.s.frv. Það er einhver sérstakur blær yfir því. Og eins og þekkt er úr bókmenntafræði og starfi rithöfunda, þá er það gjarnan þannig með rithöfunda, að hann eða hún verður að staðsetja sig í textanum: Hvar er höfundurinn andspænis sögunni og söguþræðinum? Og með því að gera þetta svona, þá erum við ekki bara að umfaðma alla og tala þannig að allir geti fundið sig í þessum texta. Með því að tala máli sem að nær til beggja kynja og

allra, þá held ég að við náum miklu fram. Við þurfum ekki að fara út í eitthvert hreinsunaræði í textanum og gegnumfæra þetta alveg alls staðar. Ég minni á það, að nýjasta útgáfan af biblíunni frá 2007, það er beitt ólíkum stílbrögðum í texta, sem ég ætla ekki að fara nánar út í en hefur tekist einkar vel, þykir mér, og þar er læsilegur texti. Þannig að ég fagna þessu og finnst að við þurfum að staðsetja þjóðina svona og hún finni að þetta erum við. Við berum ábyrgð á þessu. Við erum ekki bara þiggjendur, heldur erum við líka uppsprettan. Og svo ætla ég að leyfa mér hérna – um annað mál – af því að Ari, hann, svona í hálfkæringi held ég, vitnaði í skýrslu stjórnlaganefndar fyrr í dag og líkti henni við helga bók, og þá varð til þessi limra:

*Féð hans Ara þarf árlega að rýja,
afurðir fjárins auka og drýgja.
En mér bregður í brún,
um brekkur og tún,
að sjá hann með biblíu nýja.*

Takk fyrir.

SN

Lýður Árnason, gjörðu svo vel.

LÁ

Takk, ég verð að segja eins og er, að mér finnst þessi tillaga bara nokkuð góð og ég held það sé einmitt, eins og margir hafa sagt, svolítið huggulegt, að við sjáum þetta í 1. persónu, þannig að við erum að tala við sjálf okkur og sé hana vel fyrir mér í mannréttindakaflanum. Þannig að ég lýsi mig nú fylgjandi þessari tillögu um breytt málfræðilegt kyn, hvað sem við köllum hana. Þannig að ég er fylgjandi henni almennt. Varðandi ráðherra og forseta hins vegar, þá held ég að sé svolítið varasamt að fara að setja ný orð í stjórnarskrá núna. Við þurfum að hafa þessi orð betur marineruð, held ég, í þjóðfélaginu í nokkur ár áður en við förum að gera það. Ég sé ekki fyrir mér að við getum sagt að Alþingi skipi ráðstýru eða -þernur eða -þjóna. Ég held það væri of brött breyting, þannig að ég svona mælist til þess að við sleppum þeim pakka en förum aftur á móti í þennan pakka, sem við erum að tala um hér, og sjáum hvað langt við náum með það. Ég lýsi mig fylgjandi þessari tillögu. Takk.

SN

Nú, þá er umræðu um tillögu A um breytt málfræðilegt kyn lokið og ég fel Silju Báru Ómarsdóttur, formanni nefndarinnar, síðasta orðið til að tala saman hér. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, formaður og kærur félagar. Ég þakka bara góðar undirtektir og [er] ánægð með að þetta falli í góðan jarðveg hjá okkur. Við erum ekki alveg viss, ekki frekar en þið hin, um að þetta gangi upp málfræðilega alls staðar en þar sem við höfum skýran geranda í grein, þá tel að það sé gott að skoða þetta. Ég hnaut [um það] sem Pawel nefndi með hver erum „við“ hérna. En mér finnst að orða þetta svona það mikilvægt að ég held við getum sneitt hjá þeim vanda að þetta verði útilokandi með því að setja skýrt í einshvers konar inngangsgrein, þessa 1. grein sem við ætlum að hafa sem markmið-

sgrein, að setja skýrt þar hver „við“ erum, að það séu „allir“, eins og Íris Lind nefndi að hefði verið túlkað. Markmiðið okkar er auðvitað að gera textann svona meira umfangsmandi eða alltumlykjandi, að við séum öll inni í honum. Markmiðið er ekki að útiloka þá sem að t.d. eru búsettir hér en e.t.v. ekki með ríkisborgararétt. Og þótt að þetta sé ekki eingöngu málfræðilegt kyn, heldur kannski formbreytingin meira, eins og Erlingur nefndi, um tölu og persónu, þá er þetta kveikjan að umræðunni og hugmyndinni, að þessi umræða sem varð í nefndinni á einhverjum tímamarki um það hverjir eru inni og hverjir eru úti með því að tala alltaf um alla í karlkyni. Og Örn Bárður og Arnfríður þekkja nú betur þessa umræðu um málfræði beggja kynja, eins og Örn Bárður held ég að hafi vísað til. En mér finnst t.d. falleg breyting að tala um „systkin“ en ekki bara „bræður“ og mikilvæg, [þannig] að fólk upplifi að það tilheyrir þeim sem að talað er til.

Eins og ég segi, þá held að lausnin geti kannski falist í því að setja inn inngangsgrein sem að geri skýrt að öll ákvæði taki til allra okkar sem erum stödd innan yfirráðsvæðis ríkisins t.d. en við erum ekki búin að semja þá grein, þannig að við getum ekki það lagt til. Enn og aftur þá þurfum við aðeins að biðja eftir samhenginu og skoða þessar greinar síðan allar saman. En markmið okkar er mjög skýrt: að við viljum líta á þetta og gera það ljóst í textanum strax frá upphafi, að þetta séu grunnlög sem tala um og til okkar allra sem hér búum en ekki bara þeirra sem eru með blöðruhálskirtil og/ eða kosningarétt. Þannig að ég þakka bara kærlega fyrir þessar góðu umræður og undirtektir hér í dag.

SN

Já. Ég þakka formanni A-nefndar og nefndinni allri fyrir tillögurnar sem hafa verið lagðar fram hér í dag og góðar umræður um þær. 12. ráðsfundi er þá frestað til morguns og við byrjum aftur kl. 9:30 í fyrramálið stundvíslega. Takk fyrir í dag.

4. Skýrsla og tillögur B-nefndar

SN

Góðan daginn. Tólfta ráðsfundi er framhaldið og á dagsskránni næst er skýrsla og tillögur frá B-nefnd og ég vil biðja formann nefndarinnar, Katrínu Fjeldsted, að fylgja þeim úr hlaði. En fyrst er undirstöður stjórnskipunar, ráðherrar, ríkisstjórn og ráðherraábyrgð, ríkissaksóknari, Lögrétta, fjárfstjórnarvald Alþingis og fleira. Og þetta er lagt fram til kynningar. Gjörðu svo vel.

KF

Formaður. Góðir áheyrendur. Eins og formaður sagði hér, þá eru lagðar fram til kynningar viðbótartillögur B-nefndar inn í áfangaskjal að stjórnarskrá. Við byrjum á handhöfum ríkisvalds. Í stjórnarskrá segir: „Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómvaldið.“ Skýrsla stjórnlaganefndar býður upp á tvo valkosti um það hvernig þetta skuli hljóða en B-nefnd komst að þeirri niðurstöðu í fyrsta lagi, að Alþingi ætti eitt að fara með löggjafarvaldið en ekki Alþingi og forseti Íslands; í öðru lagi, að ráðherra, ríkisstjórn og önnur stjórnvöld fari með framkvæmdarvaldið; og loks,

að hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fari með dómvaldið. Þá höfum við bætt inn í þessa grein svohljóðandi setningu: „Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins og fer með þau verkefni er stjórnarskrá þessi tilgreinir.“ Nú, þetta er í takt við aðrar tillögur B-nefndar, samhangandi heil hugsun hvað varðar Alþingi, ráðherra, ríkisstjórn og forseta lýðveldisins. Með þessum tillögum fer Alþingi eitt með löggjafarvaldið og ráðherrar og ríkisstjórn fara með framkvæmdarvaldið. Það er að vísu tiltekið að önnur stjórnvöld heyrir þar undir og hluti af því sem kallast önnur stjórnvöld er að sjálfsögðu sveitarstjórnir. Við ákváðum að taka þarna inn hæstarétt Íslands, sem er ekki nefndur í núverandi stjórnarskrá, og að hæstaréttur fari með dómvaldið ásamt öðrum dómstólum.

Næsta grein heitir Yfirráðsvæði. Hún lætur ekki mikið yfir sér. Um yfirráðsvæði Íslands er ekkert ákvæði í núverandi stjórnarskrá en í stjórnlaganefnd var fjallað um þetta nokkuð ítarlega. Annars vegar um það að íslenskt landsvæði skyldi vera eitt og óskipt og hvernig ákveða skyldi mörk íslenskrar lögsögu og auk þess var í þeirra tillögum inni auðlindaákvæði. Auðlindaákvæðinu hefur verið komið fyrir á öðrum stað í okkar gögnum. Þannig að tillaga B-nefndar hvað varðar íslenskt landsvæði er svohljóðandi: „Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum.“ Í þessu felst t.d. að landinu verður ekki skipt í fleiri ríki eða hluti þess skilinn frá íslenska ríkinu nema með stjórnarskrárbreytingu og kannski ekki meira við það að bæta á þessu stigi.

Þá kemur næst Kafli um ríkisstjórn og ráðherra. Þar eru nokkrar greinar sem að ég myndi vilja kynna. Í útbýttum gögnum er talsvert ítarleg greinargerð sem fylgir og ég ætla ekki að fara að lesa hana. En um markmið breytinga og skilgreiningu á starfsemi ríkisstjórnar vorum við í B-nefnd sammála um eftirtalin stefnumið, þ.e.a.s. að samræma stefnunna að sjálfsögðu, að ábyrgð innan ríkisstjórnar yrði að hluta til sameiginlega en það er jú það sem er kallað fjölskipað stjórnvald, að skilgreina ábyrgð og fjalla um leiðtoga stjórnmalaflokka, ábyrgð og hlutverk forsætisráðherra skyldi vera með skýrum hætti. Við veltum fyrir okkur pólitískri og lagalegri ábyrgð, hvort að það væru aðskildir hlutir eða aðskilin mál, og síðan um upplýsinga-skyldu innan ríkisstjórnar.

Þessir umræðupunktur skiluðu sér síðan inn í greinarnar. Og sú fyrsta heitir Ráðherrar og verkefni. Í stjórnarskránni segir: „Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt. Ráðuneytið hefur aðsetur í Reykjavík.“ Það eru valkostir frá stjórnlaganefnd um þetta atriði en í ljósi þeirrar umræðu sem farið hefur fram í nefndinni og við höfum kynnt hér í hvert skipti sem við höfum lagt fram greinar til kynningar eða til afgreiðslu inn í áfangaskjal, við byggjum á ákveðinni hugmyndafræði sem felst í því að vald og ábyrgð fari saman og það séu sem skýrust mörk milli valdþátta í íslensku samfélagi, þannig að hafi maður verkefni á hendi sér, þá eigi hann að bera ábyrgð á því en ekki einhver annar. Við segjum því í okkar tillögu: „Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sinn sviði. Þeir bera hver fyrir sig ábyrgð á málefnum ráðuneyta og stjórnsýslu sem undir þá heyrir, innan marka stjórnarstefunnar. Geti ráðherra ekki fjallað um mál vegna vanhæfis, fjarveru eða annarra ástæðna

felur forsætisráðherra það öðrum ráðherra eða stað-
gengli sínum úr þeirra hópi.“ Orðalag sem þarna
skilar sér inn, t.d. það að segja að ráðherra beri ábyrgð
á málefnum ráðuneyta og stjórnábyrgð sem undir þá
heyrir innan marka stjórnarstefnunnar á sér hliðstæðu
í þýsku stjórnarskránni, því þar bera ráðherrar ábyrgð
og starfa sjálfstætt í sínum málaflokkum, en það er
innan stjórnarstefnu sem forsætisráðherra er ábyrgur
fyrir. Það er þó ljóst að við vissar kringumstæður í
stærri málum getur þurft aðkomu allrar ríkisstjórnar-
innar og kemur hún þá fram sem fjölskipað stjórnvald.
Við teljum að þetta orðalag og greinin skýri nægilega
hvernig þessu skuli skipt.

En um þetta er fjallað áfram í næstu grein sem heitir
Ríkisstjórn og hljómar svo: „Ráðherrar sitja í ríkis-
stjórn. Forsætisráðherra boðar til ríkisstjórnarfunda
og stýrir þeim. Hann er ábyrgur fyrir meginatriðum
stjórnarstefnunnar og hefur yfirumsjón með störfum
ráðherra. Ríkisstjórnarfundi skal halda um frumvarps-
drög og tillögur til Alþingis, önnur mikilvæg stjórnar-
málefni og til samráðs um stefnumál ríkisstjórnarinnar.
Þá skal halda ríkisstjórnarfund ef einhver ráðherra
óskar að bera þar upp mál. Ríkisstjórn tekur ákvarð-
anir sameiginlega um mikilvæg eða stefnumarkandi
málefni samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. Meiri-
hluti ráðherra þarf að vera á fundi þegar slíkar ákvarð-
anir eru teknar. Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun
ríkisstjórnar ber hann ekki ábyrgð á henni. Stjórnarráð
Íslands hefur aðsetur í Reykjavík.“ Þessi grein er tals-
vert ítarlegri heldur en umfjöllun í núverandi stjórnar-
skrá sem segir mjög lítið um það, hvernig skuli boða
ráðherra fundi um hvað þeir skuli fjalla. En okkur þótti
ástæða til – í ljósi umræðu um ráðherraábyrgð, fjöl-
skipað stjórnvald og aðra slíka mikilvæga þætti – að
það kæmi skýrt fram, hvernig að málum skuli staðið.
Með þessu er verkstjórnarhlutverk forsætisráðherrans
skýrt og ábyrgðin sett á hann að boða til

ríkisstjórnarfunda og stýra þeim. Hann ber ábyrgð
á stjórnarstefnunni. Hann hefur yfirumsjón með
störfum ráðherra, þ.e.a.s. sér til þess að stjórnin vinni
saman og skili verki sínu sem heild. Þarna er for-
sætisráðherra sýnilegur í stjórnarskrá sem yfirmaður
Stjórnarráðsins á því að samhæfa störf ráðherra og
ráðuneyti og reyndar kemur þetta fram í gildandi
reglum og er nánar útfært í frumvarpi nýlegu um
Stjórnarráð Íslands. Ég ætla ekki að fara nánar út í
skýringar á fjölskipuðu stjórnvaldi; það koma án efa
fleiri úr nefndinni hér upp eða ræða þetta úr sæti sínu.

Næsta grein er undir heitinu Bráðabirgðalög. Kveður
svolítið við annan tón en í stjórnarskránni núgildandi
segir að „Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn
gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum.
Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána“, segir
þar. „Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það
er saman komið á ný. Samþykki Alþingi ekki bráða-
birgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex
vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr gildi.
Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur
samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið.“ Síðan þessi
ákvæði voru sett í íslenska stjórnarskrá hefur heilmikið
breyst í þjóðfélaginu. Í fyrsta lagi er Alþingi ekki leyst
upp að vori eins og áður var þegar menn þurftu að
ríða hver í sína heimabyggð til að sinna bústörfum. Nú
starfar Alþingi allt árið og því er frestað í sumarþyrjun
en því er ekki slitið. Þannig að það telst formlega að

störfum allt frá því að það er kjörið og þar til þing
er rofið. Þess vegna teljum við að ákvæði um bráða-
birgðalög séu óþörf í núverandi stjórnarskipun. Lög-
gjafinn starfar allt árið. Ef mikilvæg málefni, sem varða
almannahag, koma upp, þá er hægt að kalla Alþingi
saman með nokkurra klukkustunda fyrirvara, eins og
dæmin sanna. Og á sama hátt þykir nefnd B ekki rétt-
lætlanlegt að handhafar framkvæmdarvalds grípi inn í
verkefni löggjafa á þennan hátt. Þannig að við leggjum
til að þetta ákvæði falli brott; það sé óþarft.

Næsta grein heitir Ráðherraábyrgð. Ráðherraábyrgð
kemur til með þrennum hætti, skv. okkar tillögum en í
núverandi stjórnarskrá segir: „Ráðherrar bera ábyrgð
á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er
ákvæðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir
embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.“
Í tillögum stjórnlaganefndar er boðið upp á tvo val-
kosti. Aðalmunur þeirra á milli er að í þeim fyrri helst
Landsdómur inni og Alþingi getur kært ráðherra.
Í seinni tillögum er það sömuleiðis Alþingi sem
getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur en þá er
hæstiréttur Íslands kominn inn í sem dómvaldið. Við
höfum rætt þetta mál mjög mikið og niðurstaða okkar
er að breyta þessu nokkuð og við segjum: „Ráðherrar
bera lagalega ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum.“
Þetta er óbreytt setning. „Ábyrgð vegna embættisbrota
þeirra skal ákveðin með lögum.“ Við segjum þarna
ekki „embættisrekstur“, við segjum „Ábyrgð vegna
embættisbrota þeirra skal ákveðin með lögum.“ Svo
er það spurning um ferlið. Við teljum að Eftirlits- og
stjórnarskipunarnefnd Alþingis ætti að koma að málum,
frekar en að alþingismenn greiði um slíkt mál tillögu á
fundi í þinginu. Þannig að þess vegna kemur hér inn:
„Eftirlits- og stjórnarskipunarnefnd Alþingis ákveður,
að undangenginni könnun, hvort hefja skuli rann-
sókn á meintum embættisbrotum ráðherra. Nefndin
skipar saksóknara sem annast rannsóknina. Hann
metur hvort niðurstaða rannsóknarinnar sé nægileg
eða líkleg til sakfellingar og gefur þá út ákæru og sækir
málið fyrir Hæstarétti. Nánar skal kveðið á um rann-
sókn og meðferð slíkra mála í lögum.“ Eins og ég sagði
um ráðherraábyrgð, þá kemur hún til með þrennum
hátti í okkar tillögum, þ.e.a.s. í fyrsta lagi, þá ber
ráðherra að sjálfsögðu ábyrgð á eigin embættisfærslu í
þeim málefnum sem undir hann heyra og innan marka
stjórnarstefnunnar – en það er jú forsætisráðherra
sem ber ábyrgð á stjórnarstefnunni. Í öðru lagi ber
ráðherra ábyrgð á aðild sinni þegar ríkisstjórn tekur
ákvarðanir sameiginlega sem fjölskipað stjórnvald,
þ.e.a.s. í mikilvægum og stefnumarkandi málum, skv.
nánari mati forsætisráðherra og eftir fyrirætlum í
lögum. En ráðherra getur þó firrt sig slíkri ábyrgð á
fundi ríkisstjórnar með bókun í fundargerð hennar.
Í þriðja lagi ber forsætisráðherra *sjálfstæða ábyrgð
á meginatriðum stjórnarstefnunnar* og á verkstjórn
sinni í ríkisstjórn. Hann ber ábyrgð á því að halda
ríkisstjórnarfundi um mikilvæg málefni og að halda
ráðherrum upplýstum um stöðu og gang mála á vett-
vangi ríkisstjórnarinnar. Eins og heyra má, þá er þarna
um talsvert nýmæli að ræða í tillögum nefndar B.
Eftirlits- og stjórnarskipunarnefnd Alþingis hefur verið
nefnd hér og grein um hana kynnt og afgreidd inn í
áfangaskjal. Eftirlits- og stjórnarskipunarnefnd Alþingis
er skipuð í upphafi kjörtímabils, þannig að hún er ekki
valin af handahófi þegar mál koma upp, þannig að þó

hún sé skipuð þingmönnum, þá er hún þó líklegri til að vera hlutlaus heldur en nefnd sem hveti hóm saman út af einhverju ákveðnu tilteknu máli. Nefndinni er því falið, að undangenginni könnun, að ákveða hvort hefja skuli rannsókn. Hún hefur ekki rannsóknina sjálf. Hún kannar það sem fyrir liggur sem eru þá meint embættisbrot. Þetta er ekki hugsað þannig, að menn geti tekið embættisfærslu ráðherra, sem er andstæðingur í stjórn máli og skemmt sér við að fara yfir hana á neikvæðan hátt, heldur verður að liggja fyrir að um meint brot sé að ræða. Þá er það þessi nefnd sem fjallar um málið. Síðan skipar nefndin saksóknara og það hefur ýmislegt komið til greina þar, hvort það eigi að vera sérstakur saksóknari sem þá er valinn í hverju tilviki fyrir sig – við gerum nú ráð fyrir að þetta komi ekki upp fyrir en á 50 eða 100 ára fresti – en hvort það eigi að vera sérstakur saksóknar eða hvort að þetta eigi að vera verkefni ríkissaksóknara. Og sýnist sitt hverjum um þetta. Það er kostir og gallar við hvort tveggja. En við setjum orðalagið svona fram til kynningar: við segjum „skipar saksóknara“.

Næsta grein fjallar um Starfsstjórn. Í núverandi stjórnarskrá er ekkert ákvæði þar að lútandi og það er bent á, í skýrslu stjórnlaganefndar sem gefur tvo valkosti. Okkar niðurstaða er sú, að það þurfi að vera slíkt ákvæði. Eftir að forsætisráðherra hefur verið veitt lausn eða hann hefur beðist lausnir eða þing hefur verið rofið eða ef stjórn er ekki sætt af einhverjum ástæðum, er tillaga okkar svohljóðandi: „Eftir að forsætisráðherra hefur verið veitt lausn ásamt ríkisstjórn sinni situr hún áfram sem starfsstjórn uns ný ríkisstjórn er skipuð. Sama gildir ef þing er rofið. Ráðherrar í starfsstjórn taka aðeins þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa þeirra.“ Þessi grein skýrir sig nú sjálf. Það er að vísu ekki í þessari grein sagt neitt um vantraust en það kemur á öðrum stað, eins og þið án efa munið: Af því að B-nefnd hefur lagt fram tillögu um hvernig með það skuli farið, þá er ekki þörf, að okkar mati, á starfsstjórn í þeim tilvikum.

Næsti kafli er um Alþingi. Þar kemur fyrst grein um Lögréttnu. Við byggjum tillögur okkar að hluta á hugmynd sem upp kom í stjórnlaganefnd um ráðgefandi stjórnlagaráð sem gæti gefið álit á því hvort lagafrumvörp standist stjórnarskrá. Eins og segir í gögnum stjórnlaganefndar er þetta byggt að einhverju leyti á skrifum Eiríks Tómassonar og tillaga frá honum er kynnt í fylgiskjali með skýrslu stjórnlaganefndar. Í sænsku stjórnarskránni er ákvæði um lagaráð sem getur gefið álit á því hvort lagafrumvörp standist stjórnarskrá. Í sænska lagaráðinu sitja dómáram, jafnvel fyrrum dómáram, og það er skylt í Svíþjóð að leita álitis lagaráðs áður en frumvörp um tiltekin mál eru afgreidd í þinginu, þar á meðal mál sem varða tjáningarfrelsi og prentfrelsi, aðgang að opinberum skjölum og slík mál; sömuleiðis um skuldbindingar sveitarfélaga og skatta á þeirra vegum. Í finnsku stjórnarskránni er gert ráð fyrir þingnefnd, sem að heitir þá Stjórnlaganefnd (e. *Constitutional Law Committee*). Á sama hátt metur hún eða getur gefið álit á því hvort lagafrumvarp sé í samræmi við stjórnarskrá sbr. 74. gr. Snemma á vinnutíma okkar í stjórnlagaráði kom upp hugmynd [um] að kalla slíkt stjórnlagaráð Lögréttnu og nefnd B hefur sett það heiti inn í greinina sem að hljómar því svona: „Alþingi kys í Lögréttnu fimm menn til fimm ára. Þingnefnd eða þriðjungur alþingismanna getur óskað

eftir álit Lögréttnu um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá og þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. Ekki má afgreiða frumvarpið fyrr en álit Lögréttnu liggur fyrir. Um störf Lögréttnu skal mælt fyrir í lögum.“

Við fyrstu tillögu og t.d. í tillögum stjórnlaganefndar er stjórnlagaráð skipað til fjögurra ára. Þar er kveðið á um að skuli sitja fimm menn til fjögurra ára með sérþekkingu á stjórn lögum. Við höfum einfaldað þetta nokkuð og talið að það sé rétt að útfæra þetta nánar í lögum en við leggjum til að Lögréttna fylgi ekki kjörtímabilinu, hún sé ekki kjörin til fjögurra ára, heldur til fimm ára, og teljum að sjálfsögðu blasa við að í slíka nefnd verði valdir sérfróðir aðilar í stjórnskipunarrétti, löglaerðir einstaklingar, en við gefum ekki fyrirsmæli um slíkt. Með þessu fyrirkomulagi getur þriðjungur þingmanna, þ.e.a.s. minnihluti þingmanna, eða þingnefnd óskað eftir því að fá álit á vafaatriðum hvað stjórnarskrá varðar eða þjóðréttarlegar skuldbindingar. Þetta er reyndar eina verkefnið sem þessu hópi yrði falið en maður sæi fyrir sér möguleika á því að þetta mætti útvíkka, ef að saman koma fróðir aðilar. Þetta er allt saman byggt á samhangandi hugsun um það, að tryggja góðan lagatilbúnað og vönduð vinnubrögð, að draga úr því að frumvörp séu afgreidd með hraði og að hluti þingmanna sitji eftir haldandi það eða teljandi að frumvarp standist ekki stjórnarskrá. Og það er mjög mikið að hafa slíkan farveg á meðan á vinnslu frumvarpa stendur, svo hægt sé að ganga úr skugga um þetta fyrirfram en ekki komast að því eftir á.

Nú, þá er komið að Skipan skattamála, sem er næsta grein: „Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.“ Hér las ég upp samhljóða greinar stjórnarskrár og tillögu B-nefndar. Við leggjum til að þessi grein sé óbreytt.

Þá kemur Skattlagningarvald sem næsta grein. Í stjórnarskránni segir að „Engan skatt [megi] á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki [megi] heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.“ Við fórum yfir tillögu stjórnlaganefndar þar sem smávægileg orðalagsbreyting kom fram. Við viljum ganga aðeins lengra og skýra heimildir vegna sérstakra ákvæða um náttúruauðlindir í þjóðareign og ráðstöfun þeirra sem er í tillögum úr nefnd A. Í orðalaginu er talað um „lán“ en ekki „aðrar skuldbindingar“, eins og ábyrgðaskuldbindingar, sem eru ekki formlega séð lán en geta haft sömu réttaráhrif. Þannig að okkar tillaga er svohljóðandi: „Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má taka lán eða undirgangast ábyrgðir er skuldbinda ríkið nema með lögum. Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. Um ráðstöfun annarra eigna ríkisins fer að lögum.“

Þá er komin næsta grein sem heitir Frumvarp til fjárlaga. Þar segir í okkar grein – og það er samhljóða till[ögu] þeirri sem kom frá stjórnlaganefnd. Það er ekki mikil breyting frá núverandi stjórnarskrá en það er rétt að vekja athygli á því að í mörgum löndum eru

fjárlög ekki afgreidd sem lög. Þau eru frekar fjárhags-
áætlun ríkisins og kallast á ensku „budget“. Fjárlög eru
meðhöndluð öðru vísi en önnur lög, þau gilda jafnan
aðeins í eitt ár og efni þeirra er stjórnarskrárbundið.
Í okkar tillögu segir: „Fyrir hvert reglulegt Alþingi
skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til
fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í
frumvarpinu fylgin greinargerð um tekjur ríkisins og
gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.“ Skilning-
ur nefndar B er að sjálfsögðu, þrátt fyrir fyrirkomulag
um afgreiðslu og vinnslu frumvarpa almennt, sá að
fjármálaráðherra og fjármálaráðuneyti undirbúi fjár-
lagafrumvarp en komi því á framfæri við fjárlaganefnd
Alþingis sem beri ábyrgð á framlagningu þess. Og það
sé þá formaður fjárlaganefndar sem hafi alla jafna
framsögu um frumvarpið í þinginu.

Þá er komið að Fjárlagalögum og greiðsluheim-
ildum. Það er ákvæði í stjórnarskránni, í 41. gr., sem
segir: „Ekkert gjald má greiða af hendi“ – þetta er að
vísu talin prentvilla: það á að vera „reiða af hendi“ en
það er of seint að leiðrétta það. „Ekkert gjald má greiða
af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjár-
aukalögum.“ Í stjórnlaganefnd er þetta útfært nokkuð
en eftir miklar umræður í nefnd B og í samræmi við
þá hugmyndafræði sem að baki okkar tillögum liggur,
teljum við vafasamt að halda inni ákvæði um fjárlaga-
lög. Það er vegna þess að... Við höfum sett þetta svona
inn í sviga eða hornklofa á þessu stigi. Við þurfum
upplýsingar um það, hversu oft heimild til þess að
greiða fé utan fjárlaga sé nýtt, hversu oft þetta eigi sér
stað og í hvaða tilvikum. Það getur verið erfitt í fram-
kvæmd að skylda ráðherra til að leita samþykkis fjár-
laganefndar fyrirfram en við teljum þó, að það séu skýr
formdæmi fyrir því í öðrum löndum, t.d. í Danmörku,
að það þurfi ekki að setja fjárlagalög. Það sé hægt að
gera ráð fyrir ófyrirséðum útgjöldum á annan hátt
heldur en að hafa frjálsa heimild fjármálaráðherra;
þetta sé of opið. Þannig að þetta er enn í vinnslu í
nefnd B en stemningin er þó þannig að það geti verið
eðlilegt að fella slíka heimild út.

Og þá er það síðasta greinin í þessari lotu, sem er
um Ákærvald og ríkissaksóknara. Um þetta er ekkert
ákvæði í stjórnarskrá. Stjórnlaganefnd telur rétt að
ríkissaksóknara sé getið og það komi grein um hann.
Við erum sammála því og segjum: „Skipan ákæru-
valdsins skal ákveðin með lögum. Ríkissaksóknari
er æðsti handhafi ákærvaldsins. Hann er einungis
háður lögum í störfum sínum. Ráðherra skipar ríkis-
saksóknara og veitir honum lausn. Tryggt skal með
lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við
veitingu embættis ríkissaksóknara. Lögbundin nefnd
skal meta hæfi umsækjenda. Velji ráðherra ekki í
embættið einn af þeim sem nefndin telur hæfastan er
skipun háð samþykki Alþingis með $\frac{2}{3}$ atkvæða.“ Og
loks: „Ríkissaksóknari nýtur sömu verndar í starfi og
dómarar.“ Eins og heyra má er í þessari tillögu gert
ráð fyrir ráðningarferli sem svipar til þess sem gert
er ráð fyrir um dómara í tillögu nefndar C en hæfnis-
nefnd getur talið fleiri en einn vera hæfastan og það er
þá þess sem skipar í embættið að velja úr þeim hópi á
eigin ábyrgð. Geri hann það ekki, þá er farvegur fyrir
því hvernig á því skuli tekið. Og það kemur þá til kasta
Alþingis eða aukins meirihluta á Alþingi, $\frac{2}{3}$ alþingis-
manna, að afgreiða málið. Það er að vísu rétt að geta
þess að í nefndinni hefur einnig verið til umræðu

að skipun ríkissaksóknara ætti að vera meðal þeirra
verkefna sem forseti Íslands fengi á sína verkefnaskrá
sem umboðsmaður þjóðarinnar, enda væri þá ekki
um pólitískt vald að ræða. Og það má með sannri taka
undir það en hins vegar eru þær raddir einnig upp í
B-nefnd, að væri forseta falið þetta verkefni, þá þyrfti
á sama hátt ábyrgð hans á þeirri skipun að vera ljós og
það þyrfti að vera farvegur til þess að taka á því ef for-
seti væri sé sem skipaði og veldi ekki einn af þeim sem
hæfastur er metinn úr niðurstöðum hæfnisnefndar.

Þannig að ég hef lokið yfirferð yfir þennan bálk og
þakka fyrir gott hljóð.

SN

Þakka formanni B-nefndar fyrir kynninguna og þá er
orðið laust um þessar tillögur sem kynntar hafa verið.
Vilhjálmur Þorsteinsson, gjörðu svo vel.

VP

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég þakka
Katrínu fyrir framsöguna. Mig langaði að ræða aðeins
aðallega um ríkisstjórnar- og ráðherragreinar og
kannski ráðherraábyrgðina í því sambandi líka. Þar
erum við að setja fram ýmis nýmæli og, að mínu mati,
mjög þarfar umbætur í stjórnskipuninni, því að stað-
reyndin er nú sú, að ákvæðin í dag í stjórnarskránni
um ráðherra og ríkisstjórn eru frekar, ja, fornfáleg og
jafnvel í tilfelli ríkisstjórnar ekki fyrir hendi. Við erum
með kerfi sem er skrifað í stjórnarskrána okkar sem að
virðist í raun og veru gera ráð fyrir því að ríkisráð hafi
í raun átt að vera ríkisstjórnin. Það var sem að á sínum
fundaði með kóngi og síðan var því breytt og þetta hét
eftir það ríkisráð sem fundaði með ríkisstjóra og til-
skipun um ríkisráð er frá 1943 og hún er enn í gildi og
þar er enn talað um „ríkisstjóra“ en ekki forseta. En
þar semsagt áttu ráðherrar að hittast með forsetanum
og átti að bera upp stjórnarerindi og ræða saman og
þar eru alls konar ákvæði um hvað þurfi að vera margir
á fundi til að ríkisráð sé ályktunarbært o.s.frv. En svo
datt þetta náttúrulega allt saman út, eins og menn
þekkjá, og ríkisráð í dag hittist ekki nema tvisvar á ári
og svo þegar ný ríkisstjórn eða nýtt ráðuneyti tekur
við. Þannig að í staðinn er hin eiginlega ríkisstjórn Ís-
lands það sem heitir í stjórnarskránni „ráðherrafundur“
og ákvæði um þá eru afskaplega fátækleg. Ísland er
með kerfi þar sem ráðherrar eru gríðarlega sjálfstæðir,
hver á sínu sviði, eins og kerfið er hjá okkur í dag. Hver
ráðherra hefur sinn málaflokk og hann fer algjörlega
með þann málaflokk, ber fullkomlega ábyrgð á honum,
einn og sér lagalega. Og eins og menn eru nú að sjá í
umræðu í dag, m.a. um Landsdóm, þá hefur það kerfi
virkað þannig, lagalega séð, að það er í raun og veru
ekkert verið að horfa á það, hverjir séu forystumenn í
stjórnarflokkum eða beri semsagt einhverja pólitíska
ábyrgð á sameiginlegum ákvörðunum. Það er bara
sá ráðherra sem að er með viðkomandi málavíð skv.
lögum sem ber fullkomlega ábyrgð á því og enginn
annar. Þannig að það eru margir sem hafa bent á þetta
og sagt að það þyrfti að laga þessa hluti og m.a. er
talað um það í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um
bankahrunið og það er líka fjallað mjög ítarlega um
þessi mál í skýrslu sem að nefnd um endurskoðun laga
um Stjórnarráð Íslands gerði, það er ítarleg skýrsla
sem heitir „Samhent stjórnarsýsla“, þar sem var farið
þetta allt saman: ráðherrana, ríkisstjórnina, stjórnar-

ráðið og ráðuneytin. Og þar eru settar fram ýmsar hugmyndir og tillögur sem við höfum m.a. horft til í nefnd B, þegar við vorum að taka á þessu vandamáli sem þarna er.

Nú, eins og ég sagði áðan, þá eru á Íslandi ráðherrarnir óvenjulega sjálfstæðir. Það má segja að það sé annar endinn á regnboganum í þessum efnum. Hinn endinn á regnboganum er það þegar ríkisstjórn tekur alltaf ákvörðun sameiginlega, sem svokallað fjölskipað stjórnvald. Þá er bara ríkisstjórnin sem heild sem tekur ákvörðun og ráðherrar bera allir þannig séð ábyrgð á ákvörðuninni og þannig er kerfið t.d. bæði í Svíþjóð og Finnlandi. En síðan eru til líka í heiminum ýmiss konar millileiðir þarna á milli í regnboganum og t.d. í Þýskalandi er svona það sem þeir kalla kanslarakerfi þar sem að kanslari Þýskalands er ábyrgur fyrir meginlínunum stjórnarstefnunnar og aðrir ráðherrar eru svo ábyrgir fyrir sínum málefnum en þurfa að vera innan ramma stefnunnar. En kanslarinn hefur ákveðið verkstjórnarvald og komi upp ágreiningur í ríkisstjórn, þá er það ríkisstjórnin í heild sem sker úr, eins og það er orðað, í Þýskalandi.

Það hefði verið mjög róttækt hjá okkur að fara með íslensku ríkisstjórnina alla leið yfir í að vera fjölskipað stjórnvald, eins og er í Svíþjóð og Finnlandi. Það er ansi stór breyting á kerfinu, eins og það hefur verið hér, og stjórnsýslunni. Þannig að við förum þarna ákveðið bil beggja. Við teljum að það þurfi að breyta þessu, með að ráðherrar séu bara ábyrgir á sínum sviðum. Þannig að sú leið sem að við erum að leggja til hér er að í mikilvægum og stefnumarkandi málefnum, þá geti ríkisstjórnin tekið ákvarðanir sem fjölskipað stjórnvald. Og það hvað eru mikilvæg og stefnumarkandi málefni, það er hægt að afmarka að hluta í lögum, eins og við leggjum til, og að hluta getur það verið ákvörðun forsætisráðherra hverju sinni að taka mál upp í ríkisstjórn og afgreiða þau semsagt sameiginlega. Og í slíkum málum, þá er það ríkisstjórnin öll, allir ráðherrar hennar sem bera ábyrgð, nema að ráðherra segi sig sérstaklega frá ábyrgðinni með því að bóka um það á ríkisstjórnarfundi. Og þá geta menn t.d. hugsað til baka í atburði ársins 2008. Þá hefði hugsanlega verið hægt að segja það, að lykilákvæðanir sem voru teknar í aðdraganda bankahruns, eða eitthvað slíkt, hefðu þá átt að vera teknar sem sameiginlegar ákvarðanir ríkisstjórnar og þá væri ráðherraábyrgð á þeim sameiginleg en ekki bara hjá einum fagráðherra eða hverjum fagráðherra fyrir sig, sem að getur komið dálítið einkennilega út, vegna þess að þá einfaldlega eru ekki að fara saman vald og ábyrgð, ekki að fara saman raunverulegt vald og ábyrgð.

Við tökum líka inn, má segja, að þýskri fyrirmynd nokkuð skýr ákvæði um ábyrgð forsætisráðherra. Við erum að skilgreina það þarna, að forsætisráðherra ber ábyrgð á þessum meginlínunum stjórnarstefnunnar og aðrir ráðherrar eigi þá að halda sig innan hennar en þetta orðalag, sem við erum með, á eiginlega að skiljast þannig, að ef að ráðherra fer verulega út fyrir stjórnarstefnuna, sem að forsætisráðherra ber ábyrgð á, þá er hann farinn að baka sér ábyrgð með, bæði þá pólitískt og gæti hugsanlega talist í einhverjum tilfellum vera orðin lagaleg ábyrgð ef að ráðherra fer mjög langt út fyrir stjórnarstefnu. Þannig að þar kemur þá til þessi tenging við ráðherraábyrgðina, sem að Katrín svo nefndi, við tillögu okkar um ráðherraábyrgð, sem auð-

vitað hangir algjörlega saman við ákvæðin um ríkisstjórnina. Og, svo það sé alveg skýrt, þá er það þessi þrenns konar ábyrgð, að hver ráðherra ber ábyrgð á sinni embættisfærslu í sínu ráðuneyti á sínum málaflokkum, það er svona meginreglan. En í öðru lagi, þegar ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun sameiginlega, þá bera allir ráðherrarnir ábyrgð á þeirri ákvörðun, eins og ég sagði áðan, og það þá svona kannski undantekningin eða sérreglan. Og svo í þriðja lagi, þá gilda orðið sérreglur um forsætisráðherra þar að auki: Hann ber líka ábyrgð á verkstjórn ríkisstjórnarinnar og á að halda ríkisstjórnarfundi, halda öðrum ráðherrum upplýstum og á meginatriðum stjórnarstefnunnar.

Þannig að við erum að vona það, að þessi uppsetning mæti þessum markmiðum, þeirri gagnrýni sem að fram hefur komið og öllum eru náttúrulega ljósir ýmsir gallar sem eru á kerfinu hjá okkur í dag. Við viljum semsagt að þetta sé sem skýrast, hver á að gera hvað, hver ber ábyrgð á hverju, og að stjórnin geti funkerað með svona, hvað eigum við að segja, skilvirkum hætti skv. þessum tillögum.

En þetta var nú svona það sem ég ætlaði aðallega að ræða um. Formaður fór náttúrulega hérna vel yfir aðrar greinar. Ég ætlaði aðeins að nefna í sambandi við fjárukalög og greiðsluheimildir: Þar höfum við verið að kanna málin og það virðist vera praxisinn að það hafi verið töluvert um það að fjármálaráðherra hafi fengið heimildir fyrir útgjöldum utan fjárlaga og afla þá þeirra heimilda semsagt eftir á. Við höfum skoðað hvernig þetta er í öðrum löndum, m.a. í Danmörku, og þar er kominn á allt annar og betri skikk á þessi mál. Og við erum með þessa grein þarna í tillögu 20 innan hornklofa vegna þess að við teljum að við munum geta komið þarna með allt annað og mun betra orðalag, sem að setur miklu betri agaramma utan um þessar greiðsluheimildir utan fjárlaga. Sú tillaga er bara ekki fullunnin vegna þess að við erum ennþá að afla upplýsinga og ætlum að tala við rétta fólkið til þess að gera þetta með réttum hætti. Þá held ég að ég hafi lokið máli mínu. Takk.

SN

Ómar Ragnarsson, gjörðu svo vel.

ÓR

Formaður, gott ráðsfolk og aðrir sem mál mitt heyrta. Ég þakka formanni B-nefndar fyrir mjög greinargóða skýrslu um þetta góða starf sem þessi nefnd hefur unnið og fagna því sem þarna kemur fram. Þótt kannski eigi eftir að ydda ýmislegt og færa til samræmis við annað sem aðrar nefndir hafa verið að gera hér og þar sem að ráðið mun komast að niðurstöðu um, að þá er þetta risaskref á eiginlega öllum sviðum. Í fyrsta lagi, að eitt af því sem leiddi til hrunsins með löngum aðdraganda var þetta, að smám saman myndaðist það ástand í stjórn máli á Íslandi, að hver ráðherra var kóngur í sínu ríki og þeir voru farnir í raun og veru að klóra hver öðrum á bakinu: „Þú færð frítt spil í þínu ráðuneyti ef ég fæ frítt spil í mínu ráðuneyti.“ Þannig að hugsunarhátturinn smám saman orðinn. Þetta var ekkert af því að þessir menn væru illa gerðir eða neitt slíkt, heldur einfaldlega: Lagaraminn og íslensk pólitík í heild, hún bauð upp á þetta. Nú hefur B-nefndin tekið á þessu með því að setja miklu skýrari og betri reglur um verkstjórn og ábyrgð hjá ríkisstjórn-

num og ráðherrum og ég fagna þessu mjög og vona að við getum komið þessu frá okkur í líkingu við það sem nú er komið í áfangaskjal. Í öðru lagi vil ég segja það, að þegar ég var í lagadeild fyrir hálfri öld, þá þótti mér ákvæðið um Landsdóm mjög undarlegt. Mér fannst það svona eins og einhvers staðar aftur úr einhverju sem að ég gat engan veginn skilið. Og mér fannst skýringar lagaprófessoranna benda til þess að þeir væru í vandræðum með þetta sjálfir, að útskýra þetta fyrir okkur laganemum. Og ég hugsaði þá: Hvernig í ósköpunum er hægt að atlast til þess að Alþingi geti gengt þessu hlutverk svo vel sé? Hvernig er búið með þessum ákvæðum að koma Alþingi hugsanlega í algjörlega óviðunandi stöðu, þar sem að Alþingi er að fjalla um mál sem snertir félaga alþingismanna, sem jafnvel sitja enn með þeim á þingi eða hafa setið með þeim á þingi eða í ríkisstjórnnum árum saman? Mér fannst þetta mjög skrytið á þessum tímum. Og þess vegna fagna ég mjög því sem B-nefndin hefur núna gert, að koma þessu í skaplegra horf. Ég bendi á, að í refsilögum, þá er til ákvæði um það, að aðgerðaleysi, t.d. á slysstað, það veldur refsíabýrgð. Og er þá einhver sérstakur dómur, einhver umferðardómstóll, sem dæmir um það? Eða eiga þeir sem eru á slysstað að fara að fjalla um það? Að sjálfsögðu ekki. Það fer undir óháð dómsvald, þar sem að hagsmunirnir eiga ekki að vera neindir. Og ég fagna því mjög að ef að þessi ráðherraábyrgð verður að þessu leyti færð yfir á þann vettvang, þar sem að þeir sem um dæma séu ekki í algjörlega óbærilegri aðstöðu. Í þriðja lagi, þá hefur verið fjallað um Lögréttu í C-nefnd, þannig að þetta skarast á milli nefnda. Og það er líka eitt framfaraskrefið sem ég fagna mjög og það hefur verið bara sérstök ánægja að sitja hér og hlusta á þig, Katrín mín, flytja okkur þennan boðskap hér. Það er bara dag eftir sem að við erum að færa hér málefni til þjóðarinnar sem hún á síðan eftir að fjalla um sjálf, dæma verk okkar og þetta er hver gleðidagurinn á fætur öðrum í mínum huga. Takk fyrir.

SN

Þorvaldur Gylfason, gjörðu svo vel.

ÞG

Já, formaður, virðulegu ráðsfulltrúar. Hvers vegna stöndum við hér? Við vorum hingað kvöld til að svara kalli þjóðar og þings eftir tillögum að nýrri stjórnarskrá í stað þeirrar bráðabirgðastjórnarskrár frá 1944 sem Alþingi hefur bráðum í 70 ár látið undir höfuð leggjast að endurskoða nema að litlu leyti. Og hvers vegna stöndum við hér nú? Það gerum við m.a. vegna þess að rannsóknarnefnd Alþingis mælti með endurskoðun stjórnarskrárinnar vegna hrunsins. Rannsóknarnefnd Alþingis benti á, líkt og aðrir hafa gert, að veikleikar í stjórnskipun landsins eru hluti vandans sem lagði Ísland á hliðina. Þeir eru hluti landslagsins sem að hrúnið spratt af. Og þar munar e.t.v. ekki minnst um óljós valdmörk og veikt mótvægi, veikleika sem gerðu framkvæmdarvaldinu kleift að fara sínu fram án nægs aðhalds og eftirlits af hálfu löggjafarvalds og dómsvalds. Og þetta skiptir miklu, m.a. vegna þess að hrúnið á Íslandi 2008 er mesta fjármálahrún sem mælt hefur á viðtekna kvarða frá mælingar hófust, eins og ég hef lýst á öðrum vettvangi. Um leið og ég þakka nefnd B fyrir tillögurnar,

sem hún hefur lagt fram til kynningar, um ríkisstjórn og ráðherra og til afgreiðslu um forseta Íslands síðar á þessum fundi, þá langar mig að ræða við ykkur frekar um valdmörk og mótvægi, sem enskumælandi þjóðir kalla „checks and balances“ og mig langar að ræða við ykkur færar leiðir til að treysta gagnkvæmt aðhald og eftirlit í stjórnskipun landsins í samhengi við þær tillögur frá B-nefndinni sem að við höfum nú til umfjöllunar.

Sumar líta svo á, að við þurfum að velja milli þingræðis af því tagi sem við höfum búið við – og sumir kalla „flokksræði“ – og forsetaræðis, sem má skoða sem samheiti yfir ýmsar hugmyndir um að framkvæmdarvaldið sé kjörið beint af þjóðinni án atbeina Alþingis, nú eða að þjóðkjörnum forseta Íslands séu falin ný verkefni. Þingræði og forsetaræði eru í mínum huga falskar andstæður. Við þurfum ekki að binda okkur við annað hvort mastrið. Ég tel að hægt sé að setta þessi sjónarmið og fara bil beggja í nýrri stjórnskipan sem nýtir kosti beggja kerfa. Hugsunin er þessi: Framkvæmdarvaldið hefur seilst of langt innan þingræðisskipulags okkar. Skýrari valdmörk og sterkara mótvægi er hægt að tryggja með tvennu móti: Annars vegar með því að færa frá framkvæmdarvaldinu ýmis verkefni sem því hefur hingað til verið falið að sinna og hins vegar með því að reisa trausta eldveggi milli ólíkra valdpáttá. Tökum verkaskiptinguna fyrst. Við höfum þegar kynnt fyrir almenningi tillögur um að færa valdið til að skipa dómara frá innanríkisráðherra til forseta Íslands. Í áfangaskjali okkar stendur nú: „Forseti Íslands skipar dómara eða setur þá í embætti og veitir þeim lausn án tillögu ráðherra. Tryggt skal með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embætta dómara. Lögbundin nefnd skal meta hæfi umsækjenda. Velji forseti ekki í embætti dómara einn þeirra sem nefndin telur hæfasta, er skipun háð samþykki Alþingis. Við eigum að vísu eftir að taka afstöðu til þess hvort það á að vera forseti Íslands sem skipar dómara og hvort hann gerir það án tillögu ráðherra en ekki. Ég legg til að forseta Íslands sé fært valdið til að skipa dómara án tillögu ráðherra og ég lít á þá tillögu sem fyrsta skrefið af mörgum í átt að sama valddreifingarmarki. Önnur skref að settu marki væru ákvæði sem gætu hljóðað svo: „Forseti Íslands skipar forstjóra Þjóðhagsstofnunar sem fylgist með árferði og afkomu þjóðarbúsins, vinnu að hagrannsóknum og er ríkisstjórn og Alþingi til ráðuneytis í efnahagsmálum skv. lögum. Forseti Íslands skipar forstjóra Íslands sem vinnur að opinberri hagskýrslugerð skv. lögum. Forseti Íslands skipar forstjóra Ríkisendurskoðunar sem endurskoðar ríkisreikning og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur á fjárvörslu á vegum ríkisins skv. lögum. Forseti Íslands skipar forstjóra Fjármálaeftirlits sem hefur opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og fylgist með að hún sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem gilda um starfsemi. Forseti Íslands skipar forstjóra Samkeppniseftirlits sem miðar að því að efla virka samkeppni í viðskiptum skv. lögum. Forseti Íslands skipar umboðsmann Alþingis til að hafa eftir með stjórnýslu ríkis og sveitarfélaga skv. lögum og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum. Forseti Íslands skipar forstjóra Seðlabanka Íslands sem ber skv. lögum að stuðla að stöðugu verðlagi og framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.“

Með slíkum ákvæðum væru slegna tvær flugur í einu höggi. Í fyrsta lagi væri tekið af framkvæmdarvaldinu tæki til að raða mönnum handgengnum ríkisstjórnar-flokkum á hverjum tíma í mikilvæg forystustörf í stjórnáslunni, svo sem ærin brögð hafa verið af á liðinni tíð og eru enn. Til viðmiðunar má nefna að forseti Finnlands skipar Seðlabankastjóra þar í landi skv. lögum. Í annan stað væri mikilvægum stofnunum ríkisins veitt vernd í stjórnarskrá og þá um leið girt fyrir hættuna á að Alþingi leggi þessar stofnanir niður með lögum, svo sem gert var við Þjóðhagsstofnun fyrir fáeinum árum, með illum afleiðingum. Hér er gert ráð fyrir endurreisn Þjóðhagsstofnunar, skv. tilmælum í stjórnarskrá. Stofnanirnar sem ég hef tilgreint þurfa, með almannahag að leiðarljósi, að vera sjálfstæðar gagnvart framkvæmdarvaldinu. Hægt væri að lengja listann.

Eftir þessari tillögu gæti forseti Íslands ekki skipað forstjóra þessara stofnana upp á sitt eindæmi, heldur hefði hann sé við hlið lögbundna nefnd, helst með erlendum sérfræðingum eftir atvikum, svo sem tíðkast við ráðningu prófessor í Háskóla Íslands og eins og segir í áfangaskjalinu um skipun dómara, sem ég las upp úr áðan. Forseti Íslands þyrfti því að sæta aðhaldi og eftirliti lögbundinnar nefndar sérfræðinga og einnig Alþingis og forsetinn þyrfti auk þess að axla ábyrgð á þessum embættaveitingum sínum, eins og öðrum, skv. ákvæði í stjórnarskrá eða lögum.

Og snúum okkur sem snöggvast að eldveggjunum. Mig langar, í samræmi við tillögu okkar Ómars Ragnarssonar á fyrri stigum máls, að fjalla um aðkomu forseta Íslands að stjórnarmyndunum. Sko, textinn um stjórnarmyndanir í nýrri stjórnarskrá gæti, að tillögu okkar Ómars, hljóðað svo að hluta: „Þegar skipa skal forsætisráðherra leggur forseti Íslands fram tillögu eftir samráð við þingflokka og alþingismenn. Hafi tillögu forseta verið hafnað fjórum sinnum, getur hann annað hvort rofið þing og boðað til alþingiskosninga eða skipað forsætisráðherra utanþingsstjórnar. Samþykki Alþingi ekki tillögu forseta um forsætisráðherra utanþingsstjórnar getur forseti lagt málið undir atkvæði allra atkvæðisbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Hafni Alþingi lagafrumvarpi utanþingsstjórnar getur forseti skotið málinu til þjóðarinnar. Ef Alþingi samþykkir tillögu um forsætisráðherra ákveður forsætisráðherrann skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim. Þá tilnefnir hann eða hún ríkisstjórn sína og tilkynnir forseta Alþingis sem fljótt sem verða má. Forseti Íslands skipar forsætisráðherra fyrir hönd Alþingis og veitir honum eða henni lausn og forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn.“ Og lokaatriðið er þetta: „Samþykki Alþingi vantraust á ríkisstjórn er forseta Íslands því aðeins skylt að veita henni lausn frá störfum, að Alþingi samþykki tillögu um forsætisráðherra sem njóti trausts þingsins.“

Sjáði, þessar tillögur eru ekki bornar fram að tilefnislausu. Samkvæmt þessum tillögum þarf Alþingi að deila stjórnarmyndunarvaldi sínu með forseta Íslands, svo sem reynt getur nauðsynlegt myndist gjá milli þings og þjóðar. Sú staða getur komið upp og kom upp 1942, að Alþingi sé ófært um að mynda ríkisstjórn, enda þótt kjósið sé til þings oftar en einu sinni með stuttu millibili. Við slíkar aðstæður þarf forseti Íslands að hafa heimild í stjórnarskrá til að skipa utanþings-

stjórn, svo sem Ólafur Jóhannesson prófessor lagði til 1945. Og þörf er á slíku ákvæði um aðild forseta Íslands að stjórnarmyndunum óháð því hvort ráðherrar koma úr röðum þingmanna eða eru utan þings, svo sem tillögur ráðsins gera ráð fyrir. Væri Alþingi einu falin stjórnarmyndun án aðkomu forseta Íslands, ykist hættan á flokksræði og tilheyrandi ofríki framkvæmdarvaldsins með gamla laginu í andstöðu við almannahag. Aðkomu forseta Íslands, skv. tillögu minni, er ætlað að tryggja gagnkvæmt aðhald og öryggi.

Að lokum þetta. Höfuðtilgangur þessara tillagna um auknið hlutverk forseta Íslands er þríþættur: Tillögurnar miða í fyrsta lagi að betra jafnvægi milli framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómvalds. Þær miða í öðru lagi að sjálfstæðari og sterkari stjórnáslu, þar sem starfshæfni er höfð í fyrirrúmi og landlægum klíkuskap er vísað á bug, svo sem rannsóknarnefnd Alþingis lýsti eftir. Og tillögurnar miða í þriðja og síðasta lagi að því að sætta og sameina kosti þingræðis og þjóðkjörins framkvæmdarvalds því að forseti Íslands er kjörinn af þjóðinni. Aukið hlutverk forsetans má skoða sem auknið aðhald almennings að framkvæmdarvaldinu, enda kveði ný stjórnarskrá á um að forseti Íslands sé kjörinn á þann veg, að hann hafi meirihluta kjósenda að baki sér. Ég þakka fyrir.

SN

Þorkell Helgason, gjörðu svo vel.

ÞH

Já, formaður og fundarstjóri og góðir meðfulltrúar og aðrir sem á heyra. Það er nú erfitt að taka til máls um titlingaskít eftir svona skelegga ræðu eins og Þorvaldur flutti hér og ég vil hvetja nefndina til að íhuga hans mál vel. Ég er að mörgu sammála því sem hann sagði um að forsetinn ætti að hafa visst eftirlitshlutverk og styð þá tillögu í minni nefnd, C-nefnd, að forsetinn komi að lokaákvörðun um skipan dómara að undangenginni umsögn fagnefndar um það. Þess vegna vil ég biðja nefndina að íhuga gaumgæfilega sitt síðasta innlegg í plagginu, sem Katrín var að veifa hérna áðan, um ákærvald og ríkissaksóknara, að þar standi „forseti“ en ekki „ráðherra“ að skipan ríkissaksóknara. Bæði þar og í tillögu C-nefndar um skipan dómara eru síðan ákvæði þess efnis að ef að forseti velur einhvern annan en þann sem er í flokki þeirra hæfustu, þá komi til kasta Alþingis. En orðalagið um það er ekki sama hjá C-nefnd og B-nefnd. Mér finnst að þetta þurfi að samræma. Mér sem verandi í B-nefnd finnst að sjálfsögðu orðalagið hjá okkur betra. En þið metið það. En þetta þarf, í alvöru talað, að samræma.

En þá langar mig að fara í svona kannski aukaatriði – og þó. Þorvaldur nefndi umboðsmann Alþingis sem að mér finnst nú að ætti að heita umboðsmaður almennings eða umboðsmaður þjóðarinnar og ég held að það færi vel á því að forseti skipaði hann. Ég veit ekki hvort að einhver nefndin er búin að taka á tilvist umboðsmanns Alþingis. Ég held að það sé það mikilvægt embætti, hvort sem hann heitir áfram umboðsmaður Alþingis eða umboðsmaður almennings, að það ætti að vera í stjórnarskrá.

Nú, en þá byrja ég nú á smáatriðunum og ætla nú að byrja... Ég tek þetta bara í þeirri röð sem ég hef krotað það hérna niður og byrja á algjöru aukaatriði. Það er á stöku stað í þessum plöggu vitnað í finnsku stjórnar-

skrána og innan sviga á ensku. Það finnst mér ekki gott í skjölum sem frá okkur fara. Sænska er annað ríkismál Finna og mér finnst að það eigi að vitna í þetta á sænsku og bið þá sem að ritstýra þessum plöggum að gaumgæfa vel alls staðar. Mér finnst að við eigum að vitna í norrænu málin á norrænum tungum, í þýsku á þýsku og jafnvel í frönsku á frönsku en ekki nota ensku nema í algjörum neyðartilvikum sem eitthvað millimál.

En þetta var nú kannski ekki stóra málið. Vilhjálmur er nú búinn að gera það umtalsefni af hverju ekki var farið alfarið þá leið að hafa ríkisstjórnina fjölskipað stjórnvald. Hann nefndi Finnland og Svíþjóð sem dæmi um norræn lönd sem hafa það. Ég veit ekki betur en að norska ríkisstjórnin sé líka fjölskipuð. Ég held að það sé bara Danmörk og Ísland sem eru með þetta ein-ráðherraræði. Á hinn bóginn kann að vera að þetta sé góð málamiðlun sem að er lögð til laga um hjá nefndinni. Við þurfum kannski bara að íhuga það gaumgæfilega.

En ríkisráð er lagt niður og það er vissulega, eins og það er í dag, botnlangi sem má fjarlægja. En ég hefði nú frekar kosið að lífga ríkisráðið við og það sé svona formlegir fundir þar sem forseti hlýðir á mál ríkisstjórnarinnar bara til þess að tryggj sé að það heyri þá allir ráðherrar það sem aðrir ráðherrar eru að makka. Þarna er ég aftur með það í huga að forsetinn sé svona viss eftirlitsaðili fyrir hönd þjóðarinnar. Ég kann ekki að koma orðum að þessu hér og nú en þá verður einhvern veginn að sjálfsgöðu að búa svo um hnútana að þessir ríkisráðsfundir séu ekki bara haldnir eftir á. Ég tel nú reyndar, að þetta fyrirkomulag að halda þá bara við hátíðleg tækifæri, á gamlársdag og 17. júní og eitthvað svoliðis, brjóta nú hreinlega í bága við gildandi stjórnarskrá. Því það segir berum orðum um ríkisráð, að það skuli halda þá um mikilvæg málefni.

Þá nýtt ég næst um 9. liðinn, Bráðabirgðalög, sem að mér skildist á máli Katrínar að nefndin væri jafnvel að hugsa um að taka það ákvæði alfarið í burtu. En þó er það hérna inni í þessu plaggi, ef ég skil þetta rétt. Ég hvet nú nefndina til að kanna það vel hjá stjórn-sýslunni hvort að ekki kunni að vera nauðsyn á að hafa heimild til bráðabirgðalaga í einhverjum neyðartilvikum. Það mætti jafnvel þá kveða svo á um að Alþingi verði að kalla innan þriggja til þess að samþykka þau bráðabirgðalög eða fella. En það gæti komið upp sú aðstæða að það myndir reyna á þetta. Það segir hérna í tillögu B-nefndar um bráðabirgðalög, þ.e.a.s. ef ákvæðið á að vera inni og það er tekið upp úr gildandi stjórnarskrá efnislega: „Þau [þ.e.a.s. bráðabirgðalögin] verða að vera í samræmi við stjórnarskrána.“ Þetta finnst mér nú vera sjálfgefið. Lög verða öll að vera í samræmi við stjórnarskrá. Ég held að hugsunin sé þarna frekar sú – hana mætti frekar setja þá á blað – að ekki má breyta stjórnarskránni með bráðabirgðalögum. Ég held að það hafi upphaflega verið meiningin. Ég hvet nefndina til að láta kanna þetta betur jústískt.

Tíunda: Ráðherraábyrgð, í 2. mgr.: „Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd ákveður, að undangenginni könnun, hvort hefji skuli rannsókn á embættisfærslu ráðherra.“ Þetta „að undangenginni könnun“ finnst mér eilítið losaralegt. Þó að það hafi nú að einhverju leyti komið fram hérna í máli foringja nefndarinnar, þá spyr ég hvað þetta í rauninni merkir. Í lok þessarar málsgreinar er vísað í að mál um ráðherraábyrgð af

þessu tagi, sem ég fagna – það er breytt frá því sem er í gildandi lögum, ég fagna þessu – að það skuli enda fyrir hæstarétti. Og eins og þið vitið þá hefur C-nefndin lagt fram tillögu um hvernig hæstiréttur skuli starfa í slíkum málum. Þarna þarf að samræma orðalag og vísa, held ég, fram og til baka milli þessara laga-ákvæða. Þetta er nú svona ritstjórnatriði kannski.

Þá vil ég næst staldra við 17. og 18. lið og það er nú kannski lítilræði, bara orðalagsatriði. Í 17. lið segir í lok 1. mgr.: „Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.“ En 1. mgr. þá má ekki breyta honum né „taka hann af“. Þetta er hvort tveggja sótt í stjórnarskrár-ákvæðin eins og þau eru og kann að vera að menn vilji vera íhaldssöm þarna og breyta engu. En einhvern hljómar þetta nú hjákátlega að vera með mismunandi orðalag og „taka af skatt“ er nú ekkert ógurlega íslenskulegt, finnst mér. En þá er það aðeins bitastæðara atriði í 18. gr., 3. mgr.: „Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins.“ Ég veit alveg hvað þetta þýðir lagalega en ég held að almenningur skilji ekki orðið „fasteignir“ í hinum lagalega skilningi. Það sé bara fyrir sér hús, í hæsta lagi brýr, jafnvel ekki vegi og allra síst kvóta eða eitthvað þvumlíkt. Ég veit ekki hvort það er hægt að finna eitthvað almennara og skiljanlegra orð og lýsa því síðan einhvern veginn í greinargerð hvað þetta merki lögfræðilega. Það er að vísu alltaf hættan ef að verið er að breyta orðum frá gildandi stjórnarskrá, að menn fari þá að mistúlka það. Ég er ekki að leggja til einhverja breytingu á efnisinnihaldi, bara vek athygli á því – af því að við erum að reyna að keppa að því að hafa þetta allt á máli sem almenningur skilur – að íhuga hvort þarna sé hægt að finna annað orð. Ég vil ljúka þessu með því að segja að ég fagna þessu, tillögu nefndarinnar, mjög og þakka henni fyrir afar gott starf og hvet hana til þess að ljúka þessu m.a. með það í huga sem ég hef nefnt. Takk fyrir.

SN:

Við ætlum að gera núna tíu mínútna fundarhlé og koma tíu mínútur fyrir ellefu.

SN

Þá er fundi fram haldið og næstur tekur til máls Erlingur Sigurðarson. Gjörðu svo vel.

ES

Formaður, góðir fulltrúar, þið sem viðstaddir eruð og þið sem eruð að horfa vonandi, ykkur heilsa ég líka. Forsetaembættið hefur alltaf verið svolítið umdeilt hvort ætti að vera eða ekki.

Þetta var skipað... Það er ennþá í gildi tilskipun um ríkisstjóra þar sem er gert ráð fyrir að forsetaembættið sitji – það var ríkisstjóraembættið þá - sem sagt í ríkisráði og að ríkisstjórnin komi þarna út. Og það er atriði sem við ættum að hafa í huga, eftir ábendingu Þorkels, þ.e. hvort það var tilfellið að hrunið mætti kannski rekja til þess samkomuleysis ríkisstjórnarinnar og ráðleysis, að hún hélt ekki reglulega fundi. Og þetta atriði þarf að hafa í huga, hvers eðlis embætti forseta á að vera. Ég vil að embætti forseta sé virðulegt embætti og það er komið uppi, núna þegar þetta stendur uppi, fyrsta tillagan á blaðinu er um það að skilgreina hverjir farið með valdið, að forsetinn er tekinn út af lög-gjafarvaldinu og sett sérstaklega að hann fari með þau

mál er greinir í stjórnarskrá þessari. Hver eru þessi mál? Þau eru nánast ekki nein. Og það er það sem ég vil ekki una. Ég una því illa, að mér hugnast ekki þjóðhöfðingjaembætti sem samsett er úr því sem afgangsverður, sem enginn vill nýta. Þess vegna hef ég gert tillögu um það í nefndinni, B-nefndinni, að það yrði farið yfir atriði embættis forseta og sannast sagna gekk það ekki mikið í gegn; aukinn meirihluti nefndarinnar var á öðru máli. Þrátt fyrir það að á opnum nefndarfundum í fyrradag hafi fengi[st] ábendingar frá utannefndarmönnum sem voru ekki sama sinnis og meirihluti nefndarinnar, öllum saman sem tjáðu sig. Þetta verður að vinna betur. Við getum ekki haft forsetaembætti án þess að skilgreina það, hlutverkið. Þess vegna er punkturinn kominn yfir i-ið en það er eftir að skrifa i-ið, eins og ég sagði um daginn.

Hlutverk forseta við löggjöfina væri að taka við lögnum fyrir hönd þjóðarinnar úr hendi Alþingisforseta sem afhenti þau fyrir hönd þingsins til þjóðarinnar. Nú, það er spurt um hinn eilífa málskotsrétt sem ég vil kalla neitunarvald, sem væri kannski eðlilegra að hann hefði, en það félli þá ef þjóðin væri sama sinnis og hann og fellði málið, þ.e. að samþykktu tillögnum myndi forseti segja af sér, leggja sig undir. En það er ekki meginmálið. Meginmálið er að við setjum – ég mun ræða það betur í umræðu um forsetakaflann á eftir – en ég held að við verðum að skilgreina hér inn og skrifa greinarnar og vísa því til heimildar til næsta ráðsfundar, í næstu viku, að skrifa greinarnar um staðfestingu laga, hverjir staðfesta lög og hvernig og eins um hlutverk forsta samkvæmt stjórnarskrá þessari.

Þorvaldur Gylfason flutti hér góða ræðu áðan, afbragðs ræðu. Ég held við ættum að taka tillit til hennar og thuga hvað hann var að segja. Hann færði glögg rök fram fyrir því að forseti færi með aukið vald og það er, held ég, besta tryggingin fyrir því að valdið sé lítt pólitísk, sist flokkspólitískt. Það er gallinn við þessa tillögu sem kemur frá nefndinni um skipan ríkisstjórnar og aðferðina, að þetta verður sama kraðakið úr þessu öllu saman. Það eru ekki ljós mörk löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Löggjafarvaldið á að fara að ráða yfir framkvæmdarvaldinu núna en það gerir það varasamt nema að það sé sami meirihluti sem að sér um allt. Kannski aukinn meirihluti með forseta þingsins líka en það er ekki hægt að löggjafarvaldið hafið eftirlit með sjálfu sér stöðugt. Þó að rannsóknarnefndin verði sett á stofn, þá verður hún skipuð af mönnum úr sama meirihluta og ræður ríkisstjórninni. Þess vegna eru þarna stofnanir, eftirlitsstofnanir, sem þurfa að vera óháðar og öðrum en þjóðinni. Alþingi og ráðuneyti geta skipað eitthvað eða gert tillögur um en forseti staðfestir fyrir hönd þjóðarinnar. Ég sé fyrir mér æðstu embættismenn, dómara skilyrðislaust og forsætisráðherra og þessa embættismenn eins og ríkissaksóknara, sem mér finnst bara alvarlegt mál ef að á að leggja í hendur á pólitískum ráðherra, þegar að hitt er í boði. Og röksemdir upp á það að það sé ekki hægt að leggja að forseta að standa í skipunum sem að verði umdeildar og leiði til málaferðal – það verður bara að hafa það. Forseti er þjóðkjörinn fulltrúi þjóðarinnar og hann hefur umboð sitt sem slíkur. Og það eru fleiri stofnanir eins og umboðsmaður Alþingis og sem Þorvaldur Gylfason taldi en þetta mætti útfæra í lögum með einu stuttu atriði, bara skipan helstu embættismanna og forstöðumanna sjálfstæðra opinberra stofnanna. Auk

þess væri forsætisráðherra að sjálfsögðu... Það þarf að fá þjóðhöfðingjanum aðild að stjórninni líka og veita það eftirlitsvald sem að framkvæmdarvaldinu og löggjafarvaldinu er nauðsyn á að komi frá öðrum þætti. Það yrði í raun og veru fjórskipt vald: dómsvald, löggjafarvald og framkvæmdarvald og síðan eftirlitshlutverkið, sem er umboðsmaður þjóðarinnar tékkar á þessu öllu saman: valdinu gegn þjóðinni. Ég mun ræða meira um þetta þegar embætti forseta kemur til umræðu hér á eftir.

SN

Næstur á mælendaskrá er Andrés Magnússon og ég ætla að loka mælendaskrá um þennan lið þegar hann hefur lokið máli sínu. Ég vil líka benda á að, eins og kom fram hérna í lok máls hjá Erlingi, að það eru tillögur lagðar fram hjá B-nefnd um forseta Íslands, þannig að það er ágætt ef við reynum að halda okkur við aðrar greinar kannski í þessari umferð og förum svo nánar í forsetann þegar þær greinar eru til umræðu, þó þær komi líka inn á því það er 1. greinin. En það ágætt líka að við tækjum umræðu um hin atriðin sem eru lögð fram hér til kynningar. En síðan verður sérstök kynning hjá formanni B-nefndar á tillögum sem eru kynntar til afgreiðslu um forseta Íslands. Andrés Magnússon, þú ert næstur. Gjörðu svo vel.

AM

Kæru ráðsfulltrúar, þið sem heima sitjið, áhorfendur og síðast en ekki síst kæri formaður. Mig langar að þakka Katrínu Fjeldsted, formanni nefndar B, fyrir skörulega framsögn á ágætum tillögum. Þeim ber mjög að fagna. Ég er líka mjög sammála tillögum Vilmundar Gylfasonar. Fyrirgefðu – Þorvaldur Gylfasonar – afsakið og Erlings Sigurðarsonar. Ég vona að ég fer rétt með nafn hans. En mig langar að byrja á grein númer 17: „Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.“ Ég hef verið að leita að fyrirmynd þessarar greinar í öðrum stjórnarskrám og ætla nú einmitt, að hætti Þorvaldar, að lesa upp úr stjórnarskrám annarra landa. Hér er sú bandaríska: „Sambandsþingið hefur vald til þess leggja á og innheimta skatta, tolla, álögur og gjöld til að greiða skuldi, sjá fyrir sameiginlegri landvernd og velferð Bandaríkjanna.“ Hér er ekki talað neitt um þessa klausúlu: „þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu“. 43. grein dönsku stjórnarskrá, sem við sníðum okkar stjórnarskrá eftir, hljómar svona: „Engan skatt má á leggja né breyta né aftaka nema með lögum. Ekki má heldur kalla fólk til herþjónustu“ o.s.frv. Þannig að það er ekki orð um þetta, enda segja mér lögfróðir menn hér á þinginu, að þessi grein hafi komið inn 1995 á Íslandi. Og mig langar þá að biðja formann nefndar B hvort hún gæti beðið lögfróðan ritara sinn að kanna í stjórnarskrá hvaða landa þetta er. Ég fann þetta það í fljótu bragði ekki í þýsku og svo framvegis. Þá er spurningin: Hvers vegna þarf þetta ákvæði að vera í íslensku þegar aðrir telja sig ekki þurfa þess. Ég held reyndar að ég sé kominn með skýringuna á af hverju engum öðrum hefur dottið þetta í hug en Íslendingar, vegna þess að ég sé ekki betur en þetta banni auðlindaskatt og fasteignaskatt. Það er verið að leggja fasteignaskatt á eign sem varð til áður en lögin voru sett. Þannig að mér sýnist þetta vera dálítið

skoffin. Ég bið nefnd B að athuga hvort þetta stangist á við fasteignaskatt og auðlindaskatt.

Nú, þá er það 18. greinin, skattlagningarvald. Þarna erum við aftur að taka á málum sem voru virkilegt vandamál áreiðanlega einhvern tímann fyrir 50 árum síðan eða einhverjum áratugum. Það er allt annað vandamál í dag og við megum ekki gleyma því að þegar menn voru að skrifa stjórnarskrár hérna í örófi alda, að þá voru þeir að taka á vandamálum samtímans. En vandamál samtímans er einmitt sala ríkiseigna. Það var gerð athugasemd við fasteignir. Ég ítreka það sem ég hef sagt áður: Hvað t.d. ef menn ætla að selja skuldasafn Íbúðalánasjóðs o.s.frv., telst það fasteign? Hvort það sé hægt að finna eitthvað sem nær betur utan um þetta.

Og síðan er annað vandamál, það er semsé uppsafnaður auður þjóðarinnar, það sem við höfum verið að borga í skatt, foreldrar okkar og afar: allar þessar eignir hurfu bara allt í einu. Allt í einu urðu þær bara ekki lengur í eigu okkar. Þær voru, ja, sumir segja seldar, aðrir segja gefnar fólki. Og ég hef talað við marga menn sem er mjög áfjád um að það verði gert eitthvað í sambandi við sölu ríkiseigna. Og ég var búinn að setja eitthvað svona hjá mér. Ég get látið nefndina fá þetta á eftir: „Ríkiseignir skulu ávallt seldar á uppboðum öllum aðgengilegum“ til dæmis. Og stórkostlegt vandamál er jú þegar er verið að selja ríkiseignir og margir segja að þær séu yfirleitt aldrei borgaðar. Allar þessar stærstu ríkiseignir sem hafi verið seldar, þær hafi verið greiddar. Og það er líka vandamál þegar er verið að selja t.d. ríkisbankana og stórfyrirtæki, að það er samið við ákveðinn hóp manna fyrirfram. Í Noregi, þar sem ég þekki til, þegar Telenor eða símafyrirtækið var selt, þá máttu allir kaupa hlutabréf, það var ekki samið við einn né neinn fyrirfram. Og þetta tel ég mjög til bóta og koma í veg fyrir spillingu. Og þetta hefur verið svakalegt vandamál. Og ég var að reyna að berja saman einhverju svona eins og: „Hlutabréf í ríkisfyrirtæki skuli aldrei seld hópi manna fyrirfram, heldur skulu öll hlutabréf standa öllum til boða.“ Og athuga hvort hægt sé að setja eitthvað svona inn. Þetta er kannski langt mál og kauðslegt en mörgum finnst þetta alveg svakalegt að horfa upp á það þegar eignir þeirra allt í einu hverfa. Það var 19.

Og síðan er það sú 20.: „Enga greiðslu má inna af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum“ o.s.frv. „Fjármálaráðherra getur þó...“ Málið er bara það, að það er ekkert fjármálaráðherra sem að er að ráðstafa og gefa eignir okkar, heldur það er kannski Seðlabankastjóri eða bankastjóri ríkisbankanna. Til dæmis hikaði Seðlabankastjóri ekki við að dæla út hundruðum milljarða – hundruðum milljarða – til einstakra fyrirtækja rétt fyrir hrún og eru þar miklu, miklu meiri upphæðir heldur en verið er að tala um hér í 20. grein sem fjármálaráðherra er af og til að deila út. Þannig að þetta er pínulítið *passé* eða þetta er grein sem átti ágætlega við hér fyrir 50 en endurspeglar ekki nútímann að mínu mati. Ég veit hins vegar ekki hvornig er hægt að glíma við þetta en bið nefndina aðeins að velta þessu fyrir sér, að stærstu upphæðirnar eru ekkert að fara út í gegnum ráðherrana, heldur í gegnum ýmsa embættismenn eins og Seðlabankastjóra. Ég ætla þá að tala bara seinna um þessar ágætu tillögur Erlings og Þorvaldar síðar. Takk fyrir.

SN

Þá er Eiríkur Bergmann Einarsson næstur á dagskrá. Gjörðu svo vel.

EBE

Já, kærur félagar. Ég vil þakka kærlega fyrir þessa umræðu um tillögur okkar sem hér hafa verið lagðar fram. Formaðurinn fór vel yfir þær og svo hefur ýmislegt verið nefnt hér ansi áhugavert. En mig langar til þess að skýra ögn þann hugsunargang sem við höfum unnið eftir út af þessari umræðu sem upp hefur komið um hugsanlegt hlutverk forseta Íslands. Nú, við höfum unnið að því marki að skýra alls staðar í öllum okkar tillögum mjög vel ábyrgðarhlutverkin: að valdi fylgi ávallt ábyrgð og ábyrgð fylgi alltaf valdi. Nú, við höfum unnið, eins og þið þekkið, innan þingræðiskerfisins að því marki að skilja sem allra, allra best á milli valdpáttanna og upphefja Alþingi og veita því nægjanleg tæki og nægjanlega beitt tæki til þess að hafa raunverulegt eftirlit með ríkisstjórninni. Nú, annað sem við höfum gert er að hreinsa upp þetta leppsorðalag í ríkisstjórninni, þannig að það sé bókstaflega sagt hver geri hvað. Það auðvitað bitnar svoltið á forseta Íslands, því að í núverandi stjórnarskrá er hann sagður gera alls konar hluti sem að hann sannarlega gerir ekki og það er eiginlega einkum það sem við höfum gert í þeim efnum er að hreinsa þetta tvennt upp.

Varðandi þá klásúlu okkar hér, varðandi skipun ríkissaksóknara og ákærvaldsins, þá er það einnig innan þessarar hugsunar okkar um að ábyrgð fylgi ávallt valdi og hægt að draga skipunaraðilinn til ábyrgðar. Það er ekki til neitt sem heitir óumdeilt ráðningarferli eða óumdeild ráning hjá hinu opinbera. Allt okkrar tvímælis þá gert er og þess vegna ríður á að ábyrgðin sé skýr. Eins og á við í þessu tilviki, þá er gert ráð fyrir lögskipaðri ráðningarnefnd. Slík nefnd er ekki endilega óskeikul, eins og við þekkjum þar sem að ráðningarnefndir eru viðhafðar. Þær verður oft til klíkuraði. Þannig að skipunin er í okkar tilviki í höndum ráðherra en sendum þann svera varnagla, að ráði ráðherrann ekki úr hópi þeirra sem fá efsta mat ráðningarnefndar, að þá þurfi hvorki meira né minna ⅔ á Alþingi til þess að samþykkja þessa ráðningu. Ráðherrann er eigi að síður pólitískt og lagalega ábyrgur fyrir ráðningunni og það er hægt að draga hann fyrir dóm. Það er hægt að kæra hann til umboðsmans Alþingis eða jafnréttisráðs eða hvaða stjórnvalds sem að málinu tilheyrir og að lokum fyrir dóm. Við sjáum það semsé fyrir okkur, að þarna sé pólitísk ábyrgð sem þessu verði að fylgja.

Nú, ég er þeirrar skoðunar um forsetaembættið að hann eigi að vera þjóðhöfðingi og ekki partur af hinu pólitíska argabراسi og sjálfum þætti mér það ekkert sérstaklega svona dægileg tilhugsun að hugsa til þess að það sé sífellt verið að kæra forsetann fyrir ómál-efnalega ráðningu og hugsanlega forseta sem hafi nokkra dóma á bakinu vegna ráðningamála. Staðreynd málsins er nefnilega sú að það er ekki hægt að taka pólitíkina úr stjórnmalunum. Um leið og völd eru færð til, þá breytir það leiknum. Og ef forseta eru veitt umtalsverð völd, þá segir það sig sjálft að þar með munu stjórnamálaflökkarnir fara á eftir slíku embætti. Eða dettur einhverjum manni það í hug, að Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin munu ekki taka þátt í forsetakjöri ef þar væri ekki mikil völd verð völd sam-

félagsins? Ég held að við ættum að átta okkur á því.

Nú, ég vil líka undirstrika þessa hugsun í vinnu okkar, að hún hefur verið skýr frá upphafi, þ.e. að skilja þarna á milli þáttanna og tvíanna alltaf saman ábyrgð og vald og auka vægi Alþingis. Og þess vegna er það í mínum huga mjög brýnt að það sé í höndum Alþingis að mynda ríkisstjórnina, það sé í höndum Alþingis að kjósa umboðsmann Alþingis, enda er það alls staðar innan þingsins gert: umboðsmannshlutverkið kemur fram sem partur af þinglegu eftirliti. Það varð gríðarleg réttarbót á Íslandi og hafði mikil áhrif á valdþættina þegar Ríkisendurskoðun var færð frá fjármálaráðuneytinu til Alþingis og ég myndi ekki vilja sjá hana fara. Og það er bókstaflega, í mínum huga, forsenda fyrir þessari leið, sem við í B-nefndinni höfum farið, að þessari meginhugsun sé ekki raskað: að við séum að færa Alþingi nauðsynleg tæki til þess að sinna löggjafarhlutvekri sínu og eftirliti með framkvæmdarvaldinu. Ég hef hins vegar alla tíð verið þeirrar skoðunar að það gæti verið heppilegt að fara yfir í forsetaræðiskerfið, sem mér sýnist sumir vera að stinga upp á að við förum einhverja hálfu leið inn í. En þá myndi ég vilja fara alla leið og að forseti yrði hreinlega leiðtogi ríkisstjórnarinnar og hefði með höndum þau verkefni sem forsætisráðherra hefur núna. Hann yrði kosinn beinni kosningu og þar yrði skilið á milli og það finnst mér sjálfsagt. En mér finnst að þessir hlutir eigi að vera skýrir og í mínum huga hefur okkar vinna öll miðað að þessu. Og hún er heildstæð og felur í sér innbyrðis samræmi sem ég bið fólk um að hafa í huga. Takk fyrir.

SN

Pawel Bartoszek er næstur. Gjörðu svo vel.

PB

Já. Kæru vinir, takk fyrir framkomnar tillögur. Ég ætla að gera stöku athugasemdir við þrjár greinar.

Í lagi er það grein 10 um ráðherraábyrgð. Ég lýsi yfir ánægju með þá átt sem verið er að stefna í, að færa þetta inn í almenna dómskerfið eftir því sem hægt er. Ég velti því nú fyrir mér, þegar málum var háttað með þessum hætti, að það sé saksóknari sem kæri þá til Hæstaréttar hvort það sé hugsanlega ekki eðlilegra að þetta fari þá fyrir almenna dómstóla. Við skulum kannski bara beita litlu prófi og velja því fyrir okkur ef að kerfið væri þannig, að ráðherra væri sóttur fyrir almennum dómstólum og gæti síðan áfrýjað til Hæstaréttar, værum við að leggja til breytt kerfi? Værum við að leggja til að breyta kerfinu á þann veg, að þeir væru einungis kærðir fyrir einu dómstigi? Í öðru lagi er það greinin um starfstjórn. Því er nú svarað í tillögunum, í skýringunum, hvort að þetta eigi kannski við í færri tilfellum heldur en nú, í ljósi þess að tillögu um vantraust þarf alltaf að fylgja tillaga um eftirmann, þannig að í þeim tilfellum myndi þetta ekki taka gildi. En hins vegar í þeim tilfellum sem forsætisráðherra biðst lausnar, þá getur þetta átt við. Ég held hins vegar að setningin „Ráðherrar í starfsstjórn taka einungis þær ákvarðanir sem nauðsynlegur eru til rækslu starfa þeirra.“, ég held að hún sé kannski dálítið loðin. Mér fyndist kannski, eins rökrétt og þetta er pólitískt séð þá ætti þetta að vera með þessu hætti, þá sé rétt að öllu valdi sé alltaf fyrirkomið hjá einum aðila og jafnvel myndi ég tiltaka það sérstaklega að ráðherra í starfs-

stjórn hefur nákvæmlega sama vald og ráðherrar sem ekki eru í starfsstjórn, þ.e.a.s. ef að þingið vill á einhverjum tíma tilnefna einhvern annan í að vera forsætisráðherra og ráðherra, þá hefur það til þess fullt vald.

Nú, í þriðja lagi, þá er ég með s.s. líka hugmynd að breytingartillögu við gr. 19, sem ég ætla að útsýra aðeins. Ég hef sent hana formanni nefndar, það er grein um frumvarp til fjárlaga og þetta er svoltið í anda þess fyrirkomulags sem hefur verið lagt til í tengslum við vantraust: Þar sem tillögu um vantraust þarf alltaf að fylgja tillaga um eftirmann, þá legg ég upp þá hugmynd, að Alþingi samþykki fyrst heildarfjárhæð fjárlaga og síðan verði ekki heimilaðar breytingartillögur sem breyta þeirri heildarfjárhæð. Það myndi þá þýða, að breytingartillögur við fjárlög þyrftu þá að vera uppbyggilegri og ábyrgðari með þeim hætti, að tillögum um aukin útgjöld fylgi alltaf tillögur um hvernig þeirra skuli aflað eða niðurskurð á móti. Og ég tel að þetta gæti orðið mjög til bóta í allri umræðu um fjárlög á þingi. Það er auðvitað auðvelt að koma upp og bera upp endalaugar tillögur um aukin útgjöld til hinna og þessa góðu málaflokka, ef það er öðrum eftirlátið um hvernig þeirra beri að afla. Þetta fyrirkomulag þekki ég úr nokkrum löndum. En að öðru leyti þakka ég tilögurnar og gott hljóð. Takk.

SN

Ómar Ragnarsson, gjörðu svo vel.

ÓR

Já, formaður og gott ráðsfolk. Það er verið að tala um forsetann, blessaðan. Valdþættirnir eru orðnir fleiri heldur en þegar Montesquieu lagði fram sínar hugmyndir fyrir næstum þremur öldum um framkvæmdarvald, löggjafarvald og dómvald. Tæknilega er kominn nýr valdþáttur í þeim drögum sem við erum að leggja núna fram til stjórnarskrár, það er þjóðin. Þannig að nú geta mál farið á milli og það er gagnkvæmt eftirlit framkvæmdarvalds, löggjafarvalds dómvalds og þjóðarinnar. Spurningin er hvort sú valdtemprun og valddreifing sem við stefnum að sé nóg með þessu. Sumir kunna að halda það og þar með þurfi ekki að bæta fleiri þáttum við, eins og t.d. forsetavaldi. Ég vil nefna reyndar fleiri valdþætti sem við verðum að sjálfsögðu að líta yfir þegar við lítum yfir allt sviðið: það er fjölmiðlavald, það er fjármagnsvald og eitt vald sem aldrei hefur verið nefnt í þessum sal en verður að nefna, sem heitir embættismannavald. Þá spyrja menn: Er það svona svakalega mikið? Og sessunautur minn hérna, Katrín Fjeldsted, þekkir áreiðanlega embættismannavaldið hjá Reykjavíkurborg. Þetta þekkjá allir úti um allt land og hvergi hefur því verið lýst betur, heldur en með lýsingunni á Sir Humphrey og ráðherra hans í þáttunum „Já, ráðherra“. Ég tel að athuga megji að ráðuneytisstjórnar megji ekki gegna embætti lengur en 12 ár og minni á það ástand sem var í einu ráðuneytinu um árabíl, að þegar fólk kom og bað um viðtal við ráðherrann, þá var sagt við það: „Því miður, hann getur ekki talað við þig. En viltu ekki bara tala við Birgi sjálfan?“ [hlátur í sal] Og þá var átt við ráðuneytisstjórnann. Við þurfum að huga að þessu því þetta eru orðin feit embætti og góð embætti og ambáttarhugsunin dálítið fjarri oft á tíðum. Menn tala um það að... Ég

styð tillögur Þorvaldar Gylfasonar, set kannski aðeins spurningarmerki við Seðlabanka Íslands og ég tel algjörlega nauðsynlegt, jafnvel þótt að menn vilji ekkert með þessar tillögur okkar að gera, að það sé gert ráð fyrir því, að þingið ófært um að mynda ríkisstjórn, þá verður að vera til neyðarhemill sem að getur staðið að því að mynda utanþingsstjórn. Og það er bara einn aðili sem getur gert það. Það er hinn þjóðkjörni aðili, forseti Íslands. Við þurfum nefnilega að dreifa valdinu og tempra það eins og hægt er, vegna þess að það er þekkt í íþróttum að leikmenn ganga alltaf eins langt og dómarnir leyfir. Og þá þurfa dómarnir að vera margir og óháðir, svo að enginn þafi farið lengra en hæfilegt er. Menn segja að embætti forseta Íslands fylgi ábyrgð og hann verði bara einhvers konar ríki í ríkinu og þurfi ekki að standa reikningsskap gjörða sinna. Ég bendi á að við erum hér með reglur um það að megi víkja forseta frá ef hann „snappar“, eins og sagt er. Hann getur snappað pólitískt og þá getur þingið ákveðið að leggja það til að honum verði vikið frá eftir ákveðnum reglum. $\frac{3}{4}$ er hjá okkur, það má kannski hafa það lægra ef að menn vilja að ábyrgðin sé sýnileg fyrir forsetann. Hann þarf að standa reikningsskap gjörða sinna beint fyrir framan þjóðina einn allra á fjögurra ára fresti. Ég sé ekki betur en að eftirlit með forsetanum sé bara býsna gott. Ég vil halda inni málskotsrétti forseta, alveg á sama hátt og að hann eigi möguleika á að koma til hjálpar þegar þinginu mistekst alveg að ráða fram úr því hlutverki að skaffa ríkisstjórn fyrir landið. Þá segja menn: Hann er ekki sama sameiningartáknið og hann er annars. Ég bendi á það, að þjóðin sjálf hefur þá hugsun í gangi að tempra valdið og hefur sýnt það í öllum forsetakosningum frá 1952. Ævinlega hefur verið kosinn forseti í „þökk“ ríkjandi meirihlutavalds hjá þjóðinni. Þjóðin hefur túlkað þennan vilja sjálf meðvitað eða ómeðvitað. Og þess vegna tel ég að við eigum bara að setja það, að úr því að þessi maður er einn allra kjörinn beint af þjóðinni, þá fái hann vald til þess að beita sér þegar á þarf að halda og til þess að hafa eftirlit. Og þá spyrja menn: En getur hann þá komið fram sem sameiningartákn þjóðarinnar? Sko, þetta fer eftir stjórnálagprosku þjóðarinnar sjálfrar. Við skulum það, bara ef við lítum á þjóðhöfðingja annarra landa, að þá verður ekki annað séð en að þeir komi fram með fullri reisn og með samþykki þjóðar sinnar á stórum stundum eða sé fulltrúi hennar á alþjóðlegum samkomum og allir séu sáttir við það. Og bendi á, sem gott dæmi um það, George W. Bush: Meira að segja það álit sem margir höfðu á honum hindraði það ekki að þeir sem að voru honum andvígir í Bandaríkjunum eða víða um heim, tækju hann sem fullgilt sameiningartákn þjóðar sinnar þegar hann þurfti að koma fram á þann hátt. Að þessu leyti tel ég að það sé í því fólgin valdtemprun og æskileg valddreifing að forsetinn komi inn sem einn af þeim þáttum sem að reisa eldveggi á milli hvers annars og hafa eftirlit hver með öðrum og bæti þar með það stjórnafar, sem að því miður leiddi til hrunsins af því að leikmennirnir léku eins hart og dómarnir leyfði og það kemur í ljós að dómarnir leyfði of mikið. Takk.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir, gjörðu svo vel.

ÞÞ

Ágætu ráðsfélagar. Umræðan er kannski að beinast inn á brautir sem að maður átti nú kannski ekki von á fyrir en að næsta skjal veðri kynnt en það hafa þegar verið tekin til umræðu embætti forseta og við hljótum þá að halda þeirri umræðu áfram. Mér er ómögulegt að skilja hvernig menn geta haldið áfram að tala um að forsetinn geti gegnt svona mikilvægu hlutverki, eins og Erlingur og Þorvaldur og fleiri eru að ætla honum, og halda því fram í þeim töluðu orðum að hann sé ópólitískur. Um leið og við förum að kjósa forseta undir þeim formerkjum að hann eigi að hafa heilmikil pólitísk völd, þá er ekkert um að ræða lengur ópólitískan forseta. Það verður ekki bæði sleppt og haldið. Og þá verð ég nú bara að segja eins og Eiríkur: Því að vera að fara hálf leið? Mér finnst svona dálítið eins og menn séu að koma sér inn bakdyramegin. (Heyrist ekki í mér? Það er nú nýtt að það heyrist ekki í mér. [hlátur í sa]) Kannski er bara svo óvön yfirhöfuð að þurfa mikrófón. Jája.)

Erlingur segir: Löggjafarvaldið getur ekki haft eftirlit með sjálfu sér. En hver hefur eftirlit með forsetanum? Við erum að setja inn mjög mörg ákvæði sem að aðskilja löggjafarvald og framkvæmdarvald með mjög hreinum hætti og með alls konar vörður á þeirri vegferð, þar sem skal staldra við og athuga hvernig gengið hefur. Þannig að það er ekki eins og þingið eða framkvæmdarvaldið séu í okkar tillögum eftirlitslaus apparöt sem leiki bara lausum pólitískum hala.

Þegar að við vorum að ræða kjördæmamálin um daginn, þarna á sameiginlega nefndarfundinum, þá var verið að ræða um t.d. hættuna á því að lenda í tveggja turna kerfi og það yrðu þá alltaf þingmenn sem væru úr tveim stærstu flokkunum, eins og núverandi; fólk talaði um Sjálfstæðisflokkinn og Samfylkinguna. Nú erum við að undirbúa eins turns kerfi, því það liggur í augum uppi, að á toppi píramídans, þegar trónir þar bara einn, þá liggur það í augum uppi, að sá maður eða kona sem til þess embættis velst, mun auðvitað að lokum koma úr sterkasta stjórn málaafli landsins. Þjóðin hefur aftur og aftur hafnað valdastétt landsins í þetta embætti og með því hefur hún kannski verið með einhvers konar yfirlýsingar um það, að þetta embætti hafði yfir pólitískt þras í landinu og þess vegna ekki að vera handbendi valdastéttarinnar. En með þessu móti þá verður forsetinn auðvitað endurspeglun valda-hlutfalla í landinu. Það fer ekki hjá því. Það er ekkert hægt að segja í öðru orðinu „ópólitískt og virðulegt“ og segja... Hvar er þessi ópólitíski virðulegi maður sem að síðan á að taka fullt af ákvörðunum? Hann verður spurður um það í kosningabaráttu hvaða ákvarðanir hann ætlar að taka í sambandi við alla mögulega hluti. Og hann hlýtur að þurfa að svara því og þ.a.l. er kjörið orðið pólitískt og verður ekki annað og skulu menn bara hugsa það til enda, að hann mun þá koma úr stærsta valdahópi landsins. En þá er líka bara ástæða til að taka skrefið til fulls og segja: Þá skulum við bara kjósa það og gera það í pólitískum kosningum en ekki að vera að fara einhverja svona millileið sem að nánast virkar eins og að lauma sér inn bakdyramegin.

Bara sem dæmi, ef við bara teljum upp embættin sem hann Þorvaldur taldi upp áðan, þá mun hann ráða í embætti ríkissaksónara, umboðsmanns Alþingis, Fjármálaeftirlitsins, Seðlabankans, Samkeppniseftirlitsins, Hagstofu, Þjóðhagstofnunar (ef að hún verður

til) og eflaust margt ótalið enn. Hvernig ímynda menn sér að þetta sé bara eitthvað sem menn gera á einhvern svona dásamlega hlutlausan hátt, bara utan við tíma og rúm? Ég bara lýsi eftir þessari frábæru manneskju sem að ég held að verði vandfundin á byggðu bóli. Þetta er nánast eins og lýsingin á því hvernig barnakennari á að vera. Ef þið hafið lesið grunnskólalögin, þá er þar um að ræða guðlega veru sem er ekki til á jarðríki. En ég held nefnilega að þarna séu menn dálítið að bera kápuna á báðum öxlum, finnst mér, og ég held að við verðum þá bara að taka þessa umræðu á þeim forsendum sem að hún ætti þá að vera á, þ.e.a.s. forsetaræði versus þingræði en ekki að vera að fara bakdyramegin með forsetaræði inn í þingræði.

Ég vil taka undir með Eiríki þegar... Við skulum gera okkur grein fyrir því að nánast eru athugasemdir við hverja einustu stöðuveitingu hins opinbera. Þær fara ekki allar í kærú en það er nánast alltaf um einhverjar athugasemdir að ræða, hvað þá þegar þær fara í kærur. Hver er þá ábyrgur fyrir ráðningunni? Erum við með forseta, þ.e.a.s. hann þarf að sitja undir ákærum mörgum snum á ári? Hvað er þá orðið um virðuleika embættisins eða hver ætlar að verja embættisveitinguna? Ætlar meirihluti Alþingis að gera það eða hvert sækir fólk þá rétt sinn? Eða hver er ábyrgur?

Mér finnst vera þarna tvö hugtök: Það er sífellt verið að tala um að stjórnmalámennt sækir vald sitt til þjóðarinnar. Við tölum um valddreifingu. Við tölum um vald og ábyrgð og ábyrgð og vald o.s.frv. Allt eru þetta falleg orð, allt er þetta satt og rétt. En mér persónulega er fyrirmunnað að skilja hvernig píramíðavald, það að tróna einn á toppnum, kjörinn jafnvel á röngum forsendum, samræmist valddreifingu? Fyrir mér eru þetta fullkomlega ósættanlegar andstæður. Ég hef haft það helst á móti forsetaræði, að það væri um það mikla valdsambjöppun að ræða, því að þá værum við að kjósa einn mann sem hefði það hlutverk að í rauninni velja framkvæmdarvaldið, sem að mér finnst miklu eðlilegra og lýðræðislegra að sé í höndum Alþingis, þar sem þó eru kjörnir, eins og nú er, 63 sem síðan standa að því að mynda ríkisstjórn. En það að ætla að fara þarna eitthvað bil beggja finnst mér... Ég skirrist við að taka orðið óheidarlegt mér í munn en það svona liggur innan seilingar. Þetta með að stjórnarmyndin fari í rauninni bara til hinna kjörnu fulltrúa, það er m.a. liður í því að auka ábyrgð þeirra sem kjörnir hafa verið. Það hefur sífellt verið hægt að nota það sem afsökun, að stjórnarmyndunarumboðið lægi hjá forseta Íslands. Og við vitum hvernig menn svara sífellt, m.a. í kosningabaráttu og í aðdraganda kosninga: „Ja, það er ómögulegt að segja til um það.“

Stjórnarmyndunarumboðið er jú í höndum forseta og það er ekki hægt að grípa fram fyrir hendur forseta með því að“ o.s.frv. o.s.frv. Þannig að allir ganga óbundnir til kosninga. Með því að valdið liggur hjá þeim sjálfum, þá verða þeir að vera búnir að setja upp einhver hugsanleg munstur, hvort sem þeir gera það á leiðinni, í aðdraganda kosninga eða bara á kosninganóttina, bara í einum grænum. Auðvitað verða allir búnir að hugsa eitthvað – eða öll – búin að hugsa eitthvað, hversu mikið sem þau hafa svo látið opin-skátt. En valdið er þá hjá hinum kjörnu fulltrúum. Og þó að það hafi verið að vissu leyti til málamynda, sem það hefur farið til forsetans, þá hefur það samt verið mönnum skálkasjól til þess að svara ekki spurningum.

Ég get ekki stillt mig um eina athugasemd, sem kemur þessu máli samt ekki alveg við og það er, minn kærri Ómar, það eru þessar sífelldu samlíkingar við íþróttir. Mér er óskaplega illa við samfélaginu sé lýst eins og einhverjum keppnisleikvangi. Mér finnst þetta svo óheppileg samlíking. Við féllum á samkeppniskröfunni marflöt á andlitið. Ég vildi miklu frekar að við ræddum um samvinnuleikvang, samræðu-, samábyrgðarleikvang en ekki samkeppnis-. Þetta er nú útdúruð en ég gat nú ekki stillt mig samt, af því að ég hafði nú skrifað hjá mér. En ég bara bið menn um það að taka nú umræðuna á, að mér finnst, bara réttum forsendum: Annað hvort forsetaræði eða þingræði, ekki einhverja hallærisleið mitt í milli, einhver blekkingarleið, að við verðum með ópólítískan forseta sem síðan á að taka ákvörðun um allt milli himins og jarðar. Ef að forseti á að hafa þessi völd, þá skulum við kjósa hann á þeim forsendum og gefa honum þá þau völd, að hann myndi sjálfur ríkisstjórn o.s.frv. En við skulum vita hvaða kerfi við erum að byggja upp og ekki einhvers konar gervikerfi. Takk fyrir.

SN

Katrín Oddsdóttir, gjörðu svo vel.

KO

Já. Ég ætla ekki að tjá mig neitt um þetta gervikerfi og það allt saman, af því að ég er ekki alveg búin að mynda mér skoðun. En mér finnst mjög áhugavert að hlusta á ykkur öll. Það sem mig langaði aðeins að kommenta á: Mér fannst frábært, sem Ómar sagði og vil eiginlega bara að við ákveðum hér inni að hætta að tala um þriggreiningu valds. Það er mjög takmarkandi hugsunarháttur og gefur mjög skakka mynd að því sem við erum hérna að „dila“ við í okkar vinnu, vegna þess að þetta er ekkert nein þriggreining lengur. Það eru fullt af öðrum þáttum, eins og Ómar taldi vel upp, og ég held að þetta takmarki hugsun okkar á mjög skaðlegan hátt að tala alltaf um þessa þriggreiningu. Það er ágætt að deila öllu valdi eins vel og hægt er en það eru sannarlega ekki bara þrjú þættir í því. Nú, ég ætla aðeins bara að fá að fara svona létt yfir örfáar athugasemdir og ég þakka nefndinni fyrir tillögurnar.

Það er í fyrsta lagi þá í sambandi við 8. gr. þar sem er fjallað um þetta fjölskipaða stjórnvald sem mér finnst vera frábært og mjög til bóta, mjög sniðugt að láta fleiri mannsheila koma að hverri ákvörðun og hægt er. Og það sem mér finnst kannski aðeins óheppilegt við orðalagið er að „bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann ekki ábyrgð á henni“. Þetta er eitthvað óþægilegt. Mér finnst eins og þetta sé hvetjandi til einhvers konar svona að skjóta sér undan. Það væri betra að orða einhvern veginn ekki þannig að þetta verði beinlínis hvetjandi („Já, heyrið. Ég bóka nú bara andmæli hér og þá ber ég ekki ábyrgð.“) Frekar að reyna að ýta í átt að einhvers konar „konsensus“ og það er þar sem gulrótin hangir, að einhvern veginn það sé betra að vera saman og standa saman að ákvörðunum, heldur en einhver beinlínis einhvers staðar ef einhver beri ekki ábyrgð á einhverju. Mér finnst það bara óþægilegt. Það er alltaf ábyrgð og það er líka ábyrgð sem fellst í því að vera í andstöðu. Þá ertu einhvern veginn ekki að leggja eins mikið og þú mögulega getur kannski í það að komast að sameiginlegri ákvörðun og þetta gæti valdið svona einhvers

konar „tendency“ í svona „shortcut“ („Já, ég bara bóka þá andstöðu“) og fólk bara [hleypur] út við fyrsta tækifæri. Þannig að ég bara lýsi eftir því – ég veit nú ekki hvernig væri best að orða það – en að þetta sé gert með einhvers konar uppbyggilegum hætti, þannig að það sé frekar reynt að hvetja í textanum til samstöðu, akkurát á þeim forsendum sem að Þórhildur nefndi hérna áðan, að við reynum að búa til svona samvinnueðli í okkar stjórnarskrá frekar en einhvers konar keppnis-: Hver hefur rétt fyrir sér? Hver...?

Nú, 9. grein, um bráðabirgðalögin: Þið takið út, já. Erud þið búin að halda svona öflugan hugarflugsfund um möguleg „senaríó“, þar sem að Alþingi væri ófært um að setja lög sem væru þá kannski mjög mikilvæg fyrir þjóðina? Vegna þess að nú getur ráðherra ekki lengur mælt fyrir um frumvörp og þetta er algjörlega bara í höndum Alþingis, ef skil ykkur rétt. Það er enginn varnagli þá eða hvað? Ef það þarf, ef það kemur hérna [eitthvað] rosalegt stríðsástand eða eitthvað eða Alþingi er bara hreinlega ófært einhvern veginn út af einhverjum furdulegum aðstæðum til að ná saman um einhver mál sem þó eru mjög brýn, þá finnst mér eins og það þyrfti að vera einhver möguleiki – en ég bara spyr og hef ekki frekari lausnir þar – en mér finnst óþægilegt þegar jafn mikilvægt vald og löggjafarvald er algjörlega falið einum aðila, þó að hann sé fjölskipaður, án þess að það sé búinn til nokkurs konar ventill „in the case of emergency“, eins og maður segir.

Nú, í 10. grein, þá er náttúrulegt frábært að Alþingi eigi ekki að hafa það verkefni á höndum að kæra fyrir embættisbrot ráðherra. Það er samt svoltið óþægilegt, finnst mér líka, orðalagið á þessari grein. Í fyrsta lagi finnst mér „embættisbrot“ ekki ná nægilega vel utan um „athafnir og athafnaleysi“ sem að þó ætti að vera skv... Þess vegna tek ég undir hugmynd Þorkels um að reyna að vísa í hina greinina, þar sem talað er um þennan útvíkkaða Hæstarétt, sé það ætlun ykkar að hann fjalli um þessi mál, af því að þar er betur orðað þetta með athafnir og athafnaleysi, finnst mér. Og svo finnst mér einhvern veginn mjög mikilvægt hvernig þetta er orðað. Nú er náttúrulega ein mikilvæg meginregla að allir skulu saklausir uns sekt er sönnuð. Það er náttúrulega útgangspunkturinn okkar. Og þetta þínu býður upp á einhvers konar frjálst mat, þetta þarna „nægileg eða líkleg“, þ.e.a.s. það stendur í greininni ykkar að „nefndin skipar saksóknara sem annast rannsóknina. Hann metur hvort niðurstaða rannsóknar sé nægilega og líkleg til sakfellingar og gefur þá út ákæru.“ Þarna finnst mér einn maður allt í einu kominn með einhvers konar mat: „Þetta er nægilegt. Flott. Ákæra“ Þetta er ekki heppilegt. Í 145. gr. sakamálagaga, þá er þetta orðað öfugt, þá segir t.d.: „Ef ákærandi telur að það sem fram kemur við rannsókn sé *ekki* nægilegt eða líklegt, þá lætur hann málið niður falla“. Annars heldur hann áfram og fer út í ... Skilurðu? Þannig að þetta er akkurát öfugt orðalag. Og það er mjög mikilvægt að við séum ekki að segja að einhver einn maður, sem þar að auki skv. ykkar tillögum eru skipaður mögulega af ráðherra, geti allt í einu bara ákveðið: „Já, þetta er nægilegt.“ Þetta er gríðarlega þung ábyrgð að vera allt í einu búinn að draga ráðherra fyrir dóm. Ég fæ áhyggjur af því að það verði einhvers konar keppikefli að eiga bandamenn inni í þessari eftirlitsnefnd og hversu margir eru í henni og svona og svona. Það er fullt af svona litlum bjöllum sem byrja

en ég skil vel að þið viljið taka þennan kaleik af Alþingi og ég held að það sé rétt hugsun. En ég væri bara til í það, að það væri þá orðað með mjög ströngum hætti og við girðum fyrir alla mögulega spillingu, alveg eins og við erum að reyna að gera alþingismennina einhvern veginn friðhelga í sínum störfum, þá megum við heldur ekki hafa neinn ventill þar sem hægt er að koma pólitískum höggum á fólk með svona málum. Og það má ekki vera í höndum of fárra.

Svo í sambandi við 12. greinina, þar sem er talað um starfsstjórn: Mér finnst þetta síðasta, eins og Pawel benti á, svoltið einkennilegt, þ.e.a.s. ráðherra í starfsstjórn taka aðeins þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa þeirra. Ég er sammála hugmyndinni í prinsippinu, að þeir eigi ekki að fara að gera einhverjar stórfelldlegar breytingar vitandi að dómsdagur vofir yfir. En „nauðsynlegar til rækslu starfa þeirra“ getur verið svo vítt. Þannig að ég myndi að lágmarki leggja til að punkturinn kæmi bara á eftir „nauðsynlegar“, af því að annars gætu þeir alltaf sagt: „Þetta er nauðsynlegt til rækslu starfa minna.“ En „nauðsynlegar“ er brýnna. Og svo annars kannski mögulega, ef hægt væri að finna eitthvað betra orðalag sem myndi útskýra bara nákvæmlega hvað við er átt, þ.e.a.s. halda einhvern veginn í horfi, þangað til að næsti raunverulegur stjórnandi tekur við, að taka ekki einhverjar svona stórar meiri háttar ákvarðanir.

Mér finnst mjög sniðugt þetta með Lögréttu náttúrulega, frábært. Og gott að hún að hún sér skipuð til fimm ára, þannig að þetta sé ekki algerlega samhliða. Það held ég að sé góð þæling.

Hann Illugi gaukaði að mér góðri hugmynd. Það er kannski svoltið sniðugt þar sem kemur hérna í 4. gr í kafla um stjórnsýslu og eftirlit – það er síðasta greinin ykkar – að þar sé sagt frekar, þegar talað er um hvern skal skipa, þá stendur hérna: „Velji ráðherra ekki í embættið einn af þeim sem nefndin telur hæfastan“. Það væri hægt að segja „eitthvert þeirra“ frekar þarna, bara svona í takt við það sem við erum búin að vera að gera með að hafa þetta ekki allt of karllægt. Svo eru það þessar þælingar með forsetann, þar sem ég ætla að leyfa mér að sitja aðeins hjá í. En mjög langaði bara að lokum að spyrja svoltið í samhengi við Lögréttutillöguna: Hafði þið skoðað tillögurnar frá Lýðræðisfélaginu Öldu með möguleika á að framselja eitthvað af löggjafarvaldið til borgarþings í sérstökum tilfellum? Þetta er bara svona lagabætismöguleiki sem ég að ég held að við ættum að skoða endilega ef við á annað borð erum að reyna að rétta lögin af. Þetta er skemmtilegur möguleiki og ef það er hægt að orða hann þannig að hann yrði ekki ofnotaður eða neitt slíkt, þá er fallegt, finnst mér, að hægt sé að kalla borgarana að einhverjum málum. Annars þakka ég bara kærlega fyrir.

SN

Já. Umraðu er þá lokið um fyrri tillögur B-nefndar og ég gef núna formanni nefndarinnar orðið til að bregðast við þeirri umraðu sem hefur orðið hér og síðan á eftir förum yfir í næstu tillögu. En Katrín Fjeldsted, gjörðu svo vel.

KF

Takk fyrir það, fundarstjóri, formaður, góðir félagar og aðrir. Ég veit nú eiginlega ekki hvar ég á að byrja, hvort ég á að byrja að tala um forsetaembættið eða um

greinarnar sem að hér liggja en hef punktað hjá mér nokkra hluti.

Ég vil fyrst koma að því sem Þorvaldur Gylfason sagði. Hann var með vel undirbúna ræðu og sannfærandi en ég er samt að velta fyrir mér þessu með þingræðið og forsetaræðið sem aðrir hafa komið líka inn á hér. Mér sýnist að með þessum tillögum, eins og Þorvaldur kynnti þær, þá muni embætti forseta verða þrælpólitískt og um embættið muni standa styr. Þórhildur lýsti því ágætlega og það hafa fleiri gert hvernig ástatt er um embættisveitingar á Íslandi og hefur verið lengi. Það hefur staðið styr um embættisveitingar og það hafa risið þar mál og kærur. Ég sé forsetaembættið frekar fyrir mér sem þjóðhöfðingjaembætti sem sé sameiningartákn og virðulegt embætti og ég held að það sé fullt starf að gefa þjóðinni gott fordæmi og vinna að menningarmálum og gildum og göfugum hugsjónum og framtíðinni, frekar en að forseti sitji ofan í þessari ormagryfju sem embættaveitingar geta verið. Og ég get ekki alveg séð fyrir mér hvernig menn geta sameinað þetta. Ég held að það þurfi einhverja ofurveru úr geimnum til að uppfylla þetta allt saman, ef á að halda þessu ópólitísku. Ég held að það sé ekki hægt. Ég er ekki búin að sjá það. Það er kannski það fyrsta. En auðvitað getur maður skipt um skoðun og sætt sig við meirihlutaniðurstöðu þessa ráðs. En ég varpa þessu fram sem minni skoðun.

Þá vil ég minnst á Erlingur talaði um: Hann gerði athugasemd við það að forseti væri ekki lengur þarna skilgreindur inni í löggjafarvaldi. Því hefur verið svarad. Eiríkur Bergmann svaraði því vel og aðrir úr ráðinu hafa einnig tjáð sig um það stefnumið okkar að aðskilja þetta með skýrum hætti og að forseti, með því að undirrita lög, hefur ekki skv. núgildandi stjórnarskrá borið neina ábyrgð á þeim lögum. Hann er ábyrgðarlaus af stjórnarathöfnum öllum, eins og sagt er í stjórnarskránni. Þannig að við teljum sjálfsgagt og eðlilegt að léttu þessu af forsetanum. Það sama gildir eiginlega um ríkisráð sem hugsað var þannig, að lög og frumvörp og mál yrðu kynnt fyrir forsetanum. Þegar þessir ríkisráðsfundir eru haldnir, þá eru þessi mál löngu afgreidd og þetta er málamyndasamkoma sem ég held að skili engu til þjóðarinnar og skipti hana engu máli. Erlingur minntist á að það mætti þá bara auka verkefni ríkisráðs og láta það koma saman oftast svo það hefði meira að segja. Ég sé ekki í nútímaþjóðfélagi að á því sé þörf. Ég tel ekki að með tillögum B-nefndar sé þjóðhöfðingjaembættið samsett úr einhverjum afgangsstærðum og verkefnabútum og tilgangsleysi sem að enginn vilji sjá um. Eins og ég var að segja áðan, þá held ég að embætti forseta Íslands sé mjög mikilvægt. Það hefur verið mjög mikilvægt í augum Íslendinga og í langflestum tilvikum – þau eru náttúrulega ekki mörg skiptin sem kjörinn hefur verið forseti á Íslandi, ekki margir einstaklingar sem hafa sinnt því - en eins og kom fram hér áðan, þá hefur sá gjarnan orðið fyrir valinu sem verið í andstæðri fylkingu eða alla vega ekki innan sterkustu stjórnamálhreyfinga þeirra sem hafa ráðið ríkjum á Íslandi. Það er nú bara þannig. Þannig að ég tel að það þýði að þjóðin vilji hafa ópólitískan og helst óumdeildan forseta. Ég held það.

Þá er líka sagt: „Forsetinn er þá með umboð frá þjóðinni.“ En 63 þingmenn eða hversu margir sem þeir eru, þeir eru líka með umboð frá þjóðinni. Og ég held að umboð þjóðarinnar til 63 einstaklinga sem síðan

taka einhverja ákvörðun sé mun lýðræðislega fyrirkomulag heldur en umboð frá þjóðinni til eins einstaklings sem á að gera sömu hluti. Ég ber það ekki saman.

Andrés Magnússon var að tala um skipan skattamála og það sé ekki í öðrum stjórnarskrám svona. Ég get ekki nú svarað því beint en við munum að sjálfsgöðu athuga þetta sem hann hefur bent á. Og varðandi fjáráukalögin: að vald Seðlabankastjóra til að dæla út fjármunum sé meira heldur en fjármálaráðherra. Menn hafa jú rætt það lengi að það að beita fjáráukalögum sé ekki mög skynsamleg leið til að verja fjármunum ríkisins. Það sé betra að reyna að sjá fyrir um tekjur og útgjöld fyrir árið og hafa þá ófyrirséð einhvern hluta heldur en að vera að hlaupa til með fjáráukalög seinna, á seinni stigum.

Nú, Eiríkur Bergmann kom inn á það að pólitíkin verði ekki tekin út úr stjórnmalunum. Ég held að það sé alveg rétt og mér finnst óskaplega skrytið að reyna að troða pólitíkinni inn í forsetaembættið, eins og ég sagði áðan. Hann sagði að valdi fylgdi ábyrgð. Já. Hann vildi ekki pólitískt argaþras í kringum forsetann og ég vil það ekki heldur. Ég vil hafa forsetaembættið þjóðhöfðingjaembætti.

Nú, Pawel var að tala um ráðherraábyrgð og almenna dómskerfið, hvort það væri eðlilegt að ábyrgð ráðherra yrði skotið til almennra dómstóla. Við munum bara skoða það inni í nefndinni en við kusum að setja Hæstarétt þarna inn, alla vega til að byrja með. Hann var líka að tala um hvort ráðherrar í starfsstjórn ættu ekki að hafa sama vald – og að hafa fleiri minnst á það – hafa sama vald og aðrir ráðherrar. Ég held að menn séu nú aðallega að hugsa um það, að það sé ekki verið að taka stórar ákvarðanir í umdeildum málum þegar um starfsstjórn er að ræða: hvort eigi að hefja hvalveiðar eða hætta hvalveiðum eða umbylta einhverju í þjóðfélaginu. Ég held að það sé nú aðallega hugsunin.

Og Ómar talaði um að það ætti ekki lengur við að hafa þrígreiningu vald. Og það má svo sem taka undir það, að valdþættirnir eru orðnir ansi margir og það má segja að það sé ágætt, að það sé víðari dreifing á valdi. Við höfum jú notað það sem leiðarljós hér. En hann minntist á embættismannavaldið og kynni mín af því hjá Reykjavíkurborg. Ég verð nú bara að segja, af 12 ára setu í borgarstjórn Reykjavíkur, að mín reynsla af embættismönnum borgarinnar, alla vega á þeim tíma, var afar góð og það var valinn maður í hverju rúmi, eins og sagt er, svona almennt, svo ég svari því nú.

Ég er alveg sammála því að það þurfi að vera neyðarhemlar í þjóðfélaginu. En sé ekki með forsetann að það séu neinir neyðarhemlar ef að forseti „snappar“, eins og Katrín Oddsdóttir hefur notað og er orðið viðurkennt orðalag héra í þessu ráði. Ef einhver embættismaður eða pólitíkus bregst eða veikist eða snappar, að þá verður að vera til eitthvað fyrirkomulag, eitthvað ferli og ég sé ekki að það sé neitt heldur eftirlitskerfi, eitthvað sem hefði þá eftirlit með embætti forseta. Ég held að það vanti alveg.

Og sýn sú sem Þórhildur Þorleifsdóttir dró upp fyrir okkur áðan, sú mynd sem hún dró upp af tveggja turna kerfi annars vegar og síðan þar sem einn trónir á toppi, það finnst mér vera mjög til umhugsunar. Og ég held að ég kæri mig ekki sérstaklega um að stjórnaskráin okkar setji fram þá hugsun, að við séum með þíramíða þar sem að einn situr á toppnum og ræður og að

honum komi ekkert aðhald; menn sjái fyrir sér svona velviljaða föðurmynd sem er með refsivöndinn ef þarf. En mér finnst það vera hugsunarháttur sem við eigum ekki að hafa að leiðarljósi. Ég held að við séum reyna að tala um valddreifingu og það að auka verk-efni forsetans og gera hann pólitískan finnst mér vera skref í öfuga átt og eiginlega ekki sú sýn til framtíðar sem að ég myndi vilja sjá. [Hún] samræmis ekki valddreifingarhugmyndunum.

Nú, Katrín Oddsdóttir kom hér með ýmsar ábendingar sem ég þakka henni fyrir og þær eru allar verðugar nánari skoðunar. Ég ætla kannski ekkert að tína þær upp en þær munu allar verða yfirfarnar í B-nefnd.

Svo vil ég að lokum þakka B-nefnd fyrir samstarfið um þessar greinar og það sitja þar með mér Ástrós, Eiríkur, Erlingur, Gísli, Vilhjálmur og Þórhildur. Mjög samhentur hópur, þó við séum kannski ekki sammála um alla hluti en hefur sett mikla vinnu í þessar greinar. Og ég þakka fyrir góðar undirtektir hér. Takk.

SN

Þá er lokið umræðu um þennan lið í tillögum og skýrslu B-nefndar en við höldum fram með hana á eftir. Við erum ekki búin að ljúka 4. lið. En við tökum núna hádegishlé. Ég vil þakka formanni og nefndinni og umræðurnar hér og við gerum núna hádegishlé til kl. 13.00. Og ég vil líka benda ráðsmönnum á, að það er afhending skýrslu stjórnлага unga fólksins, á Austurvelli núna korter yfir 12. En við byrjum aftur fundinn kl. 13. Takk fyrir.

SN

Þá er 12. ráðsfundi fram haldið eftir hádegishlé og nú tekur til máls formaður B-nefndar, Katrín Fjeldsted, um forseta Íslands: tillögur sem eru lagðar fram til afgreiðslu. Gjörðu svo vel, Katrín.

KF

Formaður, ágætu áheyrendur. Maður gæti nú haldið kannski af fundinum í morgun, að við hefðum tekið snarpa umræðu um forsetaembættið en það í sjálfu sér er ekki á formlegri dagskrá fyrr en núna, þegar B-nefnd leggur fram til afgreiðslu nokkrar tillögur úr kafla um forseta Íslands. Þessar tillögur eru að okkar áliti í nefndinni nokkuð... ætti að ríkja nokkur friður um þau, héldum við, og við höfum ekki í þessum umgangi þær tillögur sem enn eru óútkjáðar í nefndinni. En þessar sem hér koma fram voru lagðar fram til kynningar um daginn.

Ég ætla fyrst að segja svona almennt að umræður um forsetaembættið hafa verið mjög miklar í B-nefnd og það kom greinilega fram í umræðunum hér í morgun. Við teljum að það þurfi að skýra hlutverk, störf og ábyrgð forseta og sú ósk kom einnig fram á þjóðfundi. Að mörgu leyti er núverandi stjórnarskrá óskýr um hlutverk forsetans og þá hafa nokkrar breytingar orðið á birtingarmynd þess hlutverks sem forseti Íslands gegnir í tímans rás. Skoðanir eru aðallega skiptar um það, hvort forsetinn eigi að hafa pólitískt hlutverk og meira en nú er eða hvort hann eigi að vera sameiningartákn og þjóðarleiðtogi á sviði menningar og gilda. Og þarna á milli geta einnig verið önnur hlutverk svo sem öryggisventili þegar eitthvað fer gróflaga úrskeiðis í þjóðfélaginu, eða þá ýmis eftirlitshlutverk sem reifuð voru hér í morgun, eftirlit með öðrum valdþáttum og

með stjórnarsýslu. Og sumir hafa viljað ganga svo langt, að forseti Íslands geti jafnframt verið forseti Alþingis eða forsetaembættið sé sameinað forsetisráðherra-embættinu. Sjálfstæð pólitísk hlutverk forseta eru í núgildandi stjórnarskrá einkum tvö, en það er annars vegar aðkoma forseta að stjórnarmyndun og hins vegar það val að geta synjað lagafrumvörpum staðfestingar; þau taka þó engu að síður gildi en eru lögð í þjóðaratkvæði. Í stjórnarskrá kemur forseti nokkuð víða við sögu. Hann virðist hafa margvísleg völd, en í reynd eru völdin lítil, enda er tekið fram að forseti sé ábyrgðarlaus af stjórnarathöfnum öllum og sömuleiðis að forseti láti ráðherra framkvæma vald sitt. Og gjörðir hans öðlast fyrst gildi er ráðherra undirritar þau með honum. Þjóðfundur krafðist gagnsæis.

Eitt af markmiðum okkar hér er að stjórnarskráin sé skýr, skiljanleg og auðlæsileg; hún sé grundvöllur lýðræðis og mannréttinda í landinu og gefi almenningi glögga og rétta mynd af uppbyggingu stjórnkerfisins, réttindum, skyldum, völdum og ábyrgð. Í samræmi við þessi gildi og markmið höfum við farið markvisst yfir stjórnarskrána og reynt að hreinsa út orðalag og svokölluð hlutverk sem við teljum að ekki fylgi nein ábyrgð fyrir forsetann. Menn hafa kallað þetta lepporðalag sem mér finnst nú ekki fallett orðalag en skýrir samt nokkurn veginn það sem við er átt. Við töldum upp og ég rakti það, þegar við kynntum tillögurnar, í hverju þessi hlutverk eða þessi verkefni eru fólgin og ég ætla ekki að endurtaka það.

Greinarnar sem hér eru lagðar fram hafa verið, eftir kynningu hér í ráðinu, yfirfarnar í B-nefnd. Ég ætla bara að lesa greinarnar eins og þær liggja fyrir og það er þá sú fyrsta, Embættisheiti og þjóðkjör. Við leggjum til orðalagið: „Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann er þjóðkjörinn.“

Tillaga 2, um kjörgengi forseta: „Kjörgengur til forseta er sérhver 35 ára gamall ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum um kjörgengi til Alþingis.“ Þar vil ég skjóta inn þeirri athugasemd að uppi er sú skoðun meðal ýmissa í ráðinu, að það ætti ekki að setja þessi aldursmörk. Við höfum ekki gert tillögu um breytingu í því skyni en höfum sviga eða hornklofa utan um aldursákvæðið. Sumir vilja að ef forsetisráðherra getur verið 18 ára og eldri, að það ætti að gilda það sama um forsetann.

3. greinin heitir forsetakjör. Þar er greinin svohljóðandi: „Forseti er kosinn í leynilegri atkvæðagreiðslu þeirra er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst eins af hundraði kosningarbærra manna og mest tveggja af hundraði. Kjósendur skulu raða frambjóðendum, einum eða fleirum að eigin vali, í forgangsröð. Sá er best uppfyllir forgangsröðun kjósenda, eftir nánari ákvæðum í lögum, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kosningu forseta.“

4. greinin er um kjörtímabil forseta. Þar segir: „Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánudi það ár, er kjörtímabil endar.“ Og síðan er komin inn tímatakörkun, sem ekki er endanlega afgreidd en við leggjum til að sé með í skjalinu, áfangaskjalinu, og segir: „Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil.“

5. grein er um fráfall forseta og segir: „Falli forseti frá eða láti af störfum áður en kjörtímabili er lokið skal kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu.“

6. grein, um handhafa forsetavalds: „Geti forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum, fer forseti Alþingis með forsetavald á meðan.“ Þetta var heilmikið rætt hér þegar við lögðum þetta fram til kynningar og ég ætla ekki að endurtaka það.

7. grein er um starfskjör forseta: „Forseta Íslands er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þó ólaunuð séu. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.“

Og 8. grein er um eið, þar sem í núverandi stjórnarskrá er talað um drengskaparheit eða eið þá segjum við: „Forseti Íslands undirritar eiðstaf að stjórnarskránni er hann tekur við störfum.“

9. grein er um ábyrgð forseta og segir: „Forseti verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis.“ Og síðan eru áfram inni tveir valkostir. Annars vegar fyrri valkosturinn: „Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef tillaga um það er samþykkt með 4/5 hlutum atkvæða á Alþingi.“ Og valkostur tvö er nokkuð ítarlegri: „Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi $\frac{3}{4}$ hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti ekki störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.“

10. grein er um aðsetur forseta og við leggjum til að það ákvæði falli brott. Í núverandi stjórnarskrá segir: „Forseti lýðveldisins hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni.“ Við teljum að næg hefð sé komin á það hvar forseti er búsettur og bendum á að í stjórnarskrám nágrannalanda er ekki tiltekið hvar þjóðhöfðingi hefur aðsetur sitt.

Og 12. grein er um ríkisráð og við leggjum til að það ákvæði falli brott.

13. grein er um framlagningu stjórnarfrumvarpa en í stjórnarskránni segir að forseti Íslands geti „látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkt“. Og í ljósi breytingar sem við höfum gert hvað varðar framlagningu frumvarpa og annarra samþykktu og meðferð þeirra í þinginu, þar sem þingnefndir leika aðalhlutverkið, þá leggjum við til að þessi grein um framlagningu frumvarpa á vegum forseta falli brott.

14. grein er um aðkomu forseta að setningu Alþingis. Greinin heitir reyndar Setning Alþingis og við leggjum til að forseti Íslands stefni saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setji reglulegt Alþingi ár hvert. Og svo segir áfram: „Forseti stefnir einnig saman og setur Alþingi að tillögu forseta þess eða meirihluta þingmanna.“ Við teljum þetta samræmast vel því menningarhlutverk og lýðræðisgæsluhlutverkri forseta, að stefna saman og setja Alþingi og láta rödd sína heyrast þar.

15. greinin heitir náðun og sakaruppgjöf og hún segir: „Forseti Íslands getur náðað menn og veitt almenna

uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem Hæstiréttur hefur dæmt vegna ráðherraábyrgðar, nema með samþykki Alþingis.“ Og ég vísa í umræðurnar um ráðherraábyrgð sem fóru fram hér í morgun.

Og svo er enn hér grein sem hefur slæðst með og gerði það líka síðast. Og hún fær að hanga með. Og það er um birtingu laga, þó hún komi ekki að forsetaembættinu. Það er bara að birta skuli „lög, stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Lögum og fyrirmælum má aldrei beita fyrir en eftir birtingu þeirra. Um birtingarháttu og gildistöku fer að landslögum.“

Og þetta er lagt fram til afgreiðslu inn í áfangaskjal. Takk fyrir.

SN

Já, ég þakka formanni B-nefndar fyrir kynningu á framlögðum kafla um forseta Íslands sem er hér til afgreiðslu. Orðið er laust. Og Vilhjálmur Þorsteinsson, gjörðu svo vel.

VÞ

Formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég er nú hérna með þessa fínu skreytingu sem fékk frá unga fólkinu í dag, þau voru að afhenda stjórn lög unga fólksins. Og hér eru margar finar stjórnarskrárgreinar á þessum borðum. En ég ætla ekki ræða það núna, þó að þetta séu góðar tillögur hjá þeim líka um forsetann, þá ætla ég að tala aðeins um þetta þjóðhöfðingjahlutverk í þingræðisríkjum, það er vandinn sem við erum að kljást við hérna: hvaða hlutverk hefur þjóðhöfðingi í þingræðisrík? Og svarið við því er að það eru bara til alls konar útgáfur af því, það er alls kyns form á þessu. Og ef við horfum á Norðurlöndin, þá erum við t.d. með Svíþjóð, þar sem að sænski kóngurinn kemur nánast ekkert að löggjöf eða framkvæmdarvaldi. Ég held að ég geti bara fullyrt að hann gerir það bara ekki, ekki nema þá bara sem algjör formsatriði. Og svo erum við þá aftur með í Danmörku, þar sem að konungurinn eða drottningin núna hefur svipað hlutverk eins og kannski forseti Íslands, eins og við þekkjum, en að grunni til sama stjórnarskráin, nema hvað – sem að menn ættu að muna – að Danir 1953, þegar þeir endurskoðuðu sína stjórnarskrá, þá tóku þeir út þennan synjunarrétt kónigsins eða drottningarinnar og settu í staðinn það, að þriðjungur þingmanna gæti farið fram á það, að lög færu í þjóðaratkvæði eða yrðu staðfest í þjóðaratkvæði. Þannig að þeir tóku þann rétt af konginum eða drottningunni þá, og var reyndar, held ég, m.a.s. umdeilt að einhverju leyti hvort að sá réttur væri í reynd virkur þá.

En þá erum við með athyglisvert tilfelli sem að er Finnland. Þar var forseti kannski valdameiri heldur en hann er núna. Þeir tóku eitthvað af honum af völdum og þetta var eitthvað lagað til og m.a. þá, í nýrri stjórnarskrá Finnlands, sem var samþykkt 1999, þá er forsetinn engu að síður með nokkur völd eftir: Hann t.d. formlega skipar ríkisstjórn og ráðherra í ríkisstjórn en hann tekur engan þátt í stjórnarmynduninni; forsætisráðherra er á finnska þinginu og síðan er það bara hin formlega skipun forsætisráðherra sem forsetinn annast. Síðan blæs forsetinn til kosninga ef það verður þingrof og hann hefur vald til að náða menn. Og svo hefur hann ákveðin völd í kringum Álands-

eyjar, sem er nú svona sérstakt fyrir Finnland. En fyrir utan þetta, þá reyndar skipar finnski forsetinn í allnokkurn fjölda embætta og hann skipar svokallaðan „réttlætiskanslara“ sem að Finnar eru með sem er svona mjög sterkur eftirlitsaðili í þeirra stjórnskipan. Og hann skipar dómara skv. nánari fyrirmælum í lögum og ríkissaksóknara, ráðuneyttisstjóra, skrifstofustjóra forsetaembættissins, yfirmenn utanríkisþjónustu Finnlands og yfirmenn hersins. En finnska þingið skipar hins vegar endurskoðunarnefnd; það sér um ríkisendurskoðunarhlutverkið, enda er það yfirleitt alltaf á hendi þjóðþinga. Og svo, öfugt við það sem kom nú fram hérna áðan hjá Þorvaldi Gylfasyni, þá er það þingið finnska sem að kys stjórn finnska seðlabankans. En það verður líka að athuga að finnski forsetinn er dálítið öðru vísi forseti en sá íslenski. Það er t.d. sérstaklega nefnt í finnsku stjórnarskránni, að stjórn málaflakkar geta tilnefnt forsetaframbjóðendur og auk þess tiltekinn fjöldi kjósenda. En það er nánast bara þá horfst í augu við það og viðurkennt að finnska embættið er svona öðrum þræði dálítið pólitískt og er alla vega mun pólitískara heldur en það hefur verið á Íslandi lengst af. Þannig að þar sjá menn líka merki þess að um leið og er farið að gefa forsetaembættinu svona aukin völd, t.d. í þá átt að skipa í embætti, þá verður forsetaembættið pólitískara við það. En það skal nú bara viðurkennast að ég þekki það ekki hvernig þetta er svo útfært í lögum í Finnlandi með hæfnisnefndir eða annað slíkt en Finnar eru hins vegar með sambærileg ákvæði og við erum að tala um að setja inn varðandi það, að hæfni og málefnaleg sjónarmið ein eigi að ráða við skipun í embætti.

Það hefur verið nefnt hérna hvort forseti Íslands ætti þá að taka að sér svona einhver eftirlitshlutverk í því m.a. að vera yfirmaður einhverra eftirlitsstofnanna og menn hafa nefnt hérna Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið og reyndar hefur verið nefnt líka Seðlabankinn og ýmislegt fleira. Sko, þá þurfa menn að hafa ákveðna heildarmynd í huga. Í fyrsta lagi er Fjármálaeftirlitið ekki bara eftirlitsstofnun. Fjármálaeftirlitið er gríðarlega valdamikið stjórnvald á Íslandi og auðvitað, eins og menn vita, Fjármálaeftirlitið var hér á tímabili með allt íslenska bankakerfið á sinni könnu og bar ábyrgð á því að rak það og tekur gríðarlega stórar og mikilvægar stjórnsýsluákvæðanir í fjármálum á Íslandi. Og Samkeppniseftirlitið sömuleiðis hefur mjög víðtækar valdheimildir til þess að hindra samruna fyrirtækja og jafnvel að skipa fyrir samruna fyrirtækja o.s.frv. Þannig að þetta eru ekki bara eftirlitsstofnanir, þetta eru, eins og ég segi, valdamikil stjórnvöld og mjög áhrifamikil. Og það sem hefur verið gert í þessu, með FME og Samkeppniseftirlitið, til þess að reyna svona að mynda ákveðna einangrun frá hinum pólitísku völdum er að þessar stofnanir eru í báðum tilvikum undir sjálfstæðri stjórn, þ.e.a.s. ráðherra skipar þriggja manna stjórn og síðan er það þessi þriggja manna stjórn sem að ræður forstjóra þessara stofnana hverju sinni og bera ábyrgð á rekstri þeirra og ábyrgð á ráðningu forstjórans. Þannig að ábyrgðarkeðjan er þá þannig, að það er forstjórinn sem ber ábyrgð á viðkomandi stofnun og rekstri hennar. Hún gerir það sem að lög áskilja og ekki annað. Síðan ber auðvitað stjórnin ábyrgð á forstjóranum og svo ber á endanum ráðherra ábyrgð á stjórninni. Og til [sívénju?] og síðst, þá er það sem sagt pólitísk ábyrgð og lagaleg ábyrgð,

ráðherraábyrgð, ofan á þessum stofnun. Og menn þurfa bara að velta því fyrir sér hvort að það sé góð hugmynd að svona stórar og miklar stjórnsýslustofnanir, með mikið valdhlutverk og mikla ábyrgð, eigi að vera undir forseta lýðveldisins. Og ef að mönnum finnst það skynsamlegt, þá verður auðvitað að setja bara sama regluverk í kringum forsetann eins og ráðherrana, þ.e.a.s. að það sé forsetaábyrgðarkerfi, það sé eitthvað eftirlit með forsetanum og það sé einhver sem tekur um að fara í þá rannsókn á embættisfærslu forsetans. Og með sama hætti og við vorum að ræða hérna um ráðherraábyrgð, það yrði þá tekin ákvörðun um að fara í saksókn út af slíku og allt það. Og svo þyrftu menn auðvitað að hafa einhvern mekanisma sem væri virkur til þess að koma forsetanum frá. Því að að sjálfsögðu, ef að við værum svo óheppin einn daginn – sem vonandi yrði nú ekki en gæti alveg gerst – að hér yrði kosinn forseti sem að misfæri að einhverju leyti með vald sitt, að þá, ef hann er kominn með allar þessar stofnanir, sem voru taldar hér upp, að einhverju leyti á sína – FME, Seðlabanka, Ríkisendurskoðun, Samkeppniseftirlit, hagstofustjóra og það var eitthvað fleira talið – þá er þetta náttúrulega orðinn feikilega valdamikill maður í íslenska kerfinu og því yrði að tilheyra ábyrgð. Og þá þyrftum við líka að velta því fyrir okkur með ábyrgðarskiptingu í íslenska stjórnkerfinu. Ef við erum komin með þarna einn aðila sem ber ábyrgð á tilteknum hlutum stjórnkerfisins og svo erum við með aðra aðila, pólitíska eða ráðherra, sem bera á öðrum hlutum stjórnkerfisins – þessir hlutar gætu farið að vinna sitt í hvora áttina. Og þá gæti farið að verða óljóst hver ber heildarábyrgðin á hugsanlegum víxlverkunum þarna á milli þessara kerfa. Og ég held að það þurfi ekki að vera að slíkt sé til bóta að slíkar víxlverkanir kæmu upp.

Þannig að, eins og menn kannski heyra af mínu máli, þá myndi ég segja: Það er alveg hægt að velta þessari hugmynd fyrir sér en þetta væri mjög óvenjulegt að gera þetta svona. Ég veit ekki um fyrirmyndir að þessu, nema þá bara menn færu alla leið í bara að kjósa forsætisráðherra beinni kosningu og gera þetta með því að kjósa framkvæmdarvaldið. En þetta svona milli-system held ég að sé ford[æ]malaust, alla vega svona í þessum löndum sem við þekkjum best og eru næst okkur. Og alla vega, eins og heyrðuð á mínu máli, þá er ég nú ekki spenntur fyrir þessu. Ég held að það sem að þjóðin sé nú frekar spennt fyrir í þessu sambandi, sé að vera með forseta sem að er sameiningartákn, stendur vörð um menningu og gildi og lýðræði, réttarríki og mannréttindi í landinu; sé vörður þessara hluta og hafi ákveðið dagskrárvald í umærðu; hann hefur tækifæri til að ávarpa þjóðina; hann getur haft mikinn þunga á bakvið sig til lýðræðislegur fulltrúi þjóðarinnar til þess að tala um hugmyndir og gildi. Og það held að sé bara mikið vald og æskilegt vald til að hafa, svona hugmynda- og umræðuvald. Og því ópólitískari sem forsetinn er, því minna sem hann er kjörinn á þeim forsendum, því meira vald held ég að hann hafi að þessu leyti. Og ég bara myndi kalla eftir því – ég held að það sé eitt af því sem hrunið kenni okkur – það er okkur vantar þessa rödd sem ég var að lýsa hér, ekki ennþá flóknara pólitískt köngulóarvefjakerfi. Þannig að þetta er nú svona það sem ég vildi sagt hafa um þetta. Takk.

SN

Ari Teitsson, gjörðu svo vel.

AT

Já, formaður, ráðsfulltrúar og aðrir sem mál mitt heyrna. Ég vil nú fyrst segja það, að er mín skoðun að við eigum að hafa forseta með hlutverk. Og út af orðum síðasta ræðumanns vil ég segja að ég geri verulegan mun á þjóðkjörnum forseta og arfbornum þjóðhöfðingja. Ég lít á það sem ekki sama hlutinn. Og í stuttu máli sagt, þá finnst mér að við þurfum að skoða það vel hvort við eigum ekki að vera með forsetann sem fulltrúa þjóðarinnar, þar sem valdmörk löggjafarvalds og framkvæmdarvalds eru óljós, þ.e.a.s. að þar komi hann inn. Og það sem við höfum þegar lagt upp um skipan dómara er einmitt í þeim anda og mér finnst sjálfum að þar undir falli líka ríkissaksónari en það auðvitað eitthvað sem við þurfum að skoða.

Sömu leiðis tel ég að þjóðhagsstofustjóri, svo fremi sem ný þjóðhagsstofnun væri einhver svona stofnun sem að er eftirlits- og upplýsingastofnun en ekki hluti af stjórnkerfi, þá kæmi það til greina. Og að því leyti vil ég taka undir með Þorvaldi Gylfasyni, að við þurfum að skoða stöðu forseta í þessu ljósi, að hann svona hafi ákveðna stöðu og ákveðna möguleika án þess að hann sé framkvæmdarvald eða löggjafarvald. Og er mjög sáttur með tillögur B-nefndar um stjórnskipanina, að því leyti að þar er forsetinn farinn út.

Það er hins vegar svona spurning hvernig við vinnum okkur út úr þessu. Í mínum huga, þá þurfum við svona að skoða hvaða embætti raunverulega falla undir það að vera svona með ákveðið hlutleysi og horfa á þau sérstaklega og þá ekki hin sem eru tengd annað hvort löggjafarvaldi eða framkvæmdarvaldi. Og ég held þess vegna að við eigum að svona horfa til þessa hafa forseta og það er útilokað að ætla sér að kjósa þjóðhöfðingja sem sé algjörlega ópólitískur. Það segir sig sjálf. Það má deila um hvort að hann er endilega mikið flokkspólitískur en pólitískur verður hann eftir í einhverjum skilningi, ef hann á að segja og gera eitt-hvað. Mér finnst ekki að við eigum að vera með þjóðhöfðingja sem að á hvorki að segja eða gera eitt eða neitt. Ég treysti þjóðinni ágætlega til þess að velja í þetta hlutverk mann sem að veldur því án þess að vera innan flokksramma.

Semsagt, ég mæli með því að við skoðum hlutverk forsetans aðeins betur, tek undir flest sem að hér er lagt fram í dag um skipunarferli og annað í tillögnum en mælist til þess að við reynum að finna flöt á skynsamlegri nálgun á því hvað forsetinn gerir og hvað hann gerir ekki.

SN

Ómar Ragnarsson.

ÓR

Já, formaður og aðrir sem mig hlýða á. Ég vil nú byrja á því að biðjast afsökunar á ummælum sem ég lét falla hérna í morgun. Maður á alltaf að gera það, ef maður athugar mál ekki nógu vel og það var gagnvart embættismönnum Reykjavíkurborgar. Katrín Fjeldsted var þar borgarfulltrúi til 1994 og síðan eru 17 ár og vitanlega geta þeir verið mismunandi. En ég ætla að draga til baka ummæli mín um embættismenn Reykjavíkurborgar þó ég standi við mörg önnur um-

mæli mín um það vald sem embættiskerfið hefur. Þá spyrja menn: „Hvað hafðirðu þá fyrir þér í því að vera að segja þetta?“ Og ég reyni ég að bjarga mér á hundasundi, eins og Steingrímur heitinn Hermannsson gerði oft þegar hann var spurður „hvað hefurðu fyrir þér í þessu?“. Og á sagði hann: „Ja ekkert sérstakt en það var maður sem sagi mér þetta.“ Svo ég ætla bara að láta það duga hér.

Það er svoalítið sérkennileg röksemdafærsla að halda að hugmyndir Þorvaldar Gylfasonar, sem ég styð, feli í sér að við ætlum að reisa einhvern risapíramída yfir allt. Þetta er sagt í öðru orðinu en í hinu orðinu er sagt, að þá sé bara alveg eins gott að fara alla leið og láta hann verða með svipaða stöðu og í Frakklandi og Bandaríkjunum. Og þá spyr ég: Ef þetta litla sem við Þorvaldur erum að leggja til: að forseti geti komið að sem neyðarheimill og sem fulltrúi þjóðarinnar í eftirliti, ef að það er allt í einu orðin gríðarleg völd uppi í toppi á valdapíramída, hvað er þá hitt? Ég held að þessi málflutningur standist ekki en ég er alveg tilbúinn til þess að hlusta á rök sem að mæla gegn því t.d. að hann sé með Seðlabanka Íslands; það er mjög pólitískt eins og við vitum. Aðalatriðið í mínum huga er það, er að það eru til aðstæður sem verða t.d. þegar þingið er, eins og 1942, gersamlega ófært um að stjórna landinu. Þá lýsi ég eftir því að það sé til neyðarheimill sem geti gripið inn í til þess að mynda utanþingsstjórn og það séu ákveðnar reglur um það. Ég tel líka að í ljósi þess að enginn forseti beitti málskotsréttinum í 60, að þá sé bara allt í lagi að hafa slíkt ákvæði inni, t.d. hefur ekkert kviknað í hjá mér í áratugi. Samt sem áður finnst mér gott að vita af því að það sé slökkvilið einhvers staðar. Ég tel ekki að slökkviliðið sé eitthvað með nefi ofan í mínum koppi á hverjum degi, þó það sé bara gott að vita af því að það sé þarna. Og ég held að þjóðinni líði betur að vita um einhvern sterkan aðila, karl eða konu, sem er þarna, vakir yfir henni fyrir okkur öll, leiðbeini okkur, verði nauðsynlegur menningarlegur oddviti og þjóðernislegur oddviti þessarar þjóðar og geti gripið inn í sem neyðarúrræði þegar annað bregst. Takk.

SN

Illugi Jökulsson, gjörðu svo vel.

IJ

Ágætu félagar. Ég ætla nú ekki að láta mjög til mín taka í þessari umræðu um valdsvið forsetans. Ég hneigist til þingræðisins á því sviði. En mig langaði bara, af því að hér munu væntanlega hefjast miklar umræður um forsetaembættið og hlutverk þess... Mig langaði bara að biðja fólk þess lengstra orða að fara varlega með hugtakið „sameiningartákn þjóðarinnar“. Fólk talar gjarnan svo að forseti *eigi* að vera „sameiningartákn þjóðarinnar“. Þetta hefur alltaf farið alveg óstjórnlega mikið í taugarnar á mér. Ég held að það sé ekki hægt að búa til stöðu og sá sem gegnir því sé þar af leiðandi sameiningartákn þjóðarinnar. Ég held að sú staða sé eitthvað sem menn ávinna sér en séu ekki kosnir í. Takk.

SN

Lýður Árnason er næstur á mælendaskrá.

LÁ

Heyrið, ég ætla að eins að taka til máls varðandi þessi mál hérna. Vegna þess að mér finnst alveg nauðsynlegt að ráðið lendi þessu. Okkur hefur tekist að lenda kjördæmamálinu, að öllum líkindum, og ég er alveg viss um að við getum lent þessu líka. Og ég held að það sé mjög mikilvægt að ráðið lendi þessu svona sem ein heild og á sem breiðustum grundvelli. Málið er þetta, að það er ákveðin gagnrýni á tillögu B-nefndar og sjálfur hef ég tekið þátt í þeirri gagnrýni. Það er í fyrsta lagi það, að mörgum hér finnst óeðlilegt að það sé ein og sama valdsuppspretta, þ.e.a.s. alþingismenn velji ráðherra. Þó þeir víki af þingi, þá eru hér aðilar sem telja það bara ekki nægjanlegt; það er ekki nægilegur aðskilnaður á löggjafar- og framkvæmdarvaldi. Það er eitt. Annað: Inn koma varamenn og það skekkir valdahlutföllin alveg eins og ef við myndum ekki láta neina koma þar inn. Þannig að valdsraddir þeirra sömu sem fara sem ráðherrar af þingi, þær verða eiginlega sterkari því það koma þarna inn varamenn úr sama meidi, þannig að þetta skekkir valdahlutföllin í þá áttina. Svo held ég að við getum ekki annað en litið á þá staðrend að þetta inniber ákveðin klíkutengsl. Það er mikil hætta rætnum ráðherraköplum og alls konar hrossakaupum meðal þingmanna og ráðherra fram og til baka, ef við gerum þetta svona. Reynslan hefur sýnt að svo sé. Svo er þetta eftirlits-hringræði, eins og ég vil kalla það, að Alþingi hafi eftirlit með sjálfu sér: Það er líka mikil hætta, við höfum séð það. Reynslan hefur sýnt okkur það að það er ekkert gott að eitthvert kerfi hefur eftirlit með sjálfu sér. Hins vegar verð ég að segja það, að þingræði náttúrulega hefur líka marga kosti og við erum að reyna að laga það í heildina. Og við erum með persónukjör sem ætti kannski að bæta vonandi mannvalið sem inn á þing fer og B-nefndin hefur gert margt gott bæta vinnubrögð þingsins. Við eigum eftir að fjalla um mál-skotsrétt forsetans. Að mínu viti er best að hann sé í höndum þjóðarinnar en þetta er óútkljáð mál. Og svo eigum við líka eftir að fjalla um þjóðarfrumkvæði, sem við gerum hérna vonandi á eftir.

En niðurstaðan er þessi: Tillögur B-nefndar, að mínum dómi, þær eru þannig að markalínan á milli löggjafans og framkvæmdarvalds er bara ansi óljós. Það er ákveðin áhætta sem við tökum með því. Við þekkjum þá áhættu og okkur var eiginlega ætlað það hlutverk að stemma stigu við henni. Og mér finnst við ekki gera það nægjanlega að óbreyttu. Það hafa komið nokkrar tillögur. Sumir vilja bara forsetaræði, þ.e.a.s. hreinar þjóðarkosningar til framkvæmdarvaldsins alls. Ég held að ég skynji það, að ráðið vilji ekki stíga svo drastískt skref. Einhverjar raddir hafa líka verið um það, að þjóðarkosning beinist bara að forsætisráðherra einum og hann skipi síðan ríkisstjórn. Mér sýnist ráðið heldur ekki vilja stíga það skref. Og þá komum við að þessu sem að Þorvaldur ýjaði að hérna í morgun og Ómar og fleiri, þ.e.a.s. að forsetinn verði pólitískur. Því að ég er alveg sammála Eiríki Bergmann að því leyti, að eftir því sem forsteinn færir meiri völd, þá verður hann umdeildari og pólitískari. Ég held að við ættum ekki að fara í neinar grafgötur með það. Hvað viljum við að pólitískur forseti geri? Það er eitt. Á hann að hafa eitthvert vald í stjórnarmyndun eða á hann bara að vera í eins konar svona formlegu hlutverki? Ef hann hefur vald, þá hefur hann eitt-

hvað um það að segja hver verður skipaður forsætisráðherra t.d. Þá getur í rauninni þingið ekki skipað forsætisráðherra nema með hans samþykki. Og við getum haft það, að það sé bara háð hans samþykki eða þings og hans eða bara þings. En ef við höfum bara í höndum þingsins, þá er þetta í raun og veru ekki nema bara formlegt hlutverk. Við skulum átta okkur á því. Ómar, hann nefnir utanþingsstjórn í neyðartilvikum. Ég er alveg sammála því. Það getur alltaf komið upp sú aðstaða að þingið getur myndað stjórn og þá þurfum að hafa einhvern sem myndar stjórn fyrir okkur. Og ég sé í fljótu bragði engan betri til þess heldur en þjóðkjörinn forseta.

Svo komum við að þessum veitingum embætta. Það eru náttúrulega ansi mörg embætti sem við getum tiltekið. Vilhjálmur var að tala um að misnota vald. Við höfum reynslu af því hvernig það hefur verið gert, einmitt í þessu: veitingu embætta. Hvernig hefur t.d. samsull Alþingis og Seðlabanka verið í mörg, mörg ár, alveg síðan ég fæddist? Þetta hefur verið útungunarstöð fyrir uppgjafa pólitíkusa. Þeir hafa hver af öðrum sest þarna, í seðlabankastjóra, og ég held að það sé bara röð alþingsimanna í mörg, mörg ár. Og ég sé ekki heldur að það hafi skilað okkur góðu verki, t.d. með Þjóðhagsstofnunina eða Fjármálaeftirlitið. Þannig að reynslan af þessu samsulli þings og veitingu embætta er ekkert endilega svo góð. Vilhjálmur var að tala líka um ábyrgð. Eftir því sem fleiri ganga þá leið, að vinna andstætt almannahagsmunum, því verra er það. Það er miklu gagnsærra og miklu fljótlegra að draga niður gardinur þegar það er bara einn maður sem gerir það. Hann getur ekki leynt því lengi en heilt kerfi getur gert það og hefur gert það í mörg, mörg ár, eins og við þekkjum. Síðan ætla ég að segja það, að vandinn hér inni er kannski á, að það eru voðalega margir ráðsfulltrúar sem að telja þessa þingræðistillögur B-nefndar ekki nægjanlega sannfærandi. Þær eru ekki nægjanlega sannfærandi í því að veita borgurum þessa lands nægilega vörn gegn spillingu. En eftir því er einmitt verið að leita, að við komum í veg fyrir það sem gerðist. Og staðreyndin er þá bara sú, að það eru ansi margir tillögur sem telja þessar tillögur ekki ganga nógu langt. Það liggur fyrir. Og þá er spurning: Hvaða leið höfum? Þorvaldur lýsti hérna einni leið, sem gæti verið sáttatillaga. Ég ætla að koma með eina sáttatillögu í viðbót sem gæti hugsanlega fallið vel hérna í fólk og hún er þessi: að þingið velji forsætisráðherra en forsætiráðherra velur svo sína ráðherra utan þings. Ég veit að þetta hefur verið reifað hérna af nokkrum en ég ætla að koma með þetta sem formlega tillögu og bið ráðsfulltrúa að íhuga hana. Hún hefur þessa kosti, að við höldum þingræðinu. Hún hefur líka þá kosti að við minnkum bein tengsl þingmanna og ráðherra. Hún hefur þá líka þann kost að dreifa valdi og hún líka þann kost, við veitingu embætta, að þau hljóta að vera óflokksbundnari og þau koma þá ekki beint frá þinginu. Þannig að ég bið ráðsmenn að íhuga þennan kost líka. En ég itreka það að eigum og verðum að ná einhverri lendingu í þessu máli. Við eigum að geta það. Við höfum gert það, ég held, í erfiðara máli og við eigum að gera það í þessu líka. Takk fyrir.

SN

Pawel Bartoszek, gjörðu svo vel.

PB

Já, takk kærlega fyrir. Kæru vinir, þetta eru góðar og athyglisverðar tillögur sem við erum lagðar eru fram til afgreiðslu hérna í dag. Mig langaði kannski að drepa á nokkrum atriðum, t.d. varðandi þetta sem... Í kaflanum um dómsvald á sínum tíma, þá samþykktum við það, innan hins fræga hornklofa, að það væri forseti sem myndi skipa dómara. Nú höfum við ekki, í nefndinni, tekið það til umfjöllunar að nýju en þetta var sett inn á sínum tíma. Nú er ég algjörlega að lýsa minni persónulegu skoðun. Á sínum tíma var þetta sett inn vegna þess að við vissum ekki hvert embætti forseta ætti að vera og hvað það ætti að hafa í för með sér. Og mér það [væri], miðað við það hlutverk sem forsetanum er ætlað núna í þessu, langrókréttast að þetta vald fari í hendur ráðherra. En ég er það algjörlega að lýsa minni persónulegu skoðun. En þetta væri fullkomlega í anda alls þess sem verið var að vinna með hér. Ég reyndar ætla að gerast svo róttækur að halda því fram, að það sé verið að auka vald forsetans í þessum kafla, frá því sem nú er. Og það mun fólki kannski þykja dálítið undarleg tenging. En hins vegar, það sem er verið að gera er það, að það er auðvitað bara verið að taka út orðið „forseti“ á fullt af stöðum, þar sem það á ekki við, en eftir stendur ein grein hér um það, að forseti geti haft vald til þess að náða menn. Og ég er ekkert endilega viss um að það hafi verið það vald sem honum hafi verið formlega falið hingað til, án þess að ég viti það. Þannig að það er verið að auka völd forsetans. Er fólk að segja jú hér? Já, þá hef ég rangt fyrir mér hvað það varðar. [inngríp úr sal] Það kemur þá bara í ljós. En ég alla vega hnýt um þetta og velti fyrir mér hvort það sé þá ekki verið að auka vald forsetans frá því sem nú er. En mér er í rauninni þetta ósárt. Það hlutverk sem hér er verið að setja upp er hlutverk sem makar forseta gegna víða um lönd sem einhvers konar aðili sem kemur fram fyrir við einhverjar athafnir og mér að sjálfsögðu eðlilegast að slíkur aðili sé þjóðkjörinn líka. Ef við værum að ætla slíkum aðila eitthvert hlutverk – og nú er ég bara að hugsa svona uppátt – þá myndi ég kannski velta fyrir mér hvort að einhver svona neyðarstaða í stjórnkerfinu gæti hugsanlega verið málið. Ég veit ekki hvort það þurfi að skrifa inn í stjórnarskrá, ef maður kannski ímyndar sér að þingið allt eða meirihluti þess deyi við einhverjar aðstæður, sem og ríkisstjórn, þá sé einn aðili sem hafi eitthvert þjóðkjör á bak við sig og geti gripið þar inn í. Ég, í sjálfu sér, er ekki algjörlega [ó]hlýnnur því að veita, undir einhverjum algjörum neyðartilfellum, forseta það vald sem margir hafa talið að hann hefði hingað til við myndun utanþingsstjórn en það verður bara að skoða það í heilu lagi. En ég væri þess vegna alveg til í að fara þá leið, þá hefði hann eitthvert stjórnarskrárlutverk að gegna við ákveðnar, svona, sérstakar aðstæður en það líka hægt að koma því þannig fyrir að hann hafi það alls ekki. En mér líst ágætlega á tillögur B-nefndar og styð þær að flestu leyti til.

SN

Ástrós Gunnlaugsdóttir, gjörðu svo vel.

ÁG

Já, ágætu félagar. Mig langaði að byrja aðeins að koma inn á það sem Ari var að tala um áðan, varðandi að forsetinn þyrfti að vera með eitthvað hlutverk. Mér

líður svolítið eins og við í B-nefnd séum svona vondi maðurinn sem stálum gullkistu af einhverjum, eins og hann hafi bara átt demantakistu heima hjá sér. En í rauninni var þessi maður þannig séð valdalaus fyrir utan að hann hefði stjórnarmyndunarumboð og svo málskotsrétt 26. gr., sem að mér skilst að C-nefnd sé ennþá að fara yfir hvað eigi að gera við. Þannig að eina gullið sem við erum búin að taka af honum er þetta stjórnarmyndunarumboð og ég verð bara að segja fyrir mitt leyti, að mér finnst fullkomlega eðlilegt að slíkt umboð sé frekar í höndum 63 manna en eins manns og undir hans geðþottaákvörðun hver fær það stjórnarmyndunarumboð hverju sinni. Þannig að mér líður ekki eins og að við séum búin að búa til eitthvert embætti sem hafi ekkert hlutverk fyrir utan að, eins og Vilhjálmur kom inn á, þá er gríðarlega mikilvægt hlutverk að vera verndari menningar og lýðræðis og – fyrirgefðu, Illugi – sameiningartákn þjóðarinnar [hlátur í sal]. Þetta er bara gríðarlega mikilvægt hlutverk. Það er ekki eins og þetta sé valdalaus einstaklingur.

Svo hefur lík verið talað um að það sé ekki til neitt sem heiti að vera ópólitískur, að það sé ekki hægt að búa til ópólitískt embætti. Ef ég má bara spyrja: Hvað er að vera pólitískur? Er það sama og að hafa skoðanir? Auðvitað hafa allir skoðanir. Ég t.d. tel mig vera ópólitíska en hef fullt af skoðunum. En það er ekki einn stjórnmalaflokkur sem að heillar meira en annar. Hvað er að vera pólitískur? Mér finnst fullkomlega eðlilegt að það sé forseti í embætti sem hafi skoðanir á ýmsum hlutum, hvort sem hann telst pólitískur eða ópólitískur. En fyrir mitt leyti á hann að vera bara á pallinum fyrir ofan þetta stjórnmalapras, þetta dægurpras sem að á sér stað niður á Austurvelli. Og svo þessi umræða varðandi neyðarheimilinn: Mér finnst þetta svolítið eins og við séum að setja á okkur axlabönd og belti og 14 fallhlífar. Það er bara í þessu kerfi og þessum tillögum sem við erum búin að setja fram í B-nefnd, það er neyðarhemill og það eru nokkrir neyðarhemlar. Svo má auðvitað ekki gleyma þjóðinni sjálfri. Ég meina, eins og við sáum varðandi búsáhaldaþyltinguna, að þegar þjóðin fær nóg, þá segir hún sína skoðun. Hún kemur sinni skoðun á framfæri. Og það er ekki eins og við þurfum að hafa einhvern föður til þess að gæta þess að okkar skoðun komi í ljós. Við getum verið fullfær um að segja okkar skoðun sjálf. Við getum alveg verið okkar eigin neyðarhemill, ef við viljum.

Og svo varðandi líka þessar tillögur sem hafa komið fram um að forsetinn hafi öll þessi rosalegu tæki til að skipa menn embætti og annað og að þetta eigi að leysa úr vandanum um samkrull milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds, þá finnst mér það að blanda þessu eða að þessi eini einstaklingur hafi vald til að skipa í embætti og þetta með að geta gefið út bráðabirgðalög og annað – þetta finnst mér rosalegt samkrull af framkvæmdarvaldi og löggjafarvaldi í einum manni, ef ég má bara segja mitt álit á því. Og svo – hvort það var Lýður sem kom inn á, eða ég man ekki – varðandi seðlabankastjóra, að þingmönnum hafi nú ekki tekist vel að skipa seðlabankastjóra hingað til eða þessu pólitíska heimi, þá get ég nú ekki séð að ef á að veita forsetanum öll þessi ofboðslegu hlutverk sem eru í tillögunum, að það verði eitthvað betra að hann einn sjái um að skipa seðlabankastjóra. Þannig að ég held að vörnin gegn spillingu sé ekki fólgin í því að einn maður hafi völd sem að þessar tillögur, sem hér hafa komið

fram, um aukin völd forseta þjóði upp á. En annars list mér vel á þetta sem kom fram í tillögum Lýðs um utanþingsráðherra. Mér list mjög vel á það. Gæti alveg stutt það, ef að hitt myndi ekki fylgja með. En takk fyrir.

SN

Dögg Harðardóttir, gjörðu svo vel.

DH

Formaður, ágætu ráðsfulltrúar. Forsetaembættið hefur mótast með þeim sem hafa gegnt þessu embætti undanfarna áratugi og einhverra hluta vegna hafa þeir sem hafa gegnt þessu embætti kosið að lifa í friði við þjóðina, svona að mestu leyti. Auðvitað náttúrulega höfum við verið að lifa nýja tíma núna undanfarin ár. En það er dálítið athyglisvert í þessari umræðu um valdalausán forseta, að í kosningum þá koma oft flokkarnir og þeir vilja sinn man, það myndast oft fylkingar í forsetakosningum, þar sem einn flokkur mælir frekar með einum manni frekar en öðrum af því að hann einhvers staðar staddur í pólitík. Og það leiðir nú hugann að því, að forsetinn hafi nú kannski ósýnilegt vald sem er hvergi skráð og kannski hugsa menn sem svo, að það sé bara gott að hafa sinn forseta t.d. við stjórnarmyndunarviðræður. Ég styð það, að forsetinn hafi það vald áfram. Ég ætla bara að minna ykkur á hvað gerðist innan borgarstjórnar Reykjavíkur þar sem að flokkarnir koma sér saman um borgarstjórnir og maður vaknaði að morgni og þá var komin ný borgarstjórn og svo þegar maður vaknaði næsta morgun, þá var komin önnur borgarstjórn og Reykvíkingar slógu met í myndun borgarstjórna. Svona vil ég ekki sjá gerast í ríkisstjórn landsins og þess vegna held ég að það sé bara skynsamlegt að þetta vald sé á hendi forseta.

Nú, það hefur svolítið verið talað hérna um ef forseti misbeittir valdi. Fyrir nokkrum vikum, þá var í fjölmiðlum rætt um mikilvægi þess, að forsetaembættið setti sér siðareglur. Og þær hafa ekki litið dagsins ljós ennþá og ég velti fyrir mér og vil svona bara varpa þessu hérna fram, hvort það sé eitthvað sem við ættum að taka á um að um siðareglur forseta skuli kveða á um í lögum, vegna þess að það hlýtur að vera hægt að girða fyrir það að forseti misbeitti valdi sínu á stórkostlegan hátt með ákveðnum og þá veit hann hversu langt hann má ganga og hvar mörkin liggja. Vegna þess að auðvitað getur forseti sagt nákvæmlega það sem hann vill, þar sem hann vill og við þá sem hann vill. Og hann getur haft ákveðið vald, þó það sé ekki skráð í stjórnarskrá og þó það sé hvergi skrifað, þá getur forseti að sjálf sögu beitt sér. Nú, eitt í viðbót varðandi kjörtímabilin. Ég var að glugga í gær í bók sem í voru ræðir eftir Kristján Eldjárn og sagði Kristján að fáir myndu vilja vera lengur en þrjú kjörtímabil á forsetastóla. En nú höfum við tvo forseta sem hafa eða munu sitja – eða, já þrjá forseta; nei, tvo forseta – sem munu sitja fjögur kjörtímabil. Er það ekki rétt hjá mér? Það eru Ólafur og Vigdís. Þannig að þrjú kjörtímabil er eitthvað sem ég held að sé bara mjög skynsamlegt. Ásgeir var í fjögur, já. Það sem ég vil svona leggja áherslu, það er þetta með siðareglur. Er það eitthvað kannski sem við ættum að taka á? Er það eitthvað sem þarf að ræða? Takk.

SN

Eiríkur Bergmann Einarsson, gjörðu svo vel.

EBE

Kæru félagar. Acton lávarður heitinn sagði: „Vald spillir og gerræðisvald gerspillir.“ Og þess vegna höfum við í B-nefndinni einkum litið til þess að skýra valdmörkin og setja ábyrgðarröðunina fram með skýrum hætti og það skiptir gríðarlegu máli í þessari umræðu að menn átti sig á hvernig ábyrgðarröðunin er. Í því kerfi sem við leggjum til hvílir það innan þingræðisins, því að þrátt fyrir að ég hafi vilja kjósa forseta eða forsætisráðherra beinni kosningu, sem að stýrði ríkisstjórn, þá virtist það vera, svona, naumur meirihluti í nefndinni fyrir þingræðisleiðinni.

Nú, þá eru ábyrgðarmörkin inni í þessu kerfi sem að við leggjum til þannig að, það er þjóðin sem kys lög-gjafarþingið, 63 þingmenn skv. núverandi tillögum, inni á löggjafarþing. Þetta löggjafarþing er falið að mynda, í umboði þjóðarinnar, framkvæmdarvald og framkvæmdarvaldið, ríkisstjórnin, er ábyrg gagnvart Alþingi; Alþingi getur sett þetta framkvæmdarvald af. Þetta framkvæmdarvald ber ábyrgð á öllum stjórnarathöfnum og hér er ábyrgðarröðin algjörlega kristalskýr. Ef að við förum hins vegar að taka hluta af stjórnarathöfnum frá ríkisstjórn og til forseta, eins og hér er lagt til, þá riðlast þessi ábyrgðarskipting verulega. Og þá verðum við að fara að skoða hvernig hún er. Í fyrsta lagi verður misgengi í ábyrgð á stjórnarathöfnum og mismunandi þættir framkvæmdarvaldsins geta farið að benda á hver aðra og vikið sér þannig undan ábyrgð. Við þekkjum leikinn þegar Einbjörn bendir á Tvíbjörn o.s.frv. Og við höfum nú fengið heldur betur að kynnast þeim leik hér undanfarið. Og ég er hræddur um að ef við förum að skipta stjórnarathafnavaldinu, framkvæmdarvaldinu, upp með þessum hætti sem hér er lagt til, þá verði þetta misgengi. Þá yrði, að mínu viti, einnig að vera hægt að setja þetta nýja framkvæmdarvald í formi forseta Íslands af. Það yrði þá, í mínum huga, að verða þannig að Alþingi gæti samþykkt vantraust á foresta með sama hætti og það getur samþykkt vantraust á ráðherra. Það gæti þá ekki verið þannig að það væri ekki hægt að kæra forseta fyrir þær stjórnarathafnir sem hann ber ábyrgð á. Þannig að það er viðbúið að í þessu kerfi lendum við bara í bullandi vandræði með ábyrgina og allar þær forsendur sem að við í B-nefndinni höfum unnið eftir, eru þá komnar á skakk og skjön og kerfið er þá ekki lengur heildstætt. Þetta eru þau atriði sem ég hef mestar áhyggjur af í þeirri umræðu sem hér fer fram.

Ég tek hins vegar undir með Kötu sem benti hér á það áðan, að það er til margt annað vald heldur en bara ríkisvald. Við þekkjum það, ríkisvald skiptist í þessa þrjá þætti, það er löggjafarvaldið sem er skýr, það er dómsvaldið sem er skýrt og það er framkvæmdarvaldið. Svo skiptast auðvitað þessir valdþættir innbyrðis með einhverjum hætti en þetta eru eðlisþættir ríkisvalds. Allt vald sem fer fram í gegnum ríki[ð] fellur undir eitthvað af þessum sviðum og allt það vald sem forseti hefur haft með höndum er annað hvort innan löggjafarvalds eða framkvæmdarvalds. En það er margt fleira valdið og áhrifavaldið og dagskrárvaldið er ekki síður mikilvægt. Og það er það vald sem að við ætlum forseta Íslands að hafa með höndum, að hann sé þjóðhöfðinginn. Og það er alveg rétt líka sem að Pawel Bartoszek hér bendir á: Við erum raunverulega, í okkar tillögum, að auka veg forsetaembættisins en ekki að takmarka það. Það getur vel verið og ég svo

sem fór í gegnum það auðvitað sjálfur, að við bara, svona sem manneskur, sem erum von að lifa í þessu samfélagi, að við fáum pinkulítið sjokk þegar við förum í það að flysja þetta leppshlutverk sem er í stjórnarskránni og sjáum það að sú mynd sem við höfðum, hún reynist ekki rétt gagnvart, sem að við höfum, af raunverulegum hlutverkum forseta, þá er að mínu viti verið að auka veg hans. Það er hvergi sagt í stjórnarskránni að sé forseti sé þjóðhöfðingi. Við erum að segja það berum orðum. Náðunarhlutverk forsetans hefur hingað til farið í gegnum dómsmálaráðuneytið, þar sem er þá innanríkisráðuneytið í dag. Við erum að leggja það til, að það væri ekki í höndum ráðherra, það vald, heldur í höndum forseta og mér finnst fara mjög vel á því að forseti hafi þetta hlutverk með höndum. Þannig að ég hafna því alfarið að hér sé verið að draga úr hlutverki forseta Íslands í stjórnskipan landsins í þeim tillögum sem við erum hér að leggja, heldur þvert á móti. En aðalatriðið er það, að valdi fylgi ábyrgð, að kerfið sé heildstætt og það sé skýrt. Og það framkvæmdarvaldið og þeir sem fari með stjórnarathafnir í þessu landi, að þeir skuli veskú vera ábyrgir gagnvart löggjafanum sem er ábyrgur gagnvart okkur sjálfum. Og ef við ætlum að setja beinar stjórnarathafnir á forsetatembættið, þá gengur það alls ekki upp í mínum huga, án þess að hann sé þá einnig ábyrgur gagnvart löggjafanum. Takk fyrir.

SN

Andrés Magnússon er næstur á mælendaskrá. Ég loka henni þegar hann hefur lokið máli sínum. Gjörðu svo vel, Andrés.

AM

Kæru félagar. Takk fyrir þessar ágætu tillögur. Við missum okkur alltaf út í að tala semsé um eitthvað sem ekki er ekki lagt fram hér en er mikið hitamál og það er ágætt að menn tali um það. Mig langar aðeins að svara síðasta ræðumanni. Hann kom með mörg ágæt rök um kosti þingræðisins. En það vantar samt ennþá hvernig á að skilja á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Það er stóra spurningin. Og það er þess vegna sem allar þessar hugmyndir eru komnar fram. Við erum ekki tilbúin að stíga það skref að kjósa beint framkvæmdarval[ið]. Ég óttast ekkert neinn einn sterkan mann, það er búið að girða fyrir það. Valið er hjá þingnefndum og það væri hægt að girða ennþá betur fyrir það með því að kjósa hvern ráðherra fyrir sig, sem er ekkert mál og auðvitað best.

Einhver fulltrúanna nefndi það: „Ég vil gjarnan sjá þau lönd, þar sem að er kosið beint framkvæmdarvald, að það gangi betur þar. Nú erum við með sjónvarpsmenn frá Frakklandi. Áður en þingið byrjaði, þá var ég líka með sjónvarpsmenn frá Frakklandi heima hjá mér. Og það virðist vera eins og Fransmenn hafi rosalega mikinn áhuga á þessu fyrirbæri. Já, ég held að áhugi á lýðræði sem meiri í Frakklandi, heldur en flestum öðrum löndum. Þeir hafa stoppað mjög gerræðisleg frumvörp frá Evrópusambandinu o.s.frv. Þeir hafa áhuga á lýðræði. En við erum ekki tilbúin til að stíga það skref. Ég held það sé fyrst og fremst af því að við erum ekki von því og við höldum að þetta verði of stórt skref fyrir þjóðina að stíga í einu, þannig að við erum að reyna að finna einhverjar svona millileiðir og þess vegna tel ég þessar tillögur vera góðar að ýmsu leyti,

sem hafa komið fram. En sérstaklega setur þetta á dagskrána og lýsir betur að það eru ekki bara þrjú völd hér í landinu, eins og komið hefur fram. Það er líka t.d. embættismannavald og það hefur ekki verið nefndur valdamesti maðurinn pólitískt, þ.e.a.s. útvarpsstjóri, og það náttúrulega skandall þegar að það var alltaf veitt pólitískt. Og þetta er svona tilraun að taka það framhjá flokkunum og oddvitunum að veita embætti. Og þess vegna finnst mér þetta virðingarverð tilraun. En það eru aðrar leiðir sem oft hafa verið ræddar, t.d. að nefndin sem skipar í þessi embætti, hún sé t.d. valin með slembiúrtaki. Víða, t.d. í Bandaríkjunum er bara kosið í þessi embætti. Það er enn ein leiðin til þess að fara framhjá flokknum í veitingu embætta, án þess að virkja forsetann. Ef menn vilja hafa forsetann með svona hreina áru, ópólitískan, þá eru ýmsar aðrar leiðir sem hægt er að skoða án þess að veita þessu aftur í flokksfarveginn.

Og af því að Eiríkur talaði semsé um þrískiptingu valdsins og að það væri eðlilegt þá að löggjafarvaldið veldi sér framkvæmdarvald úr sínum eigin rögum og svo dómsvaldið, því þriðja, hvað myndist síðasta ræðumanni um það, ef menn skipuðu bara Hæstaréttardómara úr sínum rögum? Af hverju á eitthvað annað að gilda um aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, heldur en löggjafarvalds og dómsvalds. Við sjáum strax fátíðleika þess, að oddvitar færu og settust í Hæstarétt. En er þetta ekki jafn fátíðlegt að þeir setjist í stóla framkvæmdarvaldsins?

Og hér er ég nú með eina millitillögu. Það er: „Forseti skipar ráðherra í samvinnu með meirihluta þings,“ eins og er núna. „Forseti skipar ráðherra í samvinnu við meirihluta þings og tryggir að til starfans veljist einstaklingar sem eru sjálfstæðir gagnvart sem eru sjálfstæðir gagnvart löggjafarvaldinu. Þetta á náttúrulega að vera. Það á að vera þannig. Og það er spurning hvort þetta gæti þá styrkt forsetann í að því að velja ekki pólitíska ráðherra eða ekki mjög mikið pólitíska ráðherra, alla vega ráðherra sem eru sjálfstæðir gagnvart löggjafarvaldinu. Og svo bara að lokum, smá orðalagsbreytingar á því sem var nú lagt fram og enginn hefur talað um fyrr. Það er semsé 7. liður, starfskjör forseta. Mér finnst dálítið grand að splæsa þessa í stjórnarskrána: „Ákveða skal með lögum greiðslu af ríkisfé til forseta. Óheimilt er að lækka greiðslu þessa til forseta kjörfundar hans.“ Ef ske kynni, þá stoppum við upp í alla leka. Mér finnst óþarfi að hafa þetta í stjórnarskrá, Og minni á það, ef 10. fer í burtu, þá þarf alla vega að vera inni ákvæði um hvar þingið situr, ef við viljum skilgreina höfuðborg landsins. Og síðan spyr ég af fáfræði varðandi 14. lið. Katrín Fjeldsted var að kenna mér það í dag, að Alþingi er ekki slitið, það starfar allt árið og fer bara í smá sumarfrí. Og passar þá setningin hérna í 14. lið „að loknum alþingiskosningum“ „og setur reglulegt Alþingi ár hvert“. Ef það er hægt að setja ákvæðið, ef það verður ekki slitið eða... Þetta er kannski bara eitthvað sem ég skil ekki. Takk fyrir.

SN

Mælendaskrá er þá lokuð um þennan lið. En næst á mælendaskrá er Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Takk. Við í A-nefnd, við erum oft með svona móment, þar sem við skoðum erindi frá almenningi, sem er

mjög skemmtilegt. Það er ótrúlega gaman. Þá skoðum við öll þessu frábæru erindi sem okkur eru að berast og hafa nú reyndar vakið heimsathygli, þessi vinnubrögð okkar, sem er frábært. Og uppáhalds erindið okkar byrjar svona: „Kæra stjórnlagaráð, þið erum frábær.“ Okkur fannst þetta bara strax mjög gott erindi. Við lásum það og tókum fullkomlega tillit til þess. [hlátur] Nei... Við gerðum það að vísu ekki. En þetta var samt fallett. Og ég vil segja: Þið eruð frábær. Og það sem mér finnst svölitið vera að í umræðunni núna er óþörf varnarstaða. Við erum öll að stefna að sama markmiði, það er alveg á hreinu. Og mér finnst þetta sem Lýður sagði, að við þurfum bara að finna lausn, hver sem hún verður, vera mjög mikilvægt. Við þurfum ekki að ákveða bara: Heyrðu, hér er búið að draga einhverja línu í sandinn og svo berjumst við til síðasta blóðdropa um að henni verði ekki hnikað. Mér finnst það tilgangslaut. Við höfum, eins og fram hefur komið, náð ótrúlegum niðurstöðum með því að hlusta á alla og taka tillit til allra. Og mér finnst eins og aðeins sé umræðan að afvegaleiðast hér, fólk sé of mikið að bregða sér í einhvers konar, svona, með- og á móti-fylkingar og ég held að það sé bara ekki til góðs. Þannig að ég bara ráðlegg okkur að bakka aðeins - af því að við erum svo frábær. Þessi hugsun - „erum við að taka eitthvað frá forsetanum“ - þetta er ekki heldur gott að hugsa svona. Við erum að búa til nýtt kerfi og við skulum ekkert vera að hugsa um hvað gamli forsetinn hafði eða hafði ekki eða hvaða ímynduðu verkefni hann hafði eða hafði ekki, það skiptir engu máli. Nú skulum við bara einbeita okkur að því sem við erum að gera og því sem við okkur blasir og ákallið um eftirlit og brýnara aðhald og aðskilnað milli valdþátta er grunnstefið. Það er grunnstefið. Og það skiptir ekki öllu máli hvernig við náum því ef við tryggjum markmiðið. Við ættum því ekki að fara í einhver svona „bíddu, nei, við viljum ekki, alls ekki... mér finnst þetta fáránlegt“. Mér finnst það óþarfi og verð fyrir svolitlum vonbrigðum með okkur þegar við gerum þetta. Þannig að við skulum ekki saka hvort annað um að vera ekki hrein-skilin í okkar tillögum eða ekki vilja það besta. Við viljum öll það sama, held ég, og það eru bestu niðurstöðurnar fyrir fólkið í landinu. Og við munum ná þeim, ég veit það alveg. Þess vegna skulum við passa okkur á orðum eins og „þíramídi“ eða „tveggja turna“, „sterka manns“ - einhver svona hræðsluáróðursorð, sem eiga að gera lítið úr tillögum annarra eru óþarfar vegna þess að það er alveg réttmæt hræðsla sem er að baki því að fólk vill aftur og aftur reyna að koma með einhverjar tillögur að breytingum. Tillagan hans Lýðs er góð, tillaga B-nefndar er góð og tillaga Þorvaldar er góð. Þetta eru allt góðar tillögur. Það er engin vond, það er engin röng og það er engin betri eða verri en önnur. Allar hafa þær sama takmark og nú skulum við bara leggja undir feld og finna einhverja leið til þess að leysa þetta. Takk.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson, gjörðu svo vel.

VP

Já, takk Kata, þetta var ágætis áminning. Það er einmitt það sem við erum að gera hérna. Við erum að leggja fram rök og svo ætlum við að ræða okkur að bestu niðurstöðu og til þess er alltaf best að einmitt

velta fyrir sér markmiðinu fyrst og svo leiðunum að þeim markmiðum - og auðvitað velja líka markmiðin út frá gildum. Og það er nú það sem verkefnið er. Og ég segi fyrir mig: Mér finnst allt koma til greina í þessu sambandi. Ég hef enga fyrirfram skoðun á því hvað forsetinn eigi að hafa af verkefnum, bara allt sem er skynsamlegt og - svo ég taki mér þig til fyrirmyndar og sletti aðeins - allt sem „meikar sens“ er bara gott mál. En í fyrsta lagi, þá var verið að hafa áhyggjur af spillingu og hvort að þessar tillögur okkar í nefnd B gengju nógu langt til að koma í veg fyrir spillingu. Í fyrsta lagi: því miður, þá held ég að það verði aldrei alveg komið í veg fyrir spillingu. Ég held að það sé alltaf þannig þegar þú færir einhverjum eitthvað vald, að þá kemur alltaf upp hætta á spillingu. Og ég held að það sé meira að segja þannig, að þó að þú værir með meirihluta þjóðar í þjóðaratkvæðagreiðslu, þá getur það samt verið spilling, sem sagt meirihlutinn, 51%, getur verið að skammta sér einhver gæði á kostnað 49%. Það getur líka verið spilling. En það sem ég held hins vegar að skipti mjög miklu máli í þessu er tillögurnar sem að við vorum að samþykkja í gær um alþingiskosningar og breytingar á þeim og í því hvernig við munum leyfa þá - ef þetta gengur allt fram - aukið persónukjör og það að stjórnmalámennt standa þá miklu ábyrgari gagnvart kjósendum heldur en áður og þeir geti ekki bara setið þarna einhvern veginn í vissu um það að flokkurinn muni verja þá áfram. Þetta er þema sem ég er búinn að segja oft en góð vísa er aldrei of oft kveðin. Ég er að vonast til þess að svona ákveðin uppspretta spillingar stoppi strax þarna í alþingiskosningunum, ef að þetta heppnast hjá okkur.

Síðan, um embættisveitingar almennt: Þetta náttúrulega hefur verið mikið vandamál á Íslandi. Embættisveitingar eru erfiðar í svona litlu þjóðfélagi, þar sem að allir þekkja alla og allt það. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að hafa sterkar og góðar reglur um embættisveitingar. Og þetta hefur nú smám saman verið að færast í betra horf hjá okkur almennt talað. En við erum auðvitað í fyrsta sinn núna að setja í stjórnarskrá beinlínis ákvæði um það, að einungis hæfni og málefnaleg sjónarmið skuli ráða við veitingar embætta; þetta er orðið stjórnarskrárverndað frá og með okkar tillögum, sem er auðvitað gríðarlega stórt skref fram á við. Þannig að hver sá sem raunverulega væri að fara fram með þeim hætti að vera að velja vini sína á ómálefnalegan hátt, hann væri orðinn brotlegur við stjórnarskrána og það varðar þá bara ráðherraábyrgð í tilfelli ráðherra og almennri ábyrgð annars að lögum. En af því að Seðlabankinn var nú t.d. nefndur og það er alveg rétt að hann var nú lengi svona gott dæmi um það að það var verið að taka þá fólk úr stjórnárum og setja í þægileg embætti. En menn verða aðeins að vita hvað hefur gerst. Það voru nú enginn smá styr um ný seðlabankalög sem að sett voru 2009, sem að í fyrsta sinn gjörbreyttu ráðningu seðlabankastjóra, sem að er ráðinn með sérstakri... það er sérstök hæfisnefnd sem metur umsækjendur og þetta á að vera nú frá og með þeim lögum alveg ferli sem er svona eins og ég lýsi, að það sé hæfnin sem ræður og málefnaleg sjónarmið við ráðningu seðlabankastjóra.

Síðan er þessi umræða um utanþingsstjórnir og menn eru alltaf að vísa einhver söguleg fordæmi frá 1942, sem er nú alveg spurning hversu gild eru í samfélagi dagsins í dag, að út af því þá sé einhver stórkost-

leg þörf fyrir að hafa þarna flókna varnagla um utanþingsstjórnir sem að er bara annað orð yfir einhvers konar minnihlutastjórn sem að forseti Íslands bara gengur í að skipa óháð umboði Alþingis. Það kemur oft upp í umræðunni þetta fyrirbæri „sérstaða Íslands“. Það er alltaf þessi sérstaða Íslands, við höfum svo mikla sérstöðu, það eru svo miklar sérstakar aðstæður og eitthvað. En eigum við að fara að viðurkenna það, að það sé[u] einhver[jar] svona sérstakar aðstæður og það er svo mikil sérstaða Íslands að við þurfum að hafa svona einhver furðuleg utanþingsstjórnarákvæði í okkar stjórnarskrá sem eru ekki annars staðar á Norðurlöndum t.d. Ég meina, ef við erum með þingræði, þá erum við með þingræði. Og það sem á að gert ef að þinginu tekst ekki að mynda meirihlutastjórn, að þá á þingið bara að mynda minnihlutastjórn. Og það er bara eins og gert er annars staðar og það mun nú koma fram í uppfærðum tillögum nefndar B. Ef ég veit rétt, þá verða lagðar fram eftir viku uppfærslur á okkar ákvæðum t.d. um stjórnarmyndum, þar sem verður m.a. rætt um þetta. Og við getum athyglisverða umræðu þá um þetta allt saman. En ég spyr mig bara, alveg eins um bráðabirgðalögin sem við vorum að ræða hérna áðan: þetta var svona dálítið séríslenskt ákvæði. Það eru engin ákvæði um bráðabirgðalög í finnsku eða sænsku stjórnarskránum. Af hverju ætti að vera eitt-hvert svona sérákvæði á Íslandi. Og ef við erum við búa til svona lagað erum við þá ekki að viðhalda einhverri svona sérstöðu, að hlutirnir séu hér eitthvað öðru vísi en gengur meðal síðaðra þjóða? Þannig að ég held að þetta sé óþarfi. Við bara eigum að geta lifað við eðlilegt þingræði eins og aðrir og sé enga ástæðu til annars. En takk, þetta er það sem ég vildi sagt hafa.

SN

Erlingur Sigurðarson, gjörðu svo vel.

ES

Formaður, góðir fulltrúar. Jón Prímus leitaðist við að finna upp teóríu til að vinna bug á öllum teóríum. Ég veit ekki hvort hann fann hana en hann komst að því að allt væri gott. Nú er félagi minn, Eiríkur Bergmann, búinn að finna upp það að pólitík og tilraunir til að gera veitingar ópólitískar séu pólitík. Og það er vissulega rétt. En allt snýst um skoðanir í pólitík. En það ekki hins vegar í þágu eins flokks endilega. Ég get ekki skilið hvernig tillaga um það að rétt að forseti skipi nokkra embættismenn er tilræði við lýðræðið á Íslandi, að það réttlæti hugleiðingar um það að þetta sé bara toppur á valdapíramíða sem að kúgi allt undir sér. Og ég verð, með allri virðingu fyrir Þórhildi vinkonu minni, að segja að mér finnst ekki gott að sitja undir orðinu óheiðarleiki. Þó það sé ekki sagt, þá var það sagt samt sem áður. Af því að það hafa þessar skoðanir uppi, það tengist eitthvað því. Ég get ekki skilið hvers vegna það vekur svona miklar hræringar, að hugmyndir um það að það sé orðað í stjórnarskrá, það er ekki nóg að segja „hann er þjóðhöfðingi“ og búið. „Þjóðhöfðingi“ er hægt að segja við hvern: „Þú ræður þessu“. „I have always have the last word about it. – Yes dear“.

Nú, hvað er það Alþingi verðskuldar svo umfram það, að í starfi þess á síðari árum, í trausti þess að það verði meiri líkur til að það ráði við framkvæmda-arvaldið sem að nú er settur upp. Ég held að Lýður

hafi orðað þetta rétt. Hann benti á það að það sem er kannski kjarninn í þessum deilum sem nú eiga sér stað er það að menn eru ekki enn vissir um að þetta sé nógu tryggt, aðskilnaður framkvæmdarvalds og löggjafarvalds, og vilja að þar sé a.m.k. einn óháður aðili sem gæti komið í milli til að deila því valdi eða hafa eftirlit með því.

En að [þessar] tillögur um skipun nokkurra embættismanna sé orðið svo hápólitískt atriði, það get ég engan vegin skilið hvernig þetta er lagt út. Það er búið að gefa sér forsendur sem ekki eru fyrir hendi. Þó að skipun 10 til 20 embættismanna, hlutlausra stofnana og eftirlitsstofnana á vegum ríkisins komi til, þá er það ekki tilræði við lýðræðið. Það er miklu fremur verið að tryggja það.

Ég myndi velja fyrir mér, ef við gætum komið með hugmyndir í stjórnarskrána um störf forseta, eitt-hvað á þessa leið: „Forseti Íslands er umboðsmaður þjóðarinnar. Hann kemur opinberlega fram fyrir hennar hönd, skipar í helstu embætti stjórnsýslunnar og forstöðumenn sjálfstæðra stofnana á vegum ríkisins, veitir þeim aðhald og hefur eftirlit með því að starf þeirra samrýmist að öllu leyti góðum stjórnarháttum.“ Síðan væru talin nokkur helstu verk, sem að forseti annaðist og væru m.a. setning Alþingis, eins og komið er, og þingrof að beiðni þingsins; staðfesting laga ætla ég ekki að nefna hér, það er umdeilt atriði. Það þarf að koma sér inn í. Veiting umboðs til myndunar ríkisstjórnar: Hann færi á sama hátt og farið hefur með það vald: að ræða við forystumenn flokkanna eða [þá] aðila sem til greina koma og ráða því hverjum hann felur stjórnarmyndunarumboðið, sem er nú að mestu leyti eftir samkomulagi þeirra væntanlega, og síðan komi svo inn til viðbótar – já, skipan Ríkissaksóknara og Ríkisendurskoðanda til og umboðsmanns Alþingis eða alþýðu manna eða almennings. Þar ofan í kaupíð sé svo forseti Íslands sérstakur forsvari íslenskrar tungu og þjóðmenningar og verndari stofnana og félagsskapar í þágu þeirra. Svipuðu máli gegnir e.t.v. um stofnanir og félög í þágu friðar og mannréttinda og e.t.v. enn fleira. Og það held ég að sé alveg rétt sem Illugi sagði hér áðan, að forseti Íslands er ekki sameiningartákn sem menn kjósa, hann vinnur sig til að vera sameiningartákn.

SN

Lýður Árnason, gjörðu svo vel.

LÁ

Ólafur Ragnar hefur notað þennan svokallaða mál-skotsrétt þrisvar sinnum og það er svolítið skondið, þegar maður lítur til baka, að þegar hann beitti honum í fyrsta sinn voru margir ánægðir. Svo beitti hann honum í annað sinn, það voru yfirleitt þeir, sem voru ánægðir með að hann skyldi beita honum í fyrsta sinn, óánægðir og öfugt. Sem segir okkur svolítið mikið: lýðræði er ekki bara eitthvað sem við bara getum haft að hentisemi. Lýðræði er eitthvað sem að við eigum bara alltaf að þiggja og vera ánægð með en ekki bara þegar það hentar okkar málstað – þá viljum við ekkert með það hafa og öfugt. Þannig að ég segi bara fyrir mitt leyti: Við höfum haft Vigdís sem var tiltölulega óumdeild á sínum tíma. Og það hagnast mörgum. Svo fengum við Ólaf sem er búinn að vera mjög umdeildur. En hvað sem hver segir, þá færði hann þjóðinni val-

kosti og það kom í ljósi að þjóðin var ekkert sammála þinginu. Hún sagði bara nei. Er þetta gott eða vont? Ef við reynum að hugsa framhjá þessum málum endilega, viljum við hafa þetta svona, að við getum stundum fengið upp á okkar borð, sem sagt rétt til þess að hafna einhverju eða samþykka eitthvað. Út á það gengur lýðræðið, ekki bara þegar okkur hentar, þá eigum við endilega að taka því fagnandi. Svo þegar það hentar okkur ekki, þá viljum við ekkert með það hafa. Það hefur ekkert með lýðræði að gera. Það er eitthvað allt annað. Og ég ætla svo bara að áréttu það, að það er, eins og Kata segir, þ.e. grunnstefið í þessu er það að Alþingi og framkvæmdarvald er ekki nógu vel aðskilið að margra dómi hér. Og þetta er eiginlega skilaboðin, held ég. Það er þungur straumur frá ráðsfulltrúum til B-nefndar að íhuga þetta vandlega. Það hafa komið núna nokkuð margar tillögur. Og ég segi bara: Íhugið þetta vandlega og finnið einhverja lausn sem að þið berið fram fyrir okkur næst og vonandi náum við sátt um það. Takk.

SN

Gísli Tryggvason, gjörðu svo vel.

GT

Já, ég hef aðallega, eins og Kata var að hvetja okkur til, frekar verið að hlusta, því ég hef nú satt að segja verið, aldrei þessu vant, frekar í miklum vafa hvað gera á í þessu máli. En ég hélt svona fyrirfram að ég myndi vilja styrkja hlutverk forseta frekar en hitt. En þessi sterka þingræðislausn okkar, hún náttúrulega tekur ákveðið hlutverk frá forseta og ég held að það sé samkvæmni í því. En af því að menn hafa nú, eins og Andrés nefndi, rætt þetta svölítið á breiðari grunni en bara þessar tillögur sem hér liggja, þá vil ég leggja orð í belg um það.

Ég skynja þetta sem Lýður og fleiri hafa nefnt, að það er rík krafa frá öðrum ráðslíðum og frá þjóðinni, held ég, og þar á meðal þjóðfundi í vetur og frá stjórnlögum unga fólksins, að forseti sé áfram til sem embætti og með eitthvert hlutverk.

En ég er svölítið í vafa um hvað það eigi að vera. En það má segja að það felist ákveðin valdreifing í því að fela forseta eitthvert hlutverk í stað þess að þingið fari með öll hlutverkin og ég held að það sé ekki ólýðræðislegt, þó að það sé að sjálfsgöðu einn maður sem fari með það. Það þarf ekki alltaf að vera geðþóttaákvörðun þó að einn maður fari með eitthvert vald og mannauðsstjórnunarfræðin og svona stjórnskipunarfræði eiginlega byggir nú oft á því að einn maður fari jafnvel betur með vald sitt heldur en ef ábyrgðinni er skipt á hóp sem að fellur þá stundum í svona „group thinking“ sem kallað er á ensku. Og þá segja, alla vega sum sjónarmið sem ég aðhyllist, að ef margir bera ábyrgð þá ber enginn ábyrgð. Þannig að ég held að það sé ekkert endilega órökrétt að fela einum manni einhver hlutverk. Og ég held að Ari hafi hitt svölítið naglann á höfuðið hérna áðan þegar hann sagði að kannski væri það helst á þeim sviðum, þar sem skýra þyrfti mörkin á milli lögjafarvalds og framkvæmdarvalds eða þar sem þessi mörk væru óskýr. Það rýmar þá ágætlega við þessa hugmynd Þorvaldar og fleiri og Erlings um að forseti hafi einhver hlutverk í sambandi við skipun og jafnvel einhvers konar verndun óháðra stofnana, eins og Þjóðhagsstofnunar ef hún verður aftur til, umboðs-

manns Alþingis jafnvel eða almennings, Ríkisendurskoðanda o.fl. og dómara og ríkissaksóknara sem ég held eindregið að ætti að vera þarna með. Ég er svölítið í vafa um náðunarhlutverkið. Ég missti nú af umræðu um það í síðustu viku en það má segja að náðun – þó það hafi verið hjá ráðherra og náðunarnefnd en ekki hjá forseta hingað til – þá rímar þetta svo sem ágætlega við þá hugmynd sem Ari nefndi, að það sem væri svona mitt á milli einhverra valdþátta ætti kannski heima hjá forseta.

Varðandi þau rök Eiríks Bergmann um það að segja berum orðum þjóðhöfðingi sé einhver viðbót, það tel ég nú ekki vera. En af því að menn eru að kalla eftir fleiri hlutverkum, þá vil ég nefna þá sérskoðun mína í nefnd B, að forseti ætti kannski í skilgreindum neyðartilvikum að hafa þingrofsrétt, sjálfstæðan þingrofsrétt auk þingsins sjálfs en ég hef ekki skilgreint þetta kannski nógu vel með orðum í hvaða tilvikum en það gæti verið eitthvað á þá leið að þegar þingið er óstarfhæft en áttar sig ekki sjálft á því. Dögg nefndi nú hérna ágætis dæmi úr borgarstjórn þar sem að það var nú svona ákveðið kaos á síðasta kjörtímabili í meiri-hlutamyndun og borgarstjóraráðningum.

Nú, kannski getur orðið sátt um tillögu Lýðs um utanþingsráðherra, aðra en forsætisráðherra. Ég hef hingað til hallast að því að það eigi ekki að útiloka þingmenn frá því að vera ráðherrar en ég veit að sumir í B-nefnd vilja stuðla að því að fleiri menn verði utanþingsráðherrar. En ég skil samt ekki alveg ennþá þessa hugmynd Þorvaldar um að skipa eigi hreina utanþingsstjórn. Ég skil ekki hvernig hún á að geta – hvað eigum við að segja – tekið þátt í að stjórna landinu, ef hún er ekki sæmilega örugg um að koma í gegnum þingið lögum og ekki síst fjárlögum.

Nú ef að forseti fær eitthvað hlutverk í sambandi við – hvað eigum við að segja – skipun, alla vega formlega skipun æðstu embættismanna, eins og ég nefndi dæmi um, þá rímar það, held ég, ágætlega við hugmyndir innan stjórnarráðsins, skv. tillögu sérfræðinganeftar um að einhvers konar batterí verði komið á fót, að breskri fyrirmynd sem heitir það, held ég, *civil service commission*, sem væri þá þverfagleg nefnd, gjarnan skipuð útlendingum, eins og Þorvaldur hefur stundum nefnt, aðeins einhverju leyti sem sagt og þar yrði á faglegan hátt en ekki klíkutengdan hátt farið yfir hver er hæfastur meðal umsækjanda um þessi háu embætti og skipað óháð ráðuneytum og þar með óháð flokkslimum.

Og ég vil nú minna á, út af ábendingu Andrésar um Hæstarétt, að það er nú ekki meira en 41 ár síðan að forystumaður í stjórn málaflokki, stærsta flokki landsins, varaformaður hans um langt skeið, var skipaður hæstaréttardómari. Svo kom hann bara aftur inn í stjórn málin og varð seinna forsætisráðherra, þ.e.a.s. Gunnar Thoroddsen. Þannig að dæmin eru fyrir hendi, þó sem betur fer fari þeim fækkandi, eins og Vilhjálmur kom inn á. Já, ég bið menn að íhuga þetta með þingrofsréttinn. Ég var í algjörum minnihluta með það í nefndinni.

Þá vil ég nefna, út af ábendingu Andrésar um að þetta sé fjarlægur möguleiki að laun forseta verði lækkuð á kjörtímabilinu: Það er ekki svo vegna þess að það er nú ekki lengra síðan en í árslok 2008, að forsætisráðherra landsins bað kjararáð – sem hann á nú reyndar ekki að gera að mínu mati nema með tillögu að nýrri löggjöf – bað kjararáð að lækka laun allra sem

undir það heyrðu, þ. á m. forseta. Og það var, að mínu mati, stjórnskárbrót en það var, sem betur fer, ekki fallist á það heldur, bara sett lög um málið.

Nú, síðan hafa menn rætt svoltið um stjórnarmyndunarumboðið. Ég hallast að því að forseti eigi ekki að koma þar að málum, ekki af því að ég vantreysti honum til þess eða telji að hann hafi gert eitthvað rangt þar. Ég held að forsetaembættið einmitt hafi staðið sig hvað best í því mikilvæga hlutverki sínu. En bara af því að það er samkvæmni í því að þingið kjósi og ákveði þetta. Og ef að forseta er bætt inn í þennan leik þá ruglar það leikjafræðina og ruglar kjósendur vegna þess að þá geta formenn stjórnmalaflokka fyrir kosningar sagt: „Ja, ég get ekkert sagt um með hverjum ég vilji starfa, það fer eftir því hvað forsetinn segir.“ Ef hins vegar forsetinn er skrifaður út úr þessu leikriti eða þessum leik – þetta er ekkert leikrit svo sem alltaf – þá verða, að mínu mati, formenn stjórnmalaflokka eða fyrirsvarsmenn, ekki síst minni flokka, að svara því ef að fjölmiðlamenn spyrja þá fyrir hönd kjósenda: „Hvernig ríkisstjórn hyggstu mynda?“ Þannig er þetta í Skandinavíu og þetta voru helstu rök mín alla vega fyrir að styðja þessa breyttu eða sterku þingræðis-tillögu okkar um daginn. Nú, ef ég má aðeins bakka um eitt sem var rætt í morgun, þ.e.a.s. tillaga um að stjórnarráðið allt skuli vera í Reykjavík. Ég held að það sé algjör óþarfi. Ég sé ekkert að því að t.d. byggðaráðuneyti, sem þyrfti nú að koma á fót, sé í Garðabæ og atvinnumálaráðuneyti í Kópavogi, velferðarráðuneyti í Seltjarnarnesi. Ég held að það færi bara vel á því. En ég kemst nú ekki svo langt í bili, að leggja til að ráðuneytum verði dreift út um allt land en kannski eitthvað af stjórnsýslunni. Takk fyrir.

SN

Porkell Helgason, gjörðu svo vel.

PH

Forseti, formaður og góðir félagar. Þið eruð alltaf að tala um forseta þessa dagana. En ég ætlaði nú aðallega að gera að umræðuefni þetta um hvort að forsetinn ætti að fá það hlutverk að ráða í nokkur embætti og langar samt að skjóta inn, meðan ég man, einu þar á undan og það er þetta með utanþingsstjórn. Ef ég skil hugmyndir B-nefndarinnar rétt, þá er hún með þýska fyrirkomulagið að forsætisráðherra verði ekki settur af nema nýr sé kosinn í staðinn. Verður þá í rauninni nokkurn tímann tilefni til utanþingsstjórnar? Það er alltaf starfandi forsætisráðherra. Menn kunna að segja, að hann er þá kannski ekki með fullt umboð og er í einhvers konar starfstjórn. En það er spurning hvort þá á bara ekki að láta þingið axla þá ábyrgð að umboð slíks forsætisráðherra, t.d. eftir kosningar, bara haldist að fullu þar til þingið hefur drattast til þess að kjósa nýjan. Þannig að það er spurning hvort það sé ekki hægt að leysa þetta á svona hálf mekanískan og einfaldan hátt.

Þetta er nú ekki aðalatriðið í því sem ég ætlaði að segja. Og ég vil síðan, áður en ég byrja á aðmálinu, taka undir orð Kötu, Lýðs og fleiri, að við skulum reyna að ná samkomulagi um þetta mál, látum ekki forseta málið verða það mál sem að verði okur fjötur um fót. Við virðumst vera búin að leysa mörg erfið mál önnur og ég vil líka taka skýrt fram að ég er mjög hrifinn af tillögum nefndar B. Hún er að efla og styrkja þing-

ræðið, hvað ég eindregið vil. Þannig að þó að ég sé fylgjandi því að forsetinn fái vissst eftirlitshlutverk og skipi í viss embætti þá er það alls ekki til að draga úr þingræðinu á nokkurn hátt, nema síður sé. Þannig að ég lít alls ekki á það, að forsetinn fái þetta litla hlutverk sem að ég og fleiri eru að hugsa um, að það sé verið að lauma honum inn bakdyramegin sem einhvers konar framkvæmdavaldi, eins og hérna var nefnt fyrir í dag. Ég geri mér að vísu grein fyrir því... Tökum sem dæmi að hann skipi dómara en ekki dómismálaráðherra eða ráðherra sem fer með dómsmál, innanríkisráðherra, þá kunna menn að segja: Já, hver á þá að bara sjá svona um stjórnsýslu dómstólanna, taka við fjárlagabeidnum frá þeim, koma því til Alþingis og allt það. Ég sé ekkert til fyrirstöðu að það sé ráðuneytið eftir sem áður sem sér bara um það. Það eru stofnanir sem ráða forstjóra þar sem forstjórar eru ráðnir af óháðum stjórnnum, óháðum framkvæmdarvaldinu, og engu að síður heyra þessar stofnanir undir eitthvað ráðuneyti. Þannig að ég sé ekki að forsetinn þurfi að blandast inn í einhverja daglega stjórnsýslu eða framkvæmdamál þó að hann fái þetta hlutverk. Þannig að mér finnst of djúpt í árina tekið þegar sagt var hérna áðan, held ég, að með þessum hugyndum sé verið að grauta saman framkvæmdarvaldinu á mörgum stöðum og búa til svona einhver grá svæði. Ég held að það sé vel hægt að sneiða framhjá því.

Þá hefur verið sagt, að þessar hugmyndir kalli á það, að forsetinn sé ábyrgður gerða sinna. Það kann að vera. En er það þá nokkuð vandamál? Má þá ekki bara láta ákvæðið um ráðherraábyrgð, sem við vorum að fjalla um hérna fyrir og okkur þótti flestum málið gott, það gildi bara einfaldlega um forseta líka? Ég sé samt ekki, þó að það sé hægt að ganga það langt að Alþingi lýsi yfir einhverju vantrausti á hann – það hefur þarna vissa leið til að setja hann af með samþykki þjóðarinnar í gildandi ákvæðum og í þeim ákvæðum sem við erum er að ræða er svona vantraust eins og vantraust á ráðherra – það finnst mér ekki við hæfi með mann sem er kosinn beint af þjóðinni.

Sagt er að þetta mundi gera forsetann pólitískan. Nú er það svo, eins og hérna kom fram hjá síðasta eða næstsíðasta ræðumanni, að forsetinn hefur beitt málskotsréttinum þrívægis. Þetta mun leiða til þess, að óbreyttri stjórnarskrá, að það verður hörkupólitík í næstu forsetakosningum, alveg sama hvað við leggjum hérna til. Þannig að pólitíkin er komin inn í það, enda sagði Bjarni Benediktsson 1952, þegar voru fyrstu þjóðarkosningarnar um embætti forsetans, að þetta væri eitthvað það pólitískasta embætti landsins. Þannig að það er löngu komið, enda hafa flokkarnir oftast eða oft reynt að koma sínum mönnum einhvern veginn að. En þjóðin hefur bara hundsáð þá. Hún hefur viljað fá að ráða þessu algjörlega sjálf hvernig hún mundi vilja velja forseta og ég hugsa að hún geri það þrátt fyrir það sem við væru að bæta hérna við af verkefnum forsetans.

Ég er alls ekki að taka undir þessar hugmyndir um að forsetinn fái þessa embættaskipun eða hlutverk til þess „bara að styrkja embætti forseta Íslands“. Það má alveg vera puntembætti mín vegna. Það er ekki það, heldur er ég bara stuðningsmaður þess að við reynum að aðgreina valdaþættina sem mest og að menn hafi sem mest eftirlit hver með öðrum. Þannig að ég er, þangað til ég heyri enn sterkari rök, ennþá þeirrar

skoðunar að forsetinn eigi að fá það hlutverk að skipa dómara, eins og við lögðum til í C-nefndinni; hann eigi, með sama hætti, að ráða eða skipa ríkissaksónara og [ég] er svona kannski hugsu yfir því hvað eigi að ganga lengra, kannski er ég ekki tilbúinn að fara alveg jafn lagt og Þorvaldur nefndi hérna áðan en hvet bara nefndina til að íhuga enn og aftur.

Ég vil að lokum skjóta því inn, bara af því ég hef gleymt því í umræðum alltaf þegar ég hef tækifæri til, að forveri minn í embætti orkumálastjóra, hann gaukaði að mér fyrir margt löngu og það að koma því á framfæri hvort það væri ekki hægt að búa til einhvers konar öldunarráð vitra manna til þess að ráða í svona embætti eins og dómara. Ég sel það ekki dýrara en ég keypti það. Ég held að eitt erindi sem við fengum formlega hafi nú verið nokkurn veginn það sama. Jú. að lokum. Ég hlakka til að heyra hvað nefndin segir að lokum um 26. greinina. Mér sýnist nauðsynlegt að halda í hana með einhverjum hætti, svo einhverjum algerum neyðarhemli. Það þarf þá kannski að búa þannig um hnútana að það sé ekki hægt að beita þessu af neinum geðþótta. Það þurfi að vera mjög stíf formsatriði í kringum það hvernig því ákvæði er beitt en ég myndi verða mjög hugsu ef hún félli alveg bótafast niður. Takk fyrir.

SN

Þorvaldur Gylfason, gjörðu svo vel.

ÞG

Já, formaður, virðulegu ráðsfulltrúar. Ég þakka fyrir þessar rökræður sem að hér hafa átt sér stað. Það er margt gott um tillögur nefndar B og þar langar mig helst að nefna að það rennur eins og rauður þráður í gegnum þessar tillögur sú hugsun, að valdi fylgir ábyrgð. Og það er gott og þær eru til þess fallnar að styrkja Alþingi. Þess er þörf vegna þess að það hefur hallað bæði á löggjafarvaldið og dómvaldið á fyrri tíð vegna sjálftekis ofríkis framkvæmdarvaldsins.

Ég tek undir með Katrínu Oddsdóttur: við stefnum öll að einu marki og við skulum aldrei missa sjónar af því. Og eitt af því sem við hljótum öll að stefna að er valddreifing, er gagnkvæmt aðhald og eftirlit í stjórn-sýslunni. Við viljum öll reisa skorður við spillingu sem hefur verið landlæg á Íslandi um langt skeið, þótt augu margra opnuðust ekki fyrr en í hruninu. Og það var í þessum anda sem ég lýsti hugmyndum mínum um hlutverk forseta Íslands fyrir á þessum fundi. Það er ekki eðlismunur á því sem ég lagði til í morgun og því sem nefnd B leggur fram, heldur bara stigsmunur. Ég bara vek athygli á því að forseta Íslands er falið framkvæmdarvald vegna þess að honum er veitt heimild til að náða sakamenn. Og hann hlýtur auðvitað að þurfa að æsta ábyrgð fari hann ekki vel með þá valdheimild. Tillaga mín stefnir að því að ganga svolitlu lengra í þessa átt með því að slá tvær flugur í einu högg. Með því að hafa í stjórnarskra ákvæði sem vernda tiltekna stofnanir gegn hættunni á því að þær séu lagðar niður í gerræði á Alþingi, eins og gerðist með Þjóðhagsstofnun fyrir fáeinum árum og þá einnig að taka frá framkvæmdarvaldinu hlutverk sem það hefur farið illa með á undangengnum árum, þ.e.a.s. valdið til þess að skipa forstjóra fyrir nokkrar mikilvægar stjórnsýslustofnanir. Fyrirmyndirnar eru alveg skýrar, ég endurtek það sem ég sagði í morgun, að forseti Finnlands skipar

seðlabankastjóra þar í landi og einnig dómara, eins og kom fram í máli Vilhjálms Þorsteinssonar. Og hann er engu minni þjóðhöfðingi fyrir því.

Við skulum varast falskar andstæður. Stundum er hægt að halda og sleppa og sumar kápur er hægt að bera á báðum öxlum, þannig að engin brögd séu í tafla. Það er hægt að sameina svart og hvítt, það heitir grátt. Sjáiði, það er hægt að sætta og sameina, að því er virðist andstæðar hugmyndir með svolitilli lagni og útsjónarsemi. Það er það sem að fyrir mér vakir hér. Tillaga mín um það að forseti skipi í forstjórastöðu í völdum stofnunum ríkisins þarf ekki, að sínu leyti, að gera forsetaembættið pólitískara, vegna þess að þær stofnanir sem ég nefndi í morgun eru í eðli sínu og eiga að vera ópólitískar. Sjáiði, nútíma seðlabanki á að vera í eðli sínu jafn ópólitískur og dómstólar, þetta er rauður þráður í allri hugsun um seðlabankamál sl. 20-30 ár úti í heimi. Og þess vegna finnst mér fara vel á því að ópólitískur forseti skipi í slíkt starf og ýmis önnur. En hins vegar skil ég vel hvað þeir eru að fara sem segja að forsetinn er alltaf pólitískur í einhverjum skilningi vegna þess að það að hafa skoðun er pólitísk. En laginn forseti getur vel valdið hlutverkum báðum með sæmd og sóma. Veldur hver á heldur.

Ég hef ekki orðið þess var í okkar hópi að til standi að taka málskotsréttinn af forsetanum. Það væri hið mesta glapræði, að minni hyggu, í ljósi reynslu nokkurra undangenginna ára. Þingræði er ágætt en þinginu geta verið mislagðar hendur, eins og kom skýrt í ljós þegar Alþingi gerði atögu að nokkrum helstu fjölmiðlum landsins árið 2004 og þá beitti forseti Íslands málskotsréttinum og þá máttum við þakka fyrir 26. gr. núgildandi stjórnarskrár sem hafði legið óvirkjuð í 60 ár. Mig langar að skýra hugmyndina um utanþingsstjórn og heimild forsetans til að skipa hana, úr því að eftir skýringum var óskað. Forsagan frá 1942 er mjög skýr: Alþingi var, þrátt fyrir tvennar kosningar á því ári, alls endis ófært um að sjá landinu fyrir ríkisstjórn og það var aldeilins óhugsandi að annar hvor helstu stjórnmalaleiðtoga landsins þá stjórnaði landinu eins og ástandið var á Alþingi. Og þess vegna tók ríkisstjóri málið í sínar hendur og skipaði utanþingsstjórn án heimildar í stjórnarskrá. Og það sem ég er að lýsa eftir einfaldlega er bara gamla tillaga Ólafs Jóhannessonar um það að úr því að þetta þurfti einu sinni, að þá getur það hæglega þurft aftur og þá er betra að hafa um það ákveðnar reglur í stjórnarskránni.

Að lokum þetta: Við þurfum að komast að góðri niðurstöðu í þessu máli og ég er í engum vafa um að við getum gert það. Ég bara ítreka það sem ég sagði í morgun: Við þurfum ekki endilega að velja milli andstæðra sjónarmiða eða öllu heldur sjónarmiða sem virðast vera andstæð. Það er alltaf hægt að sameina sjónarmið og sætta þau þannig að úr verði lausn sem flestir geta fellt sig við. Takk fyrir.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir, gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já, takk fyrir. Ágætu félagar, það bara er auðvitað skylt að hefja mál mitt á því að hafi ég meitt einhvern með orðum, að biðja afsökunar á því og geri það bara hér með. Og þegar þau hljómuðu í endurflutningi, eins og það er kallað á fjölmiðlamálinu, þá vissulega voru

nokkur þeirra þung. Og ég er þá bara manneskja að meiri að draga aðeins í land. Það sem auðvitað varð kannski hvati að þessum orðum er það að mér finnst einmitt verið að leggja til leið sem fer bil beggja. Starf okkar í B-nefndinni hefur einmitt... Það voru auðvitað miklar umræður, eins og þið vitið, um hvort við skyldum stefna á þingræði eða forsetaræði. Það varð ofan á að við myndum velja þingræðisleiðna eða, svona, sú leið varð smám saman skýrari og allt okkar starf hefur miðað að því að þá væri sú leið farin og það væru skýr mörk og við höfum lagt okkur fram um það einmitt að vera ekki að gera valdmörkin óskýrari, heldur einmitt að skýra þau, eins og Eiríkur fór mjög vel yfir hérna áðan.

Við höfum líka lagt margt til sem að dregur mjög mikið úr vægi framkvæmdarvaldsins. Ég ætla bara að minna á tillögur okkar um það, að ráherra sitji ekki á þingi og hafi ekki þar atkvæðisrétt. Sjálf hef ég gengið lengra og hef ekki fengið miklar undirtektir við það, sem ætti þó að samræmast mörgum hugmyndum. Ég hef lagt til að ráðherrar segðu af sér þingmennsku og þar með væri algjörlega klippt á þerra tengsl við lögjafarvaldið. Mér hefur fundist að andstaða við þá tillögu væri ekki síst vegna þess að menn vorkenndu svo mönnum sem myndu missa ráðherrastól ef að til þess kæmi að þing yrði rofið eða stjórnarslit. Ég hef þá bara beint mínum sjónum að varafulltrúunum. Hvers eiga þeir að gjalda? Það ætlar enginn að vorkenna þeim, varamönnum sem verða þá bara reknir heim. En svona gamanlaust, þá finnst það einmitt krefja það að þeir verði að segja af sér þingmennsku, það krefji þá til skýrrar afstöðu um hvorum megin þeir hryggjarlið(?) vilja liggja. Og þá eiga þeir ekkert afturkæmt inn í framkvæmdarvaldið nema bara að reyna að komast inn í næstu kosningum, sem þeir hafa auðvitað rétt til eins og allir aðrir. Auk þess í farvatninu, af því við höfum margoft rætt það í B-nefndinni hvernig við gætum stuðlað að því að ráðherrar kæmu utan þings, að einhverjum hluta, stórum hluta – sumum finnst öllum. Mér persónulega finnst það ekki. Mér finnst að það verði að vera einhver tengsl milli þess valds sem að þjóðin kaus sér og þeirrar pólitísku stefnu sem á að fylgja. Annars komum við aftur að því að fara í að kjósa framkvæmdarvaldið sér. En ég er nú t.d. búin að leggja fram tillögu sem væntanlega sér dagsins ljós eftir helgi og það er algjörlega í framhaldi af okkar umræðum, þannig að það er ekkert privat; það er bara tilviljun að einhvern veginn orðaði ég hana, að að minnsta kosti helmingur ráðherra sé utanþings.

Jafnframt er ég með tillögu um að fjöldi ráðuneyta sé bundinn í stjórnarskrá til þess að hefta einmitt það vald framkvæmdarvaldsins að geta bara stráð í kringum sig ráðuneytum til að hygla hugsanlega, til þess að hafa sína flokksmenn góða, til að geta stungið dúsu upp í alla. Þannig að mér finnst full ástæða til þess að við setjum þarna mörk. Ég legg til tíu, að það verði stjórnarbundið, að ráðuneyti geti ekki verið fleiri en tíu. Nú a.m.k. myndi það þýða sex, að fimm eða sex ráðherrar væru utanþings. Þar að auki, ef að t.d. sú tillaga mín, að þeir segðu af sér þingmennsku næði fram að ganga, þá erum við komin með algjöran aðskilnað nema að því leyti til að það er ekki kosið sér. En þá fer maður einmitt bara að veita og meta kerfi, þá aðhyllist ég þingræðisleiðina. Og það er ekkert athugasemjulegt við það að aðrir aðhyllist aðra.

Varðandi lausnina: Við höfum öll verið meðvitað um það, það eru engar nýjar fréttir í dag að við stefnum að lausn. Það höfum við alltaf gert og það munum auðvitað gera. Og auðvitað finnst lending. Það þarf ekkert að hafa áhyggjur af því. Við höfum alveg haft það markmið frá upphafi, við höfum öll vitað að ef við ekki gerðum það, þá væri starf okkar unnið fyrir gýg.

Ég vil aðeins koma að þessu með ábyrgð á ráðningu og það tengist síðan valdi forseta sem ég ætla að enda á. En ég ætla rétt, af því að ég bað hér afsökunar áður á ef ég hef verið stóryrt: það er nú ekki nýtt fyrir mig í lífinu að ég sé stóryrt og ég hef oft þurft að éta ofan í og geri það alveg af fúsum og frjálsum vilja og með ánægju, vegna þess að það er til skammar að vera stóryrtur og meiða aðra með orðum. En það að tala um píramída, það ét ég ekki ofan í mig, vegna þess að það er grundvallar lífsskoðun mín, að feðraveldi sé uppspretta flestra vandamála í heiminum. Með þá skoðun, lífsskoðun, af því að við ætlum nú að fara á stjórnarskrá með þessar(?) lífsskoðanir, þá ætla ég ekki að bakka með hana eða biðja á henni afsökunar. En ég hef haldið þeirri lífsskoðun minni að mestu til utan umræðu vegna þess að ég veit það að afnema feðraveldi er ekki á valdi íslenskrar stjórnarskrár og þar að auki myndu líklega fæstir hérna inni samþykkja nokkuð í þá veru. Þannig að svona hef ég nú vikið með mínar skoðanir.

En talandi um ábyrgð á ráðningum, þá verður líka að vera ljóst hvernig hægt er að nálgast þá sem ábyrgðina hafa og bera þá ábyrgð á t.d. ráðuneytum. Því hefur ekki verið svarað, ef forseti Íslands á að hafa þetta vald, hvernig geta þeir sem finnst þeir hafa borið skarðan hlut frá borði, hvert leita þeir réttar síns? Á að draga forseta Íslands fyrir dóm? Á hann að standa í því að verja sig gegn jafnréttisráði, gegn umboðsmanni Alþingis o.s.frv. Og þá held ég að færi nú svona aðeins að hrikta í stoðum ef svo yrði. Við erum að leggja til að ráðherrann beri þessa ábyrgð, að sjálfsgöðu að afstöðnu hæfnismati, og ég hef lagt á það ríka áherslu, eins og Þorvaldur Gylfason, að við þurfum í flestum tilfellum að sækja þekkingu og styrk í það hæfnismat til útlanda. Ég hef þá bjargföstu trú að við höfum ekki þann mannskap hér innanlands sem geti hlutlaust mælt hæfni. Og ég hef áður og geri það enn, að taka – ég veit um eina íslenska stofnun fyrir utan Háskóla Íslands, þar sem ég þekki ekki til nógu, heyri þó ýmislegt kvartað yfir klíkúræðningum þar. En ég bara aftur til sögu Símfóníuhljómsveit Íslands, sem er eina menningarstofnun Íslands sem stendur undir nafni og það er vegna þess að þar eru viðhöfð topp prófessionál vinnubrögð sem skapast af því, að þekking, reynsla og hæfnismat er sótt út fyrir landssteinana, sem er líka öllum hvatning sem þar vinna til þess að leita gríðarlega mikillar menntunar utanlands. Og búin með þennan kafla.

En þegar að ef ráðherra misnotar svo vald sitt og fer ekki að tillögu hæfnisnefndar, þá bera að bera það undir Alþingi og þá þarf $\frac{2}{3}$ hluta alþingismanna til þess að hugsanlega sættast á þessa vitlausu ráðningu ráðherrans. Þannig að það er gríðarlegt eftirlit með hans valdi. Ef hann fær ekki stuðning $\frac{2}{3}$, þá verður hann að taka upp stöðuveitinguna og standa öðru vísi að verki. Þannig að við erum að setja mjög sterka og mikla varnagla.

Og ég fer að ljúka þessu, eins og þeir segja alltaf þarna, þeir sem eru langmálastir: „Ég fer nú að ljúka þessu.“

Menn nefna hér – maður er alltaf að læra ný orð – og „dagskrárvald“ – ég hef alltaf einhvern veginn bundið það við útvarpsstjóra og ristjóra og svona. Ég hef ekki hugsað það í þessu samhengi. Við kölluðum það alltaf í gamla daga, þeir sem hefðu aðgang að mikrófónunum og ljósunum. Það er auðvitað miklu myndrænni lýsing en ég er búin að átta mig á því núna, að það heitir líka dagskrárvald, þeir sem hafa aðgang að því koma málum á framfæri eða láta í ljósi skoðanir. Og það er gríðarlega mikið vald sem forseti Íslands hefur þar. Ég get náttúrulega ekki stillt mig um enn einn útdúringunum og minna á að það vera kannski þetta sem ég var að tala um í gær þegar ég var að tala um fjölmiða og ábyrgð þeirra við lýðræði og mannréttindi. Það er m.a. það hverjir eiga aðild að dagskrárvaldinu eða hverja kallar dagskrárvaldið til. En [ég] sný mér aftur að forsetanum: Hann hefur þetta mikla vald. Hann hefur dagskrárvald – nú kann ég að nota þetta – og ég lít ekki á það sem neyðarbrauð að hann sitji eftir með hlutverk sem hefur verið kallað ýmsum nöfnum. En ég tek eftir að menn haf dregið úr þeim stóryrðum að lýsa mikilli vanþókkun á ómerkilega hlutverki semsé. Og svo tala menn um tertur eða silkíhúfur eða eitthvað svona: þau orð eru horfin úr umræðunni og það er vel.

Ég er svo sem búin að halda margar innblásnar ræður um það að mikilvægi forsetaembættisins að vera verndari menningar og gilda og talsmaður þess. Og mér finnst það *gríðarlega mikilvægt* og mér finnst það svo mikilvægt að ég vil helst að sá sem gegnir því embætti, til þess að orð hans hafi vægi og þyngd, að hann losni úr argaþrasi daglegra afskipta af ákvörðunum sem kunna að verða pólitískt mjög umdeildar. Við erum alltaf öðru hvort að vitna í hrúnið og hvað hafi orsakað hrúnið. Það var ekkert eitt sem orsakaði hrúnið. Það voru samvekrandi þættir. Ég nefndi hér um daginn og ég vil aftur nefna sem eina ástæðu: Ég vitnaði til orða Svövu Jakobsdóttur sem talaði um hrún hinna andlegu stétta. Við höfum sannarlega upplifað hrún hinna andlegu verðmæta. Mér finnst ástæða til að ætla að það hrún hafi átt drjúgan þátt í efnahagshruninu og ef við ætlum bara að leita lausna í efnahagslegum og veraldlegum eða efnislegum gildum á því að reyna að færa þetta samfélag til betri vegar og að reyna að fyrirbyggja að það gerist aftur, þá held ég að við þurfum að byggja upp aftur úr rústum hins andlega hruns. Og þar gegnir forseti gríðarlega miklu embætti, ef að vel til tekst, og þess vegna finnst mér að hann þurfi að vera óumdeildur og að augu þjóðarinnar séu beint að að kjósa sér fullrúa sem myndi rækta þessar skyldur af reisu, virðingu, mannviti, húmanisma og þekkingu. Og þá vona ég að hann yrði sameiningartákn en það er rétt sem Illugi segir: Það er enginn sem er hægt að kjósa til virðingar, það ávinnur fólk sér með verkum sínum, orðum og hugsunum. En það er vegna þessa mikilvægis forsetaembættisins sem að mér finnst svo áriðandi að hann sé þar svona eins og hrein mey eða nýfallinn snjór [hlær] og þakka fyrir.

SN
Gott fólk. Það er komið að lokum þessarar umræðu um forsetann og tillögur B-nefndar og áður en við göngum til atkvæðagreiðslu um þær inni í áfangaskjali, þá gef ég formanni nefndarinnar, Katrínu Fjeldsted, orðið. Gjörðu svo vel.

KF

Það er erfitt að fylgja þessari ræðu Þórhildar og maður sér fyrir sér þennan nýfallna snjó og hreina mey [hlær og hlátur í sal] framvegis, hvenær sem að verður rætt um forsetaembættið. Ég þakka mjög áhugaverðar umræður og í rauninni lýsir þessi umræða hér í dag, hún endurvarpar umræðuna innan úr B-nefnd. Og það er ekki að ástæðulausu að B-nefnd er ekki hér með valkost A, valkost B, eitthvað slíkt um embætti forseta Íslands, því að þetta er mikilvægt embætti í augum okkar allra, skiptir gríðarlegu máli að sé eining um embættið sjálft og hvernig ramminn um það er dreginn hlýtur að koma fram í stjórnskránni. Það eru fjölmörg atriði hér sem að væri ástæða kannski til að draga fram en tímans vegna ætla ég nú ekki gera það. Ég ætla bara að segja það: ég kom inn í þessa vinnu ekki með fyrirfram mótaða skoðun á embætti forseta Íslands. Margir í þessum hópi hafa verið með mótaðar hugmyndir. Mér fannst skipta máli, farandi inn í B-nefnd sem fékk verkefnið embætti forseta Íslands til meðhöndlunar, að vera einmitt ekki með mótaðar hugmyndir, að geta hlustað á rök með móti, hinar ýmsu hliðar málsins og ég held að mörg okkar í nefndinni og ábyggilega margir hérna í ráðinu séu núna hugsu og vona þeir séu hugsu, þeir sérstaklega sem komu með fyrirfram mótaðar hugmyndir, þeir heyra skoðanir hinna. Með því að hlusta á aðra þá gætum við kannski forðast það að lenda ofan í skotgröfum með þetta. Það hefur svolítið vofað yfir okkur núna að við lentum í skotgröfum. Og ég bara hvet alla ráðsmenn til að hafa í huga umræðurnar hér í dag sem endurspegla, eins og ég sagði áðan, það sem farið hefur fram í B-nefnd og ég auðvitað vænti þess að við komum sameiginlega niðurstöðu og stöndum að henni. Svo verð ég að segja, heyrandi hér í sumu unga fólkinu sérstaklega, að ég sé fyrir mér þar möguleg forsetaefni framtíðarinnar sem er mjög ánægjulegt að koma augunum á. En þetta með hreinu meyna og nýfallna snjóinn það stendur eftir í umræðunni. Takk fyrir

SN

Nú göngum við til atkvæðagreiðslu um tillögur B-nefndar inn í áfangaskjal og ég bið þá sem eru henni fylgandi að rétta upp hönd, gjörriði svo vel. Og einhver á móti? Sem situr hjá? Nú þá vil ég þakka nefnd B fyrir tillögurnar og formanni og nefndinni allri og ykkur öllum fyrir mjög góðar umræður um forsetaembættið. Þetta mun líka gagnast öðrum nefndum sem hafa, eins og hefur komið fram, C-nefnd er líka með forsetann í sínum tillögum – þannig að þetta mun gagnast mjög mikið núna á þessum síðustu metrum hér í okkar vinnu, sem sagt fram að lokum áfangaskjalins. En nú gerum við kaffihlé í 15 mínútur. Takk.

SN

Þá höldum við áfram fundi og tökum síðasta lið á dagskránni, sem er skýrsla og tillögur C-nefndar, síðari hluti: Lýðræðisleg þátttaka almennings og það er tillögur til kynningar í áfangaskjal. Ég bið formann nefndarinnar, Pawel Bartoszek, að gera grein fyrir tillögunum.

PB

Já, kærur vinir. Talandi um dagskrárvald, þá er það auðvitað dálítið merkileg staða að vera alltaf fyrstur og

síðastur til þess að tala. Það er auðvitað ákveðið vald í því sem maður reynir að nýta af skynsemi.

Ég legg hér fram tillögur að kafla um lýðræðislega þátttöku almennings sem inniheldur tvær greinar sem lúta að þjóðaratkvæðagreiðslum og beinum tillögurétti almennings. Inn í þetta vantar nokkra hluti af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi er það tillaga um málskotsrétt forseta sem hefur ekki verið formlega afgreidd út úr nefnd en ég skal gera grein fyrir þeim tillögum og umræðum sem hafa farið fram þar. Og síðan er það tillaga um stjórnarskrárbreytingar m.a., sem er ekki lög hér fram vegna þess að ekki tókst að leggja hana fram fyrir opnum nefndarfundum sl. miðvikudag en ég mun samt gera grein fyrir þeim umræðum og þeirri niðurstöðu sem nefndin alla vega komst að á sínum tíma og síðan sjáum við hvort við getum rætt eitthvað um það líka.

En það eru tvær greinar sem liggja hér til grundvallar eru greinar um annars vegar málskot þjóðar og síðan um þjóðarfrumkvæði. Uppleggið hjá okkur er aðeins öðru vísi en þemaskiptingin í skýrslu stjórnlaganefndar, þ.e.a.s. nefndin skipti greinum upp í annars vegar í rauninni þann sem frumkvæðið hefur að tiltekinni ákvörðun, þ.e.a.s. annars vegar að þinginu og hvernig það eða hluti þingmanna getur vísað málum til þjóðarinnar og síðan almenningi, hvernig hann getur annars vegar beitt einhvers konar málskotsrétti í garð frumvarpa og síðan beðið um ráðgefandi atkvæðagreiðslu. Við lítum frekar á þetta út frá annars vegar hvort um einhvers konar neitunarvald eða málskotsrétt sé að ræða og hins vegar hvort sé um að ræða frumkvæðisrétt. Þannig að uppsetningin er aðeins öðru vísi.

En svo ég lesi hérna upp 1. greinina, sem ber yfirskriftina Málskot til þjóðarinnar. Hún er þá svohljóðandi: „Nú hefur Alþingi samþykkt lög og getur þá þriðjungur þingmanna ákveðið að bera þau undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Alþingi getur þá samþykkt með meirihluta atkvæða að lögin verði felld niður. Alþingi skal einnig bera undir þjóðaratkvæði lög ef fimmtán af hundraði kjósenda krefjast þess innan þriggja mánaða frá samþykki laganna. Atkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá samþykkt laganna. Þó er ekki hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um fjárlög, fjárákúlög, lög um skattamálefni, lög um ríkisborgararétt og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum. Nánari reglur um málsmeðferð varðandi kröfu kjósenda og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skulu settar með lögum.“

Þetta, í grundvallaratriðum, byggir á tillögu stjórnlaganefndar, með ákveðnum undantekningum þó. Hugmyndin um þriðjung þings sem aðila sem skotið getur máli í þjóðaratkvæðagreiðslu er svipuð ákvæði sem er í gildi í dönsku stjórnarskránni og hefur, mér vitandi, verið beitt einu sinni en í því tilfelli þá bar þingið lögin til baka, líkt og 2 málsliður 1. mgr. gefur þingi heimild til að gera, skv. okkar tillögu.

Nú, þetta er auðvitað heilmikið vald sem minnihluta þings er fært. Engu að síður er það von og svona meginþema í hugmyndinni að þetta vald myndi auðvitað vera nýtt af ábyrgð, þ.e.a.s. að minnihluti þings, sem mundi t.d. í sífelli ákveða að bera lög undir þjóðaratkvæði, hann reynir auðvitað á ákveðinn hátt á þolrif almennings með þeim hætti. Það er von með þessum tillögum, eins og með öllum tillögum sem lagðar eru

upp með í B-nefnd, að færa stjórnarandstöðunni og með því auðvitað fylgir aukin ábyrgð.

Nú, á hinn bóginn er lagt til að 15% kjósenda geti farið með sama vald með undirskriftarsöfnun. Þetta er þá í reynd ákveðin festing á ákveðinni hefð sem auðvitað hefur skapast í kringum það þegar forseti hefur verið að beita neitunarvaldi hingað til. Þá hefur verið farin sú leið, að almenningur hefur lagt af stað með undirskriftarsöfnun og krafist þess að forseti Íslands, hann myndi neita að skrifa undir ákveðin lög. Þannig að það er verið að taka það út í þessu tilfelli, án þess að við tökum afstöðu til málskotsréttar forseta að svo stöddu, það er [ekki] verið að taka burt það vald að forseti geti ákveðið þetta, heldur einfaldlega ef að 15% kjósenda telur að einhver lög eigi að vera borin undir þjóðaratkvæði, þá verði það gert.

Það eru ákveðnar undantekningar á tillögum okkar frá tillögum stjórnlaganefndar. Í fyrsta lagi þá er ekki tekið fram þessi krafa, þessi form, lepphlutverk forsetans, um að forseti skuli staðfesta lögin ef þau verða samþykkt í atkvæðagreiðslu. Það er einfaldlega litið svo á að ef að lögin eru samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu, þá haldi þau gildi sínu eða öðlist það. Í öðru lagi þá er ekki verið að leggja til samþykkisþröskulda eða þátttökuþröskulda. Svo ég geri smá greinarmun á þessu tvennu, þá er þátttökuþröskuldur kvöð um að það að þjóðaratkvæðagreiðsla sé ekki gild nema t.d. að helmingur kjósenda taki í henni þátt. Þeir þröskuldur hafa verið víða gagnrýndir á þeim forsendum að það geti leitt til þess að kjósandi eyðileggi fyrir málstað sínum með því að mæta á kjörstað og kjósa eftir sannfæringu, því hann hefði e.t.v. betri hag af því að gera það ekki og láta þjóðaratkvæðagreiðsluna einfaldlega ekki vera bindandi. Í öðru lagi eru þeir þröskuldar sem eru svokallaðir samþykkisþröskuldar, þar sem er kveðið á um að ákveðið hlutfall þurfi að kjósa... kjósandi þurfi að kjósa með ákveðnum hætti til að þess að sú niðurstaða sé bindandi. Og í tillögum stjórnlaganefndar, sem eru svipaðar því fyrirkomulagi sem er í dönsku stjórnarskránni, var lagt til að það hlutfall yrði 30%, þ.e.a.s. ef að 59% kjósenda taka þátt í atkvæðagreiðslu og af þessum 59% séu 29%... Ja, segjum að þau séu aðeins færri, að þau séu um 57% og að af þeim séu 29 andvíg lögum en 28 þeim fylgjandi, þá, engu að síður, halda lögin gildi sínu þegar þeir sem tóku þátt og voru á móti voru ekki fleiri en 30%. Þetta var tillaga sem stjórnlaganefnd var með en í ljósi ýmissa sjónarmiða, þá höfum við ákveðið að fara ekki þessa leið, heldur láta einfaldlega, líkt og er í dag með málskotsrétt forseta, að við halda þeirri reglu að það sé einfaldur meirihluti sem ráði alltaf, þannig að ef að [það eru] fáir sem kjósa, þá bara atkvæði þeirra sem þó mæta þyngra. Og fyrir því eru auðvitað ýmis rök. Stærstu rökin, að mínu viti, eru einfaldlega [þau] að þeir hafa allir heimild til þess að taka þátt í slíkri atkvæðagreiðslu og það sé einfaldara að láta einfaldlega þá sem taka í henni þátt ráða en ekki einhverja aðra. Í öðru lagi, sem hefur líka verið fært rök [fyrir], að svona þröskuldar stuðla að því að menn fara að smala fólki á kjörstað kannski í meira mæli til þess að uppfylla ákveðið lágmarkskilyrði og það er gerir það að verkum, að þeir sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni hafa kannski ekki endilega á því áhuga, heldur eru þeir þá fengnir á öðrum forsendum.

Nú, þannig að þetta er tvennt þar sem er greinar-
munur á hjá okkur og í þriðja lagi, þá gerum við ráð
fyrir dálítið rúmmum fresti frá því að krafa um þjóðar-
atkvæðagreiðslu kemur fram, annars vegar af hálfu
þriðjungur þingmanna eða 15% þjóðarinnar, þangað til
að þjóðaratkvæðagreiðslan þarf að fara fram, þ.e.a.s.
allt að ári frá því að löggin hafa verið samþykkt. Mörg
lög eru auðvitað þess eðlis að það er mjög heppilegt að
fá úrskurð um það sem fyrst hvort þau eigi að halda
gildi sínu og löggin kannski um Icesave voru dæmi um
lög þar sem var heppilegt að slíkur háttur væri hafður
á. Önnur lög geta verið þess eðlis að það er kannski
ekki jafn brynt að fá úrskurð um hvort þau haldi gildi
sínu strax. Sum þeirra geta verið með gildistöku-
ákvæði, t.d. eftir jafnvel ár eða lengur. Þannig að í
þeim tilfellum er ekkert því til fyrirstöðu að t.d. leyfa
umræðunni að þróast eða vegna kostnaðar að sameina
kosningu um slík lög öðrum atkvæðagreiðslum. Þannig
að það er allt að ár sem getur liðið frá því að þetta er
lagt fyrir.

Við gerum, að svo stöddu, ekki tillögu um málskots-
rétt forseta en ef að ég reifa aðeins þau sjónarmið sem
má nefna í því sambandi, þá getur auðvitað verið hægt
að segja tvennt: Í fyrsta lagi má auðvitað líta svo á, að
þegar að þetta hér ákvæði hefur verið sett inn, þá er
dálítið erfitt að ímynda sér þá stöðu þar sem forseti Ís-
lands beitir þessu ákvæði, sérstaklega í ljósi sögunnar,
þ.e.a.s. ef að forseti Íslands myndi neita að skrifa
undir lög, sem $\frac{2}{3}$ þingmanna sjá ekki ástæðu til þess
að setja í þjóðaratkvæði og ekki næst 15% undirskrifta
til þess að senda í þjóðaratkvæði. Hins vegar má auð-
vitað benda á að þá er kannski ekkert því til fyrirstöðu
að hafa slíkt ákvæði og á það myndi einfaldlega aldrei
reyna. Þannig að þetta eru þeir punktar sem væri
gaman að fá ráðsfulltrúa til þess að lýsa sínum sjón-
armiðum, svo við fengjum kannski dálítið vegarnesti
inn í nefndina um hver svona heildarviðhorf manna í
ráðinu eru.

Að öðrum kosti nefni ég hérna grein 2 sem er
grein um þjóðarfrumkvæði og, svo ég vísi í skýrslu
stjórnlaganefndar, dæmi A, þá er þar lagt til að 15% af
kjósenda geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um til-
tekin lög eða málefni er varða almannahag. Með lögum
er þá auðvitað átt við lög sem Alþingi hefur samþykkt.
Þannig að undir þetta að mörgu leyti fellur út um það
ákvæði sem við höfum lagt fyrir ofan. Þó auðvitað er
hægt að túlka í tillögu stjórnlaganefndar þannig að
þarna sé líka verið að leggja til þjóðaratkvæðagreiðslu
um lög sem hafa verið í gildi í nokkur ár en þótti ein-
faldlega ekki heppilegt að fara þá leið í nefndinni.

Í öðru lagi er lagt til að kjósendur geti lagt fram at-
kvæðagreiðslu um tiltekin málefni og af því orðalagi
í skýrslu stjórnlaganefndar að atkvæðagreiðsla sé
bindandi þegar hún fjallar um gildi tiltekinna laga, það
er auðvitað hægt að draga og á að draga þá ályktun
að atkvæðagreiðslan er ekki bindandi, skv. skýrslu
stjórnlaganefndar, þegar hún fjallar ekki um gildi
tiltekinna laga, heldur kannski er almenn atkvæða-
greiðsla um eins og „Á að aðskilja ríki og kirkju?“ sem
er þá ráðgefandi atkvæðagreiðsla sem þingi myndi
síðan taka afstöðu til ef að slíkt frumkvæði kæmi fram
af hálfu þjóðarinnar.

Nú, sú tillaga sem nefndin hér gerir er byggð er á að
einhverju leyti því fyrirkomulagi sem er í gildi í Sviss,
þar sem lög eða frumvörp fara oft inn í þing og fá þar

einhverja meðferð áður en [þau eru] sett inn í þjóðar-
atkvæðagreiðslu. Þessi tillaga hljómar þá svo: „Tíu af
hundraði kjósenda geta lagt frumvarp um tiltekið mál-
efni fyrir Alþingi til þinglegrar meðferðar. Þriðjungur
þingmanna getur ákveðið að bera frumvarpið undir
þjóðaratkvæði áður en það er afgreitt á Alþingi.“ Og
svo: „Nánari reglur um málsmeðferð skulu settar með
lögum.“

Þannig að við skulum aðeins fara í gegnum hvernig
framkvæmdin á slíku gæti verið . 10% kosningabærra
manna safna undirskriftum undir ákveðið frumvarp
sem ég ímynda mér að einhver hópur manna hefur
samið. Það mál fer þá fyrir þingið og fær þar þinglega
meðferð og hugsanleg breytist að einhverju leyti á
leiðinni. Ef málið er samþykkt, þá getur engu að síður
þriðjungur þingmanna eða 15% kjósenda krafist þess
að það fari undir þjóðaratkvæði og það getur vel verið
að slíkri kröfu, til að byrja með, myndi fylgja beiðni um
að málið færi í þjóðaratkvæði. Og þá er auðvitað edli-
legt að þingið bregðist við því og ef það gerir það ekki,
þá er hægt að fara þessa leið, að safna undirskriftum
eða að þriðjungur þingmanna beri málið undir þjóðar-
atkvæði. Nú ef að málið er ekki í afgreiðslu á þinginu,
þá getur þriðjungur þingmanna engu að síður ákveðið
að bera það undir þjóðaratkvæði sem yrði þá ráðgef-
andi þjóðaratkvæðagreiðsla og mundi þá að sjálfsögðu
hafa mikið pólitískt vægi fyrir þingið. Samsagt, það er
þá áður en að það er afgreitt á Alþingi. Ef málið fellur
þá í þjóðaratkvæðagreiðslu, þá auðvitað eru miklar
líkur á því að það falli í þinglegri meðferð líka. Nú, ef
það er samþykkt þá er það undir þinginu komið, eins
og áður, hver næstu skref verða og í sjálfu sér er ekkert
sem hindrar það að þingið hundsí niðurstöðu þjóðar-
atkvæðagreiðslunnar en það er líka, með nákvæmlega
sama hætti og tillaga A í skýrslu stjórnlaganefndar
gerir ráð fyrir.

Þetta eru svona sem C-nefndin leggur upp til að
byrja með. Síðan er vert að nefna að þrátt fyrir að við
leggjum ekki hér fram tillögu um hvernig stjórnar-
skrárbreytingu skuli háttað, þá hafa þau mál verið
rædd í nefnd og send alla vega ráðsfulltrúum til kynn-
ingar og þar er gert ráð fyrir þeirri meginreglu, að
stjórnarskrá verði breytt með þeim hætti, að þar veðri
 $\frac{2}{3}$ þingmanna sem geti lagt fram þjóðaratkvæða-
greiðslu og síðan þurfi hún að verða samþykkt með
meirihluta atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Nú, svo ég fari að lokum aðeins yfir heildarþemað
í þessum tillögum, þá veit að hér eru í ráðinu ráðs-
fulltrúar sem vilja ganga í þessum efnum og ég geri
mér vel grein fyrir því og ég virði þau sjónarmið, að
fara t.d. alla leið í þá átt sem lönd eins og Sviss eða
Kalifornía hafa gengið. En til þess að setja málið upp
með ákveðnum hætti þá vil ég engu að síður árétta
það að, að mínu viti, er auðvitað verið að ganga mjög
langt í þá átt að auka veg beins lýðræðis og þátttöku
almennings. Miðað við stöðuna í dag, ef við berum það
saman við hvernig þetta lítur út í dag, þá er gert [grein]
fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum í nokkrum tilfellum í
stjórnarskránni. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir þjóðarat-
kvæðagreiðslu ef þing vikur frá forseta. Við höfum ekki
tekið efnislega afstöðu til þessarar tillögu en það er
eithvað sem B-nefndin hefur gert. Í þeirri útgáfu, þá
myndi þetta vera náttúrulega með sama hætti, að það
yrði ekki breyting á því. Í öðru lagi, þá er neitunarvald
foresta í dag og það vald er fært í hendur á þjóðinni og

þingi. Svo er spurning hvort forsetinn hafi það áfram. Í þriðja lagi, þá er vald til þess að breyta stjórnarskrá, sem hefur ekki verið lagt fram hér, en það er alla vega tiltölulega mikill einhugur um það, að stórar stjórnarskrárbreytingar, í nefndinni, ættu að fara í gegnum þjóðaratkvæði, sem ekki er krafa um í dag. Í fjórða lagi þá hefur nefndin þegar lagt til að í tengslum við fullveldisframsal, þá verður þjóðaratkvæðagreiðsla sjálfkrafa. Og í fimmta lagi, þá er lagt til að ákveðinn frumkvæðisréttur geti orðið til hjá þjóðinni og ekkert slíkt ákvæði er að finna í dag. Í þeim tilfellum getur þriðjungur þingmanna lagt fram tillögu um ráðgefandi atkvæðagreiðslu en í dag þarf helming þingmanna til að leggja fram tillögu um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Þannig að ég vil alla vega meina að það sé verið að ganga mjög langt í þá átt að auka veg beins lýðræðis, þannig að fyrir mitt leyti þá lít ég ekki svo á, að það sé hægt að fullyrða með góðu móti að við í nefndinni séum að einhverju leyti hrædd við þjóðina. En að sjálfsögðu þá eru til þeir aðilar sem vilja ganga lengra í þessum efnum, alla þá leið sem Sviss og Kalifornía hafa gengið, og ég hlakka til að fá sjónarmið þeirra og allra annarra í ráðinu í umræðunni hér á eftir. Takk fyrir.

SN

Já, ég þakka formanni C-nefndar fyrir kynningu á tillögum nefndarinnar. Og orðið er laust um þær. Og fyrstur á mælendaskrá er Illugi Jökulsson. Gjörðu svo vel.

IJ

Já, ágætu félagar. Ég vil byrja á hefðbundnum þökkum til framsögumanns C-nefndar. Þetta er náttúrulega til stórkostlegra bóta að það sé verið að setja inn tillögur um beint lýðræði og mér líst að stærstum hluta mjög vel á þetta. Það ákvæði um að þjóðinni sé heimilt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu er löngu tímabær og seinni greinin um frumkvæðisrétt þjóðarinnar er líka skínandi. Ég hef efasemdir hins vegar um 1. mgr. í fyrri greininni um að Alþingi hafi heimild til að skjóta lögum til þjóðaratkvæðagreiðslu eða þriðjungur Alþingis og var búinn að semja um það langa ræðu sem ég ætla nú ekki að flytja af því að ég hreinlega nenni því ekki. [hlær og hlátur í sal] En hérna, ef ég fer örstutt yfir meginpunktana sem þar komu fram, þá til þrautavara ætla ég að leggja til að 1. og 2. mgr. verði víxlað, þannig að greinin byrji á heimild þjóðarinnar til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu og síðan komi þingið þá á eftir. Við í A-nefndinni erum mikið að spekulera í því hvernig hlutirnir hljóma og í hvaða röð þeir eigi að vera og mér finnst að þjóðin eigi þarna að koma á undan þinginu. Í öðru lagi sýnist mér að Alþingi geti samþykkt með meirihluta atkvæða að lög séu felld niður ef þriðjungur þingmanna krefst þjóðaratkvæðagreiðslu. Mér sýnist að það er hægt að búa til alls konar dæmi þar sem þetta er misnotað, þar sem þetta er notað af minnihluta þings til að knýja ríkisstjórn til að draga til baka aðkallandi mál, ef það eru einhver mál þar sem þarf að hafa hraðan á, þá er hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu í trausti þess að hún ríkisstjórnin muni draga þau til baka. Þannig að ég hvet C-nefndina til að athuga það.

En semsagt mín aðaltillaga er einfaldlega hafi ekki þennan rétt, að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. Það á

sér tvær ástæður: Í fyrsta lagi finnst mér ekkert mjög mikil ástæða til að treysta á það að íslenskir þingmenn muni ekki misnota þennan rétt. En í öðru lagi þá finnst mér það einfaldlega ekkert endilega hugmyndafræðilega rétt að þingið eigi að geta krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Alþingismenn hafa mörg og margvísleg ráð til að berjast fyrir sínum sjónarmiðum og skoðunum og þetta stjórnlagaráð er að bæta og fjölga þeim ráðum mjög. En ef þingmenn hafa barist gegn einhverjum lögum og síðan orðið undir, þá finnst mér að þeir eigi bara að setta sig við það. Ef þau lög eru svo umdeild að það sé ástæða til að senda þau í þjóðaratkvæði þá mun þjóðin örugglega fara fram á það sjálf. Þannig að mér finnst ekki að þingið eigi að hafa þennan rétt en ég ætla að hlífa ykkur við löngu versjóninni af þessum skoðunum. Takk.

SN

Lýður Árnason, gjörðu svo vel.

LÁ

Jæja, góðir ráðsfulltrúar. Þetta verður samt örstutt ræða að þessu sinni. En varðandi þennan málskotsrétt, þá hefur þetta verið þannig að forsetinn hefur haft málskotsrétt til þjóðar. Fyrri greinin okkar, hún eiginlega gerir það að verkum að nú hefur þjóðin málskotsrétt til sjálfrar sín, sem að ég mundi segja að komi eiginlega í staðinn fyrir hið fyrrnefnda. Ég get eiginlega ekki séð að þjóðin þurfi endilega að hafa forseta sem milligöngumann ef hún hefur þennan rétt sjálf en þá þarf náttúrulega atkvæðagreiðslan að vera bindandi.

2. greinin, varðandi þjóðarfrumkvæði, þá sýnist mér við ekki leggja alveg sama skilning í hvað er þjóðarfrumkvæði. Ég legg þann skilning í orðið, að þá hafi þjóðin frumkvæði að því að taka eitthvað mál og úrskurða um það sjálf og án aðkomu þingsins. Það eru ekki allir sammála því og þess vegna er ég nú hérna uppi í pontu. Ég myndi vilja gera það að tillögu A alla vega... Hún er svohljóðandi: „Alþingi skal láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög eða mál-efni sem varða almannahag ef 15 af hundraði kjósenda krefjast þess. Sé um málefni að ræða skal bera þau fram á frumvarpsformi. Atkvæðagreiðsla skal fara fram innan árs frá því að staðfest krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu liggur fyrir og niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu er bindandi.“ Með þessu getur þjóðin farið fram á atkvæðagreiðslu um hvaða málefni sem er reyndar og hún verður þá að bera það upp á frumvarpsformi ef hún vill að þingið taki það til afgreiðslu sem þjóðaratkvæðagreiðslu... eða sem sagt búi til jarðveg fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu eða hvernig sem við orðum það. En alla vega er þetta þannig að þjóðin, hún gerir þá frumvarp um eitthvað mál sem þingið verður þá að taka til afgreiðslu á frumvarpsformi. Íris Lind var með þá athugasemd að hver þingmaður er bundinn af sannfæringu sinni í stjórnarskrá og það sé þá ekki á þá leggandi að búa til frumvarp um eitthvað sem er þeim mótfallinn. Þetta gæti komið til móts við það. Og þetta er svona svipað og stjórnlaganefnd leggur fram í sínu ákvæði A.

Svo er Pétur Gunnlaugsson með tillögu sem ég er sjálfur fylgjandi og hún er nú eiginlega svissneska leiðin og hún má segja að sé eiginlega tillaga um þjóðarkosningar: þjóðin getur farið þá fram á bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin málefni

ef 15 af hundraði kosningabærra manna krefjast þessi. „Alþingi skal láta þjóðarkosninguna fara fram og ber að virða niðurstöðuna. Atkvæðagreiðslan skal fara fram innan þriggja mánaða frá því að staðfest krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu liggur fyrir.“ Og í þessari tillögu er í raun gert ráð fyrir því að þjóðin geti bara tekið það mál sem henni finnst þess vert og skotið því í þjóðaratkvæðagreiðslu og sú niðurstaða er þá bara bindandi og þinginu skylt að taka það mál og semja bara um það frumvarp, að hætti þjóðaratkvæðagreiðslunnar, þeirrar niðurstöðu. Og þessi tillaga þá gengur einna lengst. Og það er alla vega skoðun, veit ég, sumra í C-nefndinni að við eigum að fara alla þessa leið, þannig að þjóðin hafi frumkvæði í eigin málum. Við teljum að fyrsta tillagan ekki ganga nógu langt vegna þess að þinginu er í raun í lófa lagið að stoppa þetta. Og hún er háð samþykki þingsins. Þannig að ég vil alla vega að þið vitið að þetta er svona það sem okkur finnst og við munum leggja til að fulltrúar ræði þetta líka. Takk.

SN

Dögg Harðardóttir, gjörðu svo vel.

DH

Formaður, ágætu ráðsfulltúar. Ég ætla að taka undir hvert orð sem hann Illugi sagði hérna áðan, stuttu versjónina af því ég veit ekki hvernig hin hljóðar. En það sem ég hnýt um og ég held að ég hafi nú nefnt það áður: Mér finnst það dálítið lítið að það sé nóg að þriðjungur alþingismanna geti krafist þjóðaratkvæðisgreiðslu. Það eru ekki nema 21 þingmaður. Ég myndi telja að mál þyrftu að vera talsvert umdeildari í þinginu til þess að það væri ástæða til að senda þau í þjóðaraatkvæði. Ef 42 þingmenn eru sammála um eitthvað, þá finnst mér það nú alveg þokkalegur fjöldi af 63, þannig að ef minnihlutinn á að geta sent erindi í þjóðaratkvæðagreiðslu, þá myndi ég vilja sjá að það væri meira heldur en þriðjungur sem þyrfti að krefjast þess. Takk.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson, gjörðu svo vel.

VÞ

Já, formaður og góðir ráðsmenn. Ég ætla nefnilega líka að taka undir með Illuga. Mér finnst hann vera með góð rök fyrir máli sínu. Þetta hefur virkað í Danmörku að hafa þetta ákvæði inni. Þetta var náttúrulega sett inn 1953 þar, að þriðjungur þingmanna gæti sent mál í þjóðaratkvæðagreiðslu og þar hefur hefðin síðan orðið sú, að þetta er nánast ekkert notað. Danir hafa, af einhverjum ástæðum, þróað með sér töluvert pólitíska menningu, ef svo má segja. Þeir eru vanari minnihlutastjórnnum en við o.s.frv. Og ég veit ekki hvort þetta myndi virka eða vera notað með sama hætti á Íslandi eins og þar og hef svolitlar áhyggjur af því að það yrði notað öðru vísi hér. Ég myndi, fyrir mína parta, styðja það, að þetta færi burtu með þriðjung þingmanna en þá væri kannski á móti hægt að leggja til að 15% í 2. mgr., það lækkaði eitthvað niður kannski til samæris, ef svo má segja. Þannig að það þyrfti þá eitthvað færri en 15% kosningabærra manna að fara fram á þjóðaratkvæði, sem svona gagnvægi. En að sjálfsgöðu er það alltaf þannig að ef að mál á að eiga möguleika á að komast í gegnum þjóðaratkvæði, þá þurfa – ja,

míðað við, segjum, 80% kosningabátttöku – þá þurfa auðvitað 40% allra kosningabærra manna að vera á því máli. Þannig að auðvitað ekki hægt að fara með þessa tölu allt of langt niður. Það verður nú alla vega eitthvað hlutfall þeirra sem ætla að samþykkja málið að vera tilbúnir að styðja það með undirskrift sinni.

En svo ætla ég að segja, þarna með 2. grein, um þjóðarfrumkvæði. Þetta er svolítið spurning hvernig þetta er orðað. Þá eru það 10 af hundraði kjósenda sem geta lagt frumvarp um tiltekið málefni fyrir Alþingi til þinglegrar meðferðar. Það er í stjórnarskrá fleiri landa, t.d. í Þýsku stjórnarskránni er svona „right of petition“ (ég man nú bara ekki í svipinn hvað það heitir á Þýsku, fyrir Þorkel) en þar geta kjósendur samsagt sent þinginu erindi eða bænaskjöl og Þjóðverjarnir eru með sérstaka nefnd í þinginu sem að tekur á móti slíku og svarar, þannig að fólk fær þinglega afgreiðslu, ef svo má segja, á sínum erindum og fær þá rökstuðning fyrir því, af hverju þingið er ekki tilbúið til þess að styðja ákveðið mál. Og ég held að við ættum að huga að því hvort að eitthvað slíkt ætti heima jafnvel til viðbótar við þetta sem að hér er. En svo er orðalagið þannig: „Þriðjungur þingmanna getur ákveðið að bera frumvarpið undir þjóðaratkvæði áður en það er afgreitt á Alþingi.“ Samkvæmt orðanna hljóðan, þá er þá bara verið að tala um einhverja svona ráðgefandi þjóðaratkvæði, sem að menn hafa svo hliðsjón af þegar þeir afgreiða málið frá Alþingi. En hef nú grun um að sé ekki meiningin. En alla veganna, mér finnst að orðalagið geti skilist. [viðbrögð úr sal] Það er meiningin að þetta sé ráðgefandi? Já, all í lagi, þá er það bara þannig sem að þetta á að skiljast, þannig að þingmenn bara einfaldlega taka tillit til niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Já, það er kannski þá bara í góðu lagi. Mér fannst það nefnilega ekki alveg skýrt af greinargerð. En ekki fleira vildi ég segja. Takk.

SN

Katrín Fjeldsted, gjörðu svo vel.

KF

Takk fyrir. Já, ég held að þetta horfi allt til framfara fyrir íslenska þjóð, þessi kafla um lýðræðislega þátttöku almennings. Í 1. greininni, þar sem vitnað er til þriðjungs þingmanna: ég skil það svo, að þarna sé verið að styrkja stjórnarandstöðuna, minnihluta þings, og þess vegna er eðlilegt að ef að þessi grein er inni á annað borð, að þá sé það frekar lítill hluti þingmanna heldur en stór sem geti borið þetta fram. Þetta sýnist mér þá hugsað, eins og kom fram hjá Pawel, þessar greinar koma í staðinn fyrir 26. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem málskotsréttur forseta var eina aðkoma þjóðarinnar að því að fá mál í þjóðaratkvæði. Þarna er verið að búa til og skapa nýja farvegi fyrir aðkomu slíka almennings og ég tel það vera mjög jákvætt. Það getur samt verið rétt að viðhalda málskotsrétti forseta. Ég tek ekki afstöðu til þess á þessu stigi. En þetta alla vega er hugsað til þess að tryggja aðkomu almennings. Ég spyr samt um frumvörp sem hafa verið í meðferð þingsins og hafa ekki fengist samþykkt. Þau gætu sömuleiðis verið deilumál í þjóðfélaginu. Maður veltir fyrir sér hvaða aðkomu menn hafa af því að greiða atkvæði um þau í þjóðaratkvæðagreiðslu. Já, gr. 2. er mér bent á, að þar eru það 15 af hundraði kjósenda sem krefjast þess innan þriggja mánaða, það eru lög, en ég er að meina

þörf mál sem hafa verið í þinginu; þörf mál, kannski að mati þriðjungs þingmanna, frumvörp sem ekki hafa náð fram að ganga innan þingsins en þjóðin kannski vill geta komið að. [spurning úr sal] Já, ég er að tala um 1. greinina, þegar talað er um hvernig afgreidd eru lög sem Alþingi hefur samþykkt. En ég velti fyrir mér einmitt hvort að sú athugasemd eigi ekki frekar við inni í 1. greininni, um frumvörp sem ekki hafa hlotið samþykki. Það má segja að í 2. greininni tryggji það að 10 af hundraði kjósenda geti tekið slíkt mál upp og óskað eftir að það fari í þinglega meðferð. En það er ekki alveg það sama; þriðjungur þingmanna kemur þá einn í það og það er ráðgefandi kosning. Nei, þetta er svona bara... Maður veltir þessu fyrir sér.

Þarna í 1. greininni segir „Alþingi skal einnig bera undir þjóðaratkvæði lög ef 15 af hundraði kjósenda krefjast þess.“ Af hverju það þurfi að vera 15% en ekki bara 10%. Þetta er ansi mikill fjöldi. Eru það ekki 25.000 manns sem eru 10% kjósenda í dag, þannig að það er svona spurning hvort að svipaður þröskuldur sé ekki við hæfi í 1. gr. og 2. gr. og ég fagna því að í 2. greininni hefur talan verið lækkuð úr 15 niður í 10 af hundraði og það er mjög gott. Svo er þetta alltaf sama togstreitan, ef að þingmenn eru bundnir af samvisku sinni og fá inn í þingið til meðferðar mál sem þeir, samvisku sinnar vegna, geta ekki fellt sig við eða samþykkt og þar liggur ekki fyrir nein lausn. Síðan vil ég taka undir tillöguna sem Lýður nefndi hér, sem kemur frá Pétri Gunnlaugssyni, að hún veri skoðuð nánar í nefndinni. Takk fyrir.

SN

Gísli Tryggvason er næstur á mælendaskrá og henni verður lokað þegar hann hefur lokið máli sínu. Gjörðu svo vel, Gísli.

GT

Takk til lýðræðis- og dómstólanefndarinnar C fyrir þetta starf. Mig langar fyrst að nefna, varðandi 2. greinina, ég held að það væri nú til skýringar í ljósi spurningar Vilhjálms og svars hérna áðan úti í sal, að taka fram ef að þjóðaratkvæðagreiðsla er bara ráðgefandi, alveg eins og það er tekið fram í 1. gr. það er bindandi, þ.e.a.s. til samþykktar eða synjunar. Nú, ég hef ekki haft mjög sterkar skoðanir á þessu, fyrir eða eftir kjör til stjórnlagabings, á þessu beint lýðræði. En sem svona talsvert harður fulltrúalýðræðissinni, þá finnst mér nú einmitt mikilvægara að tryggja minnihluta þingmanna gagnvart ofríki meirihlutans heldur en að hafa þetta vald mjög mikið og oft hjá þjóðinni. Þannig að ég vil nú andmæla því, ef ég skildi Vilhjálmi og Illuga rétt, að það ætti að fara út, þessi þingmanna-nefnd. Ég held við séum með mjög góða fyrirmynd í 42. gr. dönsku stjórnarskrárinnar um þessa minnihlutavernd: þriðjungur þingmanna þar getur farið fram á þjóðaratkvæði og þó þeir hafi ekki gert mikið af því, svo ég viti til, þá held ég að tilvist svona ákvæðis bæti mjög stjórnmalakúltúr og auki mjög svona breiða samstöðu um mál, eins og ég þekki að hefur tíðkast mjög lengi í dönsku stjórnmalum. Ég held m.a.s. að þessu ákvæði eða svipuðu hafi verið beitt í deilu danskra stjórnmalanna um íslensku handritin. Það tók þess vegna lengri tíma að koma þeim hingað heim vegna þess að það þurfti að fara fyrir... eða hvort það var dóm. En alla vega, ég held að þessi þingmanna-

réttur eigi að vera þarna og það er ákveðinn samhljóður í þessu, að þriðjungur getur líka skotið máli til Hæstaréttar sem stjórnlagadómstóls skv. tillögum sem við samþykktum hérna fyrir nokkrum vikum. Og ég held að það sé ágætis samræmi í því að þeir hafi ekki bara þennan lagalega rétt, heldur þennan pólitíska rétt að bera undir þjóðina. Og varðandi hættu á misnotkun sem Vilhjálmi tók undir að væri fyrir hendi, þá held ég að það sé ekki hættu á að menn misnoti þetta kannski ekki nema einu sinni. Ég held að sífelldar kröfur óábyrgrar stjórnarandstöðu hér – nú eða ábyrgrar stjórnarandstöðu, þetta eru nú ekki alltaf óréttmætar kröfur – um þjóðaratkvæði, ég held að það sé svolítið ábyrgðarlaust: Það er svo auðvelt að krefjast þess og svo þegar maður er í ríkisstjórn, þá er maður annarra skoðunar. En ef þeir hafa þetta vald, þriðjungur þingmanna, þá muni þeir fara vel með það, vegna þess að kjósendur munu eða geta alla vega refsað þeim ef þeir eru með einhverja endalaus vitleysu. Þannig að ég vil endilega hafa þetta inni. Takk.

SN

Mælendaskrá hefur þá verið lokað. En næstur á mælendaskrá er Þorvaldur Gylfason. Gjörðu svo vel.

ÞG

Já, formaður, góðir ráðsfulltrúar. Ég skal vera stuttur. Ég leyfi mér að lýsa efasemdum að það sé ráðlegt að heimila þriðjungi þingmanna að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég byggi þá skoðun á því að agaleysi hefur einkennt störf Alþingis að ýmsu leyti á liðinni tíð og ákvæði af þessu tagi sé þess vegna líklegra til þess að því verði misbeitt heldur en t.d. í Danmörku þar sem aginn hefur verið meiri. En nú er það að vísu rétt að tillögurnar um kosningareglur, sem við fjölluðum um í gær, ættu að gera okkar löggjafarsamkomu líkari löggjafarsamkomum nálægra landa. Samt sem áður hef ég efasemdir um þetta.

Í annan stað hef ég einnig efasemdir um þennan 15% þröskuld, þ.e.a.s. að það þurfi 15 af hundraði kjósenda til þess að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég vil leyfa mér að vekja athygli á erindi, sem Hjörtur Hjartarson sagnfræðingur sendi ráðinu fyrir nokkru. Hann segir: „Í fjölþjóðlegu yfirlitsriti um lýðræðismál, *Direct Democracy*, segir að í löndum þar sem gerðar séu kröfur um undirskriftir fleiri en 15% kjósenda séu þjóðaratkvæðagreiðslur nánast óþekktar, orðin tóm. Jafnframt segir að strangar kröfur um fjölda undirskrifta séu til þess fallnar að hygla rötgrónum stjórnmalaflokkum og öflugum sérhagsmunasamtökum.“ Og þess vegna brýnir Hjörtur Stjórnlagaráð til þess að gera hóflegri og lýðræðislegri kröfu um fjölda undirskrifta en þessa 15%-kröfu sem er ættuð úr skýrslu stjórnalaganefndar. Þetta er umhugsunarvert. Og í þriðja lagi, þá leiða þessar fyrstu tvær athugasemdir mig enn að þeirri niðurstöðu að málskotsréttur forsetans verður áfram að vera til staðar. Bæði bara saga síðustu sjö ára hér heima, allt frá því í fjölmiðladeilunni 2004 og til þessa dags, knýr á um það að forsetinn hafi, sem þjóðkjörinn fulltrúi, þennan rétt. Og ef hann hefur þennan rétt, þá munar minna um að hverfa frá þessari hugmynd að heimila þriðjungi þingmanna að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu. En allt að einu: Ég mæli eindregið með því að málskotsréttur forsetans sé hafður þarna með, jafnvel þótt það gæti leitt til þess

að honum þyrfti aldrei að beita út af hinum ákvæðunum, en einnig, ef hann er inni, að þá verður rýmra um endurskoðun á hinum ákvæðunum tveimur sem ég hef lýst efasemdum um. Takk fyrir.

SN

Andrés Magnússon, gjörðu svo vel.

AM

Kæru félagar og sérstaklega formaður. Það er af mörgu að taka en mig langar sérstaklega að ræða um þjóðarfrumkvæði. Allir sem ég hef talað við, þeim finnst alveg rosalega gaman að það eigi að auka semsé áhrifamátt almennings og vilja það mjög gjarnan. Þannig að ég held að hljóti að vera útgangspunkturinn. Það þarf alla vega að sannfæra um að það sé verra að hafa meira beint lýðræði heldur en hitt, vegna þess að það er það sem flestir – sem ég talaði alla vega við – óska. Við erum semsé að tala um þjóðarfrumkvæði, við erum að tala um beint lýðræði, ekki í gegnum þingið. En eins og þetta stendur núna, þetta er ekkert beint lýðræði, þetta á bara að fara í gegnum þingið; þjóðin getur óskað þess að þetta fari í gegnum þingið. Ég vek athygli á því að þetta gengur skemur heldur en tillögur stjórnlaganefndar, en þar segir: „Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar er *bindandi* þegar hún fjallar um gildi tiltekinna laga.“ En við ætlum ekkert að hafa þetta bindandi í nefnd C, sem ég er í. Þetta á bara að geta vinsamlegast farið fram á að þið veitið þessu þinglega meðferð. Takið eftir því að það er ekki verið að biðja um atkvæðagreiðslu, aðeins þinglega meðferð. Og eins og Katrín Fjeldsted... Hún tók gott dæmi: Hvað t.d. um mál sem að ekki hefur verið samþykkt, heldur hefur verið fellt eða svæft í nefnd? Er ekki mikilvægt að geta brugðist við því? Jú, ef þjóðin safnar þá, með sveittan skallann, fjölda undirskrifta þá er hægt að beina þessu svæfða máli aftur til þingsins og biðja þá um þinglega meðferð. Og þá geta þeir aftur svæft það í þing og meðhöndlað það nákvæmlega eins og það var meðhöndlað síðast. Og þetta höfum við rætt: Þetta getur þýtt „svæft í nefnd“. Þetta getur þýtt „fellt í nefnd“. Þannig að hér er sem sé beint lýðræði öfugmæli. Þetta er ekkert það. Það er verið að biðja um þinglega meðferð, þetta er fulltrúaræði en ekki beint lýðræði. Ef við mátum eitt mál í þessu, t.d. kvótann: Ef öll eiginlega öll þjóðin væri á móti kvótanum en það væir sterk stjórn sem vildi hafa hann og hún myndi ekki bera upp nein mál um þetta, þá, skv. fyrri greininni, mætti þjóðin ekki fara fram á þjóðaratkvæðagreiðslu nema málið hafi verið samþykkt. En þú bara svæfir mál í nefnd o.s.frv., þannig að þú getur ekki beitt því þar. Þú getur heldur ekki beitt því hér. Þú getur bara beðið að þetta mál verði tekið fyrir á Alþingi og þá verður það væntanlega svæft í þeim nefndum sem meirihlutinn hefur. Þannig að ég sé ekki að þetta opni, að þetta standi undir þeim væntingum sem við höfðum. Og semsé ítreka að þetta er beiðni um að fulltrúalýðræðið taki málið til meðferðar, þar með talið, að svæfa það í nefnd ef það vill. Þetta er ekki beint lýræði að mínu mati. Takk fyrir.

SN

Þorkell Helgason, gjörðu svo vel.

ÞH

Já, góðir félagar og formaður. Ég ætlaði nú bara að svona hnykkja á eða leiðrétta tvö atriði. Í fyrsta lagi, hjá síðasta ræðumanni. Þetta er bara ekki rétt túlkun hans á dæmi A, eins og við erum oft og margsinnis búin að nefna í nefnd C. Það að atkvæðagreiðsla sé bindandi á eingöngu við samþykkt lög, ekki um frumkvæði sem kemur frá þjóðinni. Það stendur þarna kyrfilega: Það er bara ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla. Að vísu ekki nein tímatakmörkun á því hvað gömul lög – þau þurfa ekkert endilega að vera nýsamþykkt – svk. orðanna hljóðan er hægt að bera upp í A-nefnd, en ég hygg nú að hún hafi meint nýsamþykkt lög, þó að það standi ekki á blaðinu hjá þeim, enda væri það að fella úr gildi einhver eldgömul lög... væri kannski ekki einu sinni framkvæmanlegt. Tökum bara kvótann sem dæmi: Ef við fellum úr gildi við fiskveiðistjórnunarlögin, við kjósendur, hvað þá? Eru þá frjálsar veiðar á morgun? Það er ekkert hægt að gera þá í staðinn. Ég fullyrði að tillaga C-nefndar gengur lengra heldur en dæmi A og B hvort tveggja. Og sérstaklega það, að þröskuldurinn 30% er horfinn þarna í burtu. Og ég er algjörlega sammála formanni nefndarinnar, Pawel, um það að það er fyrirbæri sem að bara svona hreinlega stærðfræðilega rýmir meira að segja illa að hafa inni. En vitaskuld er þessi tillaga málamiðlun. Við ræddum ítarlega það sem Katrín Fjeldsted nefndi t.d. hvort að þjóðin gæti vakið upp frumvörp sem Alþingi hefði fellt. En það þóttu bæði á því svona lagatæknilegir hnökrar og fleira af þeim toga, þannig að það mundi nú ekki ganga.

En að lokum: Katrín taldi að með þessu væri C-nefndin að leggja til að 26. greinin væri felld út. Við höfum ekki... eða þá misskildi ég þig... Nei, þú lýstir yfir stuðningi við 26. en ég skildi þig þannig að þú héldir að við værum búin að afskrifa hana í nefndinni. Það er ekki svo. Hafi ég misskilið þig, þá bið ég þig afsökunar en ég vil bara taka það fram, að við höfum lítið eða ekkert rætt um 26. greinina. Hún er þarna einhvers staðar kannski í tómarúmi milli B- og C-nefndar. Og ég lýsti því herna fyrir í morgun: Ég vil halda í hana þó að hún sé að vísu kannski eitthvað þrengd. Takk fyrir.

SN

Katrín Oddsdóttir, gjörðu svo vel.

KO

Takk, kæru vinir mínir. Þetta er fínt, frábært að það sé að þokast í þessa átt, það sem við erum að gera. Ég held að það sé alveg örugglega til bóta fyrir alla að þessu blessaða valdi verði nú komið fyrir hjá valdhafanum einu sinni, þ.e.a.s. hjá þjóðinni – ef hún er þá til, með þeim fyrirvara að þjóðin sé til. Ég er að spá í einu og það er varðandi ákveðið... Þið takið herna í fyrri greininni út ákveðið mál, sem að þið teljið að ekki eigi að vera hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um og það má svo sem deila um það hvort að þjóðin eigi ekki bara að fá að tala um öll mál en ég hef nú svo sem alveg samúð að ákveðnu leyti með þessum sjónarmiðum. En ég sakna þess að þarna mannréttindi inni. Mér finnst það ætti alltaf að vera krafa um það, að ákveðin stjórnarskrávarin mannréttindi séu ekki þannig, að það megi einhverjir taka sig saman og reyna að semja þau í burtu. Það ætti alltaf að vera skýlaus

undantekning og ég vildi sjá það í báðum greinum. [inngríp úr sal] Ha? Já, ókei. En bara af því að þessi upptalning er svolitíð svona skrýtin án þeirra núna, að það sé talað um fjárlög og skattamál og lög um ríkisborgararétt og lög sem eru sett til þess að framfylgja þjóðarréttarskuldbindingum. Auðvitað eru mannréttindi þar á meðal en það var eiginlega eina áhyggjuefni mitt að svo stöddu. Ég ætla nú ekki að lengja mál mitt en ég tek undir margt af því sem sagt hefur verið um margt. [hlátur í sal]

SN

Ómar Ragnarsson, gjörðu svo vel.

ÓR

Já, formaður, gott ráðsfolk. Eins og Þorkell sagði, þá var þetta málamiðlun í nefndinni. Ég hallast að því sem að Katrín og Andrés hafa sagt hérna og gerði það í nefndinni. En að sjálfsögðu eru rökraður okkar hér allar byggðar á því að við náum einhverri mála-miðlun. Þess vegna treysti ég mér alveg til þess að skrifa undir það sem sagt var í nefndinni, þótt ég sé annarrar skoðunar í ýmsum atriðum. Og þó að við höfum tekist svolitíð hér á í dag og kannski á tímabili í morgun, þá vil ég bara leggja mitt að mörkum til þess og tel að einmitt í C-nefndinni hafi þessi andi ríkt og ég er alveg tilbúinn til að skrifa nánast undir hvað sem er sem þetta ráð muni að lokum gera, þó að sumt af sé kannski alveg þvert á það sem ég vil. 15%: Þetta er sennilega rétt hjá Hirti en miðast við þá tíma þegar við höfðum ekki þessa miklu möguleika, sem nú eru: rafrænt á netinu og annars staðar til þess að safna ótrúlegum fjölda fólks á mjög skömmum tíma. Þetta fer að vísu eftir því hvort við setjum mjög strangar reglur um svona lista, eins og er í Sviss, og meðferð sem takmarkar þetta mjög, þá mætti hugsa sér lægri prósentu. Ef hins vegar við hugum að nútímanum og möguleikunum sem hér eru, þá vil ég nú bara minna á það, að það fór langleiðina í þessi 15%, að safna undirskriftum hér á örfáum dögum um vegatoll austur frá Reykjavík, í jafnmikið smámál eins og það hlýtur nú að vera: tollur, vegatollur á einum vegi á einum stað á landinu. Svo ég vil nú halda mig við 15% í byrjun en við skulum sjá til, hvort að eitthvað fleira... Það má kannski vísa til einhvers nánar í lögum og vera með einhverja lágmarksprófsendu, 12, eða eitthvað slíkt. Ég er alveg tilbúinn í allt slíkt. Þetta með □ hluta þingmanna: Ég hafði lengi miklar áhyggjur af þessu. Nú erum við bara með öskureiðan minnihluta þings og við vitum alveg hvernig þetta gengur á þingi: Þeir hafa ekki alltaf verið í ró og næði þar og þetta er of lítið. Ég held hins vegar að þegar á hólminn er komið, þá mun □ þingmanna ekki lengi komast upp með það að vera að vísa einhverjum sérmálum sínum eða einhverjum málum sem þessi minnihluti heldur að komi sér illa fyrir stjórnarmeirihlutann. Ég held að svona þingmannaminnihluti muni fara að vanda sig mjög fljótlega. Ég held raunar að þetta sé framför í átt til þess... Allt sem við erum að gera hérna er framför í átt til þess sem er í Danmörku. Þegar sonur minn kom frá námi í Danmörku, þá spurði hann: „Pabbi, hvers konar stjórnarfar er ég búinn við á þessu Íslandi, þegar maður kemur frá Danmörku og upplifir allt annan stjórn málaalegan veruleika og vinnubrögð. Ég held að þetta verði einhverjir barnasjúkdómar. Þetta sé ekkert

vitlaust að hafa þetta 1/3 þingmanna. Við verðum að treysta því, að með nýjum vinnubrögðum og nýjum aðferðum til þess að velja þetta fólk, þá sýni það þá ábyrgð að misfara ekki með þetta vald og bendi á að það eru miklu meiri möguleikar núna til þess að refsast þingmönnum, hverjum og einum, heldur en við höfum í dag. Takk fyrir.

SN

Katrín Fjeldsted, þú ert næst á mælendaskrá.

KF

Bara örstutt, af því að ég gleymdi einum punkti og Katrín Oddsdóttir nefndi hann reyndar og það var um þjóðaratkvæðagreiðslur sem ekki er hægt að krefjast: um fjárlög, fjáráukalög, lög um skattamálefni, lög um ríkisborgararétt og lög sem sett eru til þess að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum. Ég hef alltaf haft svona vissar efasemdir um það, að þjóðin hafi ekki möguleika á að segja neitt um málefni af þessu tagi, lög sem sett eru um skattamálefni eða fjárlög. Ef að þjóðin væri í algjörrri andstöðu, því það er jú þjóðin sem á að borga þessa skatta, og ég bara varpa því fram hvort að... ég veit að er svona víðast hvar í löndunum í kringum okkur, að þessi lög eru undanþegin. Mér finnst það frekar skrýtið. Svo ætla ég bara að segja til skýringar þar sem ég nefndi um málskotsrétt forseta, að 26. gr. núverandi stjórnarskrár inniheldur þann málskotsrétt. En ég var bara að benda á að þarna er kominn farvegur, þarna er komin aðkoma almennings að ákvörðunum þingsins og ég sagði ekki að hún kæmi í staðinn fyrir. En kannski 26. greinin ekki eins nauðsynleg þess vegna, þó ég sé til í það að hún haldist inni.

SN

Lýður Árnason, gjörðu svo vel.

SN

Guðmundur Gunnarsson er þá næstur. Gjörðu svo vel.

GG

Já, ágætu ráðsliðar og þeir sem eru að hlusta á okkur. Þorkell sagði raunar allt sem ég ætlaði að segja og ég þarf svo sem ekkert að lengja fundinn með því. En ég ætla að fá að aðeins að benda á, að ég er alla veganna sannfærður um það, að einmitt þetta, eins og þetta er lagt til hjá okkur, mun auka aga, agaðri vinnubrögð, hjá alþingismönnum. Einmitt þessi möguleiki, að þriðjungur þeirra geti farið með sín mál fyrir þjóðina, það að mínu mati, mun koma í veg fyrir öll þessi hróp og köll og hótanir og ýmislegt annað, því að þá er einfaldlega hægt að bara benda þeim á: gjörðu svo vel, farið þá bara með málið fyrir þjóðina. Og það mun ýta á þá um það, að þeir geti ekki beitt þessum – ja, ég veit ekki hvaða orð ég á að nota yfir þau vinnubrögð sem að þjóðinni ofbýður og horfir upp á dagsdaglega. Hvað varðar þátttökupróskuldina, þá er það – og eftir að hafa hlustað á erindi um það hvernig þetta hefur gengið fyrir sig hjá m.a. í Svisslandi – þá er það skoðun – og ég veir þeirrar skoðunar að það þyrftu að vera háir þróskuldar en ég er alveg búinn að skipta um skoðun eftir að hafa hlustað á og lesa þessa skýrslu frá Sviss, að það vitanlega kallar á meira lýðskrum, það fara í gang ýmiss konar hópar til þess að smala og æsa upp

ýmiss konar sjónarmið til þess að ná fólki til þess að skrifa undir og safna saman. Það einfaldlega þá bara þýðir það, ef eitthvað fer fyrir þjóðina og þjóðinni ofbýður á einhvern hátt, að þá mun hún einfaldlega þá bara mæta á kjörstað og annað hvort samþykkja eða fella. Við getum í sjálfu sér ekki... Sumir tala hérna alveg þvert á það sem þeir eru að segja sjálfir þegar þeir eru að tala um það, að þjóðin fái að ráða og samt vilja menn setja alls konar þröskulda áður en þjóðin fái að ráða. Mér fyndist það væri þá eðlilegast ef menn vilja að þjóðin ráði, þá eigi bara einfaldlega ekki að vera neinir þröskuldar. Ef það væru bara tíu manns sem vildu og það dygði til þess að koma því í þjóðaratkvæði, þá er það bara einfaldlega þjóðin sem tekur þá ákvörðun um hvort að þessi tíu manns hafi rétt fyrir sér eða ekki. Og ef fólki ofbýður, þá náttúrulega er það ekkert of gott til þess að mæta á kjörstað og bara einfaldlega fella viðkomandi mál. En það er akkúrat það líka, að hanteringin í gegnum þjóðina, hún mun leiða til þess að mönnum verður refsað mikið ef fara að spila, eins og hefur sýnt sig t.d. í Danmörku og víðar. Þannig að ég stend alveg 100% bak við það sem þarna fer en ég vísa svo bara aftur til þess sem Þorkell sagði hérna um þau mál sem sumir virðast misskilja og halda áfram að misskilja, þó það sé búið að fara yfir þau ítrekað í nefndinni. Takk fyrir.

SN

Takk fyrir. Þá er komið að lokum þessarar umræðu og ég bið formann nefndarinnar, Pawel Bartoszek, að taka við og taka saman umræðuna hér og bregðast við. Gjörðu svo vel.

PB

Ja. Takk. Það hefur líka margt komið fram af því sem mig langar að segja. En bara af hverju ekki að segja það bara aftur? Nú, Illugi kom inn á þetta með þriðjung Alþingis, að það sé kannski ekki endilega góð hugmynd og ég er alveg hugsí yfir þessu persónulega, hvaða áhrif þetta getur haft. Ég meina, allar svona reglur breyta aðeins leiknum. Ég, að mörgu leyti, get vel skilið þau sjónarmið, að það er svona kannski hættulegt að fara að leggja til svona ákvæði sem maður getur ekki endilega séð hvaða afleiðingar það getur haft í för með sér. Á hinn bóginn auðvitað – til þess að svara gegn þessu – að ef að eina aðkoma almennings að því að senda mál í svona dót er í gegnum undirskriftasöfnun, þá mun mál á Alþingi enda með hrópum og köllum og síðan undirskriftarsöfnun sem fylgir í kjölfarið. Á meðan að ef valdið er á Alþingi, þá er kannski aðeins líklegra að menn taki af ábyrgð þar og þá þarf umræðan að fara á þetta sama plan. En við skulum bara endilega skoða þetta vel í nefndinni aftur og ég hvet þá sem hafa efasemdir þessa 1/3-leið að senda inn breytingartillögu þar að lútandi.

Nú, Lýður og Andrés komu báðir inn á frumkvæðisgreinina sem þeim þykir ekki ganga nógu langt og þetta hefur auðvitað verið rætt í nefndinni oft og við einfaldlega erum öll ekki alveg sammála um þessi atriði, hve langt eigi að ganga. Ég ber þó nokkra virðingu fyrir þeim sjónarmiðum beins lýðræðis en ég svona ímynda mér hvort þau skref sem stigin eru hér séu ekki heilmikil alla vega í bili og gefa þjóðinni ekki mun, mun meiri aðkomu að því að hafa aðkomu að lagasetningu heldur en hefur verið hingað til. Þannig

að ég er, fyrir mitt leyti, tregur til þess að stíga mun lengra. En það er auðvitað heilt litróf af skoðunum í þessu efni og t.d. eitt sem Katrín nefndi sem kom líka fram í umræðum í nefndinni, hvort það eigi að vera þannig, að mál sem falla á þinginu geti einhvern veginn farið fyrir þjóðaratkvæði. Og það var rætt. Það var ekki svona meirihluti fyrir því í nefndinni að svo stöddu að fara þá leið, þannig að í þessari tillögu sem lögð er hér til grundvallar, þá er það þannig að öll mál sem verða að lögum þurfa á einhverjum tímupunkti að hafa meirihluta á Alþingi á bak við sig.

Ég held að Vilhjálmur tók að einhverju leyti undir með Illuga og síðan var rætt um þetta þjóðarfrumkvæði og ráðgefandi, sem sagt orðalagi „ráðgefandi“ í greininni. Ég tek undir það, að það þyrfti þá að standa skýrt, ef að meiningin er að atkvæðagreiðslan sé einungis ráðgefandi. Síðan tók Þorvaldur að einhverju leyti undir skoðunina um 1/3 og taldi 15% vera of hátt og vildi hafa málskotsréttinn áfram. Og ég þakka honum fyrir að hafa komið þeim sjónarmiðum á framfæri og bið hann um að leggja til við okkur annan þröskuld sem hann telur þá rétt, eins og alla aðra sem hafa hugmyndir að breytingum að greinum þeim sem við höfum lagt fyrir.

Ég og Andrés höfum nú talað dálítið um þetta í nefndinni og við höfum ekki verið sammála en eins og ítreka, þá ber ég auðvitað virðingu fyrir þessum skoðunum að vilja stíga skrefið til fulls en ég er fyrir mitt leyti ekki persónulega til í að gera það að svo stöddu og mér sýnist nefndin vilja gera þetta eins og komið er en þakka kærlega framkomnar tillögur og við tökum þær að sjálfsgöðu til umræðu þegar nefndin hittist næst.

Nú, Katrín spurði hvers vegna mannréttindi eru ekki undanskilin og ég get að mörgu leyti tekið undir þau sjónarmið. Svona miðað við það upplegg sem við höfum verið með varðandi annað, á er auðvitað til í myndinni að frumvörp sem fari yfir í þing þurfa auðvitað að samræmast stjórnarskrá. Og ef einhver hluti telur á einhverju tímabili að þau geri það ekki, þá getur hann bæði skotið því til Lögréttu og síðan til sérskipaðs Hæstaréttar, þannig að það ætti ekki að vera þannig að neitt af því sem færi í gegnum þingið væri að brjóta á mannréttindum. En ég er fullur skilnings á þessu sjónarmiðum og þetta er kannski það efni sem ég hef haft mestar áhyggjur af í tengslum við þjóðaratkvæði, þannig að við skulum sjá hvort það sé til eitthvað orðalag sem gæti hnykk á þessu, að það sé ekki þannig að réttindi minnihlutans hverju sinni hvíli einhvern veginn á vilja meirihlutans; það er kannski að mörgu leyti óheppilegt fyrirkomulag.

Katrín nefndi þessa málaflökka og það er auðvitað þannig að að mörgu leyti má taka undir það, að af hverju eiga skattamálefni að vera undanskilin því að fara yfir þjóðaratkvæða, ef við leyfum það á annað borð og þetta er auðvitað bara eins og kannski það, að sum málefni eru þess eðlis að menn hafa áhyggjur af þeim inn í þjóðaratkvæði og þá, á meðan við erum að fikra okkur í þá átt, þá eru kannski sumir rórri með að hafa slíkar undantekningar þarna inni. Og ég er nú alveg einn þeirra. En við skulum bara skoða þetta betur þegar nefndin tekur þetta aftur fyrir á fundi sínum á þriðjudag. Annars þakka ég öllum kærlega fyrir góða umræðu og óska ykkur góðrar helgar.

AM
Má ég koma með dagskráartillögu?

SN
Gjörðu svo vel.

AM
Nú eru þetta bara tvær greinar og alla þeir sem hafa sett sig vel inn í þetta eru mishrífir af þeim. Hvort við gætum greitt atkvæði um þær í sitt hvoru lagi?

SN
Já, sko, þær eru nú bara lagðar fram til kynningar hér og umræðu um þær er lokið og ég þakka ykkur öllum fyrir mjög góðar umræður og nefndinni fyrir tillögurnar og formanni fyrir kynningu. Þá er komið að lokum þessa fundar. Það hafa tvær breytingartillögur komið fram. Það er annars vegar breytingartillaga við ákvæði 1. mgr. 1. gr. í tillögu C-nefndar um fyrirkomulag kosninga til Alþingis og flutningsmaður þar er Þorkell Helgason. Og síðan breytingartillaga við ákvæði 4. mgr. 1. gr. tillögu C-nefndar um fyrirkomulag kosninga til Alþingis, semsagt sömu tillögurnar, og flutningsmenn þar eru Andrés Magnúss, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Silja Bára Ómarsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson og reyndar sú sem hérna hér talar en kemur nú reyndar ekki fram á tillögunni.

En 12. ráðsfundi er þá slitið. Næsti ráðsfundur er fimmtudaginn 16. júní kl. 10 og ég óska ykkur góðrar helgar og þakka kærlega fyrir fundinn. Takk fyrir.

13. ráðsfundur 16.06. 2011.

16.06.2011 10:00

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar
2. Skýrsla og tillögur B-nefndar
 - Sveitarfélög, tillögur um nýjan texta í áfangaskjal lagðar fram til kynningar
 - Umboðsmaður, tillögur um nýjan texta í áfangaskjal lagðar fram til kynningar
3. Skýrsla og tillögur C-nefndar
 - Utanríkismál, tillögur sem kynntar voru á 11. ráðsfundi lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal
 - Lýðræðisleg þátttaka almennings, tillögur sem kynntar voru á 12. ráðsfundi lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal. Einnig lögð fram til kynningar tillaga um nýjan texta í sama kafla.
4. Skýrsla A-nefndar

13. ráðsfundur - haldinn 16. júní 2011, kl. 10.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu-pósti miðvikudaginn 15. júní 2011 og dagskrá var í samræmi við fundarboð.

Umræður á 13. ráðsfundi

SN
Góðan daginn. 13. fundur Stjórnlagaráðs er settur, og enginn hefur boðað forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

Og fundargerð síðasta fundar hefur legið frammi án athugasemda þannig að hún skoðast samþykkt.

2. Skýrsla og tillögur B-nefndar

Já, nú síðan er liður 2, það er skýrsla nefndar B og byrjum á sveitarfélögunum. Er Katrín hérna? ... Þannig að, get ég beðið varaformann

um að koma og fylgja eftir tillögum B-nefndar um sveitarfélög. Gjörðu svo vel.

VB

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég ætla þá að vinna mér í að kynna héra skýrslu og tillögur B-nefndar, já þarna kemur formaðurinn. Við höfum verið að ræða undanfarið málefni sveitarfélaga og málefni umboðsmanns Alþingis ásamt fleiri málum í nefndinni. En við erum hér tilbúin með tillögur okkar að kafla um sveitarfélög til kynningar og eina grein um umboðsmann ja, Alþingis eða almennings eins og hann mun hugsanlega heita. Og ég ætla að gera stutta grein fyrir þessu. Þið hafið tillögurnar á borðum ykkar og þær eru á vef Stjórnlagaráðs, fyrir þá sem að horfa á þetta.

Nú, núverandi stjórnarskrá hefur aðeins eina grein um sveitarfélög og við erum hinsvegar að leggja til hér 4 greinar um það efni. Og gerum þá þar af leiðandi þennan stutta, ja búum þá til í raun og veru stuttan kafla um þetta málefni sem er auðvitað mikilvægt.

Nú, þá byrjum við á 1. grein. Það er, sem heitir Sjálfstjórn sveitarfélaga og hún er byggð á núverandi stjórnarskrárgrein sem er svona: Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. Nú, stjórnlaganefnd gerir ekki tillögu um breytingu á þessum texta stjórnarskrárinnar. Við hins vegar gerum þarna tillögur um orðalagsbreytingar og nýja málsgrein, þannig að okkar tillaga er: Sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Sveitarfélög skulu hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum. Og þetta er nýmæli. Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.

Þannig að 1. mgr. er einungis orðalags, eða lítil orðalagsbreyting frá núverandi stjórnarskrá. Í staðinn fyrir skulu sjálf ráða, þá segjum við ráða sjálf.

2. mgr. hins vegar er ný: Sveitarfélög skulu hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum. Þarna teljum við að það sé, ja við viljum efla réttarstöðu sveitarfélaga gagnvart því að þeim verkefnum sem að þau, eða þeim eru falin með lögum, að þeim fylgi nægilegar tekjur en jafnframt að sveitarfélögin sjálf hafi nægilega burði til þess að sinna þessum verkefnum. Og þá er átt við í stærð eða skipulagi eða ferlum og öðru slíku, en þetta þarf vitaskuld að útfæra nánar í lögum. En hugmyndin er sem sagt að hnika þarna örlítið í, ja má segja jafnfræðisátt milli ríkis og sveitarfélaga.

Nú, við ræddum í nefndinni hvort að ætti að mæla fyrir um einhvers konar tiltekna skiptingu tekjustofna milli ríkis og sveitarfélaga, en það var ekki meirihluti fyrir þeirri tillögu og þeir fulltrúar frá Samtökum íslenskra sveitarfélaga sem töluðu við nefndarmenn, settu ekki þá kröfu beinlínis á oddinn. Nú, þá er hér 2. grein sem við leggjum til og hún er ný. Það er ekkert slíkt ákvæði í stjórnarskránni í dag. Það er það sem við köllum nálægðarreglu. Og henni ætlað að skýra eilítið betur, hvers konar verkefni það eru sem að eðlilegt sé að sveitarfélög hafi með höndum gangvart aftur á

móti þá ríki. Og þá leggjum við til hér grein sem að er svona: Á hend sveitarfélaga eru þeir þættir opinberrar þjónustu sem best þykir fyrir komið í héraði svo sem nánar skal kveðið á um í lögum. Þessi nálægðarregla er það sem að heitir t.d. á ensku „subsidiarity principle“ og það er vísað í hana í ýmsum öðrum stjórnarskrám, það er m.a. í sænsku stjórnarskránni, er hún gefin í skyn. Þ.e.a.s. að þetta er svona leiðbeiningarregla, að allajafna séu þeim verkefnum sem að best sé fyrir komið í héraði að þeim sé sinnt þar. En að sjálfsgöðu er þetta síðan alltaf sammingsatriði á endanum, milli ríkis og sveitarfélaga. En hugmyndin er sú að þarna gefum við allavega upp boltann með það að þetta verði svo nánar skilgreint í heildarlöggjöf um sveitarfélög, en prinsippið sé lagt niður í stjórnarskrá.

Nú þá er hér 3. grein sem heitir Kosning sveitarstjórna og íbúalýðræði. Um þetta er ekki ákvæði í núverandi stjórnarskrá. Hins vegar leggur stjórnlaganefnd þarna til nýjan texta og við tókum hann að mestu leyti upp og gerum að okkar tillögu með smá viðbót. Og tillaga okkar er þá svona: Sveitarfélögum er stjórnað af sveitarstjórnum sem starfa í umboði íbúa og eru kjörnar í almennum leynilegum kosningum. Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni þess skal skipað með lögum. Og í fyrri mgr. þar er einfaldlega kveðið á um það að það eigi að vera sveitarstjórnir í sveitarfélögum sem að er ekki beinlínis sagt í núverandi stjórnarskrá. Og við bætum því við tillögu stjórnlaganefndar að taka það fram að þær starfi í umboði íbúa, og það er í línu við það sem við gerum varðandi Alþingi, að taka það fram að það starfi í umboði þjóðarinnar. Og við tiltökum það í stjórnarskránni að sveitarstjórnir skuli kjörnar í almennum leynilegum kosningum, sem er auðvitað ákveðin lágmarksklássúla að hafa. Og svo er þarna einnig nýjung, að það er gert ráð fyrir íbúalýðræði í sveitarfélögum og sagt að það skuli ákveðið í lögum um rétt íbúa til að óska eftir atkvæðagreiðslu um mál-efni sveitarfélaga.

Nú síðan bara til fróðleiks að þá, sem sagt, er það þannig að lög um alþingiskosningar eru talin gilda um kosningar almennt, og þá líka þar sem að sérlögum um kosningar til sveitarstjórna sleppir. Og það er þá hugmyndin að þær breytingar sem yrðu hugsanlega gerðar á lögum um alþingiskosningar varðandi t.d. aukið persónukjör, að slíkar breytingar gætu þá, að breyttu breytanda, haft áhrif á kosningar til sveitarstjórna líka. Og sama gildir um atkvæðagreiðslur í sveitarstjórnum. Ef sett verða lög um þau, að þá teljum við eðlilegt að það sé höfð hliðsjón af ákvæðum stjórnarskránnar um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslna um lög frá Alþingi, sem að er nokkuð sem við erum að ræða m.a. í dag. Síðan er hér 4. greinin frá okkur og sú síðasta um sveitarfélög. Og það er grein sem við köllum Samráðs- skyldu. Og það er ekkert ákvæði í núverandi stjórnarskrá um þetta. En greinin hljóðar svo: Samráð skal haft við sveitarstjórnir og samtök þeirra við undirbúning lagasetningar sem varðar málefni sveitarfélaga. Og þetta er að hluta til að sænskri fyrirmynd en í sænsku stjórnarskránni er nokkuð almenn samráðsregla, sem kveður líka sérstaklega á um skyldu til samráðs við sveitarstjórnir, þegar ríkisstjórn undirbýr lagasetningu. Og við teljum að það sé eðlilegt að tryggja sveitarfélögum þann rétt að þau hafi aðkomu að því þegar að verið er að ráða þeirra málum, með lagasetningu, og

að það sé svona hluti af sjálfstæði sveitarfélagana, að fá að hafa nokkurn hlut þar að máli. Og viljum tryggja það með þessari grein. Nú, ...

SN

Við ætluðum að taka svo Umboðsmanninn sérstaklega, sko.

VÞ

Já. Þá held ég að þessu sé þá lokið um sveitarfélögin, þessum fjórum greinum og vonast eftir góðri umræðu um þetta. Takk fyrir.

SN

Þakka varaformanni B-nefndar, Vilhjálmi Þorsteinsyni fyrir kynninguna og orðið er laust um tillögur B-nefndar um sveitarstjórnir. Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Takk. Já, kæru vinir. Til hamingju með þetta. Gott að það sé verið að gera betur grein fyrir stöðu sveitarfélaganna okkar í stjórnarskránni. Það er örugglega þarft að svo skuli gert. Ég er með örfáar athugasemdir. Í fyrsta lagi í sambandi við nálægðaregluna, sem mér finnst vera mjög fallegt prinsíp, þá bendi ég á að það væri kannski sterkara að segja, skulu vera heldur en eru, af því að annars finnst mér þetta vera lýsing á einhverju svona, ástandi, og það sé bara alltaf rétt. „Já, nú eru þeir þá bara sem eiga að vera þarna“, en ef að það segir skulu vera, þá myndast miklu beinni skylda, og þið notið hvort sem er skulu í 4. grein. Þar stendur, samráð skal haft. Þannig að mér finnst eins og þið séuð að leggja til eitthvað vægari skyldu þarna í nálægðarreglunni. En ef við ætlum á annað borð að hafa hana, þá eigum við að fara alla leið held ég, og segja bara að það skuli vera svo.

Svo finnst mér einkennilegt orðalagið hérna í 2. mgr. 3. gr., þar sem stendur: Rétti íbúa sveitarfélaga til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni þess skal skipað með lögum. Ég veit ekki alveg með að skipa rétt með lögum. Ég myndi frekar segja: skal tryggður með lögum, rétturinn, eða eitthvað slíkt. Og svo að lokum, vil ég spyrja bara í sambandi við þessa nálægðarreglu, sem mér finnst hljóma mjög vel og vera falleg, þá samt hef ég þínu áhyggjur þegar það kemur að stórum náttúrusvæðum, sem að allt landið og jafnvel allur heimurinn hefur hagsmuni af að vernda og virða. Þá mundi ég vona að þessi nálægðarregla mundi ekki fela einhverjum örfáum manneskjum í sveitarstjórn forræði yfir slíkum svæðum. Og ég mundi ekki, ég mundi vona að þetta væri ekki tilraun til að auka enn frekar á þá þróun, sem er ekki heppileg fyrir Ísland, né heiminn út frá náttúruvernd. Takk

SN

Guðmundur Gunnarsson. Gjörðu svo vel.

GG

Nú, að marggefnu tilefni að þá ætla ég nú að byrja á því að taka það fram að ég hef ekkert á móti sveitarfélögum. Nú það virðist vera orðin viðtekin venja hérna að gera fólki upp skoðanir. En ég ætla samt að svona forvitnast aðeins um það, hérna, með hvað er átt við þarna í miðmálgreininni í 1. grein. Nú er það þekkt

í íslensku samfélagi að sveitarfélögin eru mörg hver í umtalsverðum vandræðum, og það er [ógreinilegt] því er haldið fram að það sé sakir þess að stjórnir, sveitarstjórnir hafi farið fram úr sér, hvað varðar fjárfestingar og langt fram yfir það sem að fyrirfram var vitað að þau myndu ráða við. Þetta orðalag sem er þarna í þessari miðmálgrein er eiginlega ekki hægt að túlka öðruvísi heldur en það, að sveitarstjórnirnar geti í raun og veru hagað sér eins og þeim sýnist, og svo fara þær einfaldlega bara í fjárkröfumál gagnvart ríkissjóði. Það ættu svona flestir gera sér grein fyrir því að það náttúrlega er ákaflega dýrt að reka fámennt sveitarfélag, samanborið við fjölmennit sveitarfélag. Þá á ég við til þess að uppfylla ákveðnar kröfur í sambandi við grunnskóla og leikskóla o.fl., og margt annað sem að í sjálfu sér er sko virkilega þarft mál, að það sé gert. Og ég ætla að taka það fram enn einu sinni að ég er ekki á móti sko elliheimilum eða leikskólum eða grunnskólum, þó að ég spurjist fyrir um þetta. En hvernig sjá nefndarmenn þetta fyrir sér, að þetta mál endi, með þessari málgrein?

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Formaður, gott ráðsfolk. Já ég þakka fyrir greinargott yfirlit og ágæta vinnu nefndarinnar í sambandi við skipulagsmálin. Tek undir það sem, og ætla aðeins að halda áfram með það sem Katrín Oddsdóttir sagði, að þó að það sé mjög brýnt fyrir byggð í landinu fjárstjórnarvald og sjálfræði sveitarfélaga sé eflit og þau eflid sem mest má verða, þá verður að gæta vel að. Stjórnlagaráði er mjög þröngur stakkur skorinn í sambandi við tíma sem við höfum til að klára stjórnarskrá. Og það hefði verið gott ef það hefðu t.d. gefist, eins og tvö ár, eins og sumar aðrar þjóðir fá, til þess að fara í skipulagsmálin, vegna þess að þau geta verið svo stór, að þau eigi heima í stjórnarskrá. Þau eru gríðarlega ... sum svið sveitarstjórnarmála eru einfaldlega þannig, að þau snerta ekki bara Íslendinga alla heldur heimbyggðina alla eins og Katrín kom inn á. En við höfum bara ekki tíma til þess arna, og erfitt að fara í aðrar stjórnarskrár til þess að sjá, hvernig ætti að gera þetta. Þannig að ég legg þetta alls ekki til.

Mun hins vegar kannski bara fá bókun um það, að þetta væri æskilegt, og þá á ég ekki bara við náttúruverðmæti og slíkt, heldur ekki síður skipulagsmál gagnvart samgöngum, þar sem við erum með samgöngumannvirkju bæði á landi og fyrir loftflutninga, sem að varða alla þjóðina, en hægt er að halda í gíslingu eða ráðstafa af mjög fáum persónum á svæðinu. Þar þarf að sjálfsögðu að líta til þess að þeir sem á svæðinu eru, sem hafa umráð yfir svona mikilvægum samgöngumannvirkjum, hvort sem það eru flugvellir eða vegir, að það sé sanngjarnlega að því staðið gagnvart þeim, hvernig þessum samgöngumannvirkjum er háttað. Og við höfum fordæmi fyrir því, eins og t.d. þegar að brúin var færð yfir Ytri-Rangá á Hellu, að þá var heimamönnum hjálpað til þess að laga byggðina að því og setja upp ný þjónustufyrirtæki, og bæta þeim þann skaða sem þeir urðu fyrir. En, þetta getum við ekki gert. Það mætti kannski setja smá bókun eða ég mun kannski áskilja mér rétt til þess að setja smá bókun um það, að ég teldi mjög brýnt að í löggjöf um

þetta, þetta fer bara eftir því sem segir í lögum, þessi stutta setning hérna, getur verið gríðarstór og við verðum að treysta kjörnum fulltrúum á nýju Alþingi, með persónukosningum, til þess að ganga frá þessu svo að vel sé fyrir framtíðina, því að núverandi ástand gengur hreinlega ekki að mínum dómi. Takk.

SN

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já. Takk, kæru vinir, takk fyrir tillögurnar. Ég er líkt og Guðmundur, dálítið hugsi yfir 2. mgr. 1. gr. sem hljóðar svo: Sveitarfélög skulu hafa nægilega burði og tekjur til að sinna sínum lögbundnu verkefnum.

Við höfum öll heyrt fullyrðingar um að þetta og hitt verkefni fór til sveitarfélaga án þess að tekjur hafi fylgt, og það má velta fyrir sér hvort þær fullyrðingar séu sko, virkilega eitthvað sem á við rök að styðjast eða hvort að oft sé um að ræða ákveðna svona, innlegg inn í pólitíska umræðu. Og ég hef kannski áhyggjur af því sem er svona heildarþema í ýmsu því sem ég hef áhyggjur af varðandi þessa vinnu okkar hér, að kannski sumir líta á stjórnarskrá meira sem markamíðssetningu frekar en lagasetningu. Og þetta er grein sem að mínu viti er nokkuð skýr og hún auðvitað skyldar þá væntanlega ríkið til þess að tryggja sveitarfélögunum nægilega burði og tekjur, til að sinna því sem lögbundin hlutverk eru. En í reynd þá erum við hugsanlega að færa einhver ákveðin svið pólitíkur inn í hugsanlega dómsal. Að þá séu sveitarfélög að lögsækja ríkið fyrir það að hafa ekki einhvern veginn tryggt að þau geti rekið sig nægilega vel. Og ég er að velta fyrir mér hvort það sé heppilegt fyrirkomulag. Hvort þetta sé ekki einfaldlega viðfangsefni sem pólitíkin á að leysa, en ekki dómsvaldið. Nú, af svipuðum meiði er athugasemd mín við 4. gr., sem nefndin leggur til: Samráð skal haft við sveitarstjórnir og samtök þeirra við undirbúning lagasetningar sem varða málefni sveitarfélaga. Ég meina, er einhver á móti þessu, í reynd? En spurningin er ekki hvort einhver sé með eða á móti heldur hvort þetta eigi heima í stjórnarskrá. Og það er auðvitað mjög margt annað samráð, sem sko, samráð við flesta aðila sem varðar lagasetningu sem varðar hag eða á auðvitað heima, sem sagt, á auðvitað að fara fram, en af hverju þetta tiltekna samráð sé tíundað ... ég svona velti því fyrir mér. Takk fyrir.

SN

Porkell Helgason. Gjörðu svo vel.

ÞH

Já, formaður og góðir félagar. Ég vil bara taka undir hvert orð sem bæði Guðmundur og Pawel segja um þessi sveitarstjórnarmál. Ég hef áhyggjur eins og ég reifaði reyndar á sameiginlegum fundi, eða opnum fundi B-nefndar í gær, ég hef áhyggjur af þessari miðjumálsgrein í 1. greininni. Og mér fannst Pawel koma mjög vel orðum að þessu núna síðast. Þannig að ég ætla ekki að orðlengja það. Og eins reyndar varðandi 4. greinina, en ég ætlaði kannski aðallega að taka til máls vegna 3. greinarinnar, 1. mgr. 3. gr., þar sem segir að sveitarstjórnir skulu kjörnar í almennum leynilegum kosningum. Það er að vísu reifað í greinargerðinni að það eigi að taka mið af lögum um alþingis-

kosningar, en mér finnst það þyrfti nú að hnykkja á því, af því að svo hefur ekki verið alltaf í reynd. Og ég tel brýnt að það sé bara negl niður einhvern veginn í stjórnarskrá. Kann ekki að koma orðum að því núna en bið nefndina að íhuga þetta. Takk fyrir.

SN

Íris Lind Sæmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Já, takk fyrir, takk fyrir kynninguna Vilhjálmur. Ég ætlaði bara aðeins að taka undir með Katrínu varðandi nálægðarregluna. Ég held að hana megi skýra aðeins betur og gera hana aðeins skarpari, þannig að það sé skýrt á hverjum skyldan liggur og hvernig hún skuli tryggð, um það að ákvarðanataka skuli fara fram sem næst þeim sem hún snertir.

Sko, varðandi 3. greinina, Íbúalýðræði, í 2. mgr., sko ég er svolítið á þeirri línu sem Pawel er á sko, að þurfum við að tilgreina eitthvað sem að hefur verið almennt sjálfsagður hlutur í framkvæmd. Nú er að finna sambærilegt ákvæði í sveitarstjórnarlögum og það hefur verið þar um eitthvert áraskeið, það eru lög frá 1998 og þar áður var það ákvæði sem tryggði ákveðna skyldu sveitarfélaga til að bregðast við kröfu ¼ hluta íbúa til að kalla til atkvæðagreiðslu um ákveðin málefni sem varða sveitarfélög. Og þetta má sjá í samþykktum sveitarstjórna og t.a.m. samþykkt Reykjavíkurborgar, ég man nú ekki númer hvað ákvæðið er í samþykkt Reykjavíkurborgar.

En þetta er skýr réttur, sem að hefur alls ekki verið held ég óumdeildur, af hálfu löggjafans. Og ég svona velti því fyrir mér, hvort við þurfum þá að vera að nefna það. Og ég er sama sinnis með 4. greinina. Sko, þurfum við að vera að tilgreina svona óumdeilda hluti sem kannski hefur almennt ekki verið deilt um og hefur verið litið á sem sjálfsagðan hlut í framkvæmd. Takk.

SN

Ari Teitsson. Gjörðu svo vel.

AT

Já, ég vil nú byrja á því að þakka nefndinni fyrir tillögurnar. Síðan að taka undir með Katrínu Oddsdóttur um nálægðarregluna, bæði það að fagna því að hún er komin inn í stjórnarskrá, eða á leiðinni inn í stjórnarskrá, og ég held það sé rétt ábending hjá henni að breyta þarana smávegis orðalagi til að styrkja greinina. En það sem mig langar aðallega að gera umræðuefni er miðkaflinn í 1. greininni sem hér er lögð fram, þ.e.a.s. um sjálfstjórn sveitarfélaga og lesa greinina í heild. Þar stendur: Sveitarfélög skulu hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum. Þarna stendur sem sagt, að það sé verið að leggja með lögum, verkefni í hendur sveitarfélaga. Og það vitum við öll að er hárrétt. Og þannig auðvitað verður það að vera. En þetta ákvæði á að tryggja það að löggjafinn geti ekki hrúgað verkefnum á sveitarfélögin án þess að þeim séu tryggðar tekjur. Og mér finnst að þetta sé mikið réttlætismál og það sé ekki hægt að ætlast til þess sveitarfélögin taki við hinum og þessum verkefnum, sem að sett eru á þau með lögum, ef að ekki fylgja tekjur með. Þannig að ég lít svo á að þetta sé eðlilegt, sjálfsagt og þarft ákvæði og við ættum að hafa það inn. Takk.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, takk og ég tek undir þakkar til B-nefndar fyrir að mörgu leyti þrýðilegar tillögur. Ég svona, tek undir þessar vangaveltur ýmissa um þetta með að sveitarfélög skuli hafa nægilega burði og tekjur. En kannski með 1. greinina, þá er hérna í skýringum nefnt að umræður hafi farið fram í nefndinni um að hafa sem hluta af þessari grein að ríki og sveitarfélög fari í sameiningu með fjárstjórn hins opinbera, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum. Og ég myndi nú vilja kannski heyra aðeins meira um það af hverju þetta er ekki inni, mér svona, mér finnst allaveganna á yfirborðinu áhugavert og rétt að skoða það að sveitarfélög, að sem sagt, réttur þeirra til þess að fara með fjárstjórn, sé skilgreindur hérna. Þá vil ég taka undir ánægjuraddir sem hafa heyrst með að nálægðareglan sé sett inn. Og ég svona, er höll undir þá skoðun að því nær ákvörðun sem að valdið er, sem að tekur hana, að þeim mun betri geti þær orðið. En það er eiginlega 3. greinin, sem ég svona, vildi aðeins spyrja um. Og ég fagna því mjög að það sé komin inn tillaga að ákvæði um rétt íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu. En ég myndi vilja sjá þetta orðalag kannski ívið sterkara, vegna þess að maður svona horfir á þetta og segir rétt íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni þess, skal skipa með lögum, væri þá hægt að segja í lögum að íbúar sveitarfélags hafi ekki rétt til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu. Það er lagagrein um réttinn, þannig að ég myndi vilja segja að íbúar sveitarfélags hafa rétt til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu. Um þann rétt skal nánar skipað í lögum. Eitthvað í þá áttina. Og ég er fús til þess að koma með skriflega tillögu ef þess er þörf. En, sem sagt, þetta er svona aðal málið. Ég myndi vilja hafa réttinn skýrt orðaðan, þarna. Um kjörgengi og kosningarétt síðan segir í skýringum að verði sérstaklega kveðið á í almennum lögum, og þá velti ég fyrir mér hvort að ekki er rétt að hafa einfaldlega eina grein um kjörgengi og kosningarétt. Á erfitt með að sjá fyrir mér að það yrði öðruvísi í sveitarstjórnarkosningum heldur en í þingkosningum t.d. Og hvort að nefndir B og C þyrftu kannski bara að vera með sameiginlega tillögu um eitt ákvæði um þetta. En þetta er, eins og ég segi, það er aðallega þetta að skýra réttinn, að setja hann óskorðaðan í 3. greinina, sem ég myndi vilja sjá. Annars þakka ég bara fyrir almennt fínar tillögur. Takk fyrir.

SN

Gísli Tryggvason. Þú ert næstur á mælendaskrá.

GT

Já formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Takk fyrir góðar ábendingar til okkar í B-nefnd. Mig langar að svara nokkrum atriðum.

Í fyrsta lagi held ég að það sé mikilvægt að muna að það er að samskipti fyrirmynd sem við tökum fleiri ákvæði í stjórnaskrána um sveitarfélög, til þess að signalisera strax í upphafi að sveitarfélög eru einn hornsteinn lífðræðis á Íslandi, á að vera svo, að mínu mati. Og eins og kemur fram í greinum, eða fræðilegri umfjöllun í skýrslum stjórnlaganefndar, að þá eru núverandi ákvæði í stjórnarskránni haldlítill og loðin.

Þessu viljum við breyta. Þetta er eins og úr öðrum nefndum, málamiðlun. Ég hefði viljað ganga heldur lengra í að tryggja hagsmuni héraða eða sveitarfélaga, eins og fram kom í stefnuræðu minni hérna fyrir nokkrum vikum, og mörgum fundum ráðs og nefnda.

En ég held að þetta sé ágætis málamiðlun og varðandi 2. mgr., 1. ákvæðis, þá verða menn að leysa þetta, eins og Ari benti á, að þarna er aðeins talað um lögbundin verkefni. Ég hefði viljað ganga heldur lengra og segja verkefnum sínum, þannig að þau hefðu meiri sjálfstjórn, en niðurstaðan varð að setja ekki skyldu á þá sem stjórna fjárhag hins opinbera, að tryggja sveitarfélögum meira en til þess að sinna lögbundnum verkefnum. Og ef að vel er skoðað þá held ég að þau sveitarfélög, t.d. á höfuðborgarsvæðinu og í nálægð við það, sem eru í hvað mestum fjárhagsvanda, þau eru það kannski ekki út af lögbundnum verkefnum, heldur öðrum verkefnum, eins og sundlaugum sem ekki eru lögbundin verkefni að ég held, þó mikilvæg séu. Eða önnur, jafnvel gæluverkefni.

Burðir vísar til, í þessu ákvæði, sveitarfélög skulu hafa nægilega burði og tekjur, vísar líka til ákveðinnar skyldu. Þarna er gefið í skyn að löggjafinn geti jafnvel sett einhver stærðarmörk til þess að sinna sveitarfélög geti verið burðug til þess að sinna verkefnum. Þau geti ekki bara krafist fjár.

En varðandi spurningu Pawels og ábendingar annarra, um að sko, það eigi ekki að reka pólitík í dómsölum, þá er það vissulega mín meining að það eigi að vera mögulegt fyrir sveitarfélög að fara með slíkt mál fyrir dómstóla og þá helst stjórnlagadómstól eða Hæstarétt þegar hann er í því hlutverki. En best er auðvitað að tryggja að jafnræði aðila, sveitarfélaga og miðstjórnarvaldsins, sé tryggt þannig að það sé hægt að leysa það við samningaborðið. En ef það er ekki nein afleiðing af því að virða ekki réttlæti eða réttindi, þá verður auðvitað að vera hægt að fara með það mál lengra. Eins og við höfum stundum rætt í nefndum að Öryrkjamálið er dæmi um, að þar var stjórnarskrár-ákvæði fyrir rúmum 10 árum veitt inntak í Hæstarétti, þó það væri ekkert mjög ákveðið, þá gátu öryrkjar sótt rétt sinn í hendur ríkisvaldsins, með aðstoð laganna og dómstóla.

Nú varðandi nálægðarregluna, þá eru hér ábendingar bæði um orðalag og hvort það gengi of langt. Það er að vísu ekkert búið að ákveða það, held ég, að í stjórnskrá verði fyrirsagnir, eins og þarna er, nálægðarregla. En við höfum því miður ekki fundið betri þýðingu á þessari reglu, „subsidiarity principle“. En okkar þýðing, Íslendinga, á þessu prinsippi er kannski svolítið villandi, þ.e.a.s. þetta gefur til kynna að öll mál eigi að vera sem næst fólkinu eða á neðsta stigi. En það er ekki alveg rétt, málin eiga að vera til umfjöllunar á því stigi þar sem best á við, t.d. svokölluð nærþjónusta sem er hugtak, sem við kannski notum ekki í stjórnskrá, en margir skilja. Að það er eitthvað sem á heima nærri borgurunum, en þau mál sem að Kata nefndi og fleiri, umhverfismál og skipulagsmál, eins og Ómar nefndi, þau eru kannski þess eðlis að þau eiga ekkert endilega heima næst borgurum. Umhverfismál eiga kannski mjög vel heima þvert á ríki eins og Evrópusambandið hefur góða reynslu af. Þannig að ef við förum að umorða þessa reglu vegna svona, orðalagsábendinga, þá held ég að væri líka gott að huga að því að nálægðarreglan er í rauninni ekki bara nálægðarregla, heldur

regla um að málum sé sinnt þar sem best á við. Umhverfismál og skipulagsmál eru dæmi um mál sem að ekki eiga endilega að vera í litlum hreppum. Allavega telja það margir.

Á móti kemur að þó að menn gagnrýni sveitarfélög fyrir fjárstjórn og skipulagsmál, að þá held ég að það sé rétt ábending frá fulltrúum sveitarfélaganna, sem við hittum hérna á óformlegum fundi nýlega, að ríkið er ekki alltaf með fullkomna stjórn í fjárstjórn eða skipulagsmálum. Nú varðandi samráðsákvæðið sem að Íris og Pawel nefndu, að ég held, að þá hef ég nú langa reynslu af því að samráð er ekkert virkt. Það er oft bara í orði en ekki á borði. En það er ekki virkt alvöru samráð, og ekki alltaf jafnræði í því. Ef að völdin eru bara á einum stað og engin úrræði eru til þess að leita réttar síns að þá er þetta stundum bara til sýnis, og stundum varla, ekki einu sinni það. Þannig að ég held það sé mjög mikilvægt að það sé skylduákvæði um samráð við sveitarfélög, og þegar við sömdum þetta ákvæði, þá vorum við með fleiri aðila, eins og hagsmunaaðila og hagsjónasamtök inni, en það færast væntanlega bara inn í ríkisstjórnar- eða löggjafarkaflann. Þannig að það má ekki gleymast. Nú varðandi ábendingu Silju Báru um kosningaákvæði, þá held ég það sé nú ágætis ábending til okkar, og þá ekki síður C-nefndar, að hafa bara almennt ákvæði um kosningarétt og kjörgengi. Þeir eru sérfræðingar í því í C-nefndinni, eða þau. Já, ég bara þakka fyrir góðar ábendingar og hlakka til að heyra meira.

SN

Þorkell Helgason. Gjörðu svo vel.

ÞH

Já góðir félagar aftur. Ég vil gauka því að þeim sem að eru fylgjandi miðmálgreininni í 1. greininni, um að sveitarfélög skuli hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögboðnum verkefnum, hvað myndu menn segja ef í stjórnarskrá væri ákvæði sem að hljómaði nákvæmlega eins, nema það stæði ekki sveitarfélög, heldur stofnanir hins opinberra, skulu hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögboðnum verkefnum. Þá er ég hræddur um að væri lítið eftir af fjárstjórnarvaldi Alþingis. Takk fyrir.

SN

Guðmundur Gunnarsson. Gjörðu svo vel.

GG

Ráðsfélagar og þið sem til okkar heyra. Í sjálfu sér sko, hef ég ekkert á móti því að sveitarfélög þrífist sem best og við þekkjum það mjög vel að þegar að talað er um að sameina sveitarfélög eða grípa til einhverra aðgerða til þess að þau geti sinnt þessum verkefnum sem að íbúar viðkomandi sveitarfélags vilja að séu í nálægð við þá, að þá hefur það oft komið upp sú staða að það er ekki hægt að veita þá þjónustu nema þá með mjög miklum tilkostnaði. Og þá hafa sveitarfélögin, sem sagt, gripið til ýmis konar ráða til þess að reyna að bæta úr. Það er það sem ég var að benda á. Nú, sveitarfélögin eru náttúrlega hornsteinn lífþráðis og það eru jú óskir allra sem að búa á einhverjum ákveðnum stað að fá að búa þar áfram ... en ég get ekki sko séð annað heldur en þessi málgrein, þessi miðmálgrein, hún muni leiða til þess að ríkisvaldið og þá ætla ég bara svona

að nota einfalt orðalag, muni beita sveitarfélögin enn meira ofbeldi í sameiningu, þ.e.a.s. að ef að þessi málgrein færi fram þarna, eins og hún er, að þá kallar það óhjákvæmilega á það, að ríkisvaldið muni ganga enn lengra og enn harkalegra fram í því að sameina sveitarfélög. Ég þarf ekkert að rifja upp ræður og ummæli í þá veruna, og óskir og svo aftur viðbrögð íbúa viðkomandi sveitarfélags. Það er enginn sem mótmælir því að það eigi, sem sagt, ef að löggjafinn eða Alþingi ákveður það að flytja verkefni, til sveitarfélaga frá ríki, að því eigi að fylgja tekjur. Það er enginn sem er að mótmæla því. Og það er enginn sem er að mótmæla því að íbúar í 100 manna sveitarfélaga eða 50 manna sveitarfélagi eigi að hafa einhver ákveðin réttindi. En við verðum að horfast í augu við þá staðreynd, eins og Þorkell er t.d. að benda á og Pawel gerði líka, að við erum 300.000 manns sem búum á stóru landi, og ef við ætlum að fara að bera okkur saman við t.d. eins og sænskt samfélag, sem er bara allt öðruvísi samfélag, hvað þetta varðar, að þá er ansi hætt við því að það geti ekki þá leitt til annars heldur en það að það þurfi þá að hækka skatta og skera eitthvað þá annað niður. Þetta eru bara harðar staðreyndir sem að blasa við. Og ég ætla að þá að ítreka það enn einu sinni, ég er ekki að segja það að ég vilji ekki að það séu leikskólar og aðstoð við öryrkja og elliheimili í hverju einasta sveitarfélagi á Íslandi.

SN

Dögg Harðardóttir. Gjörðu svo vel.

DH

Formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég ætla að taka undir með báðum sessunautum mínum, við erum þrjú hérna í röð alveg sammála. Þessi miðmálgrein, ég er alveg sammála því, að sjálfsögðu þurfa sveitarfélögin að hafa nægilega burði til þess að sinna verkefnum sínum, en ég spyr, í fyrsta lagi, hvað eru nægilegir burðir og hver ætlar að ákveða það? Mér dettur í hug þegar málefni fatlaðra voru flutt frá ríki yfir til sveitarfélaga, ef sveitarfélög eiga að hafa næga burði til þess að sinna þessum málaflokk, þá spyr ég, er það ríkið sem ætlar að ákveða hversu mikla peninga þarf í þennan málaflokk? Eiga sveitarfélögin að ákveða það eða eiga fatlaðir að ákveða það? Og þarna hleypur þetta á miklum, eða mörgum milljónum og þetta skiptir máli. Mér finnst, sko, ég er alveg sammála því, að sjálfsögðu eiga sveitarfélögin að hafa nægilega burði, og tekjur, til þess að sinna verkefnum sínum, en, ég spyr aftur, hver ætlar að ákveða það? Og ég ætla að taka líka undir spurninguna eða svona hugmyndina sem kom fram í gær, þegar við vorum ræða þetta, að þetta með mikilvægi þess að sveitarfélög megi ekki eyða um efni fram og koma jafnvel, að stjórnir þeirra getið komið sveitarfélaginu á hausinn ... það er frábært að vilja sinna öllum málaflokkum svo vel að allir séu ánægðir, en það náttúrlega bara gengur ekki upp, ef það eru ekki til peningar fyrir því. Þannig að þetta er það sem ég vildi sagt hafa. Þetta eru eiginlega þrjár spurningar, sem sagt, hver ákveður hvað eru nægilegir burðir? Eða það má segja þetta bara, já Er það ríkið, eru það sveitarfélögin sjálf eða eru það þeir sem málið varðar? Takk.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir.

SBÓ

Já, takk. Og afsakið að ég gleymdi nú bara að nefna, ég gúglaði þetta með nálægðarregluna, fletti því upp í þýðingarsafni utanríkisráðuneytisins, hugtakasafni þýðingarmiðstöðvar, og þar er nefnd „dreifræðisregla“, sem þýðing á þessu hugtaki. Og þetta kemur einnig fram sem „grenndarregla“ og nálægðarregla í öðrum textum. En við ættum kannski að taka mark á þessu opinbera batterí sem fer með þýðingu hugtaka. Þannig að þið bara skoðið það. Takk fyrir.

SN

Andrés Magnússon. Gjörðu svo vel.

AM

Kæri formaður og félagar. Mig langar að byrja á því að þakka nefndinni fyrir ágætar tillögur, og sérstaklega með að sé hægt að knýja fram atkvæðisgreiðslu um ýmis málefni. En mig langar að taka undir áhyggjur ýmissa hér, varðandi málgreinina um að sveitarfélög skuli hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum. Eins og ég nefndi í gær, á sameiginlega fundinum, að þá held ég að hvert einasta sveitarfélag í landinu, sé ekki að uppfylla ... ég held að, sem sé, ekkert sveitarfélag í landinu sem er að uppfylla lögbundnar skyldur sínar, alls staðar. Og kannski er þá gott að setja eitthvað svona í stjórnarskrána til þess að hnykkja á að séu ekki skrifuð lög, sem eru fagurgali, hástemmd, og ekki er hægt að standa undir. Og það gæti verið að ein afleiðingin verði ekki bara sú að það sé sameining sveitarfélaga, heldur líka sú að þurfi að endurskrifa lög, sem að hægt er standa við. En m.a.s. í Reykjavík eru sem sé, sem telst væntanlega vel stætt sveitarfélag, það er ekki hægt að sinna elliheimilum, ekki hægt að manna sérkennslu, barnaheimili o.s.frv. Þannig að ég myndi ráðleggja nefndarmönnum að bera þetta upp undir fólk í fjármálaráðuneytinu og líka við sveitarstjórnarmenn, og gá hvort þetta þýði það að nánast hvert einasta sveitarfélag í landinu, getur farið í mál við ríkið, bara fá úr því skorið. Takk, annars fyrir ágætar tillögur.

SN

Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Já, góðir félagar. Ég vil minna þá, sem að hafa efasemdir um þessi ákvæði, að hér er ekki verið að tala um að stækka kökuna, eða auka skatta. Það er bara verið að tala um að skipta henni jafnar, þ.e.a.s. ef að löggjafinn ákveður að einhverri þjónustu skuli sinnt, af sveitarfélögum, og að henni skuli sinnt upp að vissu marki, þá skal löggjafinn sem fer að óbreyttu með fjárstjórnarvaldið, tryggja nægilegar tekjur. Þannig að út af ábendingu Andrésar, þá þýðir þetta auðvitað að ef að settar eru óraunhæfar lagaskyldur á sveitarfélög, en ekki vilji eða peningar til þess að sinna, þá verður auðvitað að draga úr lagaskyldunum, og það er nú bara held ég gott að það sé samræmi milli laga og fjárlaga, sem að stundum skortir á. Nú, menn spyrja hvað þetta þýði, með burði og tekjur. Það er búið að nefna það, að burðir eru m.a. stærð, þannig að mér finnst það alls ekki neitt sjálfsgagt að 100 manna sveitarfélag eigi bara að fá tekjur til þess að sinna öllu sem þarf að sinna. Mér finnst í þessu felast ábending um að sveitarfélög

þurfi að vera af ákveðinni stærð til þess að vera, bara, hagkvæm eining og lýðræðisleg eining. Og það hefur gengið, að vísu, ágætlega að stækka og styrkja sveitarfélög en það mætti kannski ganga hraðar í því.

Nú það var uppi hugmynd sem að Silja Bára spurði um og las upp textann, að ríki og sveitarfélög fari í sameiningu með fjárstjórn hins opinbera, eftir því sem nánar er mælt fyrir í lögum. Þetta hefði verið ákveðið stefnumark, sem að vísu náðist ekki samstaða um. Ég gat ekki svarað því, þegar ég lagði til þennan texta, að sko, nákvæmlega hvað þetta þýddi, en þetta mundi þýða að menn þyrftu að setjast niður að samningaborði sem jafningar. Ein leiðin hefði hins vegar verið að ganga lengra og segja bara, tekjur hins opinbera skulu skiptast jafnt, 50/50 milli sveitarfélaga og ríkis, nema um annað sé samið. Báðar þessar tillögur eru til þess gerðar að jafna stöðuna, þannig að menn sitji sem jafningar við samningaborðið, og við þekkjum það, hvort sem það eru stéttarfélög, eða jafnvel þjóðkirkjan eða sveitarfélög, eða aðrir aðilar sem þurfa að semja við ríkisvaldið. Þeir eru yfirleitt veikari aðilinn. Og þeir hafa ekki eitthvert vopn á móti, hvort sem það er verfallsvopn eða möguleikinn til þess að beita þrýstingi eða fara í mál, að þá er þetta oft mjög ójöfn staða.

Nú hér hafa margir nefnt að það sé að sjálfsögðu enginn ágreiningur um, að það eigi að tryggja nægilegar tekjur, og það sé að sjálfsögðu enginn ágreiningur um að samráð skuli haft. Ég held að vísu að það sé oft ágreiningur um það, og allavega fylgja ekki oft efndir loforðum. Og ... þá segir maður nú oft við samningaborðið, bíddu, ef þetta er svona sjálfsgagt, af hverju má þá ekki skrifa það? Þannig að það sé einhver vilji á bakvið. En Dögg spurði síðan, hver ákveður hvað er nægilegt. Það á að ákveða, sem sagt, af jafnréttáum aðilum, við samningaborðið. Og ef að menn ná ekki saman, þá verða menn að hafa einhver úrræði til þess að knýja á um það, fyrst að ekki náðist samstaða um að hafa þetta skýrar í stjórnarskránni, það var ekki stemmning fyrir því að setja einhverja ja, tæknilega reglu um jafna skiptingu, ef að ekki semdist um annað. Nú síðan varðandi ábendingu Þorkels sko, að setja stofnanir hins opinbera, ríkisstofnanir, í staðinn fyrir sveitarfélög. Það finnst mér nú fráleit samlíking, vegna þess að það eru auðvitað bara undirstofnanir ríkisvaldsins, og þær heyra undir fjárveitingarvald Alþingis og sitt fagráðuneyti, þannig að hér er enginn að leggja til að það verði eitthvert sjálfstæði tryggt ríkisstofnunum. En þessi ábending, eða samlíking Þorkels lýsir kannski viðhorfinu, þjóðkirkjan hefur kvartað yfir þessu sama, að þegar henni er líkt bara við hverja aðra ríkisstofnun. Sveitarfélög líta ekki á sig sem, og eru ekki að mínu mati, sem einhverjar undirdeildir ríkisins. Þær eru ekki stofnanir hins opinbera. Þær eru einmitt sjálfstæðar. Það bara skortir stundum á að virkja sjálfstæði og tryggja það í raun. Og það erum við að reyna með þessum málamiðlunartillögum, í B-nefnd. Takk.

SN

Freyja Haraldsdóttir er næst á mælendaskrá og ég loka mælendaskránni þegar hún hefur lokið máli sínu. Gjörðu svo vel.

FH

Takk. Já, kærur vinir. Mig langar nú að byrja á að þakka B-nefndinni fyrir áhugaverðar tillögur og góða vinnu.

Mig langar svona aðeins að velta fyrir mér þessu varðandi það sem hér hefur verið rætt, varðandi hvort það eigi að tilgreina það að sveitarfélögin skuli hafa nægileg fjárráð og allt þetta. Og ég hef í rauninni ekki eitthvað eitt svar við því og er bara mjög hugsí eftir þessar umræður, en held samt ég hallist að því, eins og að Gísli Tryggvason hefur verið að segja, að af hverju ekki að taka fram að það skuli vera tryggt að nægilegt fjármagn sé til staðar til þess að sveitarfélög geti sinnt þeim málaflokkum sem það ber ábyrgð á. Og ég sé svo sem ekkert neina ástæða fyrir því að vera að óttast það, að hafa það skrifað í lögum. Af því að eðlilega hlýtur það að vera raunin, að þau þurfa að hafa nægilegt fjármagn til þess að geta borið þá ábyrgð sem eiga að bera.

Sko, Dögg spurði um hver ákveður og þetta náttúrlega ... fyrir mér liggur það mjög ljóst fyrir. Auðvitað ræður þörf þeirra sem nota þjónustu, hvaða fjármagn fer í það. Það á að vera þannig, það er ekki þannig í dag, það er ekki þannig. En eðlilega þá ætti það að vera þannig. En við náttúrlega höfum bara það sú menning hefur verið ríkjandi á Íslandi, að efast stöðugt um þarfir fólks, að efast um að þarfirnar sem að það leggur fram, og þær kröfur sem að fólk leggur fram, hvort sem það er í sambandi við þjónustu við börn á leikskólum eða þjónusta við fatlað fólk, að það er efa um efast um það, og það er reynt að draga úr því. Það þekki ég bara af mínum störfum sem ráðgjafi hjá NPA-miðstöðinni. Og náttúrlega líka bara af minni persónulegu reynslu. Og þess vegna er náttúrlega allt samráð og svona notendahópar alveg nauðsynlegt til þess að átta sig betur á, hvað þarf til þess að veita góða þjónustu.

Sko, miðað við yfirfærslu á málaflokki fatlaðs fólks til sveitarfélaga að þá hefur það verið mjög erfið og bitur reynsla fyrir okkur, okkur sjálf. Og það voru rosa miklar yfirlýsingar um það að þetta ætti ekki að hafa nein áhrif á notendur, og þeir myndu ekki finna fyrir þessu, og það er náttúrlega bara hlægilegasti brandari, sem ég hef á ævinni heyrt. Og mikið af fötluðu fólki var bara í tómu tjóni 1. janúar 2011, og mikið af fötluðu fólki fékk ekki einu sinni að vita af þessari yfirfærslu og hvernig hún færi fram, fyrr en korter í jól. Og fullt af fötluðu fólki sem ég vann mikið með, var stíllt upp við vegg rétt fyrir jólin, þar sem því var tilkynnt að þjónustan sem það hafði, myndi annað hvort skerðast eða viðhaldast, og í þeim tilvikum sem að hún myndi viðhaldast, voru tilvik þar sem fólk var búíð að vera að berjast mjög lengi fyrir aukinni þjónustu. Og fólk hafði ekkert svigrúm, og ekki neitt, til þess að bregðast við þessu. Svo var þetta flutt yfir til sveitarfélaganna og þá notuðu sveitarfélögum það gegn fötluðu fólki, að ríkið væri svo vont, að það hefði ekki látið þau hafa nægilegan pening, þannig að það gæti þ.a.l. ekki veitt þá þjónustu sem fólk var að biðja um. Þetta er staðan, hún er svona.

En ég get ekki svarað því hvort það er raunverulega þannig að sveitarfélögin hafi ekki nægilegt fjármagn eða bara hvort það er þannig að þau eru að spara, eða að þau eru ekki að horfa á heildarmyndina og nýta fjármagnið eins og skyldi. Við verðum líka að átta okkur á því að sko, við tölum oft um pening eins og lifandi verur. Ja, það er náttúrlega bara þetta með peningana en sko, peningarnir labba ekki sjálfir, seðlarnir sjálfir taka ekki sjálfstæða ákvörðun um hvar þeir ætla að vera og hvernig þeir ætla að ráðstafa sjálfum sér, á bak við það er fólk. Fólk með ákveðna þekk-

ingu, eða vanþekkingu. Og fólk með ákveðið viðhorf, og ég held að alveg sama, sko við getum endalaust rætt um það hvernig við tryggjum þetta fjármagn, og þá stendur það og fellur með því, hvaða viðhorf eru til staðar í sveitarfélögum og hjá ríkinu um hvernig þessu fjármagn skuli eytt og hvernig það er nýtt.

Og, það sem ég ætlaði kannski að segja bara, sem dæmi, þegar ég er að segja þetta að þá er mjög mikið af þjónustu við fatlað fólk úreld. Hún brýtur mannréttindi, hún skaðar fólk, hún skapar aðstæður til ofbeldis, hún er einangruð og aðgreinandi, o.s.frv., o.s.frv. Og kemur í veg fyrir að fötluð börn geti alist upp hjá fjölskyldum sínum. En við höldum samt áfram að dæla í það peningum, þið vitið. Og segjum svo þegar það er verið að koma tillögur að nýju þjónustufyrirkomulagi, nei, það eru ekki til peningar. Þannig að sko, það er líka rosalega oft sem við getum tekið það fjármagn sem við höfum og nýtt það á allt, allt annan hátt, en verið er að gera, þið vitið. Það eru ofboðslega margar hliðar á þessu, sem ég held að við þurfum að vera meðvituð um. En ég verð samt að segja, að það náttúrlega liggur í augum uppi, að sveitarfélög þurfa að hafa nægilegt fjármagn til þess að geta dekkjað þá þjónustu sem þau eiga að sinna. Og þá, ef ég svara spurningu Daggar, hún nefndi málaflokk fatlaðs fólks og svarið mitt er að sjálfsgöðu, fatlað fólk á að ráða því, hvað fer mikið fjármagn í þeirra þjónustu. En þá þurfum við líka að velta fyrir okkur hvernig, ókei, ef það er svarið, hvernig ætlum við að láta það verða að veruleika? Hvernig ætlum við að skapa aðstæður til þess að það ráðist virkilega af þörfinni, hvernig og hvaða peningur er notaður í hvaða þjónustu? Takk.

SN

Mælendaskrá hefur þá verið lokað og Pawel Bartoszek er næstur. Gjörðu svo vel.

PB

Já, takk. Kæru vinir. Sko, það er nú auðvitað enginn sem vill að neitt sveitarfélag, aðili eða stofnun hafi ekki nægilegar tekjur eða burði til að sinna sínum lögbundnu verkefnum og öðru því sem nauðsynlegt er. Bara svona til gamans, ég hef nú reynt að finna tölur um það hve stór hluti af útgjöldum sveitarfélaga eru lögbundin og það er auðvitað langstærsti hluti þeirra. Sveitarfélög gera aðallega hluti semþau eru skyldug til að gera, reka skóla, leikskóla, sinna félagsþjónustu. Ef að það er tekið saman, þá er nú slegið alveg upp undir 80% af öllum útgjöldum flestra sveitarfélaga. Þetta er auðvitað á endanum spurning um peninga og útgjöld og spurning hvernig við, hvaða úrræði menn hafa þegar að þeir telja að sveitarfélagið hafi ekki nægilega burði til þess að sinna sínum verkefnum. Og þá hafa þeir í þessu tilfelli ákveðna dómssleið, eins og ég skil Gísla rétt. Það má velta fyrir sér hvort þetta muni gera endilega hag sveitarfélaga betri. Það er stundum þannig að það eru ákveðin svona, jaðarskilyrði í leikjum sem skapa ákveðnar aðstæður. Í dag er það væntanlega þegar þannig að allir þeir sem lána til sveitarfélaga, vita það að sveitarfélög eru og munu að öllum líkindum borga þau lán, sem þau taka. Og þarna er verið að setja inn svona, mun ítarlegri tryggingu fyrir því að ríkið skuldbundi sig til þess að veita þeim þá tekjustofna sem þeir kunna að telja nauðsynlega til að reka sjálf sig. Og það er spurning hvort það endilega

muni veita þeim sveitarstjórnarmönnum meira aðhald, en nú er. Takk.

SN

Guðmundur Gunnarsson. Gjörðu svo vel

GG

Já, úr því að Gísli fór inn á minn heimavöll þarna hvað varðar kjarasamninga og fleira í þeim dúr og skuldbindingar vegna þeirra, þá má t.d. benda honum á það, og fleirum, að skuldbindingar sveitarfélaganna, vegna nýgerðra kjarasamninga, og ég ætla bara að taka það fram, bara vegna B-deildar lífeyrissjóðanna, þá jukust skuldbindingar sveitarfélaganna um 50 milljarða króna. Sem er umfram, sem sagt, greidd iðgjöld. Einnig jukust skuldbindingar sveitarfélaganna vegna þess að starfsfólk þeirra er nánast allt á lægstu töxtum, að þá jókst launakostnaður sveitarfélaganna núna, um rúmlega 20%. Staðan er sú að, sko jafnvel þó að fólk vilji og mjög gjarnan búa í sínu nærumhverfi óbreyttu, hafandi þá þessa málsgrein í stjórnarskrá, að þá er í sjálfu sér ljóst að það er einhver annar, heldur en þeir sem búa í viðkomandi sveitarfélagi, sem verða að borga þennan mismun, sem upp á vantar.

Og það er náttúrulega mjög huggulegt að geta búíð til sem sagt einhverja útópíu og sagt sem svo, við viljum gjarnan hafa hlutina svona. Ég mundi mjög gjarnan vilja hafa það þannig t.d. að börnin mín hefðu ekki lent í neinum vandræðum þegar hrúðið varð, út af skuldum. Þau voru reyndar öll ný ..., flest þeirra nýlega komin heim frá háskólanámi með mikil námslán og mikið ... nýbúin að fjárfesta í íbúðum. Og þetta gerðist. En ég get bara því miður ekki, sem sagt, tekið ákvörðun um það að þetta svona, gufi upp og hverfi út í buskann. Þess vegna hlýtur maður að biðjast undan því, af því við erum jú að ... við erum ekki að tala um eitthvað svona bara, sko lög fyrir starfsmannafélag eða eitthvað þess háttar. Við erum að tala um stjórnarskrá Íslands, sem á að gilda um, allaveganna, a.mk. hefur verið talað mikið um það að hún eigi að gilda a.m.k. í ... daga í 20 ár. Og þá kannski eigi að vera sjálfvirk endurskoðun á henni, sem hefur verið rætt hérna, sem mér finnst eðlilegt.

Og þá hljótum við að velta fyrir okkur að það sem við setjum inn í stjórnarskrána, sem sagt, standist. Það sé ekki að kalla á eitthvað sem að ... á vandræði í samfélaginu, og upplausnar. Vitanlega er það alveg klárt mál að þegar að sveitarstjórnarmenn mæta hér, með sínar skrár, óskalista og annað, að þá vilja þeir náttúrulega stilla málum upp með þeim hætti sem var gert hér um daginn, ég skil það mjög vel. Ég skil það mjög vel, hafandi verið t.d. forsvarsmaður fyrir stórfélagasamtök, hagsmunasamtök í 17 ár. Ég var bara á launum við það að fara á milli skrifstofa og vera með svona óskalista og kröfur.

En hitt er annað mál að þegar að við erum að tala um stjórnarskrá og ákvæði í stjórnarskrá, þá hljótum við að velta þessum hlutum fyrir okkur. Og ég ætla bara að ljúka máli mínu með það sko, að ekki það að sú ósk legg ég að einhverjar borgir verði lagðar í rúst, eða eitthvað svoleiðis, eins og er heimsfrægt. Bara það að ég hef nákvæmlega ekkert á móti því að öll sveitarfélög geti veitt alla þá þjónustu sem að þeir sem búa í viðkomandi sveitarfélagi vilja að það geri. Og ég hef ekkert á móti því að það sé veitt jafngóð þjónusta í

einhverju litlu sveitarfélagi austur á nesi, Langanesi og hér í þéttbýlinu í Reykjavík, en ég er ekki alveg að sjá að það gangi upp. Nema þá að það verður þá einhver að borga það, og þá er verið í raun og veru að biðja um það, eins og það blasir við sveitarfélagunum núna, bara eftir þessa nýgerðu kjarasamninga og þær skuldbindingar sem þarna liggja, þá liggur þá fyrir, það val fyrir mörgum sveitarfélögum í dag, og þá sérstaklega þeim minni, nú verða þau að velja um það, að standa við þessar lífeyrissjóðskuldbindingar, sem að ríkissjóður ákvað að færa yfir á sveitarfélögin fyrir nokkrum árum síðan, og gera þau fjárhagslega ábyrg fyrir því, að þau verða þá að velja á milli, ætla þau að standa við þær skuldbindingar. Eða ætla þau að loka einu eða tveimur elliheimilum eða einum eða tveimur leikskólum. Það er bara einföld staða sem blasir við mörgum sveitarfélögum í dag. Eða þá, sem blasir við, að ef að þau séu tilbúin til þess, að þá liggur það alveg fyrir, útreiknað af færustu hagfræðingum, að þá þurfum við að hækka tekjuskatt á Íslandi núna eftir tvö ár, um 4% bara til þess að standa skil á þessu.

SN

Erlingur Sigurðarson. Gjörðu svo vel.

ES

Formaður, góðir félagar. Hvað meinum við með jafnréttisákvæði í stjórnarskrá? Ég fer nú að spyrja mig að því. Ef að það verður ákvæði sem gerir bara vesen, og kostar fólk peninga, jafnvel í öðrum sveitarfélögum ...

Þetta er að mínum dómi, nauðsynlegt að við höfum í huga núna. Þessi umræða hefur farið svoltið á aðrar braut heldur en ég átti von á, þar sem að menn hafa fest fingur í þessu atriði. Þessu innskoti sem að kom í 1. greinina, frá því sem verið hafði, og það er eðlilegt að spurt sé, hvernig eiga sveitarfélög að standa við lífeyrisskuldbindingarnar sem ríkið sett á þær. Og tryggði þeim ekki tekjur á móti. Þegar að skólar voru fluttir á sveitarfélögin, þá kom það yfirleitt fram víðast, að það batnaði skólustarf, það var búíð betur að skólunum, það kostar líka peninga. Það voru ekkert tryggðir peningar á móti þessu, öllu saman, sveitarfélögin lögðu það fram.

En mér finnst það vera athyglisvert, hvað menn óttast málaferli á hendur ríkinu ef það stendur ekki við sitt. Ég var ekki búinn að sjá málaferli í þessu öllu saman. Ég held að við þurfum á greiningarskýrslu að halda sem að var um sameiginlega fjárstjórn. Það sé nauðsynlegt til að tryggja að við meinum eitthvað með jafnrétti sveitarfélaga og, bæði innan þeirra og milli þeirra og ríkisins. Það er nauðsynlegt að tryggja sveitarfélögum tekjur til lögbundinna verkefna. Og ég er á því að lögbundin verkefni kosta misjafnlega mikið, hlutfallslega af kostnaði sveitarfélaga. Þannig eru skólamálin í dreifbýlissamfélagi kannski 70-80% af tekjum sveitarfélagsins. Og það segir sig sjálft að það hefur ekki burði til annars, mikla. Og í Reykjavík þar sem að hagkvæmni stærðarinnar ætti að vera, þar hefur nú gengið nógu illa að sameina skóla og fleira, hvað þá annars staðar, þar sem maður kemur á landsbyggðinni. Nei, gott fólk. Við þurfum á einmitt, þessi umræða sýnir að við þurfum á þessu að halda. Það er enginn á móti sveitarfélagunum, það er enginn á móti landsbyggðinni, en samt sem áður vilja menn ekki borga tekjur til jöfnunar, þó allir menn eigi að vera jafnir, konur og karlar, börn og aldraðir.

Þetta atriði um kosningaréttinn ætla að segja það, að ég held að við þyrftum að fá ákvæði um hann, ef að ekki verður sett upp allsherjarregla um kosningar í þessu sambandi. Og svo er það eitt um grenndarregluna, grenndarregla er gott orð, miklu betra en nálægðarregla og grennd er þekkt orð. Þar vildi enginn búa, eftir því sem að sagt var, það er alltaf rigning í grennd ... ekki vildi ég búa þar. Takk fyrir.

SN

Nú, þá vil ég biðja formann B-nefndar að bregðast við þeirri umræðu sem hefur verið hér um sveitarfélög og tillögur nefndarinnar um sveitarfélög og þar með ljúkum við þeim lið. Gjörðu svo vel, Katrín Fjeldsted.

KF

Fundarstjóri, góðir áheyrendur. Ég tek nú undir orð sumra hér að það hefur komið á óvart um hvað umræðan hefur snúist, en hún er nauðsynleg og mjög mikilvægt að sjónarmið allra komi fram hér.

Það er alveg ljóst að með þessum greinum, er meining B-nefndar að leggja fram tillögur sem stuðla að því að styrkja undirstöður þjóðfélagsins, sem eru sveitarfélögin. Sveitarfélög á landinu er núna 76 talsins, þeim hefur fækka verulega á síðustu árum. Og nú er ekki lengur krafa um að það sé lágmarksfjöldi íbúa í sveitarfélagi, en þeim er frjálst að sameinast, það er ekki lengur lögbvingað. En hvatinn er fyrir hendi með þeim verkefnum sem hafa verið færð núna síðast, t.d. með málefnum fatlaðs fólks og haldi verkefnaflutningurinn áfram, sem að ég hvet nú til og vonast eftir, að þá smám saman hækkar sá hundradshluti af heildartekjum hins opinbera sem fer til sveitarfélaganna. Fari t.d. málefni aldraðra yfir, þá skilst mér að heildarhlutdeildin sé orðin rúmlega 40%.

Mér finnst þetta mjög eðllegt, við erum ekki, eins og sjá má, þá erum við ekki að tala í rauninni um Litla og Stóra, eða Davíð og Góliat, við erum að tala um jafnræði milli heimabyggðar og miðstýrðs valds. Og það er eitt af okkar leiðarljósum í Stjórnlagaráði, að stuðla að valddreifingu, og þetta er ein mjög skýr leið til þess.

Það var talsvert talað um 1. greinina, þar sem nefnt er að sveitarfélög skuli hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum. Guðmundur Gunnarsson gerði það og Pawel og Ari svaraði því ágætlega og Gísli sömuleiðis. Það er, eins og ég var að segja áðan, alveg ljóst að stærð sveitarfélaga skiptir máli og hvati til þess að þau sameinist er af hinu góða. Við lítum svo á að þessi setning sé hvati til þess að sveitarfélög sameinist, til þess að þau hafi nægilega burði, svo hægt sé að koma lögbundnum verkefnum til þeirra. Tekjurnar verða hins vegar að fylgja.

Ég lít svo á að sveitarstjórnir séu undir ábyrgri stjórn, að sveitarstjórnir almennt séu ábyrgar gerða sinna og standi vel að verki þó að einstaka undantekningar geti auðvitað komið fram, eins og nefnt hefur verið. En það er einnig ljóst að fjármálum ríkisins er ekki alltaf stjórnað fullkomlega. Dögg nefndi reyndar að sveitarfélögin megi ekki eyða um efni fram og auðvitað er ég sammála því en það gildir það sama um ríkið, það gildir um alla stjórnámálamenn, að þeir haldi rétt í taumana. Sveitarstjórnarmenn, frekar en aðrir stjórnámálamenn, geta ekki hagað sér eins og þeim sýnist, það er alveg ljóst. Hvað varðar réttarfarsleg úrræði við brot á sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga, þá finnst mér

eðlilegt að það sé skoðað í nefndinni, hvornig það megi tryggja. Hvort að það er Hæstiréttur, stjórnlagadómsstóll ... mér finnst allavega að farvegur verði að vera fyrir hendi. Gísli Tryggvason minntist á fjárstjórn hins opinbera, og það er alveg rétt hjá honum að það var ekki alveg ljóst hvað það myndi tákna ef að þessi setning væri látin standa inni í textanum. Hver er þá aðkoma sveitarfélaga að fjárstjórn ríkisins? Þannig að við höfum haft þetta í greinargerð og texta, en ekki inni í tillögunni sjálfri allavega eins og mál standa nú.

Hvað svokallaða nálægðarreglu í 2. grein, þá er dreifræðisregla að mínu mati ennþá verra orð, en grenndarregla langbest. En við auðvitað stjórnun ekki því hvornig þjóðgarmiðstöð finnur orðum stað. Það er hins vegar rétt að það mætti gjarnan, og Katrín Oddsdóttir benti á það, gera orðalagið skarpara. Við höfum svólítið barist við þetta orðalag. Og mér finnst það ekki ennþá orðið fullkomið, vegna þess að þessi grenndarregla eða nálægðarregla, hvað við viljum kalla hana, kveðjur í rauninni á um það að verkefnum skuli sinnt í héraði. Skuli sinnt nálægt íbúunum, nema það sé ekki hægt. Þannig að, sko, það er alveg klárlega sett í fyrsta sæti, að málum sé sinnt heima fyrir.

Þar kemur þá auðvitað inn í, hugsunin um náttúruvernd og þar sem hagur allra íbúa landsins og jafnvel heimsbyggðarinnar getur skarast á við hagsmuni lítils svæðis. En það á náttúrlega enginn feegurðina, og að hafa forræði yfir náttúrufegurð á litlum stað, við verðum auðvitað að taka á því í stærra samhengi, heldur en kannski í kafla um sveitarstjórnarmálin. Það má svo sem samt segja, ef maður lítur á Litla og Stóra, að stundum hefur ríkið gengið yfir með offorsi til þess að skaða umhverfi og náttúru sem litill hreppur vill vernda. Þannig að, á báða bóga, maður þarf að hugsa um báðar hliðar þessa máls. Í greininni um kosningar sveitarstjórna, þá kom fram að við höfum jú gert ráð fyrir því að nánari fyrirmæli um kjörgengi og kosningar kæmi fram í almennum lögum, en ef mat manna er það að það þurfi að tryggja þetta nánar í kafla um sveitarstjórnir, þá mun ekki standa á okkur í nefndinni að huga að því. Og svo kemur samráðsskylda. Íris Lind var að velta því upp af hverju þyrfti að kveða á um eitt-hvað svona, sem að væri óumdeilt. Ég held að maður verði að svara því svo, að það eru margir slíkir þættir í stjórnarskrá. Það er kveðið á um óumdeilda hluti. Þetta er til að tryggja jafnræði og tryggja að samningar séu gerðir við þessa meginundirstöðu í þjóðfélaginu, sem eru sveitarfélögin. Það er ekki hægt að bera sveitarfélögin saman við stofnanir ríkisins, eins og vel var reyndar svarað hérna áðan af Gísla. En þetta hefur ekki alltaf verið svo, og ég man eftir því, þegar var í borgarstjórn Reykjavíkur, að þá kom fram að fjárlaganefnd Alþingis gaf Reykjavík sama tíma í viðtölum, eins og lítið byggðarlag í dreifbýlinu. Reykjavík var svo sem ekkert að kveinka sér undan því, en það bara sýndi að jafnvel þetta stærsta sveitarfélag landsins, þar sem að búa hátt í 60% íbúa, var ekki í rauninni metin meira en það. En mér finnst skipta máli að það sé vissst jafnfræði þarna á milli og ég hef reynt að fara hér yfir nokkur atriði sem athugasemdir voru gerðar við, og nefndin mun að sjálf sögu taka til skoðunar. Takk fyrir.

SN

Takk fyrir, formaður B-nefndar, um sveitarfélög sem eru lagðar hérna til kynningar. En þá förum við í til-

lögur nefndarinnar um umboðsmann, og þær eru líka lagðar fram til kynningar. Þetta er nýr texti inn í áfangaskjal. Og aftur vil ég biðja formann B-nefndar, Katrínu Fjeldsted, að kynna tillögurnar. Gjörðu svo vel.

KF

Formaður, góðir áheyrendur. Þá er komið að kafla um stjórnslu og eftirlit, og þar hafði staðið út af, grein um umboðsmann. Umræður um umboðsmann hafa verið heilmiklar í B-nefnd, og sérstaklega út frá tvennu, annars vegar þeirri hugmynd margra í ráðinu og í samfélaginu, að ekki blasti við hvað ... ekki blasti við almenningi hver verkefni, eða hvernig verkefni umboðsmanns Alþingis sneru að þeim, eða sneru að almenningi. Og til að skýra þetta nánar, þá hefur krafa verið uppi frá mörgum, að breyta heitinu og kalla umboðsmann, umboðsmanna almenningu en ekki umboðsmann Alþingis. Við höfum ekki verið alveg á einu máli um þetta í B-nefnd og svo sem heldur ekki í ráðinu. Og á opnum fundum okkar hefur þetta líka verið rætt. Í nágrannalöndunum er umboðsmanns-embætti yfirleitt að finna, og gjarnan eða alltaf, er umboðsmaður tengdur Alþingi, er hluti af starfsemi Alþingis. Og í umboði þess, fer hver umboðsmaður með eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga. Og þetta er gert til að tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum. Umboðsmaður, eins og ég segi, er gjarnan tengdur að nafni til við þingin eins og „Folketingets Ombudsman“ og eitthvað slíkt, eða bara umboðsmaður. Og það skýrir kannski hvernig við setjum upp þessa grein, að niðurstaðan liggi ekki endilega fyrir. Nú þetta er svo sem ekki stærsta málið með umboðsmann, heldur frekar hitt hvaða áhrif tilmæli og álit umboðsmanns hafa á stjórnsluna, leiti einstaklingar til hans og í hvaða farveg þau mál fara. Er brugðist við tilmælum og álit umboðsmanns, til að tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum?

Vissar efasemdir eru uppi um að svo sé. Í núverandi stjórnarskrá er ekkert ákvæði um umboðsmann. Stjórnlaganefnd lagði til frekar einfalt ákvæði sem hljómar svo: Alþingi kys umboðsmann Alþingis til fjögurra ára. Hann hefur eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga og gætir að rétti borgaranna. Umboðsmaður skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Og í sjálfu sér tekur B-nefnd undir þetta efnislega séð. Við viljum þó láta kjósa umboðsmann til fimm ára en ekki fjögurra, þannig að starfstími hans fylgi ekki kjörtímabili, heldur sé í samræmi við ýmis önnur embætti í þjóðfélaginu. Við viljum að hann sé sjálfstæður í störfum sínum, að sjálfsögðu, og gæti að rétti borgaranna og hafi eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga. Og þá höfum við bætt við: Hann gætir þess jafnræði sé í heiðri haft í stjórnslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsluhætti. Þá kemur setning sem segir: Stjórnvaldi er skylt að hlíta tilmælum umboðsmanns, nema dómstóll kveði á um annað. Og lokasetningin er: Að öðru leyti skal kveðið á um störf umboðsmanns í lögum.

Inni í hornklofa er þessi næst síðasta setning, eða málsgrein: Stjórnvaldi er skylt að hlíta tilmælum umboðsmanns, nema dómstóll kveði á um annað. Við höfum sett þetta fram á þennan hátt, til þess að gera ljóst að við teljum ekki að með okkar tillögum séum við að gera embætti umboðsmanns að ígildi dóm-

stóls. Og með því að taka þetta fram, að þá séu tekin af öll tvímæli um það. Það hefur verið kvartað yfir því að stjórnvöld, á stundum, bregðist seint og illa við aðfinnslum embættis umboðsmanns, og sömuleiðis gerðu menn því skóna að það gæti verið sambærilegt við stjórnsludómstól ef við segðum bara að stjórnvöldum bæri að virða eða að hlíta niðurstöðum og tilmælum umboðsmanns. Þannig að þessa setningu skýri ég á þann hátt. Þá er þetta til umræðu, formaður, og takk fyrir.

SN

Kærar þakkir og nú er orðið laust um tillögu B-nefndar um umboðsmann. Eiríkur Bergmann. Gjörðu svo vel.

EBE

Já, kærur félagar. Ég þakka formanni nefndarinnar fyrir að hafa farið yfir þetta. Ég vil að gefnu tilefni taka það skýrt fram að tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir því að umboðsmaður Alþingis eða almenningu, eftir því hvaða nafn verður nú ofan á hvað það varðar, er gríðarlega mikilvægur þáttur í þinglegu eftirliti. Í lögum segir að umboðsmaður starfi einmitt í umboði Alþingis, til þess að hafa eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga, og almenningur geti leitað til umboðsmanns. Þannig að nafngiftin umboðsmaður Alþingis er rétt, að mínu viti, og lýsi best því hlutverki sem að þetta embætti gegnir. Það eru margir sem telja það hljómfegurra að kalla embættið umboðsmaður almenningu. Ég hef svolitlar efasemdir um þá breytingu, því að þrátt fyrir að það kunni að hljóma betur, að þá er ég ekki viss um að það gefi endilega rétta mynd af því starfi sem að umboðsmaður Alþingis hefur með höndum, og hversu mikilvægur hann er sem partur af eftirlitshlutverki löggjafarvaldsins, Alþingis gagnvart stjórnvaldinu. Og í umræðum sem farið hafa fram um þessa nafnbreytingu, að þá hefur einmitt gætt þessa sama misskilnings eða breytta skilnings þá, á embættinu sem að slíkri nafnbreytingu kann að fylgja. Þannig að ég vil bara halda því til haga hér, að þrátt fyrir að fram hafi farið í nefndinni umræða um að breyta nafninu, að þá hefur verið algjör einhugur í nefndinni um það, að þetta sé mjög mikilvægur þáttur í störfum Alþingis og umboðsmaður starfi áfram í umboði Alþingis, eins og lögin kveða á um. Enda er það alls staðar þannig, þar sem að þetta embætti er til. Takk fyrir.

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Formaður og aðrir sem á mig hlýða. Það kom fram á sameiginlegum fundi í gær, málamíðlunartillaga um nafnið, umboðsmaður þings og þjóðar. Þykir kannski svolítið hátimbrað, en mér finnst það bara akkurat lýsa því sem Eiríkur Bergmann er að segja, og ég tek undir það sem hann segir um mikilvægi þessa embættis, og tel þess vegna bara hið besta mál að þetta sé þá nákvæmlega tilgreint. Þetta er umboðsmaður þingsins og líka þjóðarinnar. Og þing og þjóð, það er einmitt það sem við erum að sauma saman núna. Það er þingræði á Íslandi með ákveðnu aðhaldi þó fra öðrum valdsþáttum. Ég er í hópi þeirra sem tel að það sem er innan hornklofans, eigi að standa þarna. Það er ekki nóg að segja: Hann gætir þess að jafnræði sé í heiðri haft í

stjórnsýslunni. Þetta er of loðið, þetta þýðir nánast, gæti þýtt það að hann bara nöldrur og nöldrur, og það gerist ekki neitt. Mér finnst þess vegna gott að það standi þarna: Stjórnvaldi er skylt að hlíta tilmælum umboðsmanns, nema dómstóll kveði á um annað. Til þess að hafa þetta þó skýrt, að hann sé ekki dómstóll. Mér list mjög vel á þetta ákvæði. Svo vil ég að lokum þakka Katrínu fyrir að minnast á það, að vitanlega hefur það sem misferst í sambandi við umgengni okkar við heimsverðmæti ..., það hefur gerst á margvíslegan hátt, ekki bara það að lítil svæði hafi tekið sér vald til þess að fara með slík verðmæti, heldur líka að hinir stóru í Þjóðfélaginu, hafa í krafti ofríkis, kúgað hina smáu, og eitthvert besta dæmi um það var náttúrlega Laxárdeilan 1970, þar sem að ríkisvaldið og stór og valdamikil sveitarfélög, ætluðu að kúga tiltölulega fáa heimamenn sem að höfðu skiling á því um hvað var að tefla, og sem betur fer gátu unnið sigur í þeirri deilu, sem að er nú reyndar sjaldgæft hér á landi. Takk.

SN

Pétur Gunnlaugsson. Gjörðu svo vel.

PG

Formaður, ágætu félagar. Það eru gildar ástæður fyrir því að lögfesta í stjórnarskrá skyldu stjórnvalds að hlíta tilmælum umboðsmanns. Í 1. lagi, þá hefur Alþingi vanrækt eftirlitsskyldu sína, að þessu leyti. Alþingi skiptir sér ekkert af því hvort að stjórnvöld, framkvæmdarvaldið, virði tilmæli umboðsmanns. Þau koma ekkert að því. Þannig að ég dreg verulega í efa hvort að þetta eftirlitshlutverk Alþingis með stjórnsýslunni hafi skilað tilætludum árangri. Í 2. lagi, þá er það réttlætismál fyrir einstakling, sem leitar réttar síns, og leitar til umboðsmanns, og umboðsmaður kemur að þeirri nðurstöðu að stjórnsýslan hefur brotið gegn þeim einstaklingi, að stjórnvaldið virði þá niðurstöðu. Og á hinn bóginn, þá auðvitað verðum við að hafa í huga að borgararnir og stjórnvöld hafa stjórnarskrárvarinn rétt til þess að bera ágreiningsmál undir dómstóla. Og það geta náttúrlega stjórnvöld gert í þessu tilfelli, ef þau sætta sig ekki við tilmæli umboðsmanns. Þannig að hér er ekkert verið að víkja frá, eða að gera umboðsmann að einhvers konar ígildi dómstóls. Hann gengur frá sínu álit og tilmælum. Og þær almennu reglur sem gilda um, hérna, stjórnvöld sem hafa úrskurðarvald, þar sem að um er að ræða ákvörðun sem að bindur borgarana, að slíkum ákvörðunum er auðvitað hægt að skjóta til stjórnvalda. Eins með umboðsmann í þessu tilfelli. Þetta eru nauðsynlegar breytingar á þessu, fyrir almenning, til þess að almenningur geti leitað til þessa mikilvæga embættis, og treyst því að þegar að niðurstaða liggur fyrir, þá virði stjórnvöld á Íslandi niðurstöðuna. Takk fyrir.

SN

Þorvaldur Gylfason. Gjörðu svo vel. Þú ert næstur.

ÞG

Já, formaður, góðir ráðsfulltrúar. Ég fagna þessari tillögu um stjórnarskrárákvæði um umboðsmann. Til þess liggja tvær ástæður. Önnur er þessi - Umboðsmaður er embætti sem útheimtir vernd í stjórnarskrá. Vernd gegn hverju? Jú, vernd gegn því að löggjafinn kjósi að leggja embættið niður með lögum. Með þessi

rök í huga vaknar auðvitað spurningin um önnur embætti sem með nákvæmlega sömu rökum þarfnast, að minni hyggju, sömu verndar í stjórnarskrá. Verndar gegn því að löggjafinn leggi þau niður með lögum, af því að embættið hafi valdið óþægindum. Það var nákvæmlega þetta sem gerðist þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður, með offorsi og með hörmulegum afleiðingum. Og þess vegna legg ég það til við nefnd B, að hún lengi þennan kafla um stjórnsýslu og eftirlit, með því að setja þangað inn samskonar verndarákvæðum þær stofnanir aðrar, sem stjórnvöld kynni að fýsa að leggja niður. Ég nefni Ríkisendurskoðun, hún þarfnast verndar í stjórnarskrá, hún safnar óþægilegum upplýsingum um fjármál stjórnmalaflokkanna t.d. Og við þurfum að girða fyrir hættuna á því, að meirihluti Alþingis leggi Ríkisendurskoðun niður til þess að firra sig, þ.e.a.s. þingmeirihlutann, óþægindum. Hið sama á auðvitað við um Fjármálaeftirlitið. Það safnar óþægilegum upplýsingum um bankastofnanir, sem sumar eru, og sannarlega voru, nátengdar ríku stjórnmalahagsmunum. Þess vegna þykir mér rétt að Fjármálaeftirlitið njóti sömu verndar í stjórnarskrá, eins og B-nefndin leggur til að umboðsmaður njóti.

Sama máli gegnir um Samkeppniseftirlitið. Það fjallar um stórfyrirtækin í landinu, sem að ríkir stjórnmalahagsmunir eru bundnir við, og það þarfnast þess vegna sömu verndar. Ég nefni einnig Hagstofu Ísland. Hún safnar upplýsingum, sem stundum geta orðið æði óþægilegar. Hún t.d. vanrækti að kortleggja þann ójofnuð sem var hér á árunum fyrir hrun. Hugsanlega af ötta við stjórnvöld, hugsanlega af ötta við að fara sömu leið og Þjóðhagsstofnun. Þess vegna þarf Hagstofa Íslands vernd í stjórnarskrá. Ég hef sem sagt talið upp við hlið umboðsmanns Alþingis, Ríkisendurskoðun, Fjármálaeftirlitið, Samkeppniseftirlitið og Hagstofu Íslands, auk Þjóðhagsstofnunar sem við myndum með slíku verndarákvæði knýja löggjafann til þess að endurreisa með lögum. Þennan lista mætti lengja, Seðlabanki Íslands gæti átt heima á honum. Ríkisútvarpið gæti átt heima á honum. Þjóðleikhúsið gæti átt heim á honum, Hafrannsóknarstofnun og þannig áfram.

Og þá kem ég að hinni ástæðunni til þess, að verndarákvæði í stjórnarskrá af þessu tagi er nauðsynleg. Og hún er sú að forystu þessarar stofnanna, sem ég hef nefnt, hefur oft verið ábótavant vegna landlægs klíkuskapar við skipan í forystu fyrir þessar stofnanir. Það er þess vegna ekki nóg að vernda þær í stjórnarskránni heldur þurfum við einnig að kveða á um það, hvernig forysta þessa stofnanna er valin. Sko, verndarákvæði um umboðsmann á heima í þessum kafla um stjórnsýslu og eftirlit á vettvangi B-nefndarinnar, vegna þess að hún gerir ráð fyrir því að Alþingi kjósi umboðsmann, svo sem verið hefur, skv. lögum. En það væri einnig hægt að hugsa sér, þegar við förum vandlegar yfir það hlutverk sem við ætlum forseta Íslands, að skipunarvaldi í dæmi umboðsmanns væri fært frá Alþingi til forsetans. Og þá myndi hugsanlega ákvæði um umboðsmann flytjast yfir í forsetakaflann. Og þess vegna gæti það einnig hentað, ef við ákveðum að vernda að vernda þessar stofnanir aðrar, sem ég hef nefnt, að hafa þær ekki í stjórnsýslu- og eftirlit-skaflanum, þar sem umboðsmannsákvæðið er núna, heldur í kaflanum um forseta Íslands, ef við ákveðum að honum sé betur treystandi en ráðherrum eða

Alþingi til þess að skipa forystumenn fyrir þessa stofnanir. Með öðrum orðum, það er tvennt, svo ég dragi þetta saman, sem mér er efst í huga hér. Annars vegar vernd stofnanna sem geta talist ógna ríkjandi hagsmunum á stjórnmalavettvangi og hins vegar forystuvalið sem reynslan segir mér að við þurfum að taka frá ráherravaldinu og færa það til innan framkvæmdarvaldsins, og þá sé ég ekki aðra leið betri en að fela forseta Íslands það vald, úr því að okkur þykir ekki henta að þjóðin fái að velja forystumenn þessara stofnanna í beinni atkvæðagreiðslu. Forsetinn er þjóðkjörinn og hann væri því staðgengill þjóðarinnar við val á forstjórnum þessara stofnanna sem ég hef nefnt. Takk fyrir.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson er næstur á mælendaskrá og þegar hann hefur lokið máli sínu, þá loka ég mælendaskránni. Gjörðu svo vel, Vilhjálmur.

VP

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Fyrst bara örstutt af tilefni af orðum Þorvaldar, að þá vildi ég benda á það að Ríkisendurskoðun er stjórnkrárvernduð síðan 1995 í 43. gr stjórnarskrárinnar, en við reyndar í B-nefnd erum að leggja til, ja má segja, enn ítarlegri stjórnarskrárvernd yfir ríkisendurskoðanda, og það er í kaflanum okkar um stjórnsýslu og eftirlit. En aðeins að þá umboðsmanni almennings eða Alþingis. Fyrst vil ég bara áréttta að þetta er náttúrulega mikil réttarbót, eins og fleiri hafa bent á, að fá þetta embætti inn í stjórnarskrána og fá þar því gefnu vernd. Og það er líka mikilvægt að það er tekið fram þá í stjórnarskránni að umboðsmaður sé sjálfstæður í störfum sínum. Og hann er náttúrulega að sinna réttargæslu og, ja hvað á að segja, gæta hagsmuna almennings gagnvart stjórnsýslu. Og ég held að þetta sé, eins og ég segi, afar mikilvægt að fá þetta inn í stjórnarskrána á þessum tímavarki. Nú það hefur verið umræða um þetta ákvæði hérna, eða þessa málsgrein sem er inni í hornklofum, stjórnvaldi er skylt að hlíta tilmælum umboðsmanns, nema dómstóll kveði á um annað. Og það verður að viðurkennast, við höfum aðeins verið að vandræðast með þetta í nefndinni. Og hluti af því er að það sem að er gert í nágrannalöndum okkar, a.m.k. Finnlandi og Svíþjóð og víðar, Frakklandi og annars staðar, er að það er sérstakur stjórnsýsludómstóll. Það er sérstakt dómkerfi í raun og veru fyrir stjórnsýsluna. Og þangað getur almenningur leitað með sínar stjórnsýslukærur og fengið úrskurði, sem eru bindandi þá, fyrir stjórnvöld, í þeim úrlausnarefni. Og t.d. í Frakklandi er þetta mjög þróað kerfi og þessir dómstólar sinna mjög mörgum málum og létta hluta af vinnuálagi af almennum dómstólum. En svona, þetta er bara samtvinnað hinu franska lýðræði.

Og við höfum kannski verið svolítið feimin að stíga þetta skref alla leið, að fara að setja upp stjórnsýsludómstól en auðvitað væri það hugsanlega alveg athugandi. Hugmyndin er hins vegar sú að það séu almennir dómstólar sem að sinna þessu verkefni, hjá okkur. En þá kemur að hlutverki umboðsmanns í sambandi, og hann hefur hingað til haft það hlutverk að gefa þá út álit og tilmæli gagnvart stjórnsýslu, og þau hafa ekki verið bindandi en stjórnvöld hafa svona, brugðist við þeim eftir atvikum og í flestum tilvikum ágætlega, en

í öðrum tilvikum kannski ekki nægilega vel. Og þá er vandinn hvað skal gera, og þ.a.l. er þessi málsgrein þarna inni í hornklofunum komin inn í okkar tillögur. En því er ekki neita að það þarf kannski, og ástæðan fyrir því kannski að hún er í hornkofa, er að sú að það þarf að hugsa þetta kannski aðeins betur og útfæra. Sjálfur hefði ég í raun og veru verið hlynntari því að þarna gæti þá frekar komið inn málsgrein sem að gæfi umboðsmanni aðild að dómsmálum, þ.e.a.s. að hann gæti sjálfstætt farið í mál við stjórnvöld, til að rétta rétt borgaranna, og jafnvel þá fyrir nýjum stjórnlagadómstóli, þ.e.a.s. Hæstarétti í því hlutverki. Eftir því sem mér skilst, að þá eru erfiðleikar í því í dag að einn aðili ríkisvaldsins, fari í mál við annan aðila ríkisvaldsins. Og það er almennt, gerist víst ekki þannig, þannig að það hefði þá þurft að gefa umboðsmanni sérstaka heimild til aðildar að dómsmálum og það myndi vera að sænskri fyrirmynd. Og, eins og ég segi, ég hefði kannski persónulega viljað sjá slíkt ákvæði þarna í staðinn fyrir þessa málsgrein og talið það þá nægilega heimild, sem að umboðsmaður gæti beitt til að, má segja, knýja fram umbætur, þar sem að honum finnst verulega á skorta. En það væri forvitnilegt að heyra í öðrum hvað þeim finnst um þetta. En svo vildi ég bara aftur ítreka að þarna er að sjálfsögðu veruleg réttarbót um rétt almennings gagnvart stjórnsýslu og embættismannakerfinu. Takk.

SN

Mælendaskrá hefur þá verið lokað og Íris Lind Sæmundsdóttir er næst. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Kærar þakkir og kærar þakkir Katrín, fyrir þessa kynningu fyrir hönd nefndarinnar. Ég er mjög hlynnt því að umboðsmanns sé getið í stjórnarskrá og að staða hans sé þannig tryggð. Ég er sammála Eiríki varðandi nafngreininguna, ég er svolítið hikandi við að tilgreina hann sem umboðsmann almennings, af því það kannski er ekki alveg réttnefni á honum og getur alveg eins gefið til kynna misskilning um hans hlutverk og aðkomu almennings að mótun hans starfa, á alveg sama hátt og umboðsmaður Alþingis kann að velja upp ákveðinn misskilning um skyldu hans gagnvart almenningi. Þannig að ég svona, já ég allaveganna legg mikið upp úr því að hann er hluti af stjórnarskrárbundnu eftirliti löggjafans með framkvæmdarvaldinu, og að við gröfum alls ekki undan því með breytingu á nafni sem felur ekki í sér neina efnislega breytingu. En mér hugnast nú alveg þessi tillaga sem svona, gengur millileiðina, umboðsmaður þings og þjóðar. Mér mundi hugnast það frekar, eða þá bara umboðsmaður, án þess að tilgreint sé almennings eða þings. Varðandi, ég held það sé 2. mgr. sem að Vilhjálmur var að nefna aðeins, varðandi skyldu stjórnvalda til að hlíta tilmælum umboðsmanns. Jú, þetta yrði gríðarlega mikil réttarbót ef að við fengum því þannig fyrir komið að tilmæli eða álit umboðsmanns væri bindandi fyrir stjórnvöld, þannig að borgararnir þyrftu ekki að leita ásjár dómstóla ef á þá hallaði í ákvarðanatöku. Mér finnst hins vegar þetta, ég er ekki alveg búin að móta mér endanlega afstöðu til þess, hins vegar, og áskil mér kannski rétt til að skoða það aðeins, og kannski breyta almennt um skoðun. En ég svona velti því fyrir mér, mér finnst allaveganna þetta orðalag í horn-

klofum ekki alveg ná utan um það sem við erum að reyna að ná utan um. Mér þykir kannski mikilvægt að orðalagði sé þannig að sko, það veiki ekki upp misskilning, að aðilar báðir, sko borgarinn og stjórnvald, geti leitað ásjár dómstóla, telji þeir á sig halla í niðurstöðu. Og ég myndi, sko mér myndi hugnast miklu betur orðalag eins og, niðurstaða umboðsmanns er endanleg og verður aðeins skotið til dómstóla. Og því náttúrlega felst að sá aðili sem á hallar í niðurstöðu, það er hans að leita ásjár dómstóla í því tilviki. Þannig að hvort sem það væri stjórnvaldið eða borgarinn. Þannig að það er bara eins og hefðbundið er í stjórnvísulásum að þá er það sá aðili sem að telur á sig hallað, sem leitar niðurstöðu, eða endurskoðunar hjá dómstólum. En já, ég þakka bara kærlega fyrir mig.

SN

Dögg Harðardóttir. Gjörðu svo vel.

DH

Formaður og ágætu ráðsfulltrúar. Ég velti fyrir mér ... viljið þið endilega að maðurinn beri starfsheitið umboðsmaður? Ef deilan snýst um hvort þetta sé umboðsmaður Alþingis eða amennings og hvorugt er nógu gott ... ég velti fyrir mér, þegar unga kynslóðin í dag heyrir orðið umboðsmaður, þá dettur henni í hug umboðsmaður hljómsveita eða fyrirsæta, sem hefur það hlutverk að koma þeim á framfæri. Og hvað dettur fólki í hug þegar að það heyrir umboðsmaður Alþingis? Það er einhver sem er bara að reyna koma Alþingi á framfæri. Þannig að mér þætti miklu nær að starfsheitið væri þá bara hreinlega eftirlitsmaður Alþingis eða eftirlitsgaur. Það er kannski svona, ef við ætlum að líta til framtíðar ... Þannig að mig langaði svona bara til þess að varpa þessu inn, að starfsheitið þarf ekkert endilega að vera umboðsmaður. Takk.

SN

Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Takk. Já, ég er nú eiginlega sammála því sem Dögg var að segja, að við erum kannski svolítið föst í þessu umboðsmannsorði, en það er kannski líka út af hefðinni og þetta er víðar notað þetta orð. En ég er á því, að ef við ætlum að breyta þessu, eða að við ættum frekar að hafa a.m.k. almennings heldur en Alþingis. Og ég held að það sé ekki út af því að það sé eitthvað hljómfegurra eða það sé einhver verri merkingamunur, heldur einmitt út af því að það sé gegnsærra fyrir almenning, sem er jú einfaldlega skjólstaðingur þessa embættis. Og ég fannst aldrei skýrt og ég skildi aldrei hvað umboðsmaður Alþingis var fyrir en ég fór bara einfaldlega að hefja laganám, hversu vandræðalegt sem það er nú að segja frá því. Þannig að bara í ljósi eigin reynslu, mundi ekki halda að þetta væri heppilegt orðalag, jafnvel þó þetta sé svona annars staðar. Og ég vek athygli á því að Ríkisendurskoðun starfar líka á vegum Alþingis, en hún heitir ekkert Ríkisendurskoðun Alþingis. Þannig að þetta er ekkert einhver skylda að hafa þetta þarna, þó að Alþingi skipi manninn. Hann er fyrst og fremst, eins og Dögg bendir á, umboðsmaður einhvers annars heldur en Alþingis, þó hann sé skipaður af Alþingi. Og hann er umboðsmaður og eftirlitsmaður með stjórnvísulunni fyrir almenning. Þannig að hitt er miklu

skýrara, og þings og þjóðar er fínt, ef það er einhver millilending sem allir geta verið ánægðir með, eftirlitsmaður þings og þjóðar.

Svo er ég sammála honum Þorvaldi um það, að það þarf líka að tryggja þá, sem sagt, aðrar eftirlitsstofnanir og öflugra starfsemi þeirra í stjórnaskránni, af því það er stórhættulegur möguleiki á gagnályktun ef við erum að taka út eitt og eitt, eins og umboðsmann Alþingis, og ekki eitthvað annað. Að það sé þá einhver mikilvægari og meiri vernd sem slíkir eftirlitspóstar þurfi og aðrir megi bara missa sín. Og þetta er náttúrlega eitthvað sem við megum eiginlega ekki, upp á samræmið, gera sko. Jafnvel þótt skýrsla stjórnlaganefndar hafi tiltekið þetta ákveðna embætti og þetta ákveðið eftirlitsvald, þá skulum við ekki falla í sama pytt og bara segja, þá þurfum við ekki að hugsa um allt hitt, það er mjög mikilvægt. Og það væri þá bara gott að búa til almennan eftirlitskafla. Og fjalla þar um þessar helstu stofnanir okkar sem við þurfum að hafa til þess að tryggja að eftirlitsvaldinu sé framfylgt.

Og svo langar mig líka til að spyrja ykkur, ráðið eða nefndina. Sko, þarf ekki að tryggja einhvern veginn burði svona embættis? Væri ekki hægt með fjárvæltis- aðferðum einhverjum, að láta þetta verða þannig, sérstaklega eftir að þetta er orðið bindandi, þessi tilmæli, að það væri bara hreinlega ógerlegt að komast yfir það, að fara, af því að nú eruð þið með sérstaka grein sem tryggir burði sveitarfélaga og að þeim séu veitt[ar] eðlilegar fjárveitingar. Ég velti fyrir mér, og kannski er ég óþarflega ofsóknaróð, en hvort að það sé ástæða til þess að athuga hvort að það sé hægt að setja inn áréttingu um það, að það verði að sjá til þess að embættið sem slíkt, geti sinnt stöfum sínum. Takk.

SN

Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Já formaður, góðir félagar. Ég ætla að nefna þrennt stuttlega. Það er í fyrsta lagi heitið, í öðru lagi hlutverkið, og í þriðja lagi þetta aukna hlutverk, sem að Þorvaldur hefur nefnt. Nú varðandi heitið, það er nú farið að ræða um báða hluta þess. Ég vil minna á að hugtakið „Ombudsman“ sem að varð til í Svíþjóð um miðja síðustu öld, held ég, og fór síðan til Skandinavíu og enskumælandi landa síðar, að það er orðið alþjóðlegt heiti. Þannig að ég held að það væri nú skrytið ef við færum að hafna svona góðu og gildu germönsku orði eins og umboðsmaður, sem er mjög lýsandi, finnst mér, fyrir hlutverkið, svona allavega fyrir okkur sem erum ekki á unglinsaldri. Þetta er bara eins og orðið Geysir, sem að þýðir hver á enskri tungu. „Ombudsman“ þýðir svona, sjálfstæð stofnun sem hefur eftirlit með valdinu, allavega á ensku. Þannig að ég vil nú að hann heiti umboðsmaður áfram. En mér finnst, ef við náum ekki saman um þessa málamiðlun, sem að Ómar nefndi, umboðsmaður þings og þjóðar, sem er kannski ágætt, að þá vil ég rökstyðja svolítið af hverju þetta á að heita almennings frekar en Alþingis. Kata kom nú kannski með bestu rökin núna rétt áðan, að Ríkisendurskoðun er bara Ríkisendurskoðun og var færð fyrir 15 eða 25 árum undir Alþingi, frekar en að vera deild í fjármálaráðuneytinu, en var ekki skírð Ríkisendurskoðun Alþingis.

Nú fyrir um 30 árum, ef ekki fyrr, þá kom Gunnar Thoroddsen með fyrstu hugmyndir um að stofnað yrði

embætti umboðsmanns almennings, en ekki Alþingis. Þannig að hann var fyrsti upphafsmaður, held ég, þessarar hugmyndar, sem varð að veruleika eftir hans andlát. Og það eru svona ákveðin söguleg rök fyrir því að breyta því þá yfir í hina upphaflega hugmynd. Og aðalrökin finnast mér þó vera þau, að umboðsmaður almennings lýsir betur hlutverki hans. Nefndir Alþingis taka umboðsmannsalít yfirleitt ekki til umfjöllunar og fylgja því ekki eftir, eins og við höfum rætt í nefnd B. Það væri auðvitað hægt að taka það upp, þá værum við komin með svona, mjög sterkt aðhaldskerfi þingsins gagnvart stjórnslunni. En síðan má ekki gleyma að umboðsmaður almennings hefur jú, eða umboðsmaður Alþingis hefur eftirlit með stjórnslu sveitarfélaga líka. Þannig að það er svolítið misræmi í, það er villandi heiti af þeirri ástæðu líka. Þannig að umboðsmaður Alþingis er frekar lítið tengdur Alþingi að mínu mati. Það er allavega ekki fjallað nema kannski helst um ársskýrslu hans og allt of lítið t.d. um frumkvæðismál sem hann tekur upp og fjallar um annmarka á lögum. Nú varðandi hlutverkið, þá held ég við séum nú sammála um það að við viljum ekki gera umboðsmann almennings að stjórnsludómstóli. Þess vegna er ég fylgjandi því að það sé einhver fyrirvari um það að stjórnvöldum beri að sjálfögðu að hlíta niðurstöðum umboðsmanns, eða tilmælum allavega, eins og allt of algengt er að ekki sé gert.

Ef að þetta er orðað svona, að það eigi að hlíta álit nema dómstóll kveði á um annað, þá er gefið í skyn af stjórnarskrárgjafanum, eða í stjórnarskránni, að löggjafinn þurfi að setja einhverjar reglur í framhaldi hvernig þessu verði náð. Og það má að mínu mati gera með ja, best með tvennum hætti. Annars vegar segja, ef að stjórnvald ætlar að vefengja niðurstöðuna, þá þarf að höfða mál innan tiltekins tíma. En það er kannski voðalega erfitt fyrir stjórnvald að vera að fara í mál við borgarann, sem er búinn að vera að leita réttar síns, og vinna málið. Þannig að mér finnst mikilvægara að tryggja borgaranum gjafsókn. Og þá hef ég lagt til, sem að náði ekki fylgi í fyrstu atrennu, að umboðsmaður hafi skv. stjórnarskrá heimild til þess að mæla fyrir um gjafsókn. Það held ég sé betra heldur en hugmynd Vilhjálms um að umboðsmaður geti fari í mál.

Í fyrsta lagi á umboðsmaður að sinna stjórnsluueftirliti og þess vegna á stjórnlagadómstóll ekki við sem vettvangur slíkra mála. En ef hann gæti farið í mál við ríkið til þess að fylgja eftir álitinu eða tilmælum, fyrir almennum dómstólum, að þá væri hann orðin dálítið stór lögmannsstofa. Ég held það sé miklu eðlilegra að borgararnir velji bara sína lögmenn og fái gjafsókn greidda af ríkinu. Þetta held ég sé svona, bara betra, það er auðvelt að þróa gjafsókn áfram, þó að hún hafi verið skorin ansi mikið niður, undanfarið. Nú aðeins varðandi stjórnsludómstól. Það er Alþingi í löfa lagið að koma á stjórnsludómstóli en þó ekki sérdómstóli af því að við erum nú eiginlega búin að taka fyrir það í dómstólakafnanum okkar. En það er ekkert mál að breyta bara réttarforsreglum þannig að það sé einfaldara og ódýrara að fara í mál við stjórnsluaðila fyrir almennum dómstólum. Svo loks um hugmyndir Þorvaldar um að nefna fleiri embætti. Mér finnst þetta góðar hugmyndir og vel rökstuddar hjá Þorvaldi. Spurning hvað við göngum langt. Og ég er svolítið ragur við að fara að stjórnarskrárbinda tilteknar stofnanir í of mörgum tilvikum, og heiti þeirra. Þannig

að kannski má ná markmiðinu að einhverju leyti með því að segja að stofnanir sem eiga að njóta sjálfstæðis lögum samkvæmt, og fela þá löggjafanum bara ákvörðunarvald um það. Það gæti verið, auk dómara, umboðsmanns og Ríkissaksóknara, þá geti það verið Hagstofa og Þjóðhagsstofnun o.s.frv., að þær stofnanir sem njóta sjálfstæðis skv. lögum, þær eigi að vera undir einhvers konar verndarvæng forseta Íslands, sem þyrfti að staðfesta niðurlagningu þeirra. Þá væri komið í veg fyrir að einn aðili, af því að meirihlutaríkisstjórn og þingmeirihluti er jú, í þessu sambandi, einn aðili, hann geti bara lagt niður, eins og gert var við Þjóðhagsstofnun. Ef að forseti þyrfti að samþykkja slíkt, staðfesta slíkt, og hefði ákveðið synjunarvald í því, ekki bara svona hefðbundin lagasynjun, að þá væri komin temprun á þetta vald, sem var a.m.k. misbeitt, að mínu mati, þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður. Þannig að ég held að það mætti kannski sameina þetta, og við þurfum að ræða frekar þessa hugmynd um aðkomu forsetans að skipun æðri embættismanna á öðrum sviðum. Og það mætti hugsanlega gera, eins og ég hef nefnt áður, í tengslum við hugmyndir innan stjórnarráðsins um „civil service commission“. Sem er einhvers konar fagnefnd þvert á stjórnsluna og gjarnan með útenskum sérfræðingum, sem að metur hver er hæfastur í tiltekna stöðu. Takk.

SN

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já takk, kæru vinir, takk fyrir þessar tillögur og ég skil nú að mörgu leyti hugmyndafræðina á bak við þessa grein sem er í hornklofa, um að stjórnvaldi skuli skylt að hlýta tilmælum umboðsmanns, nema dómstóll kveði á um annað. Og það hljómar ágætlega en ég velti samt fyrir mér nokkrum hlutum, í rauninni svona á svipuðum nótum og þeim sem Vilhjálmur hefur gert. Það er kannski erfitt að sjá fyrir, allavega svona ólöglaeran mann, þegar þú ert með aðila sem tekur til sín einhverja kæru og tekur hana til skoðunar og gefur út eitthvað álit og svo verður það niðurstaðan, þá er dálítið erfitt að sjá að það sé annað heldur en dómur, þótt svo það sé ekki kallað það. Þannig að í því ljósi þá er auðvitað verið að færa umboðsmanni ákveðið dómvald, þótt svo síðan að áskorun þessa fyrirbæris verði skotið til annarra dómstóla, eins og auðvitað er heimilt að gera með flest þannig mál.

Þá náttúrulega má velta fyrir sér hvort það sé heppilegasta fyrirkomulag, að þessi aðili sé kosinn af Alþingi í einhvers konar hugsanlega pólitískri kosningu, hvort það sé ekki rétt að fara með skipan hans eins og annarra embættismanna, sem með þeim aðferðum sem nefndar hafa verið hérna í Stjórnlagaráðinu og hvort það sé rétt að hann sé þá einn að störfum og beri einn ábyrgð á þessum ákvörðunum. Þetta eru auðvitað stórar spurningar sem snúa allar að því að hugsanlega væri heppilegt að koma á stjórnsludómstól, sem er ekkert endilega það sem ég er viss um að sé ... kostnaður og smæð samfélagsins, best að gera. En ég hugsa kannski að við þyrftum aðeins að skoða þetta betur og þær hugmyndir sem bæði Gíslí og Vilhjálmur hafa nefnt um það að kannski frekar gera það að verkum að annaðhvort umboðsmaðurinn sjálfur geti sótt mál fyrir almennum dómstólum eða einhvern veginn ýtt

ákveðnum málum áfram þarna, í þágu þeirra borgara sem málið sækja, frekar en að hann sjálfur kveði úr um úrskurð. En þetta er hins vegar ekki endanlega afstaða hjá mér, en ég held það væri gott að hugsa þetta betur og melta þetta aðeins. Takk. Er þá lokið og ég ætla að biðja formann nefndarinnar, Katrínu Fjeldsted, að taka saman herna í lokin. Gjörðu svo vel.

KF

Takk fyrir það, formaður. Og ég þakka ráðsliðum, ráðsmönnum og –konum kærlega, fyrir umræðurnar um umboðsmann Alþingis, umboðsmann almenningsm umboðsmann þings og þjóðar, hvernig sem það nú endar.

En það eru nokkur atriði sem að ég ætlaði að minnst á, það er jú ljóst að þessu embætti fylgir að hafa eftirlit fyrir hönd Alþingis með framkvæmdavaldinu, þar með sveitarstjórnnum. Og við höfum einmitt rætt mál út frá því, að oft sé niðurstaða, oft sé lítið gert eða kannski ekki nóg með álit eða tilmæli umboðsmanns. Og þess vegna finnst okkur skipta máli að það komi fram í þessari grein að niðurstaða umboðsmanns sé endanleg og þurfi þá að útkljá niðurstöðuna fyrir dómstólum ef menn eru ekki sammála því. Orðalag Írisar Lindar er kannski betra en okkar, við verðum bara að skoða það. En hún sagði, niðurstaðan er endanleg og verður aðeins skotið til dómstóla. Það þýðir bara eins og hjá okkur í rauninni, að sá sem á hallar geti vísað málum áfram.

Eftirlitsgaur þings og þjóðar ... Halló Dögg. Jæja, það má alltaf hafa gaman af þessu. Það hefur komið fram sú hugmynd að gera almennan eftirlitskafla þar sem kveðið sé á um eftirlit með fleiri stofnunum. Katrín Oddsdóttir minntist á það og Þorvaldur Gylfason taldi hér upp nokkrar stofnanir. Og ég skil alveg þessa hugsun, hún spinnst ekki sist út frá þeirri staðreynd að Þjóðhagsstofnun var lögð niður, sem ekki hefði verið hægt að gera ef sú stofnun hefði haft vernd í stjórnarskrá. En þessar gagnályktarnir eru jú alveg gildar og spurning hvort einhvers konar almenn grein um opinberar stofnanir sem eiga að njóta sjálfstæðis, hvort einhver slík grein gæti leyst þetta eða höggvið á þennan hnút. Mér finnst, og ég verð að segja það alveg eins og er og hef sagt áður, mér finnst alveg fráleitt að færa svona skipunarvald og eftirlitsvald til forseta Íslands, þar sem að þar með er forsetaembættið dregið inn í dægurþras, í fyrsta lagi, og í öðru lagi hvetur það til þess að forsetaembættið verði mun pólitískara heldur en nú er. Þetta er jú umræða sem er ennþá í gangi hér í ráðinu, og við höfum ekki leitt hana til lykta, og ég ætla ekki að fara nánar út í það. En þess vegna minnst ég á þetta, að Gísli Tryggvason nefndi „civil service commission“, sem skv. Google-leitarvélinni heitir embættismannanefnd. Slík nefnd verður auðvitað til, vegna þess að það er stundum flókið, og það fylgja ýmis vandkvæði og spilling og allskonar slíkar hliðar, því að skipa í embætti. Og það að hafa einhvers konar nefnd sem að jafnvel, í litlu landi væri eðlilegt að erlendir aðilar gætu átt sæti, held ég að sé mun viturlegri leið heldur en að fela það einhverjum einum einstakling í þjóðfélaginu. Þannig að ég held við verðum að skoða þetta nánar, hvort að slík embættismannanefnd, mér finnst það nú ekki nægilega lýsandi orð, en þetta þýðir að þar kemur einhver ákveðinn hópur manna en ekki einn einstaklingur að því að meta hæfni manna í æðstu

embætti ríkisins, og jafnvel að skipa menn í þau. En ég vil þakka mjög góðar umræður um þetta embætti umboðsmanns. Og við tókum að sjálfsgöðu tillit til umræðunnar nánar inn í nefnd. Takk fyrir.

SN

Já, þakka nefnd B og formanni og varaformanni hennar fyrir kynningar á tillögum undir 2. lið dagskrárinnar. Og klukkan er núna að verða 12, þannig að kæru vinir, ég held að það sé komin tími á að við gerum matarhlé, og hittumst aftur kortér yfir eitt. Takk fyrir.

3. Skýrsla og tillögur C-nefndar

SN:

Já, kæru vinir. Þá höldum við áfram fundi, þaðan sem frá var horfið. Og það er komið að lið 3 á dagskránni, sem er skýrsla og tillögur C-nefndar. Fyrri tillögurnar lúta að utanríkismálum og þar eru tillögur sem voru kynntar á 11. ráðsfundi, og þær eru lagðar fram til afgreiðslu. Og ég vil biðja varaformann nefndarinnar, Írisi Lind Sæmundsdóttur, að fylgja þeim úr hlaði. Gjörðu svo vel, Íris.

ÍLS

Kærar þakkir. Formaður, ráðsfulltrúar og aðrir sem á mig heyra. Ég er komin herna, eins og Salvör sagði, fyrir hönd nefndar C til að kynna tillögur okkar til afgreiðslu á kafla um utanríkismál. Eins og kom fram, þá var kaflinn upphaflega kynntur á 11. fundi ráðsins, þann 3. júní sl., og hefur legið frami bæði á netinu og okkar á milli síðan þá. Eins og ég nefndi og eins og kemur fram í skýringum með kaflanum, þá náttúrlega er stjórnarskráin mjög fáorð um utanríkismál, og nefndinni þótti mikilvægt og það var hljómgrunnur fyrir því í ráðinu, að kveða aðeins nánar á um meðferð þeirra og ýmis atriði í tengslum við það. Og t.d. samspilið milli löggjafans og framkvæmdarvalds, aðkomu þingsins að ákvarðanatöku á þessum vettvangi, heimildir þess til að gefa framkvæmdarvaldinu bindandi fyrirsmæli á ákveðnum sviðum og einnig að festa í sessi ákveðnar meginreglur sem að nú eru gildandi, eru hins vegar óskrifaðar og óljósar að vissu leyti. Okkur þótti mikilvægt að þær yrðu festar og niðurnjörvaðar, þannig að þær væru ekki jafn óljósar og þær kunna að vera í dag. Þetta var svona það sem við höfðum að leiðarljósi þegar við smíðuðum okkar tillögur hér til framlagningar. Frá því að, sem sagt, á síðasta ráðsfundi þegar við ræddum þetta, þá kom fram ein skrifleg breytingartilgáta en okkur hafa jafnframt borist ýmsar ábendingar og athugasemdir síðan þá, frá öðrum ráðsfulltrúum og einnig almennum borgurum sem hafa látið sig kaflann varða. Margar þeirra voru af sama meiddi og erum við í tillögum okkar nú, eins og þær koma fram breyttar, að koma til móts við þau sjónarmið sem fengu mestan hljómgrunn og virtust svona, njóta mestrar samstöðu, eða sem sagt, sem mestrar samstöðu virtist gæta um, varðandi þau atriði, bæði meðal ráðsliða og meðal almennings.

Fyrir hönd nefndarinnar, þá þakka ég kærlega fyrir allar þessar athugasemdir og kynni kaflann með hliðsjón af þessumbreytingartillögum. Vegna þess tíma sem að okkur er markaður í dag, og þeirra mikilvægu mála sem við ætlum líka að ræða herna á eftir, þá ætla

ég að láta duga að snerta á þeim atriðum sem tóku breytingum í meðferð nefndarinnar frá því síðast. Og svona, þau atriði sem ég ætla ekki að tala neitt sérstaklega um, þá ætla ég að vísa bara í, svona, ágætis og ítarlegar skýringar með kaflanum, og þeirra orða sem að ég lét hér falla í kynningunni 3. júní sl. Nú, eins og þið vitið þá gerir tillagan ráð fyrir þremur greinum kaflans. Í 1. gr. er fjallað um meðferð utanríkismála og þar er fjallað um handhöfn og meðferð þeirra og samspilið milli löggjafar- og framkvæmdarvalds. Í 1. mgr. er fjallað um stefnu, utanríkisstefnuna og fyrirsvar á alþjóðavettvangi. Í gær barst okkur orðalagsbreytingartillaga á málsgreininni en hún er núna svohljóðandi: Utanríkisstefna og almennt fyrirsvar ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn í umboði og undir eftirliti Alþingis. Þorvald Gylfason lagði til að orðalagið yrði svohljóðandi: Utanríkisstefna og yfirlýsingar um hana fyrir hönd ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn, í umboði og undir eftirliti þess.

Ég verð að viðurkenna það að þetta er atriði sem að nefndinni gafst ekki tóm til að skoða nánar og ræða til hlítar, eftir gærdaginn, eða eftir fund okkar í gær, og við þurfum því aðeins að skoða hana og taka afstöðu til hennar og meta hana með hliðsjón af öðrum tillögum. Þetta er einfaldara orðalag og skýrir aðeins betur hvað felist í hugtakinu fyrirsvar, sem að mörgum þykir óljóst og má að taka undir. Sko, en jafnframt felur tillagan í sér ákveðna afmörkun á því hverjir geta tjáð sig á alþjóðavettvangi, fyrir hönd ríkisins, og hver svona ... hvaða reglur gildi um það. Og þá er það spurning um samspilið við forseta og hlutverk hans á alþjóðavettvangi. En það er atriði sem að við höfum nefnt sérstaklega sem atriði sem að ráðið þurfi að taka afstöðu til. Og að því er virðist, virðist hvorki sterkur hljómgrunnur með eða, sem sagt, það virðist ekki bera einhugur um það hvort að við ætlum að taka afstöðu til þess með eða á móti í stjórnarskrá, hvort við ætlum að takmarka heimildir forseta að þessu leyti. Og hvort að hann eigi einungis að tjá sig í svona, í samræmi við þá utanríkisstefnu sem að mörkuð hefur verið á þinginu. Og þetta er eitthvað sem ég myndi gjarnan vilja bara að ráðslíðar tjáðu sig, kannski, um hér á eftir, ef að þeir hafa á því skoðanir, hvort þeir telji að stjórnarskrá eigi að taka á því, hver völd forseta eru að þessu leyti, eða sem sagt hver hans aðkoma getur verið að þessu leyti, og hvort við ætlum að takmarka að einhverju leyti það, hversu mikið hann getur tjáð sig á alþjóðavettvangi.

Í 2. mgr., þar er um að ræða nafngreiningu, eða sem sagt, þar er utanríkismálanefnd nefnd berum orðum. Og ég nefndi það sérstaklega hérna um daginn, þegar að tillögurnar voru kynntar, að það eru ákveðin sjónarmið með því, að nefna ekki neina fastanefnd þingsins á nafn í stjórnarskrá. Og svo eru ákveðin sjónarmið á móti því. Nú til að koma til móts við fyrrgreinda sjónarmiðið, um að nefna ekki utanríkismálanefnd berum orðum, mætti skoða að hugsanlega notast við orðalagið, nefndin sem fer með utanríkis og varnarmál. Og það er svona, það er ákveðinn skoðanamunur í ráðinu, um það hvort að við ætlum að nefna nefndir berum orðum á nöfn, í stjórnarskrá eða ekki. Og ég mundi bara gjarnan vilja einmitt að þetta væri svona, tekið upp hér líka í dag, að fólk léti í ljós skoðun sína á þessu, með eða á móti nafngreiningu. Þannig að það geti svona, kannski gefið okkur smá leiðarljós í vinnunni framundan. Bæði hvað varar utanríkismála-

nefnd og svo aðrar fastanefndir sem að hugsanlega kunna að þurfa einhvers konar greiningar, eða svona ... ja, eða þarf að huga að, kannski, í stjórnarskránni.

Í 3. mgr. tillagnanna, eins og þær liggja núna fyrir, þar er um að ræða nýmæli frá því að við lögðum kaflann fram síðast. Þar segir nú: Ákvörðun um stuðning við hernaðaraðgerðir skal háð samþykki Alþingis. Með þessari viðbótartillögu er brugðist við athugasemdum á síðasta fundi, þegar kaflinn var ræddur, sem hlutu mikinn og breiðan hljómgrunn meðal ráðslíða. Með þessu er einnig verið að bregðast við innsendum erindum og ábendingum. Nú tillaga að þessu orðalagi kemur frá Silju Báru, og hún var lögð fram á síðasta, þessum umtalaði síðasta ráðsfundi, þegar við ræddum kaflann, og felur í sér að kveðið er á um samráðsskyldu, eða sem sagt, að Alþingi taki þátt í ákvarðanatöku um stuðning við hernaðaraðgerðir. Það er sá skilningur í nefndinni með þessu sé talað um að hernaðaraðgerðir teljist sérstaklega mikilvægt utanríkismál, sem krefjist aðkomu þingsins í heild sinni en ekki einungis einnar þingnefndar. Að baki orðalaginu hernaðaraðgerðir felst sá skilningur annars vegar, að um geti verið að ræða átök milli tveggja ríkja eða fleiri, þar sem vopnbeiting á sér stað, og hins vegar átök milli tveggja eða fleiri stríðandi fylkinga, innan eins ríkis eða yfir landamæri, ef því er að skipta. Það er ekki skilyrt að þetta séu vopnuð átök milli tveggja ríkja, eins og við á um hugtakið stríð, sem er að vissu leyti örlítið þrengra heldur en hernaðaraðgerðir, það er rýmra.

Nú, í 2. grein, og það er sam ..., svona samhljóða orðalagsbreyting gerð á 3. grein. Þar er um að ræða minniháttar orðalagsbreytingu í 2. gr., 1. málslíð þar sem sagði áður: Ráðherra gerir samninga við önnur ríki. En nú segir þar: Ráðherra gerir alþjóðasamninga fyrir hönd ríkisins. Í upphaflegri tillögu frá nefndinni var gert ráð fyrir að samningar við önnur ríki, væru svokallaðir þjóðréttarsamningar. Í tillögum okkar vorum við að leitast við að nota einfalt orðalag, sem við töldum að hugsanlega gæti samræmst betur almennum málskilningi.

Það hafa hins vegar komið fram ábendingar um að samningar við önnur ríki, kunni að vera of þröngt hugtak, og ná ekki utan um það sem að felist í hugtakinu þjóðaréttarsamningar. Enda eru þjóðaréttarsamningar, samningar bæði við önnur ríki, alþjóðlegar stofnanir og aðra þá aðila sem að hafa öðlast stöðu sem þjóðaréttaraðilar á vettvangi þjóðaréttarins. Og þar má t.d. nefna Rauða krossinn, sem að hefur að vissu leyti öðlast stöðu sem þjóðaréttaraðili á þeim vettvangi. Þannig að það er mikilvægt að ná yfir þetta, allt, og nú leggjum við til að notast verði við orðið alþjóðasamningar, frekar en samningar við önnur ríki.

Það er samt rétt að vekja athygli á því að það er áfram sjálfstætt athugunarefni hvort þetta sé fullnægjandi orðalag. Enda hefur líka verið bent á það að þjóðaréttarsamningar séu alþjóðasamningar, en hugsanlega eru ekki allir alþjóðasamningar þjóðaréttarsamningar. Þetta eru flókin hugtök, hugsanlega og kunna lagalega að vera skýr, en fyrir almenna borgara, sem að eru ólöglærðir, og kannski þekkja ekki mikið til í þjóðaréttinum, eða stjórnmálafræðinga sem vinna á þessum vettvangi, þá er þetta eitthvað sem að getur skipt máli. Og nefndin leggur til að þetta verði eitthvað sem sérfræðingar verði fengnir til að gefa mat sitt á, til að hafa þetta skýrt. Nú, í 3. gr. er samsvarandi, eins og

ég sagði, orðalagsbreyting. Þar leggjum við til að notast sé við orðið alþjóðasamningar í staðinn fyrir samninga við önnur ríki. Í upphaflegum tillögum okkar hljómaði 1. málslíður 3. gr. svo: Heimilt er að gera samninga við önnur ríki, sem fela í sér framsal ríkisvalds, til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahagssamvinnu. Eftir breytingu hljómar málsliðurinn svo: Heimilt er að gera alþjóðasamninga sem fela í sér framsal ríkisvalds, til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að, í þágu friðar og efnahagssamvinnu. Og hér eiga við sömu sjónarmið og við eiga um 2. greinina.

Nú ég hef þá lokið yfirferð yfir tillögurnar, eins og þær liggja fyrir nú. Og tel samt rétt að vekja athygli á því að okkur bárust í gær, eftir opinn nefndarfund síðdegis, ýmsar ábendingar og athugasemdir. Og það verður, eins og bara ... tíminn bara leyfði því miður ekki, að við í nefndinni færum ítarlega yfir þær, og taka til þeirra afstöðu.

Mig langar því að biðja þá ráðslíða, sem að hafa komið með ýmsar ábendingar sem að hafa verið gagnlegar og góðar, að ítreka þær og jafnvel gera breytingartillögur, ef því er að skipta. Ég þakka fyrir gott hljóð og vænti sem áður, góðra umræðna. Takk fyrir.

SN:

Já, kærar þakkir fyrir kynningu á tillögum C-nefndar um utanríkismál. Og orðið er laust. Pétur Gunnlaugsson. Gjörðu svo vel.

PG

Fundarstjóri, góðir ráðsmenn. Ég ætla að ræða um framsal á ríkisvaldi. Fyrsta spurningin sem vaknar þegar að rætt er um þessa tillögu, er hvers vegna verið er að leggja fram tillögu um framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana. Við erum aðilar að mörgum alþjóðlegum stofnunum og höfum ekki þurft að deila fullveldi okkar með þeim stofnunum. Og þess vegna hlýtur þetta að vera sú spurning sem menn varpa fram fyrst. Nú, ástæðan er væntanlega sú, að ef við göngum í Evrópusambandið, þá þurfum við að afsala okkur ákveðnu fullveldi. Og það er skilyrði fyrir því að við göngum í Evrópusambandið. Og það er sennilega skýringin á því hvers vegna þetta er lagt fram. Nú, hérna ... þetta er vilji C-nefndarinnar, að leggja þetta fram, og mér skilst að þeir séu sammála um það í nefndinni, að þetta verði gert svona. Nú varðandi ákvæðin, það segir hér í 2. mgr.: Þegar tillaga um fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds hefur verið samþykkt af Alþingi, skal ákvörðun borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Þá er nú kannski fyrsta spurningin varðandi samþykki Alþingis, þá er gert ráð fyrir einföldum ... að meirihluti Alþingis geti samþykkt þetta, en ekki aukinn meirihluti. Nú, ég held að það væri rétt í þessu sambandi, að hvort að nefndin ætti ekki að skoða það eða hugleiða það, hvort við ættum ekki að hafa aukinn meirihluta, ⅔, eins og gert er ráð fyrir ef að breyting verður á stjórnarskránni, skv. tillögu stjórnlaganefndarinnar.

Nú, varðandi kosningarnar. Þá er spurningin um það, það eru engin tímamörk, þegar að þetta mál er borið undir kjösendur. Þá er spurningin, ef að naumur meirihluti samþykkir framsal, getur þá þessi meirihluti ákveðið það, hvenær þetta fer í þjóðaratkvæðagreiðslu? Það skiptir verulegu máli. Menn geta verið að fylgjast

með skoðanakönnunum og reynt að velja hagstæðan tíma til þess að þetta yrði samþykkt. Þannig að ég sé nú ekki í þessum tillögum og ekki í greinargerðinni, neinar tillögur um sérstök tímamörk, en ég held að það sé nauðsynlegt að það verði einhver rammi utan um það.

Nú, varðandi atriði sem að ég er nú ósáttur við. Það er í sambandi við kynninguna á því hvernig ákvæðin eru í stjórnarskrá lýðveldisins. Þar er fjallað um óskrifðar reglur um framsal. Og það geti verið heimilt að fullnægðum ákveðnum skilyrðum. Ég kannast ekki við þetta, að þetta hafi neina réttarlega þýðingu, varðandi stjórnarskrána. Og þetta gefur ranga og villandi mynd fyrir almenning sem fer og skoðar áfangaskjalið, um að þetta sé hluti af íslensku stjórnarskránni eða einhvers konar túlkun á henni. Þetta er fyrst og fremst kenning, fræðimanna eða fræðimanns, um þetta. Við þekkjum auðvitað þá stjórnskipuðu venjureglu, þingræðisregluna, hún er viðurkennd og stjórnarskrárvarin. Þetta er auðvitað ekkert stjórnarskrárvarið, og ég er svolítið undrandi á því að þetta hafi verið sett þarna inn. Nú, að lokum þá vil ég bara benda á það, að sumir kunna að telja að það sé meira öryggi fyrir fullveldið að fá þessar tillögur C-nefndarinnar, því að skv. þeim, þá verður málið borið undir kjösendur. En eins og ástandið er núna, varðandi breytingar á stjórnarskrá, þá er líklegt að þegar að þær kosningar færu fram að þá yrði rætt um ýmis önnur mál og kannski flest önnur mál heldur en einmitt stjórnarskrárþreyingu. Þannig að þessi atriði vil ég gjarnan að menn hugleiði. Þakka þér fyrir.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Já formaður og góðir ráðsfulltrúar.

Ég þakka Írisi og nefndinni fyrir þessar tillögur, sem eru góðar. Það eru nokkur atriði sem mig langar að minnast á, ef við byrjum nú bara á 1. gr., 1. mgr. Utanríkisstefna og almennt fyrirsvar ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn í umboði og undir eftirliti Alþingis. Með hliðsjón af tillögum nefndar B um ríkisstjórnina, þar sem við gerum ráð fyrir því að ríkisstjórn geti tekið ákvarðanir sem fjölskipað stjórnvald, í mikilvægum og stefnumarkandi málum, að þá er held ég ljóst að utanríkismál ýmis konar munu falla þar undir, þar sem að ríkisstjórnin er líkleg til að taka ákvörðun sem heild. Þannig að mér fyndist betra að það stæði þarna: Utanríkisstefna og almennt fyrirsvar ríkisins er á hendi ráðherra og ríkisstjórnar, í umboði og undir eftirliti Alþingis. Þ.e.a.s. þá í þeim málum þar sem að ríkisstjórn tekur ákvörðun sem fjölskipað stjórnvald, þá er það ríkisstjórnin, annars er það ráðherrann, sem að það gerir. Nú, síðan spurði Íris sérstaklega um þetta með afstöðu manna til þess að nefna nefndir. Sko, það er, held ég, alveg óhjákvæmilegt að ákveðnar fastanefndir Alþingis verði nefndar í stjórnarskrá. Og í tillögu nefndar B, er t.d. fjárlaganefnd nefnd sérstaklega, vegna þess að hún mun hafa sérstakar heimildir til að fara fram á upplýsingar um það hvernig fjárveitingum er varið hjá ríkisstofnunum og öðrum sem taka við peningum. Og eftirlits- og stjórnskipunarnefnd þingsins mun hafa ýmis hlutverk í kringum eftirlit með ráðherrum og ráðherraábyrgð. Þannig að ég held

að það yrði nú ekkert stílbrot í því þó að utanríkis-
málanefnd væri bara, nefnd hér, og ég held að þessar
mikilvægustu nefndir, þær eru og verða áfram. Og þær
eru yfirleitt nefndar í stjórnarskrám nágrannalanda,
þannig að ég held við eigum ekkert að vera feimin við
það. Ég held að líkurnar á því að það verði ekki starf-
andi utanríkismálanefnd t.d., séu sáralitlar. Þannig að
ég styð það að hún verði nú bara nafngreind þarna.

Síðan í 2. gr., með: Ráðherra gerir alþjóðasamninga
fyrir hönd ríkisins, að þá skil ég þau rök að mönnum
finnst orðið þjóðréttarsamningur eitthvað ógegnsætt,
en það er nú bara þannig, að það er það sem verið er að
tala um þarna. Og ég held að við verðum bara að bíta í
það súra epli fyrir hönd almennings, að hafa þarna rétt
orð í stjórnarskránni, réttasta orðið, sem er, held ég,
þjóðréttarsamningar. Þannig að ég styð það, að þarna
muni standa: Ráðherra gerir þjóðaréttarsamninga fyrir
hönd ríkisins. Og sama á þá við í 3. gr. um framsal
ríkisvalds. Síðan hef ég þar örlitla ábendingu, að það er
talað um að þegar tillaga felur í sér framsal ríkisvalds,
hefur verið samþykkt af Alþingi, þá finnst mér betra
segja á Alþingi. En ég vil bara benda líka á í framhaldi
af orðum Péturs, að þessi 3. gr. þarna í tillögnum um
framsal ríkisvalds, er að mínu mati þess eðlis að hún
bæði skýrir hvernig með skuli fara, framsal ríkisvalds,
og gerir það alveg ótvírætt, að slíkar tillögur þurfa
fara undir þjóðaratkvæði, og verða ekki samþykktar
öðruvísi. Og þetta held ég að sé, fyrir þá sem að hafa
áhyggjur af framsali ríkisvalds, t.d. hugsanlega í fram-
tíðinni til Evrópusambandsins, að þarna er verið bara
að hnykkja á því í stjórnarskránni, að þetta verði alltaf
borið undir þjóðaratkvæði, að sjálfsögðu. Þannig að
ég bara bendi á það að ég held að þetta sé réttarbot að
því leyti. Og styð að öðru leyti þessar tillögur og þakka
fyrir þær. Takk.

SN

Gísli Tryggvason er næstur. Gjörðu svo vel.

GT

Já formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Ég
vil þakka nefnd C fyrir gott starf í þessu eins og öðru.
Mig langar að fara yfir þetta í svipaðri röð og Íris Lind
lagði þetta upp. Í fyrsta lagi varðandi forsetann. Eins
og fram hefur komið á öðrum vettvangi þá vil ég nú
svona, gjarnan heldur auka hlutverk forseta, þ.e.a.s. til
þess að tempra vald annarra. En ég vil gjarnan að það
komi skýrt fram í þessari tillögu, eða greinargerð, að
hann á ekki að tala fyrir utanríkisstefnu, nema í sam-
ráði við ríkisstjórn. Hann á ekki tala í aðra átt en utan-
ríkisstefna ríkisstjórnar sem er jú í umboði Alþingis.
Annars værum við annað hvort að skapa of mikið kaos,
ef við værum að leyfa forseta eða jafnvel að hvetja til
þess, að hann talaði í aðra átt en þing og ríkisstjórn.
Nú, eða að fara of langt yfir í forsetaréðið. Það er auð-
vitað til hjá öðrum ríkjum, eins og að ég hygg í Frakk-
land og Finnlandi, svo ekki sé talað um Bandaríkin.
Að þar hefur forseti meira hlutverk í utanríkismálum
en kannski öðrum málum. Ég vona að enginn sé að
leggja það til hér. Og ég vona að enginn vilji að við
tölum tungum tveim á erlendum vettvangi. Þannig að
ég mundi gjarnan vilja að það verði skýrt í greinargerð,
það sem ég skil út úr þessu, að forseti á ekki að tala,
nema í samráði við ríkisstjórn um utanríkismál. Það er
líka bara eðlileg regla í þingræðisríki.

Nú varðandi þá spurningi Írisar Lindar, um hvort
að eigi að nefna nefndir. Ég hef fylgt því, eins og Vil-
hjálmur var að nefna, að sko nefna fjárlaganefnd,
en mér fannst ágætis málamiðlunartillaga sem kom
fram hjá Þorvaldi í gær og Silju Báru í skeyti síðan
í kjölfarið, að það er hægt að nefna þær óbeint, sú
nefnd sem fer með fjárlagamál, sú nefnd sem fer með
utanríkismál, sú nefnd sem fer með eftirlits- og stjórn-
skipunarmál. Þá erum við ekki búin að stjórnarskrár-
binda heiti nefnda, sem er óþjálmt. Nú síðan finnst mér
mjög gott í þessum tillögum að það er skýrt hérna
Ég held að við ættum að taka okkur það til fyrirmyndar
í B-nefnd, varðandi fjárlaganefndina, það er skýrt að
ráðherra á að hafa samráð við utanríkismálanefnd,
áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál,
ekki bara svona, segja frá henni eftir á, já eða alls ekki.
Það verður að vera áður. Of ef að þetta er hægt í utan-
ríkismálum, sem ber oft brátt að, þá er þetta hægt í
fjárlagamálum, að mínu mati. Nú, síðan vil ég fagna
því að það er þarna komin inn tillaga um að þingið hafi
hér, í þessu friðarlandi, forræði á því hvort að landið á
aðild að hernaðaraðgerðum. Þannig er þetta líka yfir-
leitt í hernaðarríkjum, allavega lengri stríð skulu háð
samþykki, t.d. Bandaríkjaþings. En í þessu friðelskandi
landi, er þetta ennþá sjálfsagðari regla, og kannski
ættum við að signalera að við séum hlutlaus, eða ekki
hlutlaus þjóð, heldur friðelskandi, svona lengst af, með
því að áskilja aukinn meirihluta, eins og við höfum
fengið ábendingar um utan frá. Að það þurfi aukinn
meirihluta á þingi en ekki bara einfaldann meirihluta,
til þess að Ísland eigi einhvers konar aðild að stríði eða
hernaðaraðgerðum.

Nú svo vil ég taka undir það sem kom fram um al-
þjóðasamninga. Ég held að það sé ekki nógu nákvæmt
hugtak og það eigi að nota þjóðréttarsamninga eins
og var rætt ítarlega í gær og áður. Síðan varðandi
framsalsákvæðið. Ég er ekki sammála Pétri að við
höfum ekki þurft að deila fullveldi okkar, þannig að
það er brýn þörf á þessu, hvað sem líður aðild að ESB.
Við höfum nefnilega deilt fullveldi okkar í hátt í tvo
áratugi, með því að gerast aukaaðilar að Evrópusam-
bandinu, með svokölluðum Samningi um evrópska
efnahagssvæðið. Þar höfum við sem sagt framselt fullt
af ríkisvaldi, bæði á sviði dómsmála, framkvæmdar-
valds að einhverju leyti, og ekki síst löggjafarvalds.

Þannig að sá ventill sem við höfum til þess að sko,
staðfesta formlega ákvarðanir sem eru teknar í Brus-
sel, án nokkurrar eða mikillar aðkomu okkar, er mjög
óraunhæfur ventill, þannig að þetta er mikið framsal
ríkisvalds. Sem að mínu mati fór í bága við stjórnar-
skrána á sínum tíma, og ég skrifaði um það í grein sem
birtist fyrir 19 árum síðan í Morgunblaðinu, ég sendi
ykkur hana í gær. Og ég er enn sömu skoðunar, það var
ekki óháð sérfræðinganeftnd, sem að komst að annarri
niðurstöðu. Og margir í þeirri nefnd, fjögurra lögfræð-
inga, hafa síðar viðurkennt að þetta var svona, vanmat
hjá þeim. Seinna kom í ljós að EES-samningurinn
fól í sér svo mikið framsal ríkisvalds, þegar frá leið
og á reyndi, að þetta rúmaðist ekkert innan stjórnar-
skránnar. Og að því leyti vil ég taka undir með Pétri, að
það er ekki alveg rétt lýsing, að mínu mati, í greinar-
gerð nefndarinnar á því að það sé einhver óskráð
regla, óumdeild allavega, um hvað má framselja mikið
ríkisvald, hvert og undir hvaða skilyrðum. Þannig, að
því leyti, ég er sammála Pétri um gildandi rétt, en ég

er mjög ósammála honum um pólitíkina. Það er brýn þörf af þessari ástæðu, fyrir því að leyfa, eða skilyrða, eða kveða á um hvernig má framselja ríkisvald.

Það er ekki bara EES-samningurinn sem við höfum gerst aðilar að, heldur Schengen. Þar hefur nokkurt ríkisvald verið framselt. Og Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fer með yfirþjóðlegt vald, sem við erum bundin af, og það eru sjálfsagt fleiri tilefni til þess að hafa slíkt ákvæði í stjórnarskrá, hvað sem líður því áhugamáli mínu, og margra annarra, að ganga í ESB. Það er ekki eina ástæðan fyrir þessu. Ástæðan fyrir því er auðvitað að það er gott að hafa áhrif á það sem maður er bundinn af, en það er nú annað mál.

Nú varðandi tillöguna, eins og hún er orðuð hérna, um framsal ríkisvalds, þá finnst mér vanta inn í hana kannski fleira en bara frið og efnahagssamvinnu. Ég er nú enginn sérfræðingur í Evrópurétti, en ég held að kannski ESB gangi nú út á aðeins fleira en frið og efnahagssamvinnu. Og einhvern tíma orðaði ég þetta svona í ákvæði um þetta sama, að það mætti líka vera bara aukin samvinna þjóða og sameiginleg réttarskipan. Það er jú það sem að ESB og Evrópska efnahagssvæðið gengur svoltið út á. Nú, mér finnst gott að í tillögnum kemur fram að slíkt framsal er ávallt afturkræft. En ég held það þurfi að svara þeirri spurningu, sem ég hef reynt/reyndar að svara, hvernig er það afturkræft? Og þá finnst mér einfaldast að sama regla gildi um afturköllun framsal ríkisvalds, og um framsal þess, þ.e.a.s. það væri bara einfalt ákvæði um að afturkalla megi framsalið með sömu málsmeðferð, þ.e.a.s. í þessu tilviki, samþykki þings og svo staðfestingu þjóðar. Þingið á ekki að geta ákveðið að ganga úr t.d. yfirþjóðlegu samstarfi, ef að þjóðin hefur samþykkt það áður. Nú svo finnst mér sjálfum vanta, líka til þess að róa þá sem eru efnahagsgjumenn um svona samstarf, að taka fram að við slíkt framsal ríkisvalds, verði aldrei hægt að breyta stjórnarskránni. Þetta er að vísu, svona kannski, óþarft strangt til tekið lögfræðilega. En ég held það væri gott, þegar við erum að breyta stjórnarskrá, og setja inn ýmis efnisákvæði um t.d. her og frið og gildi og ýmis mikilvæg atriði, að það er alveg ljóst að yfirþjóðlegar stofnanir, eða stofnanir sem fara með framselt ríkisvald frá okkur, geti ekki breytt stjórnarskránni. Það verður aðeins gert með þeim reglum sem að við eigum eftir að tala betur um hér.

Nú síðan vil ég að lokum taka undir með breytingartillögu sem að Lýður og Kata hafa dreift hér, um að það er sjálfsagt að áréttu að staðfestingarþjóðaratkvæðið, þarf að sjálfsögðu að vera bindandi, af eða á. Það er nú væntanlega það sem að meint er með þessu, en ég held að það myndi róa marga að taka það fram. Aftur takk.

SN
Ari Teitsson. Gjörðu svo vel.

AT
Ég ætla einungis að gera 3. greinina hér að umtalsefni og bregðast við sem að Pétur opnaði hér umræðuna með, þ.e.a.s. spurninguna um hvort gert sé ráð fyrir auknum meirihluta þings við stærri ákvarðanir, eins og þarna er í raun og veru verið að tala um. Vil þó nefna það fyrst, að mér sýnist nú að það séu allar líkur á því að, miðað við það ferli sem að við svona sjáum framundan, þá séu líkur á því að Evrópusambandsaðild verði afgreidd til samþykktar eða synjunar,

með núgildandi hætti áður en að stjórnarskráin nýja fær gildi, en það skiptir nú ekki öllu máli í þessu sambandi. Það sem skiptir máli er það að, ég tel og ég heyrir að það kannski gera fleiri, að svona fullgilding framsals sem felur í sér svona, afsal á miklu ríkisvaldi og er í raun og veru breyting á stjórnarskrá, hún á að mínu mati að fá sömu meðferð eins og breytingar á stjórnarskrá, algjörlega. Og þetta mál var í raun og veru aldrei útrætt endanlega í nefndinni, og það var einfaldlega vegna þess að það beið eftir því að við gengum frá ákvörðunum um breytingar á stjórnarskrá. En það er mín skoðun, í fyrsta lagi að stjórnarskrá eigi að breyta með samþykki $\frac{2}{3}$ hluta þingmanna og síðan í þjóðaratkvæðagreiðslu, sem er bindandi. Ég tel að það að breyta stjórnarskrá sé svo mikilvægt að það eigi að fá mjög breiðan stuðning, jafnt hjá þingi og þjóð. Og ég tel þess vegna, að það sem hér ætti að standa um framsal ríkisvalds, svona í meiriháttar málum, það sé einnig gert með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða Alþingis, og síðan í þjóðaratkvæða, en það biður að setja það inn, að mínu mati, þangað til að biúdi er að ganga frá ákvæðum um breytingar á stjórnarskrá. Ég hef lokið máli mínu.

SN
Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR
Formaður og aðrir sem mál mitt heyra. Ég vil nú taka undir það sem Ari segir, að það þarf að vanda vel til allra stórra breytinga, og mætti kannski þá skoða betur stjórnarskrár annarra landa. Það virðist nú ekki vera svo að í nágrannalöndum okkar hafi verið $\frac{2}{3}$ sem að hafi verið krafist. En við skulum skoða þetta mjög vel, vegna þess að þetta er jú ekkert smámál. Ég ætla að fylgja því eftir sem var verið að segja hér á undan mér. Jú, Pétur, við höfum þurft að deila valdi okkar með öðrum. Og ég skal bara fara hérna hratt yfir, vegna þess að umræðan þessa dagana, er mjög mikið á þá leið að það er verið að núa okkur því um nasir, að við séum landráðafólk. Af því að nú eigi allt í einu að fara að afsala sér valdi og deila valdi með öðrum, sem aldrei hafi verið gert áður. Og það sé bara um það grein, lagagrein sem að heitir, það heitir landráð. Og nú skal ég bara fara hratt yfir sögu. Ég held að við höfum gerst aðilar að Alþjóðlegu flugmálastofnuninni, áður en við urðum aðilar að Sameinuðu þjóðunum. Með því deildum við valdi okkar í flugmálum, mjög mikið, eins og ég þekki vel, á þessu sviði sem ég hef kynnst. 1946 göngum við hægt inn í Sameinuðu þjóðirnar eftir tveggja ára hik, vegna þess að við sjáum að við erum að afsala okkur valdi til Öryggisráðsins, og finnum strax fyrir því 1950, þó við lýsum því yfir að við séum hlutlaus þjóð, sem að sé á móti hernaði og með engan her. Við göngum í NATO 1949. Er það ekki að deila valdi með öðrum? Ég er nú ansi hræddur um það. Við afsölum okkur landi á Miðnesheiði 1951, þar sem að Bandaríkjamenn hafa lögsögu á ákveðnu lokudu svæði. Ég er nú ansi hræddur um að það sé að, jafnvel svona, jaðri við það að sé afsal á landi. Þetta gekk samt í gegn. Síðan göngum við í EFTA 1970. Við afsölum okkur þeim hluta handritanna, sem við semjum um. Þannig að þar vorum við að deila ákveðnum verðmætum með annarri þjóð, með samningum. Við reyndar höfnum því að gangast undir Alþjóðadómstólinn í Haag, en ég bendi á, að við biðum eftir dómi hans, áður en við

færðum út landhelgina 1952. Við biðum eftir Alþjóðadómstólsins í Haag, af hverju. Af því að við vorum að deila valdi okkar með öðrum þjóðum, og sættum okkur við það að þessi dómstóll hefði eitthvað um þetta að segja. Við undirritum Ríó sáttmálann 1992. Þar er verið að afsala sér valdi með því að gangast undir alþjóðlegar skuldbindingar um sjálfbæra þróun, sem við höfum að vísu brotið nokkrum sinnum, en það er annað mál. Við undirrituðum sáttmála sem við hétum að virða, og afsala okkur, eða deila þar með valdi okkar með öðrum. Við erum aðilar að Alþjóða siglingamálastofnuninni, við erum aðilar að Schengen, við göngum inn í EES 1993 og 1994, og hefðum átt að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um það væntanlega, en það var ekki gert. Af hverju, Pétur? Af því að það vantaði allt í stjórnarskrána. Og menn urðu ... í öllum þessum tilfellum sem ég er að nefna, og ég skal nefna Árórsarsáttmálann, Kyoto, ég skal nefna ótal gæðakröfur sem eru bara á tölvunum okkar hérna á borðunum, o.s.frv. Þetta er svo langur, langur listi þar sem að við höfum þurft að deila valdi okkar með öðrum þjóðum, að ég ætla ekkert að fara að æra óstöðugan með því. Bara að segja þetta. Er betra að hafa það eins og það hefur verið hingað til, að það sé bara einhver í lögfræðinganefnd eða það séu lögspækingar í hvert einasta skipti, sem að segja til um það, hvort við höfum deilt valdi okkar með öðrum. Þegar það blasir við að við höfum gert þetta svo svakalega mikið, allan lýðveldistímann, að ef að væri farið út það að hafa þann skilning á þessu að það væri landráð, þá væru allir alþingismenn lýðveldisins komnir í fangelsi, plús ráðherrar og allir þeir sem að hafa staðið að þessu. Ég held einmitt að við eigum að segja þjóðinni það, við viljum koma þessu í fast form, við ætlum ekki að auðvelda að ganga í ESB, og við ætlum ekki heldur að verða einhver trafalí á því. Við ætlum að ganga þannig frá þessu, að við gerum þetta eftir reglum stjórnarskrárinnar, eins og best verður á kosið, án þess að við séum sökuð um að vera á móti eða með því að ganga inn í ESB. Takk.

SN

Katrín Oddsdóttir er næst. Og ég loka mælendaskrá um þennan lið, á meðan hún talar. Gjörðu svo vel.

KO

Já. Kæru vinir og kæra C-nefnd. Takk fyrir þessar tilögur. Það voru tvær svona, beinar spurningar, ef ég skildi rétt sem komu fram í erindi varaformanns, sem hún bað okkur um að koma með athugasemdir við. Og annars vegar þá vil ég bara fyrir mig segja, að ég fagna því alltaf, þegar það er verið taka út þetta leppunarorðalag varðandi forsetann. Þannig að mér finnst þetta til bóta, að þarna sé sagt ráðherra, ef að ráðherra er sá sem að vissulega hefur haft valdið. En auðvitað hefur forseti sitt málfrelsi og það er bara spurning hvort að það þarf að skilgreina þetta einhvern veginn í stjórnarskránni eða greinargerð, að það sé þá bara ætlunin að það sé ekki bindandi, sem hann segir um utanríksmál. En þetta er svolítið svona loðið allt saman. Ég veit ekki alveg hvernig er best að gera þetta, en ég segi frábært að það sé búið að taka út einhvers konar gervivald. Gott hjá ykkur!

Nú. Ég er á móti því að nafngreina ákveðnar nefndir. Mér finnst það bara fagurfræðilega vera óhentugt. Ég veit það er kanski betra og auðveldara fyrir okkur, en

við hljótum að geta fundið leið til þess að skilgreina valdið sem viðkomandi nefnd hefur nú, og leyft þannig löggjafanum og framtíðarstjórnvöldum að skilgreina betur hvernig þau vilja koma valdinu fyrir í nefndum. Það getur vel verið að seinna vilji þau sameina einhverjar nefndir eða aðskilja, eða eitthvað. Og þá ættum við ekki að vera búin að geirnegla þetta of mikið í stjórnarskrá.

En. Nú kemur stóri breytingartillögukafinn í mínu máli. Ég ætla að bera fram tvær breytingartillögur hér og hef sent ykkur þær báðar í tölvupósti, en önnur þeirra er prentuð og komin á borðið. Sú fyrri lýtur að 1. gr. utanríkiskaflans, og hún er borin fram af mér ásamt Silju Báru Ómarsdóttur, og segir sem sagt í 3. mgr., ef þið viljið fletta með mér þangað, í þessari frábæru nýju viðbót, sem ég þakka ykkur ástsamlega fyrir að hafa sett inn, að ákvörðun um stuðning við hernaðaraðgerðir skal háð samþykki Alþingis. Ég væri enn glaðari og stoltari ef að þetta mundi hljóma svona: Ákvörðun um stuðning við hernaðaraðgerðir skal háð samþykki $\frac{2}{3}$ atkvæða á Alþingi. Og það er mín formlega breytingartilaga, mín og Silju.

Nú, önnur breytingartilaga sem ég ætla að fá að lesa yfir hérna með ykkur, varðar 3. greinina, og hún er lögð fram af mér ásamt Lýð Árnasyni. Og hún er sem sagt 2. mgr., 3. gr., sem fjallar um framsal ríkisvaldsins. Ég deili nefnilega, að vissu leyti, áhyggjum Péturs og fleirum. Og ég vil bara tileinka þessa breytingartillögu mömmu minni, sem sagði: „Hvað eruð þið að gera? Eruð þið að fara að koma okkur beint í Evrópusambandið, þarna, fiflin ykkar?“ Og ég held að það sé ekki það sem við erum að gera, við erum að reyna að sýna einhvers konar rétt ástand af því hvernig þetta hefur nú þegar verið talið að það og megi ... og negla niður ákveðið ferli, í fullkomnu hlutleysi okkar um þetta ákveðna mál. Og mér fannst hreinlega að við þyrftum að vera alveg algjörlega með það á hreinu að værum hlutlaus í þessu tilliti. Og mér fannst þetta vera full, svona, bratt orðalag, þarna í 2. gr., þar sem segir: Þegar tillaga um fullgildingu samnings sem felur í sér ... hefur verið samþykkt, eins og það væri bara tímaspurnsmál hvenær það gerðist. Og þess vegna er þetta borið fram, að það er alls ekkert okkar skilningur í þessu ráði, að það sé eitthvað tímaspurnsmál, að hér verði samþykkt framsal á fullveldi landsins, alls ekki.

Þannig að þá vildum við frekar að þetta myndi orðast á eftirfarandi hátt: Samþykki Alþingi fullgildingu samnings, sem felur í sér framsal ríkisvalds, skal ákvörðun borin undir þjóðaratkvæði, til samþykktar eða synjunar. Og svo bætist við: Niðurstaða slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu er bindandi. Ég held við getum varla gert þetta mikið skýrara. Og ég held að þarna séum við að koma í veg fyrir það, að hér myndist einhver risakór grátradda sem saki okkur um einhvers konar landráð. Við erum ekki á neinn hátt, að fara að fremja nein landráð hér í þessu Stjórnlagaráði. Við viljum hins vegar að það sé algjörlega skýrt, hvernig þessum reglum, verði beitt og breytt. Og hafandi sagt það, þá styð ég líka, ef að Pétur leggur fram breytingartillögu um að það þurfi $\frac{2}{3}$ Alþingis til þess að framselja slíkt vald, þá myndi ég styðja slíka tillögu. Af því þetta eru, eins og fram hefur komið, stjórnmál. Og svo held ég líka að við eigum að skoða það sem að Pétur benti hér á, að það þurfi að setja inn einhvers konar tímaramma. Ég myndi leggja til að það mundi, eða

bara svona að óhugsuðu máli, það væru þarna einhverjir sex, níu mánuðir eða eitthvað slíkt, sem að þið mynduð þá setja inn. Og ég get komið með einhverja skriflega tillögu ef að það er betra, en ég get líka bara eftirlátið ykkur að útfæra það, af því ég treysti ykkur svo vel. Takk.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, kærur félagar og aðrir sem á okkur hlusta. Mig langar nú bara að taka á nokkrum meginpunktum. Ég eins og Kata, þakka kærlega fyrir að þessi 3. mgr. hafi bæst við 1. greinina í utanríkismálapakkanum, en ítreka að ég er á þessari breytingartillögu, sem Kata lýsti, um að bæta þarna við að það þurfi $\frac{2}{3}$ hluta atkvæða á þingi, og er jafnvel að velta fyrir mér hvort að það ætti að vera ákvæði um, þar sem við förum fram á aukinn meirihluta, svona almennt, í atkvæðagreiðslum. Því að þetta yrði ekki eina tilvikið, að það þurfi að vera ákveðinn fjöldi þingmanna viðstaddur slíkar atkvæðagreiðslur að auki. En að minnsta kosti um stundarsakir að þá er þessi tillaga um að það þurfi $\frac{2}{3}$ hluta, eitthvað sem að ég myndi vilja sjá til viðbótar.

Þetta var ekki inni í minni tillögu síðast, einfaldlega vegna þess að eins og svo margt annað, að þá er það unnið í flýti. Maður sér tillögunar með sólarhringsfyrirvara gjarnan, og er að bregðast við svona, á hlaupum. En þetta er eitthvað sem ég tel mjög mikilvægt, enda er hér um mjög stór og gjarnan umdeild mál að ræða.

Mér finnst breytingin á 2. gr. til mikilla bóta. Að tala um alþjóðasamninga fyrir hönd ríkisins, frekar en samninga við önnur ríki, enda eins og varaformaður C-nefndar, Íris Lind, fór vel yfir að þá er það ekki nógu viðtækt.

Svo er þetta með framsalið, að við vorum nú aðeins að vandræðast með þetta orðalag þarna, undir lok dagsins í gær, og ég treysti því bara að nefndin kiki aftur á það, að alþjóðasamninga um framsal til alþjóðlegra stofnana og svona, hvort að það sé hægt að orða þetta á einhvern einfaldari hátt. Mér sýnist í fljótu bragði jákvætt að hafa þetta ákvæði, þessa breytingartillögu eins og Katrín Oddsdóttir og Lýður Árnason leggja til um aukið, um aukinn meirihluta þarna, sem sagt, nei fyrirgefið þið, ekki aukinn meirihluta, heldur að sem sagt, breyta þessu í viðtengingarhátt þarna. Og ég myndi vilja sjá breytingartillögu líka frá Gísla um afturköllun framsals á fullveldi. En sko, við erum aðeins að tala um framsalið. Ómar hélt nú herna ræðu, sem að ég held gjarnan í tíma, þegar ég tala um fullveldi og hvað felst í því að framselja fullveldi. Uppáhaldsdæmi mitt er Alþjóða hvalveiðiráðið, vegna þess að þetta er svona mál, sem að við deilum gjarnan um, hvort að við eigum að veiða hval eða ekki, og svona í ljósi þess að við erum jafnvel að tala um að fara í hvalaskoðun herna saman í ráðinu, þá er þetta kannski líka viðeigandi.

Við sko, ef þetta yrði útvíkkað eins og Gísli er að segja, að það ætti ekki bara að vera að tala um sko, framsal til stofnana sem að starfa í þágu friðar og efna-hagssamvinnu, þá værum við að tala um það, ef við göngum inn í sko, fiskveiðisamninga, gerum alþjóðlega fiskveiðisamninga, þar sem að ákvörðun um kvóta er tekin á alþjóðavettvangi, þá erum við að framselja full-

veldi. Við höfum nefnilega, það er hárrétt sem Ómar segir, við höfum alltaf verið að deila fullveldi okkar. Baráttan sem að var háð herna allt fram til 1944, um það að öðlast þetta algjöra fullveldi, um leið og við erum komin með það, rétt og eins og flest nýfrjáls ríki í heiminum í dag, þá hefjum við í raun og veru leiðina að því að afsala og deila fullveldi okkar, með öðrum ríkjum. Þannig að, ef að við ætluðum að víkka þetta út, og segja sko, að það þyrfti alltaf þjóðaratkvæðagreiðslu um hvern einasta samning, sem framseldi minnsta brotabrot af fullveldi okkar, þá værum við að greiða atkvæði bara, mörgum sinnum á ári. Þannig að ég mundi nú vilja gæta þess að þetta ákvæði um hvenær við ætlum að greiða atkvæða um það, að við framseljum hluta af fullveldi okkar, að þá verði þess gætt að það sé ekki í smávægilegustu málum, þar sem að við erum að ... þó ég segi nú ekki að fiskveiðarnar séu smávægilegar fyrir okkur, að við eigum ekki að þurfa að taka afstöðu til þess með þjóðaratkvæðagreiðslu hvort við ætlum að t.d. samþykkja það að ákvörðun um hvalveiðikvóta sé tekin í Alþjóða hvalveiðiráðinu, eða herna heima. Þannig að ég bara svona, gæta þess líka að við séum ekki að fara sko, langt langt fram úr því sem að raunhæft er. Að öðru leyti held ég að þetta sé nú bara nokkuð gott og ég þakka C-nefnd yfir góðar undirtektir við þær tillögur sem ég lagði fram síðast, þegar þetta mál var kynnt, og er að verða svona nokkuð sátt við þennan kafla. Takk fyrir.

SN

Já, ég ítreka að mælendaskrá hefur verið lokað, var lokað eftir að Katrín lauk máli sínu. En Pawel Bartoszek, þú ert næstur. Gjörðu svo vel.

PB

Já, takk fyrir, kærur vinir. Við í nefndinni til umfjöllunar tillögur Silju Báru síðast og eftir að hafa lagst yfir þetta og skoðað stjórnarskrár annarra ríkja, þá er það svo að margar þeirra, svona bara til þess að ... í ljósi þess sem stundum er rætt í tengslum við veru okkar í NATO, og mörg lönd sem eru í NATO eru með, og jafnvel líklegast meirihluti þeirra, ég náði nú bara að finna Slóvakíu, Tékkland, Pólland, Frakkland, Tyrkland og örugglega fleiri, sem eru engu að síður með ákvæði þess efnis um að þingi beri að samþykkja stuðning eða þátttöku í hernaðaraðgerðum. Þannig að þetta bindur ekki hendur okkar með neinum hætti. Sum þeirra ganga jafnvel ívið lengra og tiltaka að þátttaka í þannig aðgerðum sé einungis heimil ef ráðist er á ríkið, eða ef hún er nauðsynleg til þess að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar ríkisins, sem stafa af alþjóðlegum varnarsáttmálum. Þannig að það er alveg hægt að gera með með ýmsum hætti. En ég svona, verð nú að segja að það kannski veldur mér ákveðnum vonbrigðum, þó ég hafi nú hlustað á skýringu Silju Báru þess efnis að henni hafi ekki gefist tími til að setja inn þennan aukinn meirihluta síðast, að þegar lagðar eru fram breytingartillögur þar sem er sko, gefinn ákveðinn möguleiki á valkostum, og menn eftir sko, fallast á einn þeirra, og kannski eru svolítið að gefa eftir af sínu, þá sé næst lögð fram tillaga um að ganga aðeins lengra. Og þá spyr ég, verður þá næst tillaga um $\frac{1}{2}$ eða svo framvegis, sko. Það er, ég skil skýringuna en mér finnst kannski að það sé nú svona, búið að koma til móts við mest af því sem lagt hefur verið fram og

gengið kannski jafnvel lengra en margir hefðu verið til í að gera.

Nú varðandi framsal fullveldis, þá er það þannig að við okkur í nefndinni, blasti auðvitað ákveðið vanda-mál. Og það var það að flest af því sem við gerum hér, mun vera túlkað með einhverjum hætti, hugsanlega, sem annað hvort leið til þess að auðvelda inngöngu í Evrópusambandið eða ekki. Og það vildum við, sem minnst gera. Við skulum aðeins skoða hvernig staðan er í dag, á þessum málum. Hún er þannig að það þarf ekki einu sinni meirihluti þings, í raun, að samþykka sko, þó hann þurfi þess, þá er kannski sú vegsemd, sem lagt verður í, gerir ekki eins ráð fyrir að meiri-hluti manna á þingi sé efnislega í raun sko, fylgjandi inngöngu í Evrópusambandið, t.d. Heldur það verður bara lagt í einhverja svona ráðgefandi þjóðaratkvæða-græiðslu og síðan verði svona unnið með það einhvern veginn. Það er verið að setja málið í mun fastari skorð-ur. Og ef að farin er sú leið að krefjast aukins meiri-hluta, þá er auðvitað verið að breyta í hina áttina, þá er auðvitað verið að gera inngöngu í Evrópusambandið erfíðari, heldur en hún er í dag. Og það getur á sama hátt verið túlkað af þeim sem eru fylgismenn hennar, sem tilraun til þess að breyta þessum leikreglum með einhverjum hætti. Þannig að við reyndum að reyna að búa þannig um hnútana, að það ákvæði sem við settum inn, væri sem minnst breyting frá því ferli sem nú er, en engu að síður ákveðin formfesta á því. En ef það eru tillögur um hvernig hægt sé að gera þetta þannig að við getum öll með góðu móti svarað að við séum ekki taka efnislega afstöðu til ESB-aðildar, þá væri það til hins betra. Ég hef sjálfur svona, ýjað að því að hugsanlega væri einfaldasta leiðin að sleppa slíku ákvæði og þá mundi aðild að [ógreinilegt] varla vera eitthvað sem væri sko, afgreitt sérstaklega í stjórnarskrá, ef til þess kæmi, en mér sýnist meirihluti manna vera á því að slíks ákvæðis sé þörf, og þess vegna var þessi leið farin í von um að þarna sé verið að breyta sem minnstu frá því ferli sem hefur verið sett af stað. Að öðru leyti ætla ég ekkert að bæta frekar við og treysti því að Íris Lind svari flestum þeim athugasemdum sem hafa komið fram. Takk.

SN

Pétur Gunnlaugsson. Gjörðu svo vel.

PG

Formaður, ágætu félagar. Ég vil svara honum Gísla Tryggvasyni. Það er rétt að samningur frá 1993 um Evrópska efnahagssvæðið fól í sér fullveldisafsal, eða framsal til þessarar alþjóðlegu stofnunar. Það er alveg rétt að það gerðist á sínum tíma. En hvaða möguleikar voru þá í stöðunni? Þáverandi forseti vildi ekki beita 26. gr. stjórnarskrárinnar, þrátt fyrir áskoranir frá mörgum. Hin leiðin var sú að rjúfa þing, og efna til kosninga. Hvorugt var gert. Þetta segir okkur nátt-úrlega heilmikið um afstöðu ríkisins og stjórn mála-manna til stjórnarskrárinnar, og hvernig þeir koma þannig fram. Þannig að það er rétt. Það sem ég var að segja, hins vegar, að við höfum ekki þurft, að lögfesta ákvæði, til þessa, um framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnanna, og eins og verið er að gera núna, af sérstöku tilefni. Ég tel ekki tímabært að við gerum þetta, í ljósi þess að þjóðin hefur ekki tekið afstöðu til Evrópusam-bandsins, það er óljóst. Ef við gerum það, ef þjóðin vill

það, þá verður tekin afstaða til þess og allir verða að líta því, niðurstöðu þjóðarinnar um það efni. Varðandi þessi mál sem að, þessi upptalning hjá honum féлага mínum Ómari, þá er ég nú ekki sammála honum. Auðvitað eigum við að hafa mikil samskipti við önnur ríki, um ýmis mál, hvort sem við verðum í Evrópusam-bandinu eða ekki. Það er alveg ljóst. Og höfum haft mikil samskipti. Það var tekið sem dæmi Alþjóða hval-veiðiráð. Ástæðan fyrir að við hefðum getað mótmælt hvalveiðibanni á sínum tíma, eins og Norðmenn gerðu, og Japanir. Við gerðum það ekki. Auðvitað verðum við að nýta okkur þær heimildir sem við höfum, í þessum samningum sem við gerum við erlend ríki. Og ef við gerum það ekki, þá er ekki hægt að líta á það sér-staklega, sem fullveldisafsal. Að lokum vil ég benda á það að ég hef ekki fengið fullnægjandi skýringar á því, hvers vegna þetta er sett, hérna inn í þetta áfangaskjal, undir lið stjórnarskráin, að óskrifuð regla um fram-sal geti verið heimilt að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum. Gísli, réttilega, benti á það, og tók undir með mér, að þetta ætti ekki heima þarna. Og að þetta hefði í raun og veru, hann sagði það að vísu ekki, en ég held því fram, að þetta hafi enga réttarlega þýðingu. Og mér þætti vænt um það að heyra frá nefndarmanni, eða formanni nefndarinnar, eða varaformanni, hvernig stendur á því að þetta er í þessu skjali. Takk fyrir.

SN

Þá er næstur á mælendaskrá Andrés Magnússon. Gjörðu svo vel.

AM

Kæru félagar og formaður og þið sem heima sitjið. Ég kom aðeins of seint, en ég held það hafi samt ekki verið komið inn á, það sem ég ætla að gera að um-fjöllumarefni mínu. En það er fyrst 1. greinin, og það bara hefur verið svo lítil tími til þess að ræða þetta, það væri kannski eðlilegast að við hefðum rætt þetta í nefndinni þar sem ég sit, en við erum sammála um að ég myndi bara taka það hér. Og þar segir: Utanríkis-stefna og almennt fyrirsvar ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn. Þetta er dálítið almennt, ætti ekki að vera: Utanríkisstefna og almennt fyrirsvar ríkisins varðandi utanríkismál. Því að þetta er mjög, svona, breið yrðing þarna, nánast eins og það sé um allt. Og síðan finnst mér þetta bera svolítið keim af því að, við erum svo vön þessu samkrulli, þessari samsóun framkvæmdar-valds og löggjafarvalds. T.d. hérna í dæmi A í skýrslu stjórnlaganefndar, í miðdálknum, þar stendur: Utan-ríkisráðherra mótar utanríkisstefnu. Hvernig getur framkvæmdaraðili mótað stefnu?

Við erum orðin svo samdauna þessu að við sjáum ekki innbyrðis mótsögnina í þessu, að framkvæmda-raðili hann á að framkvæma það sem aðrir hafa ákveðið. Hann getur ekki búið til stefnu. Þannig að ég varpa þessu fram, svona til þeirra sem sitja í nefnd B, hvort við ættum ekki að umorða þetta og segja: Alþingi mótar utanríkisstefnu en utanríkisráðherra sér um framkvæmd hennar og fer með daglega forsjá utan-ríkismála. Forsjá þarna í staðinn fyrir fyrirsvar. Bara til þess að áretta þetta, að framkvæmdarvaldið sér um að framkvæma vilja annarra, það á ekki að hrífsa til sín völdin, eins og gerst hefur á Íslandi.

Og þá er það 3. gr., framsal ríkisvaldsins. Ég tek svolítið undir áhyggjur Ara sko, er ekki framsal ríkis-

valds oft breytingar á stjórnarskrá? Í stjórnarskránni stendur ... ég man nú ekki tillögur okkar alveg orðrétt, en mig minnr að standi að Hæstiréttur er æðsta dómvald ríkisins. Er það þá þannig, ef íslenskur hermaður fer í friðargæslu til Afganistan og er dæmdur í fimm daga fangelsi, að hann geti sagt: „Já, kæri majór, þú mátt alveg dæma mig en ég fer bara með þig fyrir Hæstaréttinn á Íslandi. Og það er sá réttur sem ég lýt.“ Eða ef það er einhver kvóti í Alþjóða hvalveiðiráðinu, að við getum áfrýjað honum til Hæstaréttar. Eða skrufustærð, eða mutteringar í flugvélina hans Ómars, að það kemur reglugerð, sem segir að hún eigi að vera 3,5” en ekki 3,4”, að við getum þá áfrýjað því til Hæstaréttar, þannig að Fyrir mér lítur út eins og framsal ríkisvalds sé líka breyting á stjórnarskránni um að Hæstiréttur sé æðsta dómvald. Nú er ég ekki lögfróður og það getur vel verið að ég sé að misskilja þetta allt saman, en ég vil gjarnan að þessar áhyggjur komi fram.

Og síðan tvö önnur atriði. Mér finnst ekki sanngjarn að við setjum að það þurfi ⅔ hluta í þessari 3. gr. Þá erum við virkilega að taka afstöðu, annað hvort með eða á móti inngöngu í Evrópusambandið. Og mér finnst bara ekki sanngjarn að við álitum að það sé okkar mál. Mér finnst bara eðlilegast að það sé mál þjóðarinnar, með þjóðaratkvæðagreiðslu. Og líka finnst mér gott að hnykkja á því í 3. greininni, að atkvæðagreiðslan skuli vera bindandi, en mér finnst það dálítið langt orðalag, að hnýta því aftan við síðustu setninguna, eftir að er búið að segja: Skal ákvörðun borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Punktur. Skal hún vera bindandi. Getum við ekki bara sagt: Af Alþingi skal ákvörðunin borin undir bindandi þjóðaratkvæði. Punktur. Og punktur hjá mér líka. Takk.

SN

Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Kæru ráðsliðar og aðrir sem hér eru. Við fórum nú yfir þetta fullveldisákvæði í C-nefnd og ég fagna því mjög að við höfum þó náð þeirri lendingu að nú fer þetta í gegnum þing og svo þjóðina í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Áður var þetta tvö þing og þingrof á milli sem að gat verið kosning um allt annað. Ég tek samt sem áður undir það sem að Ari hefur verið að tala um, varðandi stjórnarskrárbreytingar, að þegar um meiriháttar fullveldisafsal er að ræða, þá finnst mér ekkert óeðlilegt að það sé aukinn meirihluti þings. Það er mín skoðun og við ætlum að leggja það hér undir ráðið sem breytingartillögu og sjá hvort ráðið sé þessu samsinna eða ekki. Auk þess er ég sammála Pétri varðandi tímamörkin, að ég held það sé betra að hafa þetta innan sex mánaða heldur en árs, og hamra járníð á meðan allavega er einhver velja í því. Þannig að það fylgir líka þessari breytingartillögu. Og svo auk þess að það sé tilgreint algjörlega óvæfengjanlega að þjóðaratkvæðagreiðslan sé bindandi. Og að öðru leyti þá bara er ég nokkuð ánægður með þessar tillögur sem að frá okkur hafa komið, frá C-nefnd. Takk.

SN

Nú, þá er umræðu lokið um utanríkismál, tillögur sem kynntar voru og ég gef varaformanni nefndarinnar

orðið til að taka saman umræðurnar, sem hér hafa farið fram. Gjörðu svo vel, Íris Lind.

ÍLS

Kærar þakkir. Og takk fyrir allar athugasemdirnar og breytingartillögurnar sem okkur hafa verið að berast hérna á fundinum. Ég ætla nú bara svona að snerta á nokkrum hlutum. Ég ætla fyrst að bregðast við spurningu Péturs um það, af hverju við setjum inn afmörkun á þessari óskrifuðu meginreglu um það að framsal ríkisvalds á grundvelli stjórnarskrárinnar sé heimilt, eins og staðan er í dag. Þá er það sett fram til þess að varpa ljósi á það af hverju nefndin velur það að setja inn ákvæði um framsal ríkisvalds í stjórnarskrá og til þess að, svona, varpa ljósi á það að við erum ekki að opna hér á ESB aðild. Við erum að varpa ljósi á stöðuna eins og hún er, og reyna að skýra það, og afmarka nánar hvernig með svona þætti skuli farið, og þá einmitt sérstaklega hvað varðar málsmeðferðina. Eins og staðan er í dag, þá er í gildi, auðvitað er það umdeilt meðal sumra, en það hefur verið notað til stuðnings framsals á íslensku ríkisvaldi hingað til, á vettvangi EES, á vettvangi Schengen og annarra þátta síðan þá. Og hún felur ekki í sér neina sérstaka málsmeðferðarreglu, eða neina reglu um það að þjóðin geti haft aðkomu að slíkri ákvarðanatöku. Og það er það sem við erum að leitast við að reyna að gera. Og við erum líka að leitast við að reyna að festa hana niður þannig að hún haldi ekki áfram að þróast út í hið óendanlega. Og þannig að hún sé bara fest.

Og það er nú bara þannig, að stjórnskipunarvenjur eru ígildi grundvallaraga og stjórnskipunarvenja verður almennt ekki afnumin, nema með stjórnarskrárbreytingu. Þannig að ef að við ætlum ekki að gera neitt, og setja enga reglu um framsal ríkisvalds og mörk þess, þá verður óskrifada reglan áfram í gildi. Og mörk hennar óljós og hvenær þau enda og hvar og hverjir hafa aðkomu að ákvarðanatökunni verður bara áfram óljóst. Það er ástæðan fyrir því og þetta er svona til að setja fram ... ætlast til að ... við erum að reyna að leitast við því að bregðast við ásökunum um það að við séum að opna á eitt eða annað. Kannski bara að nefna, það eru náttúrlega tvær stjórnskipunarvenjur eða reglur í gildi í dag sem eru mjög mikilvægar og þær eru notaðar sem dæmi um svona stjórnskipunarreglur sem eru helgaðar af, eða byggðar á venju og verður ekki breytt nema með stjórnarskrárbreytingum, og það er t.d. þingræðisreglan. Og það er t.d. það að dómstólar úrskurði um stjórnskipulegt gildi laga. Það eru svona veigamestu reglurnar sem að flestum eru kunnar. Varðandi sko, Gísli nefndi hérna, ákvarðanatöku um afturköllun á framseldu ríkisvaldi. Nú er það þannig að nú eru sambærileg ákvæði til í stjórnarskrám Norðurlandanna, t.d., og þar eru mjög skiptar skoðanir um það, hvaða ferli skuli gilda um ákvarðanatöku. Hvort að sama ferlið, þar sem aukinn meirihluti þings og þjóðar taki afstöðu til ákvörðunar, hvort að sama regla eigi að gilda eða hvort að einfaldur meirihluti þings, geti tekið slíka ákvörðun. Það eru skiptar skoðanir, það eru ýmis sjónarmið með eða á móti. Og þetta er kannski eitthvað sem getum skoðað nánar, við getum hugsanlega sett það inn í greinargerð eða ef mönnum þykir þetta óljóst, að setja það inn í ákvæðið, það þarf að skoða það.

Eins og Pétur kom inn á og Ari snerti líka á, og fleiri, varðandi ákvarðanatöku um framsal ríkisvalds, þá

nefndi ég það sérstaklega hérna á fundinum um daginn, að þetta væri atriði sem við værum ekki búin að útræða í nefndinni, og það helgaðist einkum af því að við vorum ekki búin að ræða það, hvernig við ætluðum að leggja til að stjórnarskrárbreytingum yrði háttað. Þessi tillaga var því sett fram með fyrirvara, og þannig að það væri öllum ljóst að við værum ekki að binda okkur endanlega við það sem við settum þarna fram, heldur að það stæði opið að hugsanlega yrði þarna kveðið á um aukinn meirihluta. Þannig að það gildir ennþá, og við erum rétt núna bara að móta hugsanlega fyrstu tillögur okkar um það, hvernig skuli farið með stjórnarskrárbreytingar, og það er rétt að því verði haldið til haga í tengslum við utanríkismálakaflann og framsal á ríkisvaldi. Ég þakka fyrir breytingartillöguna við 3. gr. hvað varðar, sem sagt frá frá Katrínu og Lýð, mér þykja þær bara mjög góðar og skýra þetta betur. Að öðru leyti held ég að ég sé ekki ... má ég sjá, ég var nú búin að hripa hérna niður ýmis atriði, sem kannski þarfnast einhverra viðbragða, má ég sjá ... Nei, ég held að ég hafi svona snert á því helsta, að öðru leyti hafa aðrir nefndarmenn eða aðrir í salnum brugðist við. Þannig að ég þakka bara kærlega fyrir. Og við tökum þetta og skoðum þetta svo nánar í kjölfarið á deginum í dag, höldum áfram eins og með allt sem við erum að samþykkja hérna inn í áfangaskjal. Það er ekkert endanlegt og allt heldur áfram í vinnslu hjá okkur. Takk.

SN

Ég þakka nefnd C fyrir framlagðar tillögur og varaformanni nefndarinnar fyrir kynningu og samantekt hér. Tillögurnar eru lagðar fram til afgreiðslu inn í áfangaskjal, þannig að þeir sem eru samþykktir því, ég bið þá um að rétta upp hönd. Gjörði þið svo vel. Einhver á móti? Ókei, þá skoðast hún samþykkt, takk fyrir. Og þá er komið að lið 2, eða sem sagt seinni kynningunni á skýrslu C-nefndar, og það er lýðræðisleg þátttaka almennings. Og ég bið formann nefndarinnar Pawel Bartoszek að fylgja þeim tillögum úr hlaði. Gjörðu svo vel.

PB

Já takk, kæri formaður, og ráðsfulltrúar og aðrir sem á mig hlýða. Nú, hér leggjum við fram til afgreiðslu og síðan kynningar tillögur sem lúta að lýðræðislegri þátttöku almennings, og snúa að stórum hluta til að þjóðaratkvæðagreiðslum. Nú þær hafa tekið einhverjum breytingum frá því að þær voru lagðar fram til kynningar síðast, sem ég mun fara yfir og síðan fara yfir svona, heildartillögurnar, tillögurnar í heild sinni. Það eru í dag í stjórnarskránni nokkur tilfelli þar sem kveðið á um þjóðaratkvæðagreiðslur, og það er þá helst greinin um málskotsrétt forseta og síðan grein um breytingar á kirkjuskipan, og brottvikningu forseta. Þannig að það er ekki í mjög mörgum tilfellum sem stjórnarskráin heimilar þjóðaratkvæðagreiðslur, sem eru þá bindandi. Ég hef skynjað, og ég held að við gerum það flest, að í ráðinu séu uppi sjónarmið svona, allavega þorri ráðsmanna um að auka möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslum og þátttöku almennings í ákvörðunartöku. En hins vegar er það auðvitað þannig að við viljum ganga mislangt í þeim efnum. Sumir mundu vilja fara alla þá leið sem Sviss og Kaliforníu og nokkur fylki Bandaríkjanna hafa stigið og aðrir vilja stíga kannski varlega til jarðar í þessum efnum.

Nú, fyrst ber að nefna, þá ætla ég að kynna tillögu um þjóðaratkvæði um brottfall nýsamþykkrá laga. Þetta er 1. grein og hún hljóðar svo: „Alþingi skal bera undir þjóðaratkvæði lög ef tíu af hundraði kjósenda krefjast þess innan þriggja mánaða frá samþykki laganna. Atkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá samþykkt laganna.

Þó er ekki hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um fjárlög, fjárukalög, lög um skattamálafni, lög um ríkisborgararétt og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum. Nánari reglur um málsmeðferð varðandi kröfu kjósenda og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skulu settar með lögum.“ Og aðeins til skýringar, þá er hér 1. mgr., skýrir sig kannski sjálf að því leyti að það er verið að leggja til að 10% kjósenda geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um nýsamþykkt lög. Í þeim tilfellum, sem málskotsrétti forseta hefur verið beitt á Íslandi, þá hefur vitanlega verið farið að einhverju leyti þessi leið, að menn hafa skorað á forseta Íslands, að neita að staðfesta lög. Það skal tekið fram að hér er ekki með þessu, enn sem komið er, ekki verið að taka afstöðu til málskotsréttar forseta, að þetta er þá hugsanlega viðbót, ef að ákveðið verður að halda í þann málskotsrétt.

Nú greinin byggir að hluta til á tillögu stjórnlaganefndar, í tillögu A stjórnlaganefndar, um þjóðarfrumkvæði sem er þá í rauninni ítarlega kveðið á þarna í gr. 2, í dalkinum, fyrir þá sem að skoða skjalið fyrir framan sig á heimasíðu ráðsins. Og þar var fjallað um það að 15% kjósenda geti krafist þess að fari fram atkvæðagreiðsla um lög eða ákveðið málafni, sem varða almannahag.

Og við skiptum þessu þá í tvennt, annars vegar eru það lög, sem þessi grein tekur til, samþykkt lög frá Alþingi, og hins vegar fjallar næsta grein um þetta frumkvæði íbúa, sem sagt, frumkvæði þjóðarinnar til þess að leggja til breytingar á lögum eða ný lög. Nú, lengi vel var í greininni að finna ákvæði þess efnis að þriðjungur þingmanna hafi þann rétt til þess að vísa málum í þjóðaratkvæði. Og þetta er grein, sem samþærilegt ákvæði er að finna í dönsku stjórnarskránni. Það orðu talsverðar umræður um ákvæðið á seinasta ráðsfundi og síðan í nefndinni, og á endanum þá var sú leið ekki farin, allavega ekki að sinni, eða tillögur okkar. Og þetta er auðvitað, væri stór ákvörðun, mundi breyta mjög miklu um svona, dýnamíkuna innan þings. Hún gæti auðvitað orðið til góðs með þeim hætti að meirihluti og minnihluti hverju sinni myndu vinna betur saman, en það gæti auðvitað líka haft þær afleiðingar að þessu yrði oft beitt sem ákveðinni hótun, eða jafnvel að óábyrg stjórnarandstaða gæti misnotað þetta vald og sett mikið af hlutum í þjóðaratkvæða, sem ætti kannski þangað ekki endanlega erindi.

Það eru auðvitað margar hliðar á þessu máli. En að svo stöddu, þá taldi nefndin rétt að þingmenn sem hafa auðvitað mjög mikið vald til þess að koma sínum málum á framfæri, að þeir, minnihluti þeirra hefði ekki þetta vald, en hins vegar var hlufall kjósenda sem hefðu það, lækkað niður í 10%.

Nú það er gert ráð fyrir að lögin haldi þá gildi, uns niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu liggur fyrir. Og tillagan, breytingin á tillögu, frá tillögu stjórnlaganefndar, dæmi A, er sú að tillagan tekur þá einungis til nýsamþykkrá laga, en ekki allra laga eins og mátti skilja af tillögu stjórnlaganefndar. Samþærilegt ákvæði

er að finna í ítölsku stjórnarskránni, að menn geti krafist þess að fella á brott lög og reyna að, sama hvað gömul þau eru, og þá þótti ekki ástæða til þess að láta þessa heimild ná til þeirra laga, einnig. Nú það var talsvert rætt um það hlutfall kjósenda, sem gæti krafist slíkrar atkvæðagreiðslu, og þetta er auðvitað mjög stórt atriði í ljósi þess hve virkt þetta ákvæði myndi vera. Þarna fyrir þau okkar sem eru hér í salnum og sem fylgjast með á netinu, þá var sett upp tafla, sem miðar við hlutfall kjósenda, sem sagt, hve stórt hlutfall kjósenda miðað við Alþingiskosningar 2009, um er að ræða. 10% eru þá tæplega 23.000 kjósenda, 15% eru þá um 34.000 og auðvitað ber þess að geta að þegar að slík undirskriftasöfnun fer fram, þá er talsvert af undirskriftum sem ekki eru endilega, sem einhverjir vankantar eru, þannig að þeir sem ætla að fara af stað og safna slíkum undirskriftum þurfa oft að gera ráð fyrir ákveðnum, svona, öryggismörkum fyrir ofan.

Þannig að það er ekki litið svo á, allavega af þeim sem hér stendur, að hér sé um mjög lága tölu að ræða, þrátt fyrir að menn geta auðvitað haft ólíkar skoðanir á því. Til samanburðar má nefna aðeins að á Ítalíu og Sviss, þá er miðað við 1-2% kjósenda, sem geta beitt sambærilegu úrræði, að krefjast atkvæðagreiðslu um brottfall laga. Og það var okkar niðurstaða að 10% væri hugsanlega hófleg, en samt íhaldssöm stærð. En í því ljósi þá viljum við leggja áherslu á það að ákveðnar formkröfur gildi um slíka undirskriftasöfnun, þ.e.a.s. að hún fari þá fram annað hvort á stöðluðum eyðublöðum, eða í gegnum öruggt vefsvæði, og það er skýrt nánar í greinargerð. Hugsanlega væri jafnvel tilefni til þess að setja um það ítarlegri ákvæði. Nú, það er sá munur á þessum tillögum og tillögum stjórnlaganefndar, að hvorki hér né annars staðar er gert ráð fyrir að ákveðið lágmarkshlutfall þurfi annað hvort að samþykkja lögin, eða fella í þjóðaratkvæðagreiðslu. Að vandlega yfirlögðu ráði, þá eru ýmsir slíkir þröskuldar vissulega til og notaðir víða. Hins vegar, þá hafa þeir oft þau áhrif að það getur verið beinlínis hvetjandi fyrir ákveðinn kjósendahóp að sitja heima og hafa þá áhrif á niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar þannig. Það er oft einhverjum í hag, að niðurstaðan sé ekki bindandi. Oft þá þeim sem vilja ekki breytingar eða vilja að lögin haldi gildi. Þannig að réttast þótti einfaldlega að þeir sem mæti á kjörstað ráði úrslitum um hvernig allar atkvæðagreiðslur fara fram, og þetta á við um allar þær atkvæðagreiðslur sem lagt er til í stjórnarskránni.

Nú, það er gert ráð fyrir að allt að ár geti liðið frá því að lögin eru samþykkt og þangað til að þau fara í atkvæðagreiðslu. Þetta er þá ákveðin breyting frá þeirri hefð sem nú hefur skapast varðandi málskotsrétt forseta, og þeim ákvæðum sem þar standa, þar sem málin eiga sér oft mjög hraðan aðdraganda. Og auðvitað getur það verið þannig, að með mörg lög, þá liggi á að fá úrskurð meirihluta kjósenda sem fyrst. En mörg önnur mál geta verið þess eðlis að það er kannski ekki jafn aðkallandi og gæti jafnvel hentað vel að sameina slíkar kosningar öðrum kosningum, annað hvort öðrum þjóðaratkvæðagreiðslum, eða kosningum á sveitarstjórnarstigi eða kosningum til þings. Þannig að hér er þá sú heimild veitt, að allt að ár geti liðið frá því að þess er krafist, þangað til að atkvæðagreiðslan fari fram.

Nú ákvæðinu er, líkt og er í mörgum stjórnarskrám, þá eru ákveðnir málaflokkar undanþegnir, og þetta er óbreytt frá því í tillögum síðast, sem eru því að hægt sé að neita, að sé hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um þá málaflokka. Það eru fjárlög, fjáráukalög, skattalög, lög um veiting ríkisborgararéttis og lög sem sett eru til að uppfylla þjóðréttarskuldbindingar ríkisins. Og þetta er að mörgu leyti, þetta er samhljóða skýrslu stjórnlaganefndar og efnislega svipað og er í dönsku stjórnarskránni. Nú loks er kveðið á um það að nánari reglur um málsmeðferð varðandi kröfur kjósenda og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, skulu settar með lögum. Og þar er átt við nokkra hluti, sem æskilegt væri að mundi vera tekið á í slíkum lögum, t.d. hvort ekki sé rétt að ákveðin nefnd á vegum kjósenda, beri formlega ábyrgð á umræddri undirskriftarsöfnunum, og hafi þá ákveðnu hlutverki og skyldum að gegna. Annað að kjósendur riti þá nafn sitt á ákveðin stöðluð eyðublöð og það sé ljóst hverju sinni, hvað það er sem þeir eru að fara fram á. Eða að þetta fari í gegnum einhvers konar öruggt eða staðlað vefsvæði. Síðan ætti þetta að fela í sér að einhver, hugsanlega stofnun, mundi hafa umsjón með því, að fylgjast með undirskriftasöfnuninni, eða allavega að sannreyna undirskriftirnar. Nú í þessu gætu einnig falist einhverjar reglur um aðgang að fjölmiðlum þeirra fylkinga sem fylgjandi eru eða andvíg eru staðfestingu laganna.

Og margt af því sem sagt er, á þá einnig við um næstu grein, sem fjallar um þjóðaratkvæði og þjóðarfrumkvæði. Nú, greinin um þjóðaratkvæði og þjóðarfrumkvæði, er töluvert breytt frá því að hún var lögð fram til kynningar síðast. Þar var einungis fjallað um að mál geti fengið þinglega meðferð, ef að ákveðinn hluti kjósenda færi fram á það. Nú hefur þetta verið, nú hefur verið gengið mun lengra í þeirri átt, að auka aðkomu almennings að lagasetningu og því að setja mál í þjóðaratkvæði. Og greinin hljómar svo: „Alþingi er heimilt að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu, bindandi eða ráðgefandi, um tiltekin mál. Alþingi skal láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin málefni sem varða almannahag ef tíu af hundraði kjósenda krefjast þess.“

Atkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá því að staðfest krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu liggur fyrir. Að öðru leyti gilda ákvæði 3. mgr. og 4. mgr. 1. gr.“, sem er sem sagt greinin á undan. Nú, í fyrsta lagi er hér opnað á það að Alþingi geti látið fara fram, þá með meirihlutasamþykkt, bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekið mál, sem ekki er litið á að Alþingi endilega hafi í dag. Alþingi getur látið fara fram ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu og til eru lög sem taka á því. Nú, það er ekki endilega hér útfært sko, hvort að þetta þyrfti þá að eiga við um lög sem hafa þegar verið samþykkt, eða hvort einungis um einhverja ákveðna þingsályktunartillögu, eða hvort að þingið geti sett mál í þjóðaratkvæðagreiðslu, án þess að taka afstöðu til þeirra sjálft. Hér er auðvitað að mörgu að huga og þetta kannski þyrfti að skoða betur og vel. Það er auðvitað hægt að gagnrýna atkvæðagreiðslur sem tæki fyrir stjórnmalamenn til að forðast ábyrgð. Og þetta verðum við kannski að svona, skoða vandlega.

Nú í öðru lagi, og það er kannski það sem er kjarninn í þessari grein, er að Alþingi ber að láta fara fram

þjóðaratkvæði um tiltekin mál sem varða almannahag, ef að sami hluti, 10% kjósenda krefjast þess.

Nú, svo aðeins við útskýrum, hér eru takmörkun sem varða almannahag, á við að það er notkun er þrengd, þannig að það megi undanskilja málefni einstaklinga eða þrönga hagsmuni einstakra hópa. Og þetta er úr tillögum stjórnlaganefndar. Nú ef að tillaga kjósenda uppfyllir ekki þessi skilyrði, að verða, sem sagt, að varða almannahag eða ef hún er ekki tæk til þinglegrar meðferðar, eða brýtur stjórnarskrá að öðru leyti, þá er engu að síður litið svo á, að í þinglegri meðferð, felst þá að Alþingi getur ákveðið að vísa tillögunni frá, eða biðja þessa nefnd kjósenda um að gera bragarbót þar á. Um þetta yrði þá fjallað nánar í lögum sem yrðu sett um slík þjóðarfrumkvæði. Nú að öðrum kosti er málið tekið til þinglegrar meðferðar, og Alþingi getur ákveðið, ef að um er að ræða beiðni um ákveðið efni, sem skilja má sem beiðni um að skrifa ákveðin lög, þá getur Alþingi ákveðið að verða við þeirri beiðni, og skrifa lagafrumvarp og leggja það síðan undir bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu, eins og heimilt er skv. 1. mgr. Nú ef að Alþingi, ef að ekki er meirihluti á Alþingi fyrir því máli, sem hluti kjósenda leggur til, þá ber Alþingi engu að síður að láta fara fram atkvæðagreiðslu um málið, sem yrði þá líklegast hugsanlega ráðgefandi, ef að menn treysta sér ekki til að skrifa frumvarp þess efnis, og láta það vera bindandi. Og þá er málið borið undir þjóðaratkvæði og því fylgja auðvitað bara þær pólitísku afleiðingar, sem slíkri ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu fylgir.

Nú, að öðru leyti þá gildir það sama um þessa málsmeðferð og lýst var í grein ádan, að það eru sett lög, og hugsanlega taka þau á ákveðinni nefnd kjósenda, sem ber ábyrgð á umræddu þjóðarfrumkvæði, og hefur ákveðnum skyldum og hlutverki að gegna í allri málsmeðferðinni. Og sama gildir um þær undantekningar sem taldar eru upp um mál sem ekki má setja í slíkan farveg. Nú, þetta eru þær tillögur sem lagðar eru fram til afgreiðslu og síðan er hér lögð fram til kynningar grein um stjórnarskrár-breytingar. Og hún er efnislega svipuð og í skýrslu stjórnlaganefndar, þ.e.a.s. í dæmi B, þ.e.a.s. að til þess að frumvarp til breytinga á stjórnarskrá nái fram að ganga, þarf $\frac{2}{3}$ hluta greiddra atkvæða, hljóti það samþykkt skal það borið undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Að sjálfsgöðu átt við bindandi atkvæðagreiðslu, ef það er ekki skýrt.

Nú, hér er þetta þá svipað og í dæmi B stjórnlaganefndar, að öðru leyti að það er ekki gert ráð fyrir ... ekki gert ráð fyrir einhverjum samþykkis- eða neitunarþróskuldi, heldur ræður einfaldlega meirihluti kjósenda því hvort lögin séu samþykkt, stjórnarskráin sé samþykkt eða ekki. Nú, það voru einhverjar umræður um þetta, töluverðar, í nefndinni, hvernig ætti að fara að þessu máli, og það er, var auðvitað vilji og hefur komið, sem sagt stundum fram, að heppilegt gæti verið að gera stjórnarskrárbreytingar án þess að efna til þingrofs, því að kosningar samhliða slíku þingrofi snúast sjaldan um efnisinnihald þeirra stjórnarskrárbreytinga sem gerðar hafa verið. Og þá var líka uppi það sjónarmið hvort ekki væri heppilegt að ákveðnar minniháttar breytingar gætu farið í gegn, kannski þá með enn auknum meirihluta, án þess að þurfti að grípa til slíkrar þjóðar-

atkvæðagreiðslu. En á endanum var ákveðið að það væri einfaldast að hafa eina reglu um stjórnarskrár-breytingar, sem væri bara þess efnis að þær þyrftu að samþykkja með auknum meirihluta og síðan að leggja undir atkvæði allra atkvæðisbærra manna. Og ég hlakka til að heyra skoðanir ráðsfulltrúa á þessu fyrirkomulagi. Nú að öðru leyti þá kemur hér fram í skjalinu, það var tekið fram í skjalinu að tillaga um málskot forseta liggur ekki fyrir að svo stöddu. Hún verður auðvitað að skoðast í samhengi við það hvaða hlutverki forseti gegnir, í stjórnarskránni í heild sinni. Það hefur verið ýmislegt til umræðu, allt frá því að það hlutverk sem hluti kjósenda, eða hugsanlega hluti þingmanna, fær, dugi til þess að fella í burtu málskotsréttinn. Og til þeirra sem, og aðrir sem mundi telja að jafnvel þótt svo að slíku sé haldið, þá er kannski allt í lagi að halda inn þessum öryggisventli. En þetta er lagt fram hérna til þess að á rétta það, að þrátt fyrir aðrar greinar þá hefur ekki verið tekin ákvörðun um það að fella burt málskotsrétt forseta, af nefndinni. En ég þakka kærlega fyrir hljóðið og vonast eftir göðum umræðum. Takk.

SN

Takk fyrir þessa kynning og ég á rétta að það eru sem sagt tvær greinar lagðar fram til afgreiðslu og ein til kynningar, en við tókum umræðu um þær allar, núna. Og Þorkell Helgason er fyrstur á mælendaskrá. Gjörðu svo vel, Þorkell.

PH

Formaður, góðir ráðsmenn og aðrir sem að heyra mál mitt. Ég hef lagt fram breytingartillögu, en þó vil ég fyrst segja að ég starfa í nefnd C, og tek þar með fulla ábyrgð og styð heilshugar þá niðurstöðu, sem formaður nefndarinnar kynnti hérna ádan. En tildrög þess að ég legg fram vissa breytingartillögu við ákveðið um frumkvæðisrétt almennings er einfaldlega sú að ég átti, ásamt með formanni ráðsins, mjög uppbyggilegt samtalið við svissneskan fræðimann á þessu sviði, sem var staddur hér á landi í gær, Bruno nokkurn Kaufmann, sem var leiðsögumaður og fararstjóri okkar Salvarar og fleiri í kynnisferð til Sviss fyrir um mánuði. Og við fórum yfir með honum þessi skjöl sem að formaður nefndarinnar var að kynna hérna ádan, sem honum leist í öllum aðalatriðum vel á. Benti að sjálfsgöðu á að við værum þarna mjög varkár og færum ekki jafn langt og Svissarar. Ég sagði að það væri nú, eða við sögðum, að væri náttúrlega eðlilegt, við værum ekki reiðubúin að stíga svo stór skref. Þannig að við vorum nú meira að spyrja um tæknilega útfærslu, frekar heldur en hugmyndafræðilegan bakgrunn. Og, honum fannst að einmitt þetta ákvæði um frumkvæði, að almenn-ingur geti komið málum á framfæri við Alþingi, væri svona full laust í reipunum hjá okkur. Og fór svolítið yfir með okkur hvernig þetta er í Sviss. Og það er eitt lyklatríði í þeirra framkvæmd, að þjóðþingið, eða kantónuþingið, sem slíkt mál er lagt fyrir, fjallar um tillöguna og kemur með gantillögu. Þeir taka ekki beint tillöguna og breyta henni, heldur þeir koma með gantillögu, og kynna hana fyrir þjóðinni. Og hugmyndin á bak við þetta er að sjálfsgöðu að reyna að ná sáttum. Þess vegna er það mjög algengt, að þegar þingið hefur fjallað um málið og komið með

gagntillögu, að þá sé upphaflega tillagan dregin til baka. Þannig vantar í okkar útgáfu, nokkuð sem er hjá Svisslendinum og sem Pawel benti reyndar hérna á áðan, að það þarf að vera einhver forsvarsmaður fyrir tillöguflutningnum upphaflega, sem hefur þá umboð til að draga tillöguna til baka. Og hann er lögvarinn í þeim skilningi að það gætu ekki einhverjir sem skrifuðu undir farið í einhver málaferli við hann á þeim grundvelli að hann hafi tekið einhverjar gerræðisleg ákvarðanir. Hann segi ég, þetta er held ég heil nefnd, ég kann nú ekki nákvæmlega að fara með það, hvernig hún ... hvort það eru lagafyrirmæli um það hvað hún á að vera stór.

En, tillaga mín er þá eftirfarandi og ég leyfi mér að lesa hana, þó henni hafi verið dreift. Hún hefst á því að segja að „15 af hundraði kjósenda getur lagt fram frumvarp til laga fyrir Alþingi. Alþing getur lagt fram gagntillögu í formi annars frumvarps. Bera skal hvort tveggja frumvörpin undir bindandi þjóðaratkvæði.“

Hér ætla ég að staldra við. Fyrsta lagi töluna 15 af hundraði. Það hafa heyrst gagnrýnisráddir, bæði hér í okkar hópi og annars staðar frá, ýmist jafnvel að þessi tala of há en kannski fleiri sem segja að hún hafi verið of lág. En Bruno Kaufmann benti okkur, að mínu mati, réttilega á nokkuð sem ég hlustaði ekki nægilega á í gærkvöldi. Að það væri betra að hafa fasta tölu, frekar en hlutfall, einfaldlega vegna þess, bara fyrst af þeim praktísku ástæðum, að hvað eru 15% kjósenda? Kjörskrá breytist frá degi til dags, menn fæðast og deyja, eða ná kosningaaldri o.s.frv., flytjast af landinu eða ekki. Og hún er reyndar aldrei mjög nákvæm. Þannig að það gætu verið einhverjar deilur, ef þetta væri eitthvað á mörkunum, og þá er betra sneiða hjá því, með því að hafa þarna ákveðna tölu. Þannig í breytingartillögu sem ég var að rembast við að færa á blað hérna, rétt áður en ég stíg í pontu, ég náði ekki alveg. Þá ætla ég að fá að breyta þessu þannig að þarna standi 30.000 kjósendur geta lagt fram frumvarp. 30.000 kjósendur eru einhvers staðar á milli 12% og 13%, miðað við kjósendatöluna eins og ég held hún sé um þessar mundir. Þannig að ég er þarna aðeins að slá af kröfunum, en þó ekki fari, ekki niður í 10%.

Nú þá kann að vera spurt og gagnrýnt, af hverju gera þá kröfu, sem er þá eiginlega stífari krafa heldur en í tillögu nefndarinnar, að tillaga frá kjósendum skuli vera á frumvarpsformi. Ja, það er að mörgu leyti eiginlega nauðsynlegt, til þess að Alþingi þurfi ekki og í rauninni megi ekki, krukka í tillöguna, heldur koma með annað frumvarp, eða breytingartillögu, við þetta frumvarp frá kjósendum. Þannig að þetta verður svona, í einhverjum skilningi, að vera á jafnréttisgrundvelli. Auðvitað kunna menn að segja að þetta getur átt vel við í Sviss, þeir hafa þar, fá aðstoð við að semja slík frumvörp. Það mætti alveg hugsa sér að hið opinbera, svona í hófi, veitti slíka aðstoð. En ef að þetta er nú svoltið alvarlega meint og stór hópur sem stendur á bak við svona tillögugerð, þá trúi ég ekki öðru en að þar væru lögfróðir menn innanborðs, eða auðvelt að ná í þá, sem sjálfbodaliða eða fyrir einhvern pening, hvort sem er, til þess að aðstoða við slíkt.

Nú svo kemur önnur málsgrein í þessari tillögu minni, sem ég ætla ekki að lesa. Hún fjallar um þær undantekningar sem að ekki sé hægt að leggja fram

frumvarp um, það er um fjárlög, fjárukalög, skattamálefni o.s.frv. Það tók ég bara orðrétt upp, óbreytt, en þurfti sam... já, við skulum bara láta það duga.

En síðan er það mikilvægt að það þarf að vera ákvæði um málsmeðferð alla, og t.d. í kantónustjórnarskrá Sviss eru þetta nokkrar blaðsíður af ákvæðum, og það er reyndar í stjórnarskrá, en ekki í lögum. Og fyrst ég er nú með þetta fyrir framan mig, þá skýt ég því hérna inn í að í kantónunni Zürich, sem er þó hvað, þrisvar sinnum stærri en Ísland, eða eitthvað svoleiðis. Mig minnir að ég hafi séð hérna rétt áðan að það væru 6.000 undirskriftir, væri nú allt og sumt sem þyrfti þar. Þannig að þetta sem að, ég er þarna með 30.000, er nú eftir sem áður, býsna hátt.

Nú, en það þarf ákvæði um það t.d., hvert á að vera form svona undirskriftasöfnunar, hvernig á að finna forsvarsmann hennar, ja kannski ég lesi þetta bara: „Í lögum skal kveðið á um framkvæmd slíks frumkvæðis, svo sem um form og fyrirsvar fyrir frumvarpi kjósenda, tímallengd til söfnun undirskrifta að framlagningu frumvarpsins, hverju megi til kosta við kynningu á frumvarpinu,“ nota bene, þetta segja Svissarar að vanti hjá þeim, „hvernig afturkalla megi frumvarpið að fenginni gagntillögu Alþingis, svo og hvernig haga skuli atkvæðagreiðslu þannig að sú tillaga ein að frumvarpi teljist samþykkt sem hlýtur stuðnings meiri hluta kjósenda.“ Þeir eru með dálítið flókna útfærslu á þessu. Menn greiða bæði upphaflega tillögu kjósenda, eða frumvarpi kjósenda, og gagnfrumvarpi þingsins atkvæði með já og nei. Og þá getur orðið pattstaða og þess vegna er spurt, hvað viljið þið nú. Hvort viljið þið heldur A eða B o.s.frv., en þetta er nú kannski hægt að einfalda. En ég hljóp þarna aðeins hratt yfir sögu í 1. mgr. og ætla að ljúka máli mínu á því að hnökkja á því, að það skal bera hvoru tveggja frumvörpin undir bindandi þjóðaratkvæði. Og það er að vissu leyti gengið lengra heldur en nefndin lagði til. Hún leggur til að Alþingi fái ... ákveði það sjálft hvort að slík atkvæðagreiðsla sé bindandi eða ráðgefandi. En atkvæðagreiðslan skuli engu að síður fara fram. Sem sagt, ég er hérna að leggja til, hvað er ég að gera, svona í heild sinni, nánari útfærslu ef svo má segja, geng sumpart lengra, sumpart skemmra. En aðalatriðið er kannski nánari útfærsla. Ég ætlast ekkert til og vona jafnframt ekki að þetta verði á neinn hátt afgreitt núna, heldur að nefndin taki þetta til skoðunar ásamt með öðrum góðum ábendingum. Ég hef lokið máli mínu.

SN

Já, þá er Erlingur Sigurðarson næstur á mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

ES

Formaður, góður ráðsfélagar. Ég ætla að stinga upp á því að það sé skipt um röð á tillögunum. Mér finnst nú almenna vera nr. 2 núna, en hún ætti að vera nr. 1. En tillaga 1 að vera nr. 2, þar sem er út af sérstökum tilefnum.

Síðan er það þannig með þjóðaratkvæðagreiðslur að þær eru fyrir þjóðina en ekki þingmenn. Þess vegna er ég ánægður yfir því að það er búið að fella burt hugmyndir um þriðjung alþingismanna og meirihluta líka, í raun og veru, að þeir geti farið fram

á atkvæðagreiðslur. Og ég vil leggja áherslu á það, að þetta er aðferð þjóðarinnar, ekki til að þingmenn annað hvort þvoí hendur sínar eða staðfesti álit sitt. ... Það er hér ófriður úi kringum mig ...

Nú um tillögur Þorkels um tölu í stað prósentu. Þær hafa þann galla að stjórnarskrár eldast, og ef að þetta hefði verið sett inn í 1944, þá hefði þetta verið milli þriðjungur og helmingur atkvæða, sem er hrikalega mikið, 30.000, þó það sé orðið 12% núna. Þess vegna eru prósentutölur betri. Og ég vil segja, eins og í framhaldi af þessu áðan, að Alþingi á í sjálfu sér ekki að vera með fingurna í þjóðaratkvæðagreiðslum. Þjóðaratkvæðagreiðslur eru leiðin til að hafna vilja Alþingis eða staðfesta hann. En það er ekki frumkvæði Alþingis í því. Og þess vegna finnst mér að það ætti að vera landskjörstjórn, sem stendur fyrir kosningunum, að sjálfsögðu, og að hún geti lotið embætti forseta. Og málskotsréttinum vil halda, það er annar handleggur, ég ræði það ekki hér. En eitt um stjórnarskrárþreytingar. Mér finnst það of í lagt að ætla að 2/3, krefjast 2/3 hluta þingmanna til að leggja málið undir þjóðaratkvæði. Þjóðaratkvæðagreiðslur eru það sem skiptir máli og það er hart að leggja það í þriðjung þingmanna að hann geti hafnað því að setja málið í, stjórnarskrárþreytingar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Svo þakka ég fyrir.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VP

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég ætla að taka aðeins upp þráðinn þar sem að Erlingur Sigurðarson var með hann, þ.e.a.s. að velja fyrir okkur eiginlega fyrst hvernig við sjáum fyrir okkur að stjórnarskrá verði breytt í framtíðinni og það getur líka haft áhrif á annað, t.d. um framsal ríkisvalds o.fl. En ég er í grundvallaratriðum á því að við verðum að opna leið fyrir það að þjóðin sjálf geti breytt stjórnarskránni, í framtíðinni. Og ég held að, reyndar ef að það væri bara ein tillaga sem að Stjórnlagaráð samþykkti og fengi í gegn, þá ætti það að vera tillaga um það hvernig stjórnarskrá verði breytt í framtíðinni. Og að það verði þá með Stjórnlagabingi en ekki bara með samþykki Alþingis, eins og nú er. Þannig að ég held að, bara reynslan sýnir það, í gegnum tíðina, að þetta hefur ekkert reynst sérstaklega vel, að hafa einungis þá leið til að breyta stjórnarskránni að Alþingi geri það, með kosningum á milli. Þannig að ég held að þetta sé mjög mikilvægt, að það komi þarna inn ákvæði um Stjórnlagabing, sem að gæti t.d. annað hvort verið kallað saman að kröfu tiltekins fjölda kjósenda og hins vegar jafnvel kallað saman með reglubundnum hætti á einhverjum fresti, sem gæti verið 20-25 ár, eða hvað menn vildu, til að endurskoða stjórnarskrána. Og það væri þá þjóðkjörið þing. Og að því gefnu að slíkur möguleiki sé fyrir hendi, sem að ég held að eigi að vera aðal leiðin til þess að breyta og endurskoða stjórnarskrána, að þá held ég að þessi grein hérna nr. 3 sem að C-nefnd er að leggja til um það að til þess að „frumvarp til þreytinga á stjórnarskrá nái fram að ganga á Alþingi þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Hljóti það samþykkt skal það borið undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar.“

Það væri þá fyrst og fremst notað til að breyta stjórnarskrá í einhvers konar smærri atriðum, svona nánast einhverjum tækniatriðum eða lagagalla eða eitthvað slíkt, sem menn sæju, og væri hugsað þannig. Og þá finnst mér nú ekkert endilega þurfa 2/3 þar, í því augnamiði, þ.e.a.s. að sjálfsögðu, enda fari slík breyting til þjóðarinnar til samþykktar eða synjunar. Og það leiðir mig þá að því að ég, menn eru orðnir svolítið svona, djarftækir hérna með þennan aukna meirihluta, og eru hér margar breytingartillögur sem ganga út á það að setja inn aukna meirihluta hér og þar, t.d. gagnvart því að taka þátt í ... hvað var það, hvernig var það orðað ..., sem sagt, stríðsaðgerðum eða hernaðaraðgerðum, já. Og sömuleiðis eru menn að tala um 2/3 gagnvart fullveldisframsali. Það þyrfti þá að samþykkja fyrst, í þingi með 2/3 og svo fari það í þjóðaratkvæða, á þeim rökum að það væri þá sama hlutfall eins og þyrfti til að breyta stjórnarskrá. Og svo sé ég hér að það er komin breytingartillaga sem að er m.a.s. með 3/4 þingmanna, í ákveðnu framsali, hérna, frá Gísla Tryggvasyni. Að þarna erum við náttúrlega, með því að fara að áskilja svona aukna meirihluta, þá erum við auðvitað að taka vald beinlínis af Alþingi. Og það eigum við ekki að gera nema í alveg sérstökum málum þar sem að um er að ræða einhvers konar grundvallaratriði stjórnskipunar. Þar sem að það leiðir fullkomlega frá eðli máls, að það sé ekki nóg að meirihluti Alþingis samþykki. Bara sem dæmi, mín eigin nefnd hefur nú tekið þátt í því að leggja fram tillögu um skipan manna í embætti, þar sem að ef ekki væri valinn, sá sem að nefnd telur hæfastan, að þá yrði að bera slíka ákvörðun undir Alþingi og þá þyrfti 2/3 til að staðfesta það. En það er eðlilegt vegna þess að meirihluti Alþingis í raun og veru ræður ríkisstjórninni og ráðherrunum. Þ.a.l. liggur það í eðli máls að það myndi þurfa 2/3 til að þetta hefði einhverja merkingu.

Þannig að ég held að við þurfum að fara mjög gætilega í þessa auknu meirihluta og held að þurfi að vera ákveðið samræmi í þeim. Og alveg sérstaklega ef um er að ræða, að mál sé á leiðinni í þjóðaratkvæði, þá skil ég ekki að það sé nokkur ástæða til þess að það sé 2/3 sem þurfi fyrst að komast yfir á Alþingi, áður en að mál fer til þjóðarinnar, þar sem að er um að ræða bindandi niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu. Þannig að ég er algjörlega á móti slíku. Og tel það mjög órökrétt. En annars þá leist mér ágætlega á tillögu Þorkels, breytingartillöguna. Hún er að mörgu leyti ítarlegri en sú tillaga sem fyrir var. Og ég held það sé margt þar gott, til að skýra þetta ferli og fjarlægja úr því, svona vafabætti. Mig langar aðeins til þess að tala um þetta með, í 1. gr. hjá C-nefnd, þar sem er rætt um að það sé ekki unnt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um ýmis mál; fjárlög, fjáráukalög, lög um skattamálefni, lög um ríkisborgararétt og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum. Ég held að menn geti hugsanlega misskilið þetta síðasta. Sko, það sem þar er um að ræða er þá að Ísland hefur þá þegar undirgengist einhvers konar þjóðréttarsamninga. Og við ætlum ekki hér að fara að taka upp þetta svokallaða einedli þjóðréttarsamninga, ef ég skil tillögur C-nefndar rétt. Þannig að þjóðaréttarsamningar verða ekki sjálfkrafa bindandi lög á Íslandi, heldur þarf að leiða efni þeirra í lög sérstaklega, með sérstakri lagasetningu.

Hins vegar er Ísland skuldbundið með því að skrifa undir samningana, til þess að innleiða ákvæði þeirra í landsrétt. Og það væri mjög klént ef Ísland kæmist upp með það, að skrifa undir þjóðréttarsamninga og svo hugsanlega jafnvel mörgum árum seinna, þegar að reyndi á einhverjar slíkar skuldbindingar, að þá gætu menn bara sleppt því að setja lög eða fellt jafnvel úr gildi slík lög, eða eitthvað slíkt. Þá væri mjög erfitt að gera þjóðréttarsamninga við okkur, ef að þetta væri hægt. Og ég veit auðvitað að það sem er undirliggjandi þarna, það sem menn hafa áhyggjur af, er auðvitað nýafstaðin deila um Icesave. En þar skulu menn líka hafa í huga, að það var kannski, deilan ekki síst um það, hvort að þetta væri þjóðréttarleg skuldbinding eða ekki. Þannig að ég sé ekki að það sé endilega þannig að þó að svona ákvæði væri inni í stjórnarskrá, að það hefði endilega komið í veg fyrir það, að það hefði verið hægt að fara með þetta Icesave mál, sömu leið og það á endanum fór. Þó að það hefði kannski verið, með okkar tillögum, hugsanlega hægt að bera þetta á einhverju stigi máls undir stjórnlagadómstól, hvort að þetta teldist vera þjóðréttarskuldbinding eður ei. En það var allavega umdeilt. Þannig að ég bendi bara á það. Nú, að öðru leyti þá leist mér vel á þessar tillögur og ekki meira um það að segja. Takk.

SN:

Gott fólk. Það er komið að fundarhléi í 15 mínútur, klukkan er þrjú og við hittumst hér aftur kortér yfir. Takk fyrir.

SN

Nú þá hefjum við fund að nýju og næstur á mælendaskrá er Eiríkur Bergmann Einarsson. Og ég ætla að loka mælendaskrá um þennan lið eftir að hann hefur lokið máli sínu. Gjörðu svo vel, Eiríkur.

EBE

Formaður, kærur félagar. Það eru fáein atriði sem mig langaði til þess að taka til umræðu, um þennan kafla. Eins og þið hafið séð að þá hef ég lagt fram breytingartillögu við tvær greinar sem að lúta að því hverjir geta krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Nú er talað um að 10% kosningabærra manna geti farið fram á slíkt. Mér finnst það full lágt hlutfall, og afleiðingarnar af því gætu verið þær að fámennir hópar gætu sett nokkurn veginn hvaða mál sem þeim sýnist, í þjóðaratkvæðagreiðslu. Nú stjórnvöld sem að hafa slíkt yfir höfði sér, gætu átt erfitt með að taka erfiðar og óvinsælar ákvarðanir, eins og stundum er nauðsynlegt að gera, þannig að þingið hneigist til þess að taka einvörðungu vinsælar ákvarðanir en ekki óvinsælar. Þannig að mér finnst hér vegið eiginlega full nærri hugmyndinni um fulltrúalýðræðið með 10% leiðinni og raunar sko, eru stærstu stjórn málaflökkarnir í landinu eiginlega með eitthvað slíkt á floksskránni hjá sér. Og maður gæti séð fyrir sér að leiðandi flokkur í stjórnarandstöðu gæti nú eiginlega bara innanhúss, safnað nægjanlegum undirskriftum til þess að stoppa hvaða mál ríkisstjórnar, sem er, og koma því þannig í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þannig að mér finnst mjög brýnt að hækka þetta hlutfall. Sjálfum þætti mér edlilegt að fjórðungur kosningabærra manna eða eitthvað þ.u.l., myndi þurfa til þess

að setja mál í þjóðaratkvæðagreiðslu og grípa þannig fram fyrir hendurnar á löggjafanum. En þar sem ég er hófsemdarmaður, að þá legg ég til að þetta hlutfall verði 15%, sem að ég tek þó fram að persónulega finnst mér það allt of lágt. En það er sem sé hérna, og þetta er svipað reyndar breytingartillögu frá Þorkatli, sem að er reyndar miklu ítarlegri og nær yfir fleira. Þannig að ég geri nú ráð fyrir að breytingartillaga Þorkels verði fyrst tekin til afgreiðslu, áður en að komið er að minni.

SN

Þær eru bara lagðar, eins og venjulega, inn í nefndina til áframhaldandi vinnslu. Við greiðum ekki atkvæði um breytingartillögurnar.

EBE

Nú? ... Ja, reyndar ... mér hefur nú alltaf fundist þetta verklag furðulegt og ég skil það eiginlega ekki alveg, því að það er ..., skv. þessu þá virðist mér að það sé eiginlega aldrei hægt að knýja fram ...

SN

Jú það er hægt á frumvarpsstiginu sko, að gera það, skv. þessum reglum.

EBE

Á frumvarpsstiginu, sem er næsti fasi ... já, ókei, ég skil. Allt í finu. En allaveganna þá hef ég lagt fram þessa breytingartillögu. Nú, satt að segja þá finnst mér líka furðulegt að þegar að þetta mál var lagt fram til kynningar fyrir viku, að þá var inni í þessum drögum tillaga um að þriðjungur þingmanna gæti gert slíkt hið sama. Og það er leið sem rímar mjög vel við þá hugsun sem að við höfum verið að vinna eftir í B-nefndinni, sem hefur gengið út á það að styrkja eftirlitshlutverk Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu. Og það myndi ríma mjög vel við okkar hugmyndir, að minnihluti þingmanna hefði þetta tæki í höndum, og myndi styrkja aðhaldshlutverk þingsins og þá minnihluta þingsins verulega, þannig að ég sakna þeirrar tillögu og myndi gjarnan vilja sjá hana dúkka upp á nýjan leik. Og mér finnst að, við eigum ekki að óttast það að kjörnir fulltrúar muni misnota það tæki, umfram t.a.m. stjórn málaflökk sem að hefur yfir að ráða u.b.þ. 10% kosningabærra manna á kjörskrá. Ég held að þetta myndi leiða til þess að þingmenn yrðu ábyrgari í störfum sínum og að freistist menn til þess að misnota þetta tæki, að þá muni þeim vera harkalega refsað af kjösendum í kjölfarið. Þannig að ég myndi gjarnan vilja fá þetta ákvæði aftur inn. Það seinasta sem ég ætlaði að gera hér að umræðuefni, það er ákvæðið um breytingu á stjórnarskránni, þar sem að er verið að þrengja mjög möguleikana á því að breyta stjórnarskrá. Það hefur verið tiltölulega auðvelt að breyta íslensku stjórnarskránni. Það þarf ekki nema einfaldan meirihluta á Alþingi í tvígang, að afloknum kosningum, eða með kosningum á milli, til þess að breyta stjórnarskrá. Ja þó svo það geti tímafrekt að breyta íslensku stjórnarskránni, að þá er það ekki erfitt. En hér er verið að gera þetta miklu, miklu erfiðara, með því að krefjast þess að ⅓ greiddra atkvæða á Alþingi, þurfi, og svo samþykki þjóðaratkvæðagreiðslu. Og ég segi nú eins og nefnt hefur verið hér, að mér er nú eiginlega alveg

ómögulegt að skilja, að fyrst að það á, á annað borð að setja breytingar á stjórnarskrá í Þjóðaratkvæðagreiðslu, af hverju í ósköpunum það þurfi $\frac{2}{3}$ samþykki á Alþingi til þess. Þá finnst mér bara eðlilegt að það sé meirihlutasamþykki á Alþingi, og svo þjóðin sjálf, sem að eigi að samþykkja í Þjóðaratkvæðagreiðslu, þannig að ég myndi vilja breyta því. Takk fyrir.

SN

Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Já, góðir félagar, og aðrir áheyrendur. Takk fyrir góðar skýringar og ágætar tillögur. Mig langar fyrst að, aðeins að leiðrétta misskilning sem kom hérna fram áðan hjá Vilhjálmi, sem var reyndar um tillögu sem að var um fyrri umræðuefni, tillaga mín um nýtt ákvæði varðandi framsal ríkisvalds, greinir á milli þeirra minniháttar atriða sem má samþykkja með $\frac{3}{4}$ hluta alþingismanna og hinna meiriháttar, sem að fara í Þjóðaratkvæði. En tilgangur þessarar tillögu er að reyna að greina á milli ólíkra mála, eins og Ómar og Silja Bára nefndu mörg dæmi um, að það er auðvitað grundvallaratriði, held ég að allir séu sammála um, að þjóðin ákveði t.d. hugsanlega aðild að ESB, eins og hefði átt að gera með EES, en minniháttar atriði eins og kannski annars konar samstarf sem þó felur í sér eitthvert framsal fullveldisréttar, megi kannski ákveða með auknum meirihluta á Alþingi.

Nú þá langar mig að kynna í fyrsta lagi tillögu um að þingmannaminnihlutaverndin komi inn aftur, eins og mér heyrðist Eiríkur vera að ræða núna áðan. Og hún hljóðar svona, eða hljóðaði í fyrri tillögu nefndar C, og er farin út úr áfangaskjali, ef ég skil rétt, af því að nefndin skynjaði þann hug ráðsmanna hér síðast. Hún hljóðar svona:

„Nú hefur Alþingi samþykkt lög og getur þá þriðjungur þingmanna ákveðið að bera þau undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Alþingi getur þó samþykkt með meirihluta atkvæða að lögin verða felld niður.“

Kannski vill einhver vera með mér á þessari tillögu. Ef ég skildi Eirík rétt, þá vill hann treysta minnihluta þingsins, til þess að hafa slíkt vald. Og mig langar aðeins að rökstyðja það betur. Ég held það sé ekki alveg nægilegt að hafa þjóðina eina, eða 10% hennar, þó ég sé ánægður með það, sem mótvægi við Alþingi. Ég held að við verðum líka að gæta svólítið að valdahlutföllum milli meirihluta þings og minnihluta þings. Og að mörgu leyti væri þetta áþekktara því valdi sem að forsetinn hefur núna. Forsetinn er ákveðið mótvægi við Alþingi, með þann málskotsrétt sem hann hefur. Og ég held það sé gott að það sé einhver ríkisaðili, ef svo má segja, forsetinn er eins konar ríkisaðili. Það má alveg kalla þriðjung þingmanna ríkisaðila, sem að myndar mótvægi við annan ríkisaðila.

Ég held að þetta væri til bóta, og ég held það sé meiri hætta á lýðskrumi ef að slík tillaga fer ekki inn. Við höfum séð það í áraraðir. Oft hafa auðvitað, hafa kjósendur og stjórnarandstöðupingmenn kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu með réttmætum hætti og um mikilvæg mál. En stundum er þetta gert svona eins og úlfur, úlfur, í allskonar málum. Og ég held að ef

að þriðjungur þingmanna fær þennan rétt, þá muni þeir ekki sýna þá óábyrgu framkomu, sem stundum sést, af stjórnarandstöðu hér á landi. Heldur muni þeir í mesta lagi kannski einu sinni, tvisvar, brenna sig á því að fara fram á þjóðaratkvæðagreiðslu sem er óskynsamleg. Nú, mig langar líka að kynna aðra tillögu, sem við höfum sammælt um nokkur, sem að hljóðar svona. ... Það er varðandi reglulegt Stjórnlagabing. Vilhjálmur kom inn á þetta áðan. Og við orðuðum þetta svona, nokkur í hléinu, þ.e.a.s. Freyja Haraldsdóttir, ég, Katrín Oddsdóttir, Silja Bára Ómarsdóttir og Vilhjálmur: „Stjórnarskrá þessari skal aðeins breytt að tillögu Stjórnlagabings sem þjóðkjörið skal með persónukjöri þar sem hlutur kynja og fulltrúa landshluta skal tryggður með sama hætti og við kjör til Alþingi. Forseti Íslands boðar til Stjórnlagabings á 25 ára fresti, eða oftari, ef Alþingi óskar eða 10% kjósenda óska þess. Um fjölda stjórnlagabingmanna, starfsemi Stjórnlagabings og nánari reglur um kjör þess, skal mælt í lögum. Tillaga að nýrri stjórnarskrá skal borin undir alla kosningabæra í landinu, í leynilegri þjóðaratkvæðagreiðslu, til samþykktar eða synjunar.“

Ef við leggjum nú þetta fram, formlega á eftir, þá held ég að þetta sé, eins og Vilhjálmur nefndi, þetta væri ... bara ef þetta næði fram að ganga, væri þetta slíkur afrakstur að betur væri farið af stað en heima setið. Og afraksturinn væri þannig að þá væri búið að taka þetta varanlega frá Alþingi, því að eins og ég hef allavega haldið fram í ræðu og riti, þá er ekki eðlilegt að Alþingi hafi, ja nánast sjálfsdæmi um eigin starfslýsingu og erindisbréf, eins og núverandi reglur og flokkaskipan felur í sér, þ.e.a.s. að það er sjaldnast kosið í raun um stjórnarskrárbreytingar, eins og gildandi reglur eru. Þannig að ég held að þetta sé mikilvæg umbótatillaga, en annars er ég ánægður með það sem að fram kemur í kafla C-nefndar um lýðræðislega þátttöku almennings. Takk.

SN

Nú næstur á mælendaskrá er Guðmundur Gunnarsson. Gjörðu svo vel.

GG

Góðir áheyrendur, ráðsliðar. Nú ég styð tillögu C-nefndar, reyndar aðallega af því að hún var lögð fram. En þá hafa komið fram breytingartillögur sem að ég styð heilshugar t.d. eins og tillögu Þorkels. Mér finnst, hún er í sjálfu sér í samræmi við margt af því sem hefur verið rætt innan nefndarinnar. Það hefur verið, að því er ég a.m.k. hef skilið, áhugi hjá nefndarmönnum, a.m.k. sumum hverjum, að það sé á einn eða annan veg, þessi leið opin. Menn voru hrifnir af því, í þessari kynningu, að nota svona styttri útgáfunna af þessu, að þjóðin geti lagt fram á Alþingi, frumvarp. Það er svona, stysta skýringin á ... hugsuninni. Ég er hrifinn af þessari leið og styð hana heilshugar. Ég get líka tekið undir það sem hefur komið fram, að og hef reyndar verið fylgismaður þess í nefndinni, að mér finnst hreinn meirihluti alveg nægur. Ég tala nú ekki um þegar að, í Alþingi, að þurfi ekki aukinn meirihluta. Ég tala nú ekki um þegar á að bera viðkomandi mál undir þjóðina, þar til viðbótar. Þannig að ég er fylgjandi þeirri breytingartillögu, sem hefur komið fram. Nú einnig hef ég verið fylgismaður þess-

arar svokölluðu dönsku tillögu, sem hefur verið rædd oft, eða danska fyrirkomulagið, sem að hefur leitt til þess að mati manna og í skýrslum sem menn hafa verið að benda á, að það að þriðjungur þingmanna geti, þ.e.a.s. minnihlutinn, geti lagt fram, farið fram á mat á því sem að Alþingi er að gera, og vísa því til þjóðarinnar. Og það virki á þann veg að það tryggi ábyrgari vinnubrögð og ekki þessar upphrópanir, sem að við erum svo sem vitni að, ansi oft. Af því að viðkomandi sem að viðhefur þannig vinnubrögð á Alþingi, hann gerir það í skjóli þess að hann þarf í sjálfu sér ekki að standa skil á því, til þjóðarinnar. Hann getur starfað með þessum hætti og þetta hefur orðið ... eftir a.m.k. sem að fullyrt er, hefur orðið til þess að vinnubrögð hafa orðið ábyrgari, t.d. í danska þinginu. Þannig að ég er eindregið fylgjandi því að það yrði farin sú leið. Nú að öðru leyti þá hefur vinna nefndarinnar um þetta mál, hún hefur verið afskaplega eindræg og góðar umræður um það, að öllu leyti.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, takk fyrir og að vanda þakka ég C-nefnd fyrir að mörgu leyti þrýðilegar tillögur. Ég vil taka undir með ýmsum sem hafa tekið til máls um það að ég sakna þess að ekki sé hérna inni ákvæði um að minnihluti þings geti skotið málum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tel, og er sennilega að endurtaka Guðmund að einhverju leyti, ég tel að þetta gæti til lengri tíma stuðlað að betri vinnubrögðum og hef sagt það á sameiginlegum fundum okkar hérna inni í ráðinu. Þannig að ég hvet nefndina eindregið til þess að skoða þetta, en ég get líka komið með breytingartillögu, sem væntanlega gengur ekki nógu langt í fyrstu. Og gert síðan bara aðra, sem gengur lengra. Svona til þess að tryggja áframhaldandi sambærileg vinnubrögð. Ég vil líka aðeins velta fyrir mér, og held að ég sé nú bara eiginlega að taka undir með Eiríki, þetta með að hækka 10% í 15%. Ég veit að þetta er ekki í samræmi við, sko, það sem að sést annars staðar, og við fengum hérna í greinargerð, eða einhverri samantekt, t.d. dæmi um að í Hvíta-Rússlandi væru 33% sem þyrfti að safna, og það náttúrlega þýðir að þar eru aldrei neinar þjóðaratkvæðagreiðslur. En, þó að ég sé nú ekki hrifin af því að tala mikið um það hvað Ísland sé mikið öðruvísi heldur en önnur lönd, og einstakt og sérstakt og dásamlegt, og miklu betri en allir aðrir, vegna þess að við erum svona, bara svipuð og aðrar þjóðir. Þá held ég að sko, smæðin, sem við búum við, þetta fámenna samfélag, og fæð fjölmiðla sérstaklega, gerir það að verkum að það er miklu auðveldara að ná fjölda undirskrifta hér, heldur en í stærri samfélögum. Þannig að ég myndi hallast að því að 15%-in, eða jafnvel einhver föst tala, ég er, svona, gæti alveg íhugað að styðja það. En ég myndi frekar vilja hafa 15%-in, læknihrinn hérna við hliðina á mér grínast nú stundum með drepsóttirnar, að ef okkur fækkaði skyndilega og værum með fasta tölu, hvað myndi þá gerast. Þannig að ég er svona, hlynntari hlutfallinu. Já, þannig að þetta er svona, punktarnir kannski sem ég er með hér.

Já, og ég vil sérstaklega fagna þessu, að hafa þetta skerðingarákvæði inni í 1. greininni, með að það séu

ákveðnar tegundir mála, sem ekki má skjóta til þjóðarinnar, heldur þurfi þingið að taka ábyrgð á þeim. Og held að það sé svona í samræmi við að við reynum að setja alltaf ábyrgð þar sem við setjum vald, og það var kannski líka þess vegna sem að ég myndi vilja sjá að þingið hefði þarna líka tækifæri, vegna þess að þar er vissulega ábyrgðin.

Þorkell var með breytingartillögu, hérna, þar sem hann talaði um sko, að þyrfti frumvarp ... það á kannski sennilega við aðra greinina. Og ég sko, ég er þínu hikandi við það að við myndum sko, gera kröfu á almenning um að semja frumvarp. Aftur með smæðina, sem að Þorkell er nú gjarn á að tala um líka, hvað við erum fámenn, að þá búum við við þannig kerfi að við eigum í erfiðleikum með að tryggja starfandi þingmönnum aðstoð við að semja frumvörp sem að hreinlega standast lagakröfur. Og þó að ég sé nú öll undir sterkan opinberan geira, að þá á ég erfitt með að ímynda mér að ég myndi standa á bak við hugmynd um að búa til starf, þar sem að væri fólk sem að ynni kannski bara hluta ársins, við að aðstoða almenning við þetta. Þannig að ég, allaveganna myndi þurfa svona, að skilja aðeins betur þessa útfærslu, að sko, að fólk leggi fram frumvarp. Ég skil hugmyndina, að sem sagt, að skilaboð almennings ætti að komast, svona, eiginlega ómenguð í gegnum þetta ferli, til þingsins. En ég á svolítið erfitt með að sjá fyrir mér að við gætum gert þetta svo að sómi væri að. Nú, þá ætlaði ég nú fyrir hlé að tala bara um þetta með Stjórnlagabingið, en við sömdum þessa tillögu, breytingartillögu. Þannig að ég held að ég þurfi ekkert að fjölyrða um það. Og aftur bara þakka fyrir góða vinnu. Takk.

SN

Andrés Magnússon. Gjörðu svo vel.

AM

Kæri formaður, félagar og áheyrendur. Mig langaði að gera að umtalsefni 3. greinina, einmitt um að það sé hægt að breyta stjórnarskránni með meirihluta í þjóðaratkvæðagreiðslu. Nú erum við að reyna að taka upp meira beint lýðræði, og það hefur verið nefnt að þá getur meirihlutinn fara að kúga einhverja minnihlutahópa. En þá hafa mótrökin við því, sem sé, að það sé allt í lagi að hafa beint lýðræði, er að réttindi minnihlutahópa eru tryggð í mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Þannig að, segjum svo að það kæmi upp einhver haturstilfinning í samfélaginu gagnvart einhverjum ákveðnum minnihlutahóp. Nú þá væri nóg bara að knýja fram stjórnarskrár-breytingar og kippa þeirri vernd undan. Þannig að ég var að velta fyrir mér hvort að við ættum að hafa hér, svipað og í Þýskalandi, af því að við erum að fara að auka beint lýðræði, hvort við ættum að segja að, bæta við þarna í 3. greininni: Þó má ekki rýra vernd mannréttindaákvæðanna í stjórnarskránni. Hvort við eigum að undanskilja mannréttindaákvæðin í þessum breytingum, sem meirihluti þjóðarinnar getur knúið fram. Þetta er svona vangavelta. Og síðan fagna ég mjög því að reyna að koma á því að stjórnarskráin verði endurskoðuð reglulega. Það eru m.a.s. til sérstök samtök hér á landi sem að berjast einmitt fyrir þessu. Og mér fyndist mátulegt að það væri á 25 ára fresti. En ég hafði svona ýmsar athugasemdir

við þetta, en ég bara vona að þessi tillaga rati í rétta nefnd og fái meiri umræðu. En hún er mjög svo af hinu góða. Takk fyrir.

SN
Íris Lind Sæmundsdóttir. Gjörðu svo vel. Þú ert næst.

ÍLS
Takk kærlega. Ég ætlaði nú bara rétt að drepa stuttlega á tveimur, þremur atriðum sem mér þykir skipta máli í þessum kafla. Nú sit ég í nefndinni og stend í heild sinni á bak við þær tillögur sem við leggjum hér fram. Mig langar hins vegar að halda því til haga að það er mín skoðun að 10% kjósenda geti kallað á atkvæðagreiðslu, sé of lágt hlutfall. Ég mundi gjarnan, persónulega, vilja sjá þetta í 15%. Verði það hins vegar niðurstaða ráðsins að 10% kjósenda geti kallað á atkvæðagreiðslu, þá legg ég mikla áherslu á það að ríkar kröfur verði gerðar til söfnunar slíkra undirskrifta. Það má t.d. líta á það hvernig svona er viðhaft innan Evrópusambandsins um svona sambærilegt borgarafrumkvæði. Þar er þeim sem safna undirskriftum gert að skrá sig fyrirfram. Það er auglýst í stjórnartíðindum, eða lögbirtingablaði Evrópusambandsins og birt sérstaklega. Vefsíður sem sem undirskriftum er safnað þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði, bæði hvað varðar, ja bara sérstaklega t.d. hvað varðar persónuverndarmál og annað þess háttar. Þannig að ég svona, ég myndi gjarnan vilja sjá þessa tölu 15%

Í 2. gr. þá erum við með í 1. mgr. heimild fyrir þingið til að láta fara fram, eða sem sagt, að þingið geti ákveðið að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin mál. Og að þingið geti sjálft ákveðið hvort að niðurstaða hennar verði bindandi eða ráðgefandi. Almennt er ég á móti því að allar þjóðaratkvæðagreiðslur verði bindandi fyrir þing, af því að ég er hlynnt því að kjörnir fulltrúar axli þá ábyrgð sem þeir bera með því að sitja á þingi. Ég get hins vegar staðið með þessari tillögu, svona í ljósi þess hvernig frumvarp til laga um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna bar að, og þær athugasemdir sem löggjafinn sjálfur gerði við vinnslu þeirra laga. Þá kallaði löggjafinn, eða gerði löggjafinn beinlínis ákall um að stjórnarskrá hugsanlega yrði breytt, að það yrði skoðað, hvort að stjórnarskrá ætti að breytast með hliðsjón af því að löggjafinn hefði heimildir til að kalla á bindandi þjóðaratkvæðagreiðslur í ákveðnum tilvikum. Það er sem sagt, svo ég skýri þetta nánar þá er í lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna kveðið á um heimildir fyrir þingið til að láta tiltekin málefni fram í þjóðaratkvæðagreiðslu. Og að slík þjóðaratkvæðagreiðsla skuli vera ráðgefandi. Og í athugasemdum með sem sagt þessu ákvæði, segir að það sé mikilvægt að hafa í huga að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu geti aðeins orðið ráðgefandi en ekki bindandi fyrir handhafa ríkisvalds, þar sem stjórnarskráin geri ekki ráð fyrir því að löggjafinn geti ákveðið að binda hendur sínar, fyrirfram, til tiltekina mála.

Og ef ég má vitna bara berum orðum í, með leyfi formanns, að þá segir hér í frumvarpinu: „Til þess að niðurstaðan bindi hendur löggjafans þyrfti að koma til breyting á stjórnarskránni og eins og rakið var í

almennum athugasemdum er æskilegt að kanna kosti þess að bæta slíkum ákvæðum í stjórnarskránni, við endurskoðun hennar, sem stefnt hefur verið að um langt skeið.“ Og tilvitnum lýkur. Þetta er, svona, ástæðan fyrir því að ég get fallist á þessa 1. mgr. Þó ég sé almennt á móti því að löggjafinn geti afsalað sér þessari ábyrgð með því að kalla til þjóðaratkvæðagreiðslu og henda ábyrgðinni á einhverja sem að er óskilgreindur hópur og getur almennt ekki verið látinn axla ábyrgð þegar að kemur að kosningum. Þegar að Þorkell kom hérna og var að ræða um sína tillögu sem er um margt bara mjög góð og ég get tekið undir flestallt sem hann rakti. Ég er hins efnis um að við eigum að binda, sem sagt, hlutfallið, eða binda þann fjölda kjósenda við ákveðna tölu. Ég er búin að læra ýmislegt hérna og þ.á m. af læknum að ýmislegt getur komið upp á, eins og skyndileg fækkun fólksfjölda á Íslandi, eða jafnvel ótrúleg fjölgun á skömmum tíma. Og að það séu ákveðin rök með því að hafa þetta í prósentutölu. Ég gæti séð fyrir mér þó að kjörskrá breytist dag frá degi, þá er nú almennt gert ráð fyrir því í kosningum að það sé miðað við kjörskrá eins og, eða búsetu fólks eins og hún var 1. desember áður en til atkvæðagreiðslu kemur, eða til kosninga kemur. Ég sæi fyrir mér að hið sama myndi bara gilda um kröfur um þjóðaratkvæðagreiðslur, það yrði litið til stöðunnar eins og hún var 1. desember, árið á undan, eða þann 1. desember sem var á undan.

Varðandi þessa breytingartillögu, eða þessa tillögu um sem sagt reglulegt Stjórnlagabing, ég er mjög hlynnt því. Við í nefndinni höfum ekki endanlega, við höfum bara ekki rætt um Stjórnlagabing og aðkomu þess að stjórnarskrárbreytingum. Persónulega finnst mér 25 ár allt of langur tími milli hugsanlegra stjórnarskrárbreytinga, það kann að vera nauðsynlegt að breyta henni með einhverjum skömmum fyrirvara, eða á einhverjum styttri tíma, með styttra tíma milli-bili. Þannig að ég svona velti því upp hvort að 25 ár sé, að það sé eini möguleikinn á að breyta stjórnarskrá, hvort að það sé rétt. Og varðandi, sko, það að þurfi samþykki aukins hluta Alþingis þegar gerðar eru stjórnarskrárbreytingar. Það er vissulega rétt að þegar að þjóðin hefur aðkomu að ákvarðanatöku, þá kann að vera óþarfi að krefjast þess að þingið samþykki eitthvað með auknum meirihluta. Ef að það er meirihlutavilji þjóðarinnar, að samþykkja, eða að synja ákveðnu frumvarpi til breytinga á stjórnarskránni, þá ætti hún auðvitað að fá að taka afstöðu til þess, frekar en að þingið geti stoppað það. Af því við þekkjum jú að það getur myndast, einmitt þessi vel þekkti þröskuldur milli, eða þessi gjá milli þings og þjóðar. Þannig að það er kannski athugunarefni hjá okkur. En takk fyrir annars.

SN
Pétur Gunnlaugsson. Gjörðu svo vel.

PG
Formaður, ágætu félagar. Allar tillögur sem stuðla að beinu lýðræði eru fagnaðarefni og ber að fagna slíkum tillögum. Nú íslenskir stjórnámálemenn hafa verið á móti þjóðaratkvæðum, þjóðaratkvæðagreiðslum, þjóðarfrumkvæði. Ekki vegna þess að þeir eru að axla ábyrgð eða telja sig vilja ekki hlaupa burt frá vandnum, heldur hreinlega að þeir vilja ekkert að þjóðin

deili valdi með þinginu. Og það er ástæðan fyrir því. En þessi tillaga um þjóðaratkvæði og þjóðarfrumkvæði frá C-nefndinni er mjög góð og 2. gr. þar sem segir að Alþingi skal láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekið málefni, er að mínu mati besta tillaga sem hefur komið fram í Stjórnlagaráðinu, og skiptir verulegu máli. Og á eftir að vekja mikla, mikla athygli. Ég er að vísu ekki sammála því sem kemur fram í 1. gr. að þetta eigi að vera ráðgefandi. Og við vitum það að þegar að kosningar fara fram um aðild okkar að Evrópusambandinu, þá eru það ráðgefandi kosningar, og almenningar á bág með að skilja hvað er átt við með því. Að vísu varð þingið að samþykkja það þannig af tæknilegum ástæðum sennilega, þannig að ég er nú ekkert að ásaka þá um það, að þeir hafi gert þetta af illum hvötum. En ég held að þetta verði að vera bindandi til að auka áhuga almennings og þetta verði raunveruleg þjóðaratkvæða ..., eins og stendur þarna í þessum yfirkafla, þjóðaratkvæði og þjóðarfrumkvæði. Og ég vil þakka C-nefndinni sérstaklega fyrir þeirra vinnu að þessu leyti. Að vísu hef ég efasemdir um þau mál sem eru undanskilin skv. 3. gr., en ég býst við því að ég sé þar í miklum minnihluta, því miður. En ég þakka og vil ítreka þakkir mínar til nefndarinnar fyrir þjóðarfrumkvæðið. Takk fyrir.

SN
Ari Teitsson. Gjörðu svo vel.

AT
Já, góðir félagar og formaður. Það má nú kannski segja að það líti svolítið undarlega út að það eru einkum fulltrúar C-nefndar sem hér tala og fara út og suður í flestum málum og ég verð nú að viðurkenna að ég verð engin undantekning frá því. Ég vil þó taka fram að það hafa verið mjög góðar umræður í C-nefndinni um þessi mál og, ekki ætla ég að hlaupa beint frá tillögunni og var að vísu ekki viðstaddur hér á þriðjudaginn, en það breytir ekki öllu. Eigi að síður þá ætla ég að styðja tillögu Þorkels þó hún sé ekki það sem við lögðum fram beint, bara segi þar, lengi getur gott batnað. Og ég held að hún sé skref í rétta átt. Ég er líka hlynntur hugmyndum Gísla um að við eigum að vera með mismunandi form á kröfum um stjórnarskrárbreytingar. Það er eins og við vitum öll, þá eru þær mjög mismunandi. Sumt er bara einhverjar örlitlar efnisbreytingar sem að varða þá einhverja samninga og hefur verið tífundað hér. Við ræddum í nefndinni hvort að við gætum þá farið með slíkar breytingar í gegnum þingið með auknum meirihluta, þá mjög auknum. Gísli nefndi, ef ég man rétt $\frac{3}{4}$ og ég held að við þurfum að vera þarna með einhvers konar millistig þannig að það sé hægt að gera svona, ákveðnar minniháttar breytingar á stjórnarskrá, án þess að það fari í mjög formleg form, en stærri breytingar þurfum við að gera með öðrum hætti. Þetta vorum við búin að ræða en við vorum vissulega ekki komin að niðurstöðu og þess vegna leggjum við þetta fram. Síðan held ég að það sé nú í stærri breytingum á stjórnarskrá skynsamlegt að vera með $\frac{2}{3}$ hluta alþingismanna. Það er nú þannig að öll reynum við að læra af reynslunni svo lengi sem að við lifum og það var nokkuð dapurleg reynsla sem að ég upplifði á Alþingi, fyrir líklega bráðum tveimur

árum, þegar að meirihluti alþingismanna samþykkti að fara í Evrópuviðræður og vitandi það að stór hluti þeirra sem samþykktu það var alls ekki samþykkur því. Var beinlínis á móti því. Þannig að ég held að $\frac{2}{3}$ sé svona varnagli á það að það sé þá einhver raunverulegur vilji meirihluta Alþingis. Hann var ekki fyrir hendi fyrir tveimur árum, þó þetta væri farið af stað. Þannig að þetta er svona, öryggisventill sem að ég held að væri gott að hafa, en við komumst örugglega að einhverri niðurstöðu í því máli.

Síðan segi ég nú eins og Guðmundur og Eiríkur og fleiri, að ég sakna hugmyndanna um að $\frac{1}{2}$ hluti þingmanna geti vísað málum í þjóðaratkvæði. Rökin eru hér ágætlega komin fram, þ.e.a.s. að við gerum minnihlutann ábyrgari með þessu. Ég er sannfærður um að það gæti virkað þannig ef vel tekst til. Það er kannski ekki tími til að rifja það upp en hér í gamla daga, þegar að Kaupfélag Þingeyinga var og hét, þá voru nú alltaf deilur og hávaði í kringum það, og sömu mennirnir sem að alltaf rifust og skömmuðust. Og langbesta ráðið til þess að þagga niður í þeim var að setja þá í stjórn. Það gildir kannski svolítið að ef við gætum falið minnihlutann meiri ábyrgð þá mundi hann haga sér öðruvísi. Það er m.a. með þetta í huga sem ég styð þetta. En líka það að ég lít svo á að þegar að við erum komin með tvöfaldan öryggisventil á lagasetningu, annars vegar hluta kjósenda, hvort sem það eru nú 10 eða 15%, og hins vegar $\frac{1}{3}$ hluta þingmanna, þá erum við búin að tryggja það eins og hægt er að það verði ekki slys í lagasetningu. Og þá get ég með góðri samvisku samþykkt það að það væri skynsamlegt að forsetinn hefði um annað að sýsla heldur en að skrifa undir lög. Þannig að ef að það er bara einfaldur öryggisventill, þá svona, hef ég meiri efasemdir um að við eigum að sleppa forsetanum. Þannig að þetta er svona ... þetta er í raun og veru allt ein samfella, sem að við erum að vísu sammála um, en vandamál okkar er það að það gengur svo hægt að fá einhverja heildarmynd sem við getum skoðað. Þannig að þess vegna erum við svona svolítið út og suður. Ekki meira í bili.

SN
Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ
Já, takk. Hvers vegna eiginlega viljum við hafa þjóðaratkvæði? Ég meina, spyrjið ykkur svolítið að því. Ég sé sko fyrir mér að beint lýðræði og fulltrúa-lýðræði geti vel sengað saman. Og bæti hvort annað upp. Og ég sé það, að með beinu lýðræði þá erum við bæði að auka aðhald á fulltrúalýðræðið, við erum líka að auka áhuga almennings á þjóðmálum og einnig eftirlit. Að þessu leyti finnst mér beint lýðræði bara mjög áhugaverður kostur, sem við eigum að nýta okkur, hiklaust. Við erum alltaf að tala um, ef það fer eitthvað í þjóðaratkvæðagreiðslu, þá komi einhverjir afmarkaðir hópar með einhver vond mál og komi þeim með einhverju skrumi upp og þetta verði samþykkt. Ég held að það sé lítil hætta á því. Bæði er erfitt að fá marga til þess að skrifa undir slík mál, og enn erfiðara að fá það samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég lít miklu frekar á þetta sem tæki til varnar, gegn þinginu, ef það fer offari. Ef að þingið vandar sig ekki í sinni vinnu, þá er gott að

hafa þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég lít á þetta sem vörn en ekki sem eitthvað tæki þjóðarinnar til þess að skrumskæla eða eyðileggja þjóðfélagið með einhverjum slæmum málum. Varðandi breytingartillögu um að hækka þessa prósentu upp í 15% eða jafnvel meira, það finnst mér ekki gott. Einfaldlega vegna þess að það er bara mjög erfitt að ná 15%. Það hefur gerst núna undanfarið, en þær undirskriftarsafnanir hafa verið mjög, svona, óformlegar, og margir talið þær ámælisverðar í mörgu. Mér finnst miklu betri aðferð að halda okkur við 10% og auka formkröfur. Þannig að þetta verði alvöru undirskriftalisti en ekki eitthvað skrum. Þannig að ég vil eindregið mæla með því að við höfum prósentuna 10%. Svo ætla ég að hrósa Þorkeli, hann er slunginn, sem fyrr. Þetta er býsna góð tillaga sem hann kemur þarna með, varðandi þjóðarfrumkvæði og að Alþingi komi þá með gagnfrumvarp. Og ég hlakka til að skoða þá tillögu í nefnd C. Að öðru leyti vil ég bara þakka fyrir daginn í dag og óska ykkur öllum ánægjulegrar helgar.

SN

Já, þá er umræðu lokið um þessar tillögur C-nefndar og ég bið formann nefndarinnar Pawel Bartoszek að taka við. Gjörðu svo vel.

PG

Já, takk kæru vinir. Takk fyrir góða umræðu. Ég held reyndar að umræðan sýni að einhverju leyti að við eigum eftir að melta þessi mál talsvert. Þær hugmyndir og þær tillögur sem hér bást upp, eru svona, af mjög ólíkum toga, oft. Og, við erum svolítið svona að velta því fyrir okkur ... sumir vilja kannski fara, eða svona, leggja mikla áherslu á þessa dönsku leið, þar sem hluti þings fær rétt til þess að bera upp þjóðaratkvæði, og aðrir eru að stíga leiðina til Sviss. Og svona, til þess að halda því til haga þá er ég auðvitað dálítið huggsi yfir þessum þjóðaratkvæðagreiðslum, stundum. Ég meina, við gleymum því ekki að í yfir 10 fylkjum Bandaríkjanna, þá hefur það verið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu að samkynhneigt fólk megi ekki ganga í hjónaband, og það er alltaf gert með þeim hætti að fyrst safna menn undirskriftum og spyrja, á ekki þjóðin rétt á að segja sína skoðun á þessu? Og hver getur svarað því neitandi, auðvitað á þjóðin rétt á að segja skoðun sína á öllu. Og svo er þetta bara sett og þá bara einhvern veginn kjósa allir eftir sínu höfði. Og jafnvel ríki eins og Kalifornía, sem þykir nú frjálslýnd, tekur að margra mati, ekki frjálslýndar ákvarðanir, í þessum efnun. Þannig að, án þess að ég sé persónulega mjög andvígur þjóðaratkvæðagreiðslum, þá hef ég alltaf svona reynt að huga að því að öll málín séu unnin þannig að passa þessa hluti. Að passa það að meirihlutinn geti ekki farið með ofbeldi á hendur minnihlutans.

Nú margar af þeim tillögum sem eru bornar upp, eru góðar, og kannski til þess efnis að jafnvel að vanda þetta ferli betur, t.a.m. tillaga Þorkels, sem að mörgu leyti eykur formkröfur og skýrir þær vel. En við skulum bara vera algjörlega fókuseruð á því, svo það fari ekki framhjá okkur, tillaga Þorkels er um það að taka upp svissneska fyrirkomulagið á Íslandi, með aðeins hærri, reyndar töluvert hærri prósentutölu, heldur en í Sviss. Þannig að við erum

því að leggja ... það er tillagan, sko. Og ef við erum tilbúin að stíga það skref, þá erum við tilbúin að stíga það skref. En þetta er ekki, svona, einhver kannski smávægileg breyting á því sem lagt var fyrir áður. Ég mundi segja að tillögurnar eins og þær lágu fyrir, mundi færa Ísland inn í það horf að vera, hvað form varðar, kannski það ríki Evrópu sem næst mest notast við þjóðaratkvæðagreiðslur, svona í svipaðri andrá og Ítalía gerir. Og þessi tillaga, eiginlega, færir okkur ennþá nær því. Þannig að við skulum bara vera meðvitað um það svo við séum ekki að gera alltaf einhverjar smávægilegar breytingar í einhverja átt og endum síðan á stað sem ég veit ekki hvort við séum innilega öll sammála um að við eigum að vera á.

Svo ég fari aðeins yfir það sem aðrir hafa sagt, Erlingur nefndi röðun greina og það má að mörgu leyti til sanns vegar færa, við eigum eftir að sjá aðeins, bara, hugsanlega eiga sumar þeirra erindi inn í viðkomandi kafla um Alþingi, eða annað. Það voru margir sem nefndu það að þeim fyndust $\frac{2}{3}$ til breytinga á stjórnarskrá of mikil. Ég veit ekki að hve miklu leyti ég er sammála því, ég er ... helsti þröskuldur á breytingar á stjórnarskrá á Íslandi hingað til hefur verið tíminn. Það hefur ekkert verið beinlínis erfitt að breyta stjórnarskrá, þannig lagað, en það hefur tekið sinn tíma, sem er auðvitað ákveðinn varnagli. Einfaldur meirihluti og síðan þjóðaratkvæði, óttast ég að geti verið notaður á ákveðnum tíma, viðsjárverðum tímum, sem leið þingmeirihlutans til þess að þjappa sér saman, setja eitthvað mál sem er pópolískt mál, inn í þjóðaratkvæði, og svo er þá breytingin bara gengin í garð, nokkrum mánuðum síðar. Ég hef ákveðnar efasemdir um að það endilega þurfi að vera rétt.

Nú margir nefna Stjórnlagabing, sem bestu leið, og heppilega leið til að breyta stjórnarskrá. Það er bara eitthvað sem við eigum eftir að ræða um. Mér finnst dálítið hæpið að binda hendur löggjafans fram í tímann um það að eftir 25 ár þá þurfi einhver að halda Stjórnlagabing, bara vegna þess að við höfum ákveðið að svo eigi að vera. Menn geta haft auðvitað ólíkar skoðanir á því, en ég er ekkert endilega viss um að sú leið sem hér er farin, sé sko, huggun á þeim besta og að það sé best að það sé gert með sömu reglum og þessum hætti. Að það eru bestu ríkin til að búa í, þau sem endurskoði stjórnarskrá sína mjög oft.

Nú, það er auðvitað, þessi umræða með þriðjung þingmanna, sem hefur þá komið fram hér og það er þá gott fyrir okkur í nefndinni að finna, svona, kannski stemninguna í ráðinu. Menn hafa greinilega ólíkar skoðanir hvað þetta varðar. Það sem truflar mig alltaf að einhverju leyti, að þegar menn færa rök fyrir þessu, þá byrja flestir á því að segja, ja ég held ... og, ég vona ... að þetta myndi svona bæta menninguna, á þingi. Og ég er innilega sammála því, ég held og ég vona að það muni gera það. En mun það gera það? Og þegar það hefur verið sett í stjórnarskrá, þá er henni ekki breytt, sko, aftur, fyrr en eftir að vandlega yfirlögðu ráði. Þannig að ... Og fyrirmyndirnar náttúrlega, sem ... við höfum ekki mörg lönd sem gera þetta með þeim hætti. Og í Danmörku, þá náttúrlega er þetta gamli málskotsréttur konung, sem var auðvitað nýttur þegar að þangað var komið, og ef að okkar fyrirmynd er málskotsréttur forsetans, þá hefur kannski það aukist að undanfögnu, að menn

nota hann. Og kannski verður mikill þrýstingur á þingmenn minnihlutans, að beita þessu ákvæði. Ég er ekki að segja að ég sé á móti þessu, en ég held að við ættum að íhuga þetta vandlega og fara fyrir því kannski dálítið góð rök, að við teljum þetta rétt, sterkari en bara, að við höldum, og við vonum, að þetta muni bæta menninguna.

Annars, þá varðandi umræðuna um prósentuhlutfallið. Ég, í sjálfu sér sko, mér finnst þessar tölur 10% og 15%, þær eru auðvitað háar, sko í prósentutali, þær eru kannski ekkert mjög háar í tölum talið. Ég svona, hefði kannski hallast að því að fara þá leið, eins og Lýður segir, og það var mín forsenda fyrir að lækka hana, að þetta verði 10%, en það verði gerðar sterkar formkröfur á söfnun undirskrifta. Og að öðru leyti þá mundi ég raunar líka vera dálítið hrifinn af því að þarna stæði ein föst tala. Það er gegnsæra fyrir þá sem fara af stað með slíka undirskriftasöfnun, að átta sig á hver fjöldinn er. Sveiflurnar í mannfjöldanum eru nú ekki það miklar, og þessum tölum má breyta, sérstaklega ef stjórnarskrá er breytt reglulega. Hvað þá ef að það kemur upp farsótt sem drepur helming landsmanna, þá kannski að sé nú fleira sem við þurfum að hafa áhyggjur af, heldur en það að þessi tala um að safna undirskriftum fyrir þjóðarfrumkvæði verði eitthvað hærri, og þá held ég nú að það hafi það mikið gengið á, að það verður nú örugglega ýmsu breytt, öðru en þessu sko. Þannig að, að því leyti, þá mundi ég nú kannski styðja tölu, en þetta er ekki stórt atriði.

Nú að öðru leyti þá fagna ég öllum þessum umræðum, og ég held að þær sýni nú reyndar að ... svo það viðurkennist fúslega, að tími nefndar hefur auðvitað fari að mjög stórum hluta í það að ræða tillögur um kosningar til Alþingis og dómssvald. Og þessar tillögur eru kannski ekkert á jafn mótuðu stigi, svo að maður verði fullkomlega hreinskilinn með það, og hinar tillögurnar. Þannig að við eigum eftir að taka töluverða umræðu um það, treysti ég, taka tillit til þeirra athugasemda sem borist hafa og melta þetta með okkur og sjá hvort við viljum að þessi mál lendi En annars þakka ég umræðuna og ég vona að tillögurnar verði samþykktar inn í áfangaskjalið með þeim fyrirvörum sem ég setti um að auðvitað er þetta ekkert endanlegt og ég held að við munum eiga eftir að melta þetta betur með okkur. Takk fyrir.

SN

Já, bestu þakkir til C-nefndar fyrir fram lagðar tillögur og formanns, þakka fyrir kynningu hér og samantekt í lokin. Nú þá er komið að atkvæðagreiðslu um þessar tvær greinar sem eru lagðar fram til afgreiðslu inn í áfangaskjalið, 1. og 2. gr. Og ég bið þá sem eru samþykki því að rétta upp hönd. Einhver á móti? Einhver sem situr hjá? Ókei, þá skoðast þetta samþykkt.

4. Skýrsla A-nefndar

SN

En þá er komið að síðasta lið á dagskránni, sem er skýrsla A-nefndar. Og ég vil biðja formann nefndarinnar, Silju Báru Ómarsdóttur, að gera grein fyrir störfum nefndarinnar. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, formaður, góðir félagar og allir þeir sem á okkur hlusta. Við í nefnd A erum ekki að leggja fram nein skjöl í dag. Það stafar ekki af því að við höfum setið auðum höndum síðstu vikuna, heldur höfum við þvert á móti setið fast og lengi við endurskoðun þeirra greina sem við höfum nú þegar lagt frá okkur til kynningar. Þar sem að texti frá okkur hefur farið út og verið settur á vefinn fyrir all nokkru síðan, höfum við fengið fjölda ábendinga um hluti sem að vantar inn í skjalið, sem ganga of langt, eða ganga of skammt. Og höfum fengið formlegar breytingartilögur frá ýmsum ráðslíðum. Og nú í vikunni fengum við síðan álit frá sérfræðingi í stjórnskipunarrétti, sem við erum að lesa í samhengi við tillögurnar, og munum því leggja fram enn betur ígrundaðar tillögur í næstu umferð, heldur en þær sem að nú þegar liggja fyrir. Ég ætla rétt að stikla á stóru yfir þær breytingar sem vænta má. En bendi á að á borðum er, svona, yfirlitsblað um greinarnar, þannig að þið getið fylgst með svona hvaða greinar ég er að nefna, en við dreifðum ekki skjalinu eins og það lítur út. Þið sjáið auðvitað áfangaskjalið, sem er svona, áreiðanlegasti textinn í augnablikinu.

En, í jafnræðisregluna sem að við þekkjum öll, þá erum við eiginlega komin á þá skoðun að bæta inn kynþætti, við höfum tekið hann út, fjarlægst vísun til þess hugtaks í upphafi starfs okkar. En þetta kemur aftur inn eftir mjög sterk viðbrögð frá okkar helstu mannréttindasérfræðingum. Við svona horfðum á þetta hugtak og hugsuðum ..., þetta er ekki beinlínis til. En í mannréttindaskjölum og -vinnu á alþjóðavettvangi, þá er þetta ennþá gert. Og auðvitað er kynþáttur ennþá félagslega mótað hugtak og veruleiki þeirra sem að hvað helst sæta mismunum, þannig að við höfum ákveðið að setja það aftur inn, svona í næstu umferð. Að auki var nokkur umræða um það, og þetta tengist líka gildakaflanum, hvort við ættum að skilgreina íslensku og táknaál sem opinber tungumál. Það eru nýstaðfest lög, sem að gera það, en ýmsir vilja fá þetta inn í stjórnarskrána einnig. Og komi það til, sem að er svona sátt um, held ég, í nefndinni í bili, allaveganna, að tungumáli verði bætt inn, eða sem sagt, að vernd íslenskunnar verði bætt inn í stjórnarskrána, að þá myndum við einnig setja inn tungumál sem mismununarbreytu í jafnræðisregluna, það er sem sagt breytur sem bannað er að mismuna út af, þannig að það myndi bætast við atriði þar. Svona, mín tilfinning a.m.k., ég segi ekki að ég tali fyrir alla nefndarmenn, að þá kannski hefði það síður verið nauðsynlegt ef við værum ekki með skilgreint opinbert tungumál, en þarna myndum við þá bæta þessu við.

Þá er til umræðu að bæta inn á eftir jafnræðisreglunni, sérstakri skerðingar- eða gildissviðsgrein, þ.e.a.s. grein sem tiltekur almennt undir hvaða kringumstæðum mætti skerða réttindi, sem eru tilgreind í skránni. En þetta er ennþá í deiglu hjá okkur, við fengum ábendingu frá fróðum lögfræðingum að þetta gæti verið skynsamlegt. Og fáum síðan til baka frá öðrum lögfræðingum, sem að líka hafa ýmislegt til síns máls, að þarna gæti verið möguleiki til að túlka slíkt ákvæði of rúmt, þannig að skerðingarheimildir yrðu rýmri við kaflann, heldur en ef að skerðingarheimildir eru veittar í hverri grein

fyrir sig. Þannig að þetta gæti verið varhugavert. En, þannig að þetta er, bara til að upplýsa ykkur, er svona í umræðunni hjá okkur. Nú, í greininni um tjáningarfrelsi höfum við verið að skoða, bæta við einni málsgrein, sem myndi tiltaka skyldu stjórnvalda, til að tryggja aðstæður í samfélaginu til opinnar og uppýstrar umræðu. Auk þess sem að bann við ritskoðun, sem að þegar er inni, er gert að sjálfstæðri málsgrein og gert sýnilegra, þar með. Og meðan við höfum verið að starfa, þá hafa Sam-einuðu þjóðirnar gefið út skýrslu þar sem að sagt er að það teljist, eða eigi að teljast mannréttindabrot, að svipta fólki aðgangi að netinu. Og þetta er auðvitað einn punkturinn sem hefur komið upp og við höfum fengið mikið af ábendingum frá svona, netnörðum, ef ég leyfi mér að sletta, um t.d. hlutlaust net eða „net neutrality“, og upplýsingatækni. Þannig að þetta er svona, hlutir sem að eru líka í þróun.

Upplýsingafrelsisgreinin er lítið breytt, en við erum meðvitað um þá gagnrýni að listi eins og sá sem við töluðum um síðast og þekkist í Noregi, er flókinn í framkvæmd, en okkur er mjög áfram um að halda inni þessum gagnsæju sjónarmiðum, halda þeim hátt á lofti. Og við leitumst til að finna raunhæfa leið út úr því máli.

Trúfrelsi og þjóðkirkja, heldur áfram að taka svolitinn tíma í umræðu. Það er í skoðun skerðingar-ákvæði í trúfrelsisgreininna, við fengum ábendingu um það að það væri allt í lagi að viðurkenna trúna, til þess að kannski að þú þurfir að taka eiturlyf, til þess að uppfylla þína trú, en þú hafir samt ekki réttinn til að framkvæma það. Það er svona, einhver, af því að þá náttúrulega fer það að skarast á við almennt bann við eiturlyfjanotkun og svona. Þannig að það eru svona ýmsar flækjur sem eru að koma upp eftir því sem við höldum lengra áfram.

Og þarna voru margar breytingartillögur líka, sem komu fram á ráðsfundi, og þær hafa fengið mikla umræðu. Við erum samt alltaf að lenda aftur og aftur í þessari hugmynd um það að það borgi sig að setja málið í þjóðaratkvæðagreiðslu með þessum tveimur valkostum, þannig að það er svona þar sem að staðan er, sennilega.

Nú grein um ríkisborgararétt hefur fengið svolitla umræðu. Við kynntum hérna snemma í starfinu hugmyndir um að allir þeir sem ættu foreldra með íslenskan ríkisborgararétt, fengju ríkisborgararétt, eða ættu allaveganna rétt á honum. En við höfum fengið athugasemd um það að þarna gætum við verið að búa til svona betri og verri ríkisborgararétt, æðri og óæðri. Þannig að við erum svona aðeins að skoða þetta. Þá hefur ríkisborgararéttargreinin verið brotin upp í tvær. Við tókum hana, uppbyggingu hennar úr stjórnarskránni eins og hún stendur, en þar var annars vegar ríkisborgararéttur og hins vegar ferðafrelsi, í raun og veru, skilgreint. Þannig að við bjuggum til grein um ferðafrelsi. Og teljum gott að skilja þetta að. Nú, greinin um afturvirkni refsingar. Þar höfum við horfið svoltið tilbaka og erum að bæta aftur inn fullkominni lögjöfnun, sem að ýmsir gerðu athugasemdir við, bæði hér í ráðinu og utan þess. En þær eru þess efnis að gera þurfi ítarlegri kröfur um lögjöfnun en tíðkast, sem sagt í almennri lagatúlkun. Þannig að þetta eru svona stóru breytingarnar sem að eru orðnar. Það eru síðan minni breytingar á

öðrum greinum og við erum svona, milli 20 og 25 í númera, sem sagt, yfirferðinni. Við eigum eftir að klára einar 6-8 greinar. Og eigum síðan eftir að afgreiða nokkrar greinar inn í áfangaskjalið, en flestar hafa verið kynntar, í einhverju formi, þó að kannski sé verið að brjóta upp

Kaflinn eins og hann stendur núna eru 32 greinar. Og í næstu viku þá erum við að fara yfir, í raun og veru, allan kaflann í heild sinni. Og það eru breytingar við mjög margar greinar, fáar sem að standa óhreyfðar eftir vinnuna sem að við höfum farið í gegn um. Nú fulltrúarnir í A-nefnd eru Arnfríður, Dógg, Freyja, Illugi, Katrín Oddsdóttir, Þorvaldur og Örn Bárður, auk mín, og ég tel mig geta fullyrt að við höfum öll lagt okkur fram við að koma til móts við ólík sjónarmið, bæði innan nefndarinnar og innan ráðsins, og þau sjónarmið sem að berast okkur í innsendum erindum. Það fylgir auðvitað í þessu starfi að ítrustu kröfur þurfa að víkja, og fæstir fá sínar óskir algjörlega upp fylltar, enda þurfum við bæði að huga að lagaframkvæmd og síðan innra samræmi í skjalinu. Þar að auki erum við líka að bregðast við samfélagslegum aðstæðum sem að mörgu leyti eru mjög sérstakar.

En þetta eru í stuttu máli, svona, stærri breytingarnar, enn sem komið er. Og við ykkur þá bara, ef það eru einhverjar spurningar að beina þeim til okkar. Ég held að við séum öll tilbúin, í nefndinni, að bregðast við þeim. En í næstu viku verður ítarlegri efnisleg umræða um greinarnar, og þá myndum við einnig vilja kynna drög að 1. grein, þeirri sem við vísum gjarnan til svona, sem gilda-, eða markmiðsgrein. Þetta er bara lausleg yfirferð, og ég þakka gott hljóð. Og óska ykkur gleðilegs 17. júní.


SN

Takk fyrir það. Formaður A-nefndar hefur lokið máli sínu. Og þá er orðið laust um skýrslu formanns og störf nefndarinnar. Einhver sem vill taka til máls um skýrslu nefndarinnar? Ef ekki, að þá er komið að lokum þessa fundar.

Það hafa borist, á fundinum, 11 breytingartillögur, og ég les þær upp, núna. Það eru breytingartillaga við ákvæði 2. gr. í tillögu C-nefndar um lýðræðislega þátttöku almennings, flutningsmaður Þorkell Helgason. Breytingartillaga við ákvæði 1. og 2. gr. í tillögu C-nefndar um lýðræðislega þátttöku almennings, flutningsmaður Eiríkur Bergmann Einarsson. Breytingartillaga við ákvæði 3. gr. í tillögu C-nefndar um utanríkismál, flutningsmenn Katrín Oddsdóttir og Lýður Árnason. Breytingartillaga við ákvæði 3. mgr. 1. gr. í tillögu C-nefndar um utanríkismál, flutningsmenn Katrín Oddsdóttir og Silja Bára Ómarsdóttir. Breytingartillaga við ákvæði 3. gr. í tillögu C-nefndar um utanríkismál, flutningsmenn Lýður Árnason og Pétur Gunnlaugsson. Breytingartillaga við ákvæði 1. gr. í tillögu C-nefndar um utanríkismál, flutningsmaður Gísli Tryggvason. Breytingartillaga við ákvæði 2. gr. í tillögu C-nefndar um lýðræðislega þátttöku almennings, flutningsmenn Andrés Magnússon og Lýður Árnason. Breytingartillaga við ákvæði 3. gr. í tillögu C-nefndar um ýðræðislega þátttöku almennings, flutningsmenn Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Katrín Oddsdóttir, Silja Bára Ómarsdóttir og Vilhjálmur Þorsteinsson. Breytingartillaga

við ákvæði 1. gr. í tillögu C-nefndar um lýðræðislega þátttöku almennings, flutningsmaður Þorkell Helgason. Breytingartillaga við ákvæði 1. gr. í tillögu C-nefndar um lýðræðislega þátttöku almennings, flutningsmenn Gísli Tryggvason og Eiríkur Bergmann Einarsson. Og loks breytingartillaga við ákvæði 2. gr. í tillögu C-nefndar um lýðræðislega þátttöku almennings, flutningsmaður Katrín Oddsdóttir.

Nú, 13. fundi er þá slitið og það verður boðað til næsta fundar með dagsfyrirvara. Ég óska ráðsmönnum gleðilegrar þjóðhátíðar og góðrar helgar, og minni á stjórnarfund sem á að hefjast núna eftir 15 mínútur, og nefndafundir hefjast á mánudag kl. 10. Takk fyrir í dag.



Þjóð til þings